B	54, nr. 357–359	7. okt.

B 55, nr. 360–364 . . . . . 12. okt.
B 56, nr. 365 . . . . . 9. okt.
B 57, nr. 366–367 . . . . . 12. okt.
B 58, nr. 368–371 . . . . . 15. okt.
B 59, nr. 372–374 . . . . . 16. okt.
B 60, nr. 375–376 . . . . . 20. okt.
B 61, nr. 377–385 . . . . . 30. okt.
B 62, nr. 386–392 . . . . . 10. nóv.
B 63, nr. 393–404 . . . . . 20. nóv.
B 64, nr. 405–406 . . . . . 23. nóv.
B 65, nr. 407–415 . . . . . 30. nóv.
B 66, nr. 416 . . . . . 1. des.
B 67, nr. 417–418 . . . . . 3. des.
B 68, nr. 419–438 . . . . . 10. des.
B 69, nr. 439 . . . . . 14. des.
B 70, nr. 440–448 . . . . . 21. des.
B 71, nr. 449–501 . . . . . 31. des.
B 72, nr. 502–504 . . . . . 31. des.
B 73, nr. 505–514 . . . . . 11. jan. 1993
B 74, nr. 515–519 . . . . . 15. jan. 1993

Endurprentuð blöð: 102, 104, 304, 305, 306, 323, 586, 984, 991.
Endurprentuð örk: 593.

Leiðréttingar:

Bls. 335, nr. 156, tafla, 2. lína, 2. dálkur: 3.343 Les: 3.433.
Bls. 527, nr. 221, 1. gr., 3. lína: ... hærri en kr. 853 397 ... Les: ... hærri en 853 368 ...
Bls. 568, nr. 252, í undirskrift: F.h.r. Bjarnveig Eiríksdóttir. Les: F.h.r. Indriði H. Þorlaksson.
Bls. 972, nr. 475, í fyrirsögn: ... Húsavíkurkaupstað árið 1992. Les: ... Húsavíkurkaupstað árið 1993.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 367, 30. júlí 1991, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1991 til 31. ágúst 1992.

1. gr.

2. tl. 3. gr. reglugerðarinnar verði: Úthafsrækja .... heildarafli 35 þúsund lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. janúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um veiðar á hörpudiski frá 1. janúar 1992 til 1. september 1992.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. janúar 1992 til 1. september 1992 skal heildarafli hörpudisks vera sem hér segir:

Breiðafjörður	5.600 lestir
Arnarfjörður	260 lestir
Ísafjarðardjúp	330 lestir
Húnaflói	1.200 lestir

Nýtist aflamark báts, sem úthlutað er á veiðitímabilinu skv. 1. mgr., ekki að fullu bætist það sem ónýtt er við aflamark fiskveiðiársins 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. janúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

B 1

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 3, 3. janúar 1983, um þorskfisknet.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr., sbr. reglugerð nr. 268, 12. maí 1989, er heimilt að nota þorskfisknet með 6 þumlunga riðli (152 mm) í sunnanverðum Faxaflóa til og með 31. janúar, á svæði innan línu, sem dregin er úr Garðskagavita í Akranesflös.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. janúar 1992.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 4 6. janúar 1992

AUGLÝSING

um frest til fullnaðartollafgreiðslu vara vegna breytinga á aðflutningsgjöldum.

Hinn 1. janúar 1992 tóku gildi eftirtaldar breytingar á gjaldtöku innfluttra vara:

Auglýsing nr. 76/1991, um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 31. mars 1987, með síðari breytingum,

Reglugerð nr. 600/1991, um breyting á reglugerð nr. 407 24. ágúst 1989, um vörugjald,

Reglugerð nr. 601/1991, um breyting á reglugerð nr. 344 10. júlí 1989, um jöfnunargjald,

Reglugerð nr. 602/1991, um jöfnunargjald á innflutt súkkulaði, og

Reglugerð nr. 629/1991, um breyting á reglugerð nr. 613 31. desember 1987, um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum.

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt 114. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, að veita frest til 17. janúar 1992 til fullnaðartollafgreiðslu vara sem gjaldabreytingar samkvæmt ofangreindum stjórnvaldsfyrirmælum taka til og teknar höfðu verið til tollmeðferðar í skilningi 2. mgr. 1. gr. tollalaga nr. 55/1987 fyrir 1. janúar 1992.

Fjármálaráðuneytið, 6. janúar 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um fylgiskjal (bestukaupalista) með reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði, nr. 300, 7. júní 1991.

1. gr.

Heiti	Form	Heiti	Form
Airol	Krem	Indomethacin	Hylki
Aldomet	Töflur	Isordil	Töflur
Amilín	Töflur	Isordil	Tungurótatöfl.
Apurin	Töflur	Isordil Tembid	Forðahylki
Artane	Töflur	Kaleorid	Forðatöflur
Asýran	Töflur	Karbamazepin	Töflur
Atamir	Hylki	Kódímal	Töflur
Atenolol (Generics)	Töflur	Korzem	Töflur
Atenólól (Delta)	Töflur	Korzem-R	Forðatöflur
Baklofen	Töflur	Lanoxin	Töflur
Beconase	Nefúðalyf	Lanoxin	Mixtúra
Beconase Aqua	Nefúðalyf	Lanoxin-PG	Töflur
Becotide	Innúðalyf	Mesasal	EÞ-stílar
Betasel	Töflur	Mesasal	SH-töflur
Betnovat	Smyrsli	Metýldópa	Töflur
Betnovat	Áburður	Míansín	Töflur
Betnovat	Krem	Mildison	Krem
Bromergon	Töflur	Monistat	SK-krem
Cardizem Retard	Forðatöflur	Múkal	Töflur
Cartól	Töflur	Naproxen (Generics)	Töflur
Címetidín	Töflur	Naproxen (Delta)	Töflur
Clomid	Töflur	Naproxen (LR)	Töflur
Combizym	Töflur	Naproxen (LR)	EÞ-stílar
Confortid	EÞ-stílar	Narox	EÞ-stílar
Daren	Töflur	Nebacetin	Smyrsli
Decreten	Töflur	Neurotol Slow	Forðatöflur
Depsín	Töflur	Nifedipin	Hylki
Dienoestrol	SK-stílar	Nitradisc	Forðaplástur
Diflonid	Töflur	Nuelin Redtard	Forðatöflur
Dílangín	Töflur	Optimol	Augndropar
Dolyl	Töflur	Parzan	Töflur
Donobid	Töflur	Pergotime	Töflur
Dopamet	Töflur	Própranólól	Töflur
Elyzol	Töflur	Salbutamol	Innúðalyf
Elyzol	SK-stílar	Seloken	Töflur
Elyzol	EÞ-stílar	Slow-K	Forðatöflur
Entrydil	Töflur	Sorbitrate	Töflur
Flagyl	EÞ-stílar	Sorbitrate SA	Forðatöflur
Furix	Töflur	Sparkal	Töflur
Gastran	Töflur	Sparkal Mite	Töflur
Halóperídól	Töflur	Spasmerín	Töflur
Hýdrókortisón	Krem	Spirix	Töflur
Hýdrókortisón	Smyrsli	Theo-Dur	Forðatöflur
Hýdrókortisón AKV.	Krem	Transiderm-Nitro	Forðaplástur
Íbúfen	Töflur	Trimonil Retard	Forðatöflur
Ibuprofen	Töflur	Truxal	Töflur
Inderal	Töflur	Verapamil	Töflur
Interal LA	Forðahylki	Voltaren	EÞ-stílar
Indocid	EÞ-stílar	Voltaren	SH-töflur
Indometacin	Hylki	Vóstar	SH-töflur
Indómetasín	EÞ-stílar	Vóstar	EÞ-stílar

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út skv. 3. tl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 300 7. júní 1991 um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði, sbr. lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður fylgiskjal, skv. augl. nr. 469/1991, 1. október 1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. janúar 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 6 2. janúar 1992

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu, nr. 424/1991.

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn)

1. gr.

Í VIII. kafla bætist ný grein, er verði 5. gr. Greinin orðist svo:

5. Háhraðanet.

Póst- og símamálastofnunin starfrækir almennt háhraðanet innanlands með skiptistöðvum í Reykjavík, á Akureyri og Hvolsvelli. Utan höfuðborgarsvæðisins er hraðinn í netinu 64 Kb/s og 128 Kb/s en innan höfuðborgarsvæðisins einnig 2 Mb/s. Í umsókn um aðgang að netinu skal tekið fram hver er hámarkshraðinn sem notandi vill fá. Notendum er óheimilt að veita öðrum aðila aðgang að netgátt sinni.

5.1. Stofngjald fyrir aðgang að háhraðanetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

Hraði	64 Kb/s	128 Kb/s	2 Mb/s
Stofngjald kr.	110 000,00	114 000,00	228 000,00

5.2. Afnotagjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

Hraði	64 Kb/s	128 Kb/s	2 Mb/s
Ársfjórðungsgjald kr.	88 000,00	95 000,00	360 000,00

Notendur greiða stofngjald og afnotagjald fyrir línu til skiptistöðvar skv. 10. kafla og teljast línurnar vera í 2. flokki. Þó skal lágmarksfjarlægð teljast 2 km í þessu tilviki fyrir alla hraðaflokka.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti svo og 11. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, sbr. 8. gr. laga nr. 34/1987, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 2. janúar 1992.

Halldór Blöndal.

Elín Helgadóttir.

Stjórnartíðindi B 1, nr. 1–6. Útgáfudagur 10. janúar 1992.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 – 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 367, 30. júlí 1990, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1990 til 31. ágúst 1992.

1. gr.

Í stað „frá 4. apríl til 13. apríl 1992“, í 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar komi: frá 11. apríl til 20. apríl 1992.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. janúar 1992.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Þórshafnarhrepps að fasteignum innan sveitarfélagsins.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 22/1932, hefur hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkt að áskilja hreppnum vegna gerðar aðal- og deiliskipulags forkaupsrétt að þeim lóðum, jörðum og fasteignum innan sveitarfélagsins, sem um er getið í samþykkt þessari.

2. gr.

Forkaupsréttur samkvæmt 1. gr. tekur til eftirtalinna fasteigna, ásamt lóðarleiguréttindum: Austurvegur 8, Bakkavegur 9 og 21, Eyrarvegur 6 og 8, Fjarðarvegur 1, 7, 10, 12 og 14, Langanesvegur 5, 7, 8, 9, 17a, 17b, 18b, 19 og 27, Lækjarvegur 2, Ásgarður og Vegamót.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir fimm ár frá dagsetningu hennar að telja.

Umhverfisráðuneytið, 6. janúar 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Sparisjóðs Mýrasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Sparisjóðs Mýrasýslu. Hann er stofnaður á aðalfundi Sparisjóðs Mýrasýslu 10. apríl 1991 til minningar um Friðjón Sveinbjörnsson.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 500 000,00 kr. – fimm hundruð þúsund krónur. – Stofnfé skal framreikna miðað við hækkun lánskjaravísitölu.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja hvers konar menningarstarfsemi á aðalviðskiptasvæði Sparisjóðs Mýrasýslu.

4. gr.

Með stjórn menningarsjóðsins fara sömu menn og sitja í stjórn sparisjóðsins.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum sparisjóðsins og birtur með ársreikningi hans.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög frá Sparisjóði Mýrasýslu, sem stjórn sparisjóðsins ákveður hverju sinni, önnur framlög sem berast kunna sjóðnum og vaxatekjur. Við stofnun sjóðsins leggur Sparisjóður Mýrasýslu fram 10 milljónir króna til sjóðsins.

7. gr.

Stjórnin ráðstafar fé sjóðsins og ákveður úthlutun eftir eigin frumkvæði eða samkvæmt umsóknum. Stofnfé má ekki skerða.

8. gr.

Eingöngu aðalfundur Sparisjóðs Mýrasýslu getur tekið ákvörðun um breytingar á skipulagsskrá þessari eða lagt sjóðinn niður. Verði sjóðurinn lagður niður ráðstafar aðalfundurinn eignum hans.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Borgarnesi, 10. apríl 1991.
Í stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu,
Magnús Sigurðsson Þórarinn Jónsson Jóhannes M. Þórðarson
Gísli Halldórsson Gísli Kjartansson

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. janúar 1992.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 - 1992

22. janúar 1992 7 Nr. 10

REGLUGERÐ

um persónuafslátt og sjómannaafslátt.

I. KAFLI
Persónuafsláttur.

1. gr.

Frá reiknuðum tekjuskatti skv. 67. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skal draga persónuafslátt samkvæmt ákvæðum A-liðs 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Persónuafsláttur manna á ári skal vera sú fjárhæð sem um ræðir í 1. mgr. A-liðs 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Fjárhæð persónuafsláttar breytist í samræmi við 121. og 122. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

3. gr.

Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir tiltekið launatímabil skal draga persónuafslátt frá reiknaðri staðgreiðslu og skal afslátturinn vera eftirfarandi hlutfall af fjárhæð skv. 2. gr.:

1. Ef launatímabil er einn mánuður er hlutfallið 1/12.
2. Ef launatímabil er hálfur mánuður er hlutfallið 1/24.
3. Ef launatímabil er annað en að framan greinir er hlutfallið reiknað þannig:

$$\frac{\text{dagafjöldi launatímabils}}{365}$$

Ekkert launatímabil getur verið lengra en einn mánuður.

4. gr.

Á skattkorti skal koma fram hlutfall persónuafsláttar. Ef launatímabil er annað en almanaksmánuður ber launagreiðanda að skipta persónuafslætti skv. 3. gr. eftir því sem tilefni er til.

5. gr.

Persónuafsláttur, sem safnast hefur upp í staðgreiðslu af þeim ástæðum að maður gat eigi nýtt sér hann, má færast til næsta launatímabils að því tilskildu að launamaðurinn starfi hjá sama launagreiðanda allan þann tíma er um ræðir og skattkort hans sé óslitið í vörslu launagreiðanda sama tíma.

Láti maður af starfi hjá launagreiðanda og eigi þá ónýttan persónuafslátt frá fyrri tímabilum getur hann ekki nýtt þann afslátt hjá næsta launagreiðanda. Sá persónuafsláttur nýtist því ekki í staðgreiðslu en kemur til lækkunar á tekjuskatti og til greiðslu á útsvari við álagningu.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

Skilyrði fyrir millifærslu persónuafsláttar milli launatímabila skv. 1. mgr. er að launagreiðandi færi launabókhald samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 539/1987, um launabókhald í staðgreiðslu, og uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 183/1990, um skilagreinar.

6. gr.

Ef maður krefst skila á skattkorti sem er í vörslu launagreiðanda ber launagreiðanda að rita aftan á kortið áður en það er afhent hve mikið af persónuafslættinum var nýttur á meðan kortið var í hans vörslu.

Þegar maður lætur af starfi hjá launagreiðanda skal launagreiðandi rita aftan á skattkort mannsins upplýsingar um nýtingu persónuafsláttar á því ári.

7. gr.

Launagreiðandi er tekur við skattkorti eftir upphaf árs skal láta korthafa njóta fulls persónuafsláttar í þeim mánuði sem hann fær kortið að frádregnu því sem nýtt var í sama mánuði hjá fyrri launagreiðanda enda hafi hann skráð það á skattkortið. Ef maður hefur ekki verið í starfi eða haft launatekjur í viðkomandi mánuði, og því ekkert skráð á kortið um nýtingu persónuafsláttar í mánuðinum, skal launagreiðanda heimilt að láta korthafa njóta persónuafsláttar í samræmi við launatímabil samkvæmt 2. til 3. tölul. 3. gr.

8. gr.

Sé persónuafsláttur að hluta eða að fullu ónýttur er heimilt að millifæra 80% ónýtts persónuafsláttar til maka þegar um hjón eða samskattað sambúðarfólk er að ræða. Skilyrði þess að persónuafsláttur í staðgreiðslu sé millifærður skv. 1. málslið er að launagreiðandi hafi einnig skattkort makans í fórum sínum og skal þá taka tillit til 80% af þeirri fjárhæð sem á kortinu greinir eða þeirri fjárhæð hækkaðri samkvæmt auglýsingu ríkisskattstjóra.

9. gr.

Þegar skattstjóri gefur út nýtt skattkort í stað eldra skattkorts skal hann geta um þann persónuafslátt sem maður hefur nýtt samkvæmt upplýsingum úr skrám skv. 24. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, eða þeim upplýsingum sem launagreiðandi skráði aftan á það kort sem afhent var til breytinga.

10. gr.

Ef í ljós kemur við álagningu tekjuskatts og útsvars að persónuafsláttur í staðgreiðslu hefur orðið hærri en hann skal nema samkvæmt ákvæðum 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, fer um mismuninn við álagningu opinberra gjalda eftir ákvæðum 121. gr. sömu laga, sbr. 19. gr. laga nr. 49/1987.

11. gr.

Sá persónuafsláttur sem ekki er nýttur og er ekki ráðstafað til greiðslu útsvars, eignarskatts eða sérstaks eignarskatts skal við álagningu opinberra gjalda falla niður ef hann flyst eigi til maka eftir þeim reglum sem um það gilda samkvæmt 68. gr. A. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

II. KAFLI

Sjómannaafsláttur við álagningu opinberra gjalda.

12. gr.

Maður, sem stundar sjómennsku á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi, skal njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, sem koma skal til frádráttar reiknuðum tekjuskatti af þeim launum sem hann hafði fyrir sjómannastörf.

Rétt til sjómannaafsláttar skv. 1. mgr. hafa þeir sem skylt er að lögskrá í skipsrúm á fiskiskipi. Sama rétt skulu þeir menn eiga sem ráðnir eru sem fiskimenn eða stunda fiskveiðar á eigin fari þó ekki sé skylt að lögskrá þá, enda uppfylli þeir skilyrði 13. gr.

Enn fremur eiga rétt til sjómannaafsláttar skv. 1. mgr. sjómenn sem skylt er að lögskrá á varðskip, rannsóknaskip, sanddæluskip sem stunda efnistöku utan hafna og flytja það á land, ferju eða farskip sem er í förum milli landa eða er í strandsiglingum innanlands.

Jafnframt eiga hlutaráðnir beitningarmenn sem ráðnir eru samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti rétt á sjómannaafslætti.

13. gr.

Við ákvörðun dagafjölda, sem veitir rétt til sjómannaafsláttar, skal miða við þá daga sem skylt er að lögskrá sjómenn skv. 4. og 5. gr. laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna. Séu dagar þessir 245 á ári eða fleiri skal sjómaður njóta sjómannaafsláttar í 365 daga og hlutfallslega séu þeir færri en 245, þannig að hver dagur reiknast til sjómannaafsláttar með margfeldinu 1,49, þó aldrei fleiri daga en hann er ráðinn hjá útgerð til sjómannsstarfa. Til ráðningartímans skal telja orlof og aðra ónýtta frídaga sem gerðir eru upp við lok ráðningar.

Hjá mönnum á fiskiskipum undir 12 rúmlestum brúttó, sem ekki er skylt að lögskrá á samkvæmt framangreindum lögum, skal miða við almenna vinnudaga (mánudaga til föstudaga) á úthaldstímabili í stað lögskráningardaga. Úthaldstímabil telst samfellt tímabil sem skipi er haldið úti við veiðar miðað við löndun samkvæmt kvótaskýrslum og vigtarskýrslum. Réttur þessara manna er þó háður því að laun fyrir sjómennsku séu a.m.k. 30% af tekjuskattsstofni þeirra.

Hjá hlutaráðnum beitningarmönnum skal við ákvörðun dagafjölda, sem veitir rétt til sjómannaafsláttar, miða við þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti, þó mest þann dagafjölda sem reiknaður er til afsláttar hjá sjómönnum á viðkomandi línubáti.

Þeir dagar á ráðningartíma hjá útgerð, sem sjómaður getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa en tekur laun samkvæmt kjarasamningi, skulu veita rétt til sjómannaafsláttar. Leggja skal fram læknisvottorð til staðfestingar á veikindum eða slysi.

Til staðfestingar á dagafjölda getur skattstjóri m.a. krafist upplýsinga frá viðkomandi stéttarfélagi um greiðslur stéttarfélagsgjalda.

14. gr.

Útgerðaraðila er skylt að halda skrá yfir lögskráningardaga sjómanns og ráðningartíma hans og afhenda upplýsingar um þá til skattyfirvalda í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Útgerðaraðili fiskiskips undir 12 rúmlestum brúttó, sem ekki er skylt að lögskrá á skv. 2. gr. laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna, skal halda skrá yfir þá daga sem veita sjómanni rétt til sjómannaafsláttar. Í skránni skulu m.a. koma fram upplýsingar um úthaldstíma skips og róðrardaga. Skal skráin vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður og tiltæk skattyfirvöldum hvenær sem þess er krafist.

15. gr.

Sjómannaafsláttur hjá þeim, sem uppfylla skilyrði 13. gr. skal vera, fyrir hvern dag sem afslátt skal reikna skv. 13. gr., sú fjárhæð sem um ræðir í 1. málslið 4. mgr. B-liðs 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Hann getur þó mest orðið jafnhár reiknuðum tekjuskatti af þeim launum, sem greidd voru fyrir þann tíma, sem veitir rétt til afsláttar.

Sjómannaafsláttur skal dreginn frá reiknuðum tekjuskatti sbr. 67. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum áður en frá er dreginn persónuafsláttur skv. A-lið 68. gr. sömu laga. Sjómannaafsláttur kemur ekki til lækkunar á tekjuskatti af rekstrarhagnaði þeirra sem starfa við eigin útgerð. Sjómannaafsláttur, sem ekki nýtist á móti álagningu tekjuskatts sbr. framangreint fellur niður.

16. gr.

Sjómannnafsláttur er ekki millifæranlegur milli hjóna eða milli sambúðarfólks sem skattlagt er eftir ákvæðum 63. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

III. KAFLI
Sjómannaafsláttur í staðgreiðslu.

17. gr.

Launagreiðandi skal draga frá staðgreiðslu á tekjuári samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sjómannaafslátt skv. 13. gr.

18. gr.

Maður, sem skylt er að lögskrá á tiltekið skip sbr. 13. gr., skal á hverju launatímabili njóta sjómannaafsláttar til frádráttar staðgreiðslu sem miðast við fjölda daga með margfeldinu 1,49 fyrir hvern lögskráðan dag að viðbættum veikinda og slysadögum sbr. 4. mgr. 13. gr. Sjómannaafsláttur sem kemur til frádráttar samkvæmt þessari reglu getur þó aldrei orðið meiri en svarar til þess dagafjölda sem liðinn er af ráðningartímabilinu. Hjá mönnum á fiskiskipum undir 12 rúmlestum brúttó skal miða við almenna vinnudaga á úthaldstímabili í stað lögskráningardaga, sbr. 2. mgr. 13. gr.

19. gr.

Sjómannaafsláttur sem ekki nýtist að fullu í staðgreiðslu til frádráttar fyrir eitt launatímabil flyst til næsta launatímabils að því tilskildu að launamaður starfi hjá sama launagreiðanda bæði tímabilin. Sjómannaafsláttur er millifæranlegur á milli launagreiðenda enda liggi fyrir skrifleg staðfesting fyrri launagreiðanda á ónýttum hluta hans.

20. gr.

Sjómannaafsláttur sem ekki nýtist við staðgreiðslu á tekjuári kemur að fullu til frádráttar við álagningu tekjuskatts á launum fyrir sjómannsstörf árið eftir. Á sama hátt skal sjómannaafsláttur sem ofreiknaður kann að verða í staðgreiðslu leiðréttur við álagningu.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og heimild í 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 79/1988, um persónuafslátt og sjómannaafslátt, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 22. janúar 1992.

Friðrik Sophusson.

Indriði H. Þorláksson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 344 10. júlí 1989, um jöfnunargjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. gr.:

a. Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr. 2. gr.:

1806.3100,	3208.2003,	3208.9004,	3214.9000,	3814.0000,
3917.2100,	3917.2200,	3917.2300,	3917.2900,	3917.3200,
3918.9001,	3918.9002,	3919.9009,	3920.5100,	3920.5900,
3921.1100,	3921.1202,	4409.1000,	4409.2000,	4814.2000,
4814.9000,	5905.0000,	6209.1000,	6209.2000,	6209.3000,
6209.9000,	6401.9901,	6401.9909,	6806.1000,	7326.2000,
7419.9907,	8418.9100	og 9401.2000.		

b. Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við upptalningu tollskrárnúmera í 2. gr.:

1806.3101,	1806.3109,	1806.3202,	1806.3203,	1806.9004,
1806.9005,	1806.9006,	3214.1002,	3214.1003,	3214.1004,
3214.1005,	3214.1006,	3214.9001,	3214.9009,	3402.2013,
3402.2021,	3402.2022,	3402.2023,	3402.2024,	3402.2029,
3814.0001,	3814.0002,	3814.0009,	3916.1001,	3916.2001,
3916.9001,	3917.2101,	3917.2109,	3917.2201,	3917.2209,
3917.2301,	3917.2309,	3917.2901,	3917.2909,	3917.3201,
3917.3209,	3918.9011,	3918.9019,	3918.9021,	3918.9029,
3919.9011,	3919.9019,	3920.5101,	3920.5109,	3920.5901,
3920.5909,	3921.1101,	3921.1109,	3921.9002,	3921.9003,
3923.9002,	4407.1001,	4407.2101,	4407.2201,	4407.2301,
4407.9101,	4407.9201,	4407.9901,	4409.1001,	4409.1009,
4409.2001,	4409.2009,	4410.1002,	4410.9002,	4411.1102,
4411.1902,	4411.2102,	4411.2902,	4411.3102,	4411.3902,
4411.9102,	4411.9902,	4412.1102,	4412.1202,	4412.1902,
4412.2102,	4412.2902,	4412.9102,	4412.9902,	4413.0002,
4418.9002,	4421.9022,	4504.1005,	4504.9003,	4811.1000,
4814.2001,	4814.2009,	4814.9001,	4814.9002,	4814.9009,
4823.9006,	5602.9001,	5905.0001,	5905.0009,	6209.1001,
6209.1009,	6209.2001,	6209.2009,	6209.3001,	6209.3009,
6209.9001,	6209.9009,	6307.9002,	6401.9900,	6806.1001,
6806.1009,	7326.2001,	7326.2009,	7419.9904,	7419.9905,
7419.9906,	8418.9101,	8418.9109,	9401.2001,	9401.2009
og 9405.9202.				

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 3. og 4. gr. laga nr. 78/1980, um jöfnunargjald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi reglugerð nr. 601 18. desember 1991 um breyting á reglugerð nr. 344. 10. júlí 1989, um jöfnunargjald, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 20. janúar 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum á Hornbanka.

1. gr.

Frá kl. 16.00 þann 27. janúar til og með 31. mars eru allar togveiðar bannaðar á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 55'00 N – 21° 51'00 V
2. 66° 59'00 N – 20° 48'00 V
3. 66° 39'00 N – 21° 08'00 V
4. 66° 37'00 N – 21° 36'00 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. janúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 – 1992

27. janúar 1992 13 Nr. 13

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. febrúar 1992.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu . . . . . kr. 8 550,00

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.
Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi – áætlaður helmingur – greiðist fyrirfram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.
Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljurum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.
Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1–2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.
Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 1 110,00 fyrir heimili og kr. 2 220,00 fyrir verslunar og/eða atvinnusíma að viðbættum kr. 2,67 fyrir hvert teljaraskref umfram 400 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 200 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir búnað í símstöð til að senda talningar til notanda kr. 505,00 á ársfjórðungi.

2.3. Fyrir notendabúnað, sem Póst- og símamálastofnunin lætur í té, greiðist rekstrargjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, eða afnotagjald skv. I. kafla 3. og 4. Þegar um er að ræða venjulegt símatalfæri fyrir eina línu greiðist ekki rekstrargjald, en í þess stað greiðist fyrir viðgerðir samkvæmt reikningi. Jafnframt er stofnuninni heimilt að fella niður rekstrargjald af öðrum notendabúnaði og greiðist þá fyrir viðhald og viðgerðir á þeim búnaði samkvæmt reikningi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.
Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

a. Lengd línuleiðar	0.5–1.0 km	kr.	280,00
b. Lengd línuleiðar	1.0–2.0 km	kr.	415,00
c. Lengd línuleiðar	2.0–4.0 km	kr.	695,00
d. Lengd línuleiðar	4.0–8.0 km	kr.	1 675,00
e. Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	kr.	2 230,00

3. Talfæri, talfærakerfi og fleira.

Hér er um að ræða búnað sem látinn var í té á stofngjaldi og ekki er gjaldfærður skv. kostnaðarverði og rekstrargjaldi skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.1. Aukatalfæri með gaumskífu (blinker)	3 230,00	330,00
3.2. Talfæri með hringirafli (magnetu, DBH4)		335,00
3.3. Vatnsþétt talfæri		385,00
3.4. Hátalarasími		1 330,00
3.5. 2ja línu talfæri Siemens	8 060,00[2]	690,00
3.6. 2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört)	4 060,00[2]	500,00
3.7. Ritarasímar (sekreter), ATEA 812L, 1 lína, 2 talfæri		580,00[3][4][5]

Skýringar:

2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.

3) Á hvert talfæri.

4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.

5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.8.	Ritarasímar, AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri	7 215,00[2)3)]	615,00[3)]
3.9.	Ritarasímar, Siemens, 2 línur, 2 talfæri	19 645,00[2)]	1 650,00
3.10.	Ritarasímar, DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört)	3 455,00[2)3)]	365,00[3)]
3.11.	Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri		605,00[3)4)5)]
3.12.	Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 1 til 2 talfæri		725,00[3)4)5)]
3.13.	Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri		950,00[3)4)5)]
3.14.	Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri		1 165,00[3)4)5)]
3.15.	Raðsímar, Reiha ½, 1 lína, 2 til 3 talfæri	13 740,00[2)3)]	1 180,00[3)]
3.16.	Raðsímar, Reiha ⅕, 1 lína, 3 til 6 talfæri	9 960,00[2)3)]	850,00[3)]
3.17.	Raðsímar, Reipos ⅖, 2 línur, 3 til 6 talfæri	9 315,00[2)3)]	825,00[3)]
3.18.	Raðsímar, Reipos ⅗, 2 línur, 7 til 11 talfæri	14 295,00[2)3)]	1 245,00[3)]
3.19.	Fjöllínusímar, Makler, 8 línur, 2 til 12 talfæri		2 080,00[3)]
3.20.	Millisamband á sömu lóð (hámark 50 m) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	4 965,00[2)]	545,00
3.21.	Millisamband á sama svæði DBH4 (magneto), talfæri innifalin	10 325,00[2)]	1 205,00
3.22.	Millisamband milli svæða (Rvík) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	10 325,00[2)]	7 120,00
3.23.	Millisamband innanhúss DBH4 (magneto), talfæri innifalin	4 035,00[2)]	505,00
3.24.	Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð	10 325,00	2 920,00
3.25.	Millisamband milli svæða (Reykjavík) án tengingar við miðstöð	10 325,00	8 825,00
3.26.	Tengigjald, nýr sími í stað millisambands, talfæri ekki innifalið, kr. 1 440,00.		
3.27.	Útskipting á talfæri, kostnaðarverð.		

4. Einkasímstöðvar.

4.1. Handvirkar einkasímstöðvar (CB).

Uppsetningarkostnað einkasímstöðvar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.1.	L.M.E. 1+3	30 970,00	615,00
4.1.2.	L.M.E. 2+6	49 750,00	1 230,00
4.1.3.	L.M.E. 3+9	73 420,00	1 845,00

Skýringar:

2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.

3) Á hvert talfæri.

4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.

5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.4.	L.M.E. 4+16	115 725,00	3 075,00
4.1.5.	L.M.E. 5+30	118 440,00	5 380,00
4.1.6.	L.M.E. 6+40	120 325,00	7 070,00
4.1.7.	E.B. 6+30	120 620,00	5 535,00
4.1.8.	ADG 101 8+40	282 050,00	7 380,00
4.1.9.	ADG 101 16+80	371 160,00	14 760,00
4.2.	Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX). Viðhald sjálfvirkra einkasímstöðva, sem stofnunin selur er skv. reikningi eða sérstöku rekstrargjaldi. Við sölu einkasímstöðvar skal greiða ⅓ hluta áætlaðs kostnaðargjalds þegar stöðin er pöntuð, ⅓ hluta þegar stöðin kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.		
4.2.1.	Fyrir hvern númerabúnað í einkasímstöðvum (ákveðnar eldri stöðvar)		430,00
4.2.2.	Fyrir hvern miðstöðvalínubúnað í einkasímstöðvum (ákveðnar eldri stöðvar)		865,00
4.3.	Búnaður og línur tengdar handvirkum og sjálfvirkum einkasímstöðvum í 4.1. og 4.2. og öðrum einkasímstöðvum.		
4.3.1.	Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið, afnotagjald sjá XI. kafla.	7 170,00	
4.3.2.	Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	7 170,00	6 820,00
4.3.3.	Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	7 170,00	9 750,00
4.3.4.	Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi	7 170,00	5 920,00
4.3.5.	Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	7 170,00	7 405,00
4.3.6.	Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	7 170,00	8 880,00
4.3.7.	Fyrir 2 Mb/s þverlínusamband milli einkasímstöðva greiðist 18 falt gjald sbr. 4.3.4.–4.3.6.		
4.3.8.	Fyrir beinar innvalslínur í einkasímstöð er tekið gjald skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem gefin er út af póst- og símamálastjóra í samráði við ráðuneytið.		

5. Tegundaprófun tækja.

Skv. reglum nr. 293/1981 um heimild til innflutnings og sölu tækja til tengingar við sjálfvirka símakerfið.

		Kr.
5.1.	Gjald fyrir tegundaprófun venjulegs talfæris	10 775,00
5.2.	Gjald fyrir tegundaprófun annarra tækja er samkvæmt kostnaðarskýrslu.	
5.3.	Gjald fyrir prófanir á einstökum venjulegum talfærum flutt inn af einstaklingum til eigin nota	535,00
	Ef talfærið stenst ekki prófun er heimilt að fella niður þetta gjald.	

6. Flutningsgjald.

		Kr.
6.1.	Milli húsa á sama símstöðvarsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).	4 275,00
6.2.	Milli símstöðvarsvæða	5 290,00
6.3.	Til viðbótar 6.1. og 6.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.	
6.4.	Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.	

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli símstöðvarsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi. Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan sama símstöðvarsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 6.1. niður í allt að kr. 2 195,00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 2 725,00 ef 6–12 mánuðir líða á milli.

7. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símaréttindum eldri rétthafa, sem afsalar sér réttindum til hans eða hættir að vera rétthafi, og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 4 800,00. Viðtökugjald lækkar í kr. 855,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra. Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 710,00.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 6.1. og 6.2. hér að framan.

Aldrei er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sæki um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.

Stofnunin getur ákveðið við slit símaréttinda að viðkomandi símanúmer séu ekki til ráðstöfunar nema viðtaka símaréttindanna fari fram. Í því tilviki tekur nýi rétthafinn á sig óþægindi, sem kunna að vera því samfara að eldri rétthafinn er skráður í símaskrá.

8. Græn símanúmer.

Rétthafi græns símanúmers greiðir meðallanglínugjald fyrir öll innkomandi langlínusímtöl, þ.e. 40 sek. skrefagjald á dagtaxta, 60 sek. á kvöldtaxta og 80 sek. á nætur- og helgartaxta. Fyrir innkomandi staðarsímtöl greiðir rétthafi samkvæmt staðartaxta. Fyrir símtöl til útlanda greiðir rétthafi samkvæmt gjaldskrá til viðkomandi lands. Sá sem hringir í grænt símanúmer greiðir alltaf samkvæmt staðartaxta.

		Kr.
8.1.	Stofngjald fyrir þjónustuna	27 715,00
8.2.	Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi	11 085,00

Upphringingum, sem koma inn á græna númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem rétthafinn greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá.

9. Sérþjónusta í stafræna símakerfinu.

9.1. Stofngjald.
Skráningargjald kr. 635,00 greiðist í hvert sinn, sem beðið er um þjónustu, eina eða fleiri í senn. Vakning, liður 9.2.1., er undanskilin. Gjaldið greiðist einnig í hvert sinn, sem þjónusta er flutt á milli símanúmera við flutning.

9.2. Afnotagjald.
Fyrir þessa þjónustu er greitt ársfjórðungsgjald og/eða sérstakt noktunargjald þegar viðskiptavinur gerir viðkomandi þjónustu virka.

9.2.1. Vakning. Sjálfvirk upphringing frá símstöð á tilteknum tíma sem notandinn sjálfur ákveður. Notkunargjald er 5 teljaraskref í hvert sinn.

9.2.2. Skammval. Afnotagjald fyrir hver 5 númer er kr. 153,00 á ársfjórðungi.

9.2.3. Símtalsflutningur.
a) Öll símtöl eru flutt.
b) Þegar númerið er upptekið.
c) Þegar ekki er svarað.
Ekki er greitt afnotagjald fyrir þessa þjónustu en sá sem flytur símtalið greiðir fyrir það teljaraskref samkvæmt 1.1.–1.3. í III. kafla eða 1.5. í IV. kafla.

9.2.4. Langlínulæsing. Afnotagjald fyrir hvorn eftirtalinna kosta er kr. 153,00 á ársfjórðungi.
a) Föst læsing í stöð.
b) Læsing með lykilorði.
c) Læsing í aðra áttina.

9.2.5. Endurval. Síðast valda númerið endurvalið. Afnotagjald er kr. 153,00 á ársfjórðungi.

9.2.6. Sjálfvirk hringing í fyrirfram ákveðið númer þegar lyft hefur verið af. Afnotagjald er kr. 153,00 á ársfjórðungi:
a) Hringing samstundis.
b) Hringing eftir 6 sekúndur.

9.2.7. Þriggja manna tal. Þrír geta talast við í einu. Afnotagjald er ekki innheimt. Teljaraskref reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.

9.2.8. Símtal bíður. Tónn gefur til kynna að viðkomandi símtal bíður. Hægt er að geyma fyrra símtal meðan öðru símtali er svarað. Afnotagjald er ekki innheimt.

9.2.9. Símtalavíxl. Hægt er að hringja í tvö símanúmer og skipta á milli þeirra. Afnotagjald er ekki innheimt. Teljaraskref reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.

10. Sundurliðun símtala í stafræna símakerfinu.

Rétthafa í stafræna símakerfinu er gefinn kostur á að fá sundurliðun yfir símtöl önnur en venjuleg staðarsímtöl. Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, að slepptum tveimur síðustu stöfum, hvenær, hve lengi símtalið stóð og fjöldi teljaraskrefa.

10.1. Stofngjald kr. 625,00.

10.1.1. Ársfjórðungsgjald kr. 225,00.

10.1.2. Gjald pr. símtal kr. 1,30.

11. Uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

12. Lánssímar.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

13. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður notendabúnaðar, sem stofnunin selur greiðist skv. reikningi eða er innifalinn í rekstrargjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða, eða afnotagjaldi skv. I. kafla 3. og 4. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu búnaðar í eigu Póst- og símamálastofnunar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

II. KAFLI

Notendasímar í sveitum.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi reglur:

1. Stofngjald.

Stofngjald fyrir sjálfvirkan síma er sama og í I. kafla.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð kr. 555,00.

2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

2.4. Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar sem stofnunin selur, greiðist skv. reikningi eða er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

3. Almenn ákvæði.

3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.

3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.

3.4. Símnotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.

3.5. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

3.6. Stofngjöld greiðast fyrirfram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.
Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

3.7. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kauptúnum eða í nágrenni þeirra. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

III. KAFLI
Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir bæjar- og langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt innanlands:
Símtöl eru gjaldfærð samkvæmt tímamælingu sem skráð er í skrefum á teljara hlutaðeigandi síma. Fyrsta talning kemur ætíð við svar. Líkur fyrir fjölda talninga ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$F = 1 + n + \frac{t - ns}{s}$$

F = Fjöldi talninga símtals
s = Skreflengd í viðkomandi gjaldflokki
n = Fjöldi viðtalsbila að tímalengd s.

$$n = \begin{cases} 0, & t < s \\ 1,2,3, & \ldots\ t \geq s \end{cases}$$

t = lengd símtalsins.

$\frac{t - ns}{s}$ = Líkindi fyrir talningu til viðbótar við svartalninguna og fjölda viðtalsbila, n.

$$0 \leq \frac{t - ns}{s} < 1$$

Mæla skal t og s í sömu einingum, sekúndum eða mínútum.

1.1. Dagtaxti er frá kl. 08.00 til kl. 18.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur		sek. í skrefi
1	staðarsímtöl	240 sek.
2		48 sek.
3		32 sek.

1.2. Kvöldtaxti er frá kl. 18.00 til kl. 23.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur		sek. í skrefi
1	staðarsímtöl	480 sek.
2		72 sek.
3		48 sek.

1.3. Nætur og helgartaxti er frá kl. 23.00 til kl. 08.00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 23.00 á föstudegi til kl. 08.00 næsta mánudag.

Gjaldflokkur		sek. í skrefi
1	staðarsímtöl	480 sek.
2		96 sek.
3		64 sek.

1.4. Sveitabæir með sjálfvirkan síma hafa gjaldflokk 1 við símtöl til annarra notenda sömu símstöðvar.

2. Símtöl afgreidd um handvirkar afgreiðslur.

		Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
2.1. Um	0– 10 km línulengd	21,00	7,00
–	10– 25 km línulengd	27,00	9,00
–	25–100 km línulengd	36,00	12,00
Yfir	100 km línulengd	42,00	14,00

Framannefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðvasímtöl.

2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.

2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.

2.4. Kvaðning kr. 27,00. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.

2.5. Afgreiðslugjald: kr. 59,00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.

2.6. Boðsending: kr. 83,00 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 42,00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

2.7. Handvirk vakning kr. 57,00. Föst vakning, pr. mánuð kr. 960,00.

2.8. Gjald fyrir hringingar í 03 og 08 er 1 teljaraskref við svar og talning á 12 sek. fresti.

3. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur sjálfur, kr. 3,47 fyrir hvert teljaraskref. Afgreiðslugjald er kr. 27,00.

4. Radíósímtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

4.1. Línugjald kr. 27,00 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 9,00 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.

4.2. Strandargjald kr. 63,00 fyrir fyrstu 3 mín., ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi, en annars kr. 84,00 fyrstu 3 mín. og kr. 21,00 eða kr. 28,00 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.

4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.

4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt III. kafla 2.

4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:

a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
b. Strandargjald.
c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. III., kafla 2.

5. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir símtöl til útlanda er í gildi næturtaxti frá kl. 23.00 til kl. 08.00 alla daga.

IV. KAFLI

Gjaldskrá fyrir farsímanotendur.

1. Farsímaþjónusta.

Í farsímaþjónustunni eru afgreidd sjálfvirk og handvirk símtöl. Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og viðskiptagjald.

1.1. Stofngjald er kr. 9 390,00 fyrir hverja stöð og greiðist við úthlutun númers.

1.2. Afnotagjald er kr. 1 220,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.

1.3. Viðtökugjald án númeraskipta kr. 5 275,00, enda beri nýi símnotandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum skuldum.

1.4. Óski handhafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 870,00.

1.5. Viðskiptagjald fyrir sjálfvirka þjónustu til og frá farsímakerfinu er skrefagjald, kr. 2,67 fyrir hvert skref, 12 sek. í skrefi innanlands og gjald tekið fyrir hvert byrjað skref.

1.6. Viðskiptagjald fyrir handvirka afgreiðslu er afgreiðslugjald og mínútugjald. Afgreiðslugjald er kr. 7,00 fyrir hvert símtal og mínútugjald er kr. 16,00 fyrir hverja byrjaða mínútu innanlands.

2. Sérþjónusta í sjálfvirka farsímakerfinu.

2.1. Læsing til útlanda.

2.1.1. Stofngjald kr. 2 745,00.

2.1.2. Ársfjórðungsgjald kr. 67,00.

3. Sundurliðun reikninga í sjálfvirka farsímakerfinu.

Rétthafa er gefinn kostur á að fá sundurliðun símtala. Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, að slepptum tveimur síðustu stöfum, hvenær, hve lengi símtalið stóð og verð símtalsins.

3.1. Símtöl til útlanda.
3.1.1. Stofngjald kr. 625,00.
3.1.2. Ársfjórðungsgjald kr. 225,00.
3.1.3. Gjald pr. símtal kr. 1,30.
Gjaldskrá fyrir mengunarvarnaeftirlit á Vesturlandi gildir fyrir Austur-Barðastrandasýslu þangað til annað verður ákveðið.

Umhverfisráðuneytið, 16. janúar 1992.

F. h. r.
Kristinn Sv. Helgason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Fylgiskjal:

Flokkun eftirlitsskyldra fyrirtækja eftir umfangi starfseminnar sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988.

1. flokkur.
Málmsteypur.
Stálsmíði og stálskipagerð.
Völsunar, víra og stangaverksmiðja.
Nagla- og skrúfu framleiðsla.
Vélaframleiðsla.
Vinnsla á málmum í raftækniiðnaði.
Steinmölun.
Steinsmíði.
Steypustöðvar.
Steypueiningaverksmiðjur.
Leirmunaverksmiðja.
Fyrirtæki sem geyma klórgas.
Lakksprautun.
Prentiðnaður.
Efnalaugar.
Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla.
Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum.
Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda.
Framleiðsla á aukaefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað.
Fóðurblöndur.
Fóðurstöðvar.
Gúmmívinnsla.
Trésmíðaverkstæði.
Sögunarmyllur.
Fúavörn á timbri.
Framleiðsla á spónaplötum, límtré o. þ.h.
Spennistöðvar.
Vörugeymslur.
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla.
Skotvellir.
Þvottahús.
Leðurvinnsla.
Vefnaðar- og spunaverksmiðjur.
Litun og bleiking.
Matvælavinnsla.
Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir.
Flugvellir og flugbrautir.
Bifreiðaverkstæði.
Ryðvarnaverkstæði.
Bílaþvottastöðvar.
Smurstöðvar.
Bensínstöðvar.
Flutningamiðstöðvar.
Biðstöðvar leigu- og fólksflutningabifr.
Æfingasvæði slökkviliðs.
Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.
Loðdýrabú.
Alifuglabú.
Svínabú.
Kanínurækt.
Hestahald.
Dýraspítalar.
Hunda- og kattageymslur.
Gæludýraverslanir.
Líkbrennslur.
Önnur sambærileg starfsemi.

2. flokkur.
Móttökustöðvar fyrir sorp.
Hreinlætivöruverksmiðjur.
Plastframleiðsla.
Olímalar- og malbikunarstöðvar.
Yfirborðsmeðhöndlun á járni, stáli og öðrum málmum.
Sútunarverksmiðjur.
Seiða- og fiskeldisstöðvar.
Fituherslur.
Birgða- og afgreiðslustöðvar fyrir olíur og bensín.
Gasbirgðastöðvar.
Lifrarbræðslur.
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi.
Skólphreinsistöðvar.
Kísilmálmframleiðsla.
Kísiljárnframleiðsla.
Járn- og stálframleiðsla.
Glerullar- og steinullarframleiðsla.
Meðhöndlun og eyðing á hættulegum efnaúrgangi.
Framleiðsla á tilbúnum áburði.
Sements- og kalkframleiðsla.
Cellulosa- og pappírsframl.
Sorphaugar.
Stórar fiskeldisstöðvar.
Fiskimjölsverksmiðjur.
Önnur sambærileg starfsemi.

REGLUGERÐ

um málaskrár og gerðabækur vegna aðfarargerða, kyrrsetningar, löggeymslu og lögbanns.

I. KAFLI

Skrár héraðsdómstóla um aðfararbeiðnir og ágreiningsmál vegna aðfarargerða.

1. gr.

Við hvern héraðsdómstól skal haldin málaskrá um aðfararbeiðnir sem þangað berast.

Í skrána skal færa eftirfarandi atriði:

1. Móttökudag aðfararbeiðni.
2. Nafn gerðarbeiðanda og umboðsmanns hans.
3. Nafn, kennitölu og heimilisfang gerðarþola.
4. Hvaða aðfarargerðar er krafist.
5. Á grundvelli hvaða heimildar aðfarar er krafist.
6. Hver annast afgreiðslu beiðninnar við dómstólinn.
7. Hvaða afgreiðslu mál fær við dómstólinn.

Nú tilkynnir gerðarþoli að hann hafi andmæli fram að færa gegn kröfu gerðarbeiðanda en krafa hefur þó ekki ennþá borist héraðsdómi, og skal þá skrásetja þau atriði samkvæmt 1. mgr. sem koma fram í tilkynningu gerðarþola í málaskrá.

2. gr.

Við héraðsdóm skal að auki haldin skrá um ágreiningsmál sem rekin eru vegna aðfarargerða skv. 13., 14. og 15. kafla aðfararlaga.

Í skrána skal færa eftirfarandi atriði:

1. Móttökudag kröfu um úrlausn ágreinings.
2. Nafn sóknaraðila, varnaraðila og umboðsmanna þeirra.
3. Hvert ágreiningsefnið er.
4. Hver annast afgreiðslu máls við dómstólinn.
5. Hvernig og hvaða dag máli lýkur.

3. gr.

Varðveisla gagna og veiting upplýsinga úr málaskrám samkvæmt reglum þessa kafla fer eftir almennum reglum laga um meðferð einkamála.

II. KAFLI

Skrár sýslumannsembætta um aðfararbeiðnir.

4. gr.

Við hvert sýslumannsembætti skulu haldnar málaskrár, eftir atvikum tölvufærðar. Skal ein vera um fjárnámsbeiðnir en önnur um aðfararbeiðnir eftir IV. þætti aðfararlaga.

Í málaskrá um fjárnámsbeiðnir skal færa eftirfarandi atriði:

1. Hvaða dag og hvenær dags beiðni er móttekin.
2. Númer sem beiðni fær í skránni.
3. Nafn, kennitölu og heimilisfang gerðarþola.
4. Nafn, kennitölu og heimilisfang gerðarbeiðanda.
5. Nafn, kennitölu og heimilisfang umboðsmanns gerðarbeiðanda.
6. Fjárhæð kröfu sem fjárnáms er krafist fyrir.
7. Hvaða dag aðfararfresti lauk.

8. Á grundvelli hvaða aðfararheimildar aðfarar er krafist.
9. Hver framkvæmir gerð.
10. Í hvers konar eignum fjárnám er gert eða hvort henni lýkur án árangurs.
11. Hvaða dag og hvenær dags gerð lýkur.
12. Hvort og þá með hvaða hætti máli lýkur með öðrum hætti, þ. á m. hvort það er endursent gerðarbeiðanda eða framsent sýslumanni í öðru umdæmi.

Í málaskrá um aðfararbeiðnir eftir IV. þætti aðfararlaga skal færa þau atriði sem getið er í 1.–5. tölulið, 7.–9. tölulið, 11. og 12. tölulið 2. mgr. Að auki skal þar skrá hvernig aðfaragerð er lokið.

5. gr.

Aðfararbeiðni skal skrá í málaskrá svo fljótt sem verða má eftir að hún berst sýslumanni.

Nú er málaskrá tölvufærð, og skal hún þá svo úr garði gerð að unnt sé að færa atriði samkvæmt 1. - 8. tölul. 2. mgr. 4. gr. í málaskrá af tölvudisklingum sem gerðarbeiðandi lætur í té ásamt beiðni sinni.

Í tölvufærðri málaskrá er málaskrárnúmer tveggja tölustafa einkennisnúmer fyrir sýslumannsembætti, fjögurra stafa ártal og fimm tölustafa númer úr óslitinni númeraröð innan hvers árs.

6. gr.

Afrit skulu tekin af tölvufærðri málaskrá um aðfararbeiðnir ekki sjaldnar en vikulega enda hafi þá sýslumannsembættinu borist ekki færri en tuttugu beiðnir frá því afrit var síðast tekið.

Upplýsingar í tölvufærðri málaskrá skulu varðveittar fram yfir næstu áramót eftir að máli lýkur en þó ekki skemur en sex mánuði frá málalokum.

7. gr.

Haldnar skulu sérstakar skrár hjá hverju sýslumannsembætti um árangurslaus fjárnám.

8. gr.

Aðilar að aðfaragerð eiga rétt á að fá upplýsingar úr málaskrá um þau mál sem þá varða.

Sá sem sýnir fram á að hann hafi lögvarinna hagsmuna að gæta á einnig rétt á upplýsingum úr málaskrá.

Skrár samkvæmt 7. gr. skulu liggja fyrir við hvert sýslumannsembætti til upplýsinga handa þeim sem eftir leita. Láta má af hendi afrit af skránni.

III. KAFLI
Skrár sýslumannsembætta um beiðnir um kyrrsetningu, löggeymslu og lögbann.

9. gr.

Við hvert sýslumannsembætti skal haldin sameiginleg málaskrá um beiðnir um kyrrsetningar- löggeymslu- og lögbannsgerðir.

Á málaskrána skal færa eftirfarandi:

1. Atriði sem getið er í 1.–5. tölulið 2. mgr. 4. gr.
2. Hvaða gerðar er krafist.
3. Fjárhæð kröfu ef krafist er kyrrsetningar eða löggeymslugerðar.
4. Hver framkvæmir gerð.
5. Hvenær og hvernig gerð lýkur.

Upplýsingar um kyrrsetningar- og löggeymslugerðir sem lýkur án árangurs skulu færðar í skrá samkvæmt 7. gr.

IV. KAFLI
Varðveisla gagna.

10. gr.

Framlögð skjöl skulu varðveitt í skjalasafni hlutaðeigandi sýslumannsembættis þar til þau verða afhent Þjóðskjalasafni.

Öðrum en aðila máls verður ekki afhent frumrit skjals sem hann lagði fram nema með samþykki hans.

Sýslumanni er skylt að láta þeim, sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta, í té staðfest eftirrit af málsskjölum.

11. gr.

Sýslumanni ber, innan þriggja virkra daga frá því að kyrrsetningar- eða lögbannsgerð lauk, að láta gerðarbeiðanda í té staðfest endurrit úr gerðabók og myndrit af framlögðum gögnum, eftir ósk hans.

12. gr.

Að því leyti sem greiðslur eiga að koma fyrir eftirrit gagna samkvæmt reglum um aukatekjur ríkissjóðs, getur sýslumaður krafist fyrirframgreiðslu fyrir eftirrit.

V. KAFLI
Gerðabækur um aðfarar-, kyrrsetningar-, löggeymslu- og lögbannsgerðir hjá sýslumannsembættum.

13. gr.

Sýslumaður skal halda gerðabækur, annars vegar um aðfarargerðir og hins vegar um kyrrsetningar-, löggeymslu- og lögbannsgerðir.

14. gr.

Form gerðabóka má vera með þeim hætti sem segir í 2. eða 3. mgr.

Um gerðina má handrita í bók með tölusettum blaðsíðum, þar sem sýslumaður hefur ritað á titilsíðu að um gerðabók sé að ræða til afnota við gerðir sem reglugerð þessi tekur til.

Um gerðina má vélrita eða prenta úr tölvu á laus blöð, sem eru þá undirrituð af þeim sem framkvæmir gerð og eftir atvikum aðilum að henni eða umboðsmönnum þeirra. Slík blöð skulu varðveitt í lausblaðabókum eða öskjum, þar sem þeim er raðað eftir því sem gerðir fara fram.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 15. gr., 18. gr. og 1. mgr. 33. gr. laga um aðför nr. 90 1. júní 1989 og 4. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31 23. apríl 1990, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. janúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir fiskmjölsverksmiðju Faxamjöls hf., Örfirisey, Reykjavík.

1. Almenn ákvæði.

1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskmjöl og lýsi úr fiskúrgangi og úrgangsfiski. Starfsleyfið nær þó ekki til vinnslu á fiski, sem fyrst og fremst er veiddur til bræðslu. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu miðast við 120 tonn af fiskúrgangi á sólarhring.

1.2. Verksmiðjunni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Þar sem ekki eru mannvirki eða gróðurbeð skal leggja lóð verksmiðjunnar bundnu slitlagi. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.

1.3. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá mannvirkjum og búnaði og haga allri starfsemi svo, að hætta á gerlamengun í hráefni og mjöli verði sem minnst.

1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.5. Umtalsverðar breytingar á rekstri eða stækkun verksmiðjunnar er óheimil, nema að fengnu nýju starfsleyfi. Í vafatilfellum skal leita úrskurðar Hollustuverndar ríkisins um hvað teljast umtalsverðar breytingar.

1.6. Hollustuvernd ríkisins getur, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við umhverfisráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma frá starfseminni skaðleg eða óæskileg áhrif á umhverfið eða heilsu almennings, sem ekki voru ljós fyrir.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

2.1. Fyrirtækið, eða verktaki á þess vegum, skal annast flutninga á hráefni frá fiskvinnslustöðvum. Þó er fyrirtækinu heimilt að taka á móti úrgangi frá fisksölum. Hráefni, sem verksmiðjan tekur á móti, skal ekki vera eldra en sólarhrings gamalt. Öll flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld, yfirbyggð eða með yfirbreiðslur og viðurkennd af heilbrigðisnefnd Reykjavíkur. Flutningstæki skulu vandlega þrifin strax að notkun lokinni og skal vera aðstaða til þess á lóð verksmiðjunnar.

2.2. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum kældum geymslum. Hitastig í þeim skal vera á bilinu 1 til 8 gráður á celsíus. Hráefni hvers dags skal geyma aðskilið, merkja greinilega með dagsetningu þess dags sem það barst, og vinna sér. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu. Þann hluta hráefnisgeymslu sem tæmdur hefur verið, ásamt tæmingarbúnaði, skal skola strax með köldu vatni og þrífa síðan rækilega. Vatni frá fyrstu skolun skal halda í lágmarki, t.d. með notkun háþrýstibúnaðar og taka skolvatnið til vinnslu í verksmiðju.

2.3. Tæming hráefnisgeymsla skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrífa þau vel strax að loknu verki. Akstur á óþrifnum moksturstækjum utan svæðis er óheimill.

2.4. Hráefni skal tekið til vinnslu svo fljótt sem kostur er. Hráefni skal ekki geyma lengur en þrjá sólarhringa í hráefnisgeymslu, áður en það er tekið til vinnslu. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur getur veitt undanþágu frá þessari kröfu, ef ástæða þykir til.

2.5. Fyrirtækið skal hafa tiltæka áætlun, þar sem fram kemur hvað skuli gera við hráefni í geymslum og sem til fellur hjá þeim fyrirtækjum sem skipta við verksmiðjuna þegar vinnslustöðvun verður vegna bilunar, eða af öðrum orsökum. Áætlunin, þar sem fram kemur skuldbinding þeirra aðila sem taka við hráefninu þegar vinnsla stöðvast, skal viðurkennd af Hollustuvernd ríkisins.

2.6. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloftið flutt til lykteyðingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómenguðu lofti sé dregið með. Verulegar lyktaruppsprettur eru t.d. forsjóðarar, pressur, sniglar, soðkjarnatankar, skilvindupallur og hráefnisþrær.

2.7. Loft frá þurrkurum skal leiða í gegnum rykskiljur með virka skiljunarhæfni og síðan til lykteyðingar.

2.8. Lykteyðing skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni og með brennslu lyktarefnanna. Við lykteyðingu með brennslu skal hita útblástursloft í a.m.k. 1000°C. Síritandi hitamælir, til stöðugra mælinga á meðan vinnsla er í gangi, skal tengdur eldhólfi ofnsins þar sem lykteyðing á sér stað.

2.9. Útblástur að lokinni lykteyðingu skal leiða út í gegnum skorstein, sem er ekki lægri en tvisvar sinnum húshæð verksmiðjunnar miðað við gólfflöt.

2.10. Soðkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.

2.11. Framkvæmd skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Áður en hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) hans vera á bilinu 5 til 9.

2.12. Frárennsli úr hráefnisþróm og innan úr verksmiðju skal tengjast í fitugildru og það ásamt öðru frárennsli leitt í veitukerfið. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu og úrgang, sem safnast fyrir í fitugildru, skal nýta eða farga á viðurkenndan hátt. Fiskmjölsverksmiðjan skal leita samþykkis Hollustuverndar ríkisins um stærð og gerð fitugildru.

2.13. Framkvæma skal reglulega athugun á svifögnum í fráveituvatni þvottaturns. Greina skal a.m.k. eitt sýni daglega. Á fyrsta ári skal samhliða svifagnamælingum taka 8 sýni, reglulega dreift yfir árið, til COD mælinga. Næsta ár skal taka tvö sýni til COD mælinga.

2.14. Lýsisgeymir skal vera í lýsisheldri varnarþró að rúmtaki ekki minni en rúmtak geymisins. Séu fleiri en einn geymir í sömu varnarþró skal rúmtak hennar vera a.m.k. jafn mikið og rúmtak stærsta geymisins. Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætta á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal staðsettur innan þróar.

2.15. Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt gildandi reglum hverju sinni.

2.16. Verksmiðjan skal sjá um, að mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi og hafa reglulegt eftirlit með honum. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði eða starfi hann af óviðráðanlegum orsökum ekki sem skyldi skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal eftirlitsaðila um bilunina, sem metur hvort þörf sé sérstakra aðgerða. Verði bilun í lykteyðingarbúnaði verksmiðjunnar skal stöðva vinnslu þegar í stað og ekki hefja hana að nýju fyrr en bilunin hefur verið lagfærð.

2.17. Verksmiðjan skal hafa reglulegt eftirlit með öllu er varðar rekstur fyrirtækisins og haft getur áhrif á mengun frá starfseminni á einhvern hátt. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal eftirlitsaðila heimill aðgangur að þeim hvenær sem er. Í dagbók skal m.a. skrá upplýsingar um hvenær vinnsla fór fram, magn og aldur hráefnis, hitastig við lykteyðingu, tæming fitugildru, magn og sýrustig hreinsivökva, svifagnir í fráveitu frá þvottaturni o.fl.

2.18. Að ári liðnu frá því verksmiðjan tekur til starfa, skal fara fram athugun á virkni hreinsibúnaðar og á umhverfisáhrifum starfseminnar. Sú athugun skal framkvæmd af viðurkenndum aðila í samráði við Hollustuvernd ríkisins og skal meðal annars kanna hvort íbúar og fyrirtæki á svæðinu hafi orðið fyrir óþægindum vegna starfseminnar og þá

hve miklum. Við mat á óþægindum skal m.a. taka mið af veðurfari á árinu með hliðsjón af meðalaðstæðum. Niðurstöður athugunar skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um hugsanlega endurnýjun starfsleyfis eða endurskoðun, ef þörf krefur, með auknum mengunarvarnakröfum.

3. Eftirlitsgjöld.

3.1. Fyrirtækið greiðir árlega eftirlitsgjald, sem standa skal undir reglubundnu eftirliti, í samræmi við þriðja flokk gjaldskyldra fyrirtækja sbr. 3. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990 með síðari breytingum.

4. Gildistaka.

4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við ákvæði í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1994.

5. Ákvæði til bráðabirgða.

5.1. Fyrir 1. september 1992 skal fyrirtækið hafa gengið frá lóð verksmiðjunnar í samræmi við grein 1.2. og 2.1. og hafa uppfyllt ákvæði um olíu- og lýsisgeyma í samræmi við greinar 2.14. og 2.15.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

20. janúar 1992 Nr. 19

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 640/1989, um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer bætast við viðauka reglugerðarinnar:
1212.9901, 1212.9909, 3916.1009, 3916.2009, 3916.9009, 3917.2209, 3920.5909, 4409.1009, 4409.2009, 7419.9902, 8535.9000.

2. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr viðauka reglugerðarinnar:
1212.9900, 1519.3000, 3916.1000, 3916.2000, 3916.9000, 3917.2200, 3920.5900, 4409.1000, 4409.2000, 7419.9903, 8535.9001, 8535.9009.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 34. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 20. janúar 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

STARFSREGLUR

fyrir undanþágunefnd.

1. gr.

Almennt um nefndina.

Nefndin heitir undanþágunefnd og heyrir stjórnarfarslega beint undir samgönguráðherra.

Undanþágunefnd heldur gerðarbók um störf sín. Ákvarðanir nefndarinnar skulu vera skriflegar.

2. gr.

Umsókn um undanþágu.

Umsókn um undanþágu skv. 3. – 7. gr. skal senda Siglingamálastofnun ríkisins á sérstöku eyðublaði sem fæst á aðalskrifstofu og umdæmisskrifstofum Siglingamálastofnunar og hjá lögskráningaraðilum. Umsókn skal fylgja undanþágugjald ásamt öllum þeim upplýsingum sem krafist er á eyðublaði. Þegar sótt er um undanþágu til starfs, sem auglýsa ber í fjölmiðlum, skal jafnframt fylgja fullnægjandi sönnun þess að starfið hafi verið auglýst, svo sem kvittun fyrir greiðslu auglýsingar eða ljósrit af auglýsingu.

3. gr.

Störf skipstjóra.

Undanþágur til skipstjórastarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn og þá til 1. stýrimanns viðkomandi skips, enda hafi hann a.m.k. 3 mán. siglingatíma á viðkomandi skipi sem stýrimaður, eða til manns sem hefur skipstjóraréttindi næsta stigs fyrir neðan, þau sem krafist er (30-80-200).

Ef skortur er á mönnum með nægileg skipstjóraréttindi er heimilt að veita skipstjórum undanþágu í allt að 6 mánuði í senn, enda fullnægi þeir eftirtöldum skilyrðum eftir því sem við á:

(a) Sé skipið stærra en 200 rúmlestir, þá hafi þeir 200 rúmlesta skipstjóraréttindi og hafi starfað sem skipstjórar í a.m.k. 50 mán. þar af a.m.k. 12 mán. á viðkomandi skipi, nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar, enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip.

(b) Sé skipið stærra en 100 rúml. þá hafi þeir að minnsta kosti 80 rúml. réttindi og hafi starfað sem skipstjórar í a.m.k. 50 mán. þar af a.m.k. 12 mán. á viðkomandi skipi, nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip.

(c) Sé skipið 100 rúmlestir eða minna þá hafi þeir a.m.k. 30 rúmlesta réttindi og hafi starfað sem skipstjórar í a.m.k. 50 mán. þar af a.m.k. 12 mán. á viðkomandi skipi, nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar, enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip.

4. gr.

Störf yfirvélstjóra.

Undanþágur til yfirvélstjórastarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn og þá til 1. vélstjóra eða vélavarðar viðkomandi skips. Vélstjórinn hafi a.m.k. næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem krafist er og a.m.k. 3 mán. starfstíma á viðkomandi skipi. Vélavörðurinn hafi vélavarðarréttindi og a.m.k. 3 mán. starfstíma á viðkomandi skipi.

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi er heimilt að veita vélstjórum undanþágu í allt að 6 mánuði í senn enda fullnægi þeir eftirfarandi skilyrðum eftir því sem við á:

a) Hafi lokið námi til viðkomandi réttinda og a.m.k. helmingi af skilgreindum siglingatíma eða,
Fyrir skip með 368 kw. aðalvél og stærri.
b) hafi næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem þarf á viðkomandi skip og hafi starfað a.m.k. 50 mán. sem yfirvélstjóri, þar af í 12 mán. á viðkomandi skipi, nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar, enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip eða,
Fyrir skip með 367 kw. aðalvél og minni.
c) hafi vélavarðarréttindi og hafi starfað a.m.k. 12 mánuði sem vélavörður, þar af 6 mánuði á viðkomandi skipi nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar, enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip.

5. gr.

Störf stýrimanna.

Undanþágur til stýrimannastarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn, og þá til stýrimanns, sem hefur næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi, sem þarf á viðkomandi skip (30 -80 -200).

Ef skortur er á mönnum með nægileg stýrimannsréttindi er heimilt að veita stýrimönnum undanþágu í allt að 6 mánuði í senn, enda fullnægi þeir a.m.k. öðru eftirfarandi skilyrða:

a) hafi lokið námi til viðkomandi réttinda en vanti siglingatíma eða,
b) hafi næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem þarf á viðkomandi skip (30-80-200) og hafi starfað í a.m.k. 30 mán. sem stýrimenn.

6. gr.

Störf undirvélstjóra.

Undanþágur til undirvélstjórastarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn, og þá til vélstjóra með næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem þarf á viðkomandi skip.

Ef skortur er á mönnum með nægileg vélstjóraréttindi er heimilt að veita vélstjórum undanþágu til starfa í allt að 6 mánuði í senn, enda fullnægi þeir a.m.k. öðru eftirfarandi skilyrða.

a) Hafi lokið námi til viðkomandi réttinda og a.m.k. helmingi af skilgreindum siglingatíma sé um starf 1. vélstjóra að ræða, en a.m.k. fjórðungi af skilgreindum siglingatíma, sé um starf 2. vélstjóra að ræða.
b) Hafi næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem þarf á viðkomandi skip og hafi starfað að auki 12 mánuði sem vélstjóri, sé um starf 1. vélstjóra að ræða.

7. gr.

Störf vélavarða.

Undanþágur til vélavarðarstarfa má veita án undangenginnar auglýsingar, í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn, til manna sem fæddir eru 1960 eða fyrr enda hafi þeir starfað á undanþágu í a.m.k. 8 mánuði.

Ef skortur er á réttindamönnum er heimilt að veita manni, sem fæddur er fyrir 1. jan. 1956 og starfað hefur í 16 mánuði eða meira á undanþágu sem vélstjóri eða vélavörður, undanþágu til vélavarðarstarfa í allt að 6 mánuði í senn.

8. gr.

Afturköllun undanþágu.

Óski maður með tilskilin starfsréttindi eftir starfi undanþágumanns, skal undanþágunefnd fella undanþáguheimildina úr gildi. Afturköllun skal að jafnaði gilda frá þeim tíma er skipið kemur til hafnar, ef það er á sjó, enda sé réttindamaðurinn tilbúinn að taka við starfi undanþágumannsins þá þegar.

9. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru skv. lögum nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og lögum nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, öðlast gildi 1. mars 1992 og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 153/1987 um sama efni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Störf undirvélstjóra.

Ef skortur er á mönnum með nægileg vélstjórnarréttindi er heimilt að veita vélstjórum undanþágu til starfa í allt að 6 mánuði í senn, enda hafi þeir starfað sem vélstjórar samkvæmt undanþágu á viðkomandi skipi í a.m.k. 80 mánuði fyrir gildistöku þessara reglna.

Samgönguráðuneytið, 10. janúar 1992.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 21

REGLUGERÐ

10. janúar 1992

um breytingu á starfsreglum um öryggisfræðslu sjómanna nr. 323/1988.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Samgönguráðherra skipar 10 manna öryggisfræðslunefnd sem hefur með höndum stjórn öryggisfræðslunnar. Skulu tveir skipaðir án tilnefningar og annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hinir átta skulu tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Siglingamálastofnun ríkisins, Slysavarnafélagi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Landssambandi smábátaeigenda og Vélstjórafélagi Íslands.

Nefndin skal beita sér fyrir auknu öryggi sjómanna í samræmi við 1. gr. starfsreglna þessara og gera tillögur til stjórnvalda um tilhögun öryggisfræðslunnar.

Nefndin getur falið þremur nefndarmönnum að fjalla sérstaklega um námskeiðahald um öryggismál sjómanna á vegum Slysavarnaskóla sjómanna. Einnig er nefndinni heimilt að mynda starfshópa um einstaka þætti öryggisfræðslu sjómanna.

2. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. janúar 1992.

Halldór Blöndal.

Elín Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Sjóðshappdrætti Háskóla Íslands, nr. 410 20. ágúst 1991.

1. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Sölu hvers flokks skal að jafnaði ljúka á þriðjudagi og eigi síðar en tveimur klukkustundum fyrir útdrátt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, sbr. lög nr. 23 5. maí 1986, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. janúar 1992.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

8. janúar 1992 Nr. 23

GJALDSKRÁ

fyrir eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál.

1. gr.

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftirtalin gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

	kr.
Grunngjald skráðs köfunarbúnaðar	1 750
(Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).	
Fyrir greiningu lofts (þrjú rör)	1 500
Fyrir Dragerrör til loftgreiningar	450

Fyrir skoðun búnaðar greiðir eigandi búnaðarins laun starfsmanns Siglingamálastofnunar ríkisins þann tíma er skoðunin tók og annan útlagðan kostnað, þó eigi dagpeninga og ferðakostnað.

2. gr.

Vegna próftöku til köfunarréttinda greiðast eftirtalin gjöld:	kr.
Fyrir próf til C-réttinda	8 400
Fyrir próf til B-réttinda	16 700
Fyrir endurupptöku prófs	5 600

3. gr.

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðast eftirgreind gjöld:	kr.
Fyrir útgáfu atvinnuskírteinis kafara	3 900
Fyrir endurnýjun atvinnuskírteinis kafara	1 500

4. gr.

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða, skal greiða þóknun samkvæmt reikningi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 12, 13. apríl 1976 um kafarastörf, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 206, 18. apríl 1988.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1992.

Halldór Blöndal.

Rúnar Guðjónsson.

Nr. 24 13. janúar 1992

REGLUGERÐ

um varðveislu og umbúnað skjala við lögbókandagerðir.

1. gr.

Lögbókandi skal varðveita samhljóða afrit af hverju skjali sem hann staðfestir, með vottorði sínu og undirritun hlutaðeigandi.

Með samritum skjala skulu einnig geymd eintök þeirra sönnunargagna sem lögbókanda hafa verið fengnar auk þýðinga skjala á erlendum tungumálum, ef um það er að ræða.

2. gr.

Afrit skjala sem lögbókandi staðfestir skulu árituð um dagsetningu á móttöku og númeruð í óslitinni töluröð fyrir hvert ár eftir því sem gerðirnar fara fram.

Lögbókandi skal færa númer skjala og nöfn hlutaðeigandi í sérstaka skrá eða bók fyrir hvert ár í sömu röð og gerðir fara fram.

Afrit skjala sem lögbókandi staðfestir og sönnunargögn með þeim skulu varðveitt í lausblaðabók eða skjalahylki í þeirri röð sem gerðir fara fram.

3. gr.

Lögbókanda er heimilt að varðveita samrit erfðaskráa sem staðfestar eru fyrir honum aðskilið frá öðrum skjölum sem hann staðfestir.

4. gr.

Á hverju sýslumannsembætti skal haldin gerðabók lögbókanda þar sem hann færir frásögn sína af atburðum eða athöfnum sem hann staðfestir.

Gerðabók skal vera með tölusettum blaðsíðum og árituð af sýslumanni á tiltilsíðu að hún sé ætluð til afnota fyrir lögbókandagerðir.

Í stað gerðabókar samkvæmt 1. mgr. er heimilt að vélrita eða prenta úr tölvu á laus blöð frásögn af atburðum eða athöfnum sem lögbókandi staðfestir. Slík blöð skulu undirrituð af lögbókanda og tölusett í óslitinni töluröð innan hvers árs og varðveitt í lausblaðabókum eða skjalahylkjum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga um lögbókandagerðir nr. 86 1. júní 1989, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. janúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

1. gr.

Fyrir hverja læknisskoðun og heyrnarrannsókn greiði sjúkratryggður kr. 1 500. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða þó kr. 500. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Heyrnleysingjaskóla Íslands svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heyrnarskert að þau þurfi á heyrnartæki að halda.

2. gr.

Fyrir hverja rafhlöðuúthlutun (6 rafhlöður) greiða elli- og örorkulífeyrisþegar kr. 200. Aðrir greiða að fullu nema börn og unglingar, sem eru undanþegin gjaldi sbr. 1. gr.

3. gr.

Um gjald fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum fer samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigandi vinnustaði. Þessi gjöld skulu þó ætíð standa undir öllum kostnaði stöðvarinnar við þessar rannsóknir.

4. gr.

Fyrir almenn hlustarstykki skal greiða kr. 1 500 en fyrir skeljar (fyrir hlustartæki) skal greiða kr. 2 000.

Til viðbótar greiðsluþátttöku í heyrnartæki er heimilt að innheimta ábyrgðargjald, kr. 400. Í þessu gjaldi felst viðgerðarkostnaður í fjögur ár, þar með talið ábyrgðarár framleiðanda og eftirlit og kennsla á tæki.

5. gr.

Fyrir málþroskapróf með læknisskoðun skal greiða kr. 1 500. Fyrir komu vegna endurmats hjá talmeinafræðingi skal greiða kr. 600.

Fyrir aðra þjónustu svo sem fyrir raddbandaskoðun (með hreyfismásjá (stroboscope)), málstol, aðrar skoðanir og greiningar skal greiða kr. 600. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu þó greiða kr. 200. Ef um hópa er að ræða (10 eða fleiri) er heimilt að lækka greiðslu í kr. 400.

6. gr.

Skoðanir og greiningar fyrir Greiningarstöð ríkisins, Heyrnleysingajaskólann, Öskjuhlíðarskóla og hliðstæðar stofnanir eru gjaldfríar.

7. gr.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem sett er með stoð í 6. gr. laga nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 63/1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. janúar 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um Verðbréfaþing Íslands.

I. KAFLI
Stofnun og hlutverk.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 36 frá 5. maí 1986 starfrækir Seðlabanki Íslands í samvinnu við verðbréfamiðlara Verðbréfaþing Íslands (hér eftir nefnt verðbréfaþing eða þing). Heimili og varnarþing þess er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk þingsins er m. a. eftirfarandi:

a) Að vera vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfrækja í því skyni skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi sbr. VI. kafla;
b) að gera faglegar, fjárhagslegar og siðferðislegar kröfur til þingaðila sbr. IV. kafla;
c) að meta skráningarhæfi verðbréfa sbr. V. kafla;
d) að skrá gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykir og
e) að hafa eftirlit með framkvæmd á reglum þingsins og í því skyni að hafa samvinnu við bankaeftirlit Seðlabankans á þeim sviðum þar sem bankaeftirlitið gegnir eftirlitshlutverki lögum samkvæmt.

II. KAFLI
Stjórn og fundir þingaðila.

3. gr.

Stjórn þingsins skipa sjö menn, og skulu þeir valdir til eins árs í senn fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Seðlabankinn skal tilnefna formann. Aðrir þingaðilar skulu kjósa tvo menn og skal annar þeirra vera varaformaður, útgefendur hlutabréfa á skrá þingsins tvo menn, Samband almennra lífeyrissjóða og Landssamband lífeyrissjóða einn mann sameiginlega og viðskiptaráðherra einn mann, sem fulltrúa minni fjárfesta. Jafnmargir varamenn skulu valdir á sama hátt.

Hafi stjórn ekki verið fullskipuð skv. 1. mgr. á þann hátt að þinginu hafi borist tilnefning hlutaðeigandi aðila með formlegum hætti fyrir lok febrúarmánaðar, skal viðskiptaráðherra skipa þá sem á vantar án tilnefningar.

4. gr.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður æskir þess. Afl atkvæða ræður úrslitum. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns úrslitum. Stjórnin skal halda gerðabók. Ákvarðanir sínar skal stjórnin birta á traustan og greinilegan hátt.

5. gr.

Ársfundur stjórnar og þingaðila skal haldinn fyrir febrúarlok. Á þeim fundi kjósa þingaðilar, aðrir en Seðlabankinn, fulltrúa í stjórn og varastjórn svo og einn endurskoðanda beinni kosningu. Reikningar þingsins skulu lagðir fram á þessum fundi til samþykktar. Jafnframt skal fundurinn ákveða þóknun stjórnar og endurskoðenda.

Stjórnin getur, þegar hún sér tilefni til, boðað þingaðila til fundar. Skylt er henni að boða til slíks fundar ef þriðjungur þingaðila æskir þess.

Auk stjórnarmanna situr einn fulltrúi hvers þingaðila, sem ekki hefur fulltrúa í stjórn þingsins, fundi skv. 1. og 2. mgr. og aðra þar sem kveðið er á um að stjórn og þingaðilar komi

saman. Afl atkvæða ræður úrslitum. Falli atkvæði jafnt, ræður atkvæði stjórnarformanns úrslitum. Við stjórnarkjör skal þó atkvæðamagn hvers þingaðila vera í hlutfalli við kaup og sölu hans á skráðum verðbréfum á þinginu næstliðið almanaksár. Einn þingaðili getur þó ekki farið með meira atkvæðamagn fyrir sjálfs sín hönd og annarra en nemur þrjátíu af hundraði.

III. KAFLI
Framkvæmdastjóri.

6. gr.

Stjórn þingsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Stjórn þingsins ákveður kaup og önnur kjör framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf.

Framkvæmdastjóri skal annast daglegan rekstur þingsins. Hann ræður starfsfólk að höfðu samráði við stjórn þingsins.

7. gr.

Framkvæmdastjóri skal sitja fundi stjórnar þingsins og taka þátt í umræðum, nema stjórnin ákveði annað. Hann gefur stjórn þingsins reglulega skýrslur um starfsemi þingsins.

IV. KAFLI
Þingaðilar.

8. gr.

Aðilar að þinginu eru þeir verðbréfamiðlarar sem stjórnin hefur samþykkt. Seðlabanki Íslands er þingaðili, en stundar ekki þjónustu sem aðrir þingaðilar veita almenningi aðra en útgáfu og sölu nýrra verðbréfa ríkissjóðs og ríkisstofnana, og keppir ekki við þá um viðskipti.

Þingaðilar hafa einir rétt á að setja fram tilboð og eiga viðskipti með verðbréf á þinginu.

9. gr.

Umsóknir um aðild skulu sendar stjórninni og skal hún athuga hvort umsækjandi eða starfsmenn hans fullnægi reglum um aðild að þinginu sem stjórnin setur sem að minnsta kosti skulu fela í sér eftirfarandi atriði:

a) Hefur leyfi til að stunda verðbréfamiðlun sbr. 3. gr. laga nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði;
b) hefur til að bera næga menntun og reynslu í verðbréfaviðskiptum;
c) setur verðtryggða bankaábyrgð, veð eða aðra tryggingu sem stjórnin metur gilda til tryggingar efndum á skyldum þeim sem honum ber að uppfylla í viðskiptum sínum, eigi lægri en 1 milljón króna, en fjárhæðin breytist í janúar ár hvert í hlutfalli við breytingu sem kann að hafa orðið á lánskjaravísitölu frá gildi hennar í október 1985 sem var 1266, og
d) hafi undirritað drengskaparyfirlýsingu um að rækja störf sín eftir bestu samvisku og að hlíta reglum þessum sem og reglum sem stjórnin hefur sett.

10. gr.

Nú telur stjórnin að þingaðili hafi hagað sér í starfi sínu á þann hátt að ekki samrýmist hagsmunum viðskiptavina hans né þingsins í heild. Skal hlutaðeigandi þingaðili að boði stjórnarinnar gera henni viðhlítandi grein fyrir máli sínu. Ber þingaðila í því efni að svara og sinna án ástæðulauss dráttar fyrirspurnum og kvaðningum stjórnarinnar. Stjórnin getur veitt einstökum þingaðilum áminningar, en svipta skal hún þingaðila aðild sé um ítrekaðar eða alvarlegar ávirðingar að ræða að hennar mati. Stjórnin leysir þingaðila undan kvöðum þingsins um leið og hann er sviptur aðild. Fullnægi þingaðili að einhverju eða öllu leyti ekki skilyrðum skv. 9. gr. skal stjórnin svipta hann þingaðild og leysa hann undan kvöðum þingsins.

V. KAFLI
Skráning verðbréfa.

11. gr.

Verðbréf fást skráð í viðskiptakerfi þingsins þegar þingaðili, fyrir hönd útgefanda, óskar þess og stjórn þingsins samþykkir.

12. gr.

Stjórnin setur nánari reglur um verðbréfaflokka sem teknir eru til skráningar og skulu þær m.a. fela í sér eftirtalin atriði:

a) Að stærð og dreifing hvers flokks sé með þeim hætti að verðbréfin geti talist markaðshæf.
b) Að birtar séu upplýsingar við skráningu og eftirleiðis um hvern verðbréfaflokk og útgefanda hans, sem máli skipta varðandi mat á verðmæti bréfanna, skv. reglum sem stjórnin setur.

13. gr.

Ákvæði 11. og 12. gr. gilda um öll skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf, þ.m.t. hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sem sótt er um að skráð séu í viðskiptakerfi þingsins.

14. gr.

Stjórnin lætur útbúa nauðsynlegar upplýsingar um skráð verðbréf er almenningur hefur aðgang að.

15. gr.

Stjórninni er skylt að fella af skrá þau verðbréf, sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði þingsins. Jafnframt er henni heimilt að fella tímabundið niður skráningu ef ástæða þykir til.

VI. KAFLI
Viðskipta- og upplýsingakerfið.

16. gr.

Stjórnin skal setja reglur um skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi, þar sem kveðið skal á um með hvaða hætti tilboð eru sett fram, svo og um söfnun og miðlun upplýsinga um viðskipti með skráð verðbréf, hvort sem viðskiptin eiga sér stað í viðskiptakerfi þingsins eða utan þess.

17. gr.

Í samræmi við reglur skv. 16. gr. skal þingaðili senda öllum öðrum þingaðilum upplýsingar um magn, verð og tegundir þeirra skráðu bréfa sem hann hefur kaupanda eða seljanda að eða vill eiga viðskipti með fyrir eigin reikning sbr. þó 20. gr.

18. gr.

Þingaðilar gera upp viðskipti beint sín á milli skv. reglum sem stjórnin setur. Þingaðilar bera ábyrgð á viðskiptum sínum með skráð verðbréf.

19. gr.

Stjórnin setur reglur um skiptingu sölulauna þegar tveir eða fleiri þingaðilar eiga viðskipti með verðbréf sín í milli í viðskiptakerfi þingsins. Þingaðilar skulu gera stjórninni grein fyrir þóknun sem þeir taka fyrir að annast kaup eða sölu skráðra bréfa.

20. gr.

Þingaðila er heimilt að eiga viðskipti með skráð verðbréf án þess að hann bjóði þau fram í viðskiptakerfinu, svo fremi sem hann gerir bæði kaupendum og seljendum grein fyrir að svo sé og þeir sætti sig við það. Þingaðili skal senda upplýsingar um slík viðskipti til þingsins með þeim hætti sem reglur skv. 16. gr. segja til um.

VII. KAFLI
Gjaldskrá o.fl.

21. gr.

Stjórn þingsins er heimilt að setja gjaldskrá sem hefur að geyma ákvæði um tekjur þingsins af stofngjöldum, skráningargjöldum o.þ.h. eins og nánar er ákveðið í reglum þessum. Gjaldskráin skal staðfest á fundi stjórnar og þingaðila innan eins mánaðar frá ákvörðun stjórnar.

22. gr.

Innheimta skal óafturkræft inntökugjald, sem allir þingaðilar greiða til þingsins. Einnig getur stjórn þingsins ákveðið að þingaðilar greiði árgjald til þingsins sem sé fast gjald og/eða gjald, sem sé fyrirfram ákveðið hlutfall af sölu verðbréfa skráðra á þinginu.

23. gr.

Stjórnin getur ákveðið að innheimta skráningargjald fyrir hvern flokk verðbréfa sem tekinn er á skrá þingsins svo og árlegt gjald fyrir viðhald skráningar hvers flokks. Gjöld þessi eru óafturkræf.

24. gr.

Stjórnin getur ákveðið að innheimta skuli gjald vegna afgreiðslu umsóknar um að hlutafélag annist sjálft útgáfu eigin markaðsverðbréfa, sbr. ákvæði 2. ml. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Stjórnin getur ákveðið að innheimt skuli gjald fyrir upplýsingar sem látnar eru í té með reglubundnum hætti svo og fyrir gögn sem afhent eru.

25. gr.

Kostnaður af rekstri þingsins skv. reglum þessum skal greiddur af tekjum þess, sem aflað er skv. þessum kafla.

Færa skal sérstakt bókhald fyrir þingið. Endurskoðendur skulu vera tveir, annar tilnefndur af Seðlabankanum og hinn kosinn á ársfundi stjórnar og þingaðila sbr. 5. gr.

Birta skal endurskoðaða reikninga þingsins í B-deild Stjórnartíðinda.

26. gr.

Nú sér stjórn þingsins fyrir fjárvöntun eða erfiðleika í rekstri þingsins, og skal hún þá, að undangengnum tilraunum stjórnar og þingaðila til að leysa vandann, án óhæfilegs dráttar gera viðskiptaráðherra og bankastjórn Seðlabankans grein fyrir stöðu mála.

VIII. KAFLI
Önnur ákvæði.

27. gr.

Stjórnin skal gera tillögur um eftirlitskerfi, sbr. e-lið 2. gr., sem Seðlabankinn staðfestir. Þessu kerfi er ætlað að standa vörð um góða siðu þingaðilanna og koma í veg fyrir áföll sem skaða kynnu álit þingsins eða valdið gætu viðskiptavinum fjárhagstjóni.

28. gr.

Stjórnin skal skera úr um ágreining milli þingaðila að því er varðar framkvæmd reglna þingsins. Einnig skal hún skera úr um ágreining á milli viðskiptavina og þingaðila vegna viðskipta með skráð verðbréf enda hafi ágreiningnum verið vísað til stjórnarinnar af öðrum hvorum aðila.

29. gr.

Fundur stjórnar og þingaðila gerir tillögur um breytingar á reglum þessum til Seðlabankans.

30. gr.

Fundur stjórnar og þingaðila getur ákveðið að þingið taki þátt í stofnun og starfrækslu verðbréfamiðstöðvar og/eða greiðslujöfnunarkerfis („clearing") fyrir verðbréf.

31. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn þingsins skulu undirrita yfirlýsingu þar sem þeir heita þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptaaðila þingsins, málefni þingsins sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli málsins, nema skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt eða dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þinginu heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld hér á landi og erlendis er varða eftirlit með verðbréfaviðskiptum.

32. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands að fengnu samþykki ráðherra og öðlast gildi 1. febrúar 1992. Þann dag falla jafnframt úr gildi reglur nr. 166 frá 4. apríl 1990 um Verðbréfaþing Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi síðar en fyrir árslok 1993. Skal þá að því stefnt að fulltrúi minni fjárfesta verði tilnefndur með öðrum hætti en segir í 3. gr.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 5. gr. skal val stjórnar árið 1992 fara fram á tímabilinu 15. júní til og með 30. júní 1992. Sé stjórn ekki fullskipuð hinn 1. júlí 1992 á þann hátt er 1. mgr. 3. gr. ákveður, skal viðskiptaráðherra skipa þá sem á vantar. Núverandi stjórn þingsins skal starfa áfram þar til ný hefur verið valin.

III.

Seðlabanki Íslands veitir Verðbréfaþingi Íslands og stjórn þess nauðsynlega starfsaðstöðu í samráði við stjórnina uns þingið flytur í aðsetur utan bankans.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði í 11. gr. um að umsókn um skráningu verðbréfa skuli berast frá þingaðila, er stjórn þingsins heimilt, fram til 1. júlí 1992, að taka við umsóknum um skráningu hlutabréfa beint frá útgefanda þeirra, enda sé áætlað markaðsverðmæti hlutabréfa þess útgefanda minnst 1 milljarður króna.

Seðlabanki Íslands.
Reykjavík, 16. janúar 1992.
Jóhannes Nordal. *Tómas Árnason.* *Birgir Ísl. Gunnarsson.*

Reglur þessar staðfestast hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 21. janúar 1992.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Stofnun:	Starf:
Menntamálaráðuneyti.	
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	
Framleiðsla og dreifing lyfja (5):	Deildarstjóri (dýralæknir)
	Rannsóknarmenn/meinatæknar (2)
	Fulltrúi við afgreiðslu
	Skrifstofustjóri
Frumurækt (2):	Rannsóknarmenn/meinatæknar
Störf við umhirðu dýra (4):	Umsjónarmaður (bústjóri)
	Rannsóknarmenn (3)
Stofnun Árna Magnússonar	Næturverðir
Öskjuhlíðarskóli, fjölskylduheimili	Starfsmenn við sólarhringsvistun
Meðferðarheimilið Tindar	Starfsmenn við sólarhringsvistun
Unglingaheimili ríkisins	Starfsmenn við sólarhringsvistun
Safnahúsið við Hverfisgötu	Húsvörður
Ríkisútvarp	Næturverðir
	Símaverðir
	Umsjónarmenn
	Útvarpsþulir
	Útsendingarstjóri
	Yfirverkfræðingur
Utanríkisráðuneyti.	
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	Flugumferðarstjórar
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	Umsjónarmaður
	Öryggisverðir
Landbúnaðarráðuneyti.	
Bændaskólinn á Hólum	Fjárhirðir
	Loðdýrahirðir
Bændaskólinn á Hvanneyri	Fjósameistari
	Refahirðir
Laxeldisstöðin Kollafirði	Stöðvarstjóri, eldismenn
Sjávarútvegsráðuneyti.	
Hafrannsóknastofnunin	Stöðvarstjóri tilraunastöðvar í fiskeldi
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.	
Almannavarnir	Fulltrúi og aðrir starfsmenn
Félagsmálaráðuneyti.	
Málefni fatlaðra, sambýli, vistheimili, þjón.miðstöðvar og meðferðarheimili	Starfsmenn við sólarhringsvistun

Stofnun:	Starf:
Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	Starfsmenn við sólarhringsvistun
Styrktarfélag vangefinna sambýli og vistheimili	Starfsmenn við sólarhringsvistun
Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ	Starfsmenn við sólarhringsvistun
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	Starfsmenn við sólarhringsvistun
Vinnueftirlit ríkisins	Umdæmisstjórar

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Sjúkrahúsið Akranesi	Eftirtalin störf/starfsemi skulu vera með venjubundnum hætti, nema annað sé tekið fram: Hjúkrunarforstjóri Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkrunarforstjóri starfi aðeins (1) á hverri vakt á deildum Yfirlæknar Fæðingargangur að hálfu Handlækningadeild að hálfu Hjúkrunar- og endurhæfingardeild Lyflækningadeild að hálfu Aðalskiptiborð Eldhús að hálfu Húsvarsla Ræstingastjóri (1) Sjúklingabókhald (1) Þvottahús að hálfu Eftirtalin störf/starfsemi séu eins og á stórhátíð: Aðrir læknar en yfirlæknar Rannsóknarstofa Sjúkraþjálfun Skurðstofur og svæfing Slysastofa og röntgen Sótthreinsun
Sjúkrahúsið Patreksfirði	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti með eftirfarandi undantekningum: Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkr.forstjóri starfi aðeins (1) á hverri vakt á deildum Aðrir læknar en yfirlæknir, meinatæknar og sjúkraþjálfarar starfi eins og á stórhátíð
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	Eftirtalin störf/starfsemi skulu vera með venjubundnum hætti, nema annað sé tekið fram: Hjúkrunarforstjóri Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkrunarforstjóri starfi aðeins (1) á hverri vakt á deildum Ljósmóðir (1) Sjúkraliðar (8) Yfirlæknar Aðstoðarmatráðskona (1)

Stofnun:	Starf:
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði, framh.	Húsvarsla Matreiðslumeistari Ræsting og þvottar Símavarsla Eftirtalin störf/starfsemi séu eins og á stórhátíð: Aðrir læknar en yfirlæknar Rannsóknarstofa Sjúkraþjálfun Skurðstofa og svæfing Slysastofa og röntgen Sótthreinsun
Héraðshæli A-Húnvetninga, Blönduósi	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti með eftirfarandi undantekningum: Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkrunarforstjóri starfi aðeins (1) á hverri vakt á deildum Sjúkraliðar starfi að ⅓ hluta Aðrir læknar en yfirlæknir, meinatæknar og sjúkraþjálfarar starfi eins og á stórhátíð starfi eins og vant er
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti með eftirfarandi undantekningum: Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkrunarforstjóri starfi aðeins (1) á hverri vakt á deildum Eftirtalin störf/starfsemi séu eins og á stórhátíð: Aðrir læknar en yfirlæknar Meinatæknar Sjúkraþjálfun Skurðstofa og svæfing Slysastofa og röntgen
Sjúkrahúsið Siglufirði	Eftirtalin störf/starfsemi skulu vera með venjubundnum hætti, nema annað sé tekið fram: Hjúkrunarforstjóri Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkrunarforstjóri starfi aðeins (1) á hverri vakt á deildum Ljósmæður (1,4 stg.) Sjúkraliðar eða ófagl.starfsmenn (8,4 stg.) Yfirlæknir Eldhús Húsvarsla og viðgerðaumsjón Ræsting og þvottar Símavarsla Eftirtalin störf/starfsemi séu eins og á stórhátíð: Aðrir læknar en yfirlæknar Rannsóknarstofa Sjúkraþjálfun Skurðstofa og svæfing Slysastofa og röntgen Sótthreinsun

Stofnun:	Starf:
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	
Á þeim deildum FSA þar sem staðnar eru vaktir, gildir neðangreindur listi fyrir hverja vakt.	
Aðalskrifstofa:	Launafulltrúi
	Skrifstofumaður
	Tölvunarfræðingur
Hjúkrunarstjórn:	Hjúkrunarforstjóri
Innritun sjúklinga:	Starfsmaður (1)
Augndeild:	Bráðamóttaka
Barnadeild:	Hjúkrunarfræðingur (1)
(bráðamóttaka)	Hjúkrunarfræðingur (1) á bakvakt
	Læknir (1)
	Sjúkraliði (1)
Blóðbanki:	Bakvakt (þó ekki hjúkrunarfræðingur)
Fæðinga- og kvensjúkdómadeild:	Ljósmóðir (1)
	Ljósmóðir á bakvakt (1)
	Læknaritari (1)
	Læknir (1)
	Sjúkraliðar (2)
Geðdeild, bráðadeild:	Hjúkrunarfræðingur (1)
	Læknir (1)
	Sjúkraliði eða gæslumaður (1)
Geðdeild, langlegudeild:	Gæslumaður (1)
Gjörgæsludeild:	Hjúkrunarfræðingur (1)
	Hjúkrunarfræðingur (1) á bakvakt
	Læknir (1)
	Sjúkraliðar (2)
Handlækninga- og bækl.deildir:	Hjúkrunarfræðingur (1)
(samrekstur H- og O-deilda)	Hjúkrunarfræðingur (1) á bakvakt
	Læknaritari (1)
	Læknir (1)
	Læknir á bakvakt (1)
	Sjúkraliðar (3)
Hjúkrunardeildin Sel:	Óbreytt starfsemi, þó aðeins 1 hjúkrunarfræðingur á hverri vakt
HNE-deild:	Bráðamóttaka (hjúkrunarfræðingur starfar þó ekki)
Langlegudeild/B-deild:	Óbreytt starfsemi, þó aðeins 1 hjúkrunarfræðingur á hverri vakt
Lyflækningadeild:	Hjúkrunarfræðingur (1)
(bráðamóttaka)	Hjúkrunarfræðingur(1) á bakvakt
(samrekstur L-I og L-II)	Læknaritari (1)
	Læknir (1)
	Læknir á bakvakt (1)
	Sjúkraliðar (3)
Meinafræðideild:	Yfirlæknir
	Meinatæknir (1)

Stofnun:	Starf:
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri, framh.	
Rannsóknadeild:	Yfirlæknir
	Bakvakt annars starfsfólks
Röntgendeild:	Bakvakt
Skurðdeild:	Bakvakt
Slysadeild:	Óbreytt starfsemi til móttöku bráðveikra sjúklinga
Sótthreinsun:	Deildarstjóri á bakvakt
Speglun:	Hjúkrunarfræðingur (1) á bakvakt
Svæfingadeild:	Bakvakt, þ.m.t. hjúkrunarfræðingur (1)
Heila- og hjartaritadeild:	Starfsmaður (1)
Aðallager:	Birgðavörður (1)
Barnaheimili:	Forstöðumaður
	Fóstra/starfsmaður (1)
Eldhús:	⅔ hlutar starfsmanna
Flutningamenn:	Óbreytt starfsemi
Ræsting:	Ræstingarstjóri
Símavarsla:	Óbreytt starfsemi
Skóladagheimili:	Forstöðumaður
	Fóstra/starfsmaður (1)
Trésmíðaverkstæði:	Starfsmaður (1)
Tækjastöð:	Starfsmaður (1)
Tæknideild:	Tæknimenn (2)
Þvottahús:	⅔ hlutar starfsmanna
Sjúkrahúsið Húsavík	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti með eftirfarandi undantekningum:
	Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkrunarforstjóri starfi aðeins (1) á hverri vakt á deildum
	Sjúkraliðar, helmingur þeirra sé við störf
	Símavörður, læknaritari og tæknimaður starfi ekki
	Eftirtalin störf/starfsemi séu eins og á stórhátíð:
	Aðrir læknar en yfirlæknar
	Ljósmæður
	Meinatæknar
	Sjúkraþjálfun
	Skurðstofa og svæfing
	Slysastofa og röntgen
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti með eftirfarandi undantekningum:
	Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkrunarforstjóri starfi aðeins (1) á hverri vakt á deildum
	Aðrir læknar en yfirlæknir, meinatæknar og sjúkraþjálfarar starfi eins og á stórhátíð
Fjórð.sjúkrahúsið Neskaupstað	Eftirtalin störf/starfsemi skulu vera með venjubundnum hætti, nema annað sé tekið fram:
	Hjúkrunarforstjóri
	Hjúkrunarfræðingur (1) á hverri vakt á deildum

Stofnun:	Starf:
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað, framh.	
	Yfirlæknar
	Aðalskiptiborð
	Eldhús
	Húsvarsla (1)
	Ræsting
	Þvottahús
Sjúkradeild:	Sjúkraliðar (9)
Fæðingardeild:	Ljósmóðir (1)
Elliheimili:	Starfsmaður (1)
	Eftirtalin störf/starfsemi séu eins og á stórhátíð:
	Aðrir læknar en yfirlæknar
	Rannsóknarstofa
	Sjúkraþjálfun
	Skurðstofa og sæfing
	Slysastofa og röntgen
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti með eftirfarandi undantekningum:
	Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkrunarforstjóri starfi aðeins (1) á hverri vakt á deildum
	Aðrir læknar en yfirlæknir, meinatæknar og sjúkraþjálfarar starfi eins og á stórhátíð
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	Hjúkrunarforstjóri
	Yfirlæknar
	Hjúkrunarfræðingur (1) á hverri vakt á deildum
	Læknaritari (1) á bakvakt
	Símavörður/móttökuritari (1)
	Yfirmatreiðslumaður
Sjúkradeild við Árveg:	Ljósmæður (4,9 stg.)
	Sjúkraliðar (9 stg.)
Öldrunardeild Ljósheimar:	Óbreytt starfsemi þó aðeins 1 hjúkrunarfræðingur á hverri vakt
	Eftirtalin störf/starfsemi séu eins og á stórhátíð:
	Aðrir læknar en yfirlæknar
	Meinatæknar
	Sjúkraþjálfun
	Skurðstofa og sæfing
	Slysastofa og röntgen
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti með eftirfarandi undantekningum:
	Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkrunarforstjóri starfi aðeins (1) á hverri vakt á deildum
	Sjúkraliðar/ófaglærðir starfsmenn á deildum, helmingur séu við störf
	Eldhús starfi að hálfu

Stofnun:	Starf:
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum, framh.	
	Þvottar og ræsting starfi að ⅔
	Saumastofa lokuð
	Eftirtalin störf/starfsemi séu eins og á stórhátíð:
	Aðrir læknar en yfirlæknar
	Meinatæknar
	Sjúkraþjálfun
	Skurðstofa og svæfing
	Slysastofa og röntgen
Sjúkrahúsið Keflavík	Eftirtalin störf/starfsemi skulu vera með venjubundnum hætti, nema annað sé tekið fram:
	Hjúkrunarforstjóri
	Hjúkrunarfræðingur (1) á hverri vakt á deildum
	Yfirlæknir
	Eldhús
	Húsvarsla (1)
	Ræsting
	Skiptiborð (4,2 stg.)
	Þvottahús
Almenn deild:	Sjúkraliðar (8,4 stg.)
Fæðingardeild:	Ljósmæður (4,2 stg.)
	Eftirtalin störf/starfsemi séu eins og á stórhátíð:
	Aðrir læknar en yfirlæknar
	Rannsóknarstofa
	Skurðstofa og svæfing
	Slysastofa og röntgen
	Sótthreinsun
Sólvangur, Hafnarfirði	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti með eftirfarandi undantekningum:
	Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkrunarforstjóri starfi aðeins (1) á hverri vakt á deildum
	Bókhald, föndurstofa og saumastofa lokað
	Aðrir læknar en yfirlæknir, meinatæknar og sjúkraþjálfarar starfi eins og á stórhátíð
Ríkisspítalar	Yfirlæknar, sem eru framkvæmdastjórar sviða
	Hjúkrunarforstjórar
Vífilsstaðir:	Hjúkrunarframkvæmdastjóri
Barna- og unglingageðdeild:	Hjúkrunarframkvæmdastjóri
Launadeild:	Starfsmannastjóri/staðgengill hans
	Deildarstjóri
Tölvudeild:	3 starfsmenn
Bráðadeildir, allir starfsmenn nema annað sé tekið fram, þó ekki félagsráðgjafar, iðjuþjálfar, sálfræðingar og sjúkraþjálfarar:	
Gjörgæsludeild, gæsluskáli þó lokaður	
Vökudeildir (2)	

Stofnun:	Starf:
Ríkisspítalar, framh.	
Fæðingargangur, 23A	
Bráðamóttaka, 10D	Vegna bráðveikra sjúklinga
Skurðstofa:	Sjúkraliði
	Skurðhjúkrunarfræðingar (4)
	Svæfingahjúkrunafræðingar (2)
Bráðamóttökudeildir geðdeilda (3), ein deild á hverri skor	
Bráðamóttaka á göngudeild geðdeildar, vegna bráðveikra sjúklinga	
Blóðskilunardeild, 13B	
Göngudeild á krabbameinslækningadeild 10K, 21B og 12E	
(á 12E er þó eingöngu veitt göngudeildarþjónusta við krabbameinssjúk börn)	
Meðferðardeildir, allir starfsmenn nema annað sé tekið fram, þó ekki félagsráðgjafar, iðjuþjálfar, sálfræðingar og sjúkraþjálfarar:	
Lyflækningadeildir (2), þ.e. hjartadeild, 14E, og ein önnur lyflækningadeild	
Handlækningadeildir (2)	
Barnadeild, 13E, þó ekki fóstrur	
Legudeildir geðdeildar: 14, 15, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29 og Laugarás	
Barna- og unglingageðdeild, 8 rúm	
Lungnadeild á Vífilsstöðum	
Öldrunarlækningadeildir (2) í Hátúni	
Kristnesspítali	
Hjúkrunardeild (öldrunardeild), Vífilsstöðum	
Kópavogshæli	
Krabbameinslækningadeild, 11E, allur gangurinn fyrir krabbameinssjúklinga, þ.e. að undanskildum þeim 7 rúmum sem tilheyra almennu lyflækningasviði	
Kvensjúkdómadeild, 21A (onc), fyrir krabbameinssjúkar konur	
Sængurkvennadeildir (2), þ.e. 22A og 22B	
Á rannsóknarstofum og á Blóðbanka verði starfað eins og á stórhátíðarvakt, þó með þeirri viðbót sem merkt er „umfram vakt“:	
Rannsóknarstofa í meinafræði (RH):	
A. Litningarannsóknir:	Meinatæknir/náttúrufræðingur (1)
B. Réttarlæknisfræði:	Aðstoðarmaður (1)
Rannsóknarstofa í vefjafræði:	Meinatæknar (2)
	Rannsóknarmaður (tölvur) (umfram vakt)
	Skrifstofumenn (2) (umfram vakt)
Rannsóknardeild I-II á Lsp.:	Meinatæknar (4) á dagvakt
	Meinatæknir (1) á kvöld- og næturvakt
	Auk þess útköll á lyfjavakt:
	Meinatæknir (1) (umfram vakt)
Ísótópastofa:	Meinatæknir (1)
	Sérfræðingur (eðlisfræðingur) (1)
Sýklarannsóknadeild:	Meinatæknir (1)
	Starfsmaður í ætagerð (1) (umfram vakt)
Ónæmisfræðideild:	Meinatæknir (1)
Veirufræðirannsóknir:	Meinatæknir/náttúrufræðingur (1)
Blóðbankinn:	
Blóðónæmisdeild:	Náttúrufræðingar (2)
Eyðnipróf:	Náttúrufræðingur (1) (umfram vakt)

Stofnun:	Starf:
Ríkisspítalar, framh.	
Blóðtökudeild:	Hjúkrunarfræðingur/meinatæknir (2) (annar umfram vakt)
	Ritari á blóðtökudeild
Endurhæfingardeild, starfi eins á stórhátíð	
Röntgendeild:	Aðstoðarmenn (5)
	Röntgentæknar (4)
Annað:	Símaverðir
Eldhús:	Aðstoðaryfirmatráðskonur
	Forstöðumaður eldhúss Landspítala
	Yfirmatráðskonur
Vakt- og flutningadeild:	Óbreytt starfsemi
Ketilhús:	Yfirvélstjóri
Tæknideild: á Landspítala:	Starfsmenn (5)
á Kristnesspítala:	Starfsmaður (1)
Eðlisfræði- og tæknideild:	Rafeindatæknar (2)
	Verkfræðingar (2)
Upplýsingar:	Óbreytt starfsemi
Þvottahús:	Aðstoðarforstöðumaður
	Aðstoðarmenn (2)
	Forstöðumaður
	Vélstjóri
Sótthreinsunardeild/dauðhreinsun:	Aðstoðarmenn (allir)
	Hjúkrunarfræðingur
	Sjúkraliðar (allir)
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	Eftirtalin störf/starfsemi skulu vera með venjubundnum hætti, nema annað sé tekið fram:
	Hjúkrunarforstjóri
	Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkrunarforstjóri starfi aðeins (1) á hverri vakt á deildum
	Handlæknisdeild, 8 sjúkrarúm (30%)
	Lyflæknisdeild, 18 sjúkrarúm (60%)
	Eldhús að hálfu
	Húsvarsla
	Ræstingastjóri
	Símavarsla
	Símavarsla á göngudeild að hálfu
	Sjúklingabókhald, ritarar að hálfu
	Fæðingagangur að hálfu
	Þvottahús að hálfu
	Eftirtalin störf/starfsemi séu eins og á stórhátíð:
	Rannsóknarstofa
	Röntgendeild
	Skurðstofur og svæfing
	Sótthreinsun
	Speglunardeild (göngudeild)

Stofnun:	Starf:
Sjúkrahús Hvammstanga	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti með eftirfarandi undantekningum: Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkrunarforstjóri starfi aðeins (1) á hverri vakt á deildum Sjúkraliðar starfi að ⅓ hluta Aðrir læknar en yfirlæknir, meinatæknar og sjúkraþjálfarar starfi eins og á stórhátíð
Sjúkrahús Bolungarvíkur	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti með eftirfarandi undantekningum: Hjúkrunarfræðingar aðrir en hjúkrunarforstjóri starfi aðeins (1) á hverri vakt á deildum Aðrir læknar en yfirlæknir, meinatæknar og sjúkraþjálfarar starfi eins og á stórhátíð
Sjúkraskýlið Hólmavík	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti
Sjúkraskýlið Þingeyri	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti
Vistheimilið Sogni	Starfsmenn við sólarhringsvistun
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	Hjúkrunarforstjóri Yfirlæknar Símavarsla á aðalskiptiborði
Heimahjúkrun: (eingöngu neyðarþjónusta)	Hjúkrunarframkvæmdastjóri Hjúkrunarfræðingar (4) Sjúkraliðar (4)
Húð- og kynsjúkdómadeild: Mæðradeild:	Læknir (1) á bakvakt Ljósmóðir (1)
Heilsugæslustöðin á Akreyri	Hjúkrunarforstjóri Móttökuritari (1) Yfirlæknir
Heimahjúkrun:	Deildarstjóri Sjúkraliði
Mæðradeild:	Deildarstjóri
Heilsugæslustöðvar, H2-stöðvar aðrar en á Akureyri	Hjúkrunarforstjórar Móttökuritarar, 1,0 stg. á hverri stöð Yfirlæknar
Heilsugæslustöðvar, H1-stöðvar	Læknar Hjúkrunarfræðingur/ljósmóðir, þar sem læknisstaða er ósetin Móttökuritarar, 1,0 stg. á hverri stöð
Heilsugæslustöðvar, H-stöðvar	Hjúkrunarfræðingur/ljósmóðir Móttökuritarar, 1,0 stg. á hverri stöð
Fjármálaráðuneyti.	
ÁTVR	Næturverðir Umsjónarmenn
Lyfjaverslun ríkisins	Starfsmenn við afgreiðslu lyfja
Húseignin Borgartún 7	Næturverðir Umsjónarmaður

Stofnun:	Starf:
Samgönguráðuneyti.	
Vegagerð ríkisins	Deildarstjóri launadeildar
	Rekstrarstjórar
	Starfsmannastjóri
	Vegaeftirlitsmenn (3)
Vitastofnun	Vitaverðir
Flugmálastjórn	Aðstoðarmenn í flugstjórn
	Deildarstjóri flugprófunardeildar
	Deildarstjóri flugrekstrardeildar
	Deildarstjóri loftferðaeftirlits
	Deildarstjóri radíódeildar
	Eftirlitsmaður flugöryggistækja
	Eftirlitsmaður vinnuvéla
	Flugradíómenn
	Flugumferðarstjórar
	Flugvallaeftirlitsmenn
	Flugvallaverðir
	Framkvæmdastjóri loftferðaeftirlits
	Radíóeftirlitsmenn
	Raftæknifulltrúar
	Slökkviliðsmenn
	Umdæmisstjórar
	Verkstjóri eftirlitsmanna
	Yfirverkstjóri
Póst- og símamálastofnunin	
Póst- og símamálastjóri:	Skrifstofustjóri
	Aðalendurskoðandi
	Blaða- og upplýsingafulltrúi
Fjármálasvið:	Aðstoðarframkvæmdastjóri
	Aðalgjaldkeri
	Birgðastjóri
Fjarskiptasvið:	Aðstoðarframkvæmdastjóri
	Yfirverkfræðingar II og III
	Yfirtæknifræðingur II, fjölsímadeild
	Deildarstjóri (tæknifræðingur), fjölsímadeild
	Starfsmenn mælistofu landssímans
	Starfsmenn jarðstöðvarinnar Skyggnis og tengdra jarðstöðva
	Yfirdeildarstjóri ljósleiðaradeildar
	Símaverkstjóri ljósleiðaradeildar (1)
	Rafeindavirkjaverkstjóri sjálfvirkra stöðva
	Yfirdeildarstjóri, línur
	Yfirtæknifræðingur II, radíódreifistöðvar
	Yfirdeildarstjóri radíódreifistöðva
	Yfirtæknifræðingur II, radíósendistöðvar
	Yfirdeildarstjóri radíósendistöðva
	Yfirdeildarstjóri sjálfvirkra stöðva
	Yfirtæknifræðingur I (vegna ICAO-búnaðar)

Stofnun:	Starf:
Póst- og símamálastofnunin, framh.	
Umsýslusvið:	Deildarstjóri fasteignadeildar
	Umsjónarmenn húsa
	Deildarstjóri launadeildar
	Forstöðumaður starfsmannadeildar
	Kerfisfræðingur rekstrardeildar
	(tölvuþjónustudeildar)
Póstmálasvið:	Forstöðumaður póstgíró
	Póstmálafulltrúi
Umdæmi I:	Stöðvarstjórar
	Svæðisumsjónarmenn
	Starfsmenn strandarstöðvar í Vestmanna-eyjum
	Starfsmenn lóranstöðvar á Gufuskálum
	Starfsmenn lóraneftirlitsstöðvar á Keflavíkurflugvelli
	Starfsmenn radíóflugþjónustu og strandarstöðvar í Gufunesi
	Starfsmaður útvarpsstöðvarinnar á Vatnsenda
	Starfsmenn sendistöðvarinnar á Rjúpnahæð
	Umdæmistæknifræðingur (deildarstjóri III)
Umdæmi II:	Stöðvarstjórar
	Svæðisumsjónarmaður
	Starfsmenn strandarstöðvar á Ísafirði
	Umdæmistæknifræðingur (deildarstjóri III)
	Varðstjóri við talsímaafgreiðslu á Ísafirði
Umdæmi III:	Stöðvarstjórar
	Svæðisumsjónarmenn
	Starfsmenn strandarstöðvar á Siglufirði
	Umdæmistæknifræðingur (deildarstjóri III)
	Varðstjóri við talsímaafgreiðslu á Akureyri
	Umsjónarmaður húseigna
Umdæmi IV:	Stöðvarstjórar
	Svæðisumsjónarmaður
	Starfsmenn strandarstöðvar í Neskaupstað
	Starfsmenn strandarstöðvar á Höfn
	Umdæmistæknifræðingur (deildarstjóri III)
	Varðstjóri við talsímaafgreiðslu á Egilsstöðum
Umdæmi V:	Deildarstjóri, eftirlit og viðgerðir
	Næturverðir sjálfvirkra símstöðva (3)
	Rafeindavirkjaverkstj. sjálfvirkra símst. (AXE)
	Rafeindavirkjaverkstjóri sjálfvirkra símstöðva (útl. símst.)
	Ritsímaritari (1)

Stofnun:	Starf:
Póst- og símamálastofnunin, framh.	
	Talsímaverðir langlínu, 1 á hverri vakt
	Talsímaverðir talsambands, 1 á hverri vakt
	Tæknirekstrarstjóri
	Yfirdeildarstjóri bilanadeildar
	Yfirdeildarstjóri jarðsíma- og loftlínudeildar
	Forstöðumaður ritsíma
	Yfirdeildarstjóri/yfirvarðstjóri/yfirumsjónarmaður ritsíma, 1 á hverri vakt
	Yfirdeildarstjóri sjálfvirkra símstöðva
	Yfirvarðstjórar talsambands (2)
	Yfirumsjónarmenn langlínu (2)
Umdæmi VI:	Stöðvarstjórar
	Yfirdeildarstjóri böggladeildar
Iðnaðarráðuneyti.	
Rafmagnsveitur ríkisins	Rafveitustjórar 3
	Rafveitustjórar 2
	Rafveitustjórar 1
	Símaverðir í Reykjavík og umdæmum
	Veitugæsla, Akureyri
	Vélgæslumenn virkjana
Umhverfisráðuneyti.	
Veiðistjóri	Dýrahirðir
Veðurstofa Íslands	Háloftamenn, Keflavíkurflugvelli
	Veðurathugunarmenn á Hveravöllum
	Veðurspádeild starfi með venjubundnum hætti
	Yfirdeildarstjóri tölvudeildar

Auglýsing þessi tekur gildi 15. febrúar 1992.

Fjármálaráðuneytið, 23. janúar 1992.

Friðrik Sophusson.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um lista yfir þá forstöðumenn stofnana og staðgengla þeirra, sem óheimilt er að gera verkfall, skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986 og lög nr. 45/1991 um breyting á þeim, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stofnun:	Staða:
Forsætisráðuneyti.	
Þjóðhagsstofnun	Forstjóri
	Aðstoðarforstjóri
Húsameistari ríkisins	Húsameistari ríkisins
	Skrifstofustjóri
Menntamálaráðuneyti.	
Háskóli Íslands	Háskólaritari
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	Forstöðumaður
Háskólinn á Akureyri	Rektor
Kennaraháskóli Íslands	Aðstoðarrektor
Rannsóknaráð ríkisins	Framkvæmdastjóri
Mennta-, fjölbrauta-, verkmennta- og aðrir framhaldsskólar	Rektorar, skólameistarar, skólastjórar (til starfa annarra en kennslu)
	Aðstoðarskólameistarar, yfirkennarar (til starfa annarra en kennslu)
Námsgagnastofnun	Forstjóri
	Fjármálastjóri
Íþróttakennaraskóli Íslands	Skólameistari
Grunnskólar	Skólastjórar (til starfa annarra en kennslu)
	Yfirkennarar (til starfa annarra en kennslu)
Fræðsluskrifstofur	Fræðslustjórar
Sérskólar	Skólastjórar (til starfa annarra en kennslu)
	Yfirkennarar (til starfa annarra en kennslu)
Barnaverndarráð Íslands	Framkvæmdastjóri
Unglingaheimili ríkisins	Forstöðumaður
Blindrabókasafn Íslands	Forstöðumaður
Lánasjóður íslenskra námsmanna	Framkvæmdastjóri
Ríkisútvarp	Útvarpsstjóri
	Fjármálastjóri
Utanríkisráðuneyti.	
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	Aðalfulltrúi
Fríhöfnin	Framkvæmdastjóri
	Skrifstofustjóri
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	Flugvallarstjóri
	Skrifstofustjóri

Stofnun:	Staða:
Landbúnaðarráðuneyti.	
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	Forstjóri
	Aðstoðarforstjóri
Tilraunastöðvar RALA	Tilraunastjórar/bústjórar
Skógrækt ríkisins	Skógræktarstjóri
Landgræðsla ríkisins	Landgræðslustjóri
Sauðfjárveikivarnir	Framkvæmdastjóri
Veiðimálastofnunin	Veiðimálastjóri
Landbúnaðarskólar	Skólastjórar
	(til starfa annarra en kennslu)
	Yfirkennarar
	(til starfa annarra en kennslu)
Garðyrkjuskóli ríkisins	Skólameistari
	(til starfa annarra en kennslu)
	Yfirkennari
	(til starfa annarra en kennslu)
Áburðarverksmiðja ríkisins	Forstjórar
Einangrunarstöð í Hrísey	Framkvæmdastjóri
	Bústjóri
Sjávarútvegsráðuneyti.	
Hafrannsóknastofnun	Forstjóri
	Aðstoðarforstjórar
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	Forstjóri
	Yfirverkfræðingur, staðg. forstj.
Ríkismat sjávarafurða	Fiskmatsstjóri
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	Forstöðumaður
	Skrifstofustjóri
Síldarverksmiðjur ríkisins	Framkvæmdastjóri
	Skrifstofustjóri
	Verksmiðjustjórar
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.	
Rannsóknarlögregla ríkisins	Vararannsóknarlögreglustjóri
Almannavarnir ríkisins	Framkvæmdastjóri
Bæjarfógetar	Aðalfulltrúar
Sýslumenn	Aðalfulltrúar
Fangelsismálastofnun	Forstjóri
Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	Forstöðumaður
Fangelsið Litla-Hrauni	Forstöðumaður
	Yfirfangavörður
Fangelsið Kvíabryggju	Forstöðumaður
Félagsmálaráðuneyti.	
Málefni fatlaðra, svæðisstjórnir	Framkvæmdastjórar svæðisstjórna
Málefni fatlaðra, sambýli, vistheimili,	Forstöðumenn
þjónustumiðstöðvar og meðferðarheimili	Aðstoðarforstöðumenn
Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	Forstöðumenn

Stofnun:	Staða:
Styrktarfélag vangefinna	Forstöðumenn
sambýli og vistheimili	Aðstoðarforstöðumenn
Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ	Forstöðumaður
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	Forstöðumaður
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Forstöðumaður
	Framkvæmdastjóri
Brunamálastofnun ríkisins	Brunamálastjóri
Vinnueftirlit ríkisins	Forstjóri
Byggingarsjóður ríkisins	Framkvæmdastjóri
	Aðstoðarframkvæmdastjóri
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.	
Tryggingastofnun ríkisins	Forstjóri
	Skrifstofustjóri
Landlæknisembættið	Aðstoðarlandlæknir
Embætti héraðslækna	Héraðslæknar
	Aðstoðarhéraðslæknir í Reykjavík
Tryggingaeftirlitið	Forstöðumaður
	Skrifstofustjóri
Heyrnar- og talmeinastöð	Forstöðumaður
	Yfirheyrnar- og talmeinafræðingur
Hollustuvernd ríkisins	Framkvæmdastjóri
Sjónstöð Íslands	Forstöðumaður
Geislavarnir ríkisins	Forstöðumaður
Sjúkrahúsið Akranesi	Framkvæmdastjóri
	Skrifstofustjóri
Sjúkrahúsið Patreksfirði	Framkvæmdastjóri
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	Framkvæmdastjóri
	Fulltrúi framkvæmdastjóra
Héraðshæli A-Húnvetninga, Blönduósi	Framkvæmdastjóri
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	Framkvæmdastjóri
Sjúkrahúsið Siglufirði	Framkvæmdastjóri
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	Framkvæmdastjóri
	Skrifstofustjóri
Sjúkrahúsið Húsavík	Framkvæmdastjóri
	Fulltrúi framkvæmdastjóra
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	Framkvæmdastjóri
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	Framkvæmdastjóri
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	Framkvæmdastjóri
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	Framkvæmdastjóri
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	Framkvæmdastjóri
Sjúkrahúsið Keflavík	Framkvæmdastjóri
Sólvangur, Hafnarfirði	Forstjóri
	Skrifstofustjóri
Ríkisspítalar	Framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs
	Framkvæmdastjóri tæknisviðs

Stofnun:	Staða:
Gæsluvistarhælið Gunnarsholti	Forstöðumaður
	Aðstoðarforstöðumaður
Kópavogshælið	Framkvæmdastjóri
Kristnesspítali	Framkvæmdastjóri
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	Framkvæmdastjóri
	Skrifstofustjóri
Sjúkrahús Hvammstanga	Framkvæmdastjóri
Sjúkrahús Bolungarvíkur	Framkvæmdastjóri
Sjúkraskýlið Hólmavík	Framkvæmdastjóri
Sjúkraskýlið Þingeyri	Framkvæmdastjóri
Vistheimilið Sogni	Forstöðumaður
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	Framkvæmdastjóri
	Skrifstofustjóri
Heilsugæslustöðvar	Framkvæmdastjórar
Skólar heilbrigðisstétta	Skólastjórar
	(til starfa annarra en kennslu)
	Yfirkennarar
	(til starfa annarra en kennslu)
Fjármálaráðuneyti.	
Ríkisskattstjóri	Vararíkisskattstjóri
Skattstofur	Skattstjórar
	Skrifstofustjórar
Ríkistollstjóri	Skrifstofustjóri
Tollstjórinn í Reykjavík	Skrifstofustjóri
Tollgæslan í Reykjavík	Skrifstofustjóri
Fasteignamat ríkisins	Forstjóri
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	Forstöðumaður
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Forstjóri
	Aðstoðarforstjóri
Lyfjaverslun ríkisins	Lyfsölustjóri
Innkaupastofnun ríkisins	Forstjóri
	Skrifstofustjóri
Samgönguráðuneyti.	
Vegagerð ríkisins	Aðstoðarvegamálastjóri
Vita- og hafnamálaskrifstofan	Vita- og hafnamálastjóri
	Forstöðumaður tæknideildar
Vitastofnun Íslands	Forstöðumaður
Siglingamálastofnun ríkisins	Siglingamálastjóri
	Forstöðumaður skrifstofusviðs
Rannsóknanefnd sjóslysa	Framkvæmdastjóri
Flugmálastjórn	Varaflugmálastjóri
Póst- og símamálastofnunin	Aðst. póst- og símamálastjóri
	Framkvæmdastjórar
	Umdæmisstjórar
Skipaútgerð ríkisins	Forstjóri
	Framkvæmdastjóri tæknisviðs

Stofnun:	Staða:
Iðnaðarráðuneyti.	
Einkaleyfastofan	Forstöðumaður
Iðntæknistofnun Íslands	Forstjóri
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	Forstjóri
	Aðstoðarforstjóri
Rafmagnseftirlit ríkisins	Rafmagnseftirlitsstjóri
Sementsverksmiðja ríkisins	Forstjórar
Rafmagnsveitur ríkisins	Forstöðumaður fjármálasviðs
	Forstöðumaður tæknisviðs
Viðskiptaráðuneyti.	
Löggildingarstofan	Forstöðumaður
Umhverfisráðuneyti.	
Náttúruverndarráð	Framkvæmdastjóri
Veiðistjóri	Veiðistjóri
Skipulagsstjóri ríkisins	Skipulagsstjóri
Náttúrufræðistofnun Íslands	Forstöðumaður
Veðurstofa Íslands	Veðurstofustjóri

Auglýsing þessi tekur gildi 1. febrúar 1992.

Fjármálaráðuneytið, 23. janúar 1992.

Friðrik Sophusson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 29 13. janúar 1992

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 13. janúar staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar sem staðfest var 8. desember 1982.

Breytingin er fólgin í því að felld er niður tenging Hólshrauns við fyrirhugaða tengibraut norðan svæðisins og breytt landnotkun norðan Hólshrauns úr verslun og þjónustu í þjónustu-, verslunar- og iðnaðarsvæði.

Breyting þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Umhverfisráðuneytið, 13. janúar 1992.

F. h. r.
Páll Líndal

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Rétt til grásleppuveiða eiga þeir bátar er leyfi fengu á vertíð 1991 samkvæmt reglugerð nr. 474 2. desember 1990. Óheimilt er að veita grásleppuleyfi til báta sem eru stærri en 12 brl., hafi þeir ekki stundað veiðar á næstu grásleppuvertíð á undan. Ráðuneytið getur bundið útgáfu leyfa til grásleppuveiða þeim skilyrðum er þurfa þykir, m.a. varðandi skýrsluskil um veiðar og skil vegna greiðslumiðlunar.

3. gr.

Færsla grásleppuleyfis milli báta skal bundin þeim skilyrðum að bátur, sem grásleppuleyfi er flutt til, hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni, sé í þinglýstri eigu sama aðila og sá bátur, er veiðileyfið er flutt frá, og að hinn nýi bátur sé ekki meira en 10 rúmmetrum stærri en sá bátur er veiðileyfið er flutt frá.

4. gr.

Selji aðili, sem kost átti á leyfi skv. reglugerð nr. 474/1990, bát sinn fylgir leyfið bátnum nema annars sé getið í kaupsamningi.

Hafi seljandi grásleppubáts tekið fram í kaupsamningi, að grásleppuleyfi fylgdi ekki með við sölu bátsins, hefur hann heimild til að flytja leyfið yfir á annan bát, enda hafi sá bátur leyfi til veiða í atvinnuskyni, sé innan stærðarreglna sbr. 3. gr og í þinglýstri eigu hans. Nýti seljandi ekki þann rétt næstu tvær vertíðar frá sölu fellur heimildin niður.

5. gr.

Eingöngu er heimilt að nota við grásleppuveiðarnar þann bát sem veiðileyfið tilgreinir.

6. gr.

Hvert veiðileyfi skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitíma. Skal leyfilegur veiðitími á hverju veiðisvæði vera sem hér segir:

A: Fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum að línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi, er veiðitímabilið 20. apríl – 20. júlí.

B: Í Breiðafirði frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið 20. apríl – 20. júlí.
Innan línu, sem dregin er úr Krossnesvita, vestan Grundarfjarðar, í Lambanes, vestan Vatnsfjarðar, er þó óheimilt að leggja grásleppunet fyrir 9. maí.

C: Fyrir Vestfjörðum frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, er veiðitímabilið 20. apríl – 20. júlí.

D: Í Húnaflóa frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá, er veiðitímabilið 1. apríl – 1. júlí.

E: Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi, er veiðitímabilið 20. mars – 20. júní.

F: Frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur að Hvítingum, er veiðitímabilið 20. mars – 20. júní.

Veiðileyfishöfum er óheimilt að leggja grásleppunet fyrir kl. 08.00 fyrsta dag veiðitímabils. Skylt er að draga öll hrognkelsanet úr sjó fyrir lok veðitímabils sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

Ráðuneytinu er heimilt að víkja frá ofangreindum ákvæðum um veiðitíma, ef sérstakar ástæður þykja til vegna t.d. markaðsaðstæðna og ef hafís hefur tálmað veiðar þeirra.

7. gr.

Sé einn maður á báti, er bannað að eiga fleiri en 100 grásleppunet í sjó. Séu tveir menn í áhöfn, skulu ekki fleiri en 200 net í sjó. Aldrei er heimilt að eiga fleiri en 300 net í sjó. Takmörkun þessi á netafjölda miðast við 60 faðma ófellda slöngu.

8. gr.

Lágmarksmöskvastærð grásleppuneta, sem heimilt er að nota, er 10,5 þumlungar (266,7 mm). Við ákvörðun á hvort um grásleppunet eða rauðmaganet sé að ræða þá teljast öll net, sem eru með stærri möskva en 8,5 þumlunga (216 mm), sem grásleppunet. Óheimilt er að nota net til rauðmagaveiða minna en 7 þumlunga möskva.

9. gr.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og skulu allar netabaujur merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Flaggið skal auðkennt þannig að séð verði hvaða bátur á netið.

10. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda, skulu senda Hafrannsóknastofnun skýrslur um veiðarnar.

11. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn ráðuneytisins eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt, og er leyfishöfum skylt að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum, sem þessir aðilar telja nauðsynlegar.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Jafnframt er heimilt að svipta báta heimild til grásleppuveiða í tiltekinn tíma, að mati ráðuneytisins, vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar eða leyfisbréfa til grásleppuveiða.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 474 2. desember 1990, um grásleppuveiðar ásamt síðari breytingum nr. 127/1991 og nr. 225/1991.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. janúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA

Gjaldskrárliðir

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	6,65	8,28	kr/kWst
Fastagjald F1	3 390,00	4 220,55	kr/ári

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	6,65	8,28	kr/kWst
Fastagjald 3xF1	10 170,00	12 661,65	kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	6,65	8,28	kr/kWst
Fastagjald F1	3 390,00	4 220,55	kr/ári

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	4,12	5,13	kr/kWst
Fastagjald 4xF1	13 560,00	16 882,20	kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur. Heimilt er að selja raforku til búreksturs samkv. öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafl 4 kW, hámarksafl 50 kW.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald af allri notkun	2,44	3,04	kr/kWst
Aflgjald (lágmark 4 kW)	5 860,00	7 295,70	kr/kW/ári
Fastagjald 3xF1	10 170,00	12 661,65	kr/ári
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	6,65	8,28	kr/kWst

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Orkugjald vegna húshitunar er undanþegið virðisaukaskatti.

B.1/B.3 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun. Lágmarksafl 15 kW. Notkun varmadælu til húshitunar (B.3) er undanþegin virðisaukaskatti.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	2,11	2,63	kr/kWst
Aflgjald	9 530,00	11 864,85	kr/kW/ári

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	1,64	2,04	kr/kWst
Aflgjald	2 760,00	3 436,20	kr/kW/ári

C.1/D.1 Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2x1,5 klukkustund á dag.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	3,31	4,12	kr/kWst
Fastagjald F3	12 800,00	15 936,00	kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

C.2/D.2 Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 7.00 til 23.00.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	2,24	2,79	kr/kWst

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

D.3 Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o.fl. Hámark uppsetts afls er 200 kW.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald 1. maí til og með 30. sept.	3,31	4,12	kr/kWst
Orkugjald 1. okt. til og með 30. apríl	4,62	5,75	kr/kWst
Fastagjald F3	12 800,00	15 936,00	kr/ári

Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

H1/H2 Hitaveita R/O.

Orkugjald	kr/kWst	2,35
Sérstakur afsláttur til íbúðarhúsa	kr/kWst	0,12
Vatnsgjald	kr/tonn	30,87
Leiga vatnsmæla minni en 1"	kr/ári	11 130,00
Leiga fyrir stærri mæla	kr/ári	22 260,00

Sjá kafla um niðurgreiðslur.

H3/H31/H4 Hitaveita Siglufirði.

H3 Hitun um rennslismæli

Vatnsgjald	kr/rúmmetra	117,00
Fast gjald	kr/ári	1 800,00
H31 Hitun um hemil		
Fast gjald skv. stillingu hemils	kr/mínl/ári	29 540,00
H4 Hitun húsnæðis um rennslismæli		
Vatnsgjald	kr/rúmmetra	103,00
Sérstakur afsláttur	kr/rúmmetra	25,00
Fast gjald	kr/ári	11 130,00

Sala um hemil (H31) leggst niður í febrúar 1992 og við tekur taxti H4. Sérstakur afsláttur gildir fyrst um sinn, eða þar til reynsla fæst af nýju sölukerfi og endanleg gjaldskrá verður ákveðin.

S.1 Sumartaxti.

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lágmarksafl 75 kW á mánuði.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	1,79	2,23	kr/kWst
Aflgjald	342,00	425,79	kr/kW/mán

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

	Án Vsk	Með Vsk	
Einfasa mælar	648,00	806,75	kr/ári
Þrífasa mælar	2 550,00	3 174,75	kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindum verðum, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun RARIK hverju sinni.

Innheimta og lokun.

	Án Vsk	Með Vsk	
Innheimtugjald: Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu	830,00	1 033,35	kr
Opnunargjald: Gjald fyrir aðgerðir vegna lokunar og/eða opnunar veitu vegna vanskila er	3 320,00	4 133,40	kr

Gjald vegna varatengingar.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

1.1 Í hverju tilviki fyrir sig, skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst, greiðir notandinn að fullu.

1.2 Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað, greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ.e. af línulögn, spenni, strengjum o.s.frv.

1.3 Notandi greiðir fyrir varatenginguna, óháð orkunotkun, fast gjald á ári, sem samsvarar aflgjaldi á marktaxta fyrir 4 kW að viðbættu föstu gjaldi marktaxtans. Fyrir hverja kWst sem notuð er, skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

Niðurgreiðslur og afsláttur.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Rafmagnsveitur ríkisins veita ennfremur fyrst um sinn, sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWst) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30000 kWst á ári samkvæmt lið C1 og H1 og 42000 samkvæmt lið A5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið.

Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 Rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 83 kWst á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,06 kr á kWst og sérstakur afsláttur að auki, 0,20 kr á kWst.

Liður A5 Markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 115 kWst á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,76 kr á kWst og sérstakur afsláttur að auki, 0,142 kr á kWst.

Liður H1 Hitaveita

Niðurgreidd er orka sem er allt að 83 kWst á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,99 kr á kWst. Sérstakur afsláttur rafmagnsveitnanna er innifalinn í orkugjaldi.

Liður C2 Næturhitun

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,64 kr á kWst og sérstakur afsláttur að auki, 0,20 kr á kWst.

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Utanhússlýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað. Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er hæsta mánaðargildi afls á almanaksárinu. Álestur er að jafnaði í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október, og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárliðum utan þess tímabils. Aflgjald er samkvæmt mælingu við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fer fram að jafnaði 1. hvers mánaðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall.

Rafmagnsveiturnar geta krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (fasviksstuðull undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall nemur hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

Heimilt er að takmarka veitingu gjaldskrárliða við aflmælingu, ef orkunotkun fer yfir 200.000 kWst/ári á töxtum A.1 til A.4.

7. Annað.

Virðisaukaskattur 24,5% leggst á alla gjaldskrárliði nema orkugjöld til húshitunar í liðum A.4, A.5, B.3, C.1, C.2, D.1, D.2, D.3 og fastagjaldi F.3 og aflgjaldi B.3 þar sem það á við. Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar sem kunna að verða gerðar á virðisaukaskatti. Notkunargjöld hitaveitna eru undanþegin virðisaukaskatti.

II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA.

1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til eftirtalinna aðila:

Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Hveragerðis, Selfossveitna, Hitaveitu Eyra og Bæjarveitna Vestmannaeyja.

2. Rafmagnsgjald.

Aflgjald	kr/kW/ári	9 050,70
Vetrargjald orku	kr/kWst	1,994
Sumargjald orku	kr/kWst	0,997
Tengigjald	kr/ári	305 613,00

Ofangreind gjöld eru án virðisaukaskatts.

3. Söluskilmálar.

3.1 Aflsala.

Við útreikning á sölutoppi til uppgjörs á ári hverju skal fyrst fundinn hæsti álagstoppur hvers almanaksmánaðar, mældur sem 60 mínútna sammælt meðalálag á afhendingarstað (stöðum). Fjórir hæstu fyrrgreindra tólf álagstoppa koma til uppgjörs. Sölutoppur ársins telst útreiknað meðaltal þessara fjögurra toppa. Þessi grein gjaldskrár gildir ekki ef heimild til sérsamnings, sbr. 4. grein, er nýtt.

3.2 Tímabil orkugjalda.

Vetrargjald gildir tímabilin:	1. janúar	– 30. apríl
	1. október	– 31. desember
Sumargjald gildir tímabilið:	1. maí	– 30. september

4. Sérsamningur um aflsölu.

Rafmagnsveitunum og hverri einstakri veitu fyrir sig er heimilt að gera með sér sérstakan samrekstrarsamning. Í samningi þessum komi fram á hvern hátt sölutoppur skuli ákveðinn ásamt öðrum þeim atriðum sem aðilar koma sér saman um og varða samrekstur. Ákvæði samnings þessa mega þó í engu breyta þeim ákvæðum sem fram koma í gjaldskrá þessari að undanskildri grein 3.1.

5. Mánaðargreiðslur.

5.1 Aflsala og tengigjald.

Í upphafi árs áætla rafmagnsveiturnar, í samráði við kaupanda, sölutopp komandi árs. Áætluð ársgreiðsla fyrir afl- og tengigjald skal síðan reiknuð út frá gildandi gjaldskrá. Mánaðargreiðsla telst 1/12 hluti ársgreiðslunnar nema desembergreiðslan sem er útreiknuð lokagreiðsla ársins. Mánaðargreiðslurnar teljast innborganir.

Við gjaldskrárbreytingar skulu þær mánaðargreiðslur sem ekki eru fallnar í gjalddaga taka sömu hlutfallslegu breytingum og gjaldskráin. Við lokauppgjör í árslok skal reikna með einingarverðum í réttu hlutfalli við dagafjölda verðtímabila. Frá þannig reiknaðri ársgreiðslu dragast gjaldfallnar innborganir og mismunurinn telst mánaðargreiðsla desember.

5.2 Orkusala.

Mánaðargreiðsla fyrir orku miðast við mælda orkunotkun í mánuðinum og gildandi einingarverð. Séu fleiri en eitt einingarverð í gildi innan mánaðarins skal reikna í réttu hlutfalli við dagafjölda.

6. Greiðsluskilmálar.

Mánaðargreiðslur fyrir janúar falla í gjalddaga síðasta dag febrúar og þannig koll af kolli fyrir aðra mánuði. Ef ekki er greitt á gjalddaga, reiknast fullir vanskilavextir frá honum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni.

GJALDSKRÁ FYRIR ÓTRYGGÐA ORKU.

1. Almennt.

Um viðskipti þessi gilda almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og almennir skilmálar rafmagnsveitna ríkisins um sölu ótryggðrar orku frá 1. janúar 1991.

2. Rafmagnsgjald.

Fast gjald	kr/ári	115 760,00
1. verðþrep	kr/kWst	0,985
2. verðþrep	kr/kWst	1,274
3. verðþrep	kr/kWst	1,831

Ofangreind gjöld eru án virðisaukaskatts.

3. Samningur.

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Rafmagnsveitna ríkisins og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða.

III. TENGIGJÖLD.

1. Þéttbýli.

Tengigjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengdum veitusvæðum rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1.1 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.2 Aðalheimtaugar. Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur/gerð		Án vsk	Með vsk
63 A einfasa:	kr	69 000,00	(85 905,00)
63 A þrífasa:	kr	76 000,00	(94 620,00)
100 A þrífasa:	kr	120 000,00	(149 400,00)
200 A þrífasa:	kr	240 000,00	(298 800,00)
315 A þrífasa:	kr	378 000,00	(470 610,00)
400 A þrífasa:	kr	480 000,00	(597 600,00)
630 A þrífasa:	kr	756 000,00	(941 220,00)
710 A þrífasa:	kr	852 000,00	(1 060 740,00)
1200 A þrífasa:	kr	1 440 000,00	(1 792 800,00)

1.3 *Staðsetning.* Leitað skal samþykkis rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

1.4 *Aukakostnaður.* Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

1.5 *Spennistöð.* Þurfi að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.
Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið – uppsteypt – er lagt til rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1.6 *Breyting á heimtaug.* Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram. Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati rafmagnsveitnanna.

1.7 *Bráðabirgðaheimtaugar.* Grunngjald er eftirfarandi:

63 A einfasa:	kr	10 800,00	(13 446,00)
63 A þrífasa:	kr	15 100,00	(18 799,50)
100 A þrífasa:	kr	16 500,00	(20 542,50)

Auk grunngjalds skal greiða kostnað við framkvæmd verks og leigu efnis samkvæmt kostnaðaráætlun, sem miðast við aðstæður hverju sinni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu. Fyrir orkunotkun skal greiða samkvæmt taxta A2 eða A4, eftir því hvort um rafhitun er að ræða eða ekki.

1.8 *Frávik.* Kafli þessi gildir um skipulögð hverfi í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða tengigjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugarbreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðarreikningi eða eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

2. Dreifbýli.

2.1 Íbúðarhús, kirkjur, skólar, atvinnuhúsnæði og þ.h.
Tengigjaldið skal vera:

Fyrir hverja heimtaug:	kr	120 000,00	(149 400,00)

Tengigjaldið er miðað við, að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.

2.2 Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 2.1, skulu tengigjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

3. Sumarhúsahverfi.

3.1 *Tengigjald í skipulögðu sumarhúsahverfi* skal vera sem hér segir:

Fyrir hverja heimtaug:	kr	162 000,00	(201.690,00)

Tengigjaldið miðast við 5 kVA afl í spennistöð fyrir hvert hús. Sé um meira afl að ræða bætist við gjald samkvæmt kostnaði. Þetta tengigjald gildir innan hverfisins, sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

3.2 Um sé að ræða *skipulögð hverfi.* Með skipulögðu hverfi er átt við afmarkað svæði, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:2000, staðfestur af skipulagi ríkisins. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

3.3 *Eftirlit.* Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeigenda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis, uppsetningar nauðsynlegs búnaðar og allan eðlilegan umgengnisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.

3.4 *Fjöldi.* Í upphafi þurfa a.m.k. 5 bústaðir að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp. Meðallengd heimtauga frá stofndreifikerfi fari ekki yfir 120 m. Umframlengd greiðist samkvæmt kostnaði.

3.5 *Lega heimtaugar* frá lágspennudreifikerfi að bústað skal ákveðin í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðamarka og annast frágang í samræmi við teikningu frá Rafmagnsveitum ríkisins nr. 4.3207.46.

3.6 *Lengd háspennulínu* sem leggja þarf að sumarhúsahverfi, má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð.

3.7 *Uppbygging.* Sé fyrirsjáanlegt, að mati Rafmagnsveitna ríkisins, að hverfi sem skipulagt hefur verið, komi til með að byggjast seint upp, þá geta Rafmagnsveiturnar krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda hverfisins verði greitt tengigjald, áður en ráðist er í framkvæmdir.

4. Hitaveitur.

Eftirfarandi gildir um R/O hitaveitur Rafmagnsveitna ríkisins og hitaveitu á Siglufirði:

4.1 *Tengigjöld* fyrir hverja heimæð skulu vera háð rúmmáli þess húsnæðis sem hita skal (utanmáli) og eru sem hér segir:

Fyrir hús allt að 400 rúmmetrum:	kr	69 000,00
Fyrir hverja 10 rúmmetra umfram 400:	kr	1 000,00
Hver mælagrind umfram eina:	kr	15 000,00

4.2 *Rúmmál.* Við ákvörðun á rúmmálsstærð skal miða við fasteignaskrá. Fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati skal miðað við byggingarteikningar húsa.

4.3 *Takmörkun.* Rafmagnsveitunum er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til. Tengigjöld hitaveitu eru undanþegin virðisaukaskatti og miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.

4.4 *Mælagrind.* Hverri heimtaug fylgir ein mælagrind. Greiða skal aukagjald fyrir hverja mælagrind umfram þá fyrstu.

4.5 Að öðru leyti en að ofan er greint, gilda sömu skilmálar um orkuviðskipti og í gildi eru fyrir raforkusmásölu Rafmagnsveitna ríkisins.

5. Annað.

5.1 Tengigjöld fyrir annað, en að framan greinir, svo sem fyrir heimtaugar í einstök sumarhús, veiðihús, o.fl., eru ávallt samkvæmt kostnaði, þó að lágmarki kr. 162.000,00 (201.690,00 m/vsk). Um bráðabirgðaheimtaugar í strjálbýli gilda sömu reglur og í þéttbýli (kafli 1.7).

5.2 *Endurtenging.* Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimtaugar. Falli notkun um heimtaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald, hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald F.1, auk kostnaðar við endurtengingu.

Öll gjöld sem tilgreind eru í kafla III miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1992, sem er 187,4 stig og breytast í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar gjöldum almanaksársins. Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts nema annars sé getið. Virðisaukaskattur leggst á öll tengigjöld nema tengigjöld hitaveitu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 459, 27. september 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 24. janúar 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um sérstakt vörugjald samkvæmt hafnalögum nr. 69/1984, sbr. lög nr. 1/1992.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI
Um sérstakt vörugjald.

2. gr.

Sérstakt vörugjald samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 11. gr. hafnalaga, nr. 69/1984, skal renna í sérstaka deild við hafnabótasjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjöld, skv. 2. tl. 1. mgr. 11. gr. laganna, og skal tekjum af því varið til að standa straum af framkvæmdum við almennar hafnargerðir, eftir því sem nánar segir í hafnalögum og ákveðið er í fjárlögum ár hvert.

III. KAFLI
Uppgjörstímabil og gjalddagar.

3. gr.

Uppgjörstímabil skulu vera sex á ári og taka yfir tvo mánuði hvert, janúar-febrúar, mars-apríl, maí–júní, júlí–ágúst, september–október og nóvember–desember.

Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok hvers uppgjörstímabils. Innheimtuaðila ber að skila gjaldinu eigi síðar en á gjalddaga sem jafnframt er eindagi.

IV. KAFLI
Innheimta og skil.

4. gr.

Sömu aðilar og innheimta vörugjöld skv. 2. tl. 1. mgr. 11. gr. hafnalaga nr. 69/1984, skulu innheimta og standa skil á sérstöku vörugjaldi skv. 2. gr. þessarar reglugerðar.

Gjaldið skal innheimt með sama hætti og um leið og vörugjöld skv. 2. tl. 1. mgr. 11. gr. eru innheimt til hafnarsjóðs.

5. gr.

Reynist gjaldið í einhverjum tilvikum óinnheimtanlegt ber innheimtuaðila að gera Hafnamálstofnun ríkisins grein fyrir því, stutt skriflegum gögnum s.s. um árangurslaust lögtak, gjaldþrotaúrskurði eða sambærilegum gögnum.

6. gr.

Innheimtuaðila ber að gera Hafnamálastofnun ríkisins grein fyrir því gjaldi sem fellur til á hverju uppgjörstímabili, skv. 3. gr., í því formi sem Hafnamálastofnun ákveður.

Hafnamálastofnun ríkisins hefur eftirlit með innheimtu og skilum á sérstöku vörugjaldi.

7. gr.

Innheimtuaðila ber að halda sérstöku vörugjaldi aðgreindu á reikningum og í bókhaldi sínu.

V. KAFLI
Ábyrgð og viðurlög.

8. gr.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki hjá þeim aðila sem standa ber skil á gjaldinu til innheimtuaðila. Gjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila sem skuldar gjaldið.

9. gr.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það. Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga ef þess er óskað.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 2. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundaritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerðar í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusiða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. - Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

44. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Nefndir.

47. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, sé þess óskað og bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, hafi hreppsnefnd ekki kosið hann, eða hann tilnefndur samkvæmt ákvæðum laga, varaformann og ritara nefndar.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

49. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

50. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

51. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum hreppsins, eftir því sem við á.

52. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar. Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

53. gr.

Nefndir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

54. gr.

Fundargerðir nefnda hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

55. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn, hreppstjóri sjálfkjörinn formaður og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Áfengisvarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. *Barnaverndarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.
3. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
4. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 5. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsmálaráð fer einnig með verkefni leikskólanefndar skv. lögum nr. 48/1991, sbr. og 33. gr. laga nr. 40/1991.
5. *Hafnarstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
6. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
7. *Skólanefnd grunnskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
8. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990 og reglugerð nr. 46/1991.
9. *Einn eða fleiri búfjáreftirlitsmenn* og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
10. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
11. Aðrar nefndir skv. ákvörðun hreppsnefndar hverju sinni.

56. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

57. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

58. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

59. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

60. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 38/1954, eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

61. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hofshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um stjórn og fundarsköp Hofsóshrepps nr. 364/1988.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir. *Þórhildur Líndal.*

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

		Kr.
1.	**Afgreiðslugjöld.**	
1.1	Endurnýjun skírteina einstaklinga, þ.m.t. endurútgáfa glataðra skírteina	4 000
1.2	Breyting á skírteinum einstaklinga, þ.m.t. innfærsla viðbótarréttinda í skírteini	1 800
1.3	Fullgilding erlendra skírteina einstaklinga	14 000
1.4	Útgáfa, endurútgáfa, breyting og endurnýjun lofthæfisskírteina vélknúinna loftfara og breyting skrásetningarskírteina, þ.m.t. breytingar á skrásetningarmerkjum	8 000

2. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara.

2.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara miðast við skráðan hámarksflugtaksmassa þeirra.

2.2 Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald.

2.3 Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings er helmingur árlegs skoðunar- og eftirlitsgjalds.

2.4 Gjald fyrir tímabundið lofthæfisskírteini (t.d. framlengingu lofthæfisskírteinis eða ferjuheimild), fer eftir gildistíma sem hlutfall af árgjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð.

2.5 Hálft árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í maí og nóvember ár hvert fyrir næstliðið hálft ár eða hluta úr ári sem loftfarið hafði gilt íslenskt lofthæfisskírteini og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð.

2.6 Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríksins.

		Kr.
2.7	Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld fyrir vélknúin loftför eru:	
	a) fyrir loftför allt að 2700 kg	11 400
	+	7,80/kg
	b) fyrir loftför 2701–5700 kg	17 000
	+	6,50/kg
	c) fyrir loftför 5701–50000 kg	80 000
	+	7,00/kg
	d) fyrir loftför yfir 50000 kg	400 000
	+	4,00/kg

2.8 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara sem ekki eru vélknúin eru 25% af gjaldi fyrir vélknúin loftför.

3. Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda.

3.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda miðast við fjölda þeirra loftfara, sem flugrekandi rekur í starfsemi sinni og skráðan hámarksflugtaksmassa þeirra.

3.2 Gjald við fyrstu útgáfu flugrekstrarleyfis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald, og miðast þá við fyrirhugaðan rekstur sem sótt er um hvað varðar fjölda og massa loftfaranna.

3.3 Hálft árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í maí og nóvember ár hvert fyrir næstliðið hálft ár eða hluta úr ári sem flugrekandi hafði gilt flugrekstrarleyfi og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hvert loftfar var í rekstri hjá flugrekanda á tímabilinu.

3.4 Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

3.5 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda eru sem hér segir:

	Kr.
a) fyrir hvert loftfar undir 2700 kg	25 000
b) fyrir hvert loftfar 2701–5700 kg	45 000
c) fyrir hvert loftfar 5701–50000 kg	120 000
d) fyrir hvert loftfar yfir 50000 kg	180 000

4. Prófgjöld.

4.1 Fyrir bókleg próf greiðist eftirtalin gjöld:

	Kr.
a) einkaflugmannspróf	8 500
b) atvinnuflugmannspróf	12 500
c) blindflugspróf	11 000
d) flugkennarapróf	11 000
e) flugumsjónarmannspróf	11 000
f) flugvéltæknispróf	11 000
g) flugrekstrarstjóra- og tæknistjórapróf	11 000
h) fyrir hlutapróf og endurtekningu prófa í einstökum greinum greiðist fyrir hverja grein	2 750

4.2 Verkleg próf eru tekin hjá prófdómurum sem tilnefndir hafa verið eða staðfestir af flugmálastjórn/loftferðaeftirliti. Próftakar leggja sjálfir til loftför og greiða kostnað af prófstökunni til flugmálastjórnar.

5. Greiðsla gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar á Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. febrúar 1992 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 522 21. desember 1990 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 28. janúar 1992.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

28. janúar 1992 Nr. 48

GJALDSKRÁ

fyrir afnot flugvalla.

1. Gildissvið.

1.1. Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar.

1.2. Gjöld fyrir millilandaflug verða innheimt fyrir afnot alþjóðlegra flugvalla á Íslandi. Skrá yfir þá flugvelli er birt í flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af flugmálastjórn.

1.3. Gjöld fyrir innanlandsflug verða innheimt fyrir afnot þeirra flugvalla þar sem áætlunarflug er stundað. Skrá yfir þá flugvelli er birt í flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af flugmálastjórn.

2. Lendingargjald.

2.1. Fyrir hverja lendingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum, sbr. 1.2., skal greiða gjald samsvarandi (10,00) Bandaríkjadölum fyrir hver byrjuð 1 000 kg af massa þess. Lágmarkslendingargjald skal vera samsvarandi USD (100,00) þó með þeim fyrirvara að umrætt lágmarksgjald gildi aðeins fyrir loftför sem hafa 5 700 kg massa eða meira.

2.2. Fyrir loftfar með massa 2 000 kg og meira, en minna en 5 000 kg skal greiða kr. (630,00) fyrir hverja lendingu í innanlandsflugi sbr. gr. 1.3.

2.3. Fyrir loftfar með massa 5 000 kg og meira, en minna en 9 000 kg skal greiða kr. (940,00) fyrir hverja lendingu í innanlandsflugi, sbr. gr. 1.3.

2.4. Fyrir loftfar með massa 9 000 kg og yfir skal greiða, fyrir hver byrjuð 1 000 kg af massa þess, kr. (205,00) fyrir hverja lendingu í innanlandsflugi, sbr. gr. 1.3.

2.5. Á eftirtöldum flugvöllum skal þó lendingargjald skv. 2.2. nema kr. (310,00), skv. 2.3. kr. (475,00) og skv. 2.4. kr. (110,00), enda sé viðkomandi loftfar í reglubundnu áætlunarflugi: Bakkafirði, Borgarfirði eystri, Breiðdalsvík, Fáskrúðsfirði, Gjögri, Grundarfirði, Hólmavík, Kópaskeri, Ólafsfirði, Raufarhöfn, Stykkishólmi og Suðureyri.

2.6. Fyrir þjónustu flugvallar eða notkun utan auglýstra þjónustutíma greiðist að auki gjald sem svarar til útkalls samkvæmt kjarasamningi flugvallarstarfsmanna í 235. lfl., þó ekki, ef um er að ræða tímabil dagvinnu kl. 09:00–17:00 virka daga.

3. Stæðisgjald.

3.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst.

3.2. Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal fyrir loftfar í millilandaflugi greiða stæðisgjald samsvarandi (0,70) Bandaríkjadal fyrir hver byrjuð 1 000 kg af massa þess.

4. Undanþágur.

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá lendingar- og stæðisgjöldum:

4.1. Loftför í sjúkraflugi eða leitar- og björgunarflugi.

4.2. Loftför, sem verða að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.

4.3. Loftför, sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.

4.4. Loftför, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.

4.5. Loftför í eigu íslenska ríkisins eða rekin af því.

4.6. Að öðru leyti er flugmálastjórn heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.

5. Þjónustugjald.

5.1. Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum í millilandaflugi samkvæmt gjaldskrá staðfestri af samgönguráðuneyti.

5.2. Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför í millilandaflugi.

6. Flugskýlisgjald.

6.1. Fyrir afnot flugskýlis á vegum flugmálastjórnar skal greiða eftirfarandi leigugjöld fyrir hver byrjuð 1 000 kg af massa loftfars:

a) innanlandsflug: kr. (185,00) fyrir hvern byrjaðan sólarhring eða kr. (2 795,00) á mánuði.
b) millilandaflug: samsvarandi (4,00) Bandaríkjadölum fyrir hvern byrjaðan sólarhring.

6.2. Flugskýlisgjöld samkvæmt gr. 6.1. miðast við óupphitað flugskýli. Sé flugskýli upphitað er hitunarkostnaður innheimtur sérstaklega.

6.3. Fyrir afnot heilla flugskýla eða tiltekinna hluta þeirra, svo og fyrir afnot annarra bygginga og lóða á vegum flugmálastjórnar, skal greiða leigugjöld samkvæmt leigusamningi milli flugmálastjórnar og leigutaka. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð, að þau standi straum af tilkostnaði flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

7. Almenn ákvæði.

7.1. Þar sem getið er um massa loftfars er átt við leyfilegan hámarksmassa þess.

7.2. Gjöld sem ekki eru staðgreidd, verða innheimt með útsendingu reikninga eða gíróseðla. Greiðslu ber að inna af hendi innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings eða gíróseðils. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga skal flugmálastjórn innheimta hæstu lögleyfðu dráttarvexti. Ef gjöld vegna loftfara eru ekki greidd innan 30 daga frá gjalddaga er flugmálastjórn heimilt að aftra för viðkomandi loftfara uns greitt hefur verið.

8. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. febrúar 1992 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 523 21. desember 1990 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 28. janúar 1992.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

28. janúar 1992 Nr. 49

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 528, 28. desember 1990 um loðnuveiðar.

1. gr.

Aftan við 8. gr. reglugerðar nr. 528, 28. desember 1990, komi ný grein er orðist svo:

Á loðnuvertíð þeirri, sem hófst 26. október 1991, er íslenskum loðnuskipum sem leyfi hafa til loðnuveiða, skv. 1. gr. reglugerðar nr. 528/1990, heimilt að veiða samtals 577.200 lestir af loðnu.

2. gr.

Reglugerðarviðauki þessi er settur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og 1. gr. laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar utan fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felldur úr gildi viðauki nr. 632, 31. desember 1991 við reglugerð nr. 528, 28. desember 1990, um loðnuveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. janúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um listamannalaun.

1. gr.

Hlutverk Launasjóðs rithöfunda, Launasjóðs myndlistarmanna, Tónskáldasjóðs og Listasjóðs er að veita almenn listamannalaun samkvæmt lögum um listamannalaun nr. 35/1991 og reglugerð þessari. Við ákvörðun framlaga úr sjóðum þessum skal miða við það að þau verði til þess að stuðla að eflingu listsköpunar í landinu og skapa listamönnum, sem starfslaun hljóta grundvöll til þess að geta helgað sig óskiptir listsköpun sinni.

Almenn listamannalaun skiptast í starfslaun og náms- og ferðastyrki svo og sérstök framlög til listamanna sbr. 3. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Almenn listamannalaun skulu veitt úr fjórum sjóðum:

a. Launasjóði rithöfunda
b. Launasjóði myndlistarmanna
c. Tónskáldasjóði
d. Listasjóði.

3. gr.

Yfirumsjón með sjóðnum skv. 1. mgr. 1. gr. er í höndum stjórnar listamannalauna. Menntamálaráðherra skipar stjórn listamannalauna þremur fulltrúum til þriggja ára í senn, einum tilnefndum af Bandalagi íslenskra listamanna, einum tilnefndum af Háskóla Íslands, en af Listaháskóla ef stofnaður verður og loks einum án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Stjórn listamannalauna úthlutar fé úr Listasjóði, en sérstakar þriggja manna úthlutunarnefndar, sem skipaðar eru árlega af menntamálaráðherra, fyrir hvern hinna sérgreindu sjóða, þ.e. Launasjóð myndlistarmanna, Launasjóð rithöfunda og Tónskáldasjóð veita fé úr þeim sbr. 6.–8. gr. laga nr. 35/1991. Úthlutunarnefndirnar skipta sjálfar með sér verkum.

Allir sjóðirnir veita starfslaun svo og náms- og ferðastyrki, en auk þess veitir Listasjóður sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem náð hafa 60 ára aldri hinn 31. desember 1991 og notið hafa listamannalauna undanfarin ár samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar Alþingis. Stjórn listamannalauna setur viðmiðunarreglur um hlutfall náms- og ferðastyrkja af úthlutunarfé einstakra sjóða samkvæmt 2. gr. laga nr. 35/1991, en endanleg ákvörðun í þeim efnum er í höndum einstakra úthlutunarnefnda. Miðað skal við að úthlutun almennra listamannalauna fari fram fyrir 1. mars ár hvert.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna og fulltrúa í úthutunarnefndum, sem greiðist af fé sjóðanna.

4. gr.

Stjórn listamannalauna annast m.a. vörslu og bókhald sjóða skv. 2. gr. og heldur skrá yfir þá sem njóta greiðslna úr sjóðnum. Er stjórninni heimilt að semja við aðra aðila um framkvæmd þeirra verkefna að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

Stjórn listamannalauna sér til þess að auglýst sé með venjulegum hætti eftir umsóknum um veitingu starfslauna og náms- og ferðastyrkja úr sjóðunum og lætur gera sérstök eyðublöð fyrir umsóknir um framlög úr sjóðunum. Umsókn skulu m.a. fylgja upplýsingar um náms- og starfsferil, verðlaun og viðurkenningar, greinargerð um verkefni það sem liggur til grundvallar umsókninni, hve langan starfstíma sótt er um og tekjur s.l. árs. Sé sótt um náms- og ferðastyrki skal gera á skýran hátt grein fyrir tilgangi ferðarinnar eða tilhögun námsins. Stjórn listamannalauna ákveður að öðru leyti og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar skuli fylgja umsókn.

5. gr.

Starfslaun skulu veitt listamönnum til hálfs eða eins árs, til þriggja til fimm ára. Miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í meira en eitt ár.

Starfslaun miðast við lektorslaun II við Háskóla Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Starfslaunaþegar skulu vera á skrá hjá Stjórn listamannalauna og fá greitt mánaðarlega. Starfslaunaþegar skulu eiga kost á aðild að söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og stendur stjórn listamannalauna skil á iðgjaldshluta þeirra ásamt mótframlagi sínu. Kjósi starfslaunaþegi svo, geta iðgjaldagreiðslur runnið til annars lífeyrissjóðs. Þá getur greiðsluþegi og valið að um starfslaun hans og lífeyrissjóðsframlag vegna þeirra fari samkvæmt reglum um þá sem stunda sjálfstæða starfsemi sbr. 4. gr. laga nr. 35/1991.

Þeir sem njóta starfslauna skulu ekki gegna öðru föstu starfi meðan þeir fá greidd starfslaun og skulu þeir skila skýrslu um störf sín á starfslaunatímanum.

6. gr.

Áður en til úthlutunar starfslauna kemur úr Listasjóði skal stjórn listamannalauna taka frá þann hluta fjárveitingarinnar sem ætlaður eru til greiðslna til þeirra, sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar Alþingis sbr. 3. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar og til greiðslu náms- og ferðastyrkja.

Helmingur starfslauna úr Listasjóði skal veittur leikhúslistafólki s.s. leikurum, leikstjórum, listdönsurum, danshöfundum, óperusöngvurum og leikmyndahönnuðum. Stjórn listamannalauna er heimilt að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar við úthlutun starfslauna úr Listasjóði.

7. gr.

Er úthutunarnefndir hafa lokið störfum skulu þær senda Stjórn listamannalauna niðurstöður sínar til afgreiðslu. Stjórn listamannalauna skal árlega taka saman skýrslu um starfsemi sjóðanna, sem skal geyma endurskoðaðan ársreikning og skrá um úthlutanir úr sjóðunum. Skýrsla þessi skal send menntamálaráðuneytinu og Bandalagi íslenskra listamanna.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr. laga um listamannalaun nr. 35/1991 og öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðar þessarar falla úr gildi reglur um starfslaun listamanna nr. 165/1969 og reglugerð um Launasjóð rithöfunda nr. 437/1979.

Menntamálaráðuneytið, 27. janúar 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Knútur Hallsson.

5. febrúar 1992 Nr. 51

REGLUGERÐ

um Byggðastofnun.

I. KAFLI

Hlutverk.

1. gr.

Byggðastofnun er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra.

2. gr.

Hlutverk Byggðastofnunar er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu. Aðgerðir hennar skulu miða að því að styrkja og efla byggð í landinu, sem fái staðist til lengdar og þar sem rekin er fjölþætt atvinnustarfsemi og þjónusta.

3. gr.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu. Í starfi sínu skal stofnunin fylgja eftir stefnumarkandi áætlunum í byggðamálum, sem Alþingi hefur samþykkt. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni meðal annars að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði.

II. KAFLI
Stjórn.

4. gr.

Stjórn Byggðastofnunar skal skipuð 7 mönnum kosnum hlutfallskosningum á Alþingi að afstöðnum almennum þingkosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Forsætisráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna þingkjörnu stjórnarmanna. Formaður stjórnarinnar boðar hana til fundar. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Forsætisráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar.

5. gr.

Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru meðal annars þessi:

1. Að ráða forstjóra.
2. Að ákveða starfsskipulag stofnunarinnar að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
3. Að ákveða starfsáætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn, þar á meðal hverjar byggðaáætlanir skuli gerðar á vegum hennar. Starfsáætlun skal endurskoða á árinu eftir því sem þurfa þykir.
4. Að ákveða rekstraráætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn.
5. Að fjalla um allar byggðaáætlanir sem gerðar eru á vegum stofnunarinnar eða lagðar eru fyrir stjórnina til samþykktar.
6. Að fjalla um skýrslur stofnunarinnar um starfsemi hennar.
7. Að taka ákvarðanir um lántöku, sbr. 16. gr. laga 64/1985.
8. Að setja reglur um lánakjör stofnunarinnar.
9. Að taka ákvarðanir um veitingu lána og ábyrgða, svo og óafturkræf framlög, sem stofnunin veitir í samræmi við lög og reglugerð þessa.
10. Að taka ákvarðanir um málefni atvinnutryggingadeildar og hlutafjárdeildar sbr. nánar ákvæði í 10. og 11. gr. þessarar reglugerðar.

Í upphafi hvers árs skal stjórn Byggðastofnunar, að fenginni tillögu forstjóra, samþykkja áætlun um starfsemi stofnunarinnar á viðkomandi ári. Áætlun þessi skal vera í þrem hlutum: Starfsáætlun, rekstraráætlun og heildarútlánaáætlun. Ofangreindar áætlanir skulu sendar forsætisráðherra til kynningar eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Í starfsáætlun skal fjallað um þau verkefni sem stjórn stofnunarinnar vill að unnið sé að og ekki teljast til venjubundinna verka. Forstjóra er heimilt að ákveða að unnið sé að verkefnum sem ráðherra óskar eftir að stofnunin taki að sér fyrir ráðuneyti sitt eða önnur ráðuneyti. Sérfræðialit stofnunarinnar skulu unnin á ábyrgð forstjóra og viðkomandi sérfræðinga enda skal tekið fram að svo sé.

Í rekstraráætlun skal koma fram m.a. hvaða tekjur stofnunin hefur til ráðstöfunar á árinu en það eru m.a. þau framlög sem hún fær á fjárlögum hverju sinni að viðbættri þeirri ávöxtun sem hún hefur af fjármunum sínum. Þar skal einnig koma fram hvernig þeim tekjum skal ráðstafað m.a. í rekstur stofnunarinnar, kostnaðarþátttöku vegna atvinnuráðgjafa, framlög til átaks- og þróunarverkefna, aðrar styrkveitingar og ráðstöfun á afskriftarreikning til að mæta áhættu í útlánum og ábyrgðum.

Í heildarútlánaáætlun skal vera stefnumörkun fyrir útlán, ábyrgðir, hlutafjárþátttöku og styrkveitingar stofnunarinnar. Í tillögunni skal móta stefnu um þá landshluta og atvinnugreinar sem stofnunin mun beina aðstoð sinni til á árinu. Þar skal m.a. koma fram með hvaða hætti aðstoðin skal veitt, hvaða tilefni réttlæti aðstoð og með hvaða skilyrðum aðstoðin skuli veitt. Þar skulu einnig vera þær vinnureglur um veitingu aðstoðar sem þurfa þykja. Stefnumörkunin skal vera í samræmi við stefnumarkandi áætlun í byggðamálum sem Alþingi hefur samþykkt sbr. 12. gr. þessarar reglugerðar.

6. gr.

Stjórn Byggðastofnunar skal við afgreiðslu lána, ábyrgða, óafturkræfra framlaga og aðrar ákvarðanir sínar gæta jafnræðis milli aðila sem eru í sömu eða sambærilegri aðstöðu. Þess skal sérstaklega gætt að fyrirgreiðsla stofnunarinnar til fyrirtækja og einstaklinga raski ekki samkeppnisaðstöðu annarra atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

III. KAFLI
Forstjóri.

7. gr.

Stjórn Byggðastofnunar ræður forstjóra til að annast daglega stjórn stofnunarinnar. Ráðning forstjóra miðast við 6 mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest.

8. gr.

Verkefni forstjóra Byggðastofnunar eru meðal annars þessi:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.
2. Að gera tillögur til stjórnar um starfsskipulag stofnunarinnar.
3. Að gera tillögur til stjórnar um áætlanagerð á vegum stofnunarinnar.
4. Að gera tillögur um afgreiðslu á byggðaáætlunum sem lagðar eru fyrir stjórn stofnunarinnar.
5. Að gera tillögur um árlega heildarútlánaáætlun, svo og tillögur um veitingu einstakra lána, ábyrgða og óafturkræfra framlaga stofnunarinnar.
6. Að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunar. Stjórn stofnunarinnar skal staðfesta ráðningu helstu starfsmanna samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.
7. Að hafa yfirumsjón með atvinnutryggingadeild og hlutafjárdeild (sbr. nánar ákvæði í 10. og 11. gr. þessarar reglugerðar).

IV. KAFLI
Skipulag.

9. gr.

Starfsemi á aðalskrifstofu Byggðastofnunar skal auk skrifstofu forstjóra skiptast í eftirtalin svið:

a) Rekstrarsvið annast m.a. rekstur stofnunarinnar, bókhald, útborganir og innheimtu lána ásamt gerð rekstrar- og greiðsluáætlana.
b) Þróunarsvið annast m.a. úrvinnslu upplýsinga um þróun byggðar og hefur umsjón með gerð byggðaáætlana, úttektum og öðru þróunarstarfi.
c) Fyrirtækjasvið hefur umsjón með m.a. umsóknum um lán, gerð skuldabréfa, úttektum á fyrirtækjum og atvinnulífi, og sérfræðiaðstoð vegna þess.

d) Lögfræðisvið annast m.a. lögfræðileg verkefni, innheimtu og yfirstjórn skjalagerðar.

Byggðastofnun skal heimilt að reka svæðisskrifstofur auk aðalskrifstofu stofnunarinnar og skal stjórn stofnunarinnar ákveða svæðaskiptingu milli þeirra. Svæðisskrifstofur annast samskipti við íbúa á sínu starfssvæði og sinna auk þess sérstökum verkefnum sem forstjóri felur þeim.

Forstjóri Byggðastofnunar ræður, að fenginni staðfestingu stjórnar, forstöðumann fyrir hvert starfssvið á aðalskrifstofu og svæðisskrifstofu stofnunarinnar.

V. KAFLI
Hlutafjárdeild og atvinnutryggingardeild.

10. gr.

Við Byggðastofnun skulu starfa tvær deildir, hlutafjárdeild og atvinnutryggingardeild og skal hvor þeirra hafa sjálfstæðan fjárhag. Forstjóri Byggðastofnunar ræður, að fenginni staðfestingu stjórnar, umsjónarmenn deildanna. Heimilt er að fela forstöðumanni einhvers af starfssviðum aðalskrifstofu Byggðastofnunar að hafa umsjón með deildunum og fela einum manni að hafa umsjón með báðum deildunum.

Hlutafjárdeild fer með allar eignir og skuldbindingar Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar, en deildin tók við þeim 1. apríl 1991.

Hlutdeildarskírteini deildarinnar skulu ætíð skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutafjárdeild skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum. Deildin skal annast uppgjör á skuldbindingum vegna hlutdeildarskírteina, fara með fyrirsvar vegna hlutafjáreignar deildarinnar í einstökum hlutafélögum og annast sölu á hlutabréfum deildarinnar. Deildinni er óheimilt að kaupa hlutabréf eða taka þátt í aukningu hlutafjár í þeim félögum sem deildin á þegar hlut í. Deildinni er þó heimilt við samruna félaga eða skipti á hlutabréfum að taka við nýjum hlutabréfum sem svara til fyrri hlutafjáreignar.

Stjórn Byggðastofnunar gerir tillögur um þá menn sem í kjöri eru af hálfu hlutafjárdeildar til setu í stjórnum þeirra hlutafélaga er Byggðastofnun og hlutafjárdeild stofnunarinnar eiga í.

Bjóða skal til sölu á almennum markaði þau hlutabréf sem hlutafjárdeild á og skal við það miðað að hlutabréfin séu auglýst til sölu eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er einnig að setja bréfin í sölu á viðurkenndum hlutabréfamarkaði. Í auglýsingu skal gerður áskilnaður um að heimilt sé að hafna öllum tilboðum. Jafnframt er heimilt að binda sölu hlutabréfanna við það, að kaupandi geri tilteknar ráðstafanir varðandi starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis vegna byggðar á því svæði sem fyrirtækið starfar á.

Hlutabréf í eigu hlutafjárdeildar skulu öll hafa verið boðin til sölu eigi síðar en fjórum árum eftir að þau voru keypt og skal það starfsfólk, sem starfar hjá félaginu, þegar bréfin eru auglýst, og aðrir eigendur þess fyrirtækis, sem í hlut á, eiga forkaupsrétt að bréfunum. Tilkynna skal forkaupsréttarhöfum um framkomið kauptilboð og þeir skulu hafa sagt til um það innan 15 daga frá móttöku tilkynningar, nema stjórn Byggðastofnunar ákveði annan frest og tilgreini hann í tilkynningu, hvort þeir ætla að nýta sér forkaupsrétt sinn.

11. gr.

Atvinnutryggingardeild fer með allar eignir og skuldbindingar Atvinnutryggingasjóðs útflutningsgreina, en deildin tók við þeim 1. janúar 1991. Hlutverk deildarinnar er að innheimta skuldabréf í eigu deildarinnar en henni er óheimilt að veita ný lán.

Stjórn Byggðastofnunar er heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda eignir atvinnutryggingardeildar, þar með talið að skuldbreyta, breyta skilmálum lána deildarinnar, breyta þeim í víkjandi lán eða fella þau niður, enda liggi fyrir samþykki forsætisráðherra og fjármálaráðherra. Að jafnaði skulu slíkar breytingar á skilmálum vera liður í aðgerðum sem miða að fjárhagslegri endurskipulagningu, meiri háttar skipulagsbreytingum, samruna fyrirtækja og öðru því sem til hagræðingar horfir. Tillögu stjórnar Byggðastofnunar til forsætisráðherra og fjármálaráðherra skal fylgja skrifleg og rökstudd umsögn Byggðastofnunar.

Forstjóra Byggðastofnunar er heimilt að samþykkja breytingar á aflaheimildum skipa sem atvinnutryggingadeild á veð í, veita veðleyfi og samþykkja breytingar á tryggingum og nafnabreytingar á lánum. Skilyrði er þó að tryggingar fyrir lánum rýrni ekki eða þær séu fullnægjandi þrátt fyrir breytinguna.

VI. KAFLI
Byggðaáætlanir.

12. gr.

Byggðastofnun gerir tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn í samræmi við 8. gr. laga nr. 64/1985, sbr. lög nr. 39/1991. Forsætisráðherra leggur tillöguna fyrir Alþingi til afgreiðslu í formi þingsályktunar.

Í tillögunni skal koma fram stefna ríkisstjórnar í byggðamálum og tengsl hennar við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum, svo og við áætlanir á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Forsætisráðherra kynnir Byggðastofnun, þegar vinna að undirbúningi tillögunnar hefst, stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum og á hvaða atriði lögð skuli áhersla við gerð áætlunarinnar.

Í forsendum áætlunarinnar gerir Byggðastofnun grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í einstökum landshlutum og markmiðum, sem æskileg eru talin og þjóðhagslega hagkvæmt er að stefna að varðandi þróun byggðar landsins í heild. Jafnframt skal í forsendum áætlunarinnar gerð úttekt á áhrifum þeirrar fjárhagslegu fyrirgreiðslu, sem Byggðastofnun hefur veitt frá því að síðasta áætlun var gerð, á þróun byggðar í landinu.

Stefnumótandi áætlun í byggðamálum skal fjalla um þær aðgerðir í byggðamálum sem ríkisvaldið hyggst grípa til og hversu miklu fé er fyrirhugað að veita til þeirra á hverju ári áætlunarinnar. Skal þar fjallað um aðgerðir sem Byggðastofnun og öðrum opinberum aðilum er ætlað að framkvæma.

Við gerð áætlunarinnar skal Byggðastofnun hafa samráð við ráðuneyti, Þjóðhagsstofnun, sveitarfélög og samtök þeirra og aðra aðila sem þurfa þykir. Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og öðrum ríkisstofnunum eða sveitarfélögum er rétt að veita Byggðastofnun þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til slíkrar áætlunargerðar.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

13. gr.

Stjórn Byggðastofnunar fjallar um stefnumótandi hluta byggðaáætlunar við undirbúning hennar. Hún fylgist með framkvæmd þeirra þátta hennar sem henni er falið af Alþingi.

14. gr.

Svæðisbundnar byggðaáætlanir skulu hafa að geyma greinargerð um ástand og horfur í þróun byggðar á viðkomandi svæði og markmiðum sem æskileg eru talin með tilliti til þjóðhagslegrar hagkvæmni byggðar í landinu. Að jafnaði skal hver áætlun taka til svæðis sem telja má sameiginlegt atvinnusvæði. Svæðisbundnar byggðaáætlanir skulu gerðar til 4ra ára.

Í svæðisbundinni byggðaáætlun skal fjallað um það hverjar af aðgerðum ríkisvaldsins í byggðamálum koma til framkvæmda á viðkomandi svæði og hversu miklu fé ríki og heimaaðilar hyggjast veita til atvinnuþróunarstarfs.

Stjórn Byggðastofnunar tekur ákvörðun um hvaða svæðisbundnu byggðaáætlanir skuli unnar á vegum stofnunarinnar og fylgist með gerð þeirra. Slíkar byggðaáætlanir skulu vera í samræmi við og unnar á grundvelli stefnumótandi áætlunar í byggðamálum sem Alþingi hefur samþykkt. Jafnframt skal hverju sinni endurskoða fyrirliggjandi svæðisbundnar byggðaáætlanir með hliðsjón af þeirri áætlun sem Alþingi hefur samþykkt.

Svæðisbundnar byggðaáætlanir skulu unnar í samstarfi við sveitarstjórnir á viðkomandi svæði og þau ráðuneyti sem við eiga. Í slíkri áætlun skal vera sameiginleg stefnumörkun og

útfærsla ríkis og viðkomandi sveitarstjórna um opinberar framkvæmdir og skipulag opinberrar þjónustu á svæðinu.

Áður en svæðisbundin byggðaáætlun hlýtur samþykki stjórnar Byggðastofnunar skal sveitarstjórnum á viðkomandi svæði og hlutaðeigandi héraðsnefnd gefinn kostur á að fjalla um tillögu að áætluninni og skila athugasemdum sínum til stjórnar Byggðastofnunar.

Svæðisbundnar byggðaáætlanir, sem stjórn Byggðastofnunar hefur samþykkt, skulu sendar forsætisráðherra sem kynnir þær ríkisstjórn og Alþingi.

VII. KAFLI
Atvinnuþróunarfélög.

15. gr.

Byggðastofnun getur átt aðild að atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni. Í slíkum félögum starfa sveitarfélög, samtök sveitarfélaga og launþega, atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar sem vilja taka þátt í og láta sig varða alhliða þróun og nýsköpun í atvinnulífi á viðkomandi svæði. Í þeim atvinnuþróunarfélögum sem Byggðastofnun tekur þátt í skal fulltrúi hennar að jafnaði eiga sæti í stjórn þeirra.

Stærð félagssvæðis atvinnuþróunarfélaga fer eftir aðstæðum í hverju héraði. Stjórn Byggðastofnunar veitir stuðning við stofnun og rekstur atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni á grundvelli umsókna frá þeim.

16. gr.

Byggðastofnun veitir, að fenginni umsókn atvinnuþróunarfélaga, styrki til verkefna á vegum þeirra á sviði þróunar og nýsköpunar í atvinnulífi á félagssvæðinu.

Byggðastofnun hefur samráð við tæknistofnanir atvinnuvega, stofnlánasjóði, menntastofnanir og aðra aðila sem vinna að hliðstæðum verkefnum og beitir sér fyrir samstarfi um stuðning við framkvæmd þeirra verkefna sem hún metur styrkhæf. Stjórn stofnunarinnar setur nánari reglur um þessar styrkveitingar.

VIII. KAFLI
Atvinnuráðgjafar.

17. gr.

Í hverju kjördæmi skal starfa a.m.k. einn atvinnuráðgjafi og hlutverk hans er að stunda almenna atvinnuráðgjöf á starfssvæði sínu.

Byggðastofnun skal hafa frumkvæði að því að gert verði samkomulag um starf atvinnuráðgjafa milli sveitarfélaga, samtaka þeirra, félaga vinnuveitenda og launþega og annarra aðila, sem rétt þykir að eigi aðild að starfi atvinnuráðgjafa í viðkomandi kjördæmi. Í þeim samningi skal kveðið á um skiptingu kostnaðar af starfi atvinnuráðgjafa, starfsskyldur hans og stjórn og eftirlit með starfi hans. Byggðastofnun skal að jafnaði greiða hluta kostnaðar við starf a.m.k. eins atvinnuráðgjafa í hverju kjördæmi auk þess sem stofnunin veitir faglega ráðgjöf og aðstoðar atvinnuráðgjafa við störf þeirra.

Atvinnuráðgjafi skal hafa samstarf við aðra aðila sem vinna að ráðgjafar- og leiðbeiningarstarfi á sviði atvinnumála í kjördæminu.

Atvinnuráðgjafar kjördæmanna skulu einnig vinna að samstarfi atvinnuþróunarfélaga innan viðkomandi kjördæmis og er heimilt að fela þeim framkvæmdastjórn þeirra ef um semst.

IX. KAFLI
Lán og annar fjárhagslegur stuðningur.

18. gr.

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr. laga nr. 64/1985. Lán eða annar fjárhagslegur stuðningur sem Byggðastofnun veitir skal vera í samræmi við þær byggðaáætlanir er gerðar hafa verið á grundvelli laga um Byggðastofnun.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er Byggðastofnun heimilt að veita atvinnuþróunarfélögum styrki til verkefna á vegum þeirra á sviði þróunar og nýsköpunar í atvinnulífi á félagssvæðum þeirra án þess að verkefnið hafi verið tekið inn á byggðaáætlun.

Veiting lána, ábyrgða og óafturkræfra framlaga skal byggjast á umsóknum, nema verið sé að afstýra neyðarástandi í atvinnu- og byggðamálum.

Fjárhagsleg aðstoð Byggðastofnunar skal miðast við að stofnunin sé ekki sjálf beinn þátttakandi í atvinnurekstri.

19. gr.

Stjórn Byggðastofnunar ákveður lánakjör stofnunarinnar. Skal í því efni bæði höfð hliðsjón af fjárhagsstöðu stofnunarinnar á hverjum tíma og tilganginum með lánveitingum hennar sbr. nánar ákvæði 23. gr. reglugerðar þessarar.

20. gr.

Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar stofnunarinnar. Þegar fyrir liggur svæðisbundin byggðaáætlun samþykkt af stjórn stofnunarinnar eða stefnumótandi byggðaáætlun samþykkt af Alþingi skal hafa hliðsjón af þeim, varðandi stofnun nýrra fyrirtækja.

Til að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja getur Byggðastofnun veitt aðstoð og ráðgjöf við undirbúning að stofnun fyrirtækja, lán, ábyrgðir og óafturkræf framlög. Byggðastofnun skal aðeins heimilt að taka þátt í félagi með hlutafjárframlagi eða öðrum stofnframlögum sem eigandi að um sé að ræða fjárfestingar- og þróunarfélag, þ.m.t. atvinnuþróunarfélag, sbr. 10 gr. laga nr. 64/1985, sbr. lög nr. 39/1991.

Bjóða skal til sölu á almennum markaði þau hlutabréf sem Byggðastofnun á og skal við það miðað að hlutabréfin séu auglýst til sölu eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er einnig að setja bréfin í sölu á viðurkenndum hlutabréfamarkaði.

Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til hlutafjáreignar Byggðastofnunar í fjárfestingar- og þróunarfélögum, þ.m.t. atvinnuþróunarfélögum, en stjórn Byggðastofnunar er heimilt að selja hlutabréf stofnunarinnar í slíkum félögum.

21. gr.

Með tilliti til hlutverks Byggðastofnunar, sbr. 2. gr. laga nr. 64/1985, er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í fjárfestingar- eða þróunarfélögum. Þá skal stofnunin hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki hennar.

X. KAFLI
Önnur ákvæði.

22. gr.

Forsætisráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar. Í skýrslunni skal m.a. gerð grein fyrir þeim byggðaáætlunum sem unnið hefur verið að hjá Byggðastofnun á liðnu ári og hlotið hafa samþykki auk framkvæmdar á þeim byggðaáætlunum, sem í gildi eru.

Ársreikningum skal fylgja skrá yfir lánveitingar og óafturkræf framlög Byggðastofnunar.

23. gr.

Byggðastofnun hefur tekjur af eftirfarandi:

1. Eignum Byggðasjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976.
2. Framlagi úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
3. Fjármagnstekjur.

Byggðastofnun skal varðveita raungildi eigin fjár síns. Eignir og tekjur Byggðastofnunar skulu hverju sinni hrökkva til að greiða fjárskuldbindingar stofnunarinnar. Útgjöld stofnunar-

innar, að meðtöldum framlögum á afskriftarreikning vegna áhættu í lánveitingum, ábyrgðum og hlutafjárþátttöku, skulu takmarkast við þau framlög sem hún fær í fjárlögum hverju sinni að viðbættri þeirri ávöxtun sem hún hefur af fjármunum sínum og öðrum tekjum ef einhverjar eru.

Byggðastofnun skal halda afskriftarreikning þannig að efnahagsreikningurinn gefi á hverjum tíma sem raunhæfasta mynd af fjárhagsstöðunni. Jafnharðan og ákvarðanir eru teknar um lánveitingar, ábyrgðir og hlutafjárþátttöku bætir stofnunin við afskriftarreikninginn. Fjárhæðirnar sem bætt er við afskriftarreikninginn skulu í hverju tilviki samsvara þeirri áhættu sem tekin er að mati forstjóra stofnunarinnar. Á hverju ári skal ekki tekin meiri áhætta samtals en samsvarar þeirri fjárhæð sem talið var mögulegt að leggja í afskriftarreikning í rekstraráætlun sbr. 5. gr. þessarar reglugerðar.

24. gr.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma lánsfjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila, þannig að ráðstöfunarfé stofnunarinnar verði a.m.k. 0,5 af hundraði þjóðarframleiðslu.

Við undirbúning lánsfjárlaga skal Byggðastofnun leggja fram tillögu um lánsfjárheimild ásamt sundurliðun á því til hvaða verkefna eigi að verja fénu.

25. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn þess eða er starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er verulega fjárhagslega háður fyrirtæki vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem eru honum svo persónulega tengdir að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á málið. Við upphaf stjórnarsetu ber stjórnarmanni að leggja fram yfirlit yfir þau fyrirtæki sem hann telur að svo sé ástatt um að hann geti ekki tekið þátt í afgreiðslu á málefnum þeirra. Hann skal einnig tilkynna ef breytingar verða á högum hans að þessu leyti.

26. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 23. gr. laga nr. 64/1985 um Byggðastofnun og 12. gr. laga nr. 9/1989, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

Byggðastofnun skal nú þegar hefja undirbúning að gerð byggðaáætlunar í samræmi við ákvæði 12. gr. þessarar reglugerðar, þannig að unnt verði að leggja hana fram í formi þingsályktunar á því Alþingi sem nú situr. Þar til slík áætlun hefur verið samþykkt á Alþingi skal unnið eftir þeim starfs- og rekstraráætlunum sem liggja skulu fyrir eigi síðar en 15. febrúar 1992, sbr. ákvæði 5. gr. reglugerðar þessarar. Lán og annar fjárhagslegur stuðningur sem Byggðastofnun veitir þar til byggðaáætlun hefur verið samþykkt á Alþingi skal vera í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, þó með þeirri undantekningu að áðurnefndar starfs- og rekstraráætlanir skulu koma í stað byggðaáætlana skv. 1.mgr. 18. gr. þessarar reglugerðar.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 5. febrúar 1992.

Davíð Oddsson.

Guðmundur Árnason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 1992

7. febrúar 1992 129 Nr. 52

REGLUGERÐ

um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi.

1. gr.

Frá og með 20. febrúar 1992 eru allar veiðar með togvörpu og dragnót bannaðar innan þriggja mílna frá fjörumarki meginlandsins á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi í austur frá Stokksnesvita og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi í suður frá Reykjanesvita.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru veiðar heimilaðar á eftirgreindum svæðum:

A. Á svæði í Meðallandsbug milli 17°V og 18°25'V eru kolaveiðar í dragnót heimilaðar. Heimilt er að binda leyfi til veiða sérstökum skilyrðum um útbúnað og stærð dragnótarinnar í því skyni að draga úr veiðum á öðrum fiski en kola.

B. Á svæði vestan línu, sem dregin er réttvísandi í suður frá Selvogsvita, eru dragnótaveiðar og togveiðar heimilaðar á árinu 1992.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. er heimilt er að veita þeim bátum, sem leyfi hafa til dragnótaveiða fyrir Suðurlandi leyfi til tilraunaveiða á vannýttum kolategundum á afmörkuðum svæðum. Tilraunir þessar fari fram undir eftirliti og stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar og miði fyrst og fremst að því að kanna möguleika til veiða á sandkola með sérútbúnni dragnót. Tilraunir þessar fari fram á tímabilinu 1. maí 1992 til 15. ágúst 1992.

3. gr.

Frá og með 20. febrúar 1992 eru allar veiðar með togvörpu og dragnót bannaðar umhverfis Vestmannaeyjar innan línu, sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki eftirgreindra eyja og skerja: Elliðaey, Bjarnarey, Heimaey, Suðurey, Hellisey, Súlnaskeri, Geirfuglaskeri, Geldungi, Álsey, Grasleysu, Þrídröngum og Einidrangi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru veiðar með dragnót og fótreipisvörpu heimilaðar á eftirgreindum svæðum og tíma:

A. Til og með 15. maí 1992 á svæði vestan línu sem dregin er í norður frá Heimaey þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman og norðan og vestan línu, sem dregin er frá Heimaey um Grasleysu í Þrídranga og þaðan í Einidrang og þaðan í réttvísandi suður.

B. Á tímabilinu frá og með 16. maí til og með 31. júlí 1992 á svæði sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 63°22'0 N – 20°24'0 V
2. 63°22'0 N – 20°30'0 V
3. 63°26'0 N – 20°28'0 V
4. 63°26'0 N – 20°22'0 V

4. gr.

Ákvæði 1. og 3. gr. breyta ekki heimildum til togveiða skv. lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. febrúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 53 5. febrúar 1992

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir þjónustu veitta af Ríkismati sjávarafurða.

1. gr.

Ríkismat sjávarafurða skal taka gjald fyrir vinnsluleyfi sem það gefur út til fiskvinnslustöðva og fyrir hæfnisvottorð sem það gefur út til fiskiskipa.

Vinnslustöðvar og fiskiskip skulu hljóta vinnsluleyfi og hæfnisvottorð að jafnaði einu sinni á ári.

Fyrir vinnsluleyfi til fiskvinnslustöðva samkvæmt 2. mgr. skal greiða gjald eins og hér segir eftir vinnslugreinum:

1. Grásleppustöðvar . . . . . kr. 4 000
2. Saltfisk-, síldarsöltunar- og skreiðarstöðvar . . . . . kr. 16 000
3. Lagmetisverksmiðjur, frystihús þ.m.t. skelfiskvinnslustöðvar og frystitogarar . . . . . kr. 30 000
4. Bráðabirgðavinnsluleyfi er veitt þeim vinnslustöðvum sem hafa þá ágalla að fullnægja ekki settum reglum um hreinlæti og búnað en teljast þó hæfar til matvælaframleiðslu að mati Ríkismats sjávarafurða. Hámarksgildistími bráðabirgðaleyfis er 3 mánuðir. Fyrir bráðabirgðaleyfi skal greiða sama gjald og tiltekið er í 1.–3. tl. hér að ofan.

Fyrir hæfnisvottorð til fiskiskipa samkvæmt 2. mgr. skal greiða eins og hér segir:

1. Fiskiskip 1–10 brúttórúmlestir . . . . . kr. 3 000
2. Fiskiskip 11–50 brúttórúmlestir . . . . . kr. 6 000
3. Fiskiskip 51–200 brúttórúmlestir . . . . . kr. 12 000
4. Fiskiskip 201 brúttórúmlestir og stærri . . . . . kr. 24 000
5. Fyrir bráðabirgðahæfnisvottorð sem gildir hámark 2 mánuði skal greiða skv. 1.–4. tl. hér að ofan.

Gjald fyrir hæfnisvottorð samkvæmt þessari grein skal innheimt við afhendingu vottorðsins.

2. gr.

Ríkismatið skal taka gjald vegna útflutningsmatsvottorða.

Skal gjald vegna afurða hvers framleiðanda á útflutningsvottorði vera kr. 500.

3. gr.

Ríkismatið skal taka gjald fyrir eftirlit og mat á afurðum þ.m.t. reglubundið framleiðslueftirlit, og mat á ferskum fiski til útflutnings og störfum sem því tengjast.

Þegar matsmaður hefur lokið störfum hverju sinni samkvæmt 1. mgr., skal hann skrifa vinnuskýrslu með tilgreindum fjölda dag- og eftirvinnustunda, sem hann hefur unnið og skal vinnuþegi eða trúnaðarmaður hans staðfesta hana með undirskrift sinni.

Ríkismatið reiknar út launakostnað samkvæmt vinnuskýrslum, sem um getur í 2. mgr. Fyrir hverja dagvinnustund skal taka kr. 900 en fyrir hverja yfirvinnustund kr. 1 400 miðað við launavísitölu í janúar 1991 og framreiknast miðað við þróun launavísitölunnar á hverjum tíma. Aldrei skal reikna minna en þrjár klst. fyrir störf þessi.

Heimilt er að taka sérstakt yfirtöku- og útflutningsmatsgjald fyrir hverja tunnu saltaðra hrogna í stað launakostnaðar samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins hverju sinni. Á sama hátt er heimilt að taka sérstakt gjald fyrir hvern gám, sem fiskur er ísaður í til útflutnings.

Séu gerðar efnagreiningar og/eða gerlaprufur, skulu þær greiddar samkvæmt reikningi.

4. gr.

Gjald Ríkismats sjávarafurða fyrir aðra útselda vinnu við sérfræðistörf en um getur í 1., 2. og 3. gr. skal vera kr. 2 500 á klst.

5. gr.

Útflytjendum og samtökum útflytjenda er skylt að greiða fyrir hönd umbjóðenda sinna reikninga, sem gefnir eru út vegna útgáfu vinnsluleyfa, löggiltra dagbóka, eftirlits og mats, og útgáfu útflutningsmatsvottorða svo og efnagreininga og gerlaprufa.

6. gr.

Fyrir undanþágu til matsstarfa skal greiða kr. 5 000 sem greiðast við afhendingu. Undanþága til matsstarfa er veitt til 3 mánaða í senn í samræmi við 10. gr. laga nr. 53/1984 um Ríkismat sjávarafurða.

7. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru lögð á og innheimt samkvæmt heimild í 26. gr. laga nr. 53, 30. maí 1984 til að öðlast gildi nú þegar.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 356, 9. júlí 1991 um gjöld fyrir þjónustu veitta af Ríkismati sjávarafurða.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. febrúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Leiklistarskóla Íslands nr. 190/1978 með áorðnum breytingum.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Skólastjóri annast stjórn skólans og daglegan rekstur hans.

Hann ræður kennara og annað starfslið að skólanum í samráði við skólanefnd eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Hann fer með fjárreiður skólans, hefur umsjón með eignum hans og gerir fjárhagsáætlanir í samráði við skólanefnd sbr. 3. gr.

Ráðningartími skólastjóra er fjögur ár og miðast ráðning hans við 1. júní.

Heimilt er að endurráða skólastjóra önnur fjögur ár og miðast ráðning hans við 1. júní.

Ráðuneytið setur skólastjóra erindisbréf að fengnum tillögum skólanefndar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 37/1975 um Leiklistarskóla Íslands og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 29. janúar 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Knútur Hallsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 – 1992

7. janúar 1992 133 Nr. 55

AUGLÝSING

um setningu flugreglna.

Samgönguráðuneytið hefur í dag gefið út flugreglur samkvæmt 5. og 89. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964 og gilda þær innan lofthelgi Íslands, svo og fyrir loftför skrásett á Íslandi, hvar sem þau eru stödd, svo fremi að þær brjóti ekki í bága við reglur sem út hafa verið gefnar af því ríki sem lögsögu hefur á því svæði er loftfarið flýgur yfir.

Reglurnar eru íslensk þýðing á viðbæti nr. 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 2 „Rules of the air") og eru án frávika frá honum. Viðaukar, merktir 1, 2, 3, 4, ásamt fylgiskjölum merkt A og B, teljast hluti reglnanna.

Þar sem getið er um „hlutaðeigandi stjórnvald" í greinum 3.1.4., 3.1.5., 3.1.6., 3.1.7. og 3.2.6.2., svo og um „hlutaðeigandi ATS-stjórnvald" í öðrum greinum reglnanna, er hér átt við flugmálastjórn, og verða tilskilin viðbótarákvæði birt í Flugmálahandbók -AIP Iceland. Þar eru ennfremur birt ákvæði og upplýsingar um bann-, hafta- og hættusvæði, flugumferðarþjónustu, mörk flugstjórnarrýmis, flugleiðir og flugvelli, sbr. 56., 57. og 90. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964.

Með brot á umræddum reglum skal farið að hætti opinberra mála og varða þau refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nr. 34/1964 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Flugreglurnar, sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, taka þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi auglýsingar um sama efni nr. 99 10. febrúar 1987, nr. 636 21. desember 1987 og nr. 332 30. júlí 1990.

Samgönguráðuneytið, 7. janúar 1992.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

Fylgiskjal.

Flugreglur (viðbætir 2).

I. KAFLI

ORÐASKÝRINGAR.

Ath. – Í texta þessara reglna er hugtakið „þjónusta" notað sem sértækt nafnorð er táknar starfsemi eða veitta þjónustu. Hugtakið „deild" er notað til að tákna alla þá aðila er sameiginlega veita þessa þjónustu.

Þegar eftirfarandi hugtök eru notuð í reglum þessum hafa þau þá merkingu sem hér greinir:

Aðflugsstjórn *(Approach control office).* Deild sem veitir stjórnuðu flugi, í að- og brottflugi til og frá einum eða fleiri flugvöllum, flugstjórnarþjónustu.

Aðflugstjórnarsvæði *(Terminal control area).* Flugstjórnarsvæði sem venjulega er komið þar fyrir sem ATS-leiðir mætast í námunda við einn eða fleiri aðalflugvelli.

Aðflugsstjórnarþjónusta *(Approach control service).* Flugstjórnarþjónusta við stjórnað flug í aðflugi og brottflugi.

Akbraut *(Taxiway).* Tiltekin braut á flugvelli, gerð fyrir akstur loftfara og ætluð til tengingar milli mismunandi hluta flugvallar, þar með taldar:

a) Akreinar loftfarastæðis (Aircraft stand taxilane). Hluti hlaðs, hannaður sem akbraut og eingöngu ætlaður til að komast að loftfarastæðum.
b) Akbrautir á hlöðum (Apron taxiway). Hluti akreinakerfis á hlöðum ætlað til aksturs um hlöðin.
c) Hraðakstursbraut (Rapid exit taxiway). Akbraut tengd flugbraut í hvössu horni og hönnuð til hraðaksturs af flugbraut eftir lendingu, með meiri hraða en kleift er á öðrum akbrautum svo að dvöl á flugbraut verði sem styst.

Akstur loftfara *(Taxiing).* Hreyfingar loftfars með eigin afli, um flugvöll, að undanskildu flugtaki og lendingu, en að meðtöldu flugi þyrlna rétt yfir yfirborði flugvallar innan áhrifa frá jörðu og með akturshraða loftfara, þ.e. flugakstur.

Athafnasvæði *(Movement area).* Sá hluti flugvallar, sem ætlaður er fyrir flugtök og lendingar loftfara og ferðir þeirra á jörðu, þ.e. umferðarsvæði og hlöð.

ATS-leið *(ATS route).* Tiltekin leið sem flugumferð er beint eftir, svo sem nauðsynlegt þykir þegar flugumferðarþjónusta er veitt.

Ath.– Hugtakið „ATS-leið" er notað ýmist til að tákna flugleið, leið sem lýtur flugumferðarstjórn eða ekki, aðflugsleið, brottflugsleið, ráðgjafarleið o.s.frv.

Áætlaður heildarflugtími *(Total estimated elapsed time).*

Vegna blindflugs: Áætlaður flugtími, frá flugtaki til komu yfir tilgreindan stað sem skilgreindur hefir verið með aðstoð flugleiðsögustöðvar og hefja má blindaðflug frá, eða sé engin flugleiðsögustöð til aðflugs að lendingarflugvelli, til komu yfir lendingarflugvöll.

Vegna sjónflugs: Áætlaður flugtími, frá flugtaki til komu yfir lendingarflugvöll.

Áætlaður hlaðfarartími *(Estimated off-block time).* Sá tími sem áætlað er að loftfar byrji að hreyfast af stað til brottfarar.

Áætlaður komutími *(Estimated time of arrival).* Fyrir blindflug, sá tími, sem áætlað er, að loftfar komi yfir tiltekinn stað, sem leiðsögutæki segja til um, að áætlað sé, að blindaðflug hefjist, eða, ef engin leiðsögutæki eru við flugvöllinn, áætlaður komutími yfir hann. Fyrir sjónflug, áætlaður komutími yfir flugvöllinn.

Bannsvæði *(Prohibited area).* Tiltekið loftrými innan lofthelgi ríkis þar sem flug loftfara er bannað.

Blindaðflug *(Instrument approach procedure)*. Fyrirfram ákveðin flugbrögð loftfars, gerð með aðstoð flugmælitækja. Tilgreint skal bil frá hindrunum frá upphafsstað aðflugs eða, þar sem unnt er, frá byrjun skilgreindrar komuleiðar að þeim stað þar sem hægt er að ljúka lendingu. Ef lendingu verður ekki lokið, þá að stað, þar sem sérstök greinimörk gilda um biðflug eða hindranir fyrir loftför á flugi.

Blindflug *(IFR flight)*. Flug samkvæmt blindflugsreglum.

Blindflugsskilyrði *(Instrument meteorological conditions)*. Veðurskilyrði neðan við lágmark sjónflugsskilyrða, tilgreind sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahæð.
Ath.– Lágmark sjónflugsskilyrða er tilgreint í 4. kafla.

Endurtæk flugáætlun *(Repetitive flight plan (RPL))*. Flugáætlun vegna raðflugs, sem er oft endurtekið og reglulega starfrækt á sama hátt í grundvallaratriðum, sem flugrekandi leggur fram til varðveislu og endurtekinna nota flugumferðarþjónustudeilda.

Farflugsklifur *(Cruise climb)*. Farflugsaðferð sem eykur flughæð eftir því sem loftfarið léttist.

Farflugslag *(Cruising level)*. Lag sem haldið er óbreyttu á verulegum hluta flugs.

Ferill *(Track)*. Leið loftfars, miðuð við yfirborð jarðar, stefnan er venjulega tilgreind í gráðum frá norðri (réttvísandi, misvísandi eða netstefnu).

Flugáætlun *(Flight plan)*. Tilteknar upplýsingar um fyrirhugað flug eða hluta þess, látnar flugumferðarþjónustudeild í té.

Flugbraut *(Runway)*. Afmarkað, rétthyrnt svæði á flugvelli, gert til flugtaks og lendingar loftfara.

Flugfjarskiptastjórnstöð *(Air-ground control radio station)*. Flugfjarskiptastöð sem gegnir aðallega því hlutverki að annast fjarskipti er varða flug og flugumferðarstjórn loftfara á tilteknu svæði.

Flugheimild *(Air traffic control clearance)*. Heimild veitt loftfari til að halda áfram samkvæmt skilyrðum, sem flugstjórnardeild tilgreinir.
Ath. 1 – Til hagræðis er hugtakið „flugheimild" oft stytt í „heimild" þegar það er notað í viðeigandi samhengi.
Ath. 2 – Fyrir framan „heimild" má setja orðin „aksturs-", „flugtaks-", „brottflugs-", „leiðar-", „aðflugs-" eða „lendingar-" til að auðkenna þann hluta flugsins sem flugheimildin nær til.

Flugheimildarmörk *(Clearance limit)*. Sá staður, sem loftfar fær flugheimild til.

Flughæð *(Altitude)*. Lóðrétt fjarlægð lárétts lags, punkts eða hlutar, sem litið er á sem punkt, mæld frá meðalsjávarmáli (MSL).

Fluglag *(Flight level)*. Flötur með jöfnum loftþrýstingi, sem miðaður er við ákveðið loftþrýstimið, 1013.2 Hektopasköl (hPa) og aðgreindur er frá öðrum slíkum flötum af tilteknum loftþrýstingsmun.
Ath. 1 – Þrýstingshæðarmælir, sem kvarðaður er samkvæmt ICAO-reglum um meðalloft:
a) sýnir flughæð þegar hann er stilltur á QNH,
b) sýnir hæð yfir QFE-viðmiðun þegar hann er stilltur á QFE,
c) sýnir fluglag, þegar hann er stilltur á 1013.2 Hectopasköl (hPa).
Ath. 2 – Hugtökin „hæð" og „flughæð", sem tilgreind eru í ath. 1 hér að framan, fela í sér stöðu hæðarmælis fremur en raunverulegar hæðir.

Flugleið *(Airway)*. Flugstjórnarsvæði eða hluti þess í gervi loftganga, sem búin eru radíóleiðsögutækjum.

Flugmálahandbók – AIP *(Aeronautical information publication – AIP)*. Bók, sem flugmálastjórn ríkis gefur út og í er varanleg fræðsla, nauðsynleg við flug og flugrekstur.

Flugradíóstöð *(Aeronautical station)*. Radíóstöð á landi sem veitir loftförum farstöðvarþjónustu. Í sérstökum tilvikum getur slík stöð t.d. verið um borð í skipi eða á palli á sjó.

Flugskyggni *(Flight visibility)*. Skyggni fram á við úr stjórnklefa loftfars á flugi.

Flugstjóri *(Pilot-in-command).* Flugmaður sem ábyrgð ber á ferðum og öryggi loftfars meðan á fartíma stendur.

Flugstjórnardeild *(Air traffic control unit).* Almennt hugtak sem táknar ýmist flugstjórnarmiðstöð, aðflugsstjórn eða flugturn.

Flugstjórnarmiðstöð *(Area control centre).* Deild, sem veitir stjórnuðu flugi í flugstjórnarsvæðum sem undir hana heyra, flugstjórnarþjónustu.

Flugstjórnarrými *(Controlled airspace).* Loftrými af tiltekinni stærð, þar sem blindflugi og sjónflugi er veitt flugstjórnarþjónusta samkvæmt flokkun loftrýmis.
Ath.– Stjórnað loftrými er almennt hugtak, sem á við A, B, C, D og E flokka ATS-loftrýmis.

Flugstjórnarsvið *(Control zone).* Flugstjórnarrými sem nær frá jörðu upp að tilteknum efri mörkum.

Flugstjórnarsvæði *(Control area).* Flugstjórnarrými, sem nær uppávið frá tiltekinni hæð yfir jörðu.

Flugstjórnarsvæðisþjónusta *(Area control service).* Flugstjórnarþjónusta, sem veitt er stjórnuðu flugi í flugstjórnarsvæðum.

Flugstjórnarþjónusta *(Air traffic control service).* Þjónusta veitt í því skyni að:
1) koma í veg fyrir árekstra:
   a) milli loftfara, og
   b) milli loftfara og hindrana á umferðarsvæði flugvallar
2) flýta fyrir og stuðla að skipulegri flugumferð.

Flugturn *(Aerodrome control tower).* Deild sem veitir flugvallarumferð flugstjórnarþjónustu.

Flugturnsþjónusta *(Aerodrome control service).* Flugstjórnarþjónusta veitt flugvallarumferð.

Flugumferð *(Air traffic).* Öll loftför á flugi eða á ferð á umferðarsvæði flugvallar.

Flugumferðarupplýsingar. *(Traffic information).* Upplýsingar, sem flugumferðarþjónustudeildir veita flugmönnum til að vara þá við annarri flugumferð, sem tekið er eftir eða vitað um nálægt stöðu eða fyrirhugaðri flugleið loftfars, til að hjálpa flugmönnum að forðast árekstra.

Flugumferðarþjónusta *(Air traffic service).* Almennt hugtak sem táknar ýmist flugupplýsingaþjónustu, viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu eða flugstjórnarþjónustu, (flugstjórnarsvæðisþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu eða flugturnsþjónustu).

Flugumferðarþjónustudeild *(Air traffic services unit).* Almennt hugtak sem táknar ýmist flugstjórnardeild, flugupplýsingamiðstöð eða flugvarðstofu.

Flugupplýsingamiðstöð *(Flight information centre).* Deild sem veitir flugupplýsinga- og viðbúnaðarþjónustu.

Flugupplýsingasvæði *(Flight information region).* Loftrými af tiltekinni stærð þar sem flugupplýsinga- og viðbúnaðarþjónusta er veitt.

Flugupplýsingaþjónusta *(Flight information service).* Þjónusta, sem felst í ráðleggingum og upplýsingum sem stuðla að öryggi og hagkvæmni flugs.

Flugvallarumferð *(Aerodrome traffic).* Öll umferð á umferðarsvæði flugvallar og öll loftför á flugi í nánd við flugvöll.
Ath.– Loftfar er í nánd við flugvöll þegar það er í umferðarhring flugvallar, er að koma inn í hann eða er að fara út úr honum.

Flugvarðstofa *(Air traffic services reporting office).* Deild sem tekur við tilkynningum um flugumferðarþjónustu og flugáætlunum fyrir brottför.
Ath.– Flugvarðstofa getur verið sérstök deild eða sameinuð annarri flugumferðarþjónustudeild eða deild úr upplýsingaþjónustu flugvalla.

Flugvél *(Aeroplane).* Vélknúið loftfar, þyngra en loft, sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á vængfleti sem eru óhreyfanlegir meðan á tilteknum þætti flugs stendur.

Flugverji *(Flight crew member)*. Áhafnarliði sem er handhafi flugliðaskírteinis og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfsemi loftfarsins meðan á fartíma stendur.

Flugvöllur *(Aerodrome)*. Tiltekið svæði (að meðtöldum byggingum og búnaði), sem ætlað er að nokkru eða öllu leyti til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu.

Flugvöllur með flugturni *(Controlled aerodrome)*. Flugvöllur þar sem flugvallarumferð er veitt flugstjórnarþjónusta.

Ath.– Hugtakið „flugvöllur með flugturni" táknar að flugvallarumferð sé veitt flugstjórnarþjónusta, en gefur ekki endilega til kynna, að þar sé flugstjórnarsvið.

Gildandi flugáætlun *(Current flight plan)*. Flugáætlun, með eða án breytinga frá skráðri flugáætlun, eftir að flugheimild hefur verið veitt.

Haftasvæði *(Restricted area)*. Tiltekið loftrými í lofthelgi ríkis þar sem flug loftfara er háð tilteknum höftum.

Hlað *(Apron)*. Tiltekið svæði á flugvelli ætlað loftförum við fermingu, affermingu, áfyllingu, stöðu og viðhald.

Hlutaðeigandi stjórnvald *(Appropriate authority)*.

1) Um flug yfir úthaf: Stjórnvald, sem máli skiptir, í skrásetningarríki loftfarsins.
2) Um annað flug: Stjórnvald, sem máli skiptir, í því ríki sem lögsögu hefur á því svæði sem flogið er yfir.

Hlutaðeigandi ATS-stjórnvald *(Appropriate ATS authority)*. Viðeigandi stjórnvald, sem það ríki tilnefnir, sem ber ábyrgð á að veita flugumferðarþjónustu í umræddu loftrými.

Hæð *(Height)*. Lóðrétt fjarlægð lárétts lags, punkts eða hlutar, sem litið er á sem punkt, mæld frá tiltekinni viðmiðun.

Hættusvæði *(Danger area)*. Tiltekið loftrými þar sem starfsemi, hættuleg flugumferð, getur átt sér stað á tilteknum tíma.

IFR *(Instrument flight rules)*. Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um blindflugsreglur.

IMC *(Instrument meteorological conditions)*. Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um blindflugsskilyrði.

Lag *(Level)*. Almennt hugtak sem varðar lóðrétta stöðu loftfars á flugi og á ýmist við hæð, flughæð eða fluglag.

Lendingarsvæði *(Landing area)*. Sá hluti athafnasvæðis flugvallar sem ætlaður er fyrir lendingar og flugtök loftfara.

Listflug *(Acrobatic flight)*. Flugbrögð sem gerð eru af ásettu ráði og fela í sér snöggar breytingar á flugstöðu, óeðlilega flugstöðu eða óeðlilega hraðabreytingu.

Loftfar *(Aircraft)*. Sérhvert það tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

Loftrými flugumferðarþjónustu *(Air traffic services airspaces)*. Loftrými af tilgreindri stærð, merkt bókstöfum í stafrófsröð. Innan þess er tilgreindum tegundum flugs heimilað flug og þar gildir mismunandi flugumferðarþjónusta og flugreglur.

Ath.– ATS-loftrými eru flokkuð og merkt bókstöfunum A-G.

Mannlaus frjáls loftbelgur *(Unmanned free balloon)*. Mannlaust loftfar, ekki vélknúið og léttara en loft í frjálsu flugi.

Ath.– Mannlausir frjálsir loftbelgir eru flokkaðir sem þungir, meðalþungir eða léttir samkvæmt ákvæðum í viðauka 4.

Merkjareitur *(Signal area)*. Reitur á flugvelli þar sem komið er fyrir merkjum til leiðbeiningar loftförum.

Ráðgjafarleið *(Advisory route)*. Afmörkuð leið, þar sem ráðgjafarþjónusta er fáanleg.

Ráðgjafarrými *(Advisory airspace)*. Loftrými af tilgreindri stærð, eða afmörkuð leið, þar sem ráðgjafarþjónusta er fáanleg.

Ráðgjafarþjónusta *(Air traffic advisory service).* Þjónusta veitt loftförum í blindflugi innan ráðgjafarrýmis til að annast aðskilnað milli þeirra eins og við verður komið.

Ráðgjöf til að afstýra árekstri. *(Traffic avoidance advice).* Ráðgjöf, sem flugumferðarþjónustudeildir veita flugmönnum um tilgreind flugbrögð til að forðast árekstur.

Sérlegt sjónflug *(Special VFR flight).* Sjónflug, sem flugumferðarstjórn heimilar í flugstjórnarsviði við veðurskilyrði, sem eru verri en sjónflugsskilyrði.

Sérstaða flugs *(Flight status).* Upplýsingar um það hvort tiltekið loftfar þarfnist sérstakrar afgreiðslu flugumferðarþjónustudeilda eða ekki.

Sjónflug *(VFR flight).* Flug samkvæmt sjónflugsreglum.

Sjónflugsskilyrði *(Visual meteorological conditions).* Veðurskilyrði, sem eru tilgreind sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahæð og eru jöfn eða betri en tilgreind lágmörk.
Ath.– Hin tilgreindu lágmörk er að finna í 4. kafla.

Skiptihæð *(Transition altitude).* Hæsta flughæð þar sem miða skal lóðrétta stöðu loftfars við flughæð.

Skiptistaður *(Change-over point).* Sá staður, er loftfari á hluta ATS-leiðar, sem ákveðinn er af fjölstefnuvitum (VOR), er ætlað að skipta flugleiðsöguviðtöku frá VOR-stöðinni fyrir aftan það á VOR-stöðina fram undan.
Ath.– Skiptistaðir eru ákveðnir með hliðsjón af heppilegasta vægi styrks og gæða merkjasendinga hlutaðeigandi stöðva til að tryggja að öll loftför á flugi á sama hluta flugleiðar notist við leiðsögu sömu stöðvar.

Skráð flugáætlun *(Filed flight plan).* Flugáætlun sem flugmaður eða tilnefndur fulltrúi hans hefur skráð hjá flugumferðarþjónustudeild án breytinga sem seinna kunna að hafa verið gerðar á henni.

Skýjahæð *(Ceiling).* Sú hæð frá yfirborði jarðar upp að neðra borði lægsta skýjalags, neðan 20.000 feta (6000 m), sem þekur meira en helming himinhvolfsins.

Skyggni *(Visibility).* Sú fjarlægð, sem ástand andrúmsloftsins gerir mögulegt að sjá og greina áberandi óupplýsta hluti að degi til og áberandi upplýsta hluti að nóttu, tilgreind í metrum og kílómetrum.

Stefna *(Heading).* Stefna sú, sem langás loftfars vísar í, venjulega tilgreind í gráðum frá norðri (réttstefna, segulstefna, kompásstefna eða netstefna).

Stjórnað flug *(Controlled flight).* Sérhvert flug, sem þarf flugheimild.

Stöðumið *(Reporting point).* Tiltekinn staður á jörðu sem loftfar getur miðað við er það tilkynnir stöðu sína.

Umferðarsvæði *(Manoeuvring area).* Sá hluti flugvallar, sem ætlaður er fyrir flugtök og lendingar loftfara og ferðir þeirra á jörðu í sambandi við flugtök og lendingar, þó ekki á hlöðum.

Vallarskyggni *(Ground visibility).* Skyggni á flugvelli tilkynnt af viðurkenndum athuganda.

Vallarsvið *(Aerodrome traffic zone).* Tiltekið loftrými umhverfis flugvöll til öryggis flugvallarumferð.

Varaflugvöllur *(Alternate aerodrome).* Flugvöllur sem fljúga má til, ef ómögulegt eða óráðlegt verður að halda áfram til eða lenda á ákvörðunarflugvelli.

Varaflugvellir teljast:

Varaflugvöllur við flugtak. *(Take-off alternate).* Varaflugvöllur, sem hægt er að lenda á, ef nauðsyn krefur skömmu eftir flugtak og ekki er hægt að nota brottfararflugvöll.

Varaflugvöllur á flugleið. *(En-route alternate).* Flugvöllur, sem loftfar gæti lent á, ef um óvenjulegt ástand eða hættuástand yrði að ræða í leiðarflugi.

Varaflugvöllur ákvörðunarstaðar. *(Destination alternate).* Varaflugvöllur, sem loftfar gæti farið til, ef ómögulegt eða óráðlegt verður að lenda á ákvörðunarflugvelli.
Ath.– Brottfararflugvöllur getur einnig verið varaflugvöllur á flugleið eða varaflugvöllur ákvörðunarstaðar.

VFR *(Visual flight rules)*. Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um sjónflugsreglur.

Viðbúnaðarþjónusta *(Alerting service)*. Þjónusta sem tilkynnir viðeigandi stofnunum, þegar nauðsyn er leitar- og björgunaraðgerða vegna loftfara, og er til aðstoðar slíkum stofnunum eftir þörfum.

VMC *(Visual meteorological conditions)*. Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um sjónflugsskilyrði.

Væntanlegur aðflugstími *(Expected approach time)*. Tími sá, er flugumferðarstjórn væntir að loftfar í aðflugi, sem orðið hefur fyrir töf, geti farið frá biðstöðumiði og lokið aðflugi til lendingar.

Ath.– Aðflugsheimild tilgreinir síðan hvenær loftfarið má fara frá biðstöðumiði.

Þrýstingshæð *(Pressure-altitude)*. Loftþrýstingur sýndur sem hæð yfir sjávarmáli og samsvarar þeim þrýstingi, sem er í meðallofti (sjá Annex 8).

II. KAFLI
GILDISSVIÐ FLUGREGLNANNA.

2.1 Staðbundið gildissvið flugreglnanna.

2.1.1 Flugreglur þessar skulu gilda innan lofthelgi Íslands og fyrir loftför skrásett á Íslandi, hvar sem þau eru stödd, svo fremi að þær brjóti ekki í bága við reglur sem út hafa verið gefnar af því ríki sem lögsögu hefur á því svæði er loftfarið flýgur yfir.

Ath.– Við fullgildingu viðbætis nr. 2 (ICAO Annex 2) í apríl 1948 og breytingu nr. 1 á þeim viðbæti í nóvember 1951 ákvað fastaráð ICAO að umræddur viðbætir hefði að geyma reglur um flug og annan rekstur loftfara í skilningi 12. greinar stofnskrár ICAO. Yfir úthafi gilda reglur þessar því án undantekningar.

2.1.2 Ef – og svo lengi sem aðildarríki hefur ekki tilkynnt ICAO annað – skal litið svo á að það hafi samþykkt eftirfarandi tilhögun um loftför sem það hefur skrásett: Þegar um er að ræða flug yfir þau svæði úthafsins, þar sem aðildarríki hefur tekið að sér ábyrgð á veitingu flugumferðarþjónustu á grundvelli alþjóðlegs, svæðisbundins loftferðasamkomulags, á „hlutaðeigandi ATS-stjórnvald" í reglum þessum við það stjórnvald sem tilnefnt er af ríki því sem ábyrgð ber á veitingu þeirrar þjónustu.

Ath. – Orðasambandið „alþjóðlegt, svæðisbundið loftferðasamkomulag" táknar samkomulag, sem fastaráð ICAO hefur samþykkt, vanalega að ráði flugmálaráðstefnu (Regional Air Navigation Meeting).

2.2 Hvernig reglum skal fylgt.

Starfsemi loftfara, hvort heldur er á flugi eða á athafnasvæði flugvallar, skal vera í samræmi við almennar reglur 3. kafla og auk þess, þegar þau eru á flugi, annaðhvort í samræmi við:

a) sjónflugsreglurnar (VFR) í 4. kafla, eða
b) blindflugsreglurnar (IFR) í 5. kafla.

Ath.1 – Viðeigandi upplýsingar um þá þjónustu, sem veita skal loftförum, sem fljúga samkvæmt bæði sjónflugs- og blindflugsreglum í hinum sjö flokkum ATS-loftrýmis, er að finna í viðbæti (Annex) 11, gr. 2.6.1 og 2.6.3.

Ath.2 – Flugmaður getur kosið að fljúga samkvæmt blindflugsreglum, þótt sjónflugsskilyrði séu, eða hlutaðeigandi ATS-stjórnvald getur krafist þess af honum.

2.3 Ábyrgð á því að flugreglum sé fylgt.

2.3.1 **Ábyrgð flugstjóra.** Flugstjóri loftfars skal, hvort sem hann hefur hönd á stjórntækjunum eða ekki, vera ábyrgur fyrir því að starfsemi loftfarsins sé í samræmi við flugreglurnar. Honum skal þó heimilt að víkja frá reglunum þegar slíkt frávik er bráðnauðsynlegt af öryggisástæðum.

2.3.2 **Flugundirbúningur.** Áður en flug er hafið skal flugstjóri kynna sér allar tiltækar upplýsingar sem flugið varðar. Við undirbúning flugs úr nágrenni flugvallar, svo og við allt blindflug, skal athuga nákvæmlega tiltækar veðurskýrslur og veðurspár og hliðsjón skal höfð af eldsneytisþörf og vararáðstöfunum ef ekki reynist unnt að ljúka fluginu samkvæmt áætlun.

2.4 Valdsvið flugstjóra.

Flugstjóri skal hafa óskorað vald yfir starfsemi loftfars meðan hann hefur stjórn þess með höndum.

2.5 Neysla áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja o.fl.

Enginn flugverji má hafa á hendi starfa í loftfari ef hann er vegna neyslu áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja, vegna sjúkdóms eða þreytu eða annarra líkra orsaka óhæfur til að rækja starfann á tryggilegan hátt. Nú er vínandamagn í blóði flugstjóra eða annars flugverja yfir 0,4 0/00 eða áfengi er í líkama hans, sem leitt getur til slíks vínandamagns í blóðinu, og telst hann þá undir áhrifum áfengis og eigi hæfur til starfa í loftfari. Eigi leysir það aðila undan sök þótt hann ætli vínanda í blóði sínu minni. Flugstjóri og flugverjar, sem teljast til áhafnar loftfara, mega ekki neyta áfengis síðustu 18 klukkustundir áður en störf eru hafin né heldur meðan þeir eru að starfi. Varðar það að jafnaði missi skírteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

III. KAFLI
ALMENNAR REGLUR.

3.1 Vernd manna og eigna.

3.1.1 **Vanræksla eða gáleysi við stjórn loftfars.**
Við stjórn loftfars skal hvorki sýna vanrækslu né gáleysi þannig að lífi eða eignum annarra geti stafað hætta af.

3.1.2 **Lágmarkshæðir.**
Loftförum skal flogið í nægilegri hæð yfir þéttbýlum hlutum borga, bæja eða þorpa, eða yfir útisamkomum, þannig að hægt sé að nauðlenda án þess að stofna mönnum eða eignum á jörðu niðri í ótilhlýðilega hættu. Undanþága frá þessu ákvæði er þegar nauðsyn krefur við flugtök og lendingar eða þegar sérstakt leyfi hefur fengist frá hlutaðeigandi stjórnvaldi.

Ath.– Sjá 4.5 um lágmarkshæðir fyrir sjónflug og 5.1.2 um lágmarkslög fyrir blindflug.

3.1.3 **Farflugslög.**
Farflugslög sem flogið skal í á tilteknu flugi eða hluta þess, skulu miðuð við:
a) fluglög, fyrir flug í eða ofar lægsta nothæfa fluglagi eða, þegar við á, ofar skiptihæð.

b) flughæðir, fyrir flug fyrir neðan lægsta nothæft fluglag eða, þegar við á, í eða neðan skiptihæðar.

Ath.– Fluglagakerfið er nánar útskýrt í „Procedures for Air Navigation Services – Aircraft Operations (ICAO Doc. 8168 OPS/611)".

3.1.4 **Útkast hluta eða úðun frá loftfari.**
Engu skal kastað fyrir borð loftfars á flugi né heldur úðað frá því nema fullnægt sé skilyrðum sem hlutaðeigandi stjórnvald setur og tekin eru fram í viðeigandi upplýsingum, ráðgjöf og/eða heimildum frá hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild.

3.1.5 **Flugtog.**
Loftfar skal ekki draga annað loftfar eða hluti, í flugtogi, nema samkvæmt ákvæðum hlutaðeigandi stjórnvalds, sem tilgreind eru í viðeigandi upplýsingum, ráðgjöf og/eða heimildum frá hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild.

3.1.6 **Fallhlífastökk.**
Fallhlífastökk, önnur en þau sem gerð eru í neyðarskyni, skulu ekki heimil nema fullnægt sé skilyrðum sem hlutaðeigandi stjórnvald setur um það efni og tekin eru fram í viðeigandi upplýsingum, ráðgjöf og/eða heimildum frá hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild.

3.1.7 **Listflug.**
Listflug skal ekki flogið nema fullnægt sé skilyrðum sem hlutaðeigandi stjórnvald setur um það efni og tekin eru fram í viðeigandi upplýsingum, ráðgjöf og/eða heimildum frá hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild.

3.1.8 **Mannlaus frjáls loftbelgur.**
Mannlausum frjálsum loftbelgjum skal svifað þannig að sem minnst hætta verði fyrir menn, mannvirki eða önnur loftför, enda samkvæmt skilyrðum sem tilgreind eru í viðauka 4.

3.1.9 **Bannsvæði og haftasvæði.**
Loftfari skal ekki flogið í bann- eða haftasvæði, sem hefur verið hæfilega auglýst, nema flogið sé í samræmi við ákvæði haftanna eða samkvæmt leyfi ríkis þess sem hefur ákveðið svæðin.

3.2 Reglur til að afstýra árekstrum.

Ath.– Áríðandi er að ekki sé slakað á árvekni gagnvart árekstrarhættu, meðan loftfar er á flugi, án tillits til í hvaða flokki loftrýmis er flogið og í akstri á athafnasvæði flugvallar.

3.2.1 **Nálægð.**

3.2.1.1 Loftfar skal ekki vera á ferð svo nálægt öðru loftfari að af því geti stafað árekstrarhætta.

3.2.1.2 Loftförum skal ekki flogið í fylkingu nema áður hafi verið gert um það samkomulag.

3.2.2 **Leiðarréttur.**
Loftfar, sem á leiðarrétt, skal halda stefnu sinni og hraða en ekkert í reglum þessum leysir flugstjóra loftfars undan þeirri skyldu að gera hverjar þær ráðstafanir sem best geta afstýrt árekstri.

3.2.2.1 Loftfar, sem samkvæmt eftirfarandi reglum verður að víkja fyrir öðru loftfari, skal forðast að fara fram hjá því, fyrir ofan það eða neðan, eða fara þvert fyrir það nema í öruggri fjarlægð og með fullu tilliti til áhrifa flugrastar.

3.2.2.2 **Ferlar mætast.** Þegar tvö loftför nálgast á sem næst gagnstæðum ferli og hætta er á árekstri skal hvort um sig breyta stefnu til hægri.

3.2.2.3 **Ferlar skerast.** Þegar ferlar tveggja loftfara skerast nokkurn veginn í sama lagi skal það loftfarið, sem hefur hitt á hægri hönd, veita því forgang, þó með þeim undantekningum sem hér segir:

a) vélknúin loftför, þyngri en loft, skulu víkja fyrir loftskipum, sviffflugum og loftbelgjum,
b) loftskip skulu víkja fyrir sviffflugum og loftbelgjum,
c) sviffflugur skulu víkja fyrir loftbelgjum,
d) vélknúin loftför skulu víkja fyrir loftförum, sem hafa önnur loftför eða hluti í flugtogi.

3.2.2.4 **Farið fram úr.** Loftfar telst vera að fara fram úr ef það nálgast annað loftfar aftan frá þannig að stefnumunur þeirra sé minni en 70 gráður, þ.e. í slíkri afstöðu að í myrkri gæti það ekki séð þau siglingaljós hins sem eru vinstra megin (á bakborða) eða hægra megin (á stjórnborða). Loftfar, sem farið er fram úr, á leiðarrétt en loftfar það, sem fram úr fer, skal, hvort sem það er í stígandi, lækkandi eða láréttu flugi, varast hitt loftfarið með því að breyta stefnu til hægri og skulu engar þær breytingar, sem verða kunna á afstöðu loftfaranna hvors til annars, leysa það loftfarið, sem fram úr ætlar, frá þessari skyldu fyrr en það er vel komið fram hjá hinu.

3.2.2.5 **Lending.**

3.2.2.5.1 Loftfar á flugi eða á ferð á láði eða legi skal veita forgang loftfari sem er að lenda eða er komið að lokastigi aðflugs til lendingar.

3.2.2.5.2 Þegar tvö eða fleiri loftför, þyngri en loft, nálgast flugvöll, til lendingar, skal það loftfarið, sem hærra er, víkja fyrir hinu lægra, sem þó má ekki notfæra sér þessa reglu til þess að fara beint í veg fyrir annað loftfar, sem er komið að lokastigi aðflugs til lendingar, eða fara fram úr því. Þó skulu vélknúin loftför, þyngri en loft, veita sviffflugum forgang.

3.2.2.5.3 **Nauðlending.** Loftfar, sem verður þess vart að annað loftfar neyðist til að lenda, skal víkja fyrir því.

3.2.2.6 **Flugtak.**
Loftfar í akstri á umferðarsvæði flugvallar skal víkja fyrir loftfari sem er í flugtaki eða um það bil að hefja flugtak.

3.2.2.7 **Akstur loftfara.**

3.2.2.7.1 Eftirfarandi gildir ef hætta er á árekstri milli tveggja loftfara í akstri á athafnasvæði flugvallar:

a) komi tvö loftför hvort á móti öðru, skulu bæði nema staðar, eða þegar aðstæður leyfa, víkja vel til hægri,
b) þegar ferlar tveggja loftfara skerast skal það sem hefur hitt sér til hægri víkja,
c) loftfar sem farið er fram úr á réttinn og það sem fram úr fer, skal halda sér í nægri fjarlægð.

Ath.– Sjá kafla 3.2.2.4 um nánari lýsingu á framúrakstri loftfara.

3.2.2.7.2 Loftfar í akstri á umferðarsvæði flugvallar skal nema staðar og bíða við allar akstursbiðstöður, nema flugturn heimili annað.

Ath.– Sjá merkingar og tilheyrandi tákn um akstursbiðstöður í viðbæti 14, fyrra bindi gr. 5.2.9 og 5.4.2.

3.2.2.7.3 Loftfar í akstri á umferðarsvæði flugvallar skal nema staðar og bíða við öll upplýst stöðvunarljós og má halda áfram, þegar slökkt hefur verið á slíkum ljósum.

3.2.3 **Ljós notuð á loftförum.**

Ath. 1 – Sérkenni ljósa samkvæmt 3.2.3, fyrir loftför, eru tilgreind í viðbæti 8. Nákvæm lýsing siglingaljósa loftfara er í viðbæti 6, I. og II. hluta í viðaukum. Nákvæmar tæknlegar lýsingar á ljósum loftfara eru í III. hluta Lofthæfnishandbókarinnar (Doc. 9051-AN/896) og fyrir þyrlur í IV. hluta þeirrar handbókar.

Ath 2 – Af samhengi 3.2.3.2 c) og 3.2.3.4 a) má ráða að loftfar er talið vera í notkun, þegar það er í akstri eða dregið eða stöðvað stutta stund í akstri eða drætti.

Ath. 3 – Fyrir loftför á vatni, sjá 3.2.6.2.

3.2.3.1 Frá sólarlagi til sólarupprásar eða á öðrum tímabilum, sem hlutaðeigandi stjórnvöld tilgreina, ef frá eru skilin ákvæði í 3.2.3.5, skulu öll loftför á flugi nota:

a) viðvörunarljós sem ætluð eru til að vekja athygli á loftfarinu, og
b) siglingaljós sem ætluð eru til að gefa athuganda til kynna leið loftfars. Önnur ljós, sem mætti misskilja sem þessi ljós, skal ekki nota.

Ath.– Ljós í öðrum tilgangi, svo sem lendingarljós og flóðljós á skrokki loftfars, má nota til viðbótar viðvörunarljósunum, sem tilgreind eru í Lofthæfishandbókinni („Airworthiness Technical Manual") (Doc 9051) til að loftfarið sjáist greinilega.

3.2.3.2 Frá sólarlagi til sólarupprásar eða á öðrum tímabilum sem hlutaðeigandi stjórnvöld tilgreina, ef frá eru skilin ákvæði í 3.2.3.5, skulu:

a) öll loftför á hreyfingu um athafnasvæði flugvallar nota siglingaljós til að gefa athuganda til kynna leið þess. Önnur ljós, sem mætti misskilja sem þessi ljós, skal ekki nota,
b) öll loftför á athafnasvæði flugvallar nota ljós sem gefa til kynna útlínur þeirra, nema þau séu kyrrstæð og nægilega upplýst,
c) öll loftför á athafnasvæði flugvallar nota ljós til að draga athygli að þeim,
d) öll loftför á athafnasvæði flugvallar með hreyfla í gangi nota ljós sem gefa slíkt til kynna.

Ath.– Ef siglingaljósum er haganlega komið fyrir á loftfari geta þau, sem tilgreind eru í 3.2.3.1 b), einnig talist fullnægja þörfinni sem um getur í 3.2.3.2 b). Rauð viðvörunarljós sem fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru í 3.2.3.1 a), geta einnig fullnægt kröfunum í 3.2.3.2 c) og 3.2.3.2 d) ef þau gera ekki athugendum skaða sökum ofbirtu.

3.2.3.3 Auk þess sem tilgreint er í 3.2.3.5, skulu öll loftför á flugi og búin viðvörunarljósum, sem tilgreind eru í 3.2.3.1 a), einnig nota slík ljós utan þess tímabils sem tilgreint er í 3.2.3.1.

3.2.3.4 Auk þess sem tilgreint er í 3.2.3.5 skulu öll loftför:

a) starfrækt á athafnasvæði flugvallar með viðvörunarljós samkvæmt 3.2.3.2 c), eða
b) á athafnasvæði flugvalla búin ljósum samkvæmt 3.2.3.2 d), nota slík ljós utan hins tilgreinda tímabils í 3.2.3.2.

3.2.3.5 Flugmaður má slökkva á eða draga úr styrk sérhverra leifturljósa sem ætlað er að fullnægja skilyrðum í 3.2.3.1, 3.2.3.2, 3.2.3.3 og 3.2.3.4 ef þau hafa eða eru líkleg til:
a) að hafa óhentug áhrif á fullnægjandi framkvæmd á skyldum hans, eða
b) að valda utanaðkomandi athuganda skaða sökum ofbirtu.

3.2.4 **Gerviblindflug.**
Loftfari skal ekki flogið í gerviblindflugi nema því aðeins:
a) að fullvirkur, tvöfaldur stýrisbúnaður sé í loftfarinu, og
b) að flugmaður með tiltekin réttindi sé í stjórnsæti sem öryggisflugmaður fyrir þann, sem flýgur gerviblindflugið. Skal hann hafa nægilega útsýn fram á við og til beggja handa en að öðrum kosti skal hæfur athugandi, sem samband hefur við öryggisflugmanninn, hafa sæti þar í loftfarinu sem útsýn er nægileg til að bæta upp það útsýnissvið sem á vantar hjá öryggisflugmanni.

3.2.5 Athafnir loftfara á flugvelli og í nágrenni hans
Loftfar á ferð á flugvelli eða í námunda við hann skal, hvort heldur það er innan vallarsviðs eða ekki:
a) fylgjast með annarri flugumferð til að forðast árekstur,
b) haga flugi sínu eftir umferð annarra loftfara eða forðast hana,
c) taka allar beygjur til vinstri við aðflug til lendingar og eftir flugtak nema öðruvísi sé mælt fyrir,
d) lenda og hefja flug upp í vindinn nema önnur stefna sé æskilegri með hliðsjón af öryggi, flugbrautakerfi eða flugumferð.

Ath. 1 – Sjá einnig 3.6.5.1.
Ath. 2 – Viðbótarreglur kunna að gilda fyrir vallarsvið.

3.2.6 **Athafnir loftfara á sjó eða vatni.**

Ath.– Til viðbótar ákvæðum í 3.2.6.1 í þessum viðbæti, geta ákvæði „alþjóðareglugerða, sem fjalla um að koma í veg fyrir árekstra á sjó", er alþjóðaráðstefna um endurskoðun alþjóðareglna sem koma eiga í veg fyrir árekstra á sjó samþykkti (London 1972), einnig átt við í vissum tilvikum.

3.2.6.1 Þegar tvö loftför eða loftfar og skip nálgast hvort annað svo að hætta verður á árekstri skulu loftför fara með gát og taka tillit til takmarkana hins farartækisins.

3.2.6.1.1 **Ferlar skerast.** Það loftfar, sem hefur annað loftfar eða skip á hægri hönd, skal víkja þannig að nægur aðskilnaður haldist.

3.2.6.1.2 **Ferlar mætast.** Loftfar, sem hefur annað loftfar eða skip á sem næst gagnstæðum ferli, skal breyta stefnu til hægri þannig að nægur aðskilnaður haldist.

3.2.6.1.3 **Farið fram úr.** Það loftfar eða skip, sem farið er fram úr, hefur leiðarrétt, en það sem fram úr fer, skal breyta stefnu þannig að nægur aðskilnaður haldist.

3.2.6.1.4 **Lending og flugtak.** Við lendingu á sjó eða vatni eða flugtak af sjó eða vatni skal loftfar, eftir því sem unnt er, vera í nægilegri fjarlægð frá skipum og forðast að hindra ferðir þeirra.

3.2.6.2 **Ljós sem loftför skulu nota á sjó eða vatni.** Milli sólarlags og sólaruppràsar eða á öðru tímabili milli sólarlags og sólaupprásar, sem hlutaðeigandi stjórnvöld ákveða, eiga öll loftför á sjó eða vatni að nota þau ljós sem krafist er í „Alþjóðareglugerðinni um að koma í veg fyrir árekstra á sjó" (endurútgefin 1972) nema óhagkvæmt sé að

gera slíkt, en þá skal nota eins lík ljós að gerð og staðsetningu og unnt er í samræmi við alþjóðlegar reglugerðir.

Ath. 1 – Fyrirmæli um ljós, sem loftför eiga að nota á vatni eða sjó, eru tilgreind í viðbæti 6, viðauka I og II.

Ath. 2 – Hinar alþjóðlegu reglugerðir um að koma í veg fyrir árekstra á sjó tilgreina að fylgja skuli reglum um ljós frá sólarlagi til sólarupprásar. Sérhvert skemmra tímabil milli sólarlags og sólarupprásar, sem ákveðið er samkvæmt 3.2.6.2, á því ekki við á svæðum þar sem alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó gilda, t.d. yfir úthöfum.

3.3 Flugáætlanir.

3.3.1 **Gerð flugáætlunar.**

3.3.1.1. Upplýsingar um fyrirhugað flug eða hluta þess, sem veittar eru flugumferðarþjónustudeild, skulu vera í formi flugáætlunar.

3.3.1.2 **Skylda til að leggja fram flugáætlun.**

3.3.1.2.1 Flugáætlun skal gera og leggja fram fyrir:

a) sérhvert flug eða hluta þess, sem njóta skal flugstjórnarþjónustu,
b) sérhvert blindflug innan ráðgjafarrýmis,
c) sérhvert flug innan tiltekinna svæða eða inn á tiltekin svæði eða eftir tilteknum leiðum þegar ATS-stjórnvald krefst þess í því skyni að auðvelda flugupplýsinga-, viðbúnaðar- og leitarþjónustu.
d) sérhvert flug innan eða inn í tiltekin svæði, eða eftir tilteknum leiðum, þegar hlutaðeigandi ATS-stjórnvald krefst þess til að auðvelda samvinnu við hlutaðeigandi hernaðaraðila eða flugumferðarþjónustudeildir nágrannaríkja svo að koma megi í veg fyrir hugsanlega þörf á einelti til að bera kennsl á loftfarið.
e) sérhvert flug yfir landamæri ríkja.

Ath.– Hugtakið „flugáætlun" er ýmist notað til að tákna fullkomnar upplýsingar um öll atriði flugáætlunareyðublaðsins, sem eiga við alla leiðina, eða takmarkaðar upplýsingar sem óskað er eftir vegna heimildar fyrir hluta flugs, t.d. við flug þvert yfir flugleið eða við flugtak af eða lendingu á flugvelli með flugturni.

3.3.1.2.2 Fyrir brottför skal afhenda flugvarðstofu flugáætlun, eða meðan á flugi stendur, hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild eða flugfjarskiptastöð, nema aðrar reglur gildi um afhendingu endurtækra flugáætlana.

3.3.1.2.3 Ef hlutaðeigandi ATS-stjórnvald gerir ekki aðrar kröfur þá skal leggja fram flugáætlun fyrir flug, þegar veita á flugstjórnar- eða ráðgjafarþjónustu, eigi síðar en 60 mínútum fyrir brottför, eða – ef hún er lögð fram meðan á flugi stendur – svo snemma að hún berist örugglega hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild ekki síðar en 10 mínútum áður en áætlað er að loftfarið:

a) komi inn í flugstjórnar- eða ráðgjafarsvæði, eða
b) fari yfir flugleið eða ráðgjafarleið.

3.3.2 **Efni flugáætlunar.** Flugáætlun skal geyma upplýsingar um þau eftirfarandi atriða, sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvald telur skipta máli:

- kallmerki loftfarsins
- flugreglur (IFR og VFR) og tegund flugs
- fjölda og tegund loftfara auk hvirfilflokks (wake turbulence category)

- búnað
- brottfararstað (sjá ath. 1)
- áætlaðan hlaðfarartíma (sjá ath. 2)
- flughraða
- farflugslag (-lög)
- leið, sem flogið skal
- ákvörðunarstað og áætlaðan heildarflugtíma
- varaflugvöll (-velli)
- flugþol
- mannfjölda um borð
- neyðarbúnað
- aðrar upplýsingar

Ath. 1 – Í flugáætlunum, sem lagðar eru fram meðan á flugi stendur, á þessi liður við stað þar sem frekari upplýsingar um flugið eru fáanlegar ef þeirra er þörf.

Ath. 2 – Í flugáætlunum, sem lagðar eru fram meðan á flugi stendur, á þessi liður við tímann yfir fyrsta stað leiðarinnar sem flugáætlunin vísar til.

Ath. 3 – Þar sem orðið „flugvöllur" er notað í flugáætlun er því ætlað að tákna einnig aðra staði en flugvelli sem vissar tegundir loftfara, t.d. þyrlur og loftbelgir, kynnu að nota.

3.3.3 **Gerð flugáætlunar.**

3.3.3.1 Flugáætlun skal geyma upplýsingar um þá liði, sem máli skipta, að meðtöldum liðnum „varaflugvöllur (-vellir)", um alla leiðina eða þann hluta hennar sem flugáætlunin nær til án tillits til þess í hvaða tilgangi hún er gerð.

3.3.3.2 Þegar flugáætlun er lögð fram skal hún að auki geyma upplýsingar um öll önnur viðeigandi atriði þegar hlutaðeigandi ATS-stjórnvald ákveður svo, eða þegar þeim sem leggur fram flugáætlunina þykir slíkt nauðsynlegt.

3.3.4 **Breytingar á flugáætlun.**

Með hliðsjón af ákvæðum gr. 3.6.2.2 skal tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild, við fyrstu hentugleika, allar breytingar, sem gerðar eru á flugáætlunum vegna blindflugs eða stjórnaðs sjónflugs. Vegna annars sjónflugs skal tilkynna sama aðila allar verulegar breytingar á flugáætlun, við fyrstu hentugleika.

Ath. 1 – Upplýsingar látnar í té fyrir brottför um flugþol eða mannfjölda um borð, sem reynast kunna rangar við brottför, skal leiðrétta og tilkynna þar eð þær teljast veruleg breyting á flugáætlun.

Ath. 2 – Reglur um hvernig leggja skuli fram breytingar á endurtækum flugáætlunum er að finna í PANS-RAC 2. hluta (Doc 4444 – RAC/501).

3.3.5 **Gildislok flugáætlunar.**

3.3.5.1 Flugumferðarþjónustudeild lendingarstaðar skal tilkynnt, eins fljótt og við verður komið, annaðhvort í eigin persónu eða með notkun fjarskiptatækja, um lendingu í hverju því flugi, sem lögð hefur verið fram flug áætlun um, frá byrjun til enda, eða um síðasta hluta þess til ákvörðunarstaðar, nema hlutaðeigandi ATS-stjórnvald ákveði annað.

3.3.5.2 Þegar aðeins hefur verið lögð fram flugáætlun um hluta flugs, þó ekki síðasta hluta þess til ákvörðunarstaðar, skal loka flugáætluninni með viðeigandi tilkynningu til hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildar þegar þess er krafist.

3.3.5.3 Þegar engin flugumferðarþjónustudeild er á lendingarstað skal, eins fljótt og unnt er og þess er krafist, tilkynna næstu flugumferðarþjónustudeild lendinguna, með bestu tiltækum ráðum.

3.3.5.4 Þegar kunnugt er að fjarskipti við lendingarstað eru ófullnægjandi og ekki er hægt að koma lendingartilkynningu áleiðis skal gera eftirfarandi ráðstafanir ef auðið er og þess er krafist: Rétt fyrir lendingu skal senda hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild tilkynningu um talstöð og jafngildir hún þá tilkynningu um lendingu. Venjulega skal tilkynning þessi send flugradíóstöð flugupplýsingasvæðisins sem loftfarið er í.

3.3.5.5 Lendingartilkynningar loftfara skulu geyma eftirfarandi upplýsingar:
a) kallmerki loftfarsins,
b) brottfararstað,
c) áfangaflugvöll (aðeins ef lent hefur verið á öðrum flugvelli en upphaflega var ákveðið),
d) lendingarstað,
e) Komutíma.

Ath.– Ætlið þegar lendingartilkynningar er krafist, en hún ekki send, getur það valdið alvarlegum truflunum á flugumferðarþjónustu og haft í för með sér mikinn kostnað ónauðsynlegra leitar- og björgunaraðgerða.

3.4 Merki.

3.4.1 Eftir að hafa séð eða móttekið eitthvert þeirra merkja, sem skráð eru í viðauka 1, skal loftfar gera þær ráðstafanir sem krafist er samkvæmt túlkun merkisins í þeim viðauka.

3.4.2 Við notkun skulu merkin í viðauka 1 hafa þá merkingu sem þar greinir. Þau skulu notuð í því skyni einu sem í viðaukanum getur og engin önnur merki skal nota sem kynni að vera ruglað saman við þau.

3.5 Tími.

3.5.1 Alheimstíma (UTC) skal nota og tilgreina í klukkustundum og mínútum, 24 klst. sólarhrings, er hefst á miðnætti.

3.5.2 Áður en stjórnað flug er hafið skal afla upplýsinga um réttan tíma, svo og eftir þörfum meðan á því stendur.

Ath.– Upplýsingar um réttan tíma fást venjulega hjá flugumferðarþjónustudeild nema flugrekandi (operator) eða hlutaðeigandi ATS-stjórnvald hafi gert aðrar ráðstafanir.

3.6 Flugstjórnarþjónusta.

3.6.1 **Flugheimildir.**

3.6.1.1 Flugheimildar skal afla áður en lagt er upp í stjórnað flug eða hluta flugs, sem telst stjórnað flug. Slíkrar heimildar skal óskað með því að afhenda flugstjórnardeild flugáætlun.

Ath. 1 – Flugáætlun getur tekið til nokkurs hluta flugs, svo sem þurfa þykir til að lýsa þeim hluta flugsins eða aðgerðum sem háðar eru flugumferðarstjórn. Flugheimild

getur stundum aðeins náð til hluta af gildandi flugáætlun eins og látið er í ljós með flugheimildarmörkum eða með því að takmarka heimildina við ákveðnar aðgerðir, svo sem akstur, flugtak eða lendingu.

Ath. 2 – Ef flugheimild er ekki fullnægjandi að áliti flugstjóra loftfars getur hann óskað eftir breyttri flugheimild og skal hún veitt ef hægt er.

3.6.1.2 Ætíð þegar loftfar óskar eftir flugheimild, sem veitir því forgang fram yfir aðra umferð, er skylt að gefa skýringu á nauðsyn slíks forgangs ef hlutaðeigandi flugstjórnardeild óskar.

3.6.1.3 Hugsanleg breyting flugáætlunar. Ef búist er við, fyrir brottför, með hliðsjón af flugþoli og endurheimild til flugs, að taka þurfi ákvörðun um að fara til annars lendingarstaðar skal hlutaðeigandi flugstjórnardeildum tilkynnt með viðbótarupplýsingum í flugáætluninni um breytta flugleið (þegar um hana er vitað) og breyttan lendingarstað.

Ath.– Tilgangur þessarar greinar er að auðvelda endurheimild til nýs ákvörðunarstaðar, sem venjulega er handan við skráðan lendingarstað.

3.6.1.4 Loftfar á stjórnuðum flugvelli skal ekki aka eftir umferðarsvæði flugvallarins án heimildar frá flugturni hans og skal fylgja fyrirmælum frá honum.

3.6.2 **Flugáætlun fylgt.**

3.6.2.1 Með þeim undantekningum, sem getið er í 3.6.2.2 og 3.6.2.4, skal loftfar fylgja gildandi flugáætlun eða þeim hluta hennar sem lagður hefur verið fram vegna þarfa um stjórnað flug nema breytingar hafi verið óskað og flugheimild fengist fyrir frá hlutaðeigandi flugstjórnardeild eða við neyðarástand sem krefst tafarlausra aðgerða. Nú hefur flugstjóri neyðst til að nota þennan rétt sinn til tafarlausra aðgerða og skal hann þá, svo fljótt sem auðið er, gera hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild grein fyrir þeim ráðstöfunum sem hann hefur gert vegna neyðarástandsins.

3.6.2.1.1 Hafi hlutaðeigandi flugstjórnardeild ekki heimilað eða fyrirskipað annað, skal stjórnað flug, að svo miklu leyti sem við verður komið:

a) fara eftir skilgreindri miðlínu leiðarinnar þegar flogið er á ákveðinni ATS-leið, eða
b) þegar farið er einhverja aðra leið skal fara beint á milli flugleiðsögustöðva og/eða staða sem ákvarða þessar leiðir.

3.6.2.1.2 Svo framarlega sem þörf greinar 3.6.2.1.1 á ekki við, skal loftfar á hluta ATS-leiðar, sem ákveðin er af fjölstefnuvitum (VOR), skipta flugleiðsöguviðtöku frá VOR-stöðinni fyrir aftan það á VOR-stöðina fram undan, við eða sem næst skiptistaðnum, þar sem hann er tilgreindur.

3.6.2.1.3 Tikynna skal hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild frávik frá þeim þörfum, sem tilgreindar eru í grein 3.6.2.1.1.

3.6.2.2 **Óviljandi frávik.** Ef í stjórnuðu flugi er óviljandi vikið frá gildandi flugáætlun skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) **Frávik frá ferli:** Ef loftfar hefur farið út af fyrirhuguðum ferli skulu tafarlausar ráðstafanir gerðar til að breyta stefnu þess svo að það komist aftur inn á fyrirhugaðan feril sinn svo fljótt sem gerlegt þykir.
b) **Breyting á réttum flughraða:** Ef réttur meðalflughraði í farflugshæð milli stöðumiða breytist eða búist er við að hann breytist sem svarar 5% þess hraða sem gefinn er upp í flugáætluninni skal það tilkynnt hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild.

c) **Breyttur áætlaður tími:** Ef áætlaður tími við næsta stöðumið, við mörk næsta flugupplýsingasvæðis eða við áætlaðan lendingarstað breytist – hvert af þessu sem fyrst kemur – um meira en þrjár mínútur frá því, sem flugumferðarþjónustu hefur verið tjáð, eða um hvern þann tíma, sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvald eða alþjóðlegt, svæðisbundið loftferðasamkomulag ákveður, þá skal, svo fljótt sem verða má, tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild breyttan áætlaðan tíma.

3.6.2.3 **Fyrirhugaðar breytingar.** Þegar óskað er breytinga á flugáætlun skulu eftirfarandi upplýsingar fylgja:

a) **Breytt farflugslag:** Kallmerki loftfarsins, farflugslag, sem óskað er eftir, og farflugshraði í því lagi, breyttar tímaáætlanir við mörk flugupplýsingasvæðis, sem síðar kemur að, ef við á.

b) **Breytt leið:**

i) **Ákvörðunarstaður óbreyttur:** Kallmerki loftfarsins, flugreglur, lýsing á nýrri leið ásamt skyldum upplýsingum, sem hefjast á þeim stað, sem nýrrar leiðar er óskað frá, endurmetin tímaáætlun, og aðrar nauðsynlegar upplýsingar.

ii) **Breyttur ákvörðunarstaður:** Kallmerki loftfarsins, flugreglur, lýsing á nýrri leið til breytts ákvörðunarstaðar, ásamt skyldum upplýsingum, sem hefjist á þeim stað sem nýrrar leiðar er óskað frá, endurmetin tímaáætlun, varaflugvöllur (-vellir), og aðrar nauðsynlegar upplýsingar.

3.6.2.4 **Veður versnar svo að ekki verða sjónflugsskilyrði.** Þegar augljóst verður, að flug samkvæmt gildandi flugáætlun verður ekki framkvæmanlegt samkvæmt sjónflugsskilyrðum, skal stjórnað sjónflug:

a) biðja um breytta flugheimild sem geri því kleift að halda áfram í sjónflugsskilyrðum til ákvörðunarstaðar eða varaflugvallar, eða fara úr því loftrými, þar sem flugheimildar er krafist, eða,

b) ef heimild samkvæmt a) fæst ekki, halda áfram samkvæmt sjónflugsskilyrðum og tilkynna hlutaðeigandi flugstjórnardeild hvað gert verður, annað hvort að fara úr hlutaðeigandi loftrými eða lenda á næsta hentugum flugvelli, eða,

c) æskja heimildar fyrir sérlegt sjónflug ef flogið er í flugstjórnarsviði, eða

d) æskja blindflugsheimildar.

3.6.3 **Tilkynningar um staðarákvörðun.** Loftfar, sem er á stjórnuðu flugi, skal, svo fljótt sem auðið er, tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild tíma, lag og gefa aðrar nauðsynlegar upplýsingar þegar flogið er yfir sérhvert skyldustöðumið, svo fremi að hlutaðeigandi ATS-stjórnvald eða hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild hafi ekki veitt undanþágu frá því. Tilkynna skal á sama hátt stöðu með tilvísun til annarra stöðumiða þegar hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild óskar. Ef slíkum tilgreindum stöðumiðum er ekki til að dreifa skal loftfar tilkynna stöðu sína með því millibili sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvald biður um eða sem hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild tilgreinir.

Ath.– Þau skilyrði og aðstæður, þar sem svarratsjá (SSR Mode C) fullnægir kröfum um hæðarupplýsingar í staðarákvörðun, eru tiltekin í ICAO „PANS/RAC", 2. kafla.

3.6.4 **Flugumferðarstjórn lýkur.** Þegar loftfar á stjórnuðu flugi ætlar ekki að lenda á flugvelli með flugturni skal það tilkynna hlutaðeigandi flugstjórnardeild jafnskjótt og það hættir að vera háð flugstjórnarþjónustu.

3.6.5 **Fjarskipti.**

3.6.5.1 Loftfar, sem er á stjórnuðu flugi, skal halda stöðugan hlustvörð á viðeigandi taltíðni og koma á nauðsynlegu, gagnkvæmu sambandi við hlutaðeigandi flugstjórnardeild, þó með þeim undantekningum sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvald kann að gera um loftför sem taka þátt í flugvallarumferð við flugvöll með flugturni.

Ath.– SELCAL eða annar svipaður, sjálfvirkur merkjabúnaður fullnægir kröfum um hlustvörð.

3.6.5.2 **Fjarskipti bregðast.** Ef talstöð bilar, þannig að ekki er hægt að fullnægja ákvæðum í 3.6.5.1, þá skal loftfarið fara eftir reglum um talviðskipti sem er að finna í ICAO-viðbæti nr. 10, 2. bindi, ásamt eftirfarandi reglum eftir því sem við á. Þar að auki skal loftfarið, ef það tekur þátt í flugvallarumferð við flugvöll með flugturni, fylgjast með fyrirmælum sem kunna að vera gefin með sýnilegum merkjum.

3.6.5.2.1 Ef sjónflugsskilyrði eru skal loftfarið:

a) fljúga áfram samkvæmt sjónflugsskilyrðum, og
b) lenda á næsta nothæfum flugvelli, og
c) tilkynna hlutaðeigandi flugstjórnardeild lendingu sína sem allra fyrst.

3.6.5.2.2 Ef blindflugsskilyrði eru eða veðurskilyrði eru þannig, að ekki virðist ráðlegt að ljúka fluginu samkvæmt 3.5.5.2.1 (sjá ath. 1), skal loftfarið:

a) halda áfram flugi í samræmi við gildandi flugáætlun að viðeigandi flugleiðsögustöð, sem gefin hefur verið upp fyrir áætlaðan lendingarstað (sjá ath. 2), og, þegar þörf er á að fullnægja skilyrðum b) hér á eftir, fljúga biðflug yfir þeirri stöð þar til lækkun hefst,
b) hefja lækkun frá þeirri flugleiðsögustöð, sem tilgreind er í a), á eða sem næst áætluðum aðflugstíma sem síðast var móttekinn og staðfestur, eða – ef enginn áætlaður aðflugstími hefur verið móttekinn og staðfestur – á eða sem næst þeim áætlaða komutíma sem tilgreindur er í gildandi flugáætlun og breytt hefur verið samkvæmt gildandi flugáætlun,
c) ljúka venjulegu blindaðflugi á þann hátt sem gildir fyrir hina tilgreindu flugleiðsögustöð, og
d) lenda, ef unnt er, innan 30 mínútna frá áætluðum komutíma sem tiltekinn er í b) eða síðasta staðfesta aðflugstíma eftir því hvor er seinna í röðinni.

Ath. 1 – Eins og sést af veðurskilyrðum þeim, sem þar er greint frá, gildir 3.6.5.2.1 fyrir öll stjórnuð flug, en 3.6.5.2.2 aðeins fyrir blindflug.

Ath. 2 – Ef flugheimildin um lög nær aðeins til hluta leiðarinnar er ætlast til að loftfarið fljúgi í því eða þeim farflugslögum, sem loftfarinu var síðast úthlutað og það hefur staðfest, að þeim stað eða stöðum, sem tilgreindir eru í flugheimildinni, og síðan í því eða þeim farflugslögum sem tilgreind eru í gildandi flugáætlun.

Ath. 3 – Flugstjórnarþjónusta, sem veitt er öðrum loftförum í því loftrými sem um er að ræða, gerir ráð fyrir að loftfar, sem misst hefur talsamband, fari eftir þeim reglum sem tilgreind eru í 3.6.5.2.2.

3.7 Ólögmætar hindranir.

3.7.1 Loftfar, sem er hindrað á ólögmætan hátt, skal leitast við að tilkynna hlutaðeigandi ATS-deild um slík tilvik, sérhver mikilsverð atriði, er málið varða, og sérhver þau frávik frá gildandi flugáætlun sem nauðsynleg reynast með hliðsjón af aðstæðum,

þannig að ATS-deildin geti veitt loftfarinu forgangsþjónustu og dregið sem mest úr hugsanlegum truflunum af hálfu annarra loftfara.

Ath. 1 – Ábyrgð ATS deilda, er ólögmætar hindranir loftfara eiga sér stað, er tilgreind í viðbæti 11.

Ath. 2 – Leiðbeiningar, sem fylgja skal, þegar ólögmætar hindranir loftfara eiga sér stað og loftfarið getur ekki tilkynnt flugstjórnardeild það, eru tilgreindar í fylgiskjali B við þennan viðbæti.

Ath. 3 – Þau loftför, sem búin eru ratsjársvara (SSR) og hindruð eru á ólögmætan hátt, skulu bregða við samkvæmt ákvæðum ICAO-viðbætis 11, „PANS/RAC" (Doc. 4444 – RAC/501) og „PANS/OPS" (Doc. 8168 – OPS/611).

3.8 Einelti *(interception).*

Ath. Orðið „einelti", í þessu samhengi, felur ekki í sér þá þjónustu, samkvæmt ákvæðum „leitar- og björgunarhandbókar (ICAO Doc 7333)", sem veitt er að beiðni loftfars í neyð, sem elt er uppi og fylgt.

3.8.1 Einelti almannaloftfara skal hagað samkvæmt reglum og reglugerðum stjórnvalda aðildarríkja ICAO og í samræmi við sáttmálann um alþjóðaflug, einkum grein 3 (d), þar sem aðildarríkin ábyrgjast að taka fullt tillit til öryggis leiðsögu almannaloftfara, við útgáfu reglna handa ríkisloftförum sínum. Samkvæmt því skal, við samningu viðeigandi reglna og reglugerða stjórnvalda, taka fullt tillit til ákvæða 2. hluta viðauka 1 og 1. hluta viðauka 2.

Ath. Þar sem nauðsynlegt er, vegna öryggis flugs, að almanna- og hernaðarloftför, hvar sem þau eru stödd, skilji og noti rétt, sérhver þau sjáanleg merki sem notuð eru við einelti, sem þó aðeins skyldi beita sem síðasta úrræði, hefur fastaráð ICAO, er það samþykkti sjáanlegu merkin í viðauka 1 við þennan viðbæti, brýnt fyrir aðildarríkjunun að sjá um að ríkisloftför þeirra fylgi þeim nákvæmlega. Þar eð einelti almannaloftfara er ævinlega áhættusamt, hefur fastaráð ICAO einnig samið sérstök tilmæli, sem brýnt er fyrir aðildarríkjunum að fylgja nákvæmlega. Þessi sérstöku tilmæli er að finna í fylgiskjali A.

3.8.2 Flugstjóri almannaloftfars, sem einelt er, skal fylgja reglunum í viðauka 2, 2. og 3. hluta, túlka og fylgja sjáanlegu merkjunum eins og þau eru tilgreind í 2. hluta viðauka 1.

Ath. – Sjá einnig greinar 2.1.1 og 3.4.

IV. KAFLI
SJÓNFLUGSREGLUR.

4.1 Þegar ekki er um sérlegt sjónflug að ræða skal allt sjónflug háð þeim skilyrðum um skyggni og fjarlægð frá skýjum, sem jöfn eru eða strangari en tilgreint er í eftirfarandi töflu:

Tafla 4-1*
Sjá 4.1

Flokkur loftrýmis	B	C D E	F G	
			Yfir 3000 ft (900m) AMSL eða 1000 ft (300m) yfir landi, hvort sem hærra er.	Í eða undir 3000 ft (900m) AMSL eða 1000 ft yfir landi, hvort sem hærra er.
Fjarlægð frá skýjum	Laus við ský	1500m lárétt, 1000 ft (300m) lóðrétt		Laus við ský og sér til jarðar
Flugskyggni	8 km í og ofar en 10.000 ft (3050 m) AMSL 5 km neðar en 10.000 ft (3050 m) AMSL			5 km **

* Þegar skiptihæð er lægri en 10.000 fet (3050m) AMSL, skal nota FL 100 í stað 10.000 feta.

** Þegar hlutaðeigandi ATS-stjórnvald ákveður:

a) má leyfa flug við minna flugskyggni, allt að 1500m, ef flogið er:

1. svo hægt, miðað við skyggnið að nægur tími gefist til að fylgjast með annarri umferð eða hindrunum til að afstýra árekstri, eða:
2. við kringumstæður, þar sem líkur til að mæta annarri flugumferð eru venjulegar litlar, t.d. í svæðum, þar sem lítið er flogið og við verkflug í lágum hæðum.

b) þyrlum er þó heimilt að fljúga við minna en 1500 m. flugskyggni, ef flogið er svo hægt, að nægur tími gefist til að fylgjast með annarri umferð eða hindrunum til að afstýra árekstri.

4.2 Ef um er að ræða sjónflug má hvorki hefja flug né lenda á flugvelli innan flugstjórnarsviðs eða koma inn í vallarsvið eða umferðarhring hans án heimildar frá flugstjórnardeild, þegar:
a) skýjahæð er lægri en 1500 fet (450 m), eða
b) vallarskyggni er minna en 5 km.

4.3 Sjónflugi, sem fram fer milli sólseturs og sólarupprásar og eða á öðru því tímabili, sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvöld kunna að kveða skal hagað samkvæmt skilyrðum, sem þau setja.

4.4 Hafi ATS-stjórnvald ekki veitt sérstaka heimild, skal ekki fljúga sjónflug:
a) fyrir ofan FL 200,
b) þegar flogið er á markahraða og hljóðfráum hraða.

4.5 Ekki má fljúga sjónflug, nema nauðsynlegt sé vegna flugtaks og lendingar, eða með sérstöku leyfi hlutaðeigandi stjórnvalds:
a) Yfir þéttbýlum hlutum borga, bæja eða þorpa eða yfir útisamkomum í minni hæð en 1000 fetum (300 m) yfir hæstu hindrun innan 600 m fjarlægðar frá loftfarinu

b) annars staðar en getið er í a) lið þessarar greinar í minni hæð en 500 fetum (150 m) yfir láði eða legi.

Ath. 1 – sjá einnig 3.1.2
Ath. 2 – lágmarksskýjahæð til flugtaks frá flugvöllum utan flugstjórnarsviða skal vera 700 fet.

4.6 Þar sem annað er ekki tekið fram í flugheimildum eða hlutaðeigandi ATS-stjórnvald tilgreinir ekki sérstaklega, skal sjónflug í láréttu farflugi ofar en 3000 ft. (900 m) yfir láði eða legi, eða hærra, ef hlutaðeigandi ATS-stjórnvald mælir svo fyrir, fljúga í farflugslagi, sem á við feril þess og sýnt er í töflu um farflugslög í viðauka 3.

4.7 Við sjónflug skal fylgja fyrirmælum í grein 3.6:
a) þegar flogið er í B, C og D flokkum loftrýmis,
b) þegar það er þáttur í flugvallarumferð flugvalla með flugturni, eða
c) Þegar um sérlegt sjónflug er að ræða.

4.8 Loftfar í sjónflugi, innan eða á leið inn í svæði eða eftir leiðum, sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvald hefur ákveðið samkvæmt 3.3.1.2.1 c) eða d), skal halda stöðugan hlustvörð á viðeigandi taltíðni þeirrar flugumferðarþjónustudeildar sem veitir flugupplýsingaþjónustu og staðan í sjónfluginu tilkynnt þegar þörf krefur.

Ath.– Sjá athugasemd sem fylgir gr.3.6.5.1.

4.9 Ef loftfar í sjónflugi óskar að breyta um og fljúga samkvæmt blindflugsreglum skal það:
a) láta vita um þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á gildandi flugáætlun ef flugáætlun hefur verið lögð fram, eða
b) láta hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild í té flugáætlun og útvega flugheimild áður en blindflug er hafið í flugstjórnarrými þegar þess er krafist samkvæmt 3.3.1.2.

V. KAFLI
BLINDFLUGSREGLUR.

5.1 Reglur sem gilda um allt blindflug.

5.1.1 **Búnaður loftfara.**
Loftför skulu búin viðeigandi mælitækjum og flugleiðsögutækjum sem henta fyrir áætlaða leið.

5.1.2 **Lágmarkslög.**
Að því undanskildu, þegar nauðsynlegt er við flugtök og lendingar eða þegar sérstakt leyfi hefur fengist frá hlutaðeigandi stjórnvaldi, skal fljúga blindflug í lagi, sem er ekki lægra en sú lágmarksflughæð sem yfirvöld þess lands sem flogið er yfir hafa ákveðið eða þar sem slík lágmarksflughæð hefur ekki verið ákveðin:
a) í lagi sem er að minnsta kosti 2000 fetum (600 m) ofar hæstu hindrun innan 8 km frá áætlaðri stöðu loftfarsins yfir hálendi eða fjalllendi.
b) í lagi sem er að minnsta kosti 1000 fetum (300 m) ofar hæstu hindrun innan 8 km frá áætlaðri stöðu loftfarsins annars staðar en um getur í a).

Ath.1 – Áætluð staða loftfarsins er háð þeirri nákvæmni í staðsetningu sem hægt er að ná á þeim hluta leiðarinnar, sem um er að ræða, með hliðsjón af leiðsögutækjum sem tiltæk eru á jörðu og í loftfarinu.
Ath. 2 – Sjá einnig 3.1.2.

5.1.3 **Breytt frá blindflugi í sjónflug.**

5.1.3.1 Ef loftfar óskar að breyta flugi samkvæmt blindflugsreglum í flug samkvæmt sjónflugsreglum þá skal, svo fremi að flugáætlun hafi verið lögð fram, tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild sérstaklega að blindflugi þess sé lokið og láta vita um breytingar sem gera skuli á gildandi flugáætlun.

5.1.3.2 Þótt loftfar á flugi samkvæmt blindflugsreglum komi inn á svæði þar sem eru sjónflugsskilyrði skal það ekki tilkynna lok blindflugs nema áætlað sé og fyrirhugað að halda flugi áfram um verulegan tíma í sjónflugsskilyrðum.

5.2 Reglur um blindflug í flugstjórnarrými.

5.2.1 Blindflug í flugstjórnarrými er háð þeim fyrirmælum sem um getur í 3.6.

5.2.2 Við farflug samkvæmt blindflugsreglum í flugstjórnarrými skal flogið í farflugslagi eða ef farflugsklifur er heimilað skal flogið milli tveggja laga eða ofar lagi sem valið er samkvæmt:

a) töflu yfir farflugslög samkvæmt viðauka 3, eða

b) breyttri töflu yfir farflugslög þegar þess er krafist, í samræmi við viðauka 3, fyrir flug ofar fluglagi 290, að því undanskildu að sú samræming lags við feril, sem í töflunni greinir, gildir ekki þegar annað er tiltekið í flugmálahandbók (AIP) eða flugheimildum.

5.3 Reglur um blindflug utan flugstjórnarrýmis.

5.3.1 **Farflugslög.**

Loftfari í láréttu farflugi samkvæmt blindflugsreglum utan flugstjórnarrýmis, skal flogið í farflugslagi sem á við feril þess og tilgreint er í:

a) töflunni yfir farflugslög í viðauka 3 nema þegar hlutaðeigandi ATS-stjórnvald tilgreinir annað fyrir flug í 3000 fetum (900 m) yfir meðalsjávarmáli eða neðar, eða

b) breyttri töflu yfir farflugslög þegar þess er krafist í samræmi við viðauka 3 um flug ofar fluglagi 290.

Ath.– Þetta ákvæði útilokar ekki farflugsklifur loftfara er fljúga hraðar en hljóðið.

5.3.2 **Fjarskipti.**

Loftfar á blindflugi utan flugstjórnarrýmis, en innan eða inn í svæði, eða eftir leiðum, sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvald hefir ákveðið samkvæmt 3.3.1.2.1 c) eða d), skal halda hlustvörð á viðeigandi taltíðni og koma á nauðsynlegu, gagnkvæmu talsambandi við flugumferðarþjónustudeild þá er veitir flugupplýsingaþjónustu.

Ath.– Sjá ath. sem fylgir í gr. 3.6.5.1.

5.3.3 **Tilkynningar um staðarákvarðanir.**

Þau loftför á blindflugi, utan flugstjórnarrýmis, sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvald felur að leggja fram flugáætlun, halda stöðugan hlustvörð og koma á nauðsynlegu talsambandi við þá flugumferðarþjónustudeild er veitir upplýsingaþjónustu, skulu tilkynna stöðu sína eins og tilgreint er í gr. 3.6.3 um stjórnað flug.

Ath.– Loftfar, sem óskar að verða aðnjótandi ráðgjafarþjónustu á meðan það er á blindflugi innan tiltekins ráðgjafarrýmis, skal hlíta ákvæðum 3.6, að því undanskildu að flugáætlunin og breytingar á henni eru ekki háðar flugheimildum, og gagnkvæmu fjarskiptasambandi skal haldið við þá deild er veitir ráðgjafarþjónustuna.

Viðauki 1

MERKI.

(Ath. – Sjá 3. kafla, 3.4 í flugreglum)

1. Neyðarmerki og áríðandi merki.

Ath. 1 – Engin ákvæði þessa kafla skulu hindra loftfar í neyð að neyta tiltækra ráða til að vekja á sér athygli, gera stöðu sína kunna og öðlast hjálp.

Ath. 2 – Nánari upplýsingar um fjarsendingar á neyðarmerkjum og áríðandi merkjum er að finna í ICAO viðbæti nr. 10, 2. bindi, 5. kafla.

Ath. 3 – Nánari upplýsingar um sjáanleg merki, sem notuð eru við leitar- og björgunarþjónustu, er að finna í ICAO viðbæti nr. 12.

1.1 **Neyðarmerki.**

1.1.1 Eftirfarandi merki, annaðhvort notuð saman eða hvert fyrir sig, tákna að alvarleg og bráð hætta vofi yfir og að tafarlausrar aðstoðar sé þörf:

a) Merkið SOS (.../- - -/...) sent um morsstöð eða með öðrum hætti,
b) orðið „MEIDEI“ (á ensku MAYDAY) sent um talstöð,
c) flugeldar eða skot sem gefa frá sér rautt ljós og skotið er einu í einu með stuttu millibili,
d) rautt svifblys.

Ath.– Í 41. grein alþjóðafjarskiptareglugerðar (ITU Radio Regulations, nr. 3268, 3270 og 3271) eru gefnar upplýsingar um viðvörunarmerki sem setja í gang sjálfvirk viðvörunarkerfi fyrir mors- eða talstöðvar.

3268 – Mors-viðvörunarmerkið er röð 12 mors-strika sem send eru í eina mínútu. Lengd hvers striks er 4 sekúndur en lengd bila milli strika er ein sekúnda. Merki þetta má handsenda en æskileg er notkun sjálfvirks búnaðar í þessu skyni.

3270 – Tvítóna-viðvörunarmerkið er tveir tónar á taltíðnisviðinu, að mestu sínuslaga, sendir til skiptis. Annar tónninn skal hafa tíðnina 2200 Hz en hinn 1300 Hz og lengd hvors þeirra skal vera 250 millísekúndur.

3271 – Þegar tvítóna-viðvörunarmerkið er sent með sjálfvirkum búnaði skal það gert stöðugt í a.m.k. 30 sekúndur en ekki lengur en eina mínútu. Þegar merkið er sent á annan hátt skal það gert eins stöðugt og henta þykir í um það bil eina mínútu.

1.2 Áríðandi merki.

1.2.1 Eftirfarandi merki, annaðhvort notuð saman eða hvert fyrir sig, tákna að loftfar vilji gera kunnugt um erfiðleika sem neyði það til að lenda án þess að það þarfnist tafarlausrar aðstoðar:

a) kveikt og slökkt til skiptis á lendingarljósum loftfarsins, eða
b) kveikt og slökkt til skiptis á siglingaljósum loftfarsins á þann hátt að ekki verði ruglað saman við leiftrandi siglingaljós.

1.2.2 Eftirfarandi merki, annaðhvort notuð saman eða hvert fyrir sig, tákna að loftfar þurfi að koma frá sér mjög áríðandi skeyti um öryggi skips, loftfars eða annars farartækis eða um öryggi einhvers manns um borð eða í augsýn:

1) Merkið XXX (-..-/-..-/-..-) sent um morsstöð eða á einhvern annan hátt,
2) Orðin „PAN PAN“ sent um talstöð.

2. Merki sem nota skal ef til eineltis kemur.

2.1 Merki eineltiloftfars og viðbrögð einelts loftfars.

Flokkur	*Merki EINELTI loftfars*	*Merking*	*Viðbrögð EINELTS loftfars*	*Merking*
1.	Að degi eða nóttu: Loftfari skal vagga og kveikja og slökkva óreglulega á sigl-ingaljósum (og lendingarljósum á þyrlum) frá stöðu rétt ofan og framan við og venjulega til vinstri við hið einelta loftfar (eða hægri ef einelta loftfarið er þyrla) og eftir að staðfesting er móttekin, beygja hægt og í sömu hæð í æskilega stefnu, venjulega til vinstri (eða til hægri ef um þyrlu er að ræða). *Ath.-1 Veðurskilyrði eða landslag geta valdið því að eineltiloftfarið þurfi að vera í annarri afstöðu og beygja í aðra átt en tilgreint er hér að ofan.* *Ath. 2 - Ef einelta loftfarið getur ekki fylgst með eineltiloftfarinu er þess vænst að hið síðarnefnda fljúgi biðflugshringi og vaggi sér hvert sinn sem það fer fram úr því einelta.*	Loftfar yðar er einelt. Fylgið mér.	Að degi eða nóttu: Loftfari skal vagga og kveikja og slökkva óreglulega á siglingaljósum og eineltiloftfarinu fylgt. *Ath.- Viðbótaraðgerðir hins einelta loftfars eru tilgreindar í 3. kafla, gr. 3.8.*	Skilið og mun fylgja fyrirmælum.
2	Að degi eða nóttu: Skyndileg breyting á stöðu í átt frá einelta loftfarinu fólgin í klifurbeygju, sem er 90^{0} eða meira án þess að farið sé yfir fluglínu einelta loftfarsins.	Loftfar yðar má halda áfram.	Að degi eða nóttu: Loftfari skal vaggað.	Skilið og mun fylgja fyrirmælum
3	Að degi eða nóttu: Setja skal niður hjól (ef uppi), með lendingarljós á og fljúga yfir braut í notkun eða, ef einelta loftfarið er þyrla fljúga yfir þyrluvöll. Ef um þyrlur er að ræða gerir eineltiþyrlan aðflug til lendingar og vokir nálægt lendingarsvæðinu.	Lendið loftfari yðar á þessum flugvelli.	Að degi eða nóttu: Setja skal niður hjól (ef uppi),með lendingarljós á og fylgja einelti-loftfarinu, og ef óhætt er talið að lenda, eftir að flogið er yfir braut í notkun eða þyrluvöll, skal lenda loftfarinu.	Skilið og mun fylgja fyrir-mælum

2.2 Merki einelts loftfars og viðbrögð eineltiloftfars.

Flokkur	*Merki EINELTS loftfars*	*Merking*	*Viðbrögð EINELTI loftfars*	*Merking*
4	Að degi eða nóttu: Draga skal upp hjól (ef búnaður leyfir) og kveikja og slökkva á lendingarljósum meðan flogið er yfir braut í notkun eða þyrluvöll, í meiri hæð en 1000 fetum (300m) en minni en 2000 fetum (600m), (fyrir þyrlur skal hæðin vera milli 170 fet (50m) og 330 fet (100m)). yfir flugvelli og halda áfram að fljúga í hringi umhverfis braut í notkun eða þyrluvöll. Ef ekki er hægt að kveikja og slökkva á lendingarljósum skal nota önnur ljós sem tiltæk eru.	Tiltekinn flugvöllur er ófullnægjandi.	Að degi eða nóttu: Ef æskilegt er að einelta loftfarið fylgi eineltiloftfarinu eftir til annars flugvallar þá dregur eineltiloftfarið upp hjól sín (ef búnaður leyfir) og notar merkin sem tilgreind eru í 1. flokki fyrir eineltiloftför. Ef ákveðið er að sleppa einelta loftfarinu þá notar eineltiloftfarið merkin, sem tiltekin eru í 2. flokki fyrir eineltiloftfar.	Skilið, fylgið mér Skilið, Loftfarið má halda áfram.
5	Að degi eða nóttu: Kveikt og slökkt reglulega á öllum tiltækum ljósum, en þannig að aðgreint verði frá leiftrandi ljósum.	Get ekki fylgt fyrirmælum	Að degi eða nóttu: Notið merkin í 2. flokki,sem ætluð eru eineltiloftförum.	Skilið
6	Að degi eða nóttu: Kveikt og slökkt óreglulega á öllum tiltækum ljósum.	Er í nauðum	Að degi eða nóttu: Notið merkin í 2. flokki, sem ætluð eru eineltiloftförum.	Skilið.

3. Sjáanleg merki sem notuð eru til að gera loftfari viðvart að það sé heimildarlaust þegar það er í eða um það bil að fljúga inn í hafta-, bann- eða hættusvæði.

Að degi og nóttu tákna merkjaskot frá jörðu, sem endurtekin eru á 10 sekúndna fresti og hvert um sig gefur frá sér græn og rauð ljós þegar það springur, að loftfar sé á heimildarlausu flugi í hafta-, bann- eða hættusvæði eða sé um það bil að fljúga inn í slík svæði og að þau skuli gera viðeigandi ráðstafanir.

4. Merki ætluð flugvallarumferð.


4.1 Ljós og skotmerki.

4.1.1 Fyrirmæli

	Ljósmerki	Frá flugturni: til loftfars á flugi	Frá flugturni: til loftfars á jörðu
Beint til hlutaðeigandi loftfars	Stöðugt grænt	Heimil lending.	Heimilt flugtak.
	Stöðugt rautt	Víkið fyrir annarri umferð og haldið áfram hringflugi umhverfis völlinn.	Nemið staðar.
	Græn leiftur	Komið til lendingar*.	Heimill akstur.
	Rauð leiftur	Flugvöllurinn óöruggur, lendið ekki.	Akið af lendingarsvæði í notkun.
	Hvít leiftur	Lendið á þessum flugvelli og akið í hlað.	Komið til brottfararstaðar á flugvelli.
	Rautt merkjaskot	Lendið ekki núna þrátt fyrir fyrri fyrirmæli.	

* Heimildir til lendingar og aksturs munu veittar þegar við á.

Mynd 1.1



4.1.2 Staðfesting loftfars

a) Á flugi:

1) að degi: vagga skal loftfari.

Ath.– Ekki skal búast við þessu merki ef loftfarið er komið á þverlegg eða lokastefnu.

2) að nóttu: Kveikja og slökkva skal tvisvar á lendingarljósum eða ef þau eru ekki tiltæk skal kveikja og slökkva tvisvar á siglingaljósum.

b) Á jörðu:

1) að degi: Hreyfa skal halla- eða hliðarstýri,

2) að nóttu: Kveikja og slökkva skal tvisvar á lendingarljósum eða ef þau eru ekki tiltæk skal kveikja og slökkva tvisvar á siglingaljósum.

4.2 Sjáanlg merki á jörðu.

Ath.– Nákvæma lýsingu á gerð merkjanna er að finna í ICAO-viðbæti 14.

4.2.1 Bann við lendingu


Láréttur, rauður ferningur með gulum skákrossi (mynd 1.2) í merkjareit táknar að lendingar séu bannaðar og verði það sennilega um langan tíma.



Mynd 1.2

4.2.2 Nauðsyn sérstakrar varúðar við aðflug og lendingu


Láréttur, rauður ferningur með einu gulu skábandi í merkjareit (mynd 1.3) táknar að vegna slæms ástands umferðarsvæðisins eða af einhverri annarri ástæðu skuli gæta sérstakrar varúðar við aðflug og lendingu.



Mynd 1.3


4.2.3 Notkun flugbrauta og akbrauta

4.2.3.1 Lárétt, hvít handvætt (dumb-bell) í merkjareit (mynd 1.4) táknar að loftför skuli aðeins hefja flug, lenda og aka á flugbrautum og akbrautum.



Mynd 1.4


4.2.3.2 Sams konar handvætt og um getur í 4.2.3.1 en með svörtu bandi þvert yfir hvorn hringflöt með stefnu hornrétt við stefnu handfangsins (mynd 1.5) táknar að loftför skuli aðeins hefja flug og lenda á flugbrautum en að aðrar athafnir þeirra á flugvellinum séu ekki takmarkaðar við flugbrautir og akbrautir.



Mynd 1.5

4.2.4 Lokaðar flugbrautir eða akbrautir


Krossar í einum áberandi lit, gulum eða hvítum (mynd 1.6), lagðir lárétt á flugbrautir og akbrautir eða hluta þeirra, tákna svæði sem er ónothæft fyrir loftför.



Mynd 1.6


4.2.5 Átt lendinga og flugtaka

4.2.5.1 Lárétt, hvítt eða rauðgult "lendinga-T" (mynd 1.7) segir til um átt sem loftför skulu nota við lendingu og flugtak, og er samhliða legg T-sins að þverarminum.



Mynd 1.7


4.2.5.2 Tveir lóðréttir tölustafir (mynd 1.8) á eða nálægt flugtumi gefa flugmönnum loftfara á umferðarsvæði til kynna segulstefnu flugbrautar í sem næst tugum gráða.



Mynd 1.8

4.2.6 Hægri handar umferð


Ef í merkjareit eða við enda flugbrautar er í notkun áberandi ör, sem vísar til hægri (mynd 1.9), táknar hún að beygjur skuli taka til hægri fyrir lendingu og eftir flugtak.



Mynd 1.9

4.2.7 Flugvarðstofa


Bókstafurinn C í svörtum lit á gulum lóðréttum fleti (mynd 1.10) segir til um hvar flugvarðstofa er.



Mynd 1.10

4.2.8 Sviffluq

Láréttur, tvöfaldur, hvítur kross (mynd 1.11) í merkjareit táknar að sviffluqur noti flugvöllinn og þær séu á flugi.



Mynd 1.11

5. Hlaðmerki.

5.1 Frá hlaðstjóra til loftfars.

Ath. 1 – Hlaðstjóra er ætlað að gera þessi merki með höndum sínum sem lýstar skulu upp, eins og þörf krefur, til þess að gera flugmanni kleift að sjá merkin, en hlaðstjórinn stendur fyrir framan og snýr sér að loftfarinu og tekur sér stöðu:

a) fyrir flugvélar: Fyrir framan vinstri væng, innan sjónsviðs flugmannsins, og
b) fyrir þyrlur: Þar sem flugmaðurinn á best með að sjá hann.

Ath. 2 – Merki þessi tákna hið sama þótt merkjaspjöld eða hvers konar merkjaljós séu notuð.

Ath. 3 – Séð frá hlaðstjóra, sem stendur fyrir framan og snýr að loftfarinu, eru hreyflar þess tölusettir frá hægri til vinstri (þ.e. ytri hreyfill á vinstri væng er nr. 1).


Ath. 4 – Merki, sem merkt eru með stjörnu, eru ætluð vokandi þyrlum (hovering).

5.1.1 Áður en eftirfarandi merki eru notuð skal hlaðstjórinn fullvissa sig um að engar hindranir né árekstrarhætta verði á vegi loftfarsins, er það fylgir leiðbeiningum hans í samræmi við grein 3.4.1.

Ath.– Lögun margra loftfara er slík að erfitt er að fylgjast með úr stjórnklefa vængendum, hreyflum og þeim öðrum hlutum, er lengst skaga út, meðan loftfarið er á hreyfingu um flugvöllinn.


1 HALDIÐ ÁFRAM SAMKVÆMT FREKARI LEIÐBEININGUM HLAÐSTJÓRA

Hlaðstjóri leiðbeinir flugmanni þegar umferð á flugvellinum gerir slíkt nauðsynlegt.




2 HÉR ER STÆÐIÐ

Armar beint upp og lófar snúa inn.




3 HALDIÐ ÁFRAM TIL NÆSTA HLAÐSTJÓRA

Hægri eða vinstri armur niður með síðu, hinn armurinn fyrir framan brjóst og vísar í áttina til næsta hlaðstjóra.



4 AKIÐ ÁFRAM


Armar, lítið eitt til hliðar og lófar skulu snúa aftur og þeir sífellt á hreyfingu upp og aftur frá axlarhæð.




5 BEYGIÐ

a) Beygið til vinstri: Hægri armur niður, vinstri armur sífellt á hreyfingu upp og aftur. Hraði armhreyfinganna segir til um beygjuhraðann.


b) Beygið til hægri: Vinstri armur niður, hægri armur sífellt á hreyfingu upp og aftur. Hraði armhreyfinganna segir til um beygjuhraðann.





6 STÖÐVIÐ


Armar sífellt á hreyfingu í kross yfir höfði (hraði armhreyfinganna segir til um hve fljótt er nauðsynlegt að nema staðar, þ.e. eftir því sem hreyfingarnar eru hraðari því fyrr skal stöðva).



7 HEMLAR

a) Festið hemla: Hönd með útréttum fingrum sett fram fyrir brjóstið þannig að framhandleggur sé láréttur, hnefi síðan krepptur.


b) Losið hemla: Krepptur hnefi settur fram fyrir brjóstið þannig að framhandleggur sé láréttur, síðan rétt úr fingrum.



8 SKORÐUR

a) Setjið skorður við hjól: Armar niður, lófar snúa aftur, armar hreyfðir að líkamanum.

b) Takið skorður frá hjólum: Armar niður, lófar snúa fram, armar hreyfðir frá líkamanum.




9 RÆSIÐ HREYFIL (HREYFLA)

Vinstri hendi lyft yfir höfuð. Fjöldi útréttra fingra segir til um númer þess hreyfils sem ræsa skal. Hægri hönd skal hreyfa í hringi í höfuðhæð.




10 STÖÐVIÐ HREYFLA

Annar hvor framhandleggur láréttur í axlarhæð, hönd fyrir framan háls, lófi snýr niður. Armur boginn og höndina skal hreyfa lárétt til hliðar.




11 HÆGAR

Armar niður, lófar snúa niður, síðan skal hreyfa þá nokkrum sinnum upp og niður.




12 HÆGIÐ Á HREYFLI (HREYFLUM) ÞEIM MEGIN SEM VÍSAÐ ER TIL

Armar niður, lófar snúa niður, hægri eða vinstri hönd skal hreyfð upp og niður, en það táknar að hægja skuli á vinstri eða hægri hreyfli (hreyflum).



13 AKIÐ AFTUR Á BAK


Armar niður með síðum, lófar snúa fram, hreyfa skal þá sífellt fram og upp í axlarhæð.



14 BEYGJUR UM LEIÐ OG EKIÐ ER AFTUR Á BAK


a) Stéli skal snúið á stjórnborða: Vinstri arm skal hreyfa sífellt beint fram frá uppréttri stöðu í lárétta.

b) Stéli skal snúið á bakborða: Hægri armur skal benda niður, vinstri arm skal hreyfa sífellt beint fram frá uppréttri stöðu í lárétta.




15 ENGAR HINDRANIR

Hægri framhandlegg skal lyfta upp um olnboga með uppréttum þumalfingri.




16 VOKAÐ *

Armar skulu vera láréttir út til hliðanna.




19 FARIÐ TIL HLIÐAR *

Viðeigandi armur skal vera láréttur út til hliðar í þá átt sem fara skal, hinn armurinn skal vera á sífelldri hreyfingu til hliðar og upp í þá átt sem fara skal.




17 HÆKKIÐ FLUGIÐ *

Armar skulu vera láréttir út til hliðanna, á sífelldri hreyfingu upp yfir höfuð, lófar skulu snúa upp. Hraði hreyfinganna segir til um hve ört skal hækka flugið.




20 LENDIÐ *

Armar skulu krosslagðir og vita niður á framhlið líkamans.



18 LÆKKIÐ FLUGIÐ *

Armar skulu vera láréttir út til hliðanna, á sífelldri hreyfingu niður, lófar skulu snúa niður. Hraði hreyfing-anna segir til um hve ört skal lækka flugið.



5.2 Frá flugmanni loftfars til hlaðstjóra.

Ath. 1 – Flugmanni í stjórnklefa er ætlað að gefa þessi merki þannig að hlaðstjóri sjái hendur hans greinilega og getur hann lýst þær upp til að auðvelda hlaðstjóranum að sjá þær.

Ath. 2 – Séð frá hlaðstjóra, sem stendur fyrir framan og snýr að loftfarinu, eru hreyflar tölusettir frá hægri til vinstri, (þ.e. ytri hreyfill á vinstri væng er númer 1).

5.2.1 Hemlar.

Ath.– Þegar hnefi er krepptur segir það til um hvenær hemlar eru festir og þegar rétt er úr fingrum hvenær þeir eru losaðir.

a) Hemlar festir: Hönd með útréttum fingrum skal sett fram fyrir andlitið þannig að framhandleggur sé láréttur, hnefi síðan krepptur.

b) Hemlar losaðir: Krepptur hnefi skal settur fyrir andlitið þannig að framhandleggur sé láréttur, síðan skal rétta úr fingrum.

5.2.2 Skorður.

a) Setjið skorður við hjól: Armar skulu réttir út með lófana fram, krossleggið síðan hendur fyrir framan andlit.

b) Takið skorður frá hjólum: Hendur skulu krosslagðar fyrir framan andlit með lófana fram, hreyfið síðan arma út.

5.2.3 Tilbúinn að ræsa hreyfil (hreyfla).

Segið til um númer þess hreyfils, sem á að ræsa með því að rétta úr sama fjölda fingra annarrar handar.

Viðauki 2

EINELTI ALMENNRA LOFTFARA.

(Sjá kafla 3, 3.8, þessa viðbætis)

1. **Grundvallaratriði sem ríkjum ber að fara eftir.**

1.1 Til að öðlast nauðsynlegt samræmi reglna til öryggis leiðsögu almannaloftfara, skulu þátttökuríki ICAO taka fullt tillit til eftirfarandi grundvallaratriða við samningu reglna og reglugerða stjórnvalda:

a) aðeins skal grípa til eineltis almannaloftfara, sem allra síðasta úrræðis,

b) sé það gert, skal einelti takmarkað við að bera kennsl á loftfar, nema nauðsynlegt sé að beina loftfarinu á feril flugáætlunar, leiðbeina því út fyrir lofthelgi ríkis, frá bann-, hafta- eða hættusvæðum, eða gefa því fyrirmæli um að lenda á tilteknum flugvelli,

c) ekki skal einelta almannaloftför í æfingaskyni,

d) veita skal eineltu loftfari leiðsögu og upplýsingar um talstöð, þegar talsamband næst, og

e) þegar hinu einelta loftfari er fyrirskipað að lenda á því svæði sem flogið er yfir, skal flugvöllurinn sem lenda skal á, vera hæfur til öruggrar lendingar þeirrar tegundar loftfars sem um er að ræða.

Ath. – Við einróma samþykki 25. fundar (auka) ICAO þingsins, hinn 10. maí 1984, á 3. grein ICAO sáttmálans um alþjóðaflug, viðurkenndu þátttökuríkin að „sérhvert ríki verði að forðast að grípa til vopna gegn almannaloftförum á flugi".

1.2 Þátttökuríkin skulu auglýsa staðlaða aðferð sem skipulögð hefur verið, um athafnir loftfara, sem einelta almannaloftfar. Slík aðferð skal hönnuð til að forðast hættu fyrir einelta loftfarið.

Ath. – Sérstök tilmæli um slíkar aðferðir er að finna í fylgiskjali A, 3. hluta.

1.3 Þátttökuríkin skulu sjá um að þar sem svarratsjá (SSR) er tiltæk, skuli hún notuð til að bera kennsl á almannaloftför, í svæðum þar sem búast mætti við einelti.

2. Viðbrögð einelts loftfars.

2.1 Loftfar sem annað loftfar eineltir, skal þegar í stað:

a) fylgja fyrirmælum eineltiloftfarsins með því að túlka sjáanleg merki og fara eftir þeim samkvæmt viðauka 1,
b) tilkynna atvikið hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild, ef unnt er,
c) reyna að ná talsambandi við eineltiloftfarið eða viðeigandi eineltistjórnstöð á neyðartíðninni 121.5 MHz, veita upplýsingar um kallmerki loftfarsins og eðli flugsins, og ef við á og engu talsambandi hefur verið náð, endurtaka tilraunina á neyðartíðninni 243 MHz,
d) velja „SSR hátt A, merki 7700", ef loftfarið er búið ratsjársvara, nema önnur fyrirmæli berist frá viðeigandi flugumferðarþjónustudeild".

2.2 Ef einhver þau fyrirmæli, sem berast um talstöð, hvaðan sem þau kunna að berast, stangast á við þau sem eineltiloftfarið hefur gefið með sjáanlegum merkjum, skal hið einelta loftfar óska nánari skýringa þegar í stað, og á meðan halda áfram að fylgja þeim sjáanlegu fyrirmælum sem eineltiloftfarið hefur gefið.

2.3 Ef einhver þau fyrirmæli sem berast um talstöð, hvaðan sem þau kunna að berast, stangast á við þau sem eineltiloftfarið hefur gefið um talstöð, skal einelta loftfarið óska nánari skýringa þegar í stað, og á meðan halda áfram að fylgja þeim fyrirmælum sem eineltiloftfarið hefur gefið um talstöðina.

3. Talstöðvarviðskipti við einelti.

Sé talsambandi náð meðan á einelti stendur, en fjarskipti á tungumáli er báðir skilja ókleif, skal reyna að koma fyrirmælum, viðurkenningu á móttöku þeirra og öðrum áríðandi upplýsingum áleiðis, með því að nota eftirfarandi orðasambönd og framburð þeirra og tvítaka sérhvert orð og orðasamband:

Ath. 1 – Í 2. dálki eru áhersluatriði feitletruð.

Ath. 2 – Kallmerkið, sem óskað er eftir, er það sem notað er í talviðskiptum við flugumferðarþjónustudeildir og ber saman við kallmerki loftfarsins í flugáætlun.

Ath. 3 – Ekki er alltaf æskilegt að nota orðið „HIJACK".

Orðaval eineltiloftfars			Orðaval einelts loftfars		
Orðasamband	*Framburður*	*Þýðing*	*Orðasamband*	*Framburður*	*Þýðing*
CALL SIGN	**KOL**-SÆN	Hvað er kallmerki þitt?	CALL SIGN	**KOL**-SÆN	Kallmerki mitt er
FOLLOW	**FOL**-LÓ	Fylgið mér	WILCO	**VILL**-KÓ	Skilið, skal gert
DESCEND	DÍ-**SEND**	Lækkið til lendingar	CAN NOT	**KANN**-NOTT	Get ekki
YOU LAND	JÚ-**LAND**	Lendið á þessum flugvelli	REPEAT	RÍ-**PÍT**	Endurtakið
PROCEED	PRÓ-**SÍD**	Haldið áfram	AM LOST	**ÆM-LOST**	Staðarákvörðun óþekkt
			MAYDAY	**MEI-DEI**	Er nauðulega staddur
			HIJACK	**HÆ-DJAKK**	Mér hefur verið rænt
			LAND (nafn staðar)	LAND (nafn staðar)	Ég óska að lenda á (staðarnafn)
			DESCEND	DÍ-**SEND**	Ég óska eftir lækkun

Ath. 1 – Í 2. dálki eru áhersluatriði feitletruð.

Ath. 2 – Kallmerkið, sem óskað er eftir, er það sem notað er í talviðskiptum við flugumferðarþjónustudeildir og ber saman við kallmerki loftfarsins í flugáætlun.

Ath. 3 – Ekki er alltaf æskilegt að nota orðið „HIJACK".

Viðauki 3

TAFLA UM FARFLUGSLÖG.

Farflugslög þau, sem fljúga skal í þegar flugreglurnar tilgreina,eru sem hér segir: *

FERILL **												
FRÁ 000°- 179° ***						FRÁ 180°- 359° ***					
	blindflug flughæð			sjónflug flughæð			blindflug flughæð			sjónflug flughæð	
FL	fet	m	FL	fet	m	FL	fet	m	FL	fet	m
-90							0				
10	1000	300				20	2000	600			
30	3000	900	35	3500	1050	40	4000	1200	45	4500	1350
50	5000	1500	55	5500	1700	60	6000	1850	65	6500	2000
70	7000	2150	75	7500	2300	80	8000	2450	85	8500	2600
90	9000	2750	95	9500	2900	100	10000	3050	105	10500	3200
110	11000	3350	115	11500	3500	120	12000	3650	125	12500	3800
130	13000	3950	135	13500	4100	140	14000	4250	145	14500	4400
150	15000	4550	155	15500	4700	160	16000	4900	165	16500	5050
170	17000	5200	175	17500	5350	180	18000	5500	185	18500	5650
190	19000	5800	195	19500	5950	200	20000	6100	205	20500	6250
210	21000	6400	215	21500	6550	220	22000	6700	225	22500	6850
230	23000	7000	235	23500	7150	240	24000	7300	245	24500	7450
250	25000	7600	255	25500	7750	260	26000	7900	265	26500	8100
270	27000	8250	275	27500	8400	280	28000	8550	285	28500	8700
290	29000	8850	295	30000	9150	310	31000	9450	320	32000	9750
330	33000	10050	340	34000	10350	350	35000	10650	360	36000	10950
370	37000	11300	380	38000	11600	390	39000	11900	400	40000	12200
410	41000	12500	420	42000	12800	430	43000	13100	440	44000	13400
450	45000	13700	460	46000	14000	470	47000	14350	480	48000	14650
490	49000	14950	500	50000	15250	510	51000	15550	520	52000	15850
o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.	o.s.frv.

* Að því undanteknu þegar breytt tafla um farflugslög, sem styðst við alþjóðlegt, svæðisbundið loftferða-samkomulag um hæðabil, sem er minna en 2000 fet (600 m) en ekki minna en 1000 fet (300 m), er í gildi fyrir loftför á flugi ofar fluglagi (FL) 290 á ákveðnum svæðum og við sérstakar aðstæður.

** Segulferill (misvísandi). Á heimskautasvæðum yfir 70 gráðum norðlægrar og suðlægrar breiddar og á þeim viðbótarsvæðum, sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvöld ákveða, skal þó nota svonefnda netferla sem styðjast við net af línum samhliða Greenwich-lengdarbaug sem teiknaðar eru á pólvíddarkort (polar stereographic chart). Áttin að norðurheimskautinu á Greenwich-baugnum og öllum línum honum samhliða kallast þá net-norður.

*** Nema frá 090° til 269° og frá 270° til 089°, þar sem alþjóðlegt svæðisbundið loftferðarsamkomulag mælir svo fyrir til hagræðis fyrir ríkjandi umferðaráttir, skal tilgreina hvernig skipt er frá einu kerfinu til annars.

Viðauki 4

MANNLAUS FRJÁLS LOFTBELGUR.

(Ath. – Sjá kafla 3, 3.8.1 í þessum viðbæti)

1. Flokkun mannlausra frjálsra loftbelgja.

Mannlausir frjálsir loftbelgir skulu flokkaðir sem:

a) *léttur:* Mannlaus frjáls loftbelgur sem flytur arðbæran farm, einn eða fleiri pakka með heildarþunga minni en 4 kg, nema hann sé flokkaður sem þungur loftbelgur, samkvæmt c) 2), 3) eða 4) hér að aftan, eða

b) *meðal:* Mannlaus frjáls loftbelgur sem flytur arðbæran farm, tvo eða fleiri pakka, með heildarþunga 4 kg eða meira, en minna en 6 kg, nema hann sé flokkaður sem þungur loftbelgur samkvæmt c) 2), 3) eða 4) hér að aftan, eða

c) *þungur:* Mannlaus frjáls loftbelgur sem flytur arðbæran farm sem:
   1) er 6 kg eða þyngri, eða
   2) flytur 3 kg pakka eða þyngri, eða
   3) flytur 2 kg pakka eða þyngri, með meiri þyngd á flatareiningu en 13 grömm á cm^2, eða
   4) notar reipi eða önnur áhöld til að bera uppi farminn sem þarf 230 N högg eða meira til að aðskilja hinn upplyfta farm frá loftbelgnum.

Ath. 1 – Loftþyngdin á flatareiningu sem tilgreind er í c) 3) er ákvörðuð með því að deila heildarþunga farmsins í grömmum með stærð minnsta yfirborðs hans í cm^2.

Ath. 2 – Sjá mynd 4.1

2. Almennar starfsreglur.

2.1 Ekki skal svifa mannlausum frjálsum loftbelg án viðeigandi heimildar þess ríkis sem sviftakið hefst í.

2.2 Öðrum en léttum mannlausum loftbelgjum, sem eingöngu eru notaðir í veðurfræðilegum tilgangi og svifið er samkvæmt reglum hlutaðeigandi yfirvalda, skal ekki svifað yfir önnur lönd án viðeigandi heimilda frá þeim.

2.3 Heimildin, sem vísað er til í 2.2, skal fengin áður en belgur er settur á loft ef líkur benda til, þegar gerð er áætlun um svifið áður en belgur er settur á loft að loftbelgurinn kunni að hrekjast inn í loftrými annars ríkis. Slíkrar heimildar má afla fyrir raðflug eða sérstakt endurtækt svif, t.d. loftbelgjasvif til könnunar andrúmsloftsins.

2.4 Mannlausum frjálsum loftbelg skal svifa samkvæmt skilyrðum skrásetningarríkis og ríkja sem fyrirhugað er að svifa yfir.

2.5 Ekki skal svifa mannlausum frjálsum loftbelg þannig að högg frá honum eða hlutum hans, þar á meðal farmi, á yfirborði jarðar, valdi hættu fólki eða mannvirkjum, sem ekki eru í tengslum við svifið.

2.6 Mannlausum þungum, frjálsum loftbelg skal ekki svifa yfir úthöfum án samhæfingar fyrir fram við hlutaðeigandi ATS-stjórnvöld.

3. Rekstrartakmarkanir og tækjaþörf.

3.1 Þungum mannlausum frjálsum loftbelg skal ekki svifað, án heimildar frá hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi, um eða í gegnum neitt fluglag undir 18 000 metra (60 000 feta) þrýstingshæð þar sem:

a) eru ský eða fyrirbrigði sem draga úr útsýn og hylja meira en helming loftsins,
b) skyggni er minna en 8 km (5 mílur).

3.2 Þungum eða meðalþungum mannlausum loftbelgjum skal ekki sleppt þannig að þeir svifi lægra en 300 m (1000 fet) yfir þéttbýlum hlutum borga, bæja eða þorpa eða yfir útisamkomum sem ekki eru í tengslum við flugið.

3.3 Þungum mannlausum frjálsum loftbelg skal ekki svifa nema:

a) hann sé útbúinn a.m.k. tveimur farmflugstöðvunartækjum eða kerfum, sjálfvirkum eða fjarstýrðum, sem starfa óháð hvort öðru,
b) í þrýstingslausa,"polyethylene" loftbelgi, skal a.m.k. nota tvær aðferðir, tvö kerfi, tæki eða sambland þeirra, sem starfa óháð hvort öðru, við stöðvun á svifi loftbelgsins.

Ath.– Loftbelgir með ofþrýstingi þurfa ekki á þessum búnaði að halda þar eð þeir stíga fljótlega eftir losun farmsins og springa án þess að þörf sé tækja eða kerfa til að sprengja belginn. Í þessu sambandi er loftbelgur með ofþrýstingi einfaldur og óstækkanlegur og þolir mismunandi þrýsting, hærri að innan en utanverðu. Hann er þannig útblásinn að lægri þrýstingur gassins haldi loftbelgnum samt sem áður útblásnum. Slíkur ofþrýstingur heldur nauðsynlegum stöðugum þrýstingi þar til of mikið gas sleppur út.


c) loftbelgurinn er annaðhvort búinn ratsjárspegli eða speglunarefni sem bergmálar á jarðratsjá á tíðnisviðinu 200 – 2700 MHz og/eða belgurinn er búinn öðrum tækjum sem gera kleift að fylgst sé stöðugt með honum, lengra en jarðratsjá dregur.

3.4 Ekki skal svifa mannlausum frjálsum loftbelg í loftrúmi þar sem jarðratsjá af SSR gerð er í notkun nema hann sé búinn SSR ratsjársvara, sem getur tilkynnt um hæð og starfar sífellt á ákveðnu merkjamáli eða kveikja má á þegar eftirlitsstöðin óskar.

3.5 Ekki skal svifa mannlausum frjálsum loftbelg, sem er búinn dragloftneti sem þarf meira en 230 N afl til að slitna, hvenær sem er, nema loftnetið sé búið litskrúðugum veifum með í mesta lagi 15 metra millibili.

3.6 Ekki skal svifa þungum mannlausum frjálsum loftbelg undir 18 000 metra (60 000 feta) þrýstingshæð, milli sólseturs og sólaruppkomu, eða annars slíks tímabils milli sólseturs og sólaruppkomu (leiðrétt í samræmi við lofthæðina), samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi ATS-stjórnvalds, nema loftbelgurinn, tengihlutir hans og farmurinn, hvort sem slíkt losnar frá honum á svifinu eða ekki, séu upplýstir.

3.7 Ekki skal svifa þungum mannlausum frjálsum loftbelg, lengri en 15 metra, með hengibúnaði (öðrum en skærlitri opinni fallhlíf), milli sólaruppkomu og sólarlags, undir 18 000 metra (60 000 feta) þrýstingshæð nema hengibúnaðurinn sé málaður mjög litskrúðugum veifum í fjölbreytilegum litum.



Mynd 4.1. Flokkun mannlausra frjálsra loftbelgja

4. Stöðvun.

Sá, sem stjórnar þungum, ómönnuðum frjálsum loftbelg, skal ræsa viðeigandi stöðvunarbúnað samkvæmt ákvæðum í 3.3 a) og b) hér að framan:

a) þegar ljóst verður að veðurskilyrði séu lakari en tilskilið er, eða
b) ef bilun eða aðrar ástæður gera áframhald svifs hættulegt flugumferð eða fólki og eignum á jörðu niðri, eða
c) áður en farið er í heimildarleysi inn í loftrými annars ríkis.

5. Sviftilkynning.

5.1 Tilkynning fyrir svif.

5.1.1 Tilkynna skal viðeigandi flugumferðarþjónustudeildum fyrirhugað svif mannlauss frjáls loftbelgs, af meðalþungri eða þyngri gerð, eigi síðar en með sjö daga fyrirvara.

5.1.2 Í tilkynningu um fyrirhugað svif skulu felast þau eftirtalinna atriða sem viðeigandi flugumferðarþjónustudeild kann að krefjast:

a) auðkenni loftbelgs eða verkefnis,
b) flokkun loftbelgs og útlitslýsing,
c) merki ratsjársvara eða tíðni radíóvita, ef við á,
d) nafn flugrekanda og símanúmer,
e) sviftaksstaður,
f) áætlaður sviftakstími (eða upphaf og lok margra sviftaka),
g) fjöldi loftbelgja, sem hefja eiga sviftak, og fyrirhugað bil milli sviftaka (sé um mörg að ræða),
h) væntanleg klifurstefna,
i) fluglag(lög) (þrýstingshæð),
j) áætluð tímalengd til að komast gegnum 18 000 metra (60 000 feta) þrýstingshæð eða til að ná leiðarfluglagi ef í eða undir 18 000 metrum (60 000 fetum), ásamt áætlaðri staðsetningu.

Ath.– Ef um er að ræða röð sviftaka skal tíminn sem nota skal vera sá sem hinn fyrsti og síðasti í röðinni munu ná hlutaðeignadi lagi (t.d. 122136 – 130330 UTC).

k) áætluð dagsetning og tími lokalendingar og lendingarstaður. Sé um loftbelg í svifflugi að ræða, og þess vegna erfitt að áætla lendingarstað og lendingartíma nákvæmlega, skal nota orðið "langsvif".

Ath.– Ef um er að ræða fleiri en einn lendingarstað, skal tilgreina hvern einstakan ásamt áætluðum lendingartíma. Ef um er að ræða margar samfelldar lendingar skal tilgreina áætlaðan lendingartíma hins fyrsta og síðast í röðinni (t.d. 070330 UTC – 072300 UTC).

5.1.3 Allar breytingar á upplýsingum um fyrirhugað sviftak samkvæmt 5.1.2 hér að framan, skal senda hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild eigi síðar en 6 klst. fyrir áætlað sviftak, eða sé um að ræða rannsóknir á sólar- eða geimtruflunum, þar sem nákvæm tímasetning er mikilvæg, eigi síðar en 30 mínútum fyrir áætlaðan upphafstíma aðgerðarinnar.

5.2 Tilkynning um sviftak.

Þegar eftir að meðalþungum eða þungum mannlausum frjálsum loftbelg er sleppt skal flugrekandi tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild eftirfarandi:

a) auðkenni loftbelgs,
b) sviftaksstað,
c) sviftakstíma,
d) áætlaða tímalengd þar til farið er gegnum 18 000 metra (60 000 feta) þrýstingshæð eða tímalengd þar til farflugslagi er náð, ef belgurinn er í eða undir 18 000 metra (60 000 feta) hæð, og áætlaða staðsetningu, og
e) allar breytingar á áður tilkynntum upplýsingum samkvæmt 5.1.2 g) og h).

5.3 Tilkynningar um aflýsingar.

5.3.1 Flugrekandi skal tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild jafnskjótt og vitað er að fyrirhuguðu svifi meðalþungs mannlauss frjáls loftbelgs, sem áður hafði verið tilkynnt um samkvæmt grein 5.1, hefur verið aflýst.

6. Skráning staðarákvarðana og tilkynningar.

6.1 Flugrekandi þungs, mannlauss frjáls loftbelgs í eða undir 18 000 metra (60 000 feta) þrýstingshæð skal fylgjast með svifferli loftbelgsins og senda tilkynningar um staðarákvörðun hans samkvæmt kröfum flugumferðarþjónustu. Flugrekandinn skal skrásetja stöðu loftbelgsins á tveggja klst. fresti, nema flugumferðarþjónustudeildir krefjist tíðari tilkynninga um staðarákvörðun hans.

6.2 Flugrekandi þungs, mannlauss frjáls loftbelgs í yfir 18 000 metra (60 000 feta) þrýstingshæð skal fylgjast með svifi hans og senda tilkynningar um staðarákvörðun hans samkvæmt kröfum flugumferðarþjónustu. Flugrekandinn skal skrásetja stöðu loftbelgsins á 24 klst. fresti, nema flugumferðarþjónustudeildir krefjist tíðari tilkynninga um staðarákvörðun hans.

6.3 Geti flugrekandi ekki skráð staðarákvörðun samkvæmt 6.1 og 6.2, skal hann þegar tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild það, ásamt síðustu skráðu staðarákvörðun. Einnig skal þegar tilkynna flugumferðarþjónustudeildinni er aftur tekst að fylgjast með ferli loftbelgsins.

6.4 Flugrekandi skal senda viðeigandi flugumferðarþjónustudeild eftirfarandi upplýsingar einni klukkustund áður en fyrirhugað er að þungur mannlaus frjáls loftbelgur byrji að lækka svifið:

a) þáverandi staðarákvörðun,
b) þáverandi fluglag (þrýstingshæð),
c) áætlaða tímasetningu er lækkað er niður úr 18 000 metra (60 000 feta) þrýstingshæð, ef við á,
d) áætlaðan lendingartíma og lendingarstað.

6.5 Flugrekandi þungs eða meðalþungs mannlauss frjáls loftbelgs skal tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustudeild þegar svifinu er lokið.

Fylgiskjal A.
EINELTI ALMENNRA LOFTFARA.

Ath.– Til nánari skýringa er aðalefni ákvæða viðauka 2 við þennan viðbæti, fellt inn í þetta fylgiskjal.

1. Í samræmi við sáttmála Alþjóðaflugmálastofnunarinnar grein 3 d) fallast þátttökuþjóðirnar á að þær muni taka fullt tillit til öruggrar leiðsögu almannaloftfars við útgáfu á reglugerðum handa herloftförum sínum. Þar sem einelti almannaloftfara er ævinlega hættulegt hefur fastaráð ICAO samið eftirfarandi sérstök tilmæli sem þátttökuríkin eru hvött til að framfylgja með viðeigandi stjórnvaldsaðgerðum. Samræmd framkvæmd allra er hlut eiga að máli er talin mikilvæg vegna öryggis almannaloftfara og þeirra sem í þeim eru. Þess vegna býður fastaráð ICAO þátttökuríkjunum að tilkynna ICAO um öll frávik sem um kann að vera að ræða í reglugerðum eða framkvæmdum þjóðanna, frá þeim sérstöku tilmælum er hér fara á eftir.

2. **Almennt.**

2.1 Forðast skyldi einelti almannaloftfara og ekki gripið til þess nema sem allra síðasta úrræðis. Komi til þess skal takmarka eineltið við að að bera kennsl á loftfarið, nema nauðsynlegt sé að snúa loftfarinu á feril flugáætlunar, beina því út fyrir lofthelgi ríkis, leiðbeina því frá hafta-, hömlu- eða hættusvæðum, eða gefa því fyrirmæli um að lenda á tilteknum flugvelli. Ekki skal einelta almannaloftför í æfingaskyni.

2.2 Til að koma í veg fyrir eða draga úr þörf á einelti almannaloftfara er mikilvægt að:

a) eineltistjórnstöðvar leggi sig fram við að afla kallmerkja sérhverra þeirra loftfara sem kynnu að vera almannaloftför og beina nauðsynlegum ráðleggingum og fyrirmælum til slíkra loftfara með aðstoð viðeigandi flugumferðarþjónustudeilda. Það er mikilvægt að tryggð verði traust og tafarlaus fjarskipti milli eineltistjórnstöðva og flugumferðarþjónustdeilda og gagnkvæmt upplýsingastreymi um almannaflug, samkvæmt ákvæðum í viðbæti 11.

b) svæði sem bönnuð eru almannaflugi og svæði þar sem almannaflug er ekki leyft án sérstakrar heimildar ríkis, séu greinilega birt í flugmálahandbókum (AIP), í samræmi við ákvæði viðbætis 15, ásamt þeirri áhættu, sem um kann að vera að ræða vegna eineltis, ef þau álpast inn í slík svæði. Við afmörkun slíkra svæða nálægt auglýstum ATS-leiðum, eða öðrum fjölförnum leiðum, skyldu ríkin taka tillit til tiltækra og áreiðanlegra leiðsögukerfa til afnota fyrir almannaloftför og möguleika þeirra til að halda sig utanvið hin afmörkuðu svæði.

c) taka til athugunar hvort stofnsetja þurfi viðbótar leiðsögutæki, þar sem nauðsynlegt er, til þess að almannaloftför geti með öryggi flogið í kringum bann- eða haftasvæði, ef þörf krefur.

2.3 Til þess að koma í veg fyrir eða draga úr hættum, sem felast í einelti sem gripið er til sem síðasta úrræðis, ætti af fremsta megni að leitast við að tryggja samræmdar aðgerðir flugstjóra og viðeigandi stöðva á jörðu niðri. Í þessu skyni er mikilvægt, að þátttökuríkin geri ráðstafanir til að tryggja að:

a) öllum flugmönnum almannaloftfara verði kenndar viðeigandi athafnir, sem þeir eiga að viðhafa, og sjáanleg merki, sem þeim ber að nota, eins og tilgreint er í 3. kafla og viðauka 1 við þennan viðbæti,

b) flugfélög og flugstjórar almannaloftfara framkvæmi 1., 2. og 3. hluta viðbætis 6 að því er varðar möguleika loftfara til fjarskipta á 121.5 MHz og noti tiltækar eineltiaðferðir og sjáanleg merki loftfarsins,

c) öllu starfsfólki flugumferðarþjónustu verði kenndar athafnir sem það á að viðhafa samkvæmt ákvæðum viðbætis 11, 2. kafla, og PANS-RAC (Doc. 4444),

d) öllum flugstjórum eineltiloftfara verði kynntar helstu takmarkanir á getu almannaloftfara og möguleikar þess að einelt loftfar geti verið í hættu statt vegna tæknilegra örðugleika eða ólögmætra hindrana,

e) ljós og ótvíræð fyrirmæli verði gefin eineltistjórnstöðvum og flugstjórum hugsanlegra eineltiloftfara varðandi eineltiathafnir, hvað eineltu loftfari beri að gera, sjáanleg merki gefin á flugi, talstöðvarviðskipti við einelt loftfar og nauðsyn þess að forðast að grípa til vopna,

Ath. – Sjá greinar 3 – 8.

f) eineltistjórnstöðvar og eineltiloftför fái sambærilegan tæknilegan fjarskiptabúnað og tilgreindur er í fyrra bindi viðbætis 10, svo að þau geti haft fjarskiptasamband við einelt loftför á neyðartíðninni 121.5 MHz,

g) svarratsjá (SSR) verði til afnota, þar sem mögulegt er, til að gera eineltistjórnstöðvum kleift að bera kennsl á almannaloftför í svæðum þar sem þau kynnu annars að verða einelt. Með slíkum búnaði ætti að mega greina þegar í stað hið fjögurra talna merkjamál í hætti A, 7500, 7600 og 7700.

3. Eineltiaðferðir.

3.1 Til að forðast áhættu fyrir einelt loftfar ætti að taka í notkun ákveðnar reglur um atferli loftfars sem eineltir almannaloftfar. Í slíkum reglum ætti að taka fullt tillit til tæknilegra takmarkana almannaloftfars, nauðsynjar þess að forðast að fljúga svo nálægt hinu einelta loftfari að hætta verði á árekstri og nauðsynjarinnar að forðast að fljúga þannig þvert fyrir flugleiðina eða framkvæma aðrar athafnir þannig, að flugröst verði hættuleg, sérstaklega ef hið einelta loftfar er lítið.

3.2 Aðferðir til að bera kennsl á loftfar.

3.2.1 Mælt er með eftirfarandi aðferð fyrir eineltiloftfar til að bera kennsl á almannaloftfar:

Fyrsta stig.

Eineltiloftfarið ætti að nálgast einelta loftfarið aftan frá. Forystuloftfarið eða einstakt eineltiloftfar ætti að jafnaði að taka sér stöðu vinstra megin við, rétt ofan- og framanvið einelta loftfarið, þannig að það sé sjáanlegt frá flugmanni einelta loftfarsins og upphaflega ekki nær því en 300 metra. Öll önnur loftför, sem taka þátt í aðgerðinni, ættu að halda sig í hæfilegri fjarlægð frá einelta loftfarinu, helst ofar og aftar. Þegar hraði og afstaða hafa verið ákveðin ætti loftfarið að halda áfram aðgerðinni á öðru stigi, ef nauðsyn krefur.

Annað stig.

Forystuloftfarið, eða einstakt eineltiloftfar, ætti að nálgast hið einelta loftfar smám saman í sömu hæð og alls ekki koma nær því en bráðnauðsynlegt er til að afla nauðsynlegra upplýsinga. Forystuloftfarið, eða einstakt eineltiloftfar, ætti að varast að gera flugáhöfn eða farþegum einelta loftfarsins bilt við og hafa stöðugt í

huga að athafnir, sem áhöfn eineltiloftfarsins þættu eðlilegar kynnu farþegum og áhöfn almannaloftfars að þykja hættulegar. Sérhvert annað loftfar, sem tekur þátt í aðgerðinni, ætti að halda sig hæfilega langt frá hinu einelta loftfari. Þegar kennsl hafa verið borin á einelt loftfar ætti eineltiloftfarið að hverfa á braut eins og frá er greint í þriðja stigi.

Þriðja stig

Forystuloftfarið, eða einstakt eineltiloftfar, ætti að beygja varfærnislega frá hinu einelta loftfari. Önnur loftför, sem taka þátt í aðgerðinni, ættu að halda sig hæfilega langt frá hinu einelta loftfari og hverfa aftur til forystuloftfarsins.

3.3 **Athafnir til leiðbeiningar.**

3.3.1 Ef nauðsynlegt er talið að hafa afskipti af leiðsögu einelts loftfars eftir skoðunarathafnirnar samkvæmt fyrsta og öðru stigi hér að framan, ætti eineltiloftfarið að jafnaði að taka sér stöðu rétt ofan- og framanvið og vinstra megin við einelta loftfarið til þess að flugstjóri hins síðarnefnda geti séð þau sjáanlegu merki sem gefin verða.

3.3.2 Óhjákvæmilegt er að flugstjóri eineltiloftfarsins fullvissi sig um, að flugstjóri einelta loftfarsins viti um eineltið og staðfesti móttöku gefinna merkja. Ef endurteknar tilraunir til að vekja athygli flugstjóra einelta loftfarsins, með notkun merkjanna í röð 1, 2. hluta viðauka 1, bera ekki árangur, má grípa til annara merkjagjafa í sama tilgangi, þar á meðal sem síðasta úrræði hinna sjáanlegu áhrifa frá aukabrenni, svo framarlega sem það orsakar ekki hættu fyrir hið einelta loftfar.

3.4 Augljóst er að veðurskilyrði eða landslag geta stundum valdið því að forystuloftfarið, eða einstakt eineltiloftfar þurfi að taka sér stöðu hægra megin rétt ofan- og framanvið einelta loftfarið. Þegar svo ber við verður flugstjóri eineltiloftfarsins að gæta þess vandlega að vera stöðugt innan sjónmáls frá flugstjóra einelta loftfarsins.

4. Eineltu loftfari leiðbeint.

4.1 Veita skal eineltu loftfari leiðsögu og viðeigandi upplýsingar, um talstöð, svo framarlega sem talsamband næst.

4.2 Þegar eineltu loftfari er leiðbeint skal gæta þess að beina því ekki inn á svæði, þar sem veðurskilyrði eru þannig að skyggni kann að vera lakara en krafist er til sjónflugs, svo og að athafnir þær, sem krafist er af einelta loftfarinu, auki ekki enn frekar þá hættu, sem kynni að skapast ef bilun skyldi verða í loftfarinu.

4.3 Þegar svo óvenjulega vill til, að eineltu almannaloftfari er fyrirskipað að lenda á landsvæðinu, sem flogið er yfir, verður einnig að gæta þess að:

a) hinn tiltekni flugvöllur sé hæfur til öruggrar lendingar fyrir þá tegund loftfars sem um ræðir, einkum ef flugvöllurinn er sjaldan notaður fyrir almannaflug, og
b) að landslagið umhverfis hann hæfi hringflugi, að- og fráflugi,
c) hið einelta loftfar hafi nægilegt eldsneyti til að komast til flugvallarins,
d) ef einelta loftfarið er almenn farþegaflugvél, þyrfti flugvöllurinn að hafa svo langa flugbraut, að hann jafngilti a.m.k. 2500 metrum við sjávarmál og nægan styrkleika til að þola þunga loftfarsins, og
e) þegar mögulegt er, að flugvöllurinn sé einn þeirra sem nákvæmar upplýsingar finnast um í viðeigandi flugmálahandbók (AIP).

4.4 Þegar almannaloftfari er fyrirskipað að lenda á framandi flugvelli er mikilvægt að veita því nægan tíma til að undirbúa lendinguna, enda verður að hafa í huga að aðeins flugstjóri almannaloftfarsins getur metið öryggi lendingarinnar með hliðsjón af lengd flugbrautar og þunga loftfarsins á þeim tíma.

4.5 Það er sérlega mikilvægt að veita hinu einelta loftfari allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi öryggi aðflugs og lendingar, um talstöð.

5. Viðbrögð einelts loftfars.

Í 2. hluta staðalsins í viðauka B er eftirfarandi tilgreint:

2.1 Loftfar sem annað loftfar eineltir, skal þegar í stað:

a) fylgja fyrirmælum eineltiloftfarsins með því að túlka og fara eftir sjáanlegum merkjum samkvæmt viðauka 1,
b) tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild atvikið, ef unnt er,
c) reyna að ná talsambandi við eineltiloftfarið eða viðeigandi eineltistjórnstöð, á neyðartíðninni 121.5 MHz, veita upplýsingar um kallmerki loftfarsins og eðli flugsins, og ef við á og engu talsambandi verið náð, endurtaka tilraunina á neyðartíðninn 243 MHz,
d) velja „hátt A, merki 7700", ef loftfarið er búið ratsjársvara, nema önnur fyrirmæli berist frá viðeigandi flugumferðarþjónustudeild.

2.2 Ef einhver þau fyrirmæli, sem berast um talstöð, hvaðan sem þau kunna að berast, stangast á við þau sem eineltiloftfarið hefur gefið með sjáanlegum merkjum, skal hið einelta loftfar óska nánari skýringa þegar í stað, og á meðan halda áfram að fylgja þeim sjáanlegu fyrirmælum sem eineltiloftfarið hefur gefið.

2.3 Ef einhver þau fyrirmæli sem berast um talstöð, hvaðan sem þau kunna að berast, stangast á við þau sem eineltiloftfarið hefur gefið um talstöð, skal einelta loftfarið óska nánari skýringa þegar í stað, og á meðan halda áfram að fylgja þeim fyrirmælum sem eineltiloftfarið hefur gefið um talstöðina.

6. Sjáanleg merki notuð á flugi.

Þau sjáanlegu merki sem eineltiloftfar og einelt loftfar ættu að nota eru tilgreind í viðauka 1 við þennan viðbæti. Áríðandi er, að einelti- og einelt loftfar fylgi þessum merkjum nákvæmlega og skilji rétt merkin, sem hitt loftfarið gefur og eineltiloftfarið veiti sérstaka athygli hverjum þeim merkjum, sem einelta loftfarið notar til að gefa til kynna alvarleg vandamál eða neyðarástand.

7. Talstöðvarviðskipti milli eineltistjórnstöðvar eða eineltiloftfars og einelts loftfars.

7.1 Við einelti ætti eineltistjórnstöðin og eineltiloftfarið:

a) fyrst að reyna að koma á talsambandi við einelta loftfarið á tungumáli sem báðir skilja, á neyðartíðninni 121.5 MHz og nota kallmerkið „eineltistjórn", einelti (kallmerki) og einelt loftfar, eftir því sem við á, og
b) ef það mistekst, reyna að koma á talsambandi við einelta loftfarið á þeim öðrum tíðnum sem ATS stjórnvöld tilgreina, eða koma á talsambandi með aðstoð ATS deilda.

7.2 Sé talsambandi náð meðan á einelti stendur, en fjarskipti á tungumáli er báðir skilja ókleif, skal reyna að koma fyrirmælum, staðfestingu á móttöku þeirra og öðrum áríðandi upplýsingum áleiðis, með því að nota eftirfarandi orðasambönd og framburð þeirra og tvítaka sérhvert orð og orðasamband.

Tafla A-1

Orðaval eineltisloftfars			Orðaval einelts loftfars		
Orðasamband	*Framburður*	*Þýðing*	*Orðasamband*	*Framburður*	*Þýðing*
CALL SIGN	**KOL**-SÆN	Hvað er kallmerki þitt?	CALL SIGN	**KOL**-SÆN	Kallmerki mitt er
FOLLOW	**FOL**-LÓ	Fylgið mér	WILCO	**VILL**-KÓ	Skilið, skal gert
DESCEND	DÍ-**SEND**	Lækkið til lendingar	CAN NOT	**KANN**-NOTT	Get ekki
YOU LAND	**JÚ LAND**	Lendið á þessum flugvelli	REPEAT	RÍ-**PÍT**	Endurtakið
PROCEED	PRÓ-**SÍD**	Haldið áfram	AM LOST	**ÆM-LOST**	Staðarákvörðun óþekkt
			MAYDAY	**MEI-DEI**	Er nauðulega staddur
			HIJACK	**HÆ-DJAKK**	Mér hefur verið rænt
			LAND (nafn staðar)	LAND (nafn staðar)	Ég óska að lenda á (staðarnafn)
			DESCEND	DÍ-**SEND**	Ég óska eftir lækkun

Ath. 1 - Í 2. dálki eru áhersluatriði feitletruð.

Ath. 2 - Kallmerkið, sem óskað er eftir, er það sem notað er í talviðskiptum við flugumferðarþjónustudeildir og ber saman við kallmerki loftfarsins í flugáætlun.

Ath. 3 - Ekki er alltaf æskilegt að nota orðið "HIJACK".

8. Ekki gripið til notkunar vopna.

Ath. – Við einróma samþykki 25. fundar (auka) ICAO þingsins, hinn 10. maí 1984 á 3. grein ICAO sáttmálans um almannaflug, viðurkenndu þátttökuríkin að „sérhvert ríki verði að forðast að grípa til vopna gegn almannaloftförum á flugi".

Notkun leitarskota (Tracer Bullets), til að vekja athygli, er hættuleg og þess er vænst að ráðstafanir verði gerðar til að forðast notkun þeirra, svo að mannslífum í loftförum og öryggi loftfara verði ekki stefnt í hættu.

9. Samvinna milli eineltistjórnstöðva og flugþjónustudeilda.

Mikilvægt er að stöðug og náin samvinna sé milli eineltistjórnstöðva og hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildar, á öllum stigum við einelti loftfars, sem er, eða kynni að vera almannaloftfar, til þess að flugþjónustudeildin fylgist stöðugt með gangi mála og því hvaða kröfur eru gerðar til einelta loftfarsins.

Fylgiskjal B.
ÓLÖGMÆTAR HINDRANIR.

1. Almennt.
Eftirfarandi aðferðir eru ætlaðar til leiðbeiningar loftförum, sem verða fyrir ólögmætum hindrunum og geta ekki tilkynnt ATS deild um málið.

2. Aðferðir.

2.1 Flugstjóri ætti að reyna að halda áfram flugi sínu eftir heimiluðum ferli og fluglagi a.m.k. þangað til hann getur tilkynnt ATS deild eða hann er kominn inn í ratsjársvæði, nema aðstæður um borð krefjist annars.

2.2 Þegar loftfar, sem hefur orðið fyrir ólögmætri hindrun verður að víkja frá heimiluðum ferli eða úr heimilaðri hæð án þess að geta haft talsamband við ATS, skal flugstjórinn hvenær sem mögulegt er:

a) reyna að útvarpa aðvörunum á VHF neyðartíðni og öðrum viðeigandi tíðnum, nema aðstæður um borð í loftfarinu krefjist annars. Annan búnað svo sem ratsjársvara um borð, gagnarásir, o.s.frv. ætti einnig að nota, þegar slíkt er vænlegra til árangurs og kringumstæður leyfa og
b) halda áfram samkvæmt viðeigandi sérreglum um slíkt óvænt atvik, þar sem slíkar aðferðir hafa verið skipulagðar og tilkynntar í ICAO útgáfunni Doc 7030 „Regional Supplementary Procedures", eða
c) ef engar viðeigandi svæðisreglur hafa verið gefnar út, halda áfram í hæð, sem er mitt á milli þeirra hæða, sem jafnan eru notaðar í blindflugi í svæðinu, þ.e. jöfnu þúsundi, sé flogið hærra en í FL290, en hálfu þúsundi sé flogið lægra en FL290.

Ath.– Lýsingu á flugbrögðum, þegar hindrað loftfar er einelt er að finna í gr. 3.8 í þessum viðbæti.

Nr. 56 13. febrúar 1992

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Stöðvarhrepps.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Stöðvarhrepps hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 22. janúar 1992 staðfest breytingu á gildandi aðalskipulagi Stöðvarhrepps frá 13. apríl 1984 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að aðkomuleið að hafnarsvæðinu flyst um það bil 20 m til austurs og að ein lóð á sama svæði er tekin undir verslun og þjónustu í stað iðnaðar.

Umhverfisráðuneytið, 13. febrúar 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna.

1. gr.

Landinu er skipt í 27 stjórnsýsluumdæmi. Eiga sveitarfélög undir hvert þeirra, sem hér segir:

1. *Umdæmi sýslumannsins, lögreglustjórans og tollstjórans í Reykjavík:*
   Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.
2. *Umdæmi sýslumannsins á Akranesi:*
   Akranes.
3. *Umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi:*
   Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur, Borgarhreppur, Borgarnes, Álftaneshreppur og Hraunhreppur.
4. *Umdæmi sýslumannsins í Stykkishólmi:*
   Kolbeinsstaðahreppur, Eyjarhreppur, Miklaholtshreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur, Neshreppur, Ólafsvík, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmur og Skógarstrandahreppur.
5. *Umdæmi sýslumannsins í Búðardal:*
   Suðurdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur.
6. *Umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði:*
   Reykhólahreppur, Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur og Bíldudalshreppur.
7. *Umdæmi sýslumannsins í Bolungarvík:*
   Bolungarvík.
8. *Umdæmi sýslumannsins á Ísafirði:*
   Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur, Suðureyrarhreppur, Ísafjörður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Sléttuhreppur og Snæfjallahreppur.
9. *Umdæmi sýslumannsins á Hólmavík:*
   Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Broddaneshreppur og Bæjarhreppur.
10. *Umdæmi sýslumannsins á Blönduósi:*
    Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduós, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.
11. *Umdæmi sýslumannsins á Sauðárkróki:*
    Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur og Fljótahreppur.
12. *Umdæmi sýslumannsins á Siglufirði:*
    Siglufjörður.
13. *Umdæmi sýslumannsins á Ólafsfirði:*
    Ólafsfjörður.

14. *Umdæmi sýslumannsins á Akureyri:*
Grímseyjarhreppur, Dalvík, Svarfaðardalshreppur, Hríseyjarhreppur, Árskógshreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur.
15. *Umdæmi sýslumannsins á Húsavík:*
Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavík, Tjörneshreppur, Keldunes-hreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur.
16. *Umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði:*
Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Fljótsdalshreppur, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðir, Fellahreppur, Tungu-hreppur, Eiðahreppur, Hjaltastaðahreppur, Borgarfjarðarhreppur og Seyðisfjörður.
17. *Umdæmi sýslumannsins í Neskaupstað:*
Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur.
18. *Umdæmi sýslumannsins á Eskifirði:*
Eskifjörður, Reyðarfjarðarhreppur, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur.
19. *Umdæmi sýslumannsins á Höfn:*
Bæjarhreppur, Nesjahreppur, Höfn, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshrepp-ur.
20. *Umdæmi sýslumannsins í Vík:*
Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur.
21. *Umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli:*
Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Land-mannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur.
22. *Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum:*
Vestmannaeyjar.
23. *Umdæmi sýslumannsins á Selfossi:*
Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfoss, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Skeiðahreppur, Gnúpverjahrepp-ur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur, Grímsneshrepp-ur, Þingvallahreppur, Grafningshreppur, Hveragerði og Ölfushreppur.
24. *Umdæmi sýslumannsins í Keflavík:*
Grindavík, Hafnahreppur, Sandgerði, Gerðahreppur, Keflavík, Njarðvík og Vatnsleysu-strandarhreppur, þó ekki svæði sem falla undir lið 25.
25. *Umdæmi sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli:*
Svæði á Suðurnesjum sem eru varnarsvæði og varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og sýnd eru á uppdrætti er fylgir reglugerð þessari.
26. *Umdæmi sýslumannsins í Hafnarfirði:*
Hafnarfjörður, Garðabær og Bessastaðahreppur.
27. *Umdæmi sýslumannsins í Kópavogi:*
Kópavogur.

2. gr.

Þar sem mörk milli stjórnsýsluumdæma eru óskýr, svo sem á hálendinu, ákveður dómsmálaráðherra í hvaða umdæmi mál komi til úrlausnar.

Á sama hátt ákveður dómsmálaráðherra í hvaða umdæmi mál komi til úrlausnar ef það getur af einhverjum ástæðum átt undir fleiri en einn sýslumann (lögreglustjóra, tollstjóra í Reykjavík).

3. gr.

Á eftirgreindum stöðum skulu vera útibú frá sýslumannsembættum:

1. Ólafsvík.
2. Dalvík.
3. Vopnafirði.
4. Egilsstöðum.
5. Grindavík.
6. Garðabæ.

Með útibúi skv. 1. mgr. er átt við skrifstofu þar sem veitt er þjónusta frá sýslumannsembættum og skrifstofutími er a.m.k. fjórar klukkustundir að jafnaði virka daga.

4. gr.

Á eftirgreindum stöðum skulu vera útibú lögreglu:

1. Ólafsvík.
2. Grundarfirði.
3. Dalvík.
4. Raufarhöfn.
5. Þórshöfn.
6. Vopnafirði.
7. Egilsstöðum.
8. Fáskrúðsfirði.
9. Grindavík.

Með útibúi lögreglu er átt við lögregluvarðstofu utan aðalstöðvar lögreglu þar sem starfar a.m.k. einn lögreglumaður.

5. gr.

Í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík skulu vera lögregluvarðstofur samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra hverju sinni eftir tillögu lögreglustjóra.

6. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum sýslumanns, hvaða þjónusta er veitt í útibúum.

7. gr.

Á aðalskrifstofu sýslumanns ber að færa aðalbókhald vegna fjárgreiðslna sem eru mótteknar eða inntar af hendi í útibúum. Í útibúum ber þó að halda sjóðbók og skal uppgjör við aðalskrifstofu sýslumanns fara fram daglega.

Á aðalskrifstofu sýslumanns ber að halda skrá yfir mál sem afgreidd eru í útibúum. Skjöl yfir afgreidd mál ber að varðveita á aðalskrifstofu.

Beiðnir um fullnustugerðir ber að afhenda á aðalskrifstofu sýslumanns.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum í 11. og 13. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92 1. júní 1989, öðlast gildi 1. júlí 1992.


Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. febrúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorleifur Pálsson.

Fylgiskjal:

Umdæmi sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli.
Varnarsvæði á Suðurnesjum samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951.



REGLUGERÐ

um dómþinghár og þingstaði.

1. gr.

Landinu er skipt í eftirfarandi dómþinghár og eru þingstaðir sem hér segir:

1. *Umdæmi héraðsdóms Reykjavíkur er ein dómþinghá.*
   Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Reykjavíkur.
2. *Umdæmi héraðsdóms Vesturlands skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
   a. Umdæmi sýslumannsins á Akranesi.
      Þingstaður: Lögreglustöðin Akranesi.
   b. Umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi.
      Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Vesturlands.
   c. Umdæmi sýslumannsins í Stykkishólmi.
      Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
   d. Umdæmi sýslumannsins í Búðardal.
      Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
3. *Umdæmi héraðsdóms Vestfjarða skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
   a. Umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði.
      Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
   b. Umdæmi sýslumannsins í Bolungarvík.
      Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
   c. Umdæmi sýslumannsins á Ísafirði.
      Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Vestfjarða.
   d. Umdæmi sýslumannsins á Hólmavík.
      Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
4. *Umdæmi héraðsdóms Norðurlands vestra skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
   a. Umdæmi sýslumannsins á Blönduósi.
      Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
   b. Umdæmi sýslumannsins á Sauðárkróki.
      Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Norðurlands vestra.
   c. Umdæmi sýslumannsins á Siglufirði.
      Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
5. *Umdæmi héraðsdóms Norðurlands eystra skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
   a. Umdæmi sýslumannsins á Ólafsfirði.
      Þingstaður: Slysavarnarhúsið Strandgötu 25.
   b. Umdæmi sýslumannsins á Akureyri.
      Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Norðurlands eystra.
   c. Umdæmi sýslumannsins á Húsavík.
      Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
6. *Umdæmi héraðsdóms Austurlands skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
   a. Umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði.
      Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Austurlands.
   b. Umdæmi sýslumannsins í Neskaupstað.
      Þingstaður: Lögreglustöðin Neskaupstað.
   c. Umdæmi sýslumannsins á Eskifirði.
      Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
   d. Umdæmi sýslumannsins á Höfn.
      Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.

7. *Umdæmi héraðsdóms Suðurlands skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
   a. Umdæmi sýslumannsins í Vík.
      Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
   b. Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum.
      Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
   c. Umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli.
      Þingstaður: Lögreglustöðin Hvolsvelli.
   d. Umdæmi sýslumannsins á Selfossi.
      Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Suðurlands.
8. *Umdæmi héraðsdóms Reykjaness skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
   a. Umdæmi sýslumannsins í Keflavík.
      Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
   b. Umdæmi sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli.
      Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
   c. Umdæmi sýslumannsins í Hafnarfirði.
      Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Reykjaness.
   d. Umdæmi sýslumannsins í Kópavogi.
      Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.

2. gr.

Héraðsdómur Reykjavíkur skal halda regluleg dómþing tvisvar í viku.

Á eftirtöldum þingstöðum skal dómari halda regluleg dómþing vikulega:

Akureyri.
Hafnarfirði.

Á eftirtöldum þingstöðum skal dómari halda regluleg dómþing á tveggja vikna fresti:

Borgarnesi.
Ísafirði.
Sauðárkróki.
Egilsstöðum.
Vestmanaeyjum.
Selfossi.
Keflavík.
Kópavogi.

Á eftirtöldum þingstöðum skal dómari halda regluleg dómþing einu sinni í mánuði:

Akranesi.
Stykkishólmi.
Blönduósi.
Húsavík.
Neskaupstað.
Eskifirði.
Hvolsvelli.

Á eftirtöldum þingstöðum skal dómari halda regluleg dómþing fimm sinnum á ári:

Búðardal.
Patreksfirði.
Bolungarvík.
Hólmavík.
Siglufirði.
Ólafsfirði.
Höfn.
Vík.

Eigi er skylt að halda regluleg dómþing í einkamálum frá 20. desember til 6. janúar og mánuðina júlí og ágúst.

Hver dómstóll ákveður nánar þingdaga á hverjum þingstað. Auglýsing um þingdaga og þinghlé skal birt í Lögbirtingablaði.

3. gr.

Heimilt er að halda dómþing í opinberum málum á eftirfarandi stöðum:

Í umdæmi héraðsdóms Vesturlands:
Grundarfirði.
Ólafsvík.

Í umdæmi héraðsdóms Norðurlands vestra:
Hvammstanga.

Í umdæmi héraðsdóms Norðurlands eystra:
Dalvík.
Raufarhöfn.
Þórshöfn.

Í umdæmi héraðsdóms Austurlands:
Vopnafirði.
Seyðisfirði.
Fáskrúðsfirði.
Djúpavogi.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 1. og 3. gr. er héraðsdómara rétt að halda dómþing utan reglulegra þingstaða ef það þykir heppilegt til að upplýsa mál eða ef það horfir til hagræðis eða flýtis í máli.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum í 3. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92 1. júní 1989, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. febrúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorleifur Pálsson.

12. febrúar 1992 Nr. 59

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi nr. 544/1986 fyrir Fiskmjölsverksmiðju Vestmannaeyja (FIVE) og breyting á því starfsleyfi nr. 151/1991.

1. gr.

4. gr. 2. tl. orðist svo:

4.2. Frágangi lykteyðingarbúnaðarins fyrir útblástur frá þurrkurum sbr. gr. 2.10. skal lokið fyrir 1. september 1992. Fyrirtækið skal fyrir 1. júní 1992 upplýsa Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Vestmannaeyja skriflega um stöðu mála varðandi undirbúning og uppsetningu lykteyðingarbúnaðarins.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990, með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 12. febrúar 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Sigurborg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi nr. 545/1986 fyrir Fiskmjölsverksmiðju Einars Sigurðssonar (FES), Vestmannaeyjum og breyting á því starfsleyfi nr. 151/1991.

1. gr.

4. gr. 2. tl. orðist svo:

4.2. Frágangi lykteyðingarbúnaðarins fyrir útblástur frá þurrkurum sbr. gr. 2.10. skal lokið fyrir 1. september 1992. Fyrirtækið skal fyrir 1. júní 1992 upplýsa Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Vestmannaeyja skriflega um stöðu mála varðandi undirbúning og uppsetningu lykteyðingarbúnaðarins.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990, með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 12. febrúar 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Sigurborg Sæmundsdóttir.

Nr. 61 13. febrúar 1992

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Garðabæ árið 1992.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sem virtar eru fasteignamati, skal greiða sorphirðugjald árið 1992.

2. gr.

Heimilt er að fella niður sorphirðugjald á fasteign, þar sem eigandi annast sjálfur alla hreinsun sorps.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 5 000 árið 1992.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar, og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

Umhverfisráðuneytið, 13. febrúar 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Mýrahrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Mýrahrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Mýrahrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hans sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Mýrahrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar og nefndir, skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, svo og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunarinnar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreiknings hreppssjóðs eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, annan fimmtudag hvers mánaðar.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og skylt er að halda aukafund ef a.m.k. tveir hreppsnefndarmenn krefjast þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar og kosningar nefnda.
2. Fundargerðir nefnda og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 54. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita skriflega eða símleiðis með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfunda skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Oddviti skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis á hreppsnefndarfundi með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara og kynna þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Aukahreppsnefndarfundi skal oddviti boða með sama fyrirvara. Þó er heimilt að stytta þann frest, ef enginn hreppsnefndarmaður mælir því í mót.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Fái enginn hreinan meirihluta atkvæða, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverjir tveir skulu vera í kjöri. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans og oddvita. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd skal boða til almenns sveitarfundar þegar reikningar hreppssjóðs liggja fyrir.

20. gr.

Hreppsnefndarfundi skal halda í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar setur fundi hennar, kannar lögmæti þeirra og stýrir þeim. Hann stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23 gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til umræðu á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 3/5 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmönnum er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann á fund. Hreppsnefndarmanni, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar skal ræðumaður taka fram, hvaða liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Flutningsmaður tillögu má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum þessarar greinar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar þess.

Frávísunartillögu skal afgreiða án umræðna.

Komi margar tillögur fram við sama mál, skal fyrst afgreiða frávísunartillögu, þar næst frestunartillögu. Hafi máli ekki verið frestað eða vísað frá skal fyrst afgreiða breytingartillögur og fyrst þá sem lengst gengur. Síðan viðaukatillögur og að síðustu tillöguna með áorðnum breytingum og viðaukum.

Heimilt er flutningsmanni að gera breytingartillögur og viðaukatillögur, sem fram koma við hans tillögu, að sínum og koma þær þá ekki til afgreiðslu sérstaklega.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það, fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu eða umsagnar nefndar, eða til oddvita.

Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp aðra hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu. Komi fram athugasemd við það skal hann leita atkvæða um málið.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber honum að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. tveir hreppsnefndarmenn óska þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga, komi fram ósk um það.

Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

Þó er hreppsnefnd heimilt að viðhafa kjör í nefndir og kjör einstakra fulltrúa á vegum hreppsnefndar ekki skriflegt, séu allir hreppsnefndarmenn því samþykkir.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerðabók hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Til veiða á hreindýrum má einungis nota riffla með hlaupvídd 6 mm eða meira. Kúluþyngd skal ekki vera minni en 6,5 g (100 grains) og slagkraftur ekki minni en 180 kgm (1300 pundfet) á 200 metra færi. Veiðikúlur skulu vera gerðar til veiða á stærri dýrum, þ.e.a.s. þenjast hæfilega út í veiðibráð. Óheimilt er að nota sjálfvirka eð hálfsjálfvirka riffla við hreindýraveiðar. Fyrir upphaf veiðiferðar skal gengið úr skugga um að riffill sé rétt stilltur.

Óheimilt er veiðimanni að skjóta frá vélknúnu farartæki og ekki má smala hreindýrum á ákveðinn veiðistað.

Sært dýr ber að aflífa svo fljótt sem auðið er.

13. gr.

Umhverfisráðherra veitir hreindýraeftirlitsmönnum starfsleyfi til eins árs í senn að fengnum meðmælum hreindýraráðs og samþykki veiðistjóra. Áður skulu hreindýraeftirlitsmenn hafa sótt sérstakt námskeið, m.a. í meðferð skotvopna, veiði stórra dýra, líffærafræði hreindýra, fláningu, kjötvinnslu, skyndihjálp, leiðsögn, vistfræði, náttúruvernd, náttúruverndarlögum og öðrum lögum sem mál þetta varða. Hreindýraeftirlitsmaður skal hafa staðgóða þekkingu á veiðisvæði þar sem hann starfar.

Hreindýraráð efnir til námskeiða fyrir verðandi eftirlitsmenn hreindýra gegn hóflegu gjaldi svo oft sem þurfa þykir og auglýsir þau opinberlega.

Hlutverk hreindýraeftirlitsmanns er að fylgja veiðimanni um veiðisvæði, hjálpa honum til þess að þekkja þau dýr sem hann má veiða og sjá til þess að veiðimaður fari rétt að við veiðarnar.

Hreindýraeftirlitsmaður skal aðstoða veiðimann við að gera að felldu dýri og koma því óskemmdu til byggða.

Hreindýraeftirlitsmanni ber að sjá til þess að sært dýr sé fellt sem fyrst.

Hreindýraeftirlitsmanni er skylt að gefa hreindýraráði og veiðistjóraembætti skýrslu um öll felld og særð dýr og skal skýrslan undirrituð af bæði eftirlitsmanni og veiðileyfishafa. Hreindýraeftirlitsmanni er einnig skylt að afla sýna eða annarra líffræðilegra gagna fyrir veiðistjóraembættið sé farið fram á það.

Starfsleyfi hreindýraeftirlitsmanns skal bundið við tiltekið veiðsvæði og getur hann mest fylgt þrem veiðimönnum í veiðiferð.

Hreindýraeftirlitsmaður starfar í umboði hreindýraráðs. Hreindýraráð innheimtir laun hans af veiðimanni eða sveitarfélagi, eftir því sem við á.

14. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum eða varðhaldi. Mál út af slíkum brotum sæta meðferð opinberra mála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurskoða skal reglur þessar með hliðsjón af fenginni reynslu og skal endurskoðun lokið eigi síðar en 1. febrúar 1994.

Reglur þessar, sem settar eru skv. lögum nr. 28, 12. febrúar 1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, sbr. lög nr. 72/1954 og lög nr. 75/1982, um breytingu á þeim lögum, svo og 7. gr. laga nr. 47, 16. maí 1990 og 1. tl. 3. gr. reglugerðar forseta Íslands nr. 77/1990 um breytingu á reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur um vetrarveiðar á hreindýrum árið 1991 nr. 519, 4. nóvember 1991.

Umhverfisráðuneytið, 21. febrúar 1992.

Eiður Guðnason.

Páll Líndal.

Nr. 77

AUGLÝSING

28. janúar 1992

um umferð í Hafnarfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa eftirfarandi reglur verið ákveðnar um umferð í Hafnarfirði:

Stöðvunarskylda verði á Öldugötu gangvart Hringbraut og Lækjargötu.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 28. janúar 1992.

Már Pétursson.

Nr. 78

AUGLÝSING

17. febrúar 1992

um staðfestingu á aðalskipulagi Steinsstaða, Lýtingsstaðahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. febrúar 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Steinsstaða, Lýtingsstaðahreppi 1990–2010.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og hreppsnefndar Lýtingsstaðahrepps.

Umhverfisráðuneytið, 17. febrúar 1992.

Eiður Guðnason.

Páll Líndal.

Nr. 79

AUGLÝSING

17. febrúar 1992

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. febrúar 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar sem staðfest var 8. desember 1982.

Breytingin er fólgin í því að í stað blandaðrar byggðar íbúða- og þjónustubyggðar ásamt opnu grænu svæði komi hrein íbúðabyggð og dagvistarstofnun. Opið grænt svæði færist til og stækkar.

Breyting þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Umhverfisráðuneytið, 17. febrúar 1992.

Eiður Guðnason.

Páll Líndal.

Nr. 80 17. febrúar 1992

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Kópaskers 1990–2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. febrúar 1992 staðfest aðalskipulag Kópaskers 1990–2010.

Uppdráttur ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem mælt er fyrir um í skipulagslögum nr. 19/1964 og samþykki sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Kópaskers sem staðfest var 12. september 1980.

Umhverfisráðuneytið, 17. febrúar 1992.

Eiður Guðnason.

Páll Líndal.

Nr. 81 26. febrúar 1992

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ólafsfjarðar

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Ólafsfirði, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 50, 10. febrúar 1989.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveita breytir stillingu vatnshemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans

er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil . . . . . kr. 370,00
b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils . . . . . kr. 600,00
c. Vatnsgjald pr. rúmm. . . . . kr. 27,80

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns og í Sparisjóði Ólafsfjarðar, Ólafsfirði, eða öðrum greiðslustöðvum gíróseðla. Reikninga skal gefa út á miðju notkunartímabili, gjalddagi reikninga er útgáfudagur.

Eindagi er 20 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd á eindaga.

III. KAFLI.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

A)

1. Hús allt að 300 rúmm. að utanmáli . . . . . kr. 71 800,00
2. a. Hús 300-2.000 rúmm. að utanmáli . . . . . kr. 71 800,00
   b. Fyrir hvern rúmm. umfram 300 . . . . . kr. 64,30
3. a. Hús stærri en 2.000 rúmm. að utanmáli . . . . . kr. 178 970,00
   b. Fyrir hvern rúmm. umfram 2.000 . . . . . kr. 55,70
4. Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er . . . kr. 13 940,00

B)

Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmur og því um líkt, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 rúmm. húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

7. gr.

Gjöld skv. 4. gr. og 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, svo sem þurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, ... kr. 1 445,00 í hvert skipti.

Notandi á ekki rétt á lækkun orkureiknings þann tíma sem afhending varmaorku er stöðvuð, vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Ólafsfjarðar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

12. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. mars 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 364, 30. júlí 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 26. febrúar 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 82

REIKNINGUR

Verðbréfaþings Íslands fyrir árið 1990.

Rekstraryfirlit 1. jan. – 31. des. 1990.

	Kr.
Tekjur:	
Árgjöld	370 666
Sölugjöld	1 231 062
Vaxtatekjur	9 071
Tekjur alls	1 610 799
Gjöld:	
Laun og launatengd gjöld	105 830
Rekstrargjöld	17 000
Vaxtagjöld	260 418
Afskriftir	925 918
Gjöld alls	1 309 166
Nettó-tekjur	301 633

Efnahagur 31. des. 1990.

Eignir:	
Innstæða í Seðlabanka	500 245
Vélbúnaður	657 841
Hugbúnaður	1 177 378
Inneign hjá þingaðilum	406 297
Eignir alls	2 741 761
Skuldir og eigið fé:	
Skuldabréfalán	1 330 160
Stofnframlög	1 257 143
Óráðstafað eigið fé	154 458
Skuldir og eigið fé alls	2 741 761

Áritun endurskoðenda:

Ársreikning þennan fyrir Verðbréfaþing Íslands höfum við endurskoðað. Í því sambandi gerðum við þær kannanir á bókhaldi og öðrum gögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Að okkar áliti gefur ársreikningurinn skýra mynd af afkomu og efnahag Verðbréfaþingsins í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenjur.

Reykjavík, 11. febrúar 1991.

Jóhanna Kristjánsdóttir. Gunnlaugur Arnórsson.

Áritun stjórnar:

Reykjavík, 11. febrúar 1991.

Eiríkur Guðnason. Vilborg Lofts.

Árni Vilhjálmsson. Gunnar Helgi Hálfdanarson.

Nr. 83

REIKNINGUR

Verðbréfaþings Íslands fyrir árið 1991.

Rekstraryfirlit 1. jan. – 31. des. 1991.

Tekjur:	Kr.
Stofngjöld	417 817
Árgjöld þingaðila	570 000
Sölugjöld	1 214 501
Árgjöld v/skráðra bréfa	807 707
Leyfisgjöld v/hlutafjárútgáfu	360 400
Vaxtatekjur	107 533
Framlag frá Seðlabanka Íslands	773 178
Tekjur alls	4 251 136

Gjöld:		
Laun og launatengd gjöld		932 178
Rekstrargjöld:		
a) v/bilunar í tölvukerfi	303 879	
b) önnur rekstrargjöld	381 689	685 568
Vaxtagjöld		63 652
Afskriftir		704 913
	Gjöld alls	2 386 311
	Nettó-tekjur	1 864 825

Efnahagur 31. des. 1991.

Eignir:	
Innstæða í Seðlabanka	1 697 440
Vélbúnaður	828 667
Hugbúnaður	1 004 120
Inneign hjá þingaðilum	70 135
Eignir alls	3 600 362
Skuldir og eigið fé:	
Ógreiddir reikningar	323 936
Stofnframlög	1 674 960
Óráðstafað eigið fé	1 601 466
Skuldir og eigið fé alls	3 600 362

Áritun endurskoðenda:

Ársreikning þennan fyrir Verðbréfaþing Íslands höfum við endurskoðað. Í því sambandi gerðum við þær kannanir á bókhaldi og öðrum gögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Að okkar áliti gefur ársreikningurinn skýra mynd af afkomu og efnahag Verðbréfaþingsins í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenjur.

Reykjavík, 11. febrúar 1992.

Jóhanna Kristjánsdóttir. Gunnlaugur Arnórsson.

Áritun stjórnar:

Reykjavík, 17. febrúar 1992.

Eiríkur Guðnason. Gunnar Helgi Hálfdanarson.

Vilborg Lofts. Stefán Halldórsson.

Árni Vilhjálmsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Höfn árið 1992.

1. gr.

Bæjarfélaginu Höfn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1992.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert sorpílát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í bæjarfélaginu og innheimt með fasteignagjöldum.

Gjalddagar og eindagar eru þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Heimilt er að fella niður sorphreinsigjald hjá þeim aðilum sem sjálfir annast alla hreinsun sorpsins. Innheimta skal sorpeyðingargjald, sem miðast við áætlaðan fjölda sorpíláta að mati bæjarráðs Hafnar.

4. gr.

Gjald fyrir árið 1992 er sem hér greinir:

Sorphreinisgjald	kr. 3 750
Sorpeyðingargjald	kr. 1 250
Samtals sorphirðugjald	kr. 5 000

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Hafnar er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

Umhverfisráðuneytið, 25. febrúar 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 85 22. febrúar 1992

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar hefur verið ákveðið að banna alla umferð ökutækja lengri en 8 metra (heildarlengd) um Norðurgötu norðan Grenivalla.

Ákvæði þetta tekur gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 22. febrúar 1992.

Elías I. Elíasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 – 1992

28. febrúar 1992 229 Nr. 86

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald atvinnurekenda.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda í ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota skal árið 1992 vera 0,2% af gjaldstofni sbr. 6. gr. laga nr. 113/1990.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 7. gr. laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nr. 1/1992, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sturlaugur Tómasson.

Stjórnartíðindi B 12, nr. 86. Útgáfudagur 28. febrúar 1992. B 16

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 - 1992

Nr. 87 230 5. mars 1992

REGLUGERÐ

um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1992–1993.

I. kafli.

Um greiðslumark.

1. gr.

Heildargreiðslumark.

Heildargreiðslumark sauðfjárafurða verðlagsárið 1992–1993 er 8.600 tonn kindakjöts og skiptist í greiðslumark lögbýla.

2. gr.

Greiðslumark lögbýla.

Greiðslumark lögbýla reiknast í kg kindakjöts. Samanlagt greiðslumark lögbýla verður 8.600 tonn. Greiðslumark hvers lögbýlis verðlagsárið 1992–1993 skal vera í beinu hlutfalli við fullvirðisrétt þess að loknum 1. hluta aðlögunar fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði að teknu tilliti til staðfestra aðilaskipta fyrir gildistöku þessarar reglugerðar og eftirfarandi:

a) Selds fullvirðisréttar til ríkissjóðs á tímabilinu frá 1. september 1991 til gildistöku þessarar reglugerðar, þegar bústofni hefur þegar verið fargað.
b) Selds fullvirðisréttar hvers framleiðanda til ríkissjóðs á tímabilinu frá 1. maí til 1. september 1991 umfram fyrri niðurfærslu viðkomandi búmarkssvæðis þannig að við 25% sölu fullvirðisréttar verði greiðslumark viðkomandi lögbýlis jafnt fullvirðisrétti þess eins og hann er við lok 1. hluta aðlögunar.
c) Reikna skal út meðalheimtöku kindakjöts verðlagsárin 1990-1991 og 1991-1992 hjá hverjum fullvirðisréttarhafa. Hverjum greiðslumarkshafa skal úthlutað greiðslumarki sem nemur 50% af ofangreindu meðaltali og skal skrá það sérstaklega ásamt hlutdeild í 140 tonna óskiptri heimtöku sem reikna skal hlutfallslega miðað við fullvirðisrétt að loknum 1. hluta aðlögunar að teknu tilliti til staðfestra aðilaskipta fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.
d) Að bústofnseign samkvæmt forðagæsluskýrslu haustið 1991, sé þannig að á móti hverjum 18,2 kg kindakjöts í greiðslumarki nemi ásetningur a.m.k. 0,6 ám eða 1,0 gemlingi. Hafi fullvirðisréttarhafi á undanförnum tveimur árum fullnýtt fullvirðisrétt sinn með lægra ásetningshlutfalli skal hann ekki skertur samkvæmt þessari reglu.

Aðilaskipti sem staðfest eru eftir gildistöku þessarar reglugerðar skapa sama greiðslumark hjá kaupanda og reiknað var seljanda.

3. gr.

Fullvirðisréttur í leigusamningum við Framleiðnisjóð.

Handhafa leigusamnings við Framleiðnisjóð landbúnaðarins er heimilt að hefja framleiðslu við lok leigutíma og nýta rétt til greiðslumarks að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) Tilkynna skal Framleiðsluráði landbúnaðarins með tilskildum fyrirvara hvort hefja á framleiðslu.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

b) Framleiðsla verður aðeins hafin á því lögbýli sem fullvirðisrétturinn var leigður af.
c) Framleiðandi hafi lögheimili á lögbýlinu.
d) Fullgild framleiðsluaðstaða sé fyrir hendi á lögbýlinu.
e) Bústofn sé á vetrarfóðrum á lögbýlinu og skráður í forðagæsluskýrslur eða sannanlega keyptur þegar nýting hefst.

Maki, börn, barnabörn, kjörbörn, fósturbörn, systkini eða foreldrar geta þó vakið og samnýtt greiðslumark sem um getur í 1. mgr. á samliggjandi lögbýli sem viðkomandi hefur umráðarétt yfir.

Verði ekki hafin framleiðsla sauðfjárafurða á lögbýlinu að liðnum tveimur árum frá setningu þessarar reglugerðar eða þegar tvö ár eru liðin frá lokum leigusamningsins fellur greiðslumark þess niður.

4. gr.

Aðilaskipti að greiðslumarki.

Frá 15. september 1992 eru heimil aðilaskipti að greiðslumarki verðlagsársins 1993–1994 á milli lögbýla, með eftirfarandi takmörkunum:

a) Greiðslumark byggt á fullvirðisrétti sem leigður var Framleiðnisjóði landbúnaðarins má því aðeins selja að það hafi verið í framleiðslu hjá viðkomandi framleiðanda, sbr. 3. gr., næstliðin tvö ár fyrir sölu. Heimilt er að selja allt greiðslumarkið þegar framleiðsla á lögbýlinu hefur náð 80% greiðslumarksins að meðaltali í tvö ár, að öðrum kosti í hlutfalli við nýtingu þess. Takmörkun þessi nær til svonefndra opinna leigusamninga sem framleiðendur gerðu við sjóðinn.
b) Greiðslumark vegna heimtöku er óheimilt að selja frá lögbýli.
c) Greiðslumark sem bundið er í fjárskiptasamningi verður seljanlegt að liðnum samningstíma um fjárleysi og þegar samningurinn telst fullefndur að öðru leyti.
d) Landbúnaðarráðherra er heimilt, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að takmarka eða stöðva aðilaskipti að greiðslumarki ef fyrir liggur rökstutt álit Landgræðslu ríkisins um nauðsyn þess af gróðurverndarástæðum. Landbúnaðarráðherra ákveður nánari starfsreglur hér að lútandi. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal veita Landgræðslu ríkisins upplýsingar um fyrirhuguð aðilaskipti að greiðslumarki jafnóðum og tilkynningar berast.
e) Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir því að afsala greiðslumarki frá lögbýli.

Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýli. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

5. gr.

Nýting greiðslumarks lögbýla.

Heimilt er framleiðanda að nýta 105% af greiðslumarki lögbýlisins með innleggi í afurðastöð og heimtöku kjöts á verðlagsárinu 1992–1993. Greiðslumark sem skráð er samkvæmt c-lið 2. gr. verður aðeins nýtt með heimtöku úr afurðastöð.

Áður en afurðastöð kaupir eða tekur til sölumeðferðar sauðfjárafurðir umfram efri mörk greiðslumarks framleiðanda skal gert sérstakt samkomulag milli afurðastöðvar og framleiðanda um slátrun, afurðaverð og greiðslu þess, eftir því sem við á. Samsvarandi magn afurða skal markaðsfært erlendis á ábyrgð viðkomandi aðila. Þó getur Framleiðsluráð landbúnaðarins heimilað sölu þeirra innanlands ef framleiðsla verður minni en sala.

Fari framleiðsla á lögbýlinu umfram efri mörk greiðslumarks þess, án sérstaks samkomulags við afurðastöð, skal það sem umfram er og ekki rúmast innan heildargreiðslumarks koma

til lækkunar á greiðslumarki þess á næsta verðlagsári. Að auki er heimilt að skerða greiðslumarkið um allt að 0,5 kg fyrir hvert framleitt kílógramm umfram efri mörk.

Við útreikning á nýtingu greiðslumarks skal vega saman kjöt af dilkum og fullorðnu fé þannig: Magn dilkakjöts × 1,03 + magn kjöts af fullorðnu fé × 0,75 = reiknuð nýting.

II. kafli.

Um beinar greiðslur.

6. gr.

Beinar greiðslur.

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda sauðfjárafurða og skal svara til 50% af framleiðslukostnaði kindakjöts samkvæmt verðlagsgrundvelli sauðfjárafurða 1. september 1992. Vegna verðlagsársins 1992–1993 má að hámarki greiða beina greiðslu miðað við 105% reiknaða nýtingu á greiðslumarki lögbýlisins, enda rúmist þær greiðslur innan heildargreiðslumarks ársins, sbr. uppgjör skv. 9. gr.

7. gr.

Viðtakandi beinna greiðslna.

Beinar greiðslur greiðast ábúanda á lögbýlinu. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skal Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 10. mars 1992 hver eigi að vera handhafi beinna greiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beinna greiðslna. Jafnframt skulu viðtakendur beinna greiðslna fyrir sama tíma tilgreina sérstakan reikning í banka eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

8. gr.

Greiðslutilhögun.

Beinar greiðslur greiðast til viðtakanda, í fyrsta sinn í mars 1992 og skulu 80% af heildargreiðslum greiðast með jöfnum mánaðarlegum greiðslum 15. hvers mánaðar frá mars til október. Eftirstöðvar skulu greiðast 15. desember 1992, en landbúnaðarráðherra er þó heimilt að fresta allt að ⅓ hluta greiðslna ársins 1992 til janúar – febrúar 1993 að höfðu samráði við Stéttarsamband bænda. Greiðslur frá mars til október skulu áætlaðar út frá verðlagsgrundvelli 1. september 1991, en uppgjör beinna greiðslna miðast við verðlagsgrundvöll 1. september 1992.

9. gr.

Uppgjör beinna greiðslna.

Beinar greiðslur skerðast hlutfallslega nái reiknuð nýting greiðslumarks ekki 80% af greiðslumarki lögbýlisins. Þó skulu þeir sem tóku fé haustið 1989 eftir fjárleysi samkvæmt samningum við Sauðfjárveikivarnir fá fullar beinar greiðslur þó framleiðsla þeirra sé aðeins 60%, hjá þeim sem tóku fé haustið 1990 miðast við 40% og 20% hjá þeim sem fé tóku haustið 1991.

Sjái framleiðandi fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til a.m.k. 80% af beinum greiðslum ársins, ber honum að tilkynna það Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem þá skal haga beinum greiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok sláturtíðar, að ofgreitt hafi verið, ber viðtakanda beinna greiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

Gerist framleiðandi sekur um ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé er heimilt að skerða eða fella niður beinar greiðslur til viðkomandi lögbýlis.

III. kafli.

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út greiðslumark til framleiðslu sauðfjárafurða og heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna, og lætur afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði viðkomandi afurðastöðvar og búnaðarsambands.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur.

Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

11. gr.

Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýlisins. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 15 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár.

Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar.

12. gr.

Úrskurðarnefnd.

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki, rétt til beinna greiðslna og framkvæmd verðskerðingar, er heimilt að skjóta til þriggja manna úrskurðarnefndar, sem landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, einn án tilnefningar og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands. Ráðherra skipar einn úr þeirra hópi formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úrskurði nefndarinnar, sem skal liggja fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

13. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra aðila.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. mars 1992.

Halldór Blöndal.

Guðmundur Sigþórsson.

Stjórnartíðindi B 13, nr. 87. Útgáfudagur 6. mars 1992.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 - 1992

Nr. 88 234 24. febrúar 1992

AUGLÝSING

um breytingar á vöruskrá vegna vörumerkja.

Iðnarðarráðuneytið hefur í samræmi við 16. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki endurskoðað gildandi vöruskrá vegna skráningar vörumerkja í vöruflokka, sbr. fskj. með reglugerð nr. 1/1969, sbr. auglýsingu um breytingar á vöruskrá vegna vörumerkja nr. 283/1984.

Endurskoðun þessi er gerð vegna breytinga á alþjóðlegu vöruskránni um flokkun á vöru og þjónustu við skráningu vörumerkja (Nice-flokkunarkerfið), sem gildir frá 1. janúar 1992. Hér er aðallega um að ræða breytingar á þjónustuflokkum en einnig nokkrar lagfæringar.

Vöruskráin sem hér er birt á fylgiskjali er sem fyrr aðeins leiðbeinandi um greiningu vöru og þjónustu í vöruflokka. Styðjast verður við ensku eða frönsku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar (6. útgáfa 1992) þegar vafi leikur á um hvar flokka skuli tiltekna vöru og þjónustu. Í alþjóðlegu vöruskránni eru, auk yfirlitsskrárinnar, almennar leiðbeiningar varðandi hvern vöruflokk. Meginefni skrárinnar er upptalning á vörum/þjónustu í starfrófsröð og eftir númerum flokka. Þessa skrá er hægt að panta hjá Alþjóðahugverkastofnuninni WIPO (World Intellectual Property Organization) í Sviss.

Íslenska vöruskráin gildir frá sama tíma og alþjóðlega skráin. Breytingarnar ná því til vörumerkja sem tilkynnt eru til skráningar eftir 1. janúar 1992.

Eigendur skráðra vörumerkja þurfa engar ráðstafanir að gera vegna gildistöku nýju vöruskrárinnar.

Vörumerkjaskrárritari mun breyta fyrirliggjandi (óbirtum) vörumerkjatilkynningum til samræmis við nýju skrána, ef vörulisti þeirra er með orðalagi gömlu vöruskrárinnar.

Þeir sem tilkynna vörumerki til skráningar eftir birtingu þessarar auglýsingar skulu tilgreina vöruflokka og vörutegundir í samræmi við eftirfarandi skrá, sbr. einnig 3. gr. reglugerðar nr. 1/1969, um tilkynningar og skráningu vörumerkja o.fl.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Helga Jóna Benediktsdóttir.

Fylgiskjal

VÖRUSKRÁ
I. Vörur.

1. Efni til að nota í iðnaði, við vísindastörf, ljósmyndun sem og í landbúnaði, garðrækt og skógrækt; óunnin gervikvoða; óunnar plastvörur; dýraáburður; slökkviefni; efnablöndur til herslu og lóðunar; efni til varðveislu á matvælum; sútunarefni; bindiefni (lím) til iðnaðarnota.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

2. Málning, gljákvoða (fernis), lakk; ryðvarnarefni og fúavarnarefni; litarefni, bæs; óunnin náttúruleg kvoða; málmþynnur og málmduft fyrir málara, skreytingamenn, prentara og listamenn.
3. Bleikiefni og önnur efni til nota við fataþvott, ræstingu, fægingu, hreinsun og slípun; sápa; ilmvörur, ilmolíur, snyrtivörur, hárvötn; tannhirðivörur.
4. Olíur og feiti til iðnaðar; smurolíur; raka- og rykbindiefni; brennsluefni (þar með talið brennsluefni fyrir hreyfla) og ljósmeti; kerti, kveikir.
5. Efnablöndur til lyfja-, dýralækninga og hreinlætisnota; næringarefni framleidd til læknisfræðilegra nota, barnamatur; plástrar, sárabindi; tannfyllingarefni, vax til tannsmíða; sótthreinsiefni; efni til að eyða meindýrum, sveppum og illgresi.
6. Ódýrir málmar og blöndur úr þeim; byggingarefni úr málmi, færanlegar byggingar úr málmi; málmefni í járnbrautarspor; strengir og vírar úr ódýrum málmum (þó ekki til rafmagnsnota); járnvörur og smáhlutir úr málmi; pípur og hólkar úr málmi; öryggishirslur (peningaskápar); vörur úr ódýrum málmum sem ekki heyra undir aðra flokka; málmgrýti.
7. Vélar og smíðavélar; hreyflar (þó ekki í ökutæki); vélatengsli og drifbúnaður (þó ekki í ökutæki); landbúnaðartæki; klakvélar (útungunarvélar).
8. Handverkfæri og handknúin tól, eggjárn og hnífapör, höggvopn og lagvopn; rakvélar.
9. Búnaður og tæki notuð við vísindi, siglingar, landmælingar, raftækni, ljósmyndun, kvikmyndatöku og -sýningar; sjóntæki, vogir, mælingatæki, merkjasendingatæki, eftirlitstæki, björgunartæki, kennslutæki og -búnaður. Tæki sem notuð eru til að taka upp eða flytja hljóð eða mynd; segulupptökutæki, gagnadiskar; sjálfsalar og vélbúnaður fyrir myntstýrð tæki; búðarkassar; reiknivélar; gagnavinnslubúnaður og tölvur; slökkvitæki.
10. Tæki og búnaður til skurðlækninga, lyflækninga, tannlækninga og dýralækninga; gervilimir, -augu og -tennur; hlutir til bæklunarlækninga; þráður til að sauma saman sár.
11. Tæki og búnaður í lagnir fyrir ljós, hita, gufuframleiðslu, matseld, kælingu, þurrkun, loftræstingu, vatn, svo og fyrir lagnir í hreinlætisskyni.
12. Ökutæki; tæki til flutninga á landi, í lofti eða á legi.
13. Skotvopn; skotfæri og skot; sprengiefni; flugeldar.
14. Góðmálmar og blöndur úr þeim svo og vörur úr góðmálmum eða húðaðar með þeim og ekki heyra undir flokka; skartgripir, gimsteinar; klukkur og tæki til tímamælinga.
15. Hljóðfæri.
16. Pappír, pappi og vörur úr þessu efnum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; prentað mál; bókbandsefni; ljósmyndir; ritföng; bréflím og lím til heimilisnota; vörur handa listamönnum; málningarpenslar; ritvélar og skrifstofutæki (þó ekki húsgögn); fræðslu- og kennslugögn (þó ekki tæki); plastefni til pökkunar (sem ekki eru talin flokkum); spil; leturstafir; myndmót.
17. Gúmmí, togleður (gúttaperka), gúmkvoða, asbest, gljásteinn og vörur úr þessum efnum og ekki eru taldar í öðrum flokkum; hálfunnið þanið plast til iðnaðarnota; efni til hvers konar þéttingar eða einangrunar; sveigjanlegar pípur (slöngur) sem ekki eru úr málmi.
18. Leður og leðurlíki og vörur gerðar úr þessum efnum og ekki eru taldar í öðrum flokkum; skinn, húðir; ferðakoffort og ferðatöskur; regnhlífar, sólhlífar og göngustafir; svipur, aktygi og reiðtygi.
19. Byggingarefni (ekki úr málmi); ósveigjanlegar pípur (ekki úr málmi) í byggingar; asfalt, bik og malbik; færanleg hús, ekki úr málmi; minnisvarðar, ekki úr málmi.
20. Húsgögn, speglar, myndarammar; vörur (ekki taldar í öðrum flokkum) úr tré, korki, reyr, spanskreyr, tágum, horni, beini, fílabeini, hvalbeini, skel, rafi, perlumóður, sæfrauði, svo og úr efnum sem geta komið í stað þessara, eða úr plasti.

21. Heimilis- eða eldhúsáhöld og ílát (þó ekki úr góðmálmi eða húðuð með honum); greiður og þvottasvampar; burstar (nema málningarpenslar); efni til burstagerðar; hlutir sem notaðir eru til ræstingar; stálull; óunnið eða hálfunnið gler (þó ekki gler notað við byggingar); glervörur, postulín og leirvörur, ekki taldar í öðrum flokkum.
22. Kaðlar, seglgarn, net, tjöld, segldúkur, yfirbreiðslur, segl, pokar og skjóður (ekki taldar í öðrum flokkum); bólstrunarefni (nema úr gúmmí eða plasti) óunnin efni úr þræði til vefnaðar.
23. Garn og þráður til vefnaðar.
24. Vefnaður og vefnaðarvörur sem ekki eru taldar í örðum flokkum; rúmteppi og borðdúkar.
25. Fatnaður, skófatnaður, höfuðfatnaður.
26. Blúndur og útsaumur; borðar og kögur; hnappar og tölur, krókar og lykkjur, prjónar og nálar; gerviblóm.
27. Teppi, mottur; gólfdúkar og annað efni til að leggja á gólf; veggklæðing (þó ekki ofin).
28. Leikspil og leikföng; íþróttavörur sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; jólatrésskraut.
29. Kjöt, fiskur, alifuglar og villibráð; kjötkraftur; niðursoðnir, þurrkaðir og soðnir ávextir og grænmeti; ávaxtahlaup, -sultur og -sósur; egg, mjólk og mjólkurafurðir; matarolíur og matarfeiti.
30. Kaffi, te, kakó, sykur, hrísgrjón, tapioka, sagógrjón, gervikaffi; mjöl og matvörur úr korni; brauð, sætabrauð og sælgæti, ís til matar; hunang, síróp; ger, lyftiduft; salt, sinnep; edik, sósur (bragðbætandi); krydd; ís.
31. Landbúnaðar-, garðræktar- og skógræktarafurðir, svo og korn sem ekki er talið í öðrum flokkum; lifandi dýr, nýir ávextir og grænmeti; fræ, lifandi plöntur og blóm; dýrafóður; malt.
32. Bjór, ölkelduvatn, gosdrykkir og aðrir óáfengir drykkir; ávaxtadrykkir; safi og önnur efni til drykkjargerðar.
33. Áfengir drykkir (nema bjór).
34. Tóbak; hlutir fyrir reykingamenn; eldspýtur.

II. Þjónusta.

35. Auglýsingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi.
36. Tryggingastarfsemi; fjármálastarfsemi; gjaldmiðlaviðskipti; fasteignaviðskipti.
37. Byggingastarfsemi; viðgerðir; uppsetningar og lagnir.
38. Fjarskipti.
39. Flutningar; pökkun og geymsla vöru; ferðaþjónusta.
40. Vinnsla og meðferð efna og hluta.
41. Fræðsla; þjálfun; skemmtistarfsemi; íþrótta- og menningarstarfsemi.
42. Rekstur veitingahúsa, tilreiðsla matar og drykkja; gistiþjónusta; læknisþjónusta; heilsurækt, fegrunar- og snyrtiþjónusta; dýralækningar og þjónusta við landbúnað; lögfræðiþjónusta; vísindi- og rannsóknir; tölvuforritun; þjónusta sem ekki fellur undir aðra flokka.

REGLUGERÐ

um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

1. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins er að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð, koma til aðstoðar byggðarlögum er höllum fæti standa vegna breytinga í útgerðarháttum og að efla hafrannsóknir.

2. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands annast stjórn Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins. Fiskveiðasjóður annast daglegan rekstur sjóðsins.

3. gr.

Eignir sjóðsins.

Stofnfé Hagræðingarsjóðs skal vera:

1. Þær eftirstöðvar eigna Úreldingarsjóðs sem varðveittar eru í skuldabréfum, skv. d-lið 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.
2. Eignir Aldurslagasjóðs fiskiskipa, sbr. II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.
3. Söluandvirði eigna eða stofnana ríkisins sem lagt kann að verða til sjóðsins með sérstökum lögum.

4. gr.

Hagræðingarsjóðsgjald.

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu greiða gjald til Hagræðingarsjóðs. Skal gjaldið á árinu 1992 nema 935 kr. af hverri brúttórúmlest en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 280.000 kr. fyrir hvert skip. Gjalddagi hagræðingarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttórúmlestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á vátryggingarreikning skips, skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Hagræðingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Hagræðingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er, samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir hagræðingarsjóðsgjaldi.

5. gr.

Fækkun fiskiskipa.

Sjóðurinn skal stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í því skyni skal sjóðurinn veita styrki til úreldingar skipa enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

6. gr.

Úreldingarstyrkur.

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki vegna úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru samkvæmt 1. mgr. 4. gr. Skal úreldingarstyrkurinn vera 30% af húftryggingarverðmæti fiskiskips eins og það var við upphaf þess almanaksárs er umsókn um styrkinn barst. Liggi húftryggingarverðmæti ekki fyrir skal stjórn sjóðsins ákveða þá viðmiðun, sem hún telur eðlilega. Á árinu 1992 skal úreldingarstyrkur þó aldrei vera hærri fjárhæð en 50.000.000 kr. fyrir hvert skip.

Skilyrði fyrir að stjórn sjóðsins sé heimilt að veita loforð um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að skipið hafi fengið leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 38/1990 og ekki orðið fyrir altjóni þannig að fullar tryggingarbætur verði eða hafi verið greiddar út. Það eru ennfremur skilyrði að réttur eigandi eða eigendur skips og handhafi viðkomandi réttinda lýsi því yfir að skipið verði eða hafi verið tekið varanlega af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og að allar aflaheimildir skipsins verði varanlega sameinaðar aflaheimildum annarra fiskiskipa.

Stjórn sjóðsins er óheimilt að greiða úreldingarstyrk fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar um afskráningu skipsins af skipaskrá og yfirlýsing frá sjávarútvegsráðuneytinu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og að fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins. Þá er stjórn sjóðsins óheimilt að greiða styrk vegna skips sem orðið hefur fyrir altjóni þannig að fullar tryggingarbætur hafi verið eða verði greiddar fyrir skipið.

Komi í ljós að fjárhagur sjóðsins leyfi ekki greiðslu úreldingarstyrkja samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er sjóðsstjórn heimilt að lækka það hlutfall af húftryggingarverðmæti sem styrkur miðast við. Jafnframt er sjóðsstjórn heimilt að ákveða frestun á greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

7. gr.

Forkaupsréttur til fiskiskipa.

Við upphaf hvers fiskveiðiárs, í fyrsta sinn í upphafi þess fiskveiðiárs er hefst 1. september 1992, skal útgerðum fiskiskipa gefinn kostur á að fá framselda til sín gegn endurgjaldi er tekur mið af almennu gangverði a.m.k. þrjá fjórðu hluta þeirra aflaheimilda sem sjóðurinn fær úthlutað. Skulu aflaheimildir sjóðsins boðnar í samræmi við aflahlutdeild hvers skips af hverri tegund.

Nemi samanlagðar aflaheimildir sem útgerð skips á forkaupsrétt á skv. 1. mgr. þessarar greinar minna en 7 þorskígildislestum fellur forkaupsréttur niður.

Neyti útgerðin ekki forkaupsréttar eða standi ekki skil á endurgjaldi innan tiltekins tíma skal sjóðurinn framselja þær aflaheimildir hæstbjóðanda, sbr. 12. grein reglugerðar þessarar.

8. gr.

Forkaupsréttur til sveitarfélaga.

Sjóðurinn stuðlar að eflingu fiskvinnslu í þeim byggðarlögum, er höllum fæti standa, með því að framselja til sveitarfélaga allt að einn fjórða hluta þeirra aflaheimilda sem sjóðnum er úthlutað.

Umsóknir um forkaupsrétt skulu sendar sjóðnum einum mánuði fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs og skulu fylgja umsókn þær upplýsingar sem stjórn sjóðsins telur nauðsynlegar. Sjóðsstjórn metur hvort almenn skilyrði fyrir forkaupsrétti séu uppfyllt. Telji hún líklegt að svo sé skal leitað umsagnar Byggðastofnunar áður en sjóðsstjórn tekur lokaákvörðun um hvort orðið skuli við umsókn og hversu miklum aflaheimildum skuli ráðstafað til eflingar vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.

9. gr.

Skilyrði fyrir aðstoð sjóðsins er að sala fiskiskips eða fiskiskipa hafi valdið slíkum straumhvörfum í atvinnumálum viðkomandi byggðarlags að fyrirsjáanleg sé veruleg fækkun starfa heimamanna í útgerð og fiskvinnslu á atvinnusóknarsvæði byggðarlagsins. Jafnframt er það skilyrði að fyrirsjáanlegt sé að ekki séu í boði önnur störf á viðkomandi atvinnusóknarsvæði og byggðaröskum af þeim sökum yfirvofandi.

10. gr.

Hafi stjórn sjóðsins ákveðið að verða við umsókn skal sveitarstjórn boðinn forkaupsréttur að tilteknum aflaheimildum gegn endurgjaldi sbr. 1. mgr. 7. gr. Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skal tilkynna Hagræðingarsjóði nafn og skipaskrárnúmer þess fiskiskips eða fiskiskipa sem aflaheimildirnar skulu fluttar til. Tilkynningu skal fylgja staðfesting frá útgerð viðkomandi fiskiskips.

11. gr.

Sjávarútvegsráðherra ákveður endurgjald fyrir þær aflaheimildir sjóðsins sem boðnar eru með forkaupsrétti samkvæmt 7. til 10. gr. reglugerðar þessarar. Verði ekki staðin skil á endurgjaldi vegna aflaheimilda sem forkaupsréttur hefur verið boðinn á innan þriggja vikna fellur forkaupsréttur niður.

12. gr.

Útboð aflaheimilda.

Þær aflaheimildir Hagræðingarsjóðs sem ekki er ráðstafað samkvæmt ákvæðum 7. til 10. gr. þessarar reglugerðar skal stjórn sjóðsins framselja hæstbjóðanda.

Reynt skal að haga útboði þannig, að sem hæst verð fáist fyrir heimildirnar. Skal stjórnin ákveða hversu oft slík útboð fara fram og hversu mikið magn er boðið hverju sinni. Það skal vera aðalregla, að heimildirnar séu seldar og að fullu greiddar fyrir desemberlok á viðkomandi fiskveiðiári. Aflaheimildirnar skulu boðnar út með auglýsingu í dagblaði eða öðrum sannanlegum hætti og hæfilegur frestur gefinn til að senda inn tilboð. Tilboð skulu miðuð við staðgreiðslu en sjóðsstjórn setur að öðru leyti nánari reglur um framkvæmd útboðsins og skulu þær birtast í útboðsauglýsingu eftir því sem við á.

13. gr.

Ýmis ákvæði.

Framsal á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs samkvæmt 7. til 12. gr. þessarar reglugerðar öðlast ekki gildi fyrr en sjávarútvegsráðuneytið hefur staðfest móttöku á tilkynningum sjóðsins til ráðuneytisins um hvað mikið magn af hverri tegund er flutt á einstök fiskiskip.

14. gr.

Reikningsár sjóðsins er fiskveiðiárið. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að lokinni endurskoðun. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Fiskveiðasjóður Íslands annast reikningshald Hagræðingarsjóðs.

15. gr.

Fundir stjórnar eru lögmætir ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ákvarðanir stjórnar skulu færðar í gjörðabók.

16. gr.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar á hagkvæman og tryggan hátt.

Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af tekjum hans.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, sbr. l. nr. 4/1992, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerðir nr. 156/1991 og 34/1992.

Hafi umsókn um greiðslu úreldingarstyrks borist stjórn Hagræðingarsjóðs fyrir gildistöku laga nr. 4/1992 án þess að hljóta afgreiðslu skal stjórn sjóðsins afgreiða slíkar umsóknir í samræmi við ákvæði l. nr. 4/1992 og reglugerðar þessarar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 90 28. febrúar 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 620/1991.

1. gr.

2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds að fenginni tillögu stjórnar vatnsveitu. Vatnsgjald má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna, enda verði álagningin aldrei hærri en sem nemur 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni.

2. gr.

Við 9. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar, sem verði 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Nú liggur matsverð fasteignar eigi fyrir við álagningu vatnsgjalds, en fasteign getur notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr., og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða upphæð vatnsgjaldsins með hliðsjón af því hver verður líklegur álagningarstofn fullfrágenginnar eignar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og innheimtu þess hagað á sama hátt, í samræmi við 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 90/1990.

3. gr.

Við 10. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, sem verði 2. mgr., svohljóðandi:

Í undantekningartilvikum, þegar stofnkostnaður og/eða rekstrarkostnaður vatnsveitu er óvenjulega hár, getur ráðherra veitt sveitarstjórn heimild til að ákveða hærra aukavatnsgjald en segir í 1. mgr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 13. gr. laga nr. 81/1991 um vatnsveitur sveitarfélaga, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1992.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 20. febrúar 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Reykjavíkur 1990–2010 með vísun til bréfs ráðuneytisins til borgarstjórnar Reykjavíkur dags. 20. febrúar 1992.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfisráðuneytið, 27. febrúar 1992.

Eiður Guðnason.

Páll Líndal.

28. febrúar 1992

AUGLÝSING

Nr. 92

um aðalskipulag Flateyjar á Breiðafirði 1990–2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 28. febrúar 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Flateyjar á Breiðafirði 1990–2010 með vísun til bréfs ráðuneytisins til sveitarstjórnar Reykhólahrepps dagsettu 28. febrúar 1992.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Reykhólahrepps og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfisráðuneytið, 28. febrúar 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

2. mars 1992

AUGLÝSING

Nr. 93

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Hafnar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnar hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 19. febrúar 1992 staðfest breytingu á gildandi aðalskipulagi Hafnar í Hornafirði frá 4. ágúst 1983 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að hluti iðnaðarsvæðis við Dalbraut er gerður að íbúðarsvæði.

Bæjarstjórn Hafnar hefur með yfirlýsingu þann 17. febrúar 1992 tekið að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 2. mars 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Kópavogi á árinu 1992.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. stafl. c í 3. gr. samþykktar nr. 257/1988 um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs, skal vera kr. 7 700,00 á árinu 1992 með gjalddaga 1. mars.

Gjaldið skal greiðast fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið og eigi síðar en á eindaga sem er 1. apríl.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Við handsömun hunda skv. 2. gr. samþykktar nr. 257/1988, skal hlutaðeigandi greiða allan kostnað sem af því leiðir.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. febúar 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

Nr. 95 2. mars 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl., nr. 307 15. júní 1988.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Í samningi milli félagsins og vátryggingartaka má áskilja að vátryggingartaki skuli að öllu leyti eða að hluta bera áhættu á tjónsatburðum sem falla undir vátrygginguna, en slík ákvæði hafa engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns. Má þannig áskilja að eigin áhætta vátryggingartaka vegna hvers tjónsatburðar skuli vera tiltekin fjárhæð, allt að 70 000 krónur fyrir vátryggingartaka sem einstakling og 150 000 krónur fyrir vátryggingartaka með rekstur, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu, enda hafi félagið samþykkt skriflega beiðni vátryggingartaka um hámark eigin áhættu. Vátryggingarfélaginu er heimilt að setja ákvæði þess efnis í iðgjaldagrundvöll, að ef nánar tiltekin skilyrði eru uppfyllt þá skuli vátryggingartaki bera eigin áhættu allt að 25 000 krónur. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Tryggingaeftirlitsins, breytt fjárhæðum þessum árlega í samræmi við verðlagsbreytingar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 94. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. mars 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987 er ákveðið að vátryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 426 000 000 kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 88 000 000 kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að vátryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 17 000 000 kr.

3. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl., nr. 91 26. febrúar 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. mars 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

3. mars 1992 Nr. 97

AUGLÝSING

um umferð í Garðabæ og Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í c-lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaganna nr. 50/1987 og að fengnum tillögum viðkomandi sveitarstjórna hafa eftirfarandi reglur verið ákveðnar um umferð í Garðabæ og Mosfellsbæ:

1. Akstur og dráttur vinnuvéla og dráttarvéla er bannaður allan sólarhringinn á Hafnarfjarðarvegi norðan Vífilsstaðavegar.
2. Akstur og dráttur vinnuvéla er bannaður á virkum dögum frá kl. 7.30–9.00 og kl. 16.30–18.00 á:
   a) Reykjanesbraut.
   b) Hafnarfjarðarvegi sunnan Lyngáss.
   c) Álftanesvegi austan heimreiðar að Bessastöðum.
   d) Vesturlandsvegi frá Skarhólabraut að bæjarmörkum Mosfellsbæjar.

Vinnuvélar og dráttarvélar sem notaðar eru við framkvæmdir, viðhald eða snjóruðning á viðkomandi vegum þurfa ekki að sæta ofangreindum takmörkunum.

Rekstrarsvæði.

Orkuveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins er skipt í rekstrarsvæði. Annast sérstakur svæðisrafveitustjóri daglegan rekstur veitukerfis eins eða fleiri þessara svæða, undir yfirstjórn rafmagnsveitustjóra ríkisins.

5. gr.

Yfirstjórn.

Yfirstjórn Rafmagnsveitna ríkisins er í höndum þess ráðherra sem fer með orkumál. Rafmagnsveitustjóri er forstjóri Rafmagnsveitnanna og hefur, í umboði ráðherra, á hendi stjórn á rekstri þeirra og framkvæmdum.

Þeim háttum, sem hagkvæmt þykir að sameina í rekstri hinna einstöku rekstrarsvæða, er stjórnað og þeir framkvæmdir frá aðalskrifstofu Rafmagnsveitnanna.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

6. gr.

Stjórn.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn til fjögurra ára, rafmagnsveitustjóra til ráðuneytis. Skal stefnt að því að einn stjórnarmaður komi frá hverju rekstrarsvæði Rafmagnsveitnanna.

7. gr.

Verksvið rafmagnsveitustjóra.

Rafmagnsveitustjóri stjórnar rekstri Rafmagnsveitna ríkisins, sér um viðhald og umbætur, og allt er að rekstri þeirra lýtur, kaup og sölu orku, fjárhald og reikningsskil. Hann ræður starfsmenn Rafmagnsveitnanna. Hann skipuleggur verkaskiptingu starfsmanna.

Rafmagnsveitustjóri semur árlega skýrslu um starfsemi Rafmagnsveitnanna og sendir ráðherra, ásamt efnahags- og rekstrarreikningi þeirra og kostnaðarreikningi yfir mannvirki í smíðum, svo og aðrar skýrslur, sem ráðherra kann að óska eftir. Hann gerir og árlega fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og sendir ráðherra svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Hann gerir tillögur um nýjar orkuveitur og orkuver og aukningu eldri virkja. Á fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um lántöku og fjáröflun til framkvæmda og um ráðstöfun á eigin fé Rafmagnsveitnanna. Áður en ráðist er í að koma upp orkuveitu eða reisa orkuver, gerir rafmagnsveitustjóri, að undangenginni rannsókn, nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af þeim.

Rafmagnsveitustjóri gerir tillögur um gjaldskrár fyrir Rafmagnsveiturnar og sendir ráðherra til staðfestingar.

8. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafmagnsveitur ríkisins skulu hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reikningshald. Reikningsár Rafmagnsveitnanna er almanaksárið og skulu endurskoðaðir reikningar fylgja ríkisreikningi.

Gjaldskrá skal við það miðuð að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga orku á hagkvæmasta verði.

Tekjum Rafmagnsveitna ríkisins skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði og fjárfestingu þannig að öruggur rekstur veitunnar sé tryggður, þar með talin greiðsla afborgana og vaxta af skuldum hennar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin í samræmi við lög og reglugerðir. Heimilt er að leggja allt að 10% af tekjum í varasjóð.

A. Rafmagnsveita.

II. KAFLI

Húsveitur og tenging þeirra.

9. gr.

Eigandi – notandi veitu.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu, sem tengist veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins, nefnist húseigandi (veitueigandi). Kaupandi orku, sá sem ber ábyrgð á greiðslu hennar, nefnist notandi.

10. gr.

Umsókn um heimtaug

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirrituð af húseiganda er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða tengigjald það sem ákveðið er í verðskrá Rafmagnsveitna ríkisins og að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá Rafmagnsveitunum. Skal í umsókninni skýrt frá hve mikið afl þarf og til hvers það er ætlað.

Rafmagnsveiturnar geta krafist þess að skrifleg greinargerð, byggð á tækniþekkingu, sé lögð fram varðandi áætlun um afl- og orkunotkun.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða og Rafmagnsveiturnar þurfa, til þess að fullnægja henni sérstaklega, að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiriháttar viðbætur á lágspennukerfi, er Rafmagnsveitunum heimilt að gera umsækjanda að taka þátt í kostnaði.

Sé um óskipulegt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar skal tengigjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni þar sem hliðsjón er höfð af stofnkostnaði við framkvæmdir.

Rafmagnsveitunum er heimilt að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimtaugar að ósk hans í frosna jörð.

Heimtaugar með stofnvari eru eign Rafmagnsveitnanna, enda þótt tengigjald hafi verið greitt, nema um annað hafi verið sérstaklega samið.

Rafmagnsveiturnar annast viðhald og endurnýjun heimtauga sinna án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytinga á húsi eða lóð. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Ef loftlínuheimtaug er breytt í jarðstrengsheimtaug skal húseigandi greiða kostnaðarmun sem ákveðinn er í verðskrá.

11. gr.

Rafverktakar.

Rafmagnsveitur ríkisins eða rafverktakaleyfisnefnd, veitir þeim rafverktakaleyfi sem fullnægja skilyrðum og skilmálum Rafmagnsveitnanna.

Skylt er að láta löggilta rafverktaka og/eða Rafmagnsveiturnar, ef þær taka slík verk að sér, framkvæma vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerðir á raflögnum eða raftækjum sem tengjast eiga eða tengd eru við húsveituna. Aðrir mega ekki taka ábyrgð á né vinna nokkurt slíkt verk.

Löggiltir rafverktakar eru skyldir til að veita Rafmagnsveitunum upplýsingar um húsveitur og raftæki sem þeir vinna við og bera ábyrgð á.

12. gr.

Eftirlit og úttektir á raflögnum.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa eftirlit með raflögnum notenda á orkuveitusvæði sínu. Rafmagnsveiturnar annast úttekt og skoðun á raflögnum skv. reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki, svo og skv. beiðni eða að eigin frumkvæði.

Rafmagnsveiturnar geta gert eiganda veitu að greiða kostnað þeirra verka, sem Rafmagnsveiturnar inna af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

Engir aðrir en umboðsmenn Rafmagnsveitna ríkisins mega setja spennu á veitu eða hluta af veitu í fyrsta sinn eftir úttekt. Sé út af þessu brugðið varðar það þann sektum sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur spennu á veituna og hinn löggilta rafverktaka er um verkið sá.

Rafmagnsveiturnar taka ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingum.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum – Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita að meðtöldum neyslutækjum skal fullnægja kröfum þeim sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins og tæknireglum Rafmagnsveitna ríkisins. Það telst óleyfilegt, sem ekki fullnægir þessum kröfum. Efni í veitu eða tæki skal viðurkennt af sömu aðilum.

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin að þau starfi án þess að truflun valdi á ljósum eða annarri notkun. Misbrest á þessu eða aðra galla á veitu eða tækjum skal húseigandi eða notandi þegar í stað og á sinn kostnað, láta löggiltan rafverktaka lagfæra.

Komi í ljós við skoðun húsveitu, sem framkvæmd er af Rafmagnsveitum ríkisins, Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafverktaka, að galli er á veitu eða tækjum skal eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta, á sinn kostnað, löggiltan rafverktaka gera við gallana.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi í meðferð eða viðhaldi veitu eða tækja skal farið með það sem galla á veitu og er heimilt að gera eiganda að greiða þann kostnað sem aukið eftirlit með veitunni hefur í för með sér. Rafmagnsveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt.

Starfsmenn Rafmagnsveitnanna eiga rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er:

— til athugunar á öryggi þeirra, þ.m.t. neyslutæki.
— til athugunar á mælitækjum og því hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt verðskrá.
— til álestrar á mælitæki.
— til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum Rafmagnsveitnanna.

Í sérstakri reglugerð sem staðfest er af iðnaðarráðherra eru sérákvæði um nánari tæknileg tengiskilyrði.

Við eftirlitsstörf sín skulu starfsmenn Rafmagnsveitnanna bera sérstök skilríki sem sýni á vegum hvers þeir eru.

14. gr.

Mælitæki.

Rafmagnsveitur ríkisins setja upp nauðsynleg mælitæki og ákveða fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja til án samþykkis Rafmagnsveitnanna en þær geta krafist flutnings þeirra ef það þykir hentugra að dómi rafmagnsveitustjóra.

Notandi mælitækis er sá sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækjum og raforkunotkun veitunnar þar til hann lætur af notkun hennar og tilkynnir Rafmagnsveitunum um það.

Rafmagnsveiturnar annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun þess.

Notandi greiðir leigu fyrir afnot mælitækja skv. verðskrá Rafmagnsveitnanna á hverjum tíma.

Þar sem eitt mælitæki er sett fyrir sameiginlegri notkun fleiri aðila ber notandi, sem skráður er fyrir mælitækinu, ábyrgð á greiðslum vegna hinnar sameiginlegu notkunar. Aðrir notendur bera hver um sig ábyrgð in solidum á greiðslum þessum með hinum skráða notanda.

Breyting á skráningu notanda fyrir sameiginlegri notkun orku um mælitæki verður því aðeins gerð að allir notendur hinnar sameiginlegu notkunar fari fram á það skriflega.

Hætti skráður notandi notkun skal hann í tæka tíð tilkynna það til Rafmagnsveitnanna sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn skal loka því og eigi skal hefja orkusölu á ný um tækið fyrr en tilkynnt hefur verið um nafn og kennitölu nýs notanda.

15. gr.

Prófun mælitækja.

Óski notandi að mælitæki verði prófað skal beiðni um það vera skrifleg. Reynist skekkja +/–4% eða minni er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófun.

Ef fram kemur við prófun, sem Rafmagnsveiturnar framkvæma, að mælitækið hafi mælt 4% of lítið eða þaðan af minna skal notandinn greiða það sem vanmælt var.

Hafi tækið mælt 4% of mikið eða þaðan af meira skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi eða í reiðufé.

Við prófun mælitækja skal nota mælitæki sem hlotið hafa viðurkenningu viðurkenndra prófunarstofnana.

Rafmagnsveitur ríkisins geta ekki krafist viðbótargreiðslu fyrir lengra tímabil en 1 ár, og sama gildir um kröfu notanda til endurgreiðslu.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila eða annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingu um það hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum sem að framan greinir.

Notendur, sem hafa aflmarksmæli eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en Rafmagnsveitunum er skylt að leiðrétta skekkju mælisins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki skal leita úrskurðar Rafmagnseftirlits ríkisins og er hann bindandi fyrir báða aðila.

Verði raforkunotkun rakin til galla á veitu eða tækjum í eigu notanda, er Rafmagnsveitunum ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notanda af þeim sökum.

Ef svo reynist að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir eða útreikningur á reikningsfjárhæð verið skakkur áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á undir eins og vitað er um hana.

16. gr.

Innsiglun mælitækja.

Starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins hafa heimild til að innsigla mælitæki, sem raforkukaup eru gerð um, svo sem kWh mæla, straumspenna o.þ.h. Einnig mega starfsmenn Rafmagnsveitnanna innsigla hluta veitu sem ómæld orka fer um. Þessi innsigli mega engir aðrir rjúfa en starfsmenn Rafmagnsveitnanna. Önnur innsigli Rafmagnsveitnanna mega rafverktakar rjúfa að fengnu leyfi Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli en skal viðkomandi eigi síðar en næsta virkan dag á eftir tilkynna Rafmagnsveitunum skriflega málsatvik.

Veiti notandi eða rafverktaki því athygli að innsigli sé rofið eða vanti, er hann skyldur að tilkynna Rafmagnsveitum ríkisins slíkt án tafar.

B. Hitaveita.

III. KAFLI

Húsveitur og tenging þeirra.

17. gr.

Eigandi – notandi veitu.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu, sem tengist hitaveitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins nefnist húseigandi.

Notandi varma er sá aðili, sem skráður er fyrir mæligrind og ber hann ábyrgð á greiðslum hitaveitugjalda.

18. gr.

Val á orkugjafa.

Á þeim hluta orkuveitusvæðis Rafmagnsveitna ríkisins þar sem Rafmagnsveiturnar annast dreifingu á bæði raforku og varmaorku ákveða Rafmagnsveiturnar hvort hús skuli tengd hitaveitukerfi eða hituð með rafhitun.

19. gr.

Afhending og notkun varmans.

Varminn er afhentur um veitukerfi Rafmagnsveitnanna samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá.

Rafmagnsveitustjóra er heimilt að semja sérstaklega um sölu varma utan almennra söluskilmála til annarra veitna og stórnotenda.

Vatnið (varmagjafinn) sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign Rafmagnsveitnanna.

Óheimilt er að tengja hvers kyns annan búnað við hina lokuðu varmarás en hitunar- og neysluvatnskerfi húss.

20. gr.

Upplýsingaskylda og ábyrgð Rafmagnsveitna ríkisins.

Varmanum er miðlað í formi heits vatns. Rafmagnsveitur ríkisins skulu gefa notendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting, hitastig og þess háttar.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni orkumiðilsins eru án ábyrgðar Rafmagnsveitnanna. Um breytingar sem stafa af öðrum ástæðum, skulu Rafmagnsveiturnar tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara.

IV. KAFLI

Veitukerfið.

21. gr.

Eignarhald og rekstur veitukerfisins.

Rafmagnsveitur ríkisins láta leggja og eiga allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss að og með mæligrindum ásamt tilheyrandi búnaði og annast rekstur og viðhald hans.

22. gr.

Tenging við veitukerfið.

Rafmagnsveitur ríkisins annast lagningu eigin veitukerfis og tengingu við húsveitu notanda. Við slíka framkvæmd skulu Rafmagnsveiturnar halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skulu Rafmagnsveiturnar færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveituna við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar ef húsið er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrindur og annað tilheyrandi tengingu við heitavatnskerfið. Þar skal vera niðurfall í gólfi og það húsrými vera aðgengilegt starfsmönnum Rafmagnsveitnanna.

Rafmagnsveiturnar ákveða staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseigenda. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar veitukerfisins.

Rafmagnsveiturnar kosta lagningu eigin veitukerfis, en húseigandi greiðir tengi- og mælagrindargjald samkvæmt gjaldskrá.

23. gr.

Breytingar á veitukerfi.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við Rafmagnsveitur ríkisins skal húseigandi annast og kosta.

Húseigandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi Rafmagnsveitnanna.

24. gr.

Aðgangur að húsnæði.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa rétt til aðgangs að húsnæði því, sem veitukerfi þeirra liggur um til viðhalds, eftirlits og breytinga.

Ef inntak Rafmagnsveitnanna og mælagrind eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stokk sem auðvelt er að opna.

V. KAFLI

Húsveitur og tenging þeirra við Rafmagnsveitur ríkisins.

25. gr.

Umsókn um húsveitu.

Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytingar á eldri kerfum, skal sækja um varmakaupin eða breytinguna til Rafmagnsveitna ríkisins á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningarmeistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af hlutaðeigandi byggingar- og skipulagsnefnd.

Teikningar skulu uppfylla almennar reglur um hönnun heitavatnslagna, lofthitunarkerfa og loftræstikerfa, reglur byggingasamþykkta og byggingaskilmála.

Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, geta Rafmagnsveitur ríkisins stöðvað verkið þar til úr því verður bætt.

26. gr.

Mælitæki og prófun þeirra.

Rafmagnsveitur ríkisins ákveða stærð og gerð mæla sem notaðir eru í mælagrind.

Ef notandi óskar að mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til Rafmagnsveitnanna. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera notanda að greiða mælaálestrargjald. Sé frávik meira skulu Rafmagnsveiturnar greiða kostnað við prófunina og leiðrétta reikning notanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði, nema að notandi eða Rafmagnsveiturnar eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

27. gr.

Aðgangur að pípulögnum.

Rafmagnsveitur ríkisins skulu hafa aðgang að hitalögnum bæði innanhúss og utan. Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt neysluvatn sé þess óskað.

28. gr.

Prófun pípulagna og tenging hitaveitu.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

Um tengingu (áhleypingu) skal sækja til Rafmagnsveitna ríkisins með minnst fjögurra daga fyrirvara.

Engir aðrir en umboðsmenn Rafmagnsveitnanna mega hleypa vatni úr veitukerfinu á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

Sé húsveita tengd veitukerfi Rafmagnsveitnanna í heimildarleysi, geta Rafmagnsveiturnar aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

29. gr.

Ábyrgð og tilkynningarskylda húseiganda og notanda.

Húseiganda og notanda ber að tilkynna tafarlaust til Rafmagnsveitna ríkisins ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum hennar.

Húseigandi og notandi, ef ekki er um sama aðilann að ræða, bera, in solidum ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu Rafmagnsveitnanna og þar með þeim kostnaði við viðgerð eða endurnýjun þess búnaðar, sem verður fyrir skemmdum af völdum notanda.

C. Almenn ákvæði.

VI. KAFLI

Skilmálar fyrir orkusölu.

30. gr.

Upphaf og lok orkukaupa.

Upphaf og lok samningstíma um orkukaup eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

31. gr.

Skilyrði orkusölu.

Skilyrði orkusölu er að samþykkt hafi verið umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitnanna.

32. gr.

Orkusölusamningar.

Rafmagnsveitur ríkisins selja orku á orkuveitusvæði sínu, þar sem veitukerfi hennar nær til, með þeim skilmálum sem ákveðnir eru í reglugerð þessari, sérreglum um orkuvirki á orkuveitusvæði hennar og gjaldskrá hennar á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar geta krafist þess að hver sem óskar að gerast notandi orku sæki um það skriflega og geri grein fyrir afl- og orkunotkun og til hverra nota orkan sé ætluð, sbr. einnig 10. gr.

Rafmagnsveiturnar skulu leiðbeina notendum um hagkvæm kaup og notkun raforku sé eftir því leitað.

Á þeim stöðum í veitukerfinu þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki umbeðið afl án sérstakra ráðstafana ákveða Rafmagnsveiturnar nánari skilmála.

Rafmagnsveiturnar geta takmarkað sölu samkvæmt sérstökum töxtum vegna rafhitunar. Ef Rafmagnsveiturnar telja nauðsynlegt að komið verði fyrir raforkuvirkjum á viðkomandi lóð í því skyni að sala raforku geti farið þar fram, skal Rafmagnsveitunum látin í té nauðsynleg lóð eða húsnæði fyrir spennistöð, með sérstökum samningi og nauðsynleg lóð eða aðstaða fyrir jarðstrengi, tengiskápa, stólpa og festur fyrir loftlínur, án endurgjalds. Rafmagnsveitunum er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá spennistöðinni. Kvöð um uppsetningu og rekstur hennar og annarra raforkuvirkja, má þinglýsa á viðkomandi húseign.

Orkuafhendingu má binda því skilyrði að kostnaður vegna sérstakrar fjarlægðar sé greiddur af umsækjanda.

Óski Rafmagnsveiturnar eftir spennubreytingu á húsveitu er húseigendum skylt að hlíta því enda sé breytingin gerð á kostnað Rafmagnsveitnanna. Á sama hátt skulu húseigendur bera kostnað af spennubreytingu á húsveitu, sem þeir hafa óskað eftir og Rafmagnsveiturnar hafa samþykkt, nema sérstakt samkomulag náist um skiptingu kostnaðar.

Framsal til annarra á orku, sem keypt er af Rafmagnsveitunum, er óheimil án leyfis þeirra.

33. gr.

Orkureikningar.

Verð á orku skal ákveða í verðskrá. Notandi skal greiða Rafmagnsveitum ríkisins orkukaupin samkvæmt gildandi verðskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar á orku skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar verðskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til.

Rafmagnsveiturnar mega grundvalla orkureikninga á áætlun um orkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun en í henni sé orkunotkuninni jafnað niður á daga. Reikningar, sem byggjast á staðreyndri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar en reikningar, sem byggjast á áætlaðri orkunotkun, nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega orkunotkun skal staðreyna ekki sjaldnar en á u.þ.b. 12 mánaða fresti. Þegar orkunotkun hefur verið staðreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra. Notandi getur jafnan, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjörs miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um orkunotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda orkukaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur.

Rafmagnsveitur ríkisins ákveða gjalddaga reikninga. Útgáfudag reiknings, gjalddaga og greiðslustað skal tilgreina á reikningi.

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, mega Rafmagnsveiturnar áskilja sér og innheimta allan kostnað vegna vanskilanna og dráttarvexti frá og með gjalddaga reiknings til greiðsludags.

34. gr.

Vanskil orkureikninga.

Sé orkureikningur ekki greiddur á gjalddaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orkukaup, mega Rafmagnsveiturnar stöðva orkuafhendingu til notanda að undangenginni skriflegri viðvörun sem sendist honum með minnst fimm daga fyrirvara.

Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila Rafmagnsveitunum sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar á orkuafhendingu og vanskil á álestrarreikningum. Rafmagnsveiturnar bera ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar.

Beri kaupandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra.

Stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við Rafmagnsveiturnar né heldur greiðsluskyldu á fastagjaldi, aflgjaldi og tækjaleigu á lokunartíma.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar, svo og opnun veitunnar.

Rafmagnsveiturnar mega stöðva orkuafhendingu með hverjum þeim hætti sem henta þykir, með rofi á orkuflæði í íbúð eða húsnæði notanda eða utanhúss. Rafmagnsveitunum er

ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar enda sé ekki óeðlilega langur tími liðinn frá viðvörun um hana.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda skal að jafnaði ekki opna aftur nema skuldin sé að fullu greidd og/eða trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis.

Enginn má rjúfa straum né endurtengja veitu nema þeir, sem Rafmagnsveiturnar hafa veitt umboð til þess hverju sinni. Óleyfilega tengda veitu mega Rafmagnsveiturnar rjúfa fyrirvaralaust.

35. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilunar eða takmarkana á orkuvinnslu hefur ekki í för með sér neina skaðabótaskyldu á hendur Rafmagnsveitunum en koma skal á reglulegum rekstri aftur eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, sbr. þó síðustu mgr. greinar þessarar.

Rafmagnsveiturnar bera ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum né afleiðingum af þeim né heldur af bruna eða slysum sem verða kunna af völdum rafmagns frá veitu rafmagnsnotanda.

Rafmagnsveiturnar áskilja sér rétt til þess að stöðva orkuflutning um veitu vegna viðgerða eða viðhalds eða eftirlits þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaug er Rafmagnsveitunum heimilt að stöðva orkuflutning á því svæði sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir að takmarka þurfi notkun á orku um langan eða skamman tíma ákveða Rafmagnsveiturnar hvernig takmörkun skuli hagað.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur Rafmagnsveitunum þótt orkuflæði hafi rofnað fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða aflgjald, eiga rétt á að fá sem svarar 1/300 hluta aflgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa. Þetta gildir ekki varðandi lokun vegna vanskila.

36. gr.

Breytingar á notkun.

Sérhver orkunotkun, er notandi byrjar á skv. tilteknum taxta (verðskrárlið) Rafmagnsveitna ríkisins, er bindandi fyrir hann í að minnsta kosti 1 ár. Þó geta Rafmagnsveiturnar leyst notanda undan þessari skuldbindingu.

Verði breyting á notkun, þannig að hún geti fallið undir annan taxta, skal umsókn um það send Rafmagnsveitunum með eins mánaðar fyrirvara.

Rafmagnsveiturnar áskilja sér rétt til að segja upp sölu eftir tilteknum taxta með eins mánaðar fyrirvara ef í ljós kemur að notkunin falli undir annan taxta.

37. gr.

Ábyrgð notanda.

Notandi ber ábyrgð á notkun um þá veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkuninni og hefur sagt henni upp með tilkynningu til Rafmagnsveitnanna með eðlilegum fyrirvara.

Húseigandi er ábyrgur fyrir tilkynningu til Rafmagnsveitnanna um notendaskipti. Vanræki húseigandi þessa tilkynningaskyldu sína er heimilt að gera hann ábyrgan fyrir ógreiddri orkunotkun þess aðila er áður var notandi viðkomandi veitu.

Rafmagnsveitunum er alltaf skylt að tilkynna húseiganda ef vanskil notanda hafa varað lengur en 6 mánuði.

38. gr.

Óleyfileg notkun.

Verði uppvíst að orka sé notuð á annan hátt en um er samið eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að öll notkun komi ekki fram skulu Rafmagnsveiturnar áætla þá notkun sem fram hefur farið óleyfilega og skal notandi gjalda fyrir hana allt að þreföldu verði eftir verðskrá fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er.

VII. KAFLI

Réttarfars- og refsiákvæði.

39. gr.

Lögtaksréttur.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með lögtaki.

40. gr.

Refsing.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

41. gr.

Málssókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

42. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af stjórn Rafmagnsveitna ríkisins er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerðir nr. 112/1968 um Rafmagnsveitur ríkisins, nr. 244/1977 um Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 184/1988 um Hitaveitu Hafnar og nr. 561/1981 um Hitaveitu Seyðisfjarðar.

Iðnaðarráðuneytið, 2. apríl 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Helga Jóna Benediktsdóttir.

1. apríl 1992 Nr. 123

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið leyfi fyrir leigubíla til U-beygju við Lækjartorg – Hafnarstræti til reynslu til 1. júní nk.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. apríl 1992.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um fylgiskjal (bestukaupalista) með reglugerð nr. 300/1991 um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

Heiti	Form	Heiti	Form
Airol (Roche)	Krem	Karbamazepin (Gerard)	Töflur
Aldomet (MSD)	Töflur	Katópríl (Delta)	Töflur
Amilín (Delta)	Töflur	Kódímal (Delta)	Töflur
Apurin (Gea)	Töflur	Korzem (Delta)	Töflur
Asýran (Delta)	Töflur	Korzem-R (Delta)	Forðatöflur
Atamir (Sandoz)	Hylki	Lanoxin (Wellcome)	Töflur
Atenolol (Gerard)	Töflur	Lanoxin (Wellcome)	Mixtúra
Atenólól (Delta)	Töflur	Lanoxin-PG (Wellcome)	Töflur
Baklofen (Gerard)	Töflur	Lobac (Sterling Winthrop)	Töflur
Beconase (Glaxo)	Nefúði	Mesasal (SmithKline Beecham)	EÞ-stílar
Beconase Aqua (Glaxo)	Nefúði	Mesasal (SmithKline Beecham)	SH-töflur
Becotide (Glaxo)	Innúðalyf	Metýldópa (Delta)	Töflur
Betasel (Delta)	Töflur	Míansín (Lyfjaverslun ríkisins)	Töflur
Betnovat (Glaxo)	Áburður	Mildison (Brocades Pharma)	Krem
Betnovat (Glaxo)	Smyrsli	Múkal (Delta)	Töflur
Betnovat (Glaxo)	Krem	Naproxen (Gerard)	Töflur
Cardizem Retard (Novo Nord)	Forðatöflur	Naproxen (Delta)	Töflur
Cartól (Delta)	Töflur	Naproxen (Lyfjaverslun ríkisins)	Töflur
Címetidín (Delta)	Töflur	Naproxen (Lyfjaverslun ríkisins)	EÞ-stílar
Clomid (Merrell)	Töflur	Narox (Delta)	EÞ-stílar
Combizym (Luitpold)	Töflur	Nebacetin (Lundbeck)	Smyrsli
Confortid (Dumex)	EÞ-stílar	Neurotol Slow (Farmos)	Forðatöflur
Daren (Delta)	Töflur	Nifedipin (Generics)	Hylki
Decreten (Dumex)	Töflur	Nitradisc (Searle)	Forðaplástur
Depsín (Delta)	Töflur	Nuelin Redtard (Riker)	Forðatöflur
Dienoestrol (Cilag)	SK-stílar	Parzan (Delta)	Töflur
Diflonid (Dumex)	Töflur	Pergotime (Serono)	Töflur
Dílangín (Delta)	Töflur	Própranólól (Delta)	Töflur
Dolyl (Lyfjaverslun ríkisins)	Töflur	Renitec (MSD)	Töflur
Donobid (MSD)	Töflur	Salbutamol (Generics)	Innúðalyf
Dopamet (Dumex)	Töflur	Seloken (Hässle)	Töflur
Elyzol (Dumex)	SK-stílar	Slow-K (Ciba-Geigy)	Forðatöflur
Entrydil (Orion)	Töflur	Sorbitrate (Stuart Pharm.)	Töflur
Furix (Benzon)	Töflur	Sorbitrate SA (ICI)	Forðatöflur
Gastran (Delta)	Töflur	Sparkal (Gea)	Töflur
Halóperídól (Lyfjaverslun ríkisins)	Töflur	Sparkal Mite (Gea)	Töflur
Hýdrókortisón (Delta)	Krem	Spasmerín (Delta)	Töflur
Hýdrókortisón (Delta)	Smyrsli	Spirix (Benzon)	Töflur
Hýdrókortisón AKV. (Delta)	Krem	Tagamet (SmithKline Beecham)	Töflur
Íbúfen (Lyfjaverslun ríkisins)	Töflur	Teoret (Lyfjaverslun ríkisins)	Forðatöflur
Ibuprofen (Par Pharmaceuticals)	Töflur	Theo-Dur (Draco)	Forðatöflur
Inderal (ICI)	Töflur	Theo-Dur (Draco)	Forðakyrni
Inderal LA (ICI)	Forðahylki	Transiderm-Nitro (Ciba-Geigy)	Forðaplástur
Indocid (MSD)	EÞ-stílar	Trimonil Retard (Rhone Poulen.)	Forðatöflur
Indometacin (Gerard)	Hylki	Truxal (Lundbeck)	Töflur
Indómetasín (Delta)	EÞ-stílar	Verapamil (Gerard)	Töflur
Indomethacin (Par Pharmaceutic.)	Hylki	Voltaren (Ciba-Geigy)	SH-töflur
Isordil (Wyeth-Ayerst)	Töflur	Voltaren (Ciba-Geigy)	EÞ-stílar
Isordil (Wyeth-Ayerst)	Tungurótartöflur	Vóstar (Delta)	SH-töflur
Isordil Tembid (Wyeth-Ayerst)	Forðahylki	Vóstar (Delta)	EÞ-stílar
Kaleorid (Leo)	Forðatöflur		

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út skv. 3. tl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 300/1991, 7. júní 1991, um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði, sbr. lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður fylgiskjal, skv. augl. nr. 5/1992, 1. janúar 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. apríl 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Einar Magnússon.

8. apríl 1992 Nr. 125

REGLUGERÐ

um greiðslur verðmiðlunargjalda til mjólkurbúa árið 1991.

1. gr.

Tekjum af verðmiðlunargjaldi mjólkur skv. 19. gr. laga nr. 46/1985 skal varið til eftirfarandi viðfangsefna:

a. verðmiðlunar á milli afurðastöðva til að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöð í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna.
b. að koma á hentugri verkaskiptingu milli afurðastöðva.
c. að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma vörum sínum á markað.
d. að greiða nauðsynlegan flutning á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum.

2. gr.

Verðmiðlunargjald til þeirra verkefna sem um getur í 1. gr. skal miðast við það gjald sem innheimt er af framleiðslu mjólkur skv. ákvörðun landbúnaðarráðherra á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. desember 1991.

3. gr.

Verðmiðlunin skal ná til eftirtalinna mjólkurbúa:

M.s. í Reykjavík
M.s. í Borgarnesi
M.s. í Búðardal
M.s. á Patreksfirði
M.s. á Ísafirði
M.s. á Hvammstanga
M.s. á Blönduósi
M.s. á Sauðárkróki
M.s. á Akureyri
M.s. á Húsavík
M.s. á Vopnafirði
M.s. á Egilsstöðum
M.s. í Neskaupstað
M.s. á Höfn í Hornafirði
Mjólkurbú Flóamanna

Við ákvörðun á verðmiðlunarþörf innan 1. sölusvæðis skal rekstur allra mjólkurbúa á því svæði reiknaður sameiginlega.

4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út verðmiðlunargreiðslur til mjólkurbúa skv. ákvæðum þessarar reglugerðar. Við ákvörðun á greiðslum úr verðmiðlunarsjóði skal leggja til grundvallar ársreikning viðkomandi mjólkurbús og skal vera staðfest með áritun af löggiltum endurskoðanda að hann sé gerður samkvæmt lögum og almennri reikningsskilavenju. Ársreikningur skal geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjármagnsstreymi eða sjóðs-

streymi og skýringar. Framleiðsluráð landbúnaðarins getur krafist enn frekari sundurliðana og skýringa af hálfu viðkomandi mjólkurbús áður en því er ákveðinn réttur til framlags úr verðmiðlunarsjóði.

Með ársreikningi skal fylgja:

a. Sundurliðanir á samsettum liðum.
b. Fyrninga- og endurmatsskýrsla.
c. Rekstraruppgjör flutninga mjólkur að vinnslustöð.
d. Yfirlit yfir öll langtímalán er sýni stöðu þeirra í upphafi árs, lántökur, afborganir, verðbætur/gengismun, stöðuna í árslok, gjaldfallna vexti, gjaldfallnar afborganir og afborganir á næsta ári.
e. Greinargerð um vaxtaútreikning milli mjólkurbús og rekstraraðila/mjólkurbús og vegna stofnsjóðs og varasjóðs.
f. Skýrsla um fjárfestingar og viðhald. Sé um umtalsverðar fjárfestingar eða viðhald að ræða skal viðkomandi mjólkurbú láta fylgja staðfesta heimild til framkvæmdanna, sbr. samning Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði á grundvelli 48. gr. laga nr. 46/1985.
g. Yfirlit um myndun grundvallarverðs.
h. Yfirlit yfir magn hrámjólkur sem fer um vinnslustöðina þ.e. innvegið magn +/– aðkeypt/seld hrámjólk.
i. Skýrsla um nýtingu innveginnar mjólkur (fita, undanrenna o.fl.).
j. Greinargerð um hlutdeild í sameiginlegum kostnaði sbr. ákvæði 7. gr.

5. gr.

Við ákvörðun á verðmiðlunarþörf hvers mjólkurbús skulu, auk þess sem um getur í 8. gr., neðangreindir liðir teljast til kostnaðar með eftirfarandi hætti:

1. Af reiknuðum vöxtum af varasjóði mjólkursamlaganna og öðru eigin fé 40%.
2. Af tillögum í varasjóð og aðra eiginfjársjóði 40%.
3. Rýrnun vegna slæmrar nýtingar á innveginni mjólk sbr. 6. gr skal ekki telja með sem kostnað.
4. Verðfellingar eða afslætti frá skráðu heildsöluverði vegna gæðaaffalla skal ekki telja með sem kostnað.

6. gr.

Tekjuskerðing sem hefur orðið vegna slæmrar nýtingar á innveginni mjólk skiptist þannig milli vinnslustöðvar og verðmiðlunarsjóðs við ákvörðun verðmiðlunargjalda:

	Vinnslustöð	Verðmiðl.-sjóður
a. Fiturýrnun	100%	
b. Undanrennurýrnun	50%	50%
c. Nýmjólkurrýrnun	100%	

Hvert mjólkurbú skal skila greinargerð um nýtingu og rýrnun með ársuppgjöri. Heimilt er að veita M.s. Patreksfirði undanþágu frá ákvæðum b-liðar.

7. gr.

Þar sem mjólkurbú er rekið í fjárhagslegum tengslum við annan atvinnurekstur, skal sá hluti sameiginlegs kostnaðar sem bókfærður er á rekstur mjólkurbúsins, grundvallast á sannanlegum kostnaði sem hinn aðilinn leggur til mjólkurbúsins og skal fylgja í gögnum um verðmiðlunarþörf sérstök greinargerð þar um.

8. gr.

Við endanlega ákvörðun verðmiðlunar til hvers mjólkurbús fyrir sig, skal draga frá reiknaðri þörf verðmiðlunar 60% meðalhagnaðar af rekstri þess er varð árin 1989 og 1990 og hann framreiknaður m.v. lánskjaravísitölu í lok hvers árs.

9. gr.

Nú verður reiknuð verðmiðlunarþörf meiri en heimilt er að ráðstafa til verðmiðlunar skv. 2. gr, og skal þá skerða rétt allra búa til verðmiðlunar í sama hlutfalli af reiknaðri verðmiðlunarþörf.

10. gr.

Greiðslum úr verðmiðlunarsjóði vegna rekstrarársins 1991, skal lokið eigi síðar en 31. ágúst 1992.

11. gr.

Ársreikning mjólkurbús ásamt fylgigögnum fyrir árið 1991 skal skila til Framleiðsluráðs landbúnaðarins eigi síðar en 30. apríl 1992. Ef reikningsskil mjólkurbús berst síðar, er ekki tryggt að viðkomandi aðili komi til álita við frekari úthlutun úr verðmiðlunarsjóði fyrir árið 1991.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. apríl 1992.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

3. apríl 1992 Nr. 126

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 122/1931, um einkasölu á tóbaki, með síðari breytingum.

1. gr.

Felld er úr gildi reglugerð um einkasölu á tóbaki nr. 122/1931 sbr. reglugerð nr. 115/1961 og reglugerð nr. 101/1965.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 63/1969 um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf til þess að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 3. apríl 1992.

Friðrik Sophusson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Réttarholt.

1. gr.

Stofnunin heitir Réttarholt.
Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur eru eftirtaldir einstaklingar í Reykjavík.

Nöfn:	Heimili:
Anna A. Axelsdóttir	Rauðalæk 40, R.
Anna Þórhallsdóttir	Vífilsgötu 17, R.
Arndís Sigr. Halldórsdóttir	Engjaseli 65, R.
Arnfríður Vilhjálmsdóttir	Hólmgarði 56, R.
Auður Matthíasdóttir	Dalalandi 5, R.
Ágúst F. Jósefsson	Haðalandi 19, R.
Ágústa Ahrens	Barmahlíð 19, R.
Árni Þ. Kristjánsson	Bjarmalandi 1, R.
Árný Valgerður Ingólfsdóttir	Hraunbæ 2, R.
Ásbjörn Björnsson	Grundargerði 20, R.
Ásfríður Gísladóttir	Ásgarði 107, R.
Ásgeir Ármannsson	Ásgarði 63, R.
Áslaug Gísladóttir	Háagerð 12, R.
Ásta Pétursdóttir	Amtmannsstíg 5, R.
Ásta Björg Ólafsdóttir	Huldulandi 5, R.
Berta G. Hall	Réttarholtsvegi 29, R.
Björg Jakobsdóttir	Byggðarenda 13, R.
Björn Ófeigsson	Brekkugerði 7, R.
Dagmar Gunnlaugsdóttir	Tunguvegi 34, R.
Daníel Bergmann	Langagerði 82, R.
Ebba G. B. Sigurðardóttir	Hlíðargerði 17, R.
Eggert Benónýsson	Ljósalandi 16, R.
Elín Ó. Þorvaldsdóttir	Haðalandi 19, R.
Erla Magnúsdóttir	Marklandi 12, R.
Erlendur Björnsson	Logalandi 12, R.
Eva M. Magnúsdóttir	Sogavegi 105, R.
Eygló S. Stefánsdóttir	Melgerði 10, R.
Fanney Oddsdóttir	Hlíðargerði 18, R.
Finnur Richter	Bústaðavegi 79, R.
Friðþjófur Pétursson	Huldulandi 1, R.
Grétar E. Ingvason	Hlíðargerði 13, R.
Guðbjörg Snót Jónsdóttir	Ásenda 14, R.
Guðbjörn Guðlaugsson	Bjarmalandi 5, R.
Guðbjörn Guðjónsson	Sogavegi 220, R.
Guðmundur Hansson	Hæðargarði 2, R.
Guðmundur Jónsson	Austurgerði 10, R.
Guðmundur Magnússon	Sogavegi 105, R.

Nöfn:	Heimili:
Guðrún Guðmundsdóttir	Melgerði 21, R.
Gunnar R. Gunnarsson	Litlagerði 8, R.
Gunnar Daníelsson	Hlíðargerði 18, R.
Gunnar M. Sandholt	Hólmgarði 50, R.
Gunnlaug Hannesdóttir	Hörðalandi 6, R.
Gyða Gunnarsdóttir	Snælandi 2, R.
Halldóra Kristjánsdóttir	Akurgerði 3, R.
Hallveig Björnsdóttir	Mosgerði 18, R.
Hanna Á. Ágústsdóttir	Melgerði 22, R.
Hannes Guðjónsson	Norðurbrún 1, R.
Haraldur Hannesson	Bakkagerði 2, R.
Helga Ívarsdóttir	Logalandi 12, R.
Helga Þorsteinsdóttir	Markarvegi 2, R.
Helga Pétursdóttir	Hólmgarði 32, R.
Helgi Þorláksson	Akurgerði 64, R.
Inga Ingólfsdóttir	Dalalandi 2, R.
Ingibjörg Rafnar	Brúnalandi 3, R.
Ingibjörg Kristjánsdóttir	Akurgerði 3, R.
Ingibjörg Björnsdóttir	Hólmgarði 4, R.
Jóhann Þórhallsdóttir	Langagerði 70, R.
Jóhanna Cortes	Snælandi 2, R.
Jón J. Ólafsson	Dalalandi 2, R.
Jón Sigurðsson	Byggðarenda 19, R.
Jón Sigurðsson	Garðsenda 3, R.
Jón Friðriksson	Ásgarði 73, R.
Jónmundur Ólafsson	Melgerði 7, R.
Karl Ormsson	Huldulandi 5, R.
Ketill Berg Björnsson	Langagerði 108, R.
Kristbjörg Jensen	Grundargerði 27, R.
Kristbjörg Þ. Bergmann	Langagerð 82, R.
Kristinn Ágúst Guðjónsson	Langagerði 28, R.
Kristinn Guðmundsson	Langagerði 74, R.
Kristín Fjóla Þorbergsdóttir	Hólmgarði 30, R.
Kristín G. H. Sveinbjörnsdóttir	Rauðagerði 57, R.
Lára Herbjörnsdóttir	Ásgarði 63, R.
Magnea Finnbogadóttir	Langagerði 50, R.
Magnús Þorvaldsson	Teigagerði 8, R.
Magnús Guðnason	Langagerði 100, R.
Magnús G. Jensson	Rauðagerði 57, R.
Olgeir Möller	Mosgerði 25, R.
Ottó A. Michelsen	Litlagerði 12, R.
Ólafía Pálsdóttir	Langagerði 74, R.
Ólafur Skúlason	Hlíðargerði 17, R.
Ólafur Jensen	Grundargerði 27, R.
Ólafur Benediktsson	Gautlandi 7, R.
Ólöf Sylveríusdóttir	Litlagerði 8, R.
Óskar Magnússon	Engjaseli 65, R.

Nöfn:	Heimili:
Pála E. Michelsen	Hátúni 10, R.
Páll Gíslason	Huldulandi 8, R.
Sigríður Axelsdóttir	Hæðargarði 2, R.
Sigríður Siggeirsdóttir	Teigagerði 8, R.
Sigurgeir Benediktsson	Hæðargarði 36, R.
Sigurjóna Jóhannsdóttir	Norðurbrún 1, R.
Soffía Smith	Tunguvegi 30, R.
Soffía Jónsdóttir	Huldulandi 1, R.
Steinunn Egilsdóttir	Kjalarlandi 15, R.
Svavar F. Kjærnested	Langholtsvegi 61, R.
Sveinn Guðmundsson	Sogavegi 190, R.
Viktoría Guðmundsdóttir	Hátúni 10, R.
Vilborg L. Dýrset	Hólmgarði 28, R.
Þorvaldur Steingrímsson	Snælandi 2, R.
Þorvaldur Í. Helgason	Ásgarði 107, R.
Þórður Jónsson	Hólmgarði 60, R.
Þórhallur Sveinsson	Melgerði 10, R.
Þórhallur Stefánsson	Akurgerði 48, R.

3. gr.

Markmið stofnunarinnar er:

1) Að auka félagslega og heilsufarslega velferð aldraðra.
2) Að samþætta mismunandi og mismikla heimaþjónustu fyrir aldraða.
3) Að beita sér fyrir bættri aðstöðu til að skipuleggja og sjá um heimaþjónustu.
4) Að styðja aldraða og heimili þeirra, til þess að þeir geti sem lengst búið á eigin heimilum.

Til þess að ofangreindum markmiðum verði náð skal stofnunin gangast fyrir byggingum og rekstri heimaþjónustumiðstöðvar, dagvistunar og íbúðarkjarna fyrir aldraða við Sogaveg í Reykjavík.

4. gr.

Eignir stofnunarinnar eru framlög stofnenda í peningum og stofnfjárloforðum, sem er stofnfé stofnunarinnar, samtals kr. 400 000 og ennfremur þær eignir sem stofnunin síðar kann að eignast fyrir framlög, gjafir og styrktarfé eða á annan hátt.

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar aðrar en vegna stofnfjárloforða samkvæmt framangreindu.

Stofnfé stofnunarinnar má ekki skerða.

5. gr

Ekki má selja eða láta af hendi stofnunina eða eignir hennar fastar eða lausar nema andvirðinu sé beinlínis varið í samræmi við tilgang hennar samkvæmt 3. gr. Eigi má heldur binda fé hennar eða eignir nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

6. gr.

Sjálfseignarstofnuninni stjórnar 15 manna fulltrúaráð kosið af stofnendum á stofnfundi. Falli fulltrúaráðsmaður frá eða hverfi úr ráðinu af öðrum ástæðum tilnefnir fulltrúaráðið fulltrúa í hans stað úr hópi stofnenda.

Fulltrúaráðið skal kvatt saman minnst tvisvar á ári.

7. gr.

Fulltrúaráð stofnunarinnar kýs úr sínum hópi 5 menn í stjórn stofnunarinnar og 3 til vara. Kjörtímabil stjórnarmanna er 4 ár. Kjósa skal formann sérstaklega en meðstjórnendur og varamenn saman. Formaður stjórnar er jafnframt formaður fulltrúaráðs og kveður það saman.

8. gr.

Stjórnin skiptir með sér störfum. Hún fer með fjármál og framkvæmdir og ræður starfsfólk. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra telji hún þess þörf. Framkvæmdastjóri skal annast daglegan rekstur stofnunarinnar.

Stjórnin getur skipað nefndir (s.s. byggingarnefnd) til að vinna að sérstökum verkefnum. Stjórn stofnunarinnar ber ábyrgð á störfum nefnda sem hún skipar.

Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum stjórnar. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns.

Stjórn stofnunarinnar gefur fulltrúaráði skýrslu um hag stofnunarinnar og rekstur á liðnu starfsári.

Stjórnin skal sjá um að gerður sé reikningur yfir rekstur og efnahag stofnunarinnar. Reikningsárið skal vera almanaksárið. Reikningurinn skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda sem stjórnin ræður til starfans. Jafnframt kýs stjórnin tvo endurskoðendur og tvo til vara úr hópi stofnenda til tveggja ára.

Stjórnin skal leggja árlega fjárhagsáætlun og endurskoðaðan ársreikning fyrir fulltrúaráð stofnunarinnar til staðfestingar og samþykktar. Ársreikninginn skal birta í opinberu blaði.

9. gr.

Peningar þeir, sem stofnunin kann að eiga eða eignast, skulu jafnóðum ávaxtaðir í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Verði einhver dráttur á framkvæmdum skal verðtryggja sjóði stofnunarinnar eftir því sem unnt er.

10. gr.

Íbúðir byggðar á vegum stofnunarinnar skulu vera sjálfseignaríbúðir. Hlutgengir eigendur/notendur eru aldraðir 60 ára eða eldri.

Í afsali til kaupenda skal tekið fram, að eignin sé bundin kvöðum um ráðsatöfun og sölu.

11. gr.

Ákvörðun um að hætta rekstri stofnunarinnar svo og ákvarðanir skv. 5. gr. skal samþykkt af ⅔ hluta allra fulltrúaráðsmanna.

Verði rekstri hætt skulu allar eignir stofnunarinnar renna til Reykjavíkurborgar til styrktar bættri þjónustu við aldraða í Reykjavík.

12. gr.

Skipulagsskrá þessari er ekki hægt að breyta nema ⅔ allra fulltrúaráðsmanna samþykki. Breytingar skulu ennfremur samþykktar af dómsmálaráðuneytinu.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. kýs stofnfundur fyrstu stjórn sjálfseignarstofnunarinnar til fjögurra ára. Stjórnarmenn eru sjálfkjörnir í fulltrúaráð stofnunarinnar.

Skipulagsskrá þessi er samkvæmt samþykkt á stofnfundi 10. maí 1988 ásamt síðari breytingum.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dómsmálaráðuneytið, 30. mars 1992.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 128 6. apríl 1992

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Ísafjörð árið 1992.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1992, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A. Íbúðir.

Sorphirðugjald kr. 5 000,00 á íbúð.

B. Fyrirtæki og stofnanir.

Sorðeyðingargjald miðast við fasteignamat:

Fasteignamat undir 5 millj. kr.	kr. 2 000,00
Fasteignamat á milli 5 millj. og 10 millj. kr.	kr. 7 000,00
Fasteignamat 10 millj. kr. eða meira	kr. 12 000,00

Ef óskað er eftir að húsasorp verði hreinsað skal greiða kr. 3 000,00 fyrir hvert ílát.

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðar er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

Umhverfisráðuneytið, 6. apríl 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

Dvalarheimili aldraðra sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði, skammstafað D.A.S., er heimilt að reka happdrætti um bifreiðir, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

2. gr.

Stjórn fulltrúaráðs sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði fer með yfirstjórn happdrættisins og hefur á hendi reikningshald þess eða felur það framkvæmdastjóra. Hún skal færa ákvarðanir, er happdrættið varða, í gerðabók sína. Stjórn fulltrúaráðs sjómannadagsins ræður framkvæmdastjóra happdrættisins.

3. gr.

Reikningsár happdrættisins er frá 1. maí til 30. apríl. Dómsmálaráðuneytið skipar tvo endurskoðendur reikninganna. Þóknun til þeirra greiðist af fé happdrættisins.

4. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og einn til vara og ákveður formann þess. Dómsmálaráðuneytið ákveður þóknun happdrættisráðsmanna, er greiðist af fé happdrættisins. Happdrættisráð skal hafa aðgang að bókum og skjölum happdrættisins, og skal því veitt sú vitneskja um starfsemina sem það óskar. Það skal tafarlaust tilkynna dómsmálaráðuneytinu, ef það telur ákvæði laga nr. 16 frá 13. apríl 1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, eða reglugerða settra samkvæmt þeim brotin. Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um drætti, svo sem síðar segir.

5. gr.

Happdrættið gefur árlega út 80.000 – áttatíu þúsund – hlutamiða. Hver hlutamiði gildir fyrir tvær raðir vinninga, flokkaröð og sjóðsröð, sem auðkennd er í vinningaskrá sem DAS 80%. Hver hlutamiði ber áprentað númer frá 1–80.000, flokksnúmer frá 1–12, sjóðsraðarauðkenni, spilamerki sem eru hjarta, spaði, tígull eða lauf, verð miðans og skiptingu þess milli hvorrar raðar, síðasta söludag, dráttardag hvorrar raðar og innlausnarfrest vinninga.

Á miðann skal prenta eiginhandarundirskrift framkvæmdastjóra happdrættisins og á honum skal vera undirskrift og eiginhandarstimpill söluumboðsmanns.

Við útdrátt vinninga í flokkaröð sem fram fer mánaðarlega gilda hlutamiðanúmer en við útdrátt vinninga í sjóðsröð sem fram fer í ágúst, desember og apríl gilda auk hlutamiðanúmersins þau sérstöku spilamerki sem prentuð eru á miðann, það er hjarta, spaði, tígull og lauf. Gilda þau þannig:

1. 5. og 9. flokkur, miði ber auðkennið hjarta.
2. 6. og 10. flokkur, miði ber auðkennið spaði.
3. 7. og 11. flokkur, miði ber auðkennið tígull.
4. 8. og 12. flokkur, miði ber einkennið lauf.

Útdráttur vinninga skal fara fram sérstaklega fyrir hvora röð vinninga. Við útdrátt í flokkaröð skal draga úr öllum útgefnum númerum, 1–80.000, en við útdrátt vinninga í sjóðsröð, DAS 80%, skal einungis dregið úr þeim númerum sem seld eru í hverjum viðkomandi undanfarandi fjögurra flokka og skal fyrir útdrátt liggja fyrir skrá um þau númer sem seld eru í hverjum flokki, staðfest af yfirmanni happdrættisins. Skulu söluaðilar hafa skilað skrá yfir selda miða tímanlega áður en útdráttur fer fram.

6. gr.

Vinningar í happdrættinu skiptast á milli tveggja raða, sbr. 5. gr., flokkaraðar og sjóðsraðar, nefnd DAS 80%.

004 *áfangaskoðun (examinatio periodicalis)*
Skráður sjúklingur (sbr. 003) kemur í boðaða skoðun. Við áfangaskoðun er fylgst með framvindu tannheilsu sjúklings og meðferð endurskoðuð, ef þörf er á. Áfangaskoðun er verðlögð samkvæmt tímaeiningunni 004 og felur hún í sér gjaldliði, sem verðlagðir eru á gjaldskrá skv. tímaeiningu (sbr. tannhreinsun, slípingar o.s.frv.). Eru þeir ekki aðskildir á greiðslukvittun heldur er samanlagður mínútutími þeirra, heildartími heimsóknarinnar, skráður á kvittunina undir tímaeiningu 004. Hins vegar halda gjaldliðir verðlagðir samkvæmt afkastaeiningu, eins og t.a.m. röntgenmynd, gildi sínu og eru skráðir sem slíkir á greiðslukvittun. Við áfangaskoðun vegna fortannlækninga verður liðnum ekki beitt oftar en tvisvar á ári, sbr. þó lið 117.

005 *lyfseðill, vottorð, tilvísun*
Lyfseðill/símalyfseðill, einn eða fleiri við sama gjaldi; vottorð v/vinnutaps o.s.frv.; tilvísun á tannlækni, lækni/læknisfræðilegan aðila. Ekki tekið gjald fyrir 005 við venjulega aðgerðarheimsókn (tannfyllingu, skurðaðgerð o.s.frv.).

006 *læknisvottorð, umsókn (stöðluð eyðublöð)*
Margþátta umsóknir eða læknisvottorð vegna tryggðra sjúklinga m.a. til Tryggingastofnunar ríkisins eða heilbrigðis- og félagsmálaaðila.

007 *áætlunargerð/álitsgerð*
Meðferðar- og/eða kostnaðaráætlun / mat / greinargerð eða álitsgerð unnin samkvæmt tímaeiningu, en sé um viðamikinn texta að ræða (umfram 3xT) skal semja við Tryggingastofunina um þóknun.

010–024 röntgenmyndataka (röntgenographia)/ljósmyndataka

Almennt:

Greining innifalin nema annað sé tekið fram.
Gjaldskrá heimilar eina upphafsmynd (010) tekna á meðferðartímabili, sem spannar aðgerðir 310–322. Aðrar myndir sem kunna að verða teknar skulu verðlagðar eftir gjaldlið 011.

010 *upphafsmynd*
Upphafsmynd tekin á smáfilmu (periapical film, bitewing).

011 *viðbótarmynd í heimsókn*
Viðbótarmynd tekin á smáfilmu í sömu heimsókn og 010.

012 *vængjaröntgen (bitewing)*
Annarrar eða beggja hliða myndataka af tannbogum. Algengur aðgerðarliður við greiningu (á tannátu) og skoðun. Fortannlækningar: sjá 108.

013 *heildarröntgen (intraoral status) á fullvöxnum*
Varið er til tökunnar ≥ 12 smáfilmum (periapical/bitewing). Mynduð er við statustöku tennt sem tannlaust svæði.

014 *heildarröntgen (intraoral status) á barni*
Varið er til tökunnar ≥ 5 smáfilmum (periapical/bitewing).

015 *bitfilma (occlusalmynd)*
Stórfilma notuð innan munns við myndatöku á tannbogum og næsta umhverfi.

016 *kjálkaliðsmynd (transpharyngeal)*
Annarrar eða beggja hliða röntgentaka af kjálkaliðum. Kassettufilma.

017–018 *andlitsröntgen*
Myndatökur sem framkvæmdar eru að staðaldri við greiningu við skurðaðgerðir; við bitlækningar. Kassettufilmur. Fortannlækningar: sjá 109.

020, 021 *tekið eftir frummyndum (duplicering)*
Gjaldliðirnir vísa til eftirtöku á röntgenmyndum, sem skráðir eru undir gjaldnúmerunum 010–012 og 015–020.

022–123 *teknar tvímyndir (two-film tecknics)*
Tveggja filmu umslag er notað við töku tvímyndar og fengin tvö filmueintök af sama myndsviði. Gjaldliðirnir vísa til töku tvímynda af röntgenmyndum, sem skráðar eru undir gjaldnúmerum 010–012 og 015–020. Við töku tvímyndar er skráð gjaldnúmer hlutaðeigandi röntgenmyndar og gjaldnúmer þess viðbótargjalds (023/024) sem við á hverju sinni.

024 *ljósmyndun (photographia)*
Ljósmynd er sjúkragagn, sem notað er við að greina og/eða skjalfesta vanskaptan mjúkan og harðan tannvef, fyrir, eftir eða á hinum ýmsu stigum meðferðar.

025–026 *bitgreining við afsteypur (model)*
Gjaldliðir innifaldir í smíði tanngerva í 6., 7. og 8. flokki sem klínískir verkþættir. Séu þeir þar liðir í undirbúningi að meðferð, sem ekki verður af, taka þeir gildi.

025 Tekið mát fyrir gifsafsteypu (vinnumodel (studíumodel)).

026 Bit greint og skráð af lausum eða samtilltum afsteypum (í bithermi). Max. 2xT.

030–040 *deyfingar (anaesthesis intraoralis et extraoralis)*
Deyfing er innifalin í þeim tannaðgerðum, sem að staðaldri er deyft við eins og t.a.m. aðgerðum á tannvegi og kjálkum. Deyfing verðlögð eftir því hvort ísíað er eða leiðsludeyft. (Extraoral deyfing felur í sér sömu eða svipuð deyfisvæði og intraoral deyfing, nema deyfingu á kjálkalið).

030 *yfirborðsdeyfing (topical deyfing)*
Úðað/smurt kremi (pasta) á svæði, sem stungudeyfa skal. Gjald fast á heimsókn; gildir einu hvort um eitt eða fleiri deyfisvæði er að ræða.

031 *staðdeyfing (local)*
Húðflötur/gómstæði einnar til þriggja tanna ísíað (infiltration).

032 *svæðisdeyfing (regional).*
Tennt sem tannlaust svæði stofntaugar ísíað (infiltration) og/eða leiðsludeyft (block). Ekki tekið sérstaklega fyrir, þegar deyfð eru svæðamörk.

035 *glaðloft (nitrous-oxide sedation)*
Mest 3xT í sömu heimsókn.

040 *fortölur (psychogen suggestion)*
Aðlögunarmeðferð verðlögð mest 2xT í sömu heimsókn; mest 4xT á meðferðartímabili og er þá miðað við, að meðferðartímabil séu tvö árlega. Fortölur gildi fyrir börn allt að 12 ára. Fyrir einstaklinga sem þurfa á frekari hjálp að halda, skal sækja um til tryggingatannlæknis.

050–054 *rannsóknir*
050 smitstroka tekin á stofu og send til rannsóknar. Sjúklingur greiði tannlækni kostnað vegna töku. (Flutningur og rannsókn verðlögð aukreitis).

051 munnvatnsprufa tekin á stofu og ýmist greind þar eða send í rannsókn (sbr. 050).

052 vefjasýni (biopsi) tekið úr yfirborði mjúkvefs. Sjálfstæð aðgerð.

053 vefjasýni tekið grunnt úr beini. Sjálfstæð aðgerð.

054 vefjasýni tekið samfara aðgerð, verðlagt samkvæmt tímaeiningu.

055 *eftirmeðferð*
Sjúklingur leitar læknis eftir meðferð; viðbragð sjúklings við meðferðinni óvænt (hliðarverkun) og utan almennra verkþátta aðgerðarinnar eins og hún er skráð í gjaldskrá og skilgreind akademiskt.

060 *sjúklings vitjað utan stofu*
Sjúklings, sem ekki er rólfær, vitjað heima eða á stofnun. Verðlagt eftir tímaeiningu.

061 *bráðaútkall*
Útkall til að sinna sjúklingi, sem þarf á hjálp að halda vegna slyss eða viðlíka aðstæðna. Verðlagt eftir tímaeiningu.

1. flokkur: Fortannlækningar (therapia preventiva)

Almennt:
Tannhreinsun innifalin í gjaldliðum 110–111, 115–116 og 125.
Gjaldliðir 110 og 111 notist eigi oftar en tvisvar á ári, sbr. þó liði 118 og 119.

101–102 tannfræðsla (motivatio et instructio)

101 bein fræðsla (dir. motiv.):
Sjúklingurinn er fræddur um ástand tyggingafæra sinna með hjálp röntgenmynda, afsteypna o.s.frv. Rætt við sjúklinginn um þá kosti, sem standa honum til boða varðandi meðferð og viðhald tanna hans. Sjúklingnum leiðbeint (instruction) um val og notkun á tannhreinsitækjum (tannbursta, tannþjöl (þrístrendum tannstöngli), tannþræði). Hámarkstími 4xT á tímabilinu.

102 óbein fræðsla (indir. motiv.):
Almenn fræðsla í tali, texta, myndum og öðrum tiltækum hjálpargögnum um fortannlækningar (prolhylaxis: tannhreinsun, flúrnotkun, mataræði, skorufyllur); um eðli tannsjúkdóma og meðferð við þeim. Óbein fræðsla verður ekki seld á tannlæknastofu nema tannlæknir eða aðstoðarmaður hans sé viðstaddur fræðslustundina. Efnisval og flokkun fræðslunnar verður miðuð við aldur og þroska sjúklings enda útgefið af viðurkenndum fræðsluaðilum á sviði tannlækninga og samþykkt af samstarfsnefnd TR og TFÍ.

104 *tannhreinsun (depuratio supragingivalis)*
Sýklaðar tennur hreinsaðar (sýklulitun innifalin) og/eða tannsteinn skafinn (scaling); tennur pússaðar. Í senn fyrirbyggjandi meðferð og upphaf á meðferð við tannátu og/eða tannvegsbólgum (gingivitis-periodontitis).

105 *tannhreinsun og slípaðar gamlar fyllingar*
105 tennur hreinsaðar, pússaðar og/eða gamlar fyllingar slípaðar og fægðar.

108 *röntgen, bitewing í forvarnarskyni*
Annarrar eða beggja hliða myndataka af tannbogum í forvarnarskyni.

109 *röntgen, orthopantomogram, í forvarnarskyni*
Kjálkasneiðmynd. Yfirlitsmynd yfir stöðu og fjölda tanna/tannkím greind o.s.frv.

110–111 *flúrverndun tanna (fluorprophylaxis)*
110 flúrlökkun
Við flúrlökkun skal farið eftir leiðbeiningum framleiðanda þess lakks sem notað er. (Lakkið skal viðurkennt af N.I.O.M. og A.T.A.). Eftirfarandi verkþættir eru fólgnir í flúrlökkun tanna:
1) Tennur hreinsaðar og pússaðar, tannhliðar (interproximal tannveggir) með tannþræði/tannþjöl.
2) Tennur þurrkaðar, einn sjöttungur (segment) í senn.
3) Lakkað eftir leiðbeiningum framleiðanda (tannhliðar með blæstri/tannþræði/tannþjöl).
4) Sjúklingi leiðbeint um hvenær óhætt sé að eta eða bursta tennur eftir lökkun.

111 flúrpenslun
Meðferð hliðstæð gjaldlið 110 nema hvað flúrefnið er annað og meðferð í samræmi við það.

115–116 *tyggiskorum lokað (fissure sealing)*
Gjaldliðurinn varðar meðferð á tyggiskorum (barnatanna) fullorðinsjaxla og bakpitt (foramen coecum) framtanna allt að tveimur árum frá uppkomu. Tvær eða fleiri fyllur í sama skorukerfi telst ein fylla (sbr. skorukerfi „Almennt" tannfyllingar). Eftirfarandi verkþættir eru fólgnir í að loka tyggiskorum með plastfyllum:
1) Skoran hreinsuð og pússuð.
2) Skoran þurrkuð og ætt.
3) Sýran fjarlægð.
4) Skoran þurrkuð og fyllan lögð.
5) Fyllu og umhverfi haldið þurru meðan harðnar.
6) Stærð og þéttleiki fyllu kannaður og fyllan endurnýjuð hafi hún misheppnast.

117 *Eftirlit vegna fortannlækninga fyrir sjúklinga í áhættuhópi sem kalla þarf inn til eftirlits oftar en á sex mánaða fresti*
Eftirlit vegna sjúklinga, sem tilheyra áhættuhópi og kalla þarf inn til eftirlits oftar en á sex mánaða fresti. Undir þennan lið færist eftirlit umfram x 2 á ári.

118–119 *flúrverndun tanna (fluorprophylaxis) vegna áhættusjúklinga*
Gildir um sjúklinga, sem tilheyra áhættuhópi og kalla þarf til flúrmeðferðar oftar en á sex mánaða fresti. Flúrmeðferð umfram tvö skipti á ári skal merkja öðrum hvorum þessara liða eftir því sem við á. Sjá að öðru leyti taxtaskýringar við 110–111.

120 *kvikuprófun (pulpatest)*
Ekki tekið sérstaklega fyrir kvikuprófun á tönn í meðferð. Kvikuprófun er sjálfstæður gjaldliður, þegar umfangsmikil könnun fer fram á taugaboðum. Sé stuðst við deyfilyf er verðlagt skv. gjaldliðum í deyfingu (030–032), en gjaldskrárnúmerið 120 þá jafnhliða skráð óvirkt (kr. 0) til að upplýsa hver tilgangurinn sé með deyfingu.

125 *meðferð við sárum tannhálsum (applicatio desensibilisationis)*
Flúrmeðferð (upplausn/pasti). Flúr (fluor) og skyld efni notuð við kulvísum sárum eða viðkvæmum („hypersensitivum") tannhálsum, sem upp koma í kjölfar aðgerðar eða af öðrum þekktum sem óþekktum orsökum.

2. flokkur: Tannfylling (restorationes dentium)

Almennt:
Skorukerfi (fissure's system).
Fylling telst vera einflata fylling enda þótt hún gangi af einum tannfleti yfir á annan, t.a.m. af tyggingafleti yfir á kinnarflöt, sitji hún í sama skorukerfi. Sé silfrinu þjappað í „matrissu", telst fyllingin ekki einflata.

Bráðabirgðafrágangur.
Frágangur á tönn til bráðabirgða milli heimsókna er ekki verðlagður sérstaklega heldur skoðast sem verkþáttur þeirrar aðgerðar, sem unnið er að hverju sinni og verðlögð er skv. gjaldnúmeri sínu.

201–206 *ljóshertar fyllingar (composite resin)*
Aðgerðarliðir ná yfir fyllingar í framtönnum, augntönnum, barna- og fullorðinstanna. Fyllingar flokkaðar eftir stærð. Gjaldliðir fela í sér tannskurð, botnlag, sýruætingu á glerungi, ísetningu og ljósherslu og frágang (slípingu/pússning).
205–206 Sama aðgerð og skilgreind er í 201–204 en takmarkast við I.cl. og V.cl. í forjöxlum og V.cl. í jöxlum.

210–215 *glerjónafyllingar (glassionomer cement)*
Gjaldliðir fela í sér tannskurð, botnlag, ísetningu og frágang (slípingu/pússningu) glerjónafyllinga eftir viðurkenndum aðferðum. 211, 213, 215 viðbótarfylling nær yfir viðbótarfyllingu úr sömu flokkum og samsvarandi fylling í flokkum 210, 212 og 214; settar í sömu heimsókn.

220–226 *önnur fyllingaefni (tannlituð)*
Deildin tekur til þeirra fyllingaefna sem viðurkennd eru af N.I.O.M. og A.D.A. og samþykkt af samstarfsnefnd TR og T.F.Í. Verkþættir gjaldliða sbr. 201–215.

230–235 *amalgamfyllingar*
Gjaldliðir ná til framtanna, augntanna, forjaxla og fremmri barnajaxla;
231 og 237, viðbótarfyllingar, eiga við fyllingar af gerð 230 og 236 sem sett(ar) eru í sömu heimsókn. Gjaldliður felur í sér tannskurð, botnlag, ísetningu og mótun.

236–241 *amalgamfyllingar*
Aðgerðarliðir ná til fullorðingsjaxla og aftari barnajaxla; 237 viðbótarfylling á við 236. Verkþættir gjaldliða sbr. 230–235.

245 *bráðabirgðafylling*
Bráðabirgðafylling telst sjálfstæður gjaldliður ljúki læknir ekki aðgerð heldur starfsbróðir hans (sbr. bráðahjálp).

250 *tannspelkun*
Tilgerðri eða staðlaðri spelku komið fyrir. Notuð þegar halda þarf opnu skarði eftir brottfall (barna)tannar.

Ýmislegt.

256 *tannbeinsstifti*
Stifti fest í tannbein utan tannhols. Viðbótarstifti (256) í sömu heimsókn. Sett til styrktar og festuauka vegna plastiskrar fyllingar.

257 *rótarstifti*
Stifti fest í rótargang á rótfylltri tönn til að auka festu plastiskrar fyllingar.

258 *stöðluð stálkróna*
Gjaldliðurinn felur í sér, að tannkrónan er tilskorin og/eða uppbyggð (innifalið minni háttar Ag-, plast- eða sement-fylling); stálkrónan felld að, fest og bitstillt.

259 *stöðluð plastkróna*
Sama og 258 utan þess að hér er krónan úr plasti en ekki stáli.

260 *gúmmídúkur settur.*
Dúkuð ein eða fleiri tennur í sama sjöttungi eða samliggjandi röð 5–6 tanna.

262 *aukabotnlag*
Innifalið í verði allra venjulegra fyllinga er einfalt botnlag. Aðgerðarliðurinn aukabotnlag er notaður ef þörf er á sérstakri einangrun til viðbótar einföldu botnlagi.

3. flokkur: Tannholsaðgerðir (endodontia)

Almennt:
Frágangur (bráðabirgðafylling) innifalin; varðveita skal röntgenmynd(ir) við upphaf rótaraðgerða og kontrolmyndir. Heimiluð er ein upphafsmynd(010) á meðferðartímabili 310–322.

301 *kvikuköppun (pulpaoverkapping)*
Strípuð kvika þakin með kvikupasta (Ca(OH)2) og gengið frá með bráðabirgðafyllingu.

305–306 *krónukvika fjarlægð (pulpotomia)*
305, eftir að krónukvika hefur verið fjarlægð er kvikupasti lagður á kvikusárið (vital amputation) og gengið frá með bráðabirgðafyllingu.

306, formokresol-meðferð. Einþrepa: hnoðri vættur í formokresolvökva er borinn að kvikusárinu og það fellt („fixerað") og gengið frá með bráðabirgðafyllingu. Tvíþrepa: Bómullarhnoðrinn látinn liggja á sárinu til næstu heimsóknar og tönnin þá fyllt. Gjald óbreytt fyrir ein- og tvíþrepa meðferð.

310–312 *tannkvika fjarlægð (pulpectomia)*
Meðferð er fólgin í að fjarlægja tannkviku, víkka út og sótthreinsa tannholið. Aðgerðarliðir eru tveir og gerast í einni eða fleiri heimsóknum:

310–319 fyrsta úthreinsun (extirpation): Tönnin er vital/nonvital. Sýkt sem ósýkt tannkvika fjarlægð. Tannholið sótthreinsað og eftir atvikum gengið frá með sótthreinsunarinnleggi (paperpoint o.s.frv.) og bráðabirgðafyllingu.

315–318 útvíkkun/skipt á tönn: Útvíkkun beint framhald á fyrstu hreinsun. Undir gjaldliðinn fellur einnig „skipt á tönn" (samfara því er sýklasýni einatt tekið (350)). Tönnin undirbúin fyrir rótfyllingu.

319 *gömul rótfylling fjarlægð*
Verðlagt er eftir tímaeiningu.

320–322 *rótfylling*
Fyllingaefni puðrað (Ca(OH)2 o.fl), þjappað (guttapercha) eða fest (silfurstifti) í rótargang; lokað með bráðabirgðafyllingu. Tala rótfylltra ganga miðast við einstaka tönn, dæmi: Tvær einróta tennur fylltar flokkast undir gjaldnúmer 320 x 2.

325–327 *úthreinsun, útvíkkun og rótfylling*
Meðferð á vitaltönn. Meðferðin gerist í einni heimsókn sjúklings: taug fjarlægð, útvíkkað, rótfyllt.

330 *kvikudreppasti lagður á tannkviku (devitalisatio pulpae dentis)*
Dreppasti lagður á kviku tannar, sem síðar skal rótfylla.

350 *sýklasýni úr rótargangi*
Taka sýklasýnis við rótarmeðferð á sýktri tannkviku. Hámark 1xT.

355 *lýsing á upplitaðri tönn*
Kvikuholið hreinsað og baðað upp úr H2O2 eða viðlíka efnum og tannholið síðan geislað til að flýta fyrir verkan upplausnarinnar; litarefni eytt og tönnin bleikt.

4. flokkur: Tannvegslækningar (periodontia)

Almennt:
Deyfing, saumur og umbúðir innifaldar nema í 400, 455.
Aðgerðasvæði skilgreind:
Sjöttungsaðgerð, tannstæði allt að 6 tönnum. Fjórðungsaðgerð: tannstæði 7 til 9 tanna. Þriðjungsaðgerð: tannstæði 10 til 13 tanna.
Sjöttungsauki; aðgerðasvæði allt að 6 tönnum, er notaður í samstæðum eða blönduðum aðgerðum. Dæmi: Tannholdsgræðingur ágræddur í sjöttungsaðgerð, en aðgerðasvæðið síðan stækkað við flipun um sjöttung. Stækkunin talin jafngilda sjöttungsauka grunnflipa (425), en ágræðsla og flipun eru lögð að jöfnu hvað verð áhrærir.
Aðgerðasvæði er ýmist samfellt eða tennur þess dreifðar um tannbogana. Höfðað er til faglegs mats tannlæknisins varðandi flokkun og skráningu á aðgerðasvæðum.
400–405 *hreinsun á mjúkpokum (depuratio subgingivalis)*

400–403 djúphreinsun á mjúkum ofanbeins tannpokum dýpri en 2 til 3 mm. Hreinsaður er mjúkveggur tannpokans (cyrettage) og slípaður rótarveggur hans (rootplaning). Ekki er verðlagt sérstaklega þótt tannholdsbrún sé sniðin („trimmuð") samfara hreinsun á mjúkpoka.

404–405 endurfesta (new attachment, reattachment); beinpoki (3ja veggja) hreinsaður, tannholdsbrún sniðin eftir atvikum og tönnin pökkuð. Sjálfstæð aðgerð. Falli hún inn í flipaaðgerð telst hún verkþáttur flipans og því ekki verðlögð sérstaklega; fari fram tannholdskurður (gingivectomia) samfara endurfestuaðgerð, er tannholdsskurður verðlagður skv. sjöttungsauka (408).

410–413 *tannholdskurður (operatio gingivalis)*
Einfaldur tannholdskurður (gingivectomia) og/eða mótun á gingiva (gingivoplastica). Notað kalt (hnífur), heitt (electrosurgery) skurðinstrument eða fræsað. Verkþættir við skurð og mótun á tannholdi eru eftirfarandi: deyfing, skurður (fræsing), umbúðir lagðar; umbúðir fjarlægðar. Aðför að tannholdsbrún til að koma fyrir fyllingu eða steyptu tanngervi flokkast ekki undir þennan gjaldlið, hafi fyrrnefndum verkþáttum ekki verið beitt.

415–416 *aðgerðir á kinnar- og vararbotni (vestibuloplastica)*
415 gjald fyrir aðgerð á vararhafti er jöfnunargjald fyrir frenotomia, frenectomia og aðgerð á frenulum tectolabiale.

416 gjaldliðurinn er fyrir sjálfstæða aðgerð á kinnar- og/eða vararbotni. Fari samtímis fram flipun á svæðinu, skoðast aðgerðin hluti af flipaaðgerðinni. Fari samtímis fram einfaldur tannskurður á aðgerðarsvæði kinnar- og vararbotns, er verðlagt skv. sjöttungsauka viðkomandi aðgerðar (408).

420–430 *flipun (operatio mucogingivalis)*
Tannvegsflipun (periodondal flapoperation), kirirgisk opnun inn á sjúkan mjúkan og/eða harðan vef. Ostectomi og/eða osteoplasti (exostosis, torus o.s.frv.) eru verkþættir flipans.

435–436 *tanndeiling (hemisectio dentis)*
Jöfnunargjald er fundið á afskurði (amputation) á rótum efri- og neðrigóms jaxla annars vegar og klofningi á tönn (báðir rótarpartar látnir halda sér). Aðgerðir þessar fá því eitt og sama gjaldskrárnúmer (435)

440–441 *tannholdsflutningur (transplantatum autogenum gingivae)*
Tannholdsgræðingur (graft) fluttur úr tökustað (donor site) á móttökustað (recipient site) og gengið frá. Fari samtímis fram aðgerð á gingiva (gingivect., flap) er hún verðlögð skv. sjöttungsauka viðkomandi aðgerðar.

445–447 *sáraumbúðir*
Gjaldliðurinn felur í sér, að hrærðar umbúðir eða deigumbúðir (peripack o.fl.) eru lagðar á sjöttungsaðgerðarsvæði og þaðan af stærra. Ekki tekið sérstaklega fyrir sáraumbúðir nema framlengja þurfi umbúðartímann umfram það sem eðlilegt er talið; ennfremur þegar sáraumbúðir teljast ekki til fastra verkþátta aðgerðar.

455, 460 *ýmislegt*
455, stungið á kýli (abscess); oft um bráðahjálp að ræða og farið þá skv. reglum um veitta bráðahjálp (002). Skráður sjúklingur fær úrlausn samkvæmt meðferðaráætlun.

460, slípað skaðabit (sec. traumatism) tilkomið vegna bólgu í tannslíðri (periodontium), þrýstitönn í ofbiti (supraocclusion).

5. flokkur: Munn- og kjálkaskurðlækningar (chirurgia)

Almennt:
Deyfing, saumur, vírun, umbúðir innifaldar nema í 580–581; saumur ekki innifalin í 500–502.

Aðgerðasvæði skilgreind:
Sjöttungsaðgerð: tannstæði allt að 6 tönnum.
Fjórðungsaðgerð: tannstæði 7–9 tanna. Þriðjungsaðgerð: tannstæði 10–13 tanna.
Sjöttungsauki: aðgerðasvæði allt að 6 tönnum.
Aðgerðasvæði er ýmist samfellt eða tennur þess dreifðar um tannbogana.
Höfðað er til faglegs mats tannlæknisins varðandi flokkun aðgerða.

500–502 *auðdregnar tennur (extractio dentium)*
500 hæg tönn / rót dregin.
501 tönn eða rót með eðlilegri festu dregin.
502 viðbótartönn eða rót dregin í sömu heimsókn á sama deyfingarsvæði eða í því sem næst samfelldri röð útdráttartanna.

505–506 *vanddregnar tennur (extractio dentium complicata)*
Rætur flæktar og/eða tönnin beingróin svo hluta verður hana í sundur og/eða rjúfa tannstæðið. Viðbótartönn tekin í sömu heimsókn (506)

510–516 *beinlægar tennur teknar (odontectomia)*
Opnað inn á djúplægar („impakteraðar") tennur. Viðbótartönn tekin í sömu heimsókn. Í 512 og 513 er tönnin að hluta til beinlæg (sbr. röntgenmynd); hluti krónu stendur ýmist upp úr bein og gingiva eða tönnin er hulin gingiva. Beinlæg tönn (514) innilokuð vegna plássleysis (skekkjutönn, beingróin tönn) greind sem umlukin beini (skv. röntgenmynd).

516 djúplæg, misfelld (ectopisk) tönn fjarlægð. Aðeins um gróf tilfelli að ræða eins og t.a.m. lárétt liggjandi augntönn við nefrót o.s.frv. Taka á ofauknum tönnum (supernumerary: Mesiodens o.s.frv.) flokkast undir tanndráttardeildir 505–515 eftir því sem læknir metur stærð aðgerðar (sbr. röntgenmynd).

520 *tönn/rótarbrot fjarlægt úr kjálkaholu, gengið frá sári með aðdregnum slímhúðarflipa (pedicle-graft operation)*
Tönn eða tannbrot sem staðsett er við eða í kjálkaholu (antrum) svo að rjúfa verður framhlið holunnar við töku tannarinnar/tannbrotsins. Aðgerðaropi síðan lokað með aðdregnum slímhúðarflipa (pedicle-graft).

521 *tannholu (alveolus) lokað (pedicle-graft operation)*
Frágangur á sári eftir tanndrátt, umfangsmeiri en í gjaldlið 505. Sárið „pakkað" þar sem bein er berað við aðdrátt flipans.

522 *sýkt rótarbrot fjarlægt*
Djúpstætt rótarbrot fjarlægt, sýkt tannhola (alveolus) hreinsuð og lokað með slímhúðarflipa (pedicle-graft),

525 *opnað inn á beinlæga tönn (perforatio ad dens retentus)*
Opnað á innilokaða tönn (dens retentus) til að greiða fyrir uppkomu hennar; til að koma á tönnina ídráttartækjum (sbr. tannrétting). Mjúkur og harður þekjuvefur rofinn og opið „pakkað" meðan sárkantar gróa.

526–528 *rótarstytting (resectio radicis (apex amputation))*
Fari rótarstytting fram á tveimur eða fleiri rótum í sömu heimsókn er viðbótarrót verðlögð sérstaklega (527) enda séu tennur hliðstæðar eða í sama sjöttungi eða deyfingarsvæði (block). Fylling í rótarenda (528) sbr. 2. fl. Tannfyllingar.

530 *ígræðsla tanna (repositio dentium)*
Sjúklingur hefur orðið fyrir áverka og misst tönn. Innifalið í gjaldliðnum er að koma tönninni fyrir í stæði sínu og víra, spengja eða spelka svo og fjarlægja umbúðir og eftirlit. Rótfylling á ígræddri tönn er ekki innifalin eða röntgenmyndir sem síðar eru teknar við áfangaskoðun. Meðferð á viðbótartönn (531) hliðstæð þeirri fyrrnefndu, standandi í sama sjöttungi eða deyfingarsvæði.

535–537 *tilflutningur á tönn (transplantatio dentium)*
Gjaldskrárliðir 535, 536 fela í sér, að dregin er tönn og henni komið fyrir í nýjum stað, spengd, víruð eða spelkuð; svo og eftirlit og kontrolmynd meðan á meðferðartímabili stendur. Undirbúningur á móttökustað (recipient site) er ekki innifalinn í gjaldliðum, vísað til 502, 506, 522 o.s.frv.
537 ný tannhola: gerð tannhola (alveolus) í ósnortið bein.

540–551 *aðgerðir á tannstæði vegna smíði tanngerva og af fyrirbyggjandi ástæðum (chirurgia praeprothetica sive prophylactica)*
Aðgerðarliðir 540, 542, 543 eru ekki til komnir vegna sýktrar gingiva eða mucosa (periomeðferð); aðgerðir því viðaminni en tannvegsaðgerðir.

543 aðgerð á kinnar-/vararbotni; fornix vestibuli dýpkaður.

545, 551 aðgerðir sem byggjast á ostectomia; meðfæddir eða áunnir beingallar leiðréttir.

550, tuberaðgerð: aðgerðin kallast „tuberaðgerð" þegar tuber-bein er fjarlægt (ostectomia). Sé aðeins mjúkvefur fjarlægður flokkast aðgerðin undir 410 (gingivectomia).

555–556 *æxli fjarlægt (excisio cystis sive tumoris)*
Oft um meiri háttar aðgerðir að ræða (556). Vefjasýni (biopsi) tekið samfara aðgerð flokkast undir 054.

560 *aðgerð á útfærslugangi munnvatnskirtils (ptyalectases)*
Steinn fjarlægður úr úrfærslugangi munnvatnskirtils (gl. submand/gl. parotis o.s.frv.)

570–572 *saumur (sutura)*
Saumur sem ekki er fastur verkþáttur í aðgerð, telst sjálfstæður gjaldliður.

580–587 *ýmislegt*
580, 581 aðgerðir þar sem kerri er undir flestum kringumstæðum notaður.

585, 587 áverkasár stór sem smá, sýkt sem ósýkt hreinsuð og búið um.

6. flokkur: Tanngervi (steypt) (prosthesis fixa)

Almennt:
Innifalin er við gerð steyptra, fastra tanngerva öll klínísk vinna, sem við kemur smíðinni. Fylgja skal aðferðum, sem T.H.Í. eða sambærilegar stofnanir kenna og mæla fyrir um að nota skuli við mælingar, tannskurð, máttökur og frágang á steyptum tanngervum. Mát- og steypuefni, sem notuð eru, skulu viðurkennd af N.I.O.M. og A.D.A. og samþykkt af samstarfsnefnd T.F.Í og TR.
Innifalinn er bráðabirgðafrágangur á tönn milli heimsókna meðan á smíðinni stendur nema tilskorin aðfelld bráðabirgðakróna (665–669). Varanleg festing (cementering) á tanngervi innifalin.
Við smíði steyptra tanngerva liggi fyrir röntgenmyndir af stoðtönnum, („rest"-tönnum) og tannvegi.

601–608 *steyptar fyllingar / brenndar fyllingar*
Vinna tannlæknis hin sama, hvort sem fylling er steypt úr gulli (málmi) eða postulín er brennt; verðlag fer eftir stærð fyllingar og lögun.

610 *pinnaðar fyllingar (parapulpal)*
Fyllingar pinnaðar til að auka festur þeirra. Ekki tekið fyrir pinnun á gullvarpi (604).

615–648 *postulínbrenndar málmkrónur, málmkrónur, skelkrónur (facettukrónur), pinnakrónur (pinledge), möttulkrónur (jacketkrónur).*
Ýmsar gerðir króna með eða án rótarfestu/tannbeinsfestu. Ef dytta þarf minni háttar að tannkrónu, sem smíða skal á með plastiskum fyllingarefnum, er það innifalið í verði nýsmíðinnar.

650–651 *krónuuppbygging úr málmi*
Grunnbygging fyrir krónugervi sem hefur festu í rótargangi og/eða tannbeini utan tannholsins (parapulpal).

655–666 *brúarsmíði*
Þrennskonar brýr smíðaðar: 1) Bráðabirgðabrú (plast), áfangi í gerð varanlegrar brúar. Viðhald brúarinnar innifalið nema um langtímaviðgerð sé að ræða. 2) Ætufest brú (semipermanent) smíðuð til að standa í lengri eða skemmri tíma. 3) Varanleg brú, eðalbrú, gerð úr málmi/plasti/postulíni. Stöplar sbr. steyptar fyllingar (600–608) / krónur (615–648) / krónuuppbygging (650–651).

667–678 *viðgerðir (reparationes)*

7. flokkur: Heilgóma- og partagerð (prosthesis mobila)

Almennt:
Innifalin er við gerð steyptra, lausra tanngerva öll klínísk vinna, sem við kemur smíðinni. Fylgja skal aðferðum, sem THÍ eða sambærilegar stofnanir kenna og mæla fyrir um að nota skuli við mælingar, máttökur og frágang á lausum tanngervum. Mát- og steypuefni, sem notuð eru skuli viðurkennd af N.I.O.M. og A.T.A. og samþykkt af samstarfsnefnd TFÍ og TR.
Við smíði bráðabirgðaparta og stálparta (vitallium) liggi fyrir röntgenmyndir af stoð- og „rest"-tönnum og tannvegi þeirra.

701–706 *heilgómar (prosthesis totalis)*
701–702 hefðbundin gerð gervigóma. Innifalið eftirlit með aðlögun gómsins og 3 lagfæringar.

703 blóðgómur eða storkugómur (immediate denture). Innifalið í verði storkugóms eru 3 lagfæringar.

710–714 *tannpartar*
710–712 bráðabirgðapartar úr plasti.
Innifalið 3 lagfæringar.

712–714 stálpartur (vítalliumpartur)
Innifalið er eftirlit með aðlögun partsins og 3 lagfæringar.

720–737 *endurbætur og viðgerðir*
Ef gert er ráð fyrir fóðrun innan hálfs árs frá afhendingu, skal gera sjúklingi það ljóst við upphaf smíðinnar.

728 gómhlað (post dam), lausar/gamlar tennur gerðar nothæfar við uppbyggingu.

8. flokkur: Tannréttingar (orthodontia)

Engir gjaldliðir

9. flokkur: Bitlækningar (cura occlusionis dentium)

Almennt:
Tannsmíðakostnaður og efni ekki innifalið. Þrjár lagfæringar innifaldar á bittækjum (921–923).

901–923 frummeðferð (therapia initialis)

901–902 *slökun*
901 slökun: Almenn eða staðbundin meðferð, sem hefur slökun vöðva í för með sér.

902 ANS meðferð: Slökun með hjálp tækis sem gefur líkamsstarfsemi til kynna.

911–915 *endurhæfing*
911 hitameðferð: Staðbundin hitameðferð við vöðvameini.

912 frysting: Staðbundin kuldameðferð við vöðvameini.

913 lækninganudd: Staðbundið nudd á kjálkavöðva.

914 raförvun: Raförvun kjálkavöðva.

915 æfingar: Hvers konar æfingameðferð fyrir kjálkavöðva.

921–924 *spelkun/bithlífð*

921 bitplata:

922–923 plasthlífar er þekja tyggingarfleti tanna í efri eða neðri kjálka til verndar tyggingafærunum eða til að losa tyggingavöðva undan áhrifum þéttasta bitsins; úr mjúku eða hörðu efni.

924 bitspelka: Plasthlíf með bitförum til að létta eða fyrirbyggja álag á óstöðugum kjálkalið, kjálkinn færður til.

bitmeðferð (therapia occlusalis)
Bitmeðferð er margþætt og getur falist í gjaldliðum, sem eru að finna í flestum flokkum gjaldskrárinnar. Með bitmeðferð er fengin óafturkræf eða varanleg umsköpun á tyggingarflötum tanna.

925 *viðgerðir*
Hvers konar viðgerðir og lagfæringar á bittækjum sbr. viðeigandi gjaldliði í heilgóma og partagerð.

926 *bitslípun*
Samanbit tanna fengið með því að slípa þær.

10. flokkur: Munnsjúkdómar (stomatologia)

Greining og meðferð á sjúkdómum í slímhúð munns; stök, staðbundin og/eða fjölþátta einkenni (syndrome).

Greining/eftirlit
Viðtal, skoðun, áfangaskoðun (/langtímaeftirlit) o.s.frv. sbr. hlutaðeigandi gjaldliði í „Almenningi"

1001–1004 *rannsóknir*
(smitstroka og einfalt vefjasýni (routine biopsy) sbr. hlutaðeigandi gjaldliði skrárinnar).

1001 húðsýni (vefjasýni) tekið til rannsóknar (dermatopathological examination); rannsókn ekki innifalin.

1002 úrvinnsla á rannsóknargögnum (blóðsýni, mótefnaprufun o.s.frv.); max 3T.

1003 rannsókn á bakteríusýni úr tannvegi („periosýni").

1004 rannsókn á tannátusýni/smitstroku úr sveppasári.

meðferð
Lyfjameðferð (lyfseðill); önnur meðferð: Sbr. hlutaðeigandi gjaldliðir skrárinnar.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að stöðubann verði á Flugvallarvegi framan við hús Flugbjörgunarsveitarinnar.

Auglýsing þessi tekur til 20. maí 1992.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. apríl 1992.

Böðvar Bragason.

Nr. 168 30. apríl 1992

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin tvístefna á Tjarnargötu, frá Skothúsvegi að húsi nr. 30.

Auglýsing þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. apríl 1992.

Böðvar Bragason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 – 1992

29. apríl 1992 373 Nr. 169

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Stykkishólmi.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Stykkishólmi.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn þar um að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana í Stykkishólmi skal vera frjáls, sbr. þó 3. og 4. gr.

3. gr.

Óheimilt er að hafa sölustaði opna á tímabilinu kl. 23.30 til 07.00 nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar að fenginni umsögn lögreglustjóra, enda sé um að ræða söluturna eða sambærilega starfsemi.

4. gr.

Heimilt er að hafa sölustaði opna á helgidögum, enda brjóti afgreiðslutími að öðru leyti ekki í bága við lög, með þeim undantekningum, sem hér greinir: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 16.00.

5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

6. gr.

Í kvikmyndahúsi, félagsheimili, á íþróttavelli, útiskemmtunum og slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning sem verslunarleyfi þarf til sölu á, þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er í verslun eða sölustað þegar lokað er.

8. gr.

Bæjarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu rennur til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

B 25

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

9. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. er bæjarstjórn heimilt að láta greiða gjald í bæjarsjóð.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi getur bæjarstjórn svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi er sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

Gildi samþykktarinnar er þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Með samþykkt þessari fellur úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Stykkishólmi nr.159 frá 17. mars 1988.

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

Nr. 170 30. apríl 1992

GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögu við Ísland.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir leiðsögu skipa er miðuð við brúttó rúmlesta stærð þess og þá vegalengd sem það siglir, samkvæmt meðfylgjandi töflu. Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt eftirfarandi:

	Kr.
Fyrir skip allt að 500 br.rml.	540
Fyrir skip frá 501 br.rml. til 1 000 br.rml.	570
Fyrir skip frá 1 001 br.rml. til 1 500 br.rml.	600
Fyrir skip frá 1 501 br.rml. til 2 000 br.rml.	630
Fyrir skip frá 2 001 br.rml. til 3 000 br.rml.	680
Fyrir skip frá 3 001 br.rml. til 4 000 br.rml.	725
Fyrir skip frá 4 001 br.rml. til 5 000 br.rml.	770
Fyrir skip frá 5 001 br.rml. til 10 000 br.rml.	820
Fyrir skip frá 10 001 br.rml. til 15 000 br.rml.	875
Fyrir skip frá 15 001 br.rml. til 20 000 br.rml.	940
Fyrir skip frá 20 001 br.rml. til 30 000 br.rml.	1 000
Fyrir skip frá 30 001 br.rml. og þar yfir	1 075

Greiðsla fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, fram fyrir áður nefndar 10 sjómílur skal vera:

Fyrir skip allt að 500 br.rml.	120
Fyrir skip frá 501 br.rml. til 5 000 br.rml.	140
Fyrir skip frá 5 001 br.rml. til 10 000 br.rml.	160
Fyrir skip frá 10 001 br.rml. og þar yfir	190

Minnsta leiðsögugjald skal vera kr. 4 380.

Leggi leiðsögumaður skipi að bryggju eða frá, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 1 380 fyrir skip allt að 500 br.rml. og kr. 140 fyrir hverjar byrjaðar 100 brúttórúmlestir skipsins þar fram yfir.

2. gr.

Fari viðstaða skips í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst., á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer framúr 6 klst., á hverjum sólarhring. Skulu biðpeningar greiðast með kr. 620 fyrir hverja klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði fyrir sig og aðstoðarmann.

3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands auk ferðakostnaðar í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skips eftir ákveðinn komu- eða brottfarartíma þess. Skal þá á sama hátt greitt með kr. 620 fyrir hverja klst., þó aldrei meir en 8 klst. á sama sólarhring (00 til 24).

4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. mars og skal hún vera ⅓ hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48, 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland nr. 396, 15. ágúst 1989.

Samgönguráðuneytið, 30. apríl 1992.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.

27. apríl 1992 Nr. 171

SKIPULAGSSKRÁ

Vísindasjóðs Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna.

1. gr.

Sjóðurinn ber nafnið: Vísindasjóður Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 2,8 milljónir sem er framlag úr sjóði Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna. Gjafir og önnur framlög í sjóðinn skulu leggjast við höfuðstól.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla vísindalegan framgang gigtsjúkdómafræði á Íslandi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 aðalmenn úr stjórn Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna og ákveður stjórn félagsins hverjir 3 skulu sitja í stjórn sjóðsins. 3 varamenn eru kosnir af aðalfundi Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna. Stjórn vísindasjóðsins situr til sama tíma og stjórn félagsins, hún skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnin fer með málefni sjóðsins og tekur ákvörðun um úthlutun. Hún auglýsir eftir umsóknum um styrki. Umsóknir skulu studdar greinargerð um markmið og framkvæmd verkefnis sem um er sótt. Stjórnin skal halda gerðabók um alla starfsemi sjóðsins.

5. gr.

Úthluta skal styrkjum úr sjóðnum annað hvert ár. Fyrsta úthlutun fer fram 1992. Stjórn sjóðsins er heimilt að fella niður úthlutun að hluta eða öllu leyti, enda sé sú ákvörðun rökstudd í gerðabók sjóðsins.

6. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er stofnframlag og aðrar tekjur samkvæmt 2. grein. Stjórninni er skylt að ávaxta fjármuni sjóðsins á sem hagkvæmastan hátt. Við úthlutun styrkja skal höfuðstóll ávallt standa óskertur. Falli úthlutun úr sjóðnum niður, samanber 5. grein, er stjórn sjóðsins heimilt að ráðstafa þeirri upphæð við næstu úthlutun eða leggja hana að öðrum kosti við höfuðstól.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er sama og Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna. Löggiltur endurskoðandi fer yfir reikninga og áritar. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir aðalfund Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna, ár hvert.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður einungis breytt á aðalfundi Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna og dugir til þess einfaldur meirihluti fundarmanna.

Verði sjóðurinn lagður niður rennur fé hans til Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. desember 1991.
Í stjórn Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna.
Kristján Steinsson Kristján Erlendsson Árni Jón Geirsson

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. apríl 1992.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Eyþórs Stefánssonar tónskálds.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður þann 23. janúar 1991 á nítugasta afmælisdegi Eyþórs Stefánssonar tónskálds og heiðursborgara á Sauðárkróki.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Eyþórs Stefánssonar tónskálds. Heimili hans og varnarþing er á Sauðárkróki.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að efla tónlistarlíf í landinu og þá sérstaklega á Sauðárkróki og Skagafirði, með því að styrkja ungt og efnilegt tónlistarfólks til náms.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000 sem bæjarstjórn Sauðárkróks leggur fram til heiðurs Eyþóri. Einnfremur skal gjafafé sem sjóðnum áskotnast til heiðurs Eyþóri leggjast við stofnfé hans. Stofnfé sjóðsins skal ávallt haldast óskert.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu bæjarstjórans á Sauðárkróki, sem skal ásamt stjórn sjóðsins sjá um að eignir sjóðsins séu jafnan ávaxtaðar á sem hagkvæmastan hátt. Höfuðstóllinn skal jafnan vera verðtryggður.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 3 mönnum sem skulu vera tilnefndir sem hér segir: Einn tilnefndur af bæjarstjórn Sauðárkróks, einn tilnefndur af Félagi íslenskra hljómlistarmanna og loks skólastjóri Tónlistarskólans á Sauðárkróki.

6.gr.

Úthluta má úr sjóðnum árlega eða sjaldnar eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni.

Úthlutanir úr sjóðnum skulu vera annað hvort eftir umsóknum um styrki úr honum eða eftir ákvörðun sjóðsstjórnar án umsóknar hverju sinni.

Ekki ma´úthluta meiru en sem nemur vaxtatekjum sjóðsins hverju sinni.

Úthlutun skal fara fram á eða sem næst afmælisdegi Eyþórs Stefánssonar.

7. gr.

Bæjarstjórinn á Sauðárkróki skal sjá um að úthlutana úr sjóðnum verði getið í fundargerðum bæjarráðs Sauðárkróks, þannig að tryggt sé að sem flestir fái vitneskju um gerðir sjóðsstjórnar.

8. gr.

Sjóðsstjórnin lætur semja reikninga sjóðsins að loknu hverju almanaksári og lætur endurskoðendur bæjarreikninga yfirfara þá og sendir Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní næsta ár.

9. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé meirihluti stjórnarinnar samþykkur breytingunum. Leita skal staðfestingar ráðherra á breytingum skv. fyrri málsgrein.

Samþykki meirihluti stjórnar að leggja sjóðinn niður skulu eignir hans renna til Tónlistarskólans á Sauðárkróki.

10. gr.

Sjóðurinn telst vera stofnaður á nítugasta fæðingardegi Eyþórs Stefánssonar þann 23. janúar 1991.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Framanskráð skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Eyþórs Stefánssonar tónskálds samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks þann 21. janúar 1992.

Fyrir hönd bæjarstjórnar Sauðárkróks,
Knútur Aadnegard, forseti bæjarstjórnar.
Snorri Björn Sigurðsson, bæjarstjóri.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. apríl 1992.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 173

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins 1991.

Rekstrarreikningar 1. janúar – 31. desember 1991.

	Rekstur	Unninn botnfiskur	Óunninn botnfiskur	Hörpu-diskur	Bið-reikn.	Samtals
Tekjur:						
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	77 748	91 560 663	18 307 068	107 822	40 566 947	150 620 248
Gengismunur	0	25 122 638	2 798 664	9 068	7 291 923	35 222 293
Ýmsar tekjur	15 258 002	0	0	0	0	15 258 002
Samtals	15 335 750	116 683 301	21 105 732	116 890	47 858 870	201 100 543
Gjöld:						
Stjórnarlaun	2 948 195	0	0	0	0	2 948 195
Launatengd gjöld	176 892	0	0	0	0	176 892
Ýmis kostnaður	161 275	0	0	0	0	161 275
Vaxtagjöld af innstæðureikn.	62 107	90 842 980	18 061 431	107 822	40 566 947	149 641 287
Gengismunur	0	24 361 358	2 834 795	9 068	7 291 923	34 497 144
Samtals	3 348 469	115 204 338	20 896 226	116 890	47 858 870	187 424 793
Tekjur umfram gjöld	11 987 281	1 478 963	209 506	0	0	13 675 750

Efnahagsreikningar í árslok 1991

	Rekstur	Unninn botnfiskur	Óunninn botnfiskur	Hörpu-diskur	Bið-reikn.	Samtals
Eignir:						
Bankainnst.–gengistr.	0	2 046 629 726	382 181 659	1 936 526	541 624 858	2 972 372 769
Bankainnst.–aðrar	13 205 208	0	0	0	0	13 205 208
Skuldabréf	0	0	0	0	6 104 153	6 104 153
Samtals	13 205 208	2 046 629 726	382 181 659	1 936 526	547 729 011	2 991 682 130
Skuldir og eigið fé:						
Skuld á bankareikningi	0	0	0	0	0	0
Stofnfé frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins	3 266 885	0	0	0	533 598 906	536 865 791
Innst. á verðjöfnunarreikningum	0	2 046 629 726	382 181 659	1 936 526	0	2 430 747 911
Annað eigið fé	9 938 323	0	0	0	14 130 105	24 068 428
Samtals	13 205 208	2 046 629 726	382 181 659	1 936 526	547 729 011	2 991 682 130

Áritun endurskoðenda

Ársreikning þennan fyrir Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins höfum við endurskoðað. Endurskoðað var í samræmi við viðurkenndar venjur og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi sem nauðsynlegar þóttu.

Það er álit okkar, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og efnahag sjóðsins í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 23. mars 1992.

Stefán Svavarsson,
lögg. endurskoðandi.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

Áritun formanns f.h. stjórnar Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins

Með tilvísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins ársreikning sjóðsins 1991 réttan.

Reykjavík, 21. apríl 1992.

Árni Kolbeinsson, formaður.

Áritun sjávarútvegsráðherra

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og stjórnarformanns f.h. sjóðsstjórnar er ársreikningur Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins 1991 hér með staðfestur.

Reykjavík, 1992.

Þorsteinn Pálsson.

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Vestur-Skaftafellssýslu.

I. KAFLI
Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 6 frá 1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. er Vestur-Skaftafellssýsla eitt fjallskilaumdæmi.

2. gr.

Héraðsnefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afrétta- og fjallskilamála í sýslunni.

3. gr.

Hvor hreppsnefnd hefur á hendi framkvæmd og stjórn fjallskilamála, þá má hreppsnefnd kjósa fjallskilanefndir fyrir hvert fjallskilasvæði, sem sér þá um framkvæmd þeirra mála í umboði hreppsnefnda hvor á sínu svæði.

4. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að stofna sjóð, er nefnist fjallskilasjóður, og renna þá til hans þessar tekjur:

1. Andvirði óskilafjár.
2. Niðurjöfnun fjallskila.
3. Sektir fyrir brot á samþykkt þessari.
4. Aðrar tekjur, er hreppsnefnd eða almennur sveitarfundur samþykkir að renni í sjóðinn.

Tekjum fjallskilasjóðs má hreppsnefnd aðeins verja til þeirra verkefna, er heyra undir framkvæmd ákvæða samþykktar þessarar. Sjóðurinn er í ábyrgð hreppsnefndar, sem gerir reikning hans árlega og lætur fylgja sveitarreikningum.

II. KAFLI
Notkun afrétta og annarra beitilanda.

5. gr.

Allt land sem fjallskilasamþykkt þessi tekur til, skiptist í afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir sem að fornu hafa verið, þó geta hreppsnefndir tekið upp nýja afrétti, breytt þannig afréttarmörkum eftir því sem hagkvæmt þykir, og um semst við landeigendur, með samþykki héraðsnefndar.

6. gr.

Hreppsnefndum er skylt, í samráði við gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins, að hafa eftirlit með því að gróðurlendi á afréttum og heimalöndum sé ekki íþyngt með of miklu beitarálagi.

7. gr.

Enginn fjáreigandi má sleppa fé sínu í annað afréttarsvæði en það sem jörð hans á upprekstrarrétt til, né lána manni úr annarri fjallskiladeild ítölu sína í afrétt, nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar, enda sé afréttarland viðurkennt nægilegt.

Enginn má heldur leyfa öðrum sumarbeit fyrir búfé í heimalandi sínu, þar sem hætta er á að íþyngt yrði óréttilega öðrum sambeitarmönnum eða nágrönnum, án leyfis þeirra og hreppsnefndar.

8. gr.

Hreppsnefnd getur í samráði við Landgræðslu ríkisins og/eða gróðurverndarnefnd sett reglur um hvenær má reka fé til afréttar, enn fremur á hvaða svæði á afrétti fé skuli rekið eða flutt.

Ekki skal upprekstur leyfður fyrr en gróður er nægur að mati hreppsnefndar samber lög um afréttarmálefni fjallskil o.fl. nr. 6, 21. mars 1986, III. kafla.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt ef eigendur og eða ábúendur jarða telja sig verða fyrir tilfinnanlegum ágangi búpenings í heimalandi eða löndum, sem ekkert leyfi eða heimild er fyrir, að fyrirskipa smölun á viðkomandi svæði ef þurfa þykir, og færa (búpening) til réttar. Þar er eigendum skylt að hirða fénað sinn. Skepnur sem eru sérstaklega áleitnar við löglegar girðingar t.d. tún, matjurtagarða og skrúðgarða, skal eigandi hirða, þegar tilsagðar eru, setja í örugga vörslu eða farga þeim. Sýni hann hirðuleysi í því efni ber honum að bæta allt það tjón er skepna þessi eða skepnur hafa valdið eða valda.

10. gr.

Enginn má reka fénað sinn í annarra lönd án leyfis þeirra eða skilja þar eftir af rekstri sínum eða flutningum. Annarra fé mega menn ekki láta fara í rekstra sína til og frá afrétti og rétta.

11. gr.

Telji einhver ábúandi jarðar sig verða fyrir óhæfilegum ágangi búfjár nágranna síns, vegna þess að sá síðarnefndi hafi girt stærra eða minna svæði af beitarlandi sínu og verji það að meira eða minna leyti með því að sleppa hlutfallslega of mörgu af fénaði sínum utan girðingar í þann hluta landsins, sem liggur ógirt að landi eða löndum nágranna hans, getur sá sem telur sig verða fyrir áganginum kært málið til hreppsnefndar. Henni er þá skylt að rannsaka málið þyki henni ástæða til, getur hún fyrirskipað þeim sem hefur nokkuð af landi sínu afgirt, að hafa ákveðinn hluta af fé sínu í hinu afgirta landi, eða reka í afrétt.

Heimilt er hlutaðeigendum að skjóta úrskurði hreppsnefndar til héraðsnefndar, sem fellir úrskurð um slík mál. En skylt er hlutaðeigendum að hlýða úrskurði hreppsnefndar, þó málinu hafi verið vísað til héraðsnefndar, uns hún hefur fellt úrskurð sinn.

12. gr.

Ef ábúendur jarða er næst leggja afrétti, verða fyrir ágangi afréttarfénaðar er þeim heimilt að krefjast girðingar er varni áganginum. Um kostnað við girðinguna og viðhald hennar fer eftir gildandi girðingarlögum. Sama máli gegnir um girðingar sem fyrir eru, ef til samninga kemur, samkvæmt 5. gr.

13. gr.

Eftir að vorsmölun er lokið og fénaður rekinn á afrétt og allt til fyrstu gangna, má enginn smala né valda afréttarpeningi ónæði á einn eða annan hátt, nema leyfi viðkomandi hreppsnefndar komi til.

Safnist fénaður óeðlilega mikið við afréttargirðingar ber hreppsnefnd að sjá til þess að því sé smalað. Skylt er fjáreigendum að standa að slíku og hirða fénað sinn.

III. KAFLI
Um göngur og réttir.

14. gr.

Hreppsnefndir skipa fyrir um smölun afrétta hvor á sínu svæði. Skulu leitir vera tvennar hið fæsta á hverju hausti, þó getur hreppsnefnd ákveðið þrjú lögsöfn á þeim svæðum sem talin er þörf á og hefð er fyrir að leita þrisvar. Skal tveimur göngum undantekningalaust vera lokið í síðasta lagi fyrir fyrsta vetrardag.

Fjallskilaseðill skal hafa borist öllum fjallskilaskyldum aðilum í hendur minnst tíu dögum fyrir fyrsta safn, á honum skal tilgreint hverjir leggja skuli menn á hvert smölunarsvæði, raða niður gangnadagsverkum og öðrum áætluðum fjallskilakostnaði, nefna til fjallkónga og réttarstjóra svo og þá er sækja fé í aðrar skilaréttir, þar sem það á við.

15. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi og umráðamaður lögbýlis og leggur til fjallskila á þann hátt sem hreppsnenfd ákveður. Skyldur er húsbóndi að inna af hendi fjallskil fyrir heimamenn sína og aðra, sem eiga hjá honum fjallskilaskyldan fénað. Ábúendur sauðlausra jarða skulu gera fjallskil eftir ákvörðun hreppsnefndar. Sama gildir um eigendur eyðijarða.

Hreppsnefnd ákveður fjölda gangnamanna og deilir þeim niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu vetrarfóðraðs fjár samkvæmt forðagæsluskýrslum og jarðeignum.

16. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að sérstakir kostnaðarliðir sem af fjallskilum stafa greiðist úr sveitasjóði.

Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu eftir því sem við verður komið, ella goldin í peningum eftir mati hreppsnefnda. Þeim kostnaði í fjallskilum sem ekki verður inntur af hendi með skylduvinnu og óvissar tekjur hrökkva ekki fyrir, skal jafna niður eftir fyrirmælum 15. gr.

17. gr.

Enginn fjáreigandi er undanþeginn fjallskilum þó hann hafi sleppt fé sínu í heimaland. Þó getur hreppsnefnd fellt niður fjallskil sem lögð eru á eftir fjártölu ef fjáreigandi sleppir öllu fé sínu í heimaland sitt enda sé slíkt land girt þannig að öruggt megi telja að fénaður renni ekki í afrétt eða lönd annarra og lega lands þannig að dómi hreppsnefndar, að ekki sé um slíkt að ræða, enda verði svo í reynd.

18. gr.

Hver bóndi er skyldur að smala land sitt á hausti samhliða leitum, ef hreppsnefnd mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla þó þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirmælum hreppsnefndar ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati hreppsnefndar. Ekki verður eigandi lands þó krafinn um þátttöku í smölunarkostnaði, sé honum meinað að nýta land sitt til sumarbeitar eða leigja það öðrum til slíkra nota, skal sá er slíkt bann setur þá bera allan fjallskilakostnað af því landsvæði

19. gr.

Skyldur er hver að inna þau fjallskil af hendi, sem á hann eru lögð, og eru í samræmi við það sem öðrum hreppsbúum er gert skylt að leysa af hendi. Sá er órétti þykist beittur, á rétt á að kæra málið fyrir hreppsnefnd og héraðsnefnd, en enginn getur með áfrýjun skotið sér undan hlýðni við þá fyrirskipun, sem hann kærir yfir. Ef úrskurður gengur honum í vil, skal endurgreiða honum fjallskilin samkvæmt úrskurðinum.

20. gr.

Hverjum sem ekki framkvæmir fjallskilin samkvæmt fyrirmælum hreppsnefndar, skal skylt að greiða andvirði fjallskila til sveita eða fjallskilasjóðs með 50% álagi, eða annars sem því svarar samkvæmt fyrirmælum hreppsnefndar. Sama máli gegnir, ef einhver sendir þann mann í göngur, sem fjallkóngur og meirihluti gangnamanna álíta ekki liðgengan eða svo illa búinn á einhvern hátt, að hann sé óhæfur í göngurnar.

21. gr.

Fjallkóngur skal skipa fyrir hvernig haga skuli göngum, í samræmi við fyrirskipanir hreppsnefndar. Hann skal sjá um að söfnin séu rekin til réttar í góðri reglu. Gangnamenn eru skyldir að hlýða fjallkónginum meðan á leitum stendur og allt til þess að safnið er afhent réttarstjóra eða öðrum ábyrgum aðila. Óhlýðni varðar sektum.

Geri fjallkóngur sig sekan um vítavert kæruleysi eða óreglu í starfi skal hann sæta sektum.

22. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um að til sé viðunandi húsakostur fyrir gangnamenn, hesta þeirra og fjárbyrgi þar sem þeirra er þörf. Kostnaður við byggingu þeirra og viðhald greiðist úr sveita- eða fjallskilasjóði.

23. gr.

Hver eigandi eða umráðamaður lands er skyldur til að smala heimaland sitt og það eins þó landeigandi eða umráðamaður eigi þar ekki fjárvon sjálfur.

Vanræki einhver að smala heimaland sitt, getur hreppsnefnd látið smala það á hans kostnað, og greiðir hann að auki sekt samkv. ákvæðum 20. gr.

24. gr.

Þeir sem víðáttumikil heimalönd hafa að smala, sem notast að sumrinu sem beitiland fyrir afréttarpening, eiga rétt á að sú smölun sé metin til fjallskila, enda framkvæmdi landeigandi smölunina á sinn kostnað í sambandi við smölun afréttarins og eftir fyrirmælum hreppsnefndar.

25. gr.

Skyldur er hver ábúandi að hirða fé það er finnst í landi hans eftir að almennum smölunum er lokið og tilkynna það fjáreigendum.

IV. KAFLI
Búfjármörk.

26. gr.

Búfjármörk eru: eyrnamörk, brennimörk, frostmerkingar og plötumerki í eyra.

Hver búfjáreigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark á búfé sínu. Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum.

Mark helgar markeiganda grip nema sannist að annar eigi. Um fjármörk og merkingar á búfé fer að öðru leyti eftir IX. kafla laga nr. 6, 21. mars 1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. og reglugerð um mörk, og markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 579, 24. nóvember 1989.

V. KAFLI
Um réttir og réttahald.

27. gr.

Hreppsnefnd sér um að almenningsréttum hreppsins með tilheyrandi dilkum og fjárbyrgjum sé vel við haldið og þær séu í góðu ástandi til notkunar. Byggingar og viðhaldskostnaður almenningsrétta greiðist úr sveita- eða fjallskilasjóði. Skyldur er hver landeigandi að leggja til land undir rétt, þó ekki tún eða engi, né heldur land sem líkur eru til að verði tekið til ræktunar. Valdi réttarbygging spjöllum á nytjalandi, skal bæta það landeiganda, ef krafist er, eftir mati tveggja manna er dómkvaddir séu af sýslumanni.

Telst slíkur kostnaður með byggingarkostnaði réttarinnar. Rétt á landeigandi á árlegu uslagjaldi fyrir átroðning vegna réttarhaldsins.

28. gr.

Réttarstjóri skipar fyrir um hvernig fjárdrætti skuli haga og heldur mönnum til starfs. Óhlýðni við skipun hans varðar sektum.

Enginn má hleypa fé úr dilk nema réttarstjóri leyfi. Hann skal gæta þess vandlega að allir ómerkingar og vafalömb, sem koma fyrir í réttinni, séu dregin í sérstakan dilk, þar sem ekki er annað fé fyrir, og mönnum gefinn kostur á að láta lambsmæður helga sér lömbin, undir eftirliti réttarstjóra eða þess sem hann setur í sinn stað.

29. gr.

Komi fé fyrir í réttinni sem farið hefur yfir varnarlínu, skal réttarstjóri sjá til þess að þær séu sem fyrst teknar úr réttinni, settar í einangrun og færðar til slátrunar svo fljótt sem við verður komið.

VI. KAFLI
Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

30. gr.

Hver sá er innir fjallskil af hendi, hvort heldur er við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama svo fljótt sem verða má, ómerkinga sem vart kann að verða, og auðkenna þá ef þeir fylgja móður.

Nú koma ómerkingar eða annað óskilafé til réttar, og skal þá draga það í sérstakan dilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga og sanna eignarrétt sinn.

31. gr.

Ómerkingar og óskilafé sem kemur fyrir í skilaréttum og öðrum réttum, og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi, sér hreppstjóri um að svo sé gert.

Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því þar sem getið er marks og annarra einkenna er eigendur gætu helgað sér það eftir.

Óskilafé sem fram kemur eftir réttir og ekki finnast eigendur að, eða ekki kemst til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt.

Andvirði óskilafjár, sem fargað er, skal lagt inn á reikning, þannig að greiða megi út verð hverrar kindar ef eigandi finnst.

Óskilafé er það fé sem enginn finnst eigandi að, svo og ómerkingar sem ær helga sér ekki.

32. gr.

Fyrir árslok skal hreppstjóri birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár, eða um sölu, ef um óskilahross eða nautgripi er að ræða. Skal í tilkynningu greint frá marki og

auðkenni hverrar skepnu, eftir því sem kostur er, og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna eignarrétt sinn innan tiltekins tíma.

33. gr.

Af sláturverði ómerkinga og annars óskilafjár, andvirði seldra hrossa og nautgripa greiðist áfallinn kostnaður. Eftirstöðvar andvirðis greiðist eiganda, ef hann sannar eignarrétt sinn innan tiltekins tíma, ella í sveita- eða fjallskilasjóð þess hrepps sem óskilapeningurinn kom fyrir í.

VII. KAFLI
Um sveltistöku og eftirleitir.

34. gr.

Verði gangnamenn eða aðrir varir við fé í ógöngum eða svelti, skal tilkynna það fjallkóngi eða fjallskilanefnd viðkomandi svæðis. Skal þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, rétt er þó að fela landeiganda heimalands og fjáreiganda, ef kunnur er sveltistöku.

Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanna eða aðstæður það örðugar að tvöfalt verð fjárins hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt.

35. gr.

Séu færðar líkur fyrir því að fé leynist að loknum lögsöfnum, skal það sótt á kostnað sveita- eða fjallskilasjóðs.

Í eftirleit er mönnum heimilt að fara eftir að lögsöfnum er lokið. Ber sveita- eða fjallskilasjóður engan kostnað af þeim ferðum nema sérstaklega sé um það samið við hreppsnefnd áður en farið er.

Fyrir fé sem finnst í slíkum leitum mega finnendur fara fram á fundarlaun, sem nemur 1/3 af verði fullorðins fjár og 1/2 af verði lambs, samkvæmt skattmati til eignar. Ber eigendum að greiða fundarlaun, fari eftirleitarmenn fram á slíkt, enda séu færðar sönnur á að féð hafi fundist í afrétti.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

36. gr.

Um smalanir að vori skulu ábúendur vera frjálsir. Hreppsnefnd er þó skylt að samræma vorsmölun, ef meirihluti fjáreigenda á samliggjandi smölunarsvæði óska eftir því.

37. gr.

Hvar sem vart verður við fé sem farið hefur yfir varnarlínu (línubrjóta) hvort sem er í smölun afrétta heimalanda eða í réttum, skal handsamað hið fyrsta, sett í einangrun og komið í sláturhús svo fljótt sem við verður komið.

38. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fénað, umfram það sem nauðsyn krefur, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum eða gæslu, fjallgöngum eða við smölun heimalands. Sannist að hundur bíti fé til skaða skal eigandi hans bæta tjónið að fullu.

39. gr.

Rétt er hverjum sláturleyfishafa að hafa markglöggan mann í sláturrétt, meðan á slátrun stendur. Skal hann gæta þess að misdráttur eða ruglingur eigi sér ekki stað á sláturfé. Telji hann eignarheimild á fénaði vafasama, skal hann leita nánari upplýsinga þar um.

40. gr.

Að öðru leyti en greint er í fjallskilasamþykkt þessari fer um fjallskilamálefni eftir því sem segir í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og lögum og reglugerðum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

41. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar fjallskilasamþykktar varðar sektum og renna sektir í sveitaeða fjallskilasjóð viðkomandi fjallskiladeildar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6 21. mars 1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilasamþykkt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 245 23. desember 1965.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. apríl 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

175 11. maí 1992

GJALDSKRÁ

fyrir megnunareftirlit á Norðurlandssvæði eystra.

1. gr.

Sveitarstjórnum á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 3. gr. og 5. tl. 3. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988, 6. tl. 3. gr. og viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990, svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 10 500,00

2. gr.

Fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefnda, sbr. 3. tl. 5. gr. laga nr. 81/1988 sbr. 5 tl. 8. gr. megnunarvarnareglugerðar, nr. 389/1990, er heimilt að innheimta leyfisgjald svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 1 000,00

3. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits lætur, fyrir hönd svæðisnefndar sveitarstjórnum í té eftirlitsskyld fyrirtæki. Sveitarstjórnir annast álagningu og innheimtu eftirlitsgjalda.

Gjöld samkvæmt 1. gr. má innheimta með lögtaki.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er í samráði við svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði eystra, sbr. 8. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er sett skv. 22. gr. þeirra og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 323/1991.

Umhverfisráðuneytið, 11. maí 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

11. maí 1992 Nr. 176

GJALDSKRÁ

fyrir mengunareftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Akranessvæðis.

1. gr.

Sveitarstjórnum á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Akranessvæðis, er heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 3. gr. og 3. tl. 5. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 og 3 gr. 6. tl. og viðauka 7 og 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 10 000,00
2. flokkur kr. 20 000,00

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. mars og eindagi 1. maí.

2. gr.

Fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefndar, sbr. 3. tl. 5. gr. laga nr. 81/1988 og 5. tl. 8. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990 er heimilt að innheimta leyfisgjald svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 1 000,00
2. flokkur kr. 2 000,00

3. gr.

Fyrirtæki sem talin eru upp í viðauka 7 og 9 í mengunarvarnareglugerð flokkast eftir umfangi og mengun í 1. eða 2. flokk. Þar sem um er að ræða mjög takmarkaða starfsemi eða starfsemi hluta úr ári er heimilt að innheimta hluta af gjaldi 1. flokks samkvæmt nánari ákvörðun svæðisnefndar.

4. gr.

Gjöld skv. 1. gr. má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin í samráði við svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Akranessvæði, sbr. 8. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er sett skv. 22. gr. þeirra og gildir frá og með 1. janúar 1992.

Umhverfisráðuneytið, 11. maí 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Fylgiskjal með gjaldskrá vegna mengunarvarnaeftirlits á Akranessvæði samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Flokkun eftirlitsskyldra fyrirtækja eftir umfangi starfseminnar sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988.

1. flokkur.

Málmsteypur.
Stálsmíði og stálskipagerð.
Völsunar-, víra- og stangaverksmiðja.
Nagla- og skrúfuframleiðsla.
Vélaframleiðsla.
Vinnsla á málmum í raftækniiðnaði.
Steinmölun.
Steinsmíði.
Steypustöðvar.
Steypueiningaverksmiðjur.
Leirmunaverksmiðja.
Fyrirtæki sem geyma klórgas.
Lakksprautun.
Prentiðnaður.
Efnalaugar.
Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla.
Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum.
Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda.
Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað.
Fóðurblöndur.
Fóðurstöðvar.
Gúmmívinnsla.
Trésmíðaverkstæði.
Sögunarmyllur.
Fúavörn á timbri.
Framleiðsla á spónaplötum, límtré o.þ.h.
Spennistöðvar.
Vörugeymslur.
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla.
Skotvellir.
Þvottahús.
Leðurvinnsla.
Vefnaðar- og spunaverksmiðjur.
Litun og bleiking.
Matvælavinnsla.
Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir.
Flugvellir og flugbrautir.
Bifreiðaverkstæði.
Ryðvarnaverkstæði.
Bílaþvottastöðvar.
Smurstöðvar.
Bensínstöðvar.
Flutningamiðstöðvar.
Biðstöðvar leigu- og fólksflutningabifr.
Ælingasvæði slökkviliðs.
Kæli- og frystigeymslur.
Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.
Loðdýrabú.
Alifuglabú.
Svínabú.
Kanínurækt.
Hestahald.
Dýraspítalar.
Hunda- og kattageymslur.
Gæludýraverslanir.
Líkbrennslur.
Önnur sambærileg starfsemi.

2. flokkur.

Móttökustöðvar fyrir sorp.
Hreinlætivöruverksmiðjur.
Plastframleiðsla.
Olímalar- og malbikunarstöðvar.
Yfirborðsmeðhöndlun á járni, stáli og öðrum málmum.
Sútunarverksmiðjur.
Seiða- og fiskeldisstöðvar.
Fituherslur.
Birgða- og afgreiðslustöðvar fyrir olíur og bensín.
Gasbirgðastöðvar.
Lifrarbræðslur.
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi.
Skólphreinsistöðvar.
Kísilmálmframleiðsla.
Kísiljárnframleiðsla.
Járn- og stálframleiðsla.
Glerullar- og steinullarframleiðsla.
Meðhöndlun og eyðing á hættulegum efnaúrgangi.
Framleiðsla á tilbúnum áburði.
Sements- og kalkframleiðsla.
Cellulosa- og pappírsframl.
Sorphaugar.
Stórar fiskeldisstöðvar.
Fiskimjölsverksmiðjur.
Sláturhús
Niðursuðuverksmiðjur.
Reykhús og reykofnar.
Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða.
Heitloftsþurrkun fiskafurða
Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni.
Önnur sambærileg starfsemi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 – 1992

6. maí 1992 389 Nr. 177

BYGGINGARREGLUGERÐ.

Efnisyfirlit

I. kafli **Gildissvið reglugerðarinnar**

II. kafli **Stjórn byggingarmála**
2.1. Yfirstjórn byggingarmála
2.2. Byggingarnefndir
2.3. Svæðisbyggingarnefndir
2.4. Verksvið byggingarnefnda
2.5. Verksvið byggingarfulltrúa

III. kafli **Byggingarleyfi**
3.1. Byggingarleyfisumsóknir
3.2. Aðaluppdrættir
3.3. Séruppdrættir
3.4. Byggingarleyfi
3.5. Réttindi til uppdráttagerðar

IV. kafli **Umsjón með byggingarframkvæmdum**
4.4. Ábyrgð iðnmeistara
4.5. Byggingarstjórar
4.11. Úttektir
4.17. Byggingarvinnustaðir

V. kafli **Ytra skipulag, lóðir og viðhorf húsa**
5.1. Nýting lóða
5.2. Bifreiðastæði
5.3. Leiksvæði barna
5.4. Bifreiðastæði í gömlum hverfum
5.5. Aðgangur frá götu
5.6. Skipting lóða og húsa
5.7. Hæðarlega lóða
5.8. Vegghæð húsa
5.9. Bil milli húsa
5.10. Hús í götulínu
5.11. Girðing lóða
5.12. Frágangur lóða
5.13. Frágangur húsa að utan
5.14. Sundlaugar, heitir pottar o.fl.

B 26

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

VI. kafli **Innra skipulag**

6.1. Íbúðir
6.2. Lofthæðir
6.3. Gluggar
6.4. Anddyri, baðherbergi og salerni
6.5. Kjallaraherbergi og geymslur
6.6. Kyndiklefar
6.7. Þvottaherbergi
6.8. Sorpgeymslur
6.9. Sorprennur
6.10. Hús til annarra nota en íbúðar
6.10.1. Almenn ákvæði
6.10.2. Samkomuhús
6.10.3. Bifreiðageymslur
6.10.4. Atvinnuhúsnæði
6.10.5. Gripahús og önnur hús vegna landbúnaðar
6.10.6. Olíu- og bensínstöðvar og olíugeymar
6.10.7. Sumarhús, veiðihús og önnur áþekk hús
6.10.7.10. Hjólhýsi og tjaldvagnar á sumarbústaðalóðum
6.10.8. Almenn tjald- og hjólhýsasvæði
6.10.8.3. Svefnhýsi

VII. kafli **Efni og gerð húsa**

7.0. Almenn ákvæði
7.1. Jarðvegur og undirstöður
7.2. Efni og burðarvirki
7.2.5. Timbur
7.2.6. Stál, stálvirki og álvirki
7.2.7. Sement og steinsteypa
7.3. Brunaþol
7.3.3. Byggingarhlutar, einangrun og efni til klæðningar
7.3.3.10. Um brunaþol byggingarhluta og klæðninga
7.4. Hljóðvist
7.4.1. Almennt
7.4.2. Hugtök og skilgreiningar
7.4.3. Mæliaðferðir
7.4.4. Hljóðeinangrandi hurðir
7.4.5. Lofthljóðeinangrun
7.4.6. Högghljóðeinangrun
7.4.7. Ómtími
7.4.8. Hljóðstig frá tæknibúnaði
7.4.9. Hljóðstig frá umferð
7.4.10. Hljóðstig frá fyrirtækjum og annarri starfsemi
7.4.11. Hávaði á vinnustöðum
7.5. Hitaeinangrun
7.5.11. Þök og þakvirki
7.6. Rakaeinangrun
7.6.2. Yfirborðsvatn og þerrilögn
7.6.3. Kjallarar og skriðrými

7.6.4. Gólf á jarðfyllingu
7.6.5. Útveggir
7.6.6. Þök
7.6.7. Baðherbergi, salerni o.fl.
7.7. Loftgæði og loftræsting
7.7.6. Stærð og gerð loftrása
7.8. Heilbrigðisákvæði

VIII. kafli **Tæknibúnaður**
8.1. Leiðslur, lagnir og fylgibúnaður
8.1.19. Raflagnir
8.1.20. Síma-, útvarps- og sjónvarpsleiðslur
8.1.21. Sorprennur og sorpgeymslur
8.2. Stigar, lyftur og veggsvalir
8.2.1. Stigahús og stigar
8.2.2. Lyftur
8.2.3. Veggsvalir

IX. kafli **Ýmis ákvæði**
9.1. Refsiákvæði
9.2. Leyfisgjöld
9.3. Úttekt
9.4. Gildistökuákvæði

Viðauki 1

I. KAFLI.
GILDISSVIÐ REGLUGERÐARINNAR.

1.1. Reglugerð þessi gildir hvarvetna á landinu.

1.2. Ákvæði reglugerðarinnar eru lágmarksákvæði.

Umhverfisráðuneytið getur, þegar sérstaklega stendur á, veitt sveitarfélagi tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum reglugerðarinnar, enda hafi hlutaðeigandi sveitarstjórn sótt um slíka undanþágu og skipulagsstjórn mælt með því að undanþágan verði veitt.

1.3. Reglugerðin gildir um hvers konar byggingar og mannvirki, sem sótt er um leyfi fyrir hjá byggingarnefnd eftir gildistöku reglugerðarinnar, svo og um breytingar á þeim.

Umhverfisráðuneytið getur, ef þörf þykir, gefið út sérstakar leiðbeiningar um túlkun á einstökum greinum reglugerðarinnar.

1.4. Undanþegin ákvæðum reglugerðarinnar eru þó:
a) götur, vegir og holræsi,
b) dreifikerfi rafmagns, síma, vatns og hita,
c) framræsluskurðir,
d) girðingar vegna landbúnaðar,
e) flugvellir,

f) hafnir,
g) virkjanir,
enda séu slík mannvirki byggð í samræmi við skipulag og á vegum opinberra aðila og undir eftirliti sérfræðinga. Húsbyggingar tilheyrandi mannvirkjum þeim, sem talin eru í stafliðum a - b og e - g, skulu þó háðar ákvæðum reglugerðarinnar.

1.5. Rísi ágreiningur um hvort mannvirki sé háð ákvæðum reglugerðar þessarar, sker umhverfisráðuneytið úr.

1.6. Sveitarstjórnum er heimilt að setja í sérstakri byggingarsamþykkt fyllri ákvæði um stjórn og meðferð byggingarmála í sveitarfélaginu, um réttindi og skyldur iðnmeistara, byggingarstjóra og byggingarfulltrúa, svo og um önnur þau atriði sem samþykktin tekur til. Slík viðbótarákvæði gilda einungis í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Umhverfisráðuneytið staðfestir samþykktir samkvæmt þessari grein og öðlast þær gildi þegar þær hafa verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

1.7. Almennt gildir að íslenskir staðlar skulu vera leiðbeinandi við bygginga- og mannvirkjagerð. Á þeim sviðum sem íslenskir staðlar taka ekki til skulu ákvæði norrænna staðla og ISO-staðlar vera leiðbeinandi.

Í þeim tilvikum sem ákvæði varðandi hönnun bygginga, byggingarefni, öryggi bygginga, burðarþol, lagnakerfi, hollustuhætti, tákn og skilgreiningar, eru ekki í þessari reglugerð skal uppfylla lágmarksákvæði gildandi staðla sem vísað er til í reglugerðinni, sjá ennfremur Viðauka 1 með staðlalista.

Þegar sérstaklega stendur á getur byggingarfulltrúi heimilað að vikið sé frá ákvæðum gildandi staðla sem vísað er til í reglugerðinni. Þetta er þó aðeins heimilt ef kröfur reglugerðarinnar og annarra gildandi staðla sem reglugerðin vísar í eru uppfylltar og byggingarfulltrúa gerð grein fyrir öllum frávikum.

1.8. Þegar ákvæði eins staðals tengjast ákvæðum annars, skal gætt samræmis með tilliti til íslenskra aðstæðna, s.s. þegar ákvæði álagsstaðals tengjast ákvæðum þolhönnunarstaðals.

1.9. Á þeim sviðum og að því leyti sem staðlar taka ekki til, skal við hönnun og framkvæmdir höfð hliðsjón af Rb-blöðum og öðrum sérritum sem Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins gefur út, eftir því sem við á.

1.10. Auk ákvæða um brunavarnir og brunamál, sem eru tilgreind í þessari reglugerð, skal gætt ákvæða reglugerðar nr. 269/1978 um brunavarnir og brunamál, hér eftir nefnd brunamálareglugerð.

1.11. Að svo miklu leyti sem ákvæði varðandi heilbrigðismál, mengunarmál, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað eru ekki tilgreind í þessari reglugerð, vísast í lög og reglugerðir um þau efni.

1.12. Mælieiningar skulu vera í samræmi við SI-kerfið (Systéme International d'Unités).

II. KAFLI.
STJÓRN BYGGINGARMÁLA.

2.1 **Yfirstjórn byggingarmála.**

2.1.1. Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn byggingarmála, en því til ráðuneytis eru skipulagsstjórn ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, húsafriðunarnefnd, húsnæðismálastjórn ríkisins, Iðntæknistofnun Íslands, Náttúruverndarráð, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, Vinnueftirlit ríkisins og aðrar stofnanir, er fara með málefni sem snerta framkvæmd laga um byggingarmál.

2.1.2 Umhverfisráðherra sker úr ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma milli sveitarstjórnar og byggingarnefndar, en hann skal áður leita umsagnar skipulagsstjórnar ríkisins.

2.1.3. Telji einhver rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar eða sveitarstjórnar, er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðar umhverfisráðherra innan þriggja mánaða frá því honum var kunnugt um ályktunina.

2.1.4. Umhverfisráðherra skal kveða upp úrskurð um ágreining, sbr. gr. 2.1.3., innan þriggja mánaða frá því að kæra berst ráðuneytinu, en áður skal hann hafa leitað umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar (byggingarnefndar) og skipulagsstjórnar.

2.2 **Byggingarnefndir.**

2.2.1. Í hverju sveitarfélagi skal kjósa byggingarnefnd á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar.

2.2.2. Byggingarnefnd skal skipuð 3, 5 eða 7 aðalmönnum og jafnmörgum varamönnum, sjá þó gr. 2.3.2. Um kosningu byggingarnefndar fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, sbr. VI. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

2.2.3. Geti aðalmaður ekki sótt fund, skal hann boða eða láta boða varamann sinn á fundinn. Ef aðalmaður fellur frá, flyst brott úr sveitarfélaginu eða forfallast varanlega á annan hátt, skal varamaður taka sæti hans, það sem eftir er kjörtímabilsins. Skal þá sveitarstjórn kjósa varamann til sama tíma. Sama gildir, ef varamaður flyst burt eða forfallast varanlega.

2.2.4. Byggingarfulltrúi eða staðgengill hans skal sitja fundi byggingarnefndar, svo og slökkviliðsstjóri, sbr. gr. 1.1.6. í brunamálareglugerð. Sveitarstjórn getur ákveðið að aðrir starfsmenn sveitarfélags sem fjalla um byggingarmál, skipulagsmál, heilbrigðismál og brunavarnir, sitji fundi byggingarnefndar með málfrelsi og tillögurétt.

Sveitarstjórn getur ákveðið, að formaður byggingarnefndar, eða byggingarfulltrúi í umboði hans, boði formenn jarðanefndar, heilbrigðisnefndar og náttúruverndarnefndar eða fulltrúa þeirra, til fundar um málefni sem borist hafa byggingarnefnd og varða starfssvið þeirra, sbr. gr. 3.4.8. og 6.10.7.2.

Skipulagsstjóri ríkisins, eða staðgengill hans, hefur rétt til setu á fundum byggingarnefnda með málfrelsi og tillögurétt.

2.2.5. Byggingarnefnd skal kosin til fjögurra ára. Nefndin kýs sér formann og varaformann og ritara þar sem ástæða þykir til.

2.2.6. Sá byggingarnefndarmanna, sem elstur er, skal kveðja nefndina saman til fyrsta fundar og stýra fundi hennar, uns formaður og varaformaður hafa verið kosnir. Formaður boðar fundi byggingarnefndar, þó getur byggingarnefnd falið byggingarfulltrúa að annast fundarboðun og ritun fundargerða.

2.2.7. Fundir byggingarnefndar skulu boðaðir með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Að jafnaði skal greina frá dagskrá í fundarboði.

2.2.8. Byggingarnefnd skal halda reglulega fundi, a.m.k. einu sinni í mánuði, svo fremi að erindi liggi fyrir til afgreiðslu. Nefndin ákveður nánar fundardaga, fundartíma og fundarstað.

2.2.9. Byggingarnefnd er ályktunarfær, ef meirihluti nefndarmanna er mættur á fundi, sbr. gr. 2.2.4.

2.2.10. Fjöldi atkvæða ræður úrslitum á fundum byggingarnefndar. Mál telst samþykkt, ef það fær meirihluta greiddra atkvæða, enda taki meirihluti nefndarmanna þátt í atkvæðagreiðslu.

Nú tekur meirihluti nefndarmanna ekki þátt í afgreiðslu máls, og er því þá frestað til næsta fundar, en á þeim fundi er öllum nefndarmönnum skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um málið. Komi fram rökstudd ósk um frestun á afgreiðslu máls, er heimilt að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar.

2.2.11. Þegar byggingarnefnd fjallar um mál, sem varðar persónulega hagsmuni einhvers nefndarmanna eða einhvern þeirra, sem sitja fundi hennar, s.s. ef hann hefur gert uppdrátt eða sent umsókn sem nefndin fjallar um, skal hlutaðeigandi víkja af fundi meðan málið er afgreitt.

2.2.12. Synji byggingarnefnd byggingarleyfisumsókn, skal synjunin rökstudd, ef þess er sérstaklega óskað.

2.2.13. Byggingarnefnd skal halda gerðabók. Skal í gerðabók skrá öll þau erindi, sem lögð eru fram á fundum nefndarinnar og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

2.2.14 Heimilt er hverjum fundarmanni að láta bóka sérálit sitt, sé hann ekki samþykkur ályktun meirihlutans.

2.2.15. Í lok hvers fundar skulu viðstaddir fundarmenn undirrita fundargerð.

2.2.16. Fundargerð byggingarnefndar skal leggja fyrir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar.

2.2.17. Samþykki sveitarstjórn ályktun byggingarnefndar um byggingarleyfi, öðlast ályktunin gildi þegar fullnægt hefur verið ákvæðum IV. kafla byggingarlaga nr. 54/1978.

2.2.18. Hafi sveitarstjórn ekki tekið ályktun byggingarnefndar til afgreiðslu innan tveggja mánaða frá því að hún var gerð, öðlast hún eigi að síður gildi, enda sé fullnægt að öðru leyti lagaákvæðum og ákvæðum þessarar reglugerðar og ekki leiki vafi á því, að fundargerð nefndarinnar hafi borist sveitarstjórn, formanni hennar eða framkvæmdastjóra.

2.3. **Svæðisbyggingarnefndir.**

2.3.1. Heimilt er sveitarfélagi að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag eða sveitarfélög um kosningu svæðisbyggingarnefndar.

2.3.2. Noti sveitarfélög heimildina í gr. 2.3.1., skulu þau gera með sér samning um stofnun svæðisbyggingarnefndar. Í samningnum skal m.a. kveðið á um fjölda nefndarmanna, um ráðningu sameiginlegs byggingarfulltrúa, svo og um hvernig skipta skuli kostnaði af störfum nefndarinnar og byggingarfulltrúa. Jafnan skal a.m.k. einn fulltrúi hvers aðildarsveitarfélags eiga sæti í svæðisbyggingarnefnd og skal hann kosinn af viðkomandi sveitarstjórn.

2.3.3. Ákvæði kafla 2.2. um byggingarnefndir gilda um svæðisbyggingarnefndir, eftir því sem við getur átt.

2.3.4. Ályktanir svæðisbyggingarnefndar skal bera undir hlutaðeigandi sveitarstjórnir, þ.e. sveitarstjórn í því sveitarfélagi, þar sem bygging eða mannvirki er, sem ályktunin varðar.

2.4. **Verksvið byggingarnefnda.**

2.4.1. Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni sveitarfélags eða sveitarfélaga hlutaðeigandi umdæmis, ef um svæðisbyggingarnefnd er að ræða, undir yfirstjórn sveitarstjórnar (sveitarstjóra) og umhverfisráðuneytis.

2.4.2. Byggingarnefnd hefur umsjón með því, að byggt sé í samræmi við skipulag og ákvæði þessarar reglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða um byggingarmálefni, sbr. gr. 1.7.-1.11. hér að framan.

2.4.3. Byggingarnefnd fjallar um byggingarleyfisumsóknir, sbr. nánar í III. kafla þessarar reglugerðar.

2.4.4. Sveitarstjórn (sveitarstjórnir) getur falið byggingarnefnd að fjalla um og gera tillögur til sveitarstjórnar um skipulagsmál.

2.4.5. Byggingarnefnd skal gera tillögur til sveitarstjórnar um nöfn á götum, torgum, hverfum og bæjarhlutum.

2.4.6. Sveitarstjórn getur falið byggingarnefnd stjórn nánar tiltekinna mála, sem varða skipulags- og byggingarmálefni. Sama gildir um sveitarstjórnir, sem aðild eiga að svæðisbyggingarnefnd.

2.4.7. Byggingarnefnd veitir byggingarstjóra viðurkenningu fyrir hvert einstakt verk, er hann tekur að sér, sbr. gr. 4.5. og 4.6.

Byggingarnefnd veitir iðnmeistara viðurkenningu skv. IV. kafla, enda hafi hann lokið meistaraskóla, eða hlotið hliðstæða menntun og sé starfandi í iðn sinni.

Þeir sem hafa lokið sveinsprófi eftir 1. janúar 1989 eða síðar þurfa að ljúka meistaraskóla til þess að fá útgefið meistarabréf og til þess að byggingarnefnd geti veitt þeim viðurkenningu.

Byggingarnefnd skal veita byggingarstjórum og iðnmeisturum viðurkenningu án tillits til búsetu, enda hafi þeir tilskilda menntun og starfsreynslu.

Iðnmeistarar og byggingarstjórar skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir ábyrgist, að byggingarframkvæmdir verði í samræmi við samþykkta uppdrætti og ákvæði laga og reglugerðar þessarar.

2.4.8. Byggingarnefnd getur veitt hönnuðum, iðnmeisturum byggingarstjórum og öðrum, sem bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum, áminningu, ef þeir brjóta í bága við ákvæði laga, reglugerða og samþykkta um byggingarmálefni.

Sé um alvarlegt eða ítrekað brot að ræða getur ráðherra svipt hönnuði löggildingu um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Á sama hátt getur byggingarnefnd svipt iðnmeistara og byggingarstjóra viðurkenningu, sbr. gr. 9.1.4., 9.1.5. og 9.1.6.

2.4.9. Bæjarstjórn getur falið bæjarráði að afgreiða fundargerðir byggingarnefndar á þeim árstíma sem bæjarstjórnarfundir eru ekki haldnir, sbr. VI. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Borgarstjórn Reykjavíkur getur með sama hætti falið borgarráði fullnaðarafgreiðslu á fundargerðum byggingarnefndar. Sama vald hefur og hreppsnefnd, þar sem hreppsráð hefur verið kosið.

2.5. **Verksvið byggingarfulltrúa.**

2.5.1. Sveitarstjórn skipar byggingarfulltrúa að fengnum tillögum byggingarnefndar og telst hann til fastra starfsmanna sveitarfélags.

2.5.2. Byggingarfulltrúi á vegum svæðisbyggingarnefndar, sbr. gr. 2.3. hér að framan, skal ráðinn í samræmi við ákvæði samstarfssamnings, sbr. gr. 2.3.2. og er heimilt að fela svæðisbyggingarnefnd ráðningu hans.

2.5.3. Sveitarstjórn skal setja byggingarfulltrúa erindisbréf að fengnum tillögum byggingarnefndar, og gera við hann skriflegan ráðningarsamning.

2.5.4. Byggingarfulltrúi skal vera arkitekt, byggingarfræðingur, byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur.

2.5.5. Í dreifbýli er heimilt að ráða búfræðikandídat úr tæknideild búnaðarháskóla í stöðu byggingarfulltrúa.

2.5.6. Fáist ekki maður í stöðu byggingarfulltrúa, sem fullnægi skilyrðum gr. 2.5.4. eða 2.5.5. hér að framan, getur sveitarstjórn að tillögum byggingarnefndar (svæðisbyggingarnefndar) ráðið húsasmíðameistara eða múrarameistara til starfsins.

2.5.7. Framangreindir aðilar skulu hafa að minnsta kosti tveggja ára starfsreynslu, sem byggingarnefnd metur gilda.

2.5.8. Þeir sem gengdu störfum byggingarfulltrúa við gildistöku byggingarlaga nr. 54/1978, skulu hafa rétt til að gegna starfi sínu áfram, þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum þeim sem greind eru hér að framan.

2.5.9. Byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri byggingarnefndar. Hann tekur við umsóknum um byggingarleyfi og öðrum erindum til byggingarnefndar og undirbýr fundi nefndarinnar og mál, sem þar verða lögð fram. Hann gengur úr skugga um að byggingaruppdrættir séu í samræmi við skipulag, aðrar reglur og lög um byggingarmál, s.s. reglugerð um brunavarnir, heilbrigðisreglugerð, öryggisreglur og uppfylli kröfur um aðgengi fatlaðra.

2.5.10. Byggingarfulltrúi áritar uppdrætti og gefur út byggingarleyfi.

2.5.11. Byggingarfulltrúi annast eftirlit með því að hús og önnur mannvirki séu byggð í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglur og sér um framkvæmd á ákvörðunum byggingarnefndar. Sama gildir um niðurrif og breytingar á húsum og öðrum mannvirkjum.

2.5.12. Byggingarfulltrúi annast úttektir einstakra þátta byggingarframkvæmda og gefur út vottorð um byggingarstig þeirra eftir því sem aðilar óska, sbr. ÍST 51.

2.5.13. Byggingarfulltrúi annast viðhald og varðveislu uppdrátta, korta og skjala, sem starfi hans tilheyra, svo og skýrslugerð, s.s. um byggingarframkvæmdir í umdæmi hans og skýrslur til opinberra aðila, m.a. til Fasteignamats ríkisins, skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna.

2.5.14. Byggingarfulltrúi annast nafnmerkingu býla og gatna og tölusetningu húsa og lóða samkvæmt ákvörðun byggingarnefndar.

2.5.15. Heimilt er að fela byggingarfulltrúa að annast útmælingu lóða, staðsetningu og hæðarsetningu nýrra húsa og annarra mannvirkja.

2.5.16. Byggingarnefnd og sveitarstjórn geta falið byggingarfulltrúa fleiri verkefni á sviði skipulags- og byggingarmála en nefnd hafa verið hér að framan, ef ástæða þykir til.

2.5.17. Byggingarfulltrúi og starfsmenn hans, svo og byggingarnefndarmenn, skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum, sem verið er að reisa, rífa eða breyta.

2.5.18. Sveitarstjórn (svæðisbyggingarnefnd) skipar aðstoðarmenn byggingarfulltrúa, eftir því sem þörf krefur, að fenginni umsögn hans, og starfa þeir í umboði hans.

Aðstoðarmenn byggingarfulltrúa skulu vera sérfróðir um byggingarmál.

Sveitarstjórn (svæðisbyggingarnefnd) skipar einnig annað starfslið byggingarfulltrúa í samráði við hann.

2.5.19. Byggingarfulltrúi skal eftir föngum hafa eftirlit með því að viðhald húsa og mannvirkja sé viðhlítandi.

2.5.20. Sé ásigkomulag húss eða annars mannvirkis þannig, að hætta geti stafað af og eigandi (umráðamaður) hefur ekki sinnt áskorunum byggingarfulltrúa um úrbætur innan tilskilins frests, sem ekki má vera styttri en einn mánuður, getur byggingarnefnd, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, látið fjarlægja eða rífa mannvirkið á kostnað eiganda (umráðamanns), en gera skal honum aðvart áður.

2.15.21. Nú er viðhaldi eða frágangi húss eða annars mannvirkis ábótavant að dómi byggingarfulltrúa og skal hann þá gera eiganda (umráðamanni) þess viðvart, og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er innan tilskilins frests.

Sinni eigandi (umráðamaður) ekki áskorun byggingarfulltrúa um úrbætur, getur byggingarnefnd ákveðið dagsektir, þar til úr verður bætt.

III. KAFLI.
BYGGINGARLEYFI.

3.1. **Byggingarleyfisumsóknir.**

3.1.1. Hver sá sem óskar leyfis til að grafa grunn, reisa hús eða breyta því eða notkun þess, gera bifreiðastæði eða önnur þau mannvirki, sem hafa áhrif á útlit umhverfisins og ekki eru undanþegin skv. 1. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, sbr. gr. 1.4., skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi byggingarnefndar, ásamt nauðsynlegum uppdráttum og skilríkjum, þar með talið skriflegt samþykki meðeiganda ef um sameign er að ræða.

Áður en leyfi er veitt fyrir nýbyggingu, viðbyggingu eða breytingu á húsi í þegar byggðu hverfi, eða verulegri breytingu á notkun húss, skal nágrönnum, sem byggingarnefnd telur að hagsmuna eigi að gæta, gefinn kostur á að tjá sig um

fyrirhugaða framkvæmd innan mánaðar. Byggingarnefnd getur þó veitt lengri frest ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3.1.2. Ekki geta aðrir lagt fram umsókn en eigandi, lóðarhafi eða fullgildur umboðsmaður hans, og skal umsækjandi undirrita umsóknina eigin hendi.

3.1.3. Umsókn skulu fylgja aðaluppdrættir í fjórum eintökum, nema annað sé ákveðið, ásamt byggingarlýsingu varðandi efnisval o.s.frv. Sé bygging eða starfsemi sérstaks eðlis getur byggingarfulltrúi krafist þess að tilteknir séruppdrættir ásamt sérstakri greinargerð fylgi með umsókn. Ennfremur skal fylgja mæliblað, er sýni götunafn og númer, afstöðu húss og lóðar og hæðarlegu miðað við götu, eftir því sem við á.

Með umsókn skal ennfremur fylgja uppdráttur að brunavörnum byggingar, skiptingu hennar í brunahólf og öðrum ráðstöfunum gegn bruna. Slíkur uppdráttur er hluti aðaluppdrátta og skal áritaður af byggingarfulltrúa.

Þegar um meiriháttar byggingarframkvæmdir er að ræða og þegar gerð er krafa um brunahönnun byggingar sbr. gr. 7.3.2. í byggingarreglugerð, skal aðalhönnuður gera eða láta gera sérstakan uppdrátt að brunavörnum byggingarinnar og senda í tvíriti til Brunamálastofnunar ríkisins til samþykktar áður en umsókn er afgreidd í byggingarnefnd.

Aðalhönnuði er skylt að láta aðra hönnuði byggingar, sbr. gr. 3.3.2. og 3.3.5., fá afrit af uppdráttum að brunavörnum og að annast samræmingu sbr. gr. 3.3. og 3.3.1.

Með umsókn sem varðar atvinnuhúsnæði skal fylgja umsögn Vinnueftirlits ríkisins.

Með umsókn sem varðar byggingu eða starfsemi sem heilbrigðisnefnd ber að hafa eftirlit með, sbr. heilbrigðisreglugerð, þarf að fylgja samþykki heilbrigðisnefndar.

3.1.4. Ef bygging eða starfsemi er sérstaks eðlis, getur byggingarnefnd krafist að eigandi afli frekari vottorða eða umsagna frá öðrum stjórnvöldum eftir því sem hún telur nauðsynlegt.

3.1.5. Sé um fyrirspurn eða minni háttar breytingar að ræða, getur byggingarfulltrúi veitt undanþágu hvað uppdrætti snertir.

3.1.6. Þegar sérstök ástæða þykir til, getur byggingarnefnd krafist þess að gert verði líkan af hlutaðeigandi byggingu.

3.1.7. Þegar sótt er um leyfi til breytinga á húsi eða um breytta notkun húss eða hluta þess, getur byggingarfulltrúi krafist heildarteikninga af húsinu.

3.1.8. Ekki má leyfa byggingar á svæðum þar sem vitað er að tjón hafi orðið af snjóflóði. Sama gildir um staði þar sem vitað er um að tjón hafi orðið af völdum skriðufalla, grjóthruns, flóða eða af völdum annarra náttúruhamfara. Sé um sprungusvæði eða hverasvæði að ræða, skal þess vandlega gætt að byggja ekki ofan á sprungum eða of nálægt hverum. Veita má undanþágu frá þessu ákvæði ef gerðar eru öryggisráðstafanir sem byggingarnefnd og Viðlagatrygging Íslands meta gildar.

3.1.9. Málefni sem leggja á fyrir byggingarnefnd, skulu komin til byggingarfulltrúa eigi síðar en viku fyrir fund, nema byggingarnefnd ákveði annan frest.

3.1.10. Með byggingarleyfisumsókn skal fylgja árituð yfirlýsing burðarþolshönnuðar um að hann taki að sér að hanna burðarkerfi sem sé í samræmi við aðaluppdrátt viðkomandi byggingar.

3.1.11. Sækja skal um leyfi til byggingarnefndar ef fyrirhugað er að klæða og/eða einangra byggingu að utan, breyta burðarvirki vegna endurnýjunar eða viðgerð er fyrirhuguð á byggingu sem hefur í för með sér niðurbrot og endurgerð hluta burðarvirkis t.d. veggja og svala, sbr. einnig gr. 3.1.1.

Með umsókn skal m.a. fylgja skrifleg greinargerð burðarþolshönnuðar um ástand þess burðarvirkis sem klæða á.

Á aðaluppdrætti skal sýna útlit byggingar fyrir og eftir breytingu, sbr. einnig gr.3.2.8., og skal m.a. gera grein fyrir áferð, lit, efni og stærð klæðningar eftir því sem við á, sjá ennfremur gr. 5.13. Á séruppdrætti skal m.a. gera grein fyrir frágangi og festingum.

Með umsókn sem varðar niðurbrot og endurgerð burðarvirkis skulu fylgja séruppdrættir og útreikningar sbr. gr. 3.3.2. og 3.3.4.

Iðnmeistarar skulu árita uppdrætti eða yfirlýsingu um að þeir taki að sér umsjón með framkvæmdum og ábyrgð á þeim sbr. gr. 4.2.

Um efni sem notuð eru til klæðningar, viðgerða og yfirborðsmeðhöndlunar gilda ákvæði byggingarreglugerðar, sbr. gr. 7.0.3. og 7.2.7.

3.1.12 Tilkynna skal til byggingarfulltrúa þegar sprungu- og/eða múrviðgerð er fyrirhuguð á þeim flötum bygginga sem verða fyrir áhrifum veðurs. Minni háttar yfirborðsviðgerð, t.d. vegna undirbúnings málningarvinnu, þarf ekki að tilkynna.

Með tilkynningu hönnuðar sem umsjón hefur með verkinu skal fylgja skrifleg greinargerð um eðli verksins, hver hafi eftirlit með verkinu og hver sjái um framkvæmd þess.

Iðnameistarar sem taka að sér framkvæmd slíkra verka skulu hafa sérþekkingu á viðhaldsvinnu og árita yfirlýsingu um ábyrgð sína sbr. gr. 4.1., 4.2., 4.4. og 4.4.6.

Um efni sem notuð eru til viðgerða og yfirborðsmeðhöndlunar gilda ákvæði byggingarreglugerðar, sbr. gr. 7.0.3. og 7.2.7.

3.2. **Aðaluppdrættir.**

3.2.1. Uppdrættir skulu gerðir á haldgóðan pappír, vera skýrir og þannig frá þeim gengið að þeir máist ekki við geymslu. Við gerð uppdrátta skal nota þau tákn sem gildandi og leiðbeinandi staðlar gera ráð fyrir, sbr. gr. 1.7. og Viðauka 1 með gildandi staðlalista.

3.2.2. Nota skal mátkerfi ÍST 20 og ÍST 21 eftir því sem við verður komið og jafnan þegar um fjölbýlishús er að ræða með 4 eða fleiri íbúðum.

3.2.3. Stærðir uppdrátta skulu vera skv. ÍST 1; A2 (420x594mm), A1 (594x841mm), eða A0 (841x1189mm).

Efst í hægra horni skal afmarkaður 70x100mm stór reitur til áritunar fyrir byggingarfulltrúa.

3.2.4. Uppdráttur að húsi skal að jafnaði vera í mælikvarða 1:100 og sýna grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðar húss og lóðar og allar hliðar. Á uppdrátt skal rita öll helstu mál í metramáli og til hvers nota skal hvert einstakt herbergi og ennfremur nettó flatarmál hvers þeirra.

Málsetja skal byggingu á aðaluppdrætti þannig að unnt sé að flatarmáls- og rúmmálsreikna bygginguna í heild og einstök herbergi.

Í fjölbýlishúsum skulu íbúðir merktar í samræmi við reglur Fasteignamats ríkisins.

Á uppdrætti skal tilgreina hvaða íbúðum hver sérgeymsla eða stakt herbergi tilheyrir.

Á uppdráttum skal sýna fyrirkomulag innréttinga í eldhúsi, baði, svefnherbergjum og stofu, svo og staðsetningu fastra skápa, sbr. ÍST 22.

Tilgreina skal hæð á neðsta gólfi miðað við hæðarkerfi viðkomandi sveitarfélags, en götuhæð þar sem hæðarkerfi er ekki fyrir hendi.

Ennfremur skal á uppdrætti, er sýnir grunnflöt jarðhæðar, gera grein fyrir hæðarlegu lóðar eins og hún er og eins og ætlast er til að hún verði gagnvart götu og lóðum, sem að henni liggja.

3.2.5. Á uppdrætti í mkv. 1:500 skal sýna áttir og afstöðu þess sem sótt er um, til aðlægra mannvirkja, ennfremur afstöðu lóðar til gatna og grannlóða, ásamt öllum mannvirkjum, sem fyrir eru eða hafa verið samþykkt, í minnst 30 metra fjarlægð og skal málsetja fjarlægð til þeirra.

Á uppdrætti skal sýna, hvernig haga skuli aðkomu að húsi og lóð, leiksvæði barna, bifreiðastæðum, gróðri og öðru er varðar skipulag lóðarinnar.

3.2.6. Á uppdrætti skal rita flatarmál lóðar og byggingar, svo og samanlagt gólfflatarmál hússins. Ennfremur nýtingarhlutfall miðað við lóðarstærð, en nýtingarhlutfall er samanlagður gólfflötur deilt með lóðarstærð, sbr. skipulagsreglugerð nr. 318/1985.

3.2.7. Sé um fjölbýlishús að ræða, skal rita skiptiflatarmál hverrar einstakrar íbúðar eða skiptiflatarmál hverrar séreignar, ef um önnur sameignarhús en íbúðarhús er að ræða, svo og sameignarflatarmál í húsinu, sbr. ÍST 50. Þá skal einnig rita heildarrúmmál hússins á uppdrætti. Heildarflatarmáls og rúmmáls innbyggðra bifreiðageymslna skal sérstaklega getið á uppdrætti.

3.2.8. Ef hús er í samfelldri húsaröð, skal sýna aðlægar húshliðar.

Ef um breytingar á húsi er að ræða, skal á uppdrætti sýna húsið eins og það lítur út, fyrir og eftir breytingu.

3.2.9. Á uppdrætti skal gera grein fyrir öllum þeim kvöðum, sem máli geta skipt í sambandi við byggingu þá, sem leyfisbeiðni fjallar um, og fyrirhugaðri starfsemi í húsinu.

3.2.10. Þegar um er að ræða byggingu fyrir atvinnurekstur, samkomuhús eða annars konar hús, sem ætla má að þurfi mikla raforku, þar á meðal íbúðarhús með fleiri íbúðum en 24, skal sýna á uppdrætti hvar koma megi fyrir á lóð, eða í húsi, rafmagnsspennistöð, er fullnægi kröfum hlutaðeigandi rafmagnsveitu. Heimilt er að víkja frá þessu, ef fyrir liggur vottorð rafmagnsveitunnar um að slíks sé ekki þörf.

3.2.11. Umsækjendum skal tilkynna skriflega hvaða afgreiðslu mál þeirra hafa fengið innan viku frá því er sveitarstjórn afgreiddi málið.

3.3. **Séruppdrættir.**

Séruppdrættir eru uppdrættir hönnuðar aðaluppdráttar, burðarþolshönnuðar og hönnuða tæknibúnaðar. Í þeim skal gera nákvæma grein fyrir málsetningum, burðarvirkjum, frágangi einstakra byggingarhluta, tæknibúnaði og öðru því sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að fullgera byggingu að utan og gera hana tilbúna undir tréverk, sbr. ÍST 51 um byggingarstig húsa.

Skylt er að láta byggingarfulltrúa í té séruppdrætti, samþykkta, samræmda og áritaða af aðalhönnuði, sbr. gr. 3.3.9. og gr. 3.5.4., áður en úttekt er gerð á undirstöðum, sbr. gr. 3.3.5.

Séruppdrættir eru háðir samþykki byggingarfulltrúa og skulu áritaðir af honum.

Byggingarfulltrúa er heimilt að veita undanþágu frá skilafresti séruppdrátta. Þó skulu ávallt liggja fyrir hjá byggingarfulltrúa samþykktir og samræmdir séruppdrættir áður en framkvæmdir hefjast við viðkomandi verkþátt.

Byggingarfulltrúa er ekki heimilt að gera úttektir á byggingum, sbr. gr. 4.11., nema fyrir liggi samþykktir og samræmdir séruppdrættir.

Á séruppdrætti skal vísa til dagsetningar og númers samþykktar byggingarnefndar á viðkomandi aðaluppdrætti.

3.3.1. Hönnuður aðaluppdrátta skal m.a. sýna á málsettum séruppdráttum í mkv. 1:50 eða stærri mkv., allar grunnmyndir, þversneiðar og útlit byggingar þannig að byggja megi eftir þeim. Á séruppdráttum skal m.a. sýna fastar innréttingar og niðurhengd loft, sjá ennfremur gr. 3.3.4.

Í séruppdráttum í mvk. 1:10 eða stærri mkv., skal hönnuður aðaluppdrátta m.a. gera grein fyrir því er varðar frágang húss að utan t.d. frágangi þaka, svo sem við brúnir og kanta, frágangi útloftaðra útveggjaklæðninga og þaka, frágangi glugga og hurða, frágangi lagna sbr. gr. 8.1.8. og 8.1.11., og öðru því er varðar frágang húss sbr. gr. 3.3.4. og gr. 7.5.9.

3.3.2. Hönnuður burðarvirkis skal á séruppdráttum sýna burðarþolsuppdrátt, í mkv. 1:50 og/eða stærri mkv., þar sem gerð er nákvæm grein fyrir burðarvirkjum byggingar eða mannvirkis. Burðarþolsuppdráttum skulu fylgja útreikningar á burðarþoli byggingar. Bæði uppdrættir og útreikningar skulu vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar og staðla og eru háðir samþykki byggingarfulltrúa.

Byggingarfulltrúa er heimilt að veita undanþágu frá því að lagðir séu fram burðarþolsútreikningar fyrir einbýlishús, parhús, raðhús og minniháttar byggingar. Þó skulu fylgja útreikningar á burðarþoli timbur- og málmgrindarhúsa sem eru stærri en 60 m^2 að gólffleti.

Sé um sérstök eða vandasöm burðarvirki að ræða getur byggingarfulltrúi krafist þess að annar aðili en hönnuður, sem byggingarfulltrúi viðurkennir, fari yfir og samþykki útreikninga og burðarþolsuppdrætti á kostnað byggingarleyfishafa.

3.3.3. Á jarðaskjálftasvæðum skal fylgja ákvæðum ÍST 13.

3.3.4. Skylt er að láta byggingarfulltrúa í té séruppdrætti í mkv. 1:50 og 1:10 að byggingarhlutum, er verulegu máli skipta varðandi öryggi, s.s. stigum, svölum, svalagöngum, skábrautum og rúllustigum ásamt handriðum þeirra, og að lyftum og lyftubúnaði, sbr. gr. 8.2.1.13., 8.2.1.32.-39, 8.2.2.8. og 8.2.3.4.

3.3.5. Hönnuðir tæknibúnaðar skulu gera séruppdrætti í mkv. 1:50 að vatnslögn, slökkvilögn, hitalögn, loftræstilögn, holræsalögn, þ.m.t. frárennslislagnir frá baði og eldhúsi, rafmagnslögn, brunaviðvörunarkerfum, símalögn og lögn fyrir útvarp, sjónvarp og dyrasíma og fer um afgreiðslu á þeim eftir reglugerðum, sem um þessi efni fjalla og skulu þessir uppdrættir, svo og aðrir séruppdrættir liggja fyrir samþykktir og samræmdir, áður en úttekt er gerð á undirstöðum.

Um lagnir gilda ÍST 62 Mannvirkjateikningar -lagnir- tákn fyrir tæki í hita- og loftræsikerfum, ÍST 65 Frárennslislagnir í jörðu, ÍST 67 Vatnslagnir, ÍST 68 Fráveitulagnir í húsum, ÍST 69.1 Ofnar fyrir miðstöðvar- og hitaveitukerfi. Hluti 1 - Stálofnar, ÍST 117 Raflagnatákn, ÍST ISO 4067/1 Tækniteikningar – lagnir – 1. hluti: Teiknitákn fyrir fráveitu-, neysluvatns-, hita- og loftræstilagnir, ÍST ISO

4067/2 Tækniteikningar -lagnir- 2. hluti: Einföld myndtákn fyrir hreinlætistæki og ÍST ISO 4067/6 Tækniteikningar -lagnir- 6. hluti: Teiknitákn fyrir vatnsveitu- og holræsalagnir í jörðu.

3.3.6. Í húsum þar sem skylt er að hafa brunaviðvörunarkerfi samkvæmt gr. 8.1.20.4 og 8.1.20.5. eða annan sérstakan eldvarnarbúnað, skal sýna á sérteikningu lagnir fyrir þann búnað.

3.3.7. Ef ástæða er til, getur byggingarfulltrúi veitt skilafrest á einstökum uppdráttum.

3.3.8. Byggingarfulltrúi getur krafist þess, að umsækjandi láti í té séruppdrætti í tilteknum mælikvarða af einstökum hlutum mannvirkis og láti að öðru leyti í té þær upplýsingar, sem hann telur þörf á og máli geta skipt um fyrirhugaða byggingu, umfram þess sem krafist er í gr. 3.3. um séruppdrætti.

3.3.9. Skylt er þeim, er gerir aðaluppdrátt, að sjá um að samræmi sé milli uppdrátta af hlutaðeigandi byggingu, þar á meðal séruppdrátta og skal hann árita þá áður en þeir eru sendir til byggingarfulltrúa. Í því sambandi ber að gæta þess, að svo sé frá uppdráttum gengið, að burðarþol verði ekki skert frá því sem burðarþolsuppdrættir gera ráð fyrir, og ákvæðum brunamálareglugerðar sé fullnægt.

3.3.10. Um uppdrætti að girðingum, auglýsingaspjöldum og öðru slíku, skal fara eftir ákvæðum þessa kafla eftir því sem við getur átt.

3.4. **Byggingarleyfi.**

3.4.1. Óheimilt er að hefja byggingarframkvæmdir, þar með talinn grunngröft eða breytingar á húsi, nema leyfi byggingarnefndar sé fyrir hendi. Byggingarfulltrúi getur krafist þess, að gerð verði jarðvegskönnun þar sem ástæða þykir til.

3.4.2. Fyrir hvert byggingarleyfi skal greiða gjald skv. gr. 9.2. og öðlast byggingarleyfi ekki gildi fyrr en byggingarleyfisgjaldið og önnur gjöld, er sveitarstjórn kann að ákveða og varða bygginguna, hafa verið innt af hendi.

3.4.3. Ekki má nota byggingarleyfi fyrr en byggingarmeistarar eða byggingarstjóri, ef hann er ráðinn, hafa áritað hina samþykktu uppdrætti eða yfirlýsingu um ábyrgð sína og fengið í hendur mæligögn frá byggingarfulltrúa.

Ennfremur þurfa aðrir iðnmeistarar að árita samþykkta uppdrætti, áður en byrjað er á framkvæmd viðkomandi verkþátta. Jafnframt áritun byggingarmeistara á samþykktan uppdrátt þarf yfirlýsingu rafvirkja um að hann sjái um að fullnægja kröfum hlutaðeigandi rafveitu hvað snertir inntakspípu í grunn og botnplötu fyrir heimtaug.

3.4.4. Áður en byggingarnefnd veitir byggingarleyfi fyrir húsi, skal hún ganga úr skugga um, að byggingin sé í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag, ef um þéttbýli er að ræða, sbr. 1. mgr. 4. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 og 4. mgr. 9. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.

3.4.5. Byggingarleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda, sem brjóta í bága við skipulag og ákvæði laga og reglugerða, eða rétt annarra.

3.4.6. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef byggingarframkvæmdir eru ekki hafnar innan 12 mánaða frá því að leyfið var gefið út. Byggingarframkvæmdir teljast hafnar, þegar undirstöður hafa verið steyptar.

Nú stöðvast byggingarframkvæmdir eitt ár eða lengur, og getur byggingarnefnd þá fellt úr gildi þann hluta leyfisins, sem ekki er farið að nota.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta, getur sveitarstjórn, að fengnum tillögum byggingarnefndar, með sex mánaða fyrirvara, lagt dagsektir á byggingarleyfishafa, sbr. gr. 9.1.2., eða tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi skv. lögum um framkvæmd eignarnáms.

Sveitarstjórn er heimilt að setja strangari ákvæði en að framan greinir um byggingarhraða í byggingarskilmálum.

3.4.7. Áður en veitt er leyfi til að rífa eða fjarlægja hús eða annað mannvirki, skulu liggja fyrir upplýsingar um hver eigi að standa fyrir og bera ábyrgð á verkinu. Byggingarfulltrúi getur sett nánari skilyrði um hvernig að slíku verki skuli staðið, þannig að gætt sé fyllsta öryggis.

Áður en byggingarnefnd veitir leyfi til að rífa hús, skal hún ganga úr skugga um að gætt hafi verið ákvæða laga um friðun húsa og annarra mannvirkja.

3.4.8. Við hönnun og staðsetningu á byggingum utan þéttbýlis skal þess sérstaklega gætt að þær falli sem best að umhverfi sínu að mati lögboðinna umsagnaraðila og byggingarnefndar.

Þegar sótt er um leyfi fyrir byggingum á lögbýlum, nýbýlum, garðyrkjubýlum eða öðrum smábýlum utan þéttbýlis, skal, auk byggingaruppdrátta, fylgja afstöðuuppdráttur, að jafnaði í mkv. 1:1000, þar sem sýndar eru m.a. þær byggingar sem fyrir eru í næsta nágrenni og aðkomuvegur frá sýslu- eða þjóðvegakerfi eftir því sem slíku verður við komið.

Ennfremur skal sýna og gera grein fyrir vatnsbóli og hvernig frárennsli og rotþróm verði fyrir komið, sbr. ÍST 65 og ÍST 68. Sé um rafmagn, hitaveitu eða síma að ræða, skal einnig gera grein fyrir slíkum leiðslum og staðsetningu spennistöðva.

Áður en byggingarnefnd veitir leyfi fyrir byggingum utan skipulags, annarra en á lögbýlum með hefðbundnum búskap, skal liggja fyrir umsögn frá jarðanefnd, heilbrigðisnefnd og náttúruverndarnefnd, ásamt samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og skipulagsstjórnar ríkisins, sbr. 2. mgr. 5. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Sé um sérstætt landssvæði að ræða vegna landslags, gróðurfars eða dýralífs, skal ávallt leita umsagnar Náttúruverndarráðs áður en byggingar eru leyfðar þar. Jafnan skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs um beiðnir er varða skipulagningu sumarbústaðahverfa.

3.4.9. Ákvæði byggingarreglugerðarinnar gilda um verksmiðjuframleidd hús og málmgrindarhús eftir því sem við á, m.a. þarf iðnmeistari sá, er annast uppsetningu hússins, að undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína. Seljandi ber ábyrgð á göllum á verksmiðjuframleiddum húsum eftir almennum reglum.

Þegar um er að ræða verksmiðjuframleidd hús (eininga- eða málmgrindarhús) og byggingareiningar skulu byggingarfulltrúar og byggingarnefndir krefja hlutaðeigandi innflytjendur eða framleiðendur um vottorð frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og Brunamálastofnun ríkisins, um að þau standist þær styrkleika- og gæðakröfur sem gerðar eru samkvæmt gildandi byggingarlögum, byggingarreglugerð, stöðlum og brunamálareglugerð.

3.4.10. Þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli, er sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi eftir því sem þörf er á, nema sérstakur fyrirvari hafi verið gerður í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

3.5. **Réttindi til uppdráttagerðar.**

3.5.1. Rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum og árita þá hafa arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar, hver á sínu sviði, svo og búfræðikandídatar úr tæknideildum búnaðarháskóla að því er landbúnaðarbyggingar varðar, enda hafi framangreindir aðilar öðlast tveggja ára viðurkennda starfsreynslu á sínu sviði þar af a.m.k. eins árs starfsreynslu hér á landi. Þeir sem hlotið höfðu þennan rétt áður en byggingarlög nr. 54/1978 gengu í gildi, halda honum.

3.5.2. Réttur til að gera uppdrætti er háður löggildingu, sem umhverfisráðherra veitir, að fenginni umsögn hlutaðeigandi stéttarfélags og skipulagsstjórnar ríkisins. Þeir sem gert hafa uppdrætti í einstökum byggingarnefndarumdæmum fyrir gildistöku byggingarlaga nr. 54/1978 halda þeim staðbundnu réttindum. Ennfremur getur ráðherra veitt öðrum en þeim, er gr. 3.5.1. tekur til, slík staðbundin réttindi, að fengnum meðmælum viðkomandi byggingarnefndar.

3.5.3. Heimilt er að samræma tvö eða fleiri starfssvið varðandi séruppdrætti fyrir einstök mannvirki.

3.5.4. Hönnuður aðaluppdrátta skv. gr. 3.5.1. skal undirrita þá eigin hendi og ber hann fulla ábyrgð á að þeir séu í samræmi við skipulag, lög og reglugerðir. Hann skal einnig annast samræmingu séruppdrátta eftir því sem nauðsynlegt er hverju sinni nema öðrum hæfum aðila sé falið það verk.

Sá sem gerir burðarþolsteikningar og aðrar sérhlutateikningar skal undirrita þær eigin hendi og bera fulla ábyrgð á að viðkomandi mannvirki standist þær kröfur sem til þess eru gerðar samkvæmt reglugerð þessari, enda hafi verið fylgt að fullu uppdráttum hans, verklýsingum og skriflegum fyrirmælum.

3.5.5. Byggingarfulltrúum og starfsmönnum þeirra er óheimilt að gera uppdrætti að byggingu í hlutaðeigandi byggingarnefndarumdæmi, nema sérstaklega standi á, enda hafi byggingarnefnd fyrirfram veitt til þess samþykki sitt.

3.5.6. Varðveita skal sem ljósrit eða örfilmu a.m.k. eitt eintak af öllum samþykktum uppdráttum byggingarmannvirkja (aðaluppdráttum og séruppdráttum) og öðrum hönnunargögnum í skjalasafni byggingarfulltrúa.

IV. KAFLI.
UMSJÓN MEÐ BYGGINGARFRAMKVÆMDUM.

4.1. Þeir meistarar einir mega hafa umsjón með og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum, hver á sínu sviði, sem til þess hafa hlotið viðurkenningu byggingarnefndar sem í hlut á og fullnægja að öðru leyti skilyrðum sem sett eru í lögum og reglugerðum einstakra veitustofnana. Byggingarnefnd getur sett sérstakar reglur um hvaða skilyrðum meistarar þurfa að fullnægja til að hljóta viðurkenningu, sbr. gr. 2.4.7.

4.2. Áður en framkvæmdir hefjast, skulu hlutaðeigandi meistarar rita á samþykktan uppdrátt, eða á þar til gerð eyðublöð, að þeir taki að sér umsjón með framkvæmdum. Með þeirri áritun tekur meistari á sig þá ábyrgð að framkvæmdir verði í samræmi við samþykkta uppdrætti, veitt leyfi, lög og reglur sem til greina kunna að koma.

4.3. Ef meistari hættir umsjón með framkvæmdum áður en verki er lokið, skal það tilkynnt til byggingarfulltrúa. Skal þá fara fram úttekt á þeim hluta byggingar sem lokið er og má ekki halda áfram framkvæmdum, fyrr en annar meistari hefur áritað uppdrætti og tekið við framkvæmdum. Fráfarandi meistari er þó ábyrgur fyrir þeim hluta verksins, sem hann hafði umsjón með.

4.4. **Ábyrgð iðnmeistara.**

4.4.1. Húsasmíðameistari, sem áritað hefur uppdrátt, ber m.a. ábyrgð:
á allri trésmíðavinnu við bygginguna,
á steypumótum, svo og á öllum stokkum og götum sem í þau koma,
á lögnum er varða sjálfsogandi loftræstingu, eða stokkum, fyrir slíkar lagnir, sem settir eru í steypumót, svo og að gengið sé frá þakrennum og niðurföllum á viðurkenndan hátt, sbr. gr. 4.4.5.,
á að lóð sé jöfnuð í rétta hæð,
á frágangi einangrunar, sem lögð er laus á plötu eða í grind, og ef hún er sett í steypumót.

Heimilt er að húsasmíðameistari annist og beri ábyrgð á grunngreftri, sprengingum og fyllingu í og við grunn og þjöppun.

4.4.2. Múrarameistari, sem áritað hefur uppdrátt, ber m.a. ábyrgð:
á grunngreftri og sprengingum,
á allri steinsteypu, niðurlögn hennar, múrvinnu og ílögn gólfa, þ.m.t. afrennslisgólfa,
á allri járnalögn,
á fyllingu í og við grunn og þjöppun hennar,
á frágangi á einangrun, sem límd er á stein.

4.4.3. Pípulagningarmeistari, sem áritað hefur uppdrátt, ber m.a. ábyrgð:
á öllum frárennslis- og jarðvatnslögnum, og efstu fyllingu undir og að slíkum lögnum, ásamt útloftun þeirra og hæðarsetningu niðurfalla,
á lögnum varðandi hitakerfi, heitt og kalt vatn og einangrun slíkra lagna,
á uppsetningu hreinlætistækja og tengingu þeirra,
á tengingu þak- og svalaniðurfalla við frárennslislögn,
á að rotþrær séu gerðar samkvæmt uppdráttum,
á uppsetningu kynditækja og eldvarnarbúnaðar að því er varðar hans starfssvið.

4.4.4. Rafvirkjameistari ber m.a. ábyrgð á uppsetningu kynditækja og eldvarnarbúnaði að því er verksvið hans varðar og á hverskonar raflögnum, sbr. reglugerð 264/1971 um raforkuvirki og sérreglugerðir einstakra rafveitna.

4.4.5. Blikksmíðameistari, sem áritað hefur uppdrátt ber m.a. ábyrgð:
á þakrennum og niðurföllum bæði frá þökum og svölum,
á læstum eða lóðuðum þunnplötuklæðningum,
á lögnum er varða loftveitukerfi bæði sjálfdragandi og vélrænu,
á lögnum lofthitakerfa að því er varðar hans starfssvið,
á að gengið sé frá stjórnbúnaði loftveitukerfa og á eldvarnarlokum loftveitukerfa.

4.4.6. Aðrir meistarar bera ábyrgð hver á sínu sviði eftir því sem við á. Þannig ber t.d. járnsmíðameistari ábyrgð á málmgrindarhúsi á sínu verksviði, o.s.frv.
Iðnmeistarar skulu sækja um viðurkenningu byggingarnefndar sbr. gr. 4.1.
Ef ágreiningur verður um starfssvið iðnmeistara við tiltekið verk sker byggingarfulltrúi úr, en skjóta má úrskurði hans til umhverfisráðuneytisins.

4.5. **Byggingarstjórar.**

Heimilt er við gerð hvers mannvirkis að hafa einn ábyrgan aðila, sem nefnist byggingarstjóri.

Byggingarnefnd veitir byggingarstjórum viðurkenningu til að standa fyrir byggingu hvers einstaks mannvirkis.

Sé ekki ráðinn sérstakur byggingarstjóri, skal húsasmíðameistari eða annar iðnmeistari, sem byggingarfulltrúi viðurkennir, samræma framkvæmdir við bygginguna eftir því sem þörf krefur.

Byggingarstjóri skal áður en byggingarframkvæmdir hefjast undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína á þar til gerð eyðublöð. Með þeirri áritun tekur byggingarstjóri á sig ábyrgð gagnvart byggingarnefnd og öðrum aðilum á því, að framkvæmdir allar verði í samræmi við samþykkta uppdrætti og reglugerðir og lög þar að lútandi.

4.6. Byggingarstjórar skulu hafa staðgóða þekkingu á byggingarmálum, svo sem úrlestri teikninga, lögum og reglum varðandi byggingar og minnst tveggja ára starfsreynslu, þar af a.m.k. eins árs starfsreynslu hér á landi, sem verkstjórar við byggingarmannvirki eða menntun, sem jafngildir henni. Byggingarnefnd getur krafist vottorða, sem sanni framangreinda hæfni og starfsreynslu, áður en hún veitir byggingarstjórum viðurkenningu. Sé um sérstaklega vandasamt mannvirki eða byggingu að ræða, getur byggingarnefnd gert strangari kröfur til hæfni og starfsreynslu byggingarstjóra en ella.

4.7. Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks í samráði við eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Sama gildir um uppsögn iðnmeistara. Hann ber ábyrgð á að fylgt sé lögum og reglum um öryggi á vinnustað.

Ef byggingarstjóri segir iðnmeistara upp störfum, ber hann ábyrgð á að laun og aðrir kostnaðarliðir hans séu greiddir áður en annar iðnmeistari er ráðinn, nema annað sé tekið fram í samningi þeirra á milli. Framangreind ábyrgð byggingarstjóra rýrir þó á engan hátt greiðsluskyldu húseiganda. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra og verksvið hans gagnvart eiganda byggingarframkvæmda og iðnmeistara eftir samningum þeirra.

4.8. Ef byggingarstjóri, af einhverjum ástæðum, hættir umsjón með framkvæmdum áður en verki hans er lokið, skal það tilkynnt byggingarfulltrúa, og skal þá fara fram úttekt á þeim hluta byggingar sem lokið er. Ef þeir viðurkenndir meistarar, sem fyrir eru á verkinu, samþykkja að taka að sér ábyrgð byggingarstjóra með samþykki húseiganda, þarf ekki annar byggingarstjóri að taka við. Ef slík tilhögun er ekki samþykkt af meisturum og eiganda, má ekki halda áfram framkvæmdum fyrr en annar byggingarstjóri hefur tekið við.

Fráfarandi byggingarstjóri ber þó fulla ábyrgð á þeim hlutum, sem þegar hafa verið framkvæmdir, og samkvæmt ákvæðum gr. 4.7.

4.9. Ákvæði gr. 4.5. - 4.8. hagga á engan hátt réttindum og skyldum byggingariðnaðarmanna, sveina og meistara, samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978 og öðrum lögum og skulu iðnmeistarar undirrita yfirlýsingu sína, sbr. gr. 4.2., eigin hendi.

4.10. Byggingarleyfishafa, meisturum eða byggingarstjóra er skylt að sjá svo um, að aflað sé nauðsynlegra heimilda í sambandi við byggingarframkvæmdir, eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir.

4.11. **Úttektir.**
Hlutaðeigandi byggingarmeistarar eða byggingarstjórar skulu, með minnst sólarhrings fyrirvara, tilkynna byggingarfulltrúa um úttektir á eftirfarandi byggingarstigum:
1. Jarðvegsgrunni, áður en byrjað er á mótauppslætti eða fyllingu í slíkan grunn.
2. Undirstöðuveggjum.
3. Lögnum í grunni, þ.m.t. rör fyrir rafmagnsheimtaug áður en hulið er yfir.
4. Raka- og vindvarnarlögum.
5. Grunni, áður en botnplata er steypt.
6. Járnalögnum.
7. Grind, bitum og þaki, áður en klætt er.
8. Frágangi á klæðningu þaka, bæði úr timbri og öðrum efnum, þ.á m. á neglingu þakjárns eða öðrum tilsvarandi frágangi.
9. Frágangi á ystu klæðningu veggja.
10. Hita- og hljóðeinangrun.
11. Vatns-, frárennslis- og hitalögnum og einangrun þeirra.
12. Tækjum og búnaði loftræsi- og lofthitunarkerfa og stokklögnum fyrir slíkan búnað.
13. Lokaúttekt, þegar hús er fullbúið varðandi frágang allan þ.á m. brunavarnir, sbr. gr. 1.1.7. í brunamálareglugerð.

4.12. Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum eða hylja lagnir án samþykkis byggingarfulltrúa. Hlutaðeigandi meistara eða byggingarstjóra er skylt að vera á staðnum, þegar úttekt á framangreindum framkvæmdum fer fram. Í þessu sambandi skal byggingarfulltrúi fylgja ákvæðum þeirra samþykkta og reglugerða, sem til greina koma við hvern hluta verksins.

4.13. Þegar um er að ræða stórhýsi eða meiriháttar mannvirki getur byggingarfulltrúi krafist þess að byggjandi ráði sér sérstakan eftirlitsmann sem byggingarfulltrúi viðurkennir. Einnig getur byggingarfulltrúi krafist þess að hlutaðeigandi hönnuðum sé falið að annast eftirlit með ákveðnum hlutum verks, ef um sérstaklega flókin eða vandasöm verk er að ræða.

4.14. Byggingarfulltrúa er heimilt að fella niður úttekt á einstökum verkþáttum hjá iðnmeisturum sem starfað hafa í hans umdæmi í a.m.k. þrjú ár samfellt með sérlega góðum árangri. Þó er ekki heimilt að fella niður lokaúttekt sbr. gr. 4.11. tl. 13.

4.15. Ef um sérstakar framkvæmdir er að ræða eða nýja byggingartækni sem krefst annarra viðbragða í úttektum byggingarfulltrúa en venjulega, er honum heimilt að semja um slíkt hverju sinni við hlutaðeigandi iðnmeistara.

4.16. Ef forsendur er varða burðarþol bygginga (m.a. grunns) breytast á byggingartímanum vegna t.d. frosta, vatnsaga, jarðskjálfta, eldsvoða eða annarra ófyrirséðra atvika, skulu byggingarframkvæmdir stöðvaðar og eigi hafnar að nýju fyrr en byggingarfulltrúi heimilar. Sama gildir um byggingarframkvæmdir, sem af öðrum ástæðum hafa stöðvast og legið niðri um langa hríð.

4.17. **Byggingarvinnustaðir.**
Meðan á verki stendur, er meisturum og byggingarstjórum jafnan skylt að hafa til taks á vinnustað eftirrit af samþykktum uppdráttum, árituðum af byggingarfulltrúa eða starfsmönnum hans.

4.18. Meisturum og byggingarstjóra er skylt að sjá um að sem minnst hætta, óþrifnaður eða önnur óþægindi stafi af framkvæmdum og að viðhafðar séu fyllstu öryggisráðstafanir, eftir því sem aðstæður leyfa. Þá skulu meistarar og byggingarstjóri sjá til þess að vinnustaðir séu merktir með götunafni og númeri.

4.19. Meisturum og byggingarstjóra er skylt, ef byggingarfulltrúi ákveður, að sjá svo um að hindruð sé umferð óviðkomandi aðila um vinnustað. Ef grunnur stendur óhreyfður um langan tíma, getur byggingarfulltrúi ákveðið að hann skuli afgirtur á fullnægjandi hátt, eða fylltur ella.

Ef byggingarvinnustaður liggur við götu, eða svo nálægt götu að hætta geti stafað af fyrir vegfarendur, skal afgirða hann, þó þannig að ekki hindri umferð fótgangandi um götuna.

4.20. Um gerð og frágang vinnupalla og öryggisbúnað á byggingarvinnustöðum skal farið eftir lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum settum samkvæmt þeim. Byggingarfulltrúi getur sagt fyrir um gerð og frágang vinnupalla og um aðrar öryggisráðstafanir á byggingarvinnustað, þar sem hann telur þörf á.

Byggingarfulltrúi getur heimilað, að bráðabirgðagangstétt sé sett út í akbraut og krafist þess að hlífðarþak sé sett yfir gangstétt þar sem honum þykir ástæða til.

4.21. Um meðferð eiturefna og annarra hættulegra efna skal fara eftir lögum nr. 52/1988 um eiturefni og önnur hættuleg efni, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 74/1982 um brunavarnir og brunamál og reglugerðum settum samkvæmt þessum lögum.

4.22. Um meðferð sprengiefna og geymslu á þeim fer eftir lögum nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda og reglugerð, sem sett hefur verið samkvæmt þeim, svo og eftir brunamálareglugerð.

4.23. Skylt er að setja upp húsnæði ásamt salerni fyrir starfsmenn á vinnustað, samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins um húsnæði vinnustaða. Byggingarfulltrúi skal segja fyrir um staðsetningu og frágang slíkrar aðstöðu, og ákveða hvenær hún skuli fjarlægð. Við minni háttar byggingarframkvæmdir og þar sem sérstaklega stendur á, getur byggingarfulltrúi veitt undanþágu frá þessu ákvæði. Sé óskað eftir vinnuheimtaug í slíkt húsnæði, þarf viðkomandi rafveita að samþykkja staðsetningu þess.

4.24. Verði misbrestur á að fylgt sé reglum skv. þessum kafla getur byggingarfulltrúi, ef aðvörunum hans er ekki sinnt, stöðvað framkvæmdir uns úr hefur verið bætt.

4.25. Óheimilt er lóðarhafa að raska lögnum, t.d. vatnslögnum, holræsalögnum, rafmagns- eða símaköplum sem liggja um lóð hans og aðrir nota, nema með leyfi viðkomandi stofnana.

V. KAFLI.
YTRA SKIPULAG, LÓÐIR OG VIÐHORF HÚSA.

5.1 **Nýting lóða.**

5.1.1. Hverju húsi skal að jafnaði fylgja óbyggð lóð, og fer stærð hennar eftir notkun hússins og skipulagsákvörðunum.

5.1.2. Nýtingarhlutfall skal vera í samræmi við gildandi skipulag og skipulagsskilmála, sbr. gr. 3.2.6.

5.1.3. Á lóð skal að jafnaði koma fyrir leiksvæði barna, bifreiðastæðum, bifreiðageymslum, gróðri og öðru því sem þarf í sambandi við notkun hússins.

Þá skal séð fyrir greiðri aðkomu sjúkrabíla að aðalinngangi og sorpbíla að sorpgeymslu. Varðandi björgunarsvæði og aðkomu fyrir slökkvilið vísast til gr. 7.6. í brunamálareglugerð.

5.1.4. Óheimilt er að breyta notkun lóða frá því sem upphaflega var ætlað, nema með samþykki byggingarnefndar.

5.2. **Bifreiðastæði.**

5.2.1. Ef ekki er sérstaklega ákveðið á annan veg í deiliskipulagi eða í byggingarskilmálum, skal á hverri lóð íbúðarhúss séð fyrir a.m.k. einu bifreiðastæði fyrir hverja 75 gólffletarmetra. Þó skal vera a.m.k. eitt bifreiðastæði fyrir hverja íbúð í húsinu, sbr. gr. 4.3.8. í skipulagsreglugerð nr. 318/1985.

5.2.2. Hverju húsi, sem ætlað er til verslunar- eða annars atvinnurekstrar, skal að jafnaði séð fyrir a.m.k. einu bifreiðastæði á hverja 25 gólffletarmetra í húsinu. 1% slíkra stæða skal vera sérstaklega merkt fyrir hreyfihamlaða, þó aldrei færri en eitt stæði.

5.2.3. Ef um samkomuhús er að ræða, svo sem kvikmyndahús, leikhús, félagsheimili eða önnur slík hús, skal a.m.k. séð fyrir einu bifreiðastæði fyrir hver 6 sæti í húsinu. 1% slíkra stæða skal vera sérstaklega merkt fyrir hreyfihamlaða þó aldrei færri en eitt. Sé um samnotkun bifreiðastæða að ræða, má víkja frá kröfum þessum að mati byggingarnefndar.

5.2.4. Við opinberar stofnanir, þjónustumiðstöðvar og fjölbýlishús með fjórum íbúðum eða fleiri, skal jafnan gert ráð fyrir a.m.k. einu sérstaklega merktu rúmgóðu bifreiðastæði, sem næst inngangi, fyrir hreyfihamlaða.

5.2.5. Í gömlum hverfum má víkja frá kröfum um bifreiðastæði að mati byggingarnefndar og að fengnu leyfi skipulagsyfirvalda.

5.2.6. Þegar um er að ræða annars konar hús, ákveður byggingarnefnd fjölda bifreiðastæða.

5.2.7. Gerð bifreiðastæða er háð samþykki byggingarnefndar og skal sýna fjölda bifreiðastæða, fyrirkomulag, tengsl við gatnakerfið og önnur mannvirki þessu tengd á uppdrætti.

5.2.8. Ef um er að ræða hús til iðnaðar, verslunar o.þ.h., skal að jafnaði gera ráð fyrir að ferming eða afferming flutningstækja geti farið fram á lóð þess.

5.3. **Leiksvæði barna.**

5.3.1. Hverri íbúð skal fylgja leiksvæði barna og skal lágmarksstærð þess vera skv. eftirfarandi reglum:

$$\frac{N\,(32 - N)}{2}\ m^2$$

N merkir fjölda íbúða í húsi á tiltekinni lóð. Reglan gildir þegar N er minna eða jafnt og 16, en úr því bætist við 1 ferm. fyrir hverja íbúð.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá þessari reglu, ef sótt er um leyfi til að breyta þegar byggðu húsnæði í íbúðarhúsnæði í fullbyggðu hverfi, enda sé slík landnotkun í samræmi við gildandi skipulag.

5.3.2. Við fjölbýlishús skal leiksvæðum að jafnaði komið þannig fyrir að börnin þurfi ekki að fara yfir svæði, þar sem bílar aka til að komast heiman frá sér á leiksvæðin.

Sýna skal á uppdrætti hvar leiksvæðin eru fyrirhuguð og hvernig útbúnaði þeirra skuli háttað.

5.4. **Bifreiðastæði í gömlum hverfum sbr. 5.2.5.**

5.4.1. Ef byggingarnefnd telur að ekki verði komið fyrir á lóð nægilegum bifreiðastæðum, getur hún heimilað að fyrir slíku verði séð annars staðar í sama hverfi, sbr. gr. 4.3.8. í skipulagsreglugerð nr. 318/1985. Jafnan skal þó, þar sem aðstæður leyfa, séð fyrir a.m.k. einu bílastæði fyrir fatlaða á lóð hússins eða í húsinu.

5.4.2. Heimilt er sveitarstjórn að leysa lóðarhafa undan kvöð um bifreiðastæði, ef hann greiðir andvirði þess lóðarhluta sem á vantar og skal þá andvirði miðað við verðmæti þeirrar lóðar, sem byggt er á. Að jafnaði skal reiknað með 25 m^2 fyrir hverja bifreið. Ef ágreiningur rís um andvirði milli lóðarhafa og sveitarstjórnar, skal skorið úr honum með mati dómkvaddra manna.

5.4.3. Óheimilt er að veita byggingarleyfi, fyrr en endanlega hefur verið samið um eða skorið úr hver verði framlög skv. þessari grein.

5.4.4. Framlögum skv. gr. 5.4.2., skal varið til að sjá fyrir þörfum þessum í hlutaðeigandi hverfi, sbr. gr. 4.3.8. í skipulagsreglugerð nr. 318/1985.

5.5. **Aðgangur frá götu.**

5.5.1. Inn á hverja lóð og baklóð skal vera greiður aðgangur frá götu og skal á uppdrætti sýna hvernig honum er hagað.

5.5.2. Gangur gegnum hús inn á baklóð skal vera minnst 1.20 m á breidd og 2.20 m á hæð, nema ætlaður sé til umferðar fyrir bifreiðar. Þá skal hann ekki vera mjórri en 3.00 m og ekki lægri en 2.70 m að innanmáli. Slíkir gangar skulu vera eldtraustir og upplýstir og er óheimilt að hafa nokkrar hindranir þar fyrir umferð. Ef gangur gegnum hús er ætlaður fyrir umferð sorpbifreiða, skal hann ekki vera lægri en 3.80 m að innanmáli og 3.0 m breiður.

5.6. **Skipting lóða og húsa.**

5.6.1. Ekki má skipta landi eða lóð eða breyta landamerkjum og lóðamörkum á annan hátt nema með samþykki byggingarnefndar og sveitarstjórnar, enda sé það í samræmi við skipulag.

5.6.2. Ekki má skipta húseign í sjálfstæðar einingar, nema hver hluti um sig fullnægi ákvæðum byggingarreglugerðar og annarra samþykkta og reglugerða, enda komi til samþykki byggingarnefndar og sveitarstjórnar. Vottorð byggingarfulltrúa þarf að liggja fyrir áður en heimilt er að þinglýsa gögnum um slíka skiptingu.

5.7. **Hæðarlega lóða.**

5.7.1. Ekki má breyta hæðarlegu lóðar frá samþykktum uppdrætti nema að fengnu samþykki byggingarnefndar.

5.7.2. Lóðarhafa er skylt að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess að yfirborðsvatn af lóð hans valdi ekki tjóni eða óþægindum á nágrannalóð eða gangstétt að dómi byggingarfulltrúa.

5.8. **Vegghæð húsa.**

5.8.1. Vegghæð húss á hverjum stað fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar og skipulagsyfirvalda.

5.8.2. Ef vegghæð húss er ekki ákveðin í metrum, heldur tiltekið hve margar hæðir megi byggja, skal, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið, miðað við að í íbúðarhúsi sé hver hæð af gólfi og á annað 2.70 m, í skrifstofu-, iðnaðar- og verslunarhúsi 3.30 m. Miðað skal við að neðsta hæð verslunarhúss sé 4.00 m.

5.9. **Bil milli húsa.**

5.9.1. Bil milli tveggja húsa má ekki vera minna en helmingur af samanlagðri hæð húsanna og er þá átt við hæstu vegghæð þeirra á þeim hliðum er saman snúa, enda sé um venjuleg húsform að ræða. Þar sem sérstaklega stendur á má veita undanþágu frá þessum ákvæðum með samþykki brunamálastjóra.

5.9.2. Bil milli húsa má þó aldrei vera minna en hér segir:
a. 10 m, ef bæði húsin eru óvarin timburhús.
b. 8 m, ef um bárujárnsklædd eða múrhúðuð timburhús er að ræða.
c. 6 m, ef bæði húsin eru úr steinsteypu.

5.9.3. Fjarlægð húsa frá lóðamörkum skal a.m.k. vera 0.5 x hæð hússins, og er þá að jafnaði átt við hæstu vegghæð á þeirri hlið er að lóðamörkum snýr. Sé um óvenjuleg húsform að ræða, t.d. bratt eða efnismikið þak, skal miða við hæstu hæð hússins, eða eftir mati byggingarnefndar. Sé um meiri háttar byggingar að ræða, getur brunamálastjóri sett strangari reglur um fjarlægðir, sbr. gr. 1.15. í brunamálareglugerð.

5.9.4. Ekki má byggja hús nær lóðamörkum en hér segir:
a. óvarið timburhús 5 m.
b. timburhús klædd með bárujárni eða tilsvarandi efni 4 m.
c. steinhús 3 m.
Sjá þó gr. 2.1.2. í brunamálareglugerð.

5.9.5. Þegar hús eru sambyggð, skal á milli þeirra vera eldvarnarveggur er uppfylli kröfur um brunavarnir, sbr. brunamálareglugerð.

5.9.6. Sé eldvarnarveggur á húsi, má næsta hús vera í þriggja metra fjarlægð frá þeirri hlið, enda séu þök beggja húsanna varin með járni eða öðru ámóta eldtraustu efni.

5.9.7. Byggingarnefnd getur leyft byggingu bifreiðageymslna í lóðarmörkum, enda sé gætt ákvæða í kafla 2 og 3 í brunamálareglugerð.

5.10. **Hús í götulínu.**

5.10.1. Hús sem standa í götulínu, við gatnamót eða torg, skulu hornsneidd a.m.k. í 2.60 m hæð frá jörð, ef hornið er minna en 135 gráður, þannig að 2.50 m séu numdir af hvorri hlið frá horni, enda sé sniðlínan aldrei styttri en 2.50 m. Ákveða má meiri hornsneiðingu ef ástæða þykir til.

5.10.2. Byggingarnefnd getur leyft, þótt hús standi í götulínu, að minni háttar útskot, svo sem gluggar, nái allt að 200 mm út fyrir hana.

5.10.3. Byggingarnefnd getur leyft að komið sé fyrir veggsvölum eða hlífðarþaki út frá húshlið, enda sé það a.m.k. 2.60 m frá jörð og vatni veitt frá því í holræsi.

5.10.4. Útitröppur mega ekki ná út í götu eða gangstétt, nema óhjákvæmilegt sé vegna breytinga á húsi eða götu að mati byggingarnefndar.

5.10.5. Hurðir mega ekki opnast út á götu eða gangstétt og ekki gluggar, nema þeir séu í minnst 2.20 m hæð frá jörð. Þó skulu hurðir í samkomuhúsum ávallt opnast út, sbr. gr. 6.10.2.2.

5.11. **Girðing lóða.**

5.11.1. Ef maður óskar að girða lóð eða inni á lóð, skal hann leita samþykkis byggingarnefndar á gerð og frágangi girðingar og láta í té þær upplýsingar er byggingarfulltrúi telur nauðsynlegar, þ.á m. uppdrætti. Girðing má að jafnaði ekki vera hærri en einn metri. Hlið á girðingu má aldrei opnast út á götu eða gangstétt.

5.11.2. Nú er skipulagi svo háttað að girðing er talin óþörf, til lýta eða rétt er talið að girt sé með tilteknum hætti og getur byggingarnefnd þá bannað girðingu lóðar eða sett sérstök ákvæði um gerð girðingarinnar. Þinglýsa má þessum ákvörðunum sem kvöð á hlutaðeigandi lóð eða lóðir.

5.11.3. Skylt er að haga gerð girðingar þannig að ekki stafi hætta af. Ef girðing er til lýta eða óþrifnaðar eða öðruvísi girt en leyfi stendur til, er byggingarnefnd heimilt, ef eigandi sinnir ekki áskorun hennar um úrbætur, að láta lagfæra hana eða fjarlægja á kostnað eiganda.

5.11.4. Ef girðing, sem leyfi er fyrir, reynist vera til trafala fyrir umferð, er byggingarnefnd heimilt að láta fjarlægja hana eða breyta henni eftir því sem hún telur nauðsynlegt, á kostnað sveitarsjóðs.

5.11.5. Byggingarnefnd getur veitt byggingarfulltrúa heimild til að afgreiða mál er snerta girðingar og uppsetningu auglýsingaskilta.

5.12. **Frágangur lóða.**

5.12.1. Skylt er byggjanda að setja lóð hússins í rétta hæð og fjarlægja þann uppgröft, sem ekki þarf til jöfnunar lóðar, eigi síðar en þegar húsið er orðið fokhelt.

5.12.2. Skylt er húseiganda að ganga snyrtilega frá lóð sinni með gróðri eða á annan hátt í samræmi við samþykktar teikningar.

5.12.3. Ef nefndin telur, að hæðarlega og frágangur lóðar sé óviðunandi, eða að hætta, óþrifnaður eða óþægindi stafi af, og eigandi sinnir ekki áskorun nefndarinnar um úrbætur, getur hún látið framkvæma á hans kostnað þær úrbætur er hún telur nauðsynlegar.

5.12.4. Ef gróður á lóð veldur óþægindum eða hættu fyrir umferð, getur byggingarnefnd krafist þess að hann sé fjarlægður eftir því sem með þarf. Sama gildir ef gróður veldur óþægindum með því að skerða verulega birtu í íbúð eða á lóð. Óheimilt er að breyta gróinni lóð í bílastæði nema að fengnu samþykki byggingarnefndar. Ekki má fella tré sem eru 40 ára eða eldri eða 4 metrar á hæð eða hærri nema með leyfi byggingarnefndar.

5.13. **Frágangur húsa að utan.**

5.13.1. Vanda skal til útlitshönnunar allra bygginga. Byggingarnefnd skal meta útlitshönnun bygginga hvað varðar form, hlutföll, efni, liti o.fl.

5.13.2. Ef byggingarnefnd þykir sérstök ástæða til getur hún bundið byggingarleyfi því skilyrði, að gengið verði frá húsi að utan með tilteknum hætti, t.d. með ákveðinni klæðningu eða tilteknum lit á útveggjum og þökum.

5.13.3. Ef byggingarnefnd telur að útlit húss sé mjög ósnyrtilegt eða óviðunandi á annan hátt, eða að hætta, óþrifnaður eða óþægindi stafi af húsinu eða að húsnæði sé heilsuspillandi og/eða óhæft til íbúðar að mati heilbrigðisnefndar, og eigandi sinnir ekki áskorun nefndarinnar um úrbætur, getur hún látið framkvæma á hans kostnað þær endurbætur er hún telur nauðsynlegar. Ef húsið er svo hrörlegt að nefndin telur að ekki muni svara kostnaði að gera við það, getur hún ákveðið að það skuli fjarlægt á kostnað eiganda, eða hluti þess ef hún telur slíkt fullnægjandi, en leita skal þó fyrst umsagnar húsafriðunarnefndar.

5.13.4. Við endurnýjun á ytra byrði gamalla húsa, skal leitast við að nota sama eða álíka efni og upphaflega var notað. Ef nota á aðrar klæðningar skal sækja um leyfi til byggingarnefndar.

5.14. **Sundlaugar, heitir pottar o.fl.**

Sækja skal um leyfi byggingarnefdar fyrir að útbúa eða byggja sundlaugar, heita potta eða laugar.

Sundlaugar eða sá hluti lóðar sem þær eru á eða lóðin í heild skulu girt með a.m.k. 0.9 m hárri girðingu, sem lítil börn komast ekki í gegnum, sbr. gr. 8.2.1.35., og sjálflokandi hliði sem lítil börn geta ekki opnað.

Heitir pottar á lóðum íbúðarhúsa og sumarbústaða skulu útbúnir læsanlegu loki til að hylja þá með þegar þeir eru ekki í notkun eða öðrum útbúnaði, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, til varnar slysum á börnum.

Við frágang á tjörnum á lóðum íbúðarhúsa skal þess gætt að dýpi sé ekki meira en 0.20 m og að frágangur allur sé þannig að öryggi barna verði sem best tryggt.

Við gerð og frágang sundlauga, heitra potta, lauga, og útibaðstaða skal gætt öryggisákvæða og þess sérstaklega gætt að hvergi sé hætta á hálku. Séu þau ætluð almenningi skal ennfremur gætt ákvæða í heilbrigðisreglugerð.

Byggingarnefnd getur sett frekari reglur varðandi öryggisráðstafanir en hér eru tilgreindar, telji hún öryggi barna eða annarra ekki tryggt, sbr. einnig gr. 5.12.2. og 5.12.3.

Byggingarnefnd getur veitt byggingarfulltrúa heimild til að afgreiða umsóknir um slík mál á lóðum íbúðarhúsa og sumarbústaða.

VI. KAFLI.
INNRA SKIPULAG.

6.1. **Íbúðir.**

6.1.1. Íbúðir skulu þannig hannaðar, að þær snúi vel við sól og henti sem best til íbúðar. Á teikningum skal gerð grein fyrir væntanlegri innréttingu og hvernig unnt sé að koma fyrir nauðsynlegustu húsgögnum á hagkvæman hátt.

Í hverri íbúð skal vera læsanlegur skápur fyrir lyf og önnur hættuleg efni.

Til þess að vistarvera teljist lögleg íbúð skal þar vera, auk íbúðarherbergis sem sé að minnsta kosti 18 m^2 að stærð, eldhús, baðherbergi, salerni og geymsla.

Í fjölbýlishúsum með 6 íbúðum eða fleiri skal a.m.k. ein íbúð á jarðhæð hönnuð þannig að hún henti þörfum hreyfihamlaðra.

6.1.2. Eldhús skal ekki vera minna en 7 m^2 nema um sé að ræða íbúð, er sé 50 m^2 eða minni, þá nægir að hafa eldhúskrók í stofu.

Á eldhúsi skal jafnan vera opnanlegur gluggi. Byggingarnefnd getur þó leyft eldhús án glugga, ef þannig hagar til að eldhús er hluti af stofu eða borðstofu og þannig frá gengið að tryggt sé að nægileg dagsbirta verði í eldhúsi og nægilega vel séð fyrir loftræsingu úr eldhúsi. (Loftræsing upp úr þaki eða vélræn loftræsting.)

6.1.3. Íbúðarherbergi telst hvert það herbergi sem notað er til daglegrar vistar fyrir fólk. Ekkert íbúðarherbergi má vera mjórra en 2.20 metrar og ekki minna en 7 m^2 að flatarmáli. Í hverri íbúð skal a.m.k. eitt herbergi vera 18 m^2 eða stærra.

6.1.4. Ekki má hafa svefnherbergi hvort inni af öðru, né heldur má aðkoma að öðrum íbúðarherbergjum vera í gegnum svefnherbergi.

6.1.5. Ekki má gera íbúð í kjallara, en það telst kjallari þegar gólf er undir yfirborði jarðvegs á alla vegu.

6.1.6. Byggingarnefnd getur leyft íbúð á jarðhæð, ef meginhluti hennar snýr móti suðaustri, suðri eða vestri, enda sé gluggahlið íbúðarinnar ekki niðurgrafin.

6.1.7. Byggingarnefnd getur sett sérstök ákvæði um frágang á grunnum og gólfum, þar sem íbúðir eru leyfðar á jarðhæð eða íbúðarherbergi í kjallara.

6.1.8. Ekki má skipta íbúð, nema hvor hlutinn um sig fullnægi ákvæðum byggingarreglugerðar og annarra samþykkta og reglugerða, enda komi til samþykki byggingarnefndar.

6.1.9. Frágangur veggja, lofta og gólfa skal vera þannig að uppfyllt séu ákvæði um hljóðeinangrun, hitaeinangrun og rakaeinangrun sbr. gr. 7.4., 7.5. og 7.6. Auk þess skulu vera möguleikar á hæfilegri upphitun í hverju íbúðarherbergi.

6.2. **Lofthæðir.**

6.2.1. Í fjölbýlishúsum skal hæð af plötu og á (salarhæð) vera minnst 2.70 m, sbr. ÍST 21. Lofthæð í fullfrágengnum íbúðarherbergjum skal að jafnaði ekki vera minni en 2.40 m að innanmáli.

6.2.2. Í þakherbergjum og kvistherbergjum má meðalhæð vera 2.10 m, enda sé lofthæðin 2.30 m í að minnsta kosti þriðjungi herbergisins. Í einstökum herbergjum íbúða má lofthæð fara niður í 2.20 m, enda sé meðallofthæð íbúðarinnar a.m.k. 2.30 m.

6.2.3. Í einbýlis-, tvíbýlis- og raðhúsum skal meðallofthæð ekki vera minni en 2.30 m að innanmáli, nema í þakherbergjum, sjá gr. 6.2.2.

6.2.4. Í þvottaherbergjum, geymslum, kyndiklefum o.þ.h. húsnæði skal lofthæð að jafnaði ekki vera minni en 2.10 m.

6.3. **Gluggar og hurðir.**

6.3.1. Á hverju íbúðarherbergi skal vera opnanlegur gluggi. Samanlagður glerflötur hvers herbergis skal ekki vera minni en sem svarar til 1/10 af gólffleti þess, nema um ofanbirtu frá þakglugga sé að ræða. Þó skulu gluggar íbúðarherbergja ekki vera minni en 1 m^2. Sama á við um eldhús, nema þegar opið er milli stofu og eldhúss, þá reiknast stofa og eldhús (eldhúskrókur) sem eitt herbergi við ákvörðun gluggastærða.

Um stærð glugga á öðrum vistarverum en íbúðarherbergjum fer eftir mati byggingarnefndar. Íbúðir í fjölbýlishúsum skulu jafnan hafa a.m.k. tvær gluggahliðar, nema um íbúðir 50 m^2 eða minni sé að ræða, enda snúi þær í suðlæga átt.

Tvöfalt gler skal vera í öllum gluggum íbúðarherbergja, en að jafnaði þrefalt (eða tvöfalt gler sambærilegt því að einangrunargæðum), ef samanlagður glugga-flötur íbúðar er meiri en 20% af gólffleti hennar, sbr. gr. 7.5.3. Í gluggum verslana er heimilt að hafa einfalt gler, sömuleiðis í gluggum óupphitaðs húsnæðis.

6.3.2. Við hönnun glugga skal höfð hliðsjón af ÍST 40 og ÍST 41.

Gluggamál skulu að jafnaði standa á heilum tug sentimetra, sbr. ÍST 20.

6.3.3. Í svefnherbergisdeildum skulu jafnan vera björgunarop, sbr. gr. 9.3.1. í brunamálareglugerð. Hverfigluggar mega ekki vera lægra frá gólfi en einn metra og fast op ekki meira en 120 mm. Öryggiskeðja eða krókur skal að jafnaði vera fyrir ofan gluggann.

6.3.4. Í íbúðarhúsum, sem eru meira en ein hæð, skal komið fyrir öryggiskeðju eða öðrum jafngóðum búnaði á þeim opnanlegu gluggum sem börnum gæti annars stafað hætta af. Skulu slíkir opnanlegir gluggar ekki hafa stærra fast op en 120 mm.

6.3.5. Útidyrahurðir og hurðir í opinberum byggingum og þjónustumiðstöðvum skulu vera a.m.k. 0.9 m breiðar og 2.0 m háar.

Hurðir á íbúðarherbergjum skulu vera a.m.k. 0.8 m breiðar og 2.0 m háar.

6.3.6. Í íbúðum á jarðhæð og í öðrum íbúðum, sem ætlað er að fullnægja kröfum fyrir hreyfihamlaða, skulu allar hurðir vera a.m.k. 0.9 m breiðar og þannig úr garði gerðar að fólk í hjólastól geti opnað þær. Slíkar íbúðir skulu ekki hafa hærri þröskulda en 25 mm og að öðru leyti hannaðar í samræmi við reglur í Rb-blöðum nr. (E2) 101 og 201.

6.3.7. Heimilt er að gera þakglugga, ef það skerðir ekki um of burðarþol þaksins. Skulu þeir jafnan sýndir á uppdráttum. Óheimilt er að innrétta íbúð í þakrými þar sem eingöngu er um þakglugga að ræða.

6.3.8. Heimilt er að gera kvisti á húsum. Þó skal samanlögð lengd kvists eða kvista aldrei vera meiri en 2/3 af húshliðinni.

Kvistir á sambyggðum húsum skulu að jafnaði ekki vera nær lóðamörkum en 1.50 m. Við gerð kvista skal jafnan gera viðeigandi ráðstafanir til eldvarna. Þegar gerðir eru kvistir á gömul hús, skal þess sérstaklega gætt að þeir falli vel að húsinu hvað þakform, gluggasetningu og efni snertir.

6.3.9. Þegar endurnýjaðir eru gluggar í gömlum húsum skal þess gætt að nýju gluggarnir breyti ekki upprunalegu svipmóti hússins.

6.3.10. Ekki má byggja stærri íbúðarhús úr timbri en 300 m², ef húsið er ein hæð, en 150 m², sé það tvær hæðir. Ekki má hafa sjálfstæða íbúð á efri hæð timburhúss.

Í íbúðarhúsum úr timbri skulu jafnan vera lekastraumsrofar, sbr. gr. 9.4. í brunamálareglugerð.

6.3.11. Í byggingum þar sem um stóra glerfleti er að ræða í þökum, eða þar sem byggt er yfir göngugötur eða torg, skal nota plastefni eða öryggisgler sem Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins eða önnur óháð rannsóknarstofnun viðurkennir. Undanþegin ákvæði þessu eru gróðurhús sem eingöngu eru notuð til ræktunar.

Í gler í þakflötum útbygginga, viðbygginga, yfirbygginga, ofanljósa o.þ.h. þar sem hætta er talin á hruni frá hærra liggjandi byggingarhlutum niður á glerið skal einnig nota öryggisgler eða plastefni.

Plastefni sem notað er í þök er háð samþykki Brunamálastofnunar ríkisins.

6.4. **Anddyri, baðherbergi og salerni.**

6.4.1. Í hverri íbúð skal vera anddyri, ekki minna en 1.3 m á hvorn veg, með óhindruðum aðgangi að útidyrum, stigagangi, svalagangi eða stigahúsi.

6.4.2. Sýna skal á uppdrætti fjölbýlishúsa hvar í aðalanddyri megi koma fyrir dyrasíma og póstkassa.

6.4.3. Hverri íbúð skal fylgja a.m.k. eitt herbergi með vatnssalerni og handlaug. Skal það ekki vera minna en 4.0 m² að gólfflatarmáli og þannig úr garði gert að það henti einnig hreyfihömluðum. Ennfremur skal fylgja baðherbergi eða baðklefi þar sem komið sé fyrir baðtækjum, a.m.k. steypibaði og handlaug, nema bað og salerni sé haft í sama herbergi. Í baðherbergjum skal vera gólfniðurfall og gólf vatnsheld.

6.4.4. Aðkoma að salerni má ekki vera beint úr stofu, eldhúsi eða borðstofu, nema í íbúðum sem eru 50 m² eða minni.

6.4.5. Í íbúðum á jarðhæð, sem ætlað er að fullnægja kröfum fyrir hreyfihamlaða, svo og í öðrum íbúðum sem ætlað er að fullnægja þessum kröfum, skulu salerni og baðherbergi hönnuð í samræmi við reglur í Rb-blaði nr. (E2) 201. Aðkoma að þesskonar íbúðum og innrétting skal vera þannig hönnuð að þær henti fólki í hjólastól, sbr. Rb-blöð nr. (E2) 101 og 201.

6.4.6. Þannig skal gengið frá gufubaðstofu að einangrun sé fullnægjandi gagnvart hita og raka. Loftræsing skal vera nægjanleg og þannig gengið frá dyraumbúnaði að auðvelt sé að komast út.

6.5. **Kjallaraherbergi og geymslur.**

6.5.1. Heimilt er að gera einstök íbúðarherbergi í kjallara, ef gólf hans er eigi meira niðurgrafið en 500 mm við gluggahlið og hún eigi nær götu en 3 m og lofthæð a.m.k. 2.30 m.

6.5.2. Hverri íbúð skal fylgja loftræst geymsla ekki minni en 6 m². Þegar um er að ræða hús, sem er meira en ein íbúð, skal sýnt á uppdrætti, hvaða kjallaraherbergi og sérgeymslur fylgja hverri íbúð og tiltaka stærð þeirra.

Sé íbúðin 50 m² eða minni eða þar sem sérstaklega stendur á, getur byggingarnefnd heimilað að sérgeymslur séu aðeins 4 m².

6.5.3. Í fjölbýlishúsum skal jafnan komið fyrir hæfilega stórri sameiginlegri geymslu fyrir barnavagna, reiðhjól, sleða o.þ.h. Ennfremur skal séð fyrir sameiginlegu tómstundaherbergi og leikherbergi barna. Þetta sameiginlega rými skal að jafnaði ekki vera minna en 2 m^2 á íbúð.

6.5.4. Þegar komið er fyrir sameiginlegri geymslu fyrir barnavagna, reiðhjól o.s.frv., sbr. gr. 6.5.3., má víkja frá ákvæðum gr. 6.5.2., þó þannig að sérgeymsla verði aldrei minni en 4 m^2 fyrir hverja íbúð.

6.6. **Kyndiklefar.**
Um kyndiklefa, reykháfa, eldstæði o.fl. vísast til kafla 8 í brunamálareglugerð.

6.6.1. Kyndiklefar skulu vera við útvegg með opnanlegum glugga og ólokanlegri útiloftrist. Þar skal vera niðurfall og skolkrani, sbr. kafla 8 í brunamálareglugerð.

6.6.2. Í öllum húsum, öðrum en einbýlis-, tvíbýlis- eða þríbýlishúsum, skal aðeins gengt utan frá í kyndiklefa. Við kyndiklefa skal jafnan vera handslökkvitæki af viðurkenndri gerð.

6.6.3. Kynditæki skal séð fyrir nægilega miklu loftstreymi um ólokanlega útiloftrist.

6.6.4. Leiðslum frá kyndiklefa skal þannig hagað að eldhindrunar sé gætt. Byggingarfulltrúi eða slökkviliðsstjóri geta sett nánari reglur um eldstöðvunarspjöld í loftrásum og í stokkum fyrir lofthitunarkerfi og annað sem máli skiptir varðandi öryggi kyndibúnaðarins.

6.6.5. Sýna skal á uppdrætti hvar komið skuli fyrir kynditækjum og olíugeymum. Olíugeymar skulu vera ryðvarðir og þannig frá þeim gengið, að ekki sé hætta á olíumengun, t.d. drykkjarvatns, sbr. heilbrigðisreglugerð. Kyndiklefar skulu fullnægja ákvæðum 8. kafla brunamálareglugerðar.

6.6.6. Skylt er eigendum að láta stilla kynditæki sín a.m.k. einu sinni á ári og sóthreinsa katla eftir því sem þörf krefur. Umhverfisráðuneytið skal í samráði við Brunamálastofnun og Samband ísl. sveitarfélaga setja nánari reglur um framkvæmd eftirlits vegna stillingar og hreinsunar kynditækja.

6.7. **Þvottaherbergi.**

6.7.1. Hverri íbúð í fjölbýlishúsi skal að jafnaði fylgja aðgangur að loftræstu þvottahúsi og þurrkherbergi með opnanlegum glugga. Gólf þvottaherbergis skal vera vatnshelt með niðurfalli og þannig frá gengið að ekki skapist hættuleg hálka þegar það blotnar. Loft og veggir skulu þola gufu og raka. Um stærð þvottaherbergja og þurrkherbergja fer eftir mati byggingarnefndar hverju sinni. Ef þvottaaðstaða er í hverri íbúð fjölbýlishúss, getur byggingarnefnd heimilað undanþágu frá kröfunni um sameiginlegt þvottahús og þurrkherbergi.

6.7.2. Hverri íbúð eða húsi skal að jafnaði fylgja hæfilega stór skápur eða geymsla undir nauðsynleg ræstingartæki, að mati byggingarnefndar.

6.8. **Sorpgeymslur.**

6.8.1. Hverri íbúð skal fylgja aðgangur að sorpgeymslu í húsinu eða í byggingu sem við það er tengd. Skal við það miðað, að ein sorptunna eða poki fylgi hverju húsi og auk þess ein sorptunna eða tilsvarandi sorpílát, sem heilbrigðisnefnd samþykkir, fyrir hverja íbúð. Byggingarnefnd ákveður stærð sorpgeymslna fyrir önnur hús en íbúðarhús með hliðsjón af notkun viðkomandi húsnæðis.

6.8.2. Op á sorpgeymslu má ekki vera lægra en 1.10 m og breidd ekki minni en 800 mm. Ef nauðsynlegt er að komast inn í geymsluna í sambandi við hreinsun, mega læsanlegar dyr þó ekki vera lægri en 1.80 m á hæð og breidd ekki minni en 1.00 m, og lofthæð ekki minni en 2.00 m.

6.8.3. Sorpgeymslu skal þannig fyrir komið að auðvelt sé að komast að henni með þeim tækjum, sem sorphreinsunin notar við flutning á sorpílátum. Byggingarnefnd getur krafist þess að akfært sé að sorpgeymslu, ef hún telur ástæðu til t.d. ef um er að ræða stórt hús.

Aðgangur að sorpgeymslu má aðeins vera um hurð utan frá og gólf eigi meira niðurgrafið en 1.20 m. Sorpgeymslur skulu að jafnaði múrhúðaðar eða þannig frá þeim gengið að auðvelt sé að þrífa þær og þvo.

6.8.4. Þar sem fleiri en 4 íbúðir eru um sorpgeymslu, skal hafa skolkrana og niðurfall í henni. Sama hátt skal hafa á, þó að færri íbúðir séu um sorpgeymslu ef hætta er á að vatn geti safnast í geymsluna.

6.8.5. Sorpgeymslu skal jafnan loftræsa með ólokanlegri útiloftrist, er sé músa- og rottuheld og loftræsiröri upp úr þaki.

6.8.6. Þar sem sveitarstjórn ákveður að nota sérstaka sorpgáma í stað sorptunna, skal staðsetning og frágangur gámanna háð samþykki byggingarnefndar. Þar sem sveitarstjórnir ákveða að sorp skuli aðgreint í brennanlegt og óbrennanlegt sorp, skulu sorpílát vera í samræmi við það og merkt sérstaklega.

6.8.7. Þar sem fleiri en 6 sorptunnur eru í sorpgeymslu, getur byggingarnefnd krafist þess að geymsla eða tunnurnar séu þannig útbúnar, að auðvelt sé að skipta um tunnur undir sorprennunni, t.d. að tunnurnar séu á hjólagrind eða á snúanlegri plötu á gólfinu.

6.8.8. Sveitarstjórn er heimilt að setja ítarlegri reglur um sorpgeymslur, sorpílát og sorphirðu.

6.9. **Sorprennur.**

6.9.1. Í húsum sem eru 3 hæðir eða hærri, skal koma fyrir sorprennu í stigahúsi eða í tengslum við það.

6.9.2. Sorprenna skal gerð úr varanlegu efni með þéttum samskeytum, sléttum að innan. Aðallögn hennar skal vera lóðrétt, hringlaga að innan og minnsta þvermál vera 400 mm. Greinilögn má vera allt að 300 mm að lengd, enda myndi hún ekki krappara horn en 60 gráður við aðallögn. Hún skal einnig vera hringlaga að innan og þvermál eigi meira en 300 mm.

6.9.3. Utan um hverja sorprennu skal vera steypulag, a.m.k. 100 mm þykkt, og þannig frá því gengið að rennan haggist ekki.

Bil milli sorpíláts og rennu má aldrei vera meira en 300 mm eða minna en 20 mm.

6.9.4. Hverju sorpopi skal lokað með loftþéttri, lóðréttri hurð úr málmi. Opið skal að jafnaði eigi vera nær gólfi en 1.20 m.

6.9.5. Ef byggingarfulltrúi telur að frágangur sorprennu og sorpgeymslu sé ófullnægjandi, getur hann ákveðið hvaða ráðstafanir skuli gerðar til úrbóta.

6.9.6. Sorprennur skal loftræsa skv. gr. 7.7.2.1.

6.10. **Hús til annarra nota en íbúðar.**

6.10.1. *Almenn ákvæði.*

6.10.1.1. Þegar sótt er um leyfi til að byggja hús til annarra nota en íbúðar, t.d.: samkomu-, sjúkra-, skóla-, iðnaðar-, verslunar- og skrifstofuhús o.s.frv., skal miðað við þær reglur er gilda um íbúðarhús, eftir því sem þær geta átt við að mati byggingarnefdar.

6.10.1.2. Í slíkum húsum skal séð fyrir fullnægjandi rými fyrir snyrtiherbergi, ræstiklefa, sorpgeymslur og annað nauðsynlegt að dómi byggingarnefndar. Jafnan skal séð fyrir a.m.k. einu salerni ásamt handlaug er henti hreyfihömluðum.

6.10.1.3. Að öðru leyti skulu slíkar byggingar fullnægja kröfum heilbrigðisreglugerðar, brunamálareglugerðar og reglum Vinnueftirlits ríkisins, svo og öðrum reglum eftir því sem við á.

6.10.1.4. Aðkoma að opinberum stofnunum og byggingum ætluðum almenningi, s.s. pósthúsum, verslunum, sjúkrahúsum, skólum, kirkjum, bókasöfnum, sundlaugum, leikhúsum, kvikmyndahúsum, bönkum, apótekum o.s.frv., skal vera þannig að unnt sé fyrir fólk í hjólastól að komast þar inn og út hjálparlaust. Þar sem því verður við komið skal setja upphitun í umferðarstétt næst aðalinngangi hússins. Þess skal jafnan gætt, að auðveld aðkoma sé fyrir sjúkrabíla að aðaldyrum og fyrir sorpbíla að sorpgeymslum.

6.10.1.5. Lyftur í opinberum stofnunum og byggingum ætluðum almenningi, skulu hannaðar þannig að a.m.k. ein þeirra henti hreyfihömluðu fólki í hjólastól.

6.10.2. *Samkomuhús.*
Um samkomuhús skal gæta ákvæða í 12. kafla í brunamálareglugerð.

6.10.2.1. Í samkomuhúsum, sem að jafnaði eru notuð til leik- eða kvikmyndasýninga, skulu stólar og bekkir vera fastir. Þó skal leyft að hafa lausa stóla í stúkum sem ekki taka fleiri en 10 áhorfendur. Fjarlægð milli stólaraða, mæld milli sætisbaka, skal vera minnst 800 mm séu setur stólanna hreyfanlegar, en 1.0 m séu þær fastar. Breidd hvers stóls skal eigi vera minni en 500 mm. Hvergi skulu vera fleiri sæti í röð en svo, að mest séu 12 sæti að næsta gangi eða annarri útgönguleið og stólaraðir ekki fleiri en 20. Halli á göngum má ekki vera meiri en 1:10. Breidd ganga milli sætaraða og til hliðar, svo og breidd rýmingarleiða og frágangur allur skal vera í samræmi við 4. og 12. kafla í brunamálareglugerð.

6.10.2.2. Dyr á samkomuhúsum og á göngum frá þeim skulu vera a.m.k. 1.0 m breiðar og opnast út og skal hurðin falla þannig að vegg, að útgönguleiðin skerðist ekki. Skal hver sem er ávallt geta opnað dyrnar fyrirvaralaust, sbr. brunamálareglugerð.

6.10.2.3. Á samkomuhúsum skal alltaf hafa að minnsta kosti tvo útganga og þeim þannig fyrir komið að fólksstraumurinn greinist í tvær gagnstæðar áttir. Útgöngudyr mega ekki vera á sömu hlið húss, nema brunamálastjóri samþykki. Frá stiga að dyrum skal ávallt vera pallur, sem sé að lengd minnst 1.3 sinnum stigabreiddin. Frá áhorfendasvölum skulu vera minnst tveir stigar. Ljósmerkjum skal komið fyrir í stigum og göngum þar sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt, sbr. gr. 7.7. í brunamálareglugerð.

6.10.2.4. Leiksvið má ekki útbúa í samkomuhúsum nema með leyfi brunamálastjóra, enda samþykki hann allan útbúnað. Þar skal þó jafnan komið fyrir handslökkvitækjum og vatnslögn, a.m.k. 50 mm víðri með fastri brunaslöngu. Umbúnaður búningsherbergja leikenda, leiktjalda- og búningsgeymslna, skal háður samþykki brunamálastjóra, sbr. gr. 12.9. í brunamálareglugerð.

6.10.2.5. Veggir, gólf og loft í sýningarklefum kvikmyndahúsa skulu vera úr eldtraustu efni, a.m.k. A60. Eldtraust hurð, a.m.k. A30, skal vera fyrir klefum, birtuop eða gægjuop skulu vera byrgð með eldtraustu gleri. Aðgangur að sýningarklefa má aðeins vera um brunastúku, sbr. brunamálareglugerð.

6.10.2.6. Í hverju samkomuhúsi skal vera rými fyrir hjólastóla meðal áhorfendasæta, er nemur a.m.k. 1% af sætafjölda, þó aldrei færri en eitt.

6.10.2.7. Í samkomuhúsum, leikhúsum, veitingahúsum og kvikmyndahúsum skal jafnan gert ráð fyrir a.m.k. einu salerni, handlaug og þvagstæði fyrir karla og einu salerni og handlaug fyrir konur, miðað við hverja 50 gesti. Að öðru leyti skal miða við kröfur heilbrigðisreglugerðar í þessu efni. Jafnan skal í slíkum húsum vera a.m.k. eitt salerni er henti hreyfihömluðu fólki í hjólastól, sbr. Rb-blað nr. (E2) 201. Sama á við um opinberar byggingar, skrifstofur og aðra vinnustaði þar sem starfa 10 manns eða fleiri.

6.10.3. *Bifreiðageymslur.*

6.10.3.1. Bifreiðageymslur skulu að jafnaði vera úr steini. Byggingarnefnd getur þó leyft þær úr timbri eða öðru efni, þar sem hún telur slíkt hættulítið, sbr. gr. 2.1.3. í brunamálareglugerð.

6.10.3.2. Ef bifreiðageymsla er ætluð fyrir fleiri bifreiðar en þrjár, getur byggingarnefnd krafist þess að henni sé skipt með eldtraustum vegg, sbr. gr. 2.1.3. í brunamálareglugerð.

6.10.3.3. Bifreiðageymslu skal loftræsa. Loftræsingaop skulu vera við gólf og þak. Skal samanlögð stærð þeirra vera a.m.k. 0.10% af gólffleti. Gólf skulu jafnan steypt með vatnshalla að niðurfalli. Í hverri bifreiðageymslu skal vera handslökkvitæki af viðurkenndri gerð.

6.10.3.4. Bifreiðageymsla fyrir eina bifreið skal að jafnaði ekki vera stærri en 36 m^2 brúttó og vegghæð fyrir miðjum aðaldyrum upp á efri brún plötu, eða efstu brún veggjar ekki meiri en 2.70 m, ef bifreiðageymslan er með flötu þaki. Sé bifreiðageymsluþakið með risi, eða halli meiri en 1:15, skal mesta hæð þaks ekki vera meiri en þarf til að ná múropi í dyrum 2.40 m að hæð, ásamt beranlegum veggfleti ofan dyra. Byggingarnefnd getur þó leyft stærri bifreiðageymslur og hærri, þar sem slíkt veldur ekki verulegri röskun á umhverfi og aðstæður að öðru leyti leyfa.

6.10.3.5. Þegar bifreiðageymsla er inni í húsi eða í tengslum við það, skal hún skilin frá húsinu með eldhindrandi vegg a.m.k. B60 og skal hann ná upp að ystu þakklæðningu. Dyr má hafa á slíkum vegg, með sjálflokandi hurð, a.m.k. B30, þó ekki úr svefnherbergisgangi eða kyndiklefa, sbr. 3. og 9. kafla í brunamálareglugerð. Um frágang bifreiðageymslna sem eru stærri en 100 m^2 vísast til 16. kafla í brunamálareglugerð.

6.10.4. *Atvinnuhúsnæði.*

6.10.4.1. Í atvinnuhúsnæði skal lofthæð vera a.m.k. 2.5 m að innanmáli. Gluggar skulu að jafnaði vera það stórir, að þeir svari samanlagt til 1/10 af gólffleti hvers herbergis. Þar sem sérstaklega stendur á, svo sem fyrir verslanir, vöruhús, frystihús og stóra vinnusali er heimilt að víkja frá þessu ákvæði um gluggastærðir, enda uppfylli húsnæðið kröfur í reglum Vinnueftirlits ríkisins um húsnæði vinnustaða.

6.10.4.2. Lágmarksstærð vinnuherbergis er 7 m^2. Á hverju vinnuherbergi skal vera opnanlegur gluggi, nema þar sem starfsemi krefst annars.

6.10.4.3. Ekki skulu að jafnaði vera fleiri starfsmenn í herbergi en sem svarar til að 12 m^3 rými sé fyrir hvern starfsmann. Séu skilyrði sérlega góð getur Vinnueftirlit ríkisins veitt heimild til að víkja frá þessu ákvæði í samræmi við ákvæði reglna um húsnæði vinnustaða.

6.10.4.4. Á hverjum vinnustað skulu jafnan vera salerni, þvagstæði og handlaugar í samræmi við ákvæði heilbrigðisreglugerðar og reglur Vinnueftirlits ríkisins um húsnæði vinnustaða. Jafnan skal á hverjum vinnustað vera eitt salerni ásamt handlaug, er henti hreyfihömluðum.

6.10.4.5. Þar sem starfsfólk þarf að hafa fataskipti áður en það hefur vinnu sína skal séð fyrir sérstöku húsnæði til slíks, með skápum og aðstöðu til þvotta og steypibaða, sbr. heilbrigðisreglugerð. Um stærð og fyrirkomulag fer eftir reglum Vinnueftirlits ríkisins um húsnæði vinnustaða.

6.10.4.6. Þegar sótt er um leyfi fyrir byggingu verksmiðjuhúsa, frystihúsa, fiskmjölsverksmiðja o.þ.h. húsa, skal jafnan leita umsagnar brunamálastjóra, Hollustuverndar ríkisins, Rafmagnseftirlits ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins.

6.10.5. *Gripahús og önnur hús vegna landbúnaðar.*

6.10.5.1. Gripahús, hlöður, verkfærageymslur og önnur hús og mannvirki í sambandi við landbúnað skulu eingöngu reist á lögbýlum eða á þeim svæðum sem skipulag ákveður.

6.10.5.2. Við hönnun slíkra bygginga skal farið eftir ákvæðum byggingarreglugerðar, heilbrigðisreglugerðar, brunamálareglugerðar og annarra laga og reglugerða eftir því sem við á að mati byggingarfulltrúa.

6.10.5.3. Þegar sótt er um leyfi fyrir byggingu húsa vegna landbúnaðar, skal jafnframt gerð grein fyrir vatnsbóli, aðkomu, rafmagni, frárennsli og rotþróm eftir því sem ástæða er til. Sama á við um fiskeldisstöðvar, gróðurhúsabýli og önnur smábýli. Áburðargeymslur og peningshús þ.m.t. loðdýrabú, alifuglabú og svínabú má ekki reisa nær vatnsbóli en 100 m og ekki nær mannabústöðum, annarra en sjálfs búsins, en sem nemur 500 m sbr. heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990.

6.10.6. *Olíu- og bensínstöðvar og olíugeymar.*

6.10.6.1. Ekki má byggja afgreiðslustöðvar fyrir olíu og bensín, nema þar sem ákveðið er í skipulagi. Jafnan skal hverju sinni leita umsagnar Brunamálastofnunar ríkisins og Hollustuverndar ríkisins, sem áður skal leita samþykkis viðkomandi heilbrigðisnefndar sbr. gr. 143.1 í heilbrigðisreglugerð, og er umbúnaður háður samþykki þessara aðila, sbr. gr. 1.1.5. í brunamálareglugerð.

6.10.6.2. Nú er sótt um leyfi til að byggja afgreiðslustöð fyrir olíu og bensín, en skipulag er ekki fyrir hendi og er sveitarstjórn þá heimilt að veita slíkt leyfi, að fengnu samþykki skipulagsstjórnar ríkisins enda sé staðsetning, umbúnaður og frágangur allur háður samþykki Hollustuverndar ríkisins, viðkomandi heilbrigðisnefndar og Brunamálastofnunar ríkisins.

6.10.6.3. Birgðageymslur fyrir gas, sprengiefni, olíu, bensín o.þ.h. vörur, eru ávallt háðar samþykki skipulagsstjórnar ríkisins, Brunamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. reglur nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.

6.10.7. *Sumarhús, veiðihús og önnur áþekk hús.*

6.10.7.1. Sumarbústaðir eða sumarhús eru, samkvæmt reglugerð þessari, hús sem aðeins eru ætluð til samfelldrar dvalar að sumri til, en á öðrum árstímum aðeins til styttri dvalar, t.d. yfir helgar.

6.10.7.2. Ekki má reisa sumarhús, né önnur áþekk hús nema þar sem ákveðið er í skipulagi. Um skipulagningu sumarbústaðahverfa gilda ákvæði gr. 4.3.7. í skipulagsreglugerð nr. 318/ 1985.

Nú er skipulag ekki fyrir hendi og getur byggingarnefnd þá veitt byggingarleyfi fyrir einstökum sumarbústöðum eða áþekkum húsum enda hafi sveitarstjórn samþykkt slíka landnotkun og fyrir liggi umsögn frá viðkomandi jarðanefnd, heilbrigðisnefnd og náttúruverndarnefnd, ásamt samþykki skipulagsstjórnar ríkisins, sbr. 2. mgr. 5. gr. í skipulagslögum nr. 19/1964. Sveitarstjórn skal afla slíkra umsagna eða fela byggingarfulltrúa að gera það, sbr. gr. 2.2.4.

6.10.7.3. Sumarbústaðalóðir skulu að jafnaði ekki vera minni en 2500 m^2. Í sumarbústaðahverfum, þar sem gert er ráð fyrir rúmgóðum opnum svæðum til almenningsþarfa, er heimilt með samþykki skipulagsyfirvalda að víkja frá ákvæðum um lóðarstærðir í deiliskipulagi. Það telst vera sumarbústaðahverfi þar sem saman eru 4 bústaðir eða fleiri á sama landi eða samtengdum lóðum.

Um orlofsbústaðahverfi gildir gr. 4.3.7. í skipulagsreglugerð.

6.10.7.4. Sækja þarf um leyfi til að byggja sumarbústaði og önnur áþekk hús til hlutaðeigandi byggingarnefnda og skulu uppdrættir gerðir í samræmi við ákvæði III. kafla byggingarreglugerðar eftir því sem við á.

Sumarbústaðir skulu þannig staðsettir að þeir séu ekki nær lóðamörkum en 10 m, ekki nær sjó, ám og vötnum en 50 m, og ekki nær þjóðvegi (stofnbraut eða þjóðbraut) en 100 m og ekki nær sýsluvegi en 50 m, nema annað sé ákveðið í skipulagi.

Þar sem sumarbústaðalóðir liggja að sjó, ám eða vötnum skal jafnan vera a.m.k. 10 m breið spilda ógirt þar sem frjáls umferð er fyrir fótgangandi. Á spildu þessari er heimilt að leyfa að byggja bátaskýli enda hindri það ekki umferð gangandi eftir bakkanum.

Á skipulagsuppdrætti í mkv. 1:10.000 eða 1:5.000, skal, eftir því sem við á, gerð grein fyrir byggingum og notkun lands í næsta nágrenni. Ennfremur skal gera grein fyrir aðkomu frá þjóðvegi, sýsluvegi eða einkavegi.

Á deiliskipulagsuppdrætti í mkv. 1:1.000 eða 1:500 skal sýna stærð og legu lóðar, skipulag hennar og staðsetningu bústaðarins.

Tilgreina skal nafn á vegi þeim sem bústaðurinn stendur við og númer á viðkomandi lóð til skilgreiningar við fasteignaskráningu og þinglýsingu. Enn-

fremur nafn á hverfinu þegar um sumarbústaðahverfi er að ræða. Hafi vegur sá sem húsið stendur við ekki hlotið nafn þegar sótt er byggingarleyfi, ber byggingarnefnd að gefa viðkomandi götu nafn og lóðinni númer áður eða um leið og hún veitir leyfið.

Slíku götunafni og lóðarnúmeri er óheimilt að breyta nema með sérstöku leyfi frá sveitarstjórn og sýslumanni (þinglýsingarstjóra). Sé ekki um neinn aðkomuveg að ræða (fjallaskálar, sæluhús o.þ.h.) skal gefa húsinu nafn sem nota skal við fasteignaskráningu og þinglýsingu.

Á deiliskipulagsuppdrætti skal gera grein fyrir skipulagi lóðar, öflun drykkjarvatns (sjá III. kafla heilbrigðisreglugerðar), fyrirkomulagi frárennslis, staðsetningu rotþróar, en hún má ekki vera nær lóðamörkum en 10 m.

Nota skal þær rotþrær sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt. Gerð og frágangur rotþróa skal vera samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins, sjá ennfremur gr. 8.1.14. Heilbrigðisfulltrúi skal taka út rotþrær áður en þær eru teknar í notkun og setja reglur um tæmingu þeirra. Á afstöðuuppdrætti af sumarbústaðahverfum skal gera grein fyrir öflun slökkvivatns.

Ennfremur skal gera grein fyrir frágangi girðinga þar sem þær eru leyfðar, skjólbeltum og gróðri, leiktækjum, sorpgeymslu, olíugeymi, hitaveitu, síma, boðveitu, rafveitu og hitaveitu eftir því sem við á hverju sinni. Gera skal ráð fyrir a.m.k. tveim bílastæðum á hverri lóð, nema gert sé ráð fyrir þeim á öðrum stað í skipulagi hverfisins.

6.10.7.5. Hönnun sumarbústaða og annarra áþekkra bygginga skal vera þannig að þær falli sem best að umhverfi sínu, hvað varðar staðsetningu í landslagi og á lóð, hæð, útlit, efnisval, litaval o.fl. að mati lögboðinna umsagnaraðila og byggingarnefndar.

Fyrir hvert sumarbústaðahverfi skal gera byggingar- og skipulagsskilmála og leggja þá fyrir byggingarnefnd til samþykktar. Þar skal m.a. kveðið á um hámarksstærð húsanna, vegghæð, mænishæð, mænistefnu, þakform, þakhalla og þakhæð, lit húsa og þaka, gerð skjólbelta og girðinga, frágang sorpgeymslna, bifreiðastæða og bifreiða- og bátaskýla þar sem þau eru leyfð.

Í skilmálanum skal kveða á um hvernig deila skuli kostnaði við gerð og viðhald vega og stíga, ræktun og gróðursetningu á sameiginlegum svæðum svo og kostnaði og viðhaldi við aðrar sameiginlegar tæknilegar framkvæmdir fyrir sumarbústaðahverfið, s.s. sameiginlegar girðingar, hlið, rimlahlið og girðingatröppur, leiksvæði, vatnsveitu, skólpveitu, hitaveitu, boðveitu, rafveitu og annað eftir því sem við á og sem meirihluti sumarbústaðaeigenda kann að ákveða.

Ennfremur skal kveðið á um hvernig staðið skuli að viðhaldi þessara sameiginlegu mannvirkja og hvernig þeim kostnaði skuli skipt. Hafa skal hliðsjón af lögum nr. 59/1976 um fjölbýlishús eftir því sem við á. Þá skal kveðið á um hvernig staðið skuli að sorphirðu og hvernig kostnaði við hana skuli skipt.

6.10.7.6. Sumarbústaðir skulu gerðir úr timbri og skulu veggir og þök a.m.k. vera B30 og klæðningar í flokki 2. Þar sem sérstaklega stendur á má heimila þá úr öðru efni sem sé a.m.k. B30 og klæðningar í flokki 2. Að jafnaði skulu sumarbústaðir vera á einni hæð. Sumarbústaðir skuli ekki vera stærri en 60 m^2 og meðallofthæð ekki minni en 2.20 m.

Í sumarbústaðahverfum á vegum launþegasamtaka eða starfsmannafélaga skal a.m.k. einn bústaður hverra samtaka eða starfsmannafélaga hannaður

þannig að hann henti hreyfihömluðum. Í hverjum bústað skal vera hreinlætisaðstaða sem uppfyllir kröfur heilbrigðisreglugerðar.

6.10.7.7. Sé rafmagn í sumarhúsi skal vera lekastraumsrofi á raflögnum og höfuðrofi á lögn. Sé um eldstæði að ræða skal gætt ákvæða brunamálareglugerðar. Í öllum sumarbústöðum skal vera til staðar reykskynjari og handslökkvitæki af viðurkenndri gerð og stærð. Á a.m.k. einu herbergi í hverjum bústað skal vera opnanlegur gluggi, er fullnægi kröfum um stærð björgunaropa í brunamálareglugerð. Ef svefnloft er yfir hluta húss, skal þar einnig vera opnanlegur gluggi sem fullnægi kröfum í brunamálareglugerð um björgunarop.

6.10.7.8 Um sæluhús, fjallaskála, veiðihús, skíðaskála, svefnskála, vinnubúðir, leitarkofa, björgunarskýli o.þ.h. hús, gilda ákvæði byggingarreglugerðar, brunamálareglugerðar, heilbrigðisreglugerðar, reglugerðar um veitinga- og gististaði og reglur um úsnæði vinnustaða eftir því sem við á. Um vinnubúðir gilda ennfremur ákvæði reglugerðar um starfsmannabústaði og starfsmannabúðir.

6.10.7.9. Sumarbústaðir sem eigendur óska að leigja út skulu uppfylla lágmarkskröfur heilbrigðisreglugerðar um hreinlætisaðstöðu. Ennfremur skal gætt ákvæða laga nr. 67/1985 og reglugerðar nr. 288/1987 um veitinga- og gististaði og ákvæða í brunamálareglugerð.

6.10.7.10. Hjólhýsi og tjaldvagnar á sumarbústaðalóðum.

Ekki mega hjólhýsi eða tjaldvagnar standa lengur á sömu lóð en einn mánuð án sérstaks leyfis byggingarnefndar.

Byggingarnefnd getur í sérstökum tilfellum, t.d. vegna byggingarframkvæmda á lóð, veitt tímabundið stöðuleyfi fyrir hjólhýsi og leyft að það standi á sömu lóð á tímabilinu 1. maí til 30. september ár hvert, enda sé það fjarlægt þegar stöðuleyfið rennur út og komið í örugga geymslu.

Áður en byggingarnefnd veitir tímabundið stöðuleyfi fyrir hjólhýsi skal sýnt fram á hvernig gengið verður frá öflun vatns, frárennsli og rotþró sbr. og IV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990.

6.10.8. *Almenn tjald- og hjólhýsasvæði.*

6.10.8.1. Sveitarstjórn getur heimilað að komið sé á fót almennum tjaldsvæðum fyrir tjöld, tjaldvagna, hjólhýsi og húsvagna þar sem ákveðið er í skipulagi, enda séu uppfylltar lágmarkskröfur um brunavarnir og hreinlætisbúnað og frárennsli sbr. heilbrigðisreglugerð. Sveitarstjórn getur sett nánari reglur um slík svæði og notkun þeirra í samráði við leyfishafa og heilbrigðisnefnd.

Ef skipulag er ekki fyrir hendi verður að gera skipulagsuppdrátt í mkv. 1:10.000 eða 1:5.000, þar sem gerð er grein fyrir byggingum og notkun lands í næsta nágrenni ásamt aðkomu frá þjóðvegi eða sýsluvegi og fyrirhugaðri skiptingu svæðisins fyrir tjöld, tjaldvagna, hjólhýsi, húsvagna og bifreiðar, sjá ennfremur gr. 6.10.7.4.

Gera skal deiliskipulagsuppdrátt í mkv. 1:1.000 eða 1:500 af almennum tjaldsvæðum, sjá einnig ákvæði í heilbrigðisreglugerð.

Áætla skal í skipulagi hæfilegt svæði fyrir hvert tjald. Fyrir tjaldvagna og hjólhýsi skal áætla a.m.k. 80 m^2 svæði fyrir hvert stæði. Fjarlægð milli tjaldvagna, hjólhýsa eða fortjalda við þau skal vera a.m.k. 5 m. Hjólhýsi mega standa á slíkum stæðum á tímabilinu 1. maí til 30. september, enda séu þau fjarlægð að hausti og komið í örugga geymslu yfir veturinn.

Sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins þurfa að samþykkja skipulagsuppdrátt og deiliskipulagsuppdrátt, að fenginni umsögn viðkomandi jarðanefndar, heilbrigðisnefndar, náttúruverndarnefndar og Náttúruverndarráðs.

6.10.8.2. Byggingarnefnd getur veitt stöðuleyfi fyrir hjólhýsi til eins árs á almennum tjaldeða hjólhýsasvæðum þar sem slíkt er ákveðið í skipulagi. Slík stæði skulu vera a.m.k. 130 m² og fjarlægð milli hjólhýsa eða fortjalda við þau vera a.m.k. 10 m. Byggingarnefnd skal setja sérstakar reglur um slík stöðuleyfi m.a. hvað varðar frágang, öryggismál og árstíðabundinn notkunartíma. Slík stöðuleyfi jafngilda ekki byggingarleyfi, heldur veita þau einungis leyfi til að tiltekið hjólhýsi (tengivagn) standi á tilteknu stæði að uppfylltum kröfum byggingarnefndar. Hjólhýsi getur ekki talist bygging nema uppfyllt séu ákvæði í gr. 3.4.9.

Um gjaldtöku vegna eftirlits og úttektar byggingarfulltrúa vegna stöðuleyfa hjólhýsa fer eftir gr. 9.2.3.

Hjólhýsi sem stöðuleyfi er veitt fyrir skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til tengivagna í reglugerð um stærð og þyngd ökutækja nr. 107/1988, m.a. að hámarksbreidd þeirra megi ekki fara yfir 2.50 m og hámarkslengd ekki yfir 12.0 m.

6.10.8.3. Á almennum tjaldsvæðum eða í tengslum við þau má reisa minni byggingar, svefnhýsi, til nota fyrir ferðamenn til gistingar í skamman tíma, sé gert ráð fyrir slíku í deiliskipulagi svæðisins.

Svefnhýsi skulu vera á einni hæð og veggir og þak vera a.m.k. sem B30 og klæðningar í flokki 2. Á svefnhýsum skal vera opnanlegur gluggi sem uppfyllir kröfur brunamálareglugerðar um björgunarop. Þar er hægt að hafa eldunaraðstöðu og hreinlætisaðstöðu. Fullkomin hreinlætisaðstaða skal annars vera í sérstakri byggingu eða byggingum sem leigjendur hafa aðgang að, sjá ennfremur gr. 77.1 í heilbrigðisreglugerð.

Svefnhýsum má koma fyrir í þyrpingu þannig að lágmarksfjarlægð milli einstakra svefnhýsa sé minni en 10 m enda fari brúttóflatarmál þeirra ekki yfir 80 m² samanlagt, en lágmarksfjarlægð milli þyrpinga verður að vera a.m.k. 10 m. Innbyrðis afstaða hýsanna er háð samþykki slökkviliðsstjóra.

Sækja skal um byggingarleyfi til byggingarnefndar eins og um aðrar byggingar. Útbúnaður og hreinlætisaðstaða er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

VII. KAFLI.
EFNI OG GERÐ HÚSA.

7.0. **Almenn ákvæði.**

7.0.1. Hús og önnur byggingarmannvirki skulu jafnan gerð úr haldgóðum og hentugum byggingarefnum, sem þola íslenskt veðurfar og þá áraun sem ætla má að húsið eða byggingarmannvirkið verði fyrir. Ennfremur skal tryggt, að framkvæmdir séu með tæknilega og faglega fullnægjandi hætti.

7.0.2. Meðan á byggingarframkvæmdum stendur skal tryggt að stöðugleiki burðarvirkja sé ávallt fullnægjandi og að ekki verði skaðleg áhrif af völdum veðurs. Bráðabirgðamannvirki, s.s. steypumót, vinnupallar, stoðir, afstífingar o.s.frv., skulu hafa fullnægjandi styrk. Við byggingarframkvæmdir skal gætt ítrustu öryggissjónarmiða, einkum er varðar hættu á að fólk geti fallið út af vinnupöllum eða þökum eða stigið gegnum þakklæðningar.

7.0.3. Byggingarefnissölum er skylt að láta gæðaprófa efni, tæki og byggingarhluta er þeir bjóða til sölu, eða leggja fram vottorð um slíka prófun. Gæðaprófanir skulu gerðar af óháðri rannsóknarstofnun sem umhverfisráðuneytið viðurkennir. Efni, tæki og byggingarhlutar, sem hlotið hafa a.m.k. þriggja ára góða reynslu hér á landi að mati óháðrar rannsóknarstofnunar, þegar reglugerð þessi tekur gildi, falla ekki undir þessi ákvæði.

7.1. **Jarðvegur og undirstöður.**

7.1.1. Um grundun gildir ÍST 15 Grundun.
Undirstöður skulu ná niður á frostfrítt dýpi, (1.2 m niður fyrir endanlegt jarðvegsyfirborð við útveggi) eða frostþolið fyllingarefni og burðarhæfan jarðveg. Þær skulu hannaðar og byggðar þannig, að ekki geti orðið tjón af völdum hreyfinga í jarðveginum, t.d. vegna sigs eða frostlyftingar. Á jarðskjálftasvæðum skal sérstaklega tekið tillit til þeirra skjálftahreyfinga sem verða í jarðveginum.

Minnsta breidd undirstaðna sé 200 mm og skulu þær ganga minnst 300 mm niður fyrir efri brún botnplötu.

7.1.2. Ef grunnstæði er gott getur byggingarfulltrúi leyft að undirstöður hvíli beint á frostþolnum jarðvegi eða þjappaðri fyllingu. Ef undirstöður eiga að hvíla á fyllingu, skal burðarþolshönnuður leggja fram fullnægjandi gögn um að burðarþolsprófun, sem byggingarfulltrúi metur gilda, hafi staðfest að fyllingin þoli þá áraun sem henni er ætlað að þola eða að mannvirkið sé þannig hannað að það þoli þær hreyfingar sem eru áætlaðar skv. jarðtæknilegri rannsókn.

7.1.3. Á uppdrætti af undirstöðum skal rita hvert er nafnálag á undirstöðujarðveg í MN/m^2. Við mat á nafnálagi skal þess gætt að ekki sé burðarminni jarðvegur dýpra.

7.1.4. Þegar um stórhýsi eða meiriháttar byggingu er að ræða, eða þar sem leikur vafi á burðarþoli undirstöðujarðvegs, getur byggingarfulltrúi krafist að framkvæmd verði sérstök jarðtæknileg rannsókn á sigeiginleikum og styrkleika jarðvegs. Ef byggt er upp að húsi, skal þess gætt að undirstöður hússins, sem fyrir er, raskist ekki og getur byggingarfulltrúi krafist þess að gerðar séu sérstakar ráðstafanir vegna þess. Undirstöður skulu vera úr steinsteypu og skal þykkt þeirra valin í samræmi við burðarþol jarðvegs og það álag sem þær eiga að flytja.

7.1.5. Um burðargetu klappar, jarðvegs og fyllinga almennt gilda ákvæði staðalsins ÍST 15. Í staðlinum er gert ráð fyrir flokkun mannvirkja í öryggis- og grundunarflokka og eru kröfur um umfang útreikninga við hönnun, efnisrannsóknir, eftirlit o.fl. misstrangar eftir flokkum. Einföld sýnidæmi um notkun staðalsins er að finna í Rb-blöðunum Rb(L4).102 og Rb(L4).103.

7.1.6. Leyfilegt meðalálag á fastan grunn skal miða við töflu 9.1. í ÍST 15.

Fyrir möl, sand og sylti er leyfilegt álag háð hæð grunnvatnsborðs, breidd undirstöðu og hæð fyllingar við undirstöðu. Reikna skal nauðsynlega lágmarksbreidd undirstöðu skv. 6. grein í ÍST 15.

7.2. **Efni og burðarvirki.**

7.2.1. Um hönnun og útreikninga á burðarvirkjum gilda ÍST 12 Álagsforsendur við hönnun mannvirkja, ÍST 12/A1 Staðalauki við ÍST 12 og ÍST 13 Jarðskjálftar, álag og hönnunarreglur.

Burðarvirki bygginga og annarra mannvirkja skulu reiknuð og hönnuð þannig, að þau geti örugglega staðist það álag, bæði stöðufræðilegt og hreyfifræðilegt (statiskt og dynamiskt), sem þau kunna að verða fyrir.

7.2.2. Ef búast má við að mannvirki geti orðið fyrir óvenjulegu ytra eða innra álagi, getur byggingarfulltrúi krafist sérstakra útreikninga.

7.2.3. Þess skal gætt að svignun, niðurbeygjur eða færslur almennt í burðarvirkjum séu innan hæfilegra marka. Gæta skal þess að slíkar formbreytingar valdi ekki skemmdum á öðrum byggingarhlutum.

7.2.4. Eftirfarandi kröfur gilda um hámarkssvignun eða færslu burðarvirkja:

1. Þök, milligólf og útveggir:
   a) Heildarálag . . . . . Umax=L/200
   b) Hreyfanlegt álag
      i) þar sem strangar kröfur eru gerðar til útlits og stífleika, (t.d. gólfplötur með léttum innréttingum, milligólf) . . . . . Umax=L/500
      ii) fyrir múrhúðuð eða plötuklædd loft . . . . . Umax=L/400
      iii) þar sem útlit og svignun skipta minna máli, t.a.m. í vörugeymslum og verkstæðum . . . . . Umax=L/300

   Svignun byggingarhluta undan hreyfanlegu álagi miðast alltaf við jafnvægisstöðu byggingarhluta án hreyfanlegs álags.
   c) Fyrir timburgólf gildir ennfremur að niðurbeygja undan skammtíma punktálagi P=1.0 kN sé mest 1.5 mm.
2. Útkragaðir byggingarhlutar fyrir heildarálag . . . . . Umax=L/150
3. Þar sem því verður við komið, skulu yfirhæðir láréttra byggingarhluta vera U=UG+UN/2, þar sem UG er svignun vegna fasts álags (eigin þungi) og UN er svignun vegna hreyfanlegs álags.
4. Færslu byggingarhluta má túlka sem hallabreytingu, þ.e. færslu þvert á byggingarhluta sem hlutfall af lengd hans. Færslurnar geta t.d. verið í lárétta stefnu vegna vindálags eða lóðrétta vegna missigs. Hallabreyting láréttra og lóðréttra byggingarhluta eða ofanvarps þeirra á lárétt eða lóðrétt skal alla jafnan vera undir 0.2% og aldrei yfir 1.0%. Ef færsla reiknast vera meira en 0.2% en undir 1.0% skal gera sérstaka grein fyrir hvaða áhrif þetta hefur á burðarvirkið og bygginguna í heild.

Skýringar:
U=svignun (frá upphafsstöðu, þ.e. að teknu tilliti til yfirhæðar)
Umax=hámarkssvignun
L=haflengd burðareiningar.

7.2.5. *Timbur.*

7.2.5.1. Um timbur sem nota á í burðarvirki gilda ÍST DS 413 Timburvirki og ÍST INSTA 140 Gagnvarinn viður.

Þegar timbur er notað við aðstæður þar sem efnisraki getur iðulega farið yfir 20% skal ætíð nota gagnvarið timbur og tæringarvörn festinga skal vera minnst jafngild því sem tilgreint er í ÍST DS 413 gr. 3.5.2. flokki U.

7.2.6. *Stál, stálvirki og álvirki.*

7.2.6.1 Um stál gildir íslenskur staðall ÍST DS 412. Um álvirki gildir íslenskur staðall ÍST DS 419.

7.2.6.2. Stál sem nota á í burðarvirki skal verja gegn ryði með galvanhúð, blýmenju eða á annan viðurkenndan hátt. Málmfestingar sem gegna mikilvægu burðarhlutverki skulu varðar á sama hátt.

7.2.6.3. Burðarvirki úr stáli skal einangra á fullnægjandi hátt gegn eldi og vísast í því efni til brunamálareglugerðar nr. 269/1978.

7.2.7. *Sement og steinsteypa.*

7.2.7.1 Um sement og steinsteypu gilda íslenskir staðlar, ÍST 9, ÍST 10 og ÍST 14.

7.2.7.2. Gæðamat sements, steypuefnis og steinsteypu skal framkvæmt, eftir því sem þörf krefur, af óháðri rannsóknarstofnun sem hefur sérþekkingu á viðkomandi sviði og hefur hlotið viðurkenningu umhverfisráðuneytisins. Ef sement fullnægir ekki lágmarkskröfum um gæði skv. gildandi stöðlum, skal það tilkynnt umhverfisráðuneytinu þegar í stað.

7.2.7.3. *Framleiðsla á steinsteypu.*
Steypustöð skal hafa tilskilið rekstrarleyfi skv. ákvæðum gildandi staðla. Leyfið er háð því að óháð rannsóknarstofnun, sem umhverfisráðuneytið viðurkennir, hafi gefið jákvæða umsögn. Ef steinsteypan uppfyllir ekki skilyrði gr. 7.2.7.1. og 7.2.7.2. skal byggingarfulltrúi banna notkun hennar uns úr hefur verið bætt.

7.3. **Brunaþol.**

7.3.1. Um brunavarnir og brunamál gildir reglugerð um brunavarnir og brunamál nr. 269/1978.

7.3.2. Skylt er að láta fara fram brunatæknilega hönnun á húsgerðum, sem ekki er fjallað um sérstaklega í brunamálareglugerð, þegar byggingarfulltrúi eða brunamálastjóri krefjast þess. Hönnunin er háð samþykki brunamálastjóra og skal m.a. taka til og byggjast á eftirfarandi þáttum:

1. Brunaálagi.
2. Loftræsingarskilyrðum brunans.
3. Brunamótstöðu byggingarhluta.
4. Stöðugleika húsa í bruna.
5. Fjarlægðum til slökkviliðs, aðgangi að slökkvitækjum og aðstöðu til slökkvistarfa.
6. Viðbrögðum gólfs, vegg- og þakklæðningar í bruna.
7. Útbreiðsluhættu brunans bæði innan og utan byggingarinnar.
8. Áhrifum reyks og eitraðra lofttegunda.
9. Sprengihættu.
10. Rýmingarleiðum.

7.3.3. *Byggingarhlutar, einangrun og efni til klæðninga.*

7.3.3.1. Byggingarhlutar skulu tengdir saman á þann hátt, að þeir séu sem heild ekki verr varðir frá brunatæknilegu sjónarmiði en hver einstakur byggingarhluti.

7.3.3.2. Í húsum, sem eru 2-4 hæðir eða lægri en 12 m á efstu plötu, skulu berandi byggingarhlutar, svo sem útveggir, berandi innveggir, bitar, súlur og hæðaskil (plötur), þar með taldar svalir og svalagangar, vera eldtraustir af gerð A60 a.m.k. Í húsum sem eru 5 hæðir eða hærri, eða þar sem efsta gólf er meira en 12 metra yfir jörð, skulu burðarvirki á 12 efstu metrunum, miðað við gólf efstu hæðar, vera

eldtraust af gerð A60 a.m.k. Burðarvirki þakbita má vera B60. Burðarvirki hæða þeirra sem neðar eru skulu vera eldtraust af gerð A120 a.m.k., sbr. gr. 7.1.2. í brunamálareglugerð.

7.3.3.3 Þök skulu þannig gerð, hvað frágang og efni varðar, að þau séu eldtreg a.m.k. Ysta þakklæðning skal vera æskileg frá brunatæknilegu sjónarmiði.

7.3.3.4. Brennanlega einangrun, t.d. frauðplast, skal eldverja með klæðningu í flokki 1 eða 2. Ef klæðning er í flokki 2 skal miða þykkt hennar við að holrúm sé á bak við klæðningu. Efstu plötu í ónotuðum rishæðum má þó einangra með frauðplasti án eldvarnarlags.

7.3.3.5. Ekki má nota brennanlega einangrun í samkomuhús, skóla, verslunarmiðstöðvar, eða önnur þau hús þar sem vænta má mannsafnaðar, nema á undirlag úr steinsteypu eða öðru jafngóðu A-efni. Slík einangrun skal liggja þétt að undirlaginu, án holrúms. Hana skal eldverja með klæðningu í flokki 1. Sama gildir um hús til annarra nota, ef um verulega eldhættu er að ræða að dómi Brunamálastofnunar ríkisins.

7.3.3.6. Bannað er að nota frauðplast eða önnur plastefni með svipaða brunatæknilega eiginleika sem loft- eða veggklæðningu eða fastar skreytingar.

7.3.3.7. Aðalburðarvirki skulu hafa meiri brunamótstöðu en húshlutar þeir sem á þeim hvíla. Þakbitar eða sperrur skulu t.d. þola eld, lengur án þess að bresta, en þakásar eða þakklæðning.

7.3.3.8. Um timburvirki gildir ÍST DS 413. Við burðarþolsútreikninga á burðarvirkjum úr tré eða límtré skal gera ráð fyrir að berandi þversnið þynnist um 42 mm/klst. (bæði hæð og breidd þversniðsins). Styrkleikaákvörðun skal miða við það að eftir einnar klukkustundar bruna sé spennan í hinu skerta þversniði ekki meiri en 2 x leyfileg spenna við óskert þversnið. Þegar um súlur er að ræða má svignunartala ekki vera hærri en 170. Þar að auki skal óskert þversnið súlu ekki vera minna en hér segir:

90x 90 mm fyrir flokk B30.
140x140 mm fyrir flokk B60.
190x190 mm fyrir flokk B90.

Samsvarandi tölur fyrir bita eru:

Brunatæknilegur flokkur		B30			B60	
Þykkt bita í mm	90	140	190	140	165	190
Hæð bita í mm	300	200	150	600	500	400

7.3.3.9. Seljandi byggingarefna, byggingarhluta eða tækja, sem haft geta áhrif á öryggi húss gegn eldi, er skyldur að afla nauðsynlegra upplýsinga um brunatæknilega eiginleika þeirra og láta Brunamálastofnun ríkisins þær í té. Upplýsingar skulu vera frá viðurkenndum óháðum brunatæknilegum tilraunastofum, sbr. gr. 7.5.6. í brunamálareglugerð.

Þar til fullnægjandi prófunaraðstöðu hefur verið komið upp hér á landi, skal yfirleitt við það miðað, að byggingarefni hljóti viðukenningu hér, ef það er samþykkt af brunamálayfirvöldum í einhverju hinna Norðurlandanna, sbr. gr. 7.5.7. í brunamálareglugerð.

7.3.3.10. *Um brunaþol byggingarhluta og klæðninga gildir:*

Húsgerð og húshlutar	Brunaþols-flokkur byggingar-hluta	Klæðninga-flokkur útveggir, innveggir, loft	
EINBÝLISHÚS:			
Berandi byggingarhlutar	B30		fl.2
Léttir útveggir, ekki berandi	B30		fl.2
Veggur milli íbúðar og bílskúrs	B60	Sérbyggðir	fl.2
		Áfastir eða innbyggðir	fl.1
FJÖLBÝLISHÚS:			
Berandi byggingarhlutar	A60	Utanhúskl.	fl.1
og veggir milli íbúða	B90 < 8 h	Innanh.kl. < 8 hæðir	fl.2
		Innanh.kl. < 8 hæðir	fl.1
Léttir, ekki berandi útveggir	B60	do.	
Stigahús	A60		fl.1
HÓTEL - SAMKOMUHÚS - SKÓLAR - DAGV.ST. - VERSLANIR:			
Burðarvirki í einnar hæðar húsum	B60	Sjá brunamála-reglugerð	
EINNAR HÆÐAR IÐNAÐAR- OG GEYMSLUHÚSNÆÐI:			
Plata yfir kjallara, stigar	A60	(Heimild til undanþágu fl.2)	fl.1
STÓRAR BÍLAGEYMSLUR:			
Byggingarhlutar sem skilja frá öðru rými	A60		fl.1
HLÖÐUR - PENINGSHÚS - VERKFÆRAGEYMSLUR:			
Skilveggur milli hlöðu og 200 m^2 peningshúss	A120		

7.4. Hljóðvist.

7.4.1. *Almennt.*

Hús skulu þannig staðsett og byggð að fullnægjandi hljóðvist náist. Með því er átt við að hávaði sé takmarkaður, hljóðeinangrun góð og vistarverur hæfilega hljóðdeyfðar.

7.4.2. *Hugtök og skilgreiningar.*

7.4.2.1. Lofthljóðeinangrun milli tveggja rýma gefur til kynna hve mikið berst á milli þeirra af mannamáli, hljóði frá útvarpi, sjónvarpi o.s.frv. Mælikvarði á þetta er staðlaður munur á hljóðstigi í sendirými og móttökurými, s.k. R'w-gildi, sem mælist í desibelum, dB.

Lofthljóðeinangrunin er því meiri sem R'w-gildið er hærra.

7.4.2.2. Högghljóðeinangrun milli tveggja rýma gefur til kynna hve mikið berst á milli þeirra af gönguhljóði, hljóði frá stól sem dreginn er eftir gólfi o.s.frv. Mælikvarði á þetta er hversu hátt hljóð berst til móttökurýmis frá staðlaðri „hamravél" sem hamrar á gólfið í sendirými. Þetta hljóð, mælt á staðlaðan hátt, nefnist högghljóðstig, L'n,w-gildi, og mælist í desibelum, dB.

Högghljóðeinangrunin er því meiri sem L'n,w-gildið er lægra.

7.4.2.3. Hljóðdeyfing í ákveðnu rými er háð því hversu mikið er af hljóðdeyfandi efnum í rýminu, og af því ræðst hversu lengi hljóðið ómar, áður en það deyr út.

Mælikvarði á þetta er s.k. ómtími, sem mælist í sekúndum.

Hljóðdeyfingin er því meiri sem ómtíminn er styttri.

7.4.2.4. Hljóðstig er mælikvarði á hljóðstyrk. Það er mælt í desibelum í gegnum s.k. A-síu, sem líkir eftir næmni eyrans og kallast einingin dB(A).

7.4.3. *Mæliaðferðir.*

Ef ástæða þykir til þess að kanna hvort hljóðvist sé fullnægjandi, skulu mælingar gerðar samkvæmt ákveðnum mæliaðferðum. Aðferðirnar sem nota skal skulu vera samkvæmt ISO-stöðlum (International Standard Organization) og NT (Nordtest, samræmdar norrænar mæliaðferðir).

7.4.3.1. Við athugun á hljóðeinangrun, skulu mælingar gerðar skv. ISO 140/(1-8):1978, og hljóðeinangrunargildi reiknuð út skv. ISO 717/(1-3):1982. Frávik frá staðlaðri viðmiðunarkúrfu má þó aldrei vera meira en 8 dB.

7.4.3.2. Við athuganir á hljóðdeyfingu, skal mæla ómtíma skv. NT-ACOU 053.

7.4.3.3. Við athuganir á hljóðsigi í herbergjum skal mæla skv. NT-ACOU 042.

Markgildi fyrir hljóðstig í herbergjum miðast við fullfrágengið herbergi án húsgagna og aðeins með einum manni viðstöddum. Ef mælt er í herbergi með húsgögnum, skal lækka þessi markgildi um 3 dB.

Í skólum og dagheimilum, skulu þó markgildin miðast við herbergi með húsgögnum.

Ef hljóðið inniheldur högghljóð eða greinilega tóna, skal ennfremur lækka markgildin um 5 dB.

7.4.3.4. Við athuganir á hljóðstigi frá umferð skal mæla skv. NT-ACOU 039 eða NT-ACOU 056. Áætlað hljóðstig, þ.e. útreiknað hljóðstig, skal fundið með samnorræna reiknilíkaninu fyrir umferðarhávaða.

7.4.4. *Hljóðeinangrandi hurðir.*

Þar sem rætt er um hurð í ákveðnum hljóðeinangrunarflokki, t.d. 35 dB hurð, er átt við hljóðeinangrunarflokkun skv. danska staðlinum DS 1082-1982 eða norska staðlinum NS 3150-1990.

7.4.5. *Lofthljóðeinangrun.*

Einangrunargildið fyrir lofthljóð, R'w, skal a.m.k. vera jafnhátt og það sem gefið er upp í töflunni:

	Íbúðarhús		Hótel, hjúkrunar-heimili o.þ.h. íbúðar-einingar	Kennslu-húsnæði kennslu-stofur
	Parhús eða raðhús	Fjöl-býlis-hús		
Milli íbúðar og herbergja í öðrum íbúðum eða sameiginlegs rýmis	55db	52db	52db	
Milli íbúðar-herbergis og sameiginlegs rýmis (t.d. gangs) ef dyr eru á skilvegg[1]		39db	39db	
Milli íbúðar og sameiginlegs þjónustu-rýmis eða rýmis með atvinnustarf-semi[2]	60db	60db	60db	
Milli venjulegra kennslustofa með skilvegg án dyra[3] .				48db
Milli kennslustofa þar sem önnur eða báðar eru fyrir smíða- eða tón-menntakennslu. Skilveggur án dyra[3]				60db

1) Almennt má telja að þessi krafa sé uppfyllt með hurð í hljóðeinangrunarflokki 35 dB, ef skilveggurinn sjálfur er a.m.k. 10 dB betri en hurðin.

2) Dæmi: Þvottahús, leikherbergi, sameiginleg bílageymsla eða atvinnustarfsemi eins og verslun eða verkstæði. Mun meiri kröfur þarf hins vegar að gera ef um er að ræða dansstað eða sambærilegan skemmtistað, en þá skal gera kröfu um að R'w sé a.m.k. 75 dB eða meira.

3) Ef dyr eru á illi kennslustofa skal setja í þær hurð í hljóðeinangrunarflokki a.m.k. 40 dB. Dyr fram á gang skulu vera með hurð í hljóðeinangrunarflokki a.m.k. 30 dB.

7.4.6. *Högghljóðeinangrun.*

Högghljóðstigið, L'n,w, skal aldrei vera hærra en það gildi, sem gefið er upp í töflunni:

Högghljóð frá:	Íbúðarhús[1] Parhús eða raðhús	Fjölbýlishús	Hótel, hjúkrunarheimili o.þ.h. íveruherb.[3]	Kennsluhúsnæði kennslustofur
gólfi í aðlægu par-, raðhúsi eða aðlægum íbúðum[2], göngum, stigum, stigapöllum, svalagöngum o.s.frv.	53db	58db	58db	
gólfi í baðherbergjum, salernum, geymslum, svölum o.þ.h. í aðlægu par- eða raðhúsi eða aðlægum íbúðum	58db	63db	63db	
gólfi í sameiginlegu þjónusturými eða rými með atvinnustarfsemi[4]	48db	48db	48db	
gólfi í aðlægum herbergjum í skólum				63db
gólfi í aðlægum kennslustofum fyrir smíða- eða tónmenntakennslu				53db

1) Kröfurnar gilda aðeins um íveruherbergi, eins og stofur, svefnherbergi, eldhús o.þ.h., en baðherbergi, salerni, geymslur o.þ.h. eru undanþegin.

2) Hér er aðeins átt við íveruherbergi, eins og stofur, svefnherbergi, eldhús o.þ.h., en vægari kröfur gilda um gólf í baðherbergjum, salernum, geymslum o.þ.h.

3) Kröfurnar gilda aðeins um íveruherbergi, eins og hótelherbergi, svefnherbergi og ýmiss konar samveruherbergi.

4) Dæmi: Þvottahús, leikherbergi, sameiginleg bílageymsla eða atvinnustarfsemi eins og verslun eða verkstæði. Mun meiri kröfur þarf hins vegar að gera ef um er að ræða dansstað eða sambærilegan skemmtistað, en þá skal gera kröfu um að L'n,w sé 25dB eða minna.

7.4.7. *Ómtími.*

	Lengsta leyfilega meðalgildi ómtíma á tíðnibilinu 250–4000 rið(Hz)
Íbúðarhús, hótel, hjúkrunarheimili o.þ.h.:	
Sameiginlegt stigahús með aðgang að fleiri en 4 íbúðum:	1.5 sek
Sameiginlegur gangur með aðgang að fleiri en 2 íbúðum:	1.0 sek
Skólabyggingar:	
Stigahús og gangar:	1.0 sek
Venjulegar kennslustofur, bókasöfn o.þ.h.:[1]	0.8 sek
Sérkennslustofur, hópvinnustofur o.þ.h.:[1]	0.6 sek
Leikfimisalir og sundhallir:	1.5 sek
Dagheimili og leikskólar:	
Herbergi þar sem börn eru að staðaldri:[1]	0.6 sek

1) Kröfurnar gilda um herbergi búin húsgögnum.

7.4.8. *Hljóðstig frá tæknibúnaði.*

Hljóðstigið skal aldrei vera hærra en það gildi, sem gefið er upp í töflunni:

	Íbúðarhús, hótel, hjúkrunarheimili o.þ.h.	Kennslu-húsnæði
Hljóð frá:	Íveru-herbergi[1]	Kennslu-stofur[2]
sameiginlegum lögnum og tæknibúnaði s.s. fráveitu- og neysluvatnslögnum, sorprennum, lyftum, loft-þjöppum, kynditækjum og tækjum í sameiginlegum þvottahúsum[3]	35db(A)	
ofnum í sameiginlegu hitakerfi og frá loftræsikerfi með inn-blæstri eða útsogi í íveru-herbergi	30db(A)	
Þvottavélum, uppþvottavélum o.þ.h. í aðlægum íbúðum	35db(A)	
lögnum og tæknibúnaði, sem er notað við atvinnustarf-semi í íbúðarhúsnæði, hótelum o.s.frv.	30db(A)	
tæknibúnaði í skólabyggingum s.s.loftræsikerfum		35db(A)
	Útisvæði, s.s. svalir eða garður	
tæknibúnaði, s.s. loftræsi-búnaði, kynditækjum, varma-endurvinnslubúnaði o.fl.	40db(A)	

1) Kröfurnar gilda um íveruherbergi, eins og stofur, svefnherbergi, hótelherbergi, og ýmiss konar samveruherbergi. Fyrir eldhús o.þ.h. herbergi má hljóðstigið vera 5 db hærra en sýnt er í töflunni. Markgildin gilda um fullfrágengið herbergi án húsgagna og aðeins einum manni viðstöddum.

2) Markgildin eiga við um fullfrágengnar kennslustofur með húsgögnum og aðeins einum manni viðstöddum.

3) Kröfurnar gilda ekki um hljóð sem myndast við notkun neysluvatns og þriftækja innan sömu íbúðar eða íbúðareiningar.

7.4.9. *Hljóðstig frá umferð.*

Hljóðstig frá umferð er mælt og markgildi sett sem s.k. jafngildishljóðstig í dB(A) fyrir heilan sólarhring. Markgildin miðast við ákveðna tímadreifingu umferðarinnar, þannig að reiknað er með 7-8% næturumferð á stofn- og tengibrautum, en um 4-5% næturumferð á safngötum og húsagötum. (Næturumferð telst vera milli 00:00 og 07:00).

Þessi forsenda um tímadreifingu umferðarinnar gefur um 7-8 dB(A) minni umferðarhávaða að næturlagi en að degi til á stofn- og tengibrautum, en um 9-10 dB(A) á safn- og húsagötum. Ef veruleg frávik eru á tímadreifingu umferðarinnar miðað við þessar forsendur, skulu markgildin fyrir umferðarhávaðann breytast í samræmi við það.

Markgildin „utan við glugga" í töflunni eru frísviðsgildi, annað hvort mæld beint án áhrifa frá endurkastandi flötum, eða mæligildi við húshlið leiðrétt m.t.t. áhrifa frá endurkastandi flötum.

Markgildi fyrir umferðarhávaða, jafngildishljóðstig í dB(A) fyrir sólarhring.

	Grunntafla (nýskipulag)	Frávik[1] I	II	III	IV	Óbreytt ástand
Innanhúss:						
Íbúðarhúsnæði	30	30	35	40	30	40
Kennslu- og sjúkrastofur	30	30	30	35	30	40
Hávaðalitlir vinnustaðir	40	40	45	50	40	50
Utan við glugga:						
Íbúðarhúsnæði	55	65(55)	60	65	70(55)	70
Kennslu- og sjúkrastofur	55	65	55	60	70	70
Útisvæði:						
Útivistarsvæði í þéttbýli	55	55	60	65	70	70
Sumarhúsabyggð	45	45	60	65	70	70

Markgildi innan sviga merkja að sú krafa skal vera uppfyllt fyrir a.m.k. helming íveruherbergja í hverri íbúð.

1) Frávik: I Ný byggð við miklar umferðaræðar.
II Ný umferðaræð í byggð sem fyrir er.
III Veruleg breyting á umferðaræð í byggð sem fyrir er.
IV Endurnýjun byggðar sem fyrir er.

7.4.10. *Hljóðstig frá fyrirtækjum og annarri starfsemi.*

Hollustuvernd ríkisins setur viðmiðunarmörk um hámarkshljóðstig frá fyrirtækjum og annarri starfsemi í mengunarvarnarreglugerð.

7.4.11. *Hávaði á vinnustöðum.*

Á vinnustöðum skal gætt ákvæða reglna Vinnueftirlits ríkisins um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna.

7.5. **Hitaeinangrun.**

7.5.1. Hús skulu einangruð með þannig efnum og á þann hátt að sköpuð séu fullnægjandi heilbrigðis- og hollustuskilyrði og þannig að komist verði hjá óþarfa orkueyðslu.

7.5.2. Við útreikninga á kólnunartölum húsa og húshluta skal höfð hliðsjón af Rb-sérriti nr. 30, Einangrun húsa, 2. útgáfu. Eftirfarandi kröfur gilda sem hæstu leyfilegu kólnunartölur fyrir íbúðarhús og hús þar sem svipaðar kröfur eru gerðar til raka og hitastigs:

Hámarksgildi kólnunartalna byggingarhluta:

	k-gildi W/m² °C
1. Útveggir	0.40
2. Þak	0.20
3. Gólf á fyllingu	0.30
4. Gólf að óupphituðu rými	0.30
5. Gólf að útilofti	0.20
6. Gluggar, karmar+gler, vegið meðaltal	2.50

7.5.3. Við ákvörðun einangrunarþykktar skal miða við að kólnunartölur útveggja, að gluggum og hurðum meðtöldum sé hæst:

Veggir, vegið meðaltal . . . . . 0,8 W/m² °C.

Fjölbýlishús, 2 hæðir eða meira, eru undanþegin ákvæði þessarar greinar. Við útreikninga þarf ekki að taka tillit til glerjaðra rýma t.d. garðskála, sem loka má af frá öðru fullhituðu rými.

7.5.4. Út frá hámarksgildum í gr. 7.5.2. og 7.5.3. ásamt flatarstærðum húss skal reikna út leiðnitap hússins úti og inni (W/°C) fyrir 1°C hitamun úti og inni. Við ákvörðun einangrunarþykktar byggingarhluta skulu hámarksákvæði fyrir k-gildi samkvæmt gr. 7.5.2. ávallt vera uppfyllt. Heimilt er að víkja frá gr. 7.5.3. svo framarlega sem reiknað heildarorkutap hússins (W/°C), að tapi um kuldabrýr meðtöldu, aukist ekki við það.

Við útreikninga þarf ekki að taka tillit til glerjaðra rýma t.d. garðskála, sem loka má frá öðru fullhituðu rými.

7.5.5. Við útreikninga á nauðsynlegum einangrunarþykktum í rað- og fjölbýlishúsum skal reikna húsin sem eina heild en ekki sem safn sjálfstæðra eininga. Á hönnunarteikningum skulu ávallt tilgreindar kólnunartölur og flatarmál byggingarhluta, svo og leiðnitap (W/°C) fyrir allt húsið.

7.5.6. Þegar um önnur hús en íbúðarhús, eða hús þar sem svipaðar kröfur eru gerðar til hita, er að ræða, skal einangrun gerð með hliðsjón af gr. 7.5.2. og þeirri starfsemi sem fer fram í húsinu.

7.5.7. Við hönnun og útfærslu á einangrun húsa skal þess gætt að raka- og vindvarnir séu fullnægjandi svo raki og loft rýri ekki einangrunargildi. Rakavarnarlag skal jafnframt vera svo þétt að ekki sé hætt á rakaþéttingum inni í byggingarhluta.

Þessum skilyrðum er alla jafna fullnægt í léttum byggingarhlutum, t.d. timburveggjum og þökum, ef gufuflæðimótstaða (Z-gildi) vindþéttilags er undir 10 GPa s m2/kg (20 PAM) og rakavarnarlags yfir 250 GPa s m2/kg (500 PAM). Rakavarnarlagið skal vera heilt og raflögnum og öðrum lögnum komið fyrir innan það, verði því við komið. Sérstaklega skal vanda allan frágang rakavarnarlags og tryggja eftir fremsta megni að góð rakavörn náist á skeytum byggingarhluta, við bita o.fl. (rakavarnarlagið þarf að verða sem næst loftþétt).

Um útfærslu á raka- og vindvörnum vísast til Rb-blaða nr. (I 2). 001 og (I 3). 001.

Þess skal ennfremur gætt að yfirborðshiti flata verði hvergi svo lágur að leitt geti til skemmda (rakaþéttingar).

7.5.8. Upphituð hús skulu ekki vera óþéttari, miðað við 50 Pa þrýsingsmun, en fram kemur í eftirfarandi gildum:

Einbýlishús	3.0 loftskipti/klst.
Önnur íbúðarhús, 2 hæðir eða lægri	2.0 loftskipti/klst.
Íbúðarhús, meira en 2 hæðir	1.0 loftskipti/klst.

7.5.9. Skila skal til byggingarfulltrúa séruppdráttum og útreikningum vegna hönnunar á varmaeinangrun sérstaklega vandasamra mannvirkja s.s. frystiklefa, sundlauga o.þ.h. bygginga, þar sem nauðsyn er að halda hita og rakaflæði innan tiltekinna marka, svo og vegna ýmissa frágangsatriða, s.s. þéttinga milli eininga í einingahúsum, frágangs á raka- og vindvörnum í þökum, frágangs á útloftunarraufum vegna útloftunar þaka, útveggja, gólfa eða annarra byggingarhluta.

7.5.10. Á alla opnanlega glugga, svalahurðir og útihurðir skal setja þéttilista, svo unnt sé að hafa lágmarksstjórnun á loftskiptum í viðkomandi rýmum. Á þetta við um allt íbúðarhúsnæði og annað húsnæði þar sem gerðar eru álíka kröfur um hita- og rakastig.

7.5.11. *Þök og þakvirki.*

7.5.11.1. Þök skulu þannig hönnuð og byggð að ekki komi til skaðlegrar rakaþéttingar í þakvirkinu eða á innra byrði þess.

7.5.11.2. Á þökum úr timbri eða trjákenndum efnum skal komið fyrir útloftunarraufum, þannig staðsettum, að jöfn útloftun sé yfir efra byrði þakeinangrunar. Gera skal grein fyrir útloftun á séruppdráttum og einnig með útreikningum ef þurfa þykir.

7.5.11.3. Stærðir útloftunarraufa séu 500 - 1500 mm^2 á hvern m^2 þaks. Neðri mörkin gilda, ef þak er klætt með borðum og undirlagspappa undir báruðum málmplötum. Efri mörkin gilda, ef þak er þéttklætt með rakaþolnum plötum með eða án undirlagspappa undir báruðum málmplötum eða fyrir pappaklædd þök. Útloftunarraufar skulu þannig úr garði gerðar að ekki geti skafið snjó um þær inn undir þakið.

7.5.12. Jafnan skal komið fyrir manngengum loftlúgum svo unnt sé að komast upp í þakrýmið til viðgerða og eftirlits. Lúgan skal þannig úr garði gerð að hún rýri ekki brunaþol viðkomandi byggingarhluta, (a.m.k. B30).

7.5.13. Við endurbyggingu íbúðarhúsa eða endurnýjun á einstökum þáttum þeirra, t.d. gluggum, skal leitast við að ná þeim kólnunartölum sem tilgreindar eru í gr. 7.5.2.

7.6. **Rakaeinangrun.**

7.6.1. Byggingar skulu þannig hannaðar og byggðar að hlutar þeirra verði ekki fyrir skaðlegum áhrifum af völdum úrkomu, slagregns, snjóa, kraps, yfirborðsvatns, grunnvatns, jarðraka, byggingarraka, þéttivatns eða loftraka. Rakaeinangrun skal þannig gerð að sköpuð séu fullnægjandi heilbrigðis- og hollustuskilyrði.

7.6.2. *Yfirborðsvatn og þerrilögn.*

7.6.2.1. Landi skal halla frá byggingum, nema fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar til að leiða burt yfirborðsvatn eða jarðvatn.

7.6.2.2. Ef fylling undir gólfplötu er ekki sjálfþerrandi, skal komið fyrir lagi sem rýfur hárpípusog jarðraka undir plötunni, t.d. 150 mm þykku lagi af þjappaðri möl með minnstu kornastærð (D10>1.0 mm).

7.6.3. *Kjallarar og skriðrými.*

7.6.3.1. Neðsta gólf og kjallaraveggir skulu þannig hannaðir og byggðir að vatn og raki geti ekki komist inn.

7.6.3.2. Kjallaraveggir og undirstöður neðan jarðvegsyfirborðs skulu varðir að utan gegn raka og vatni.

7.6.3.3. Ef neðsta gólf verður undir grunnvatnsyfirborði, skal á teikningum gerð sérstök grein fyrir rakavörnum fyrir undirstöður og gólfplötu.

7.6.3.4. Hæðaskil eða gólf yfir skriðrými skulu þannig hönnuð og byggð að ekki komi til óþæginda eða skemmda af völdum raka í gólfinu.

7.6.3.5. Skriðrými skal útbúið með rottuheldum loftristum á undirstöðum eða kjallaraveggjum. Loftristar skulu vera á 5 metra bili, þó minnst 2 á hverjum vegg. Þær skulu vera a.m.k. 150 cm^2 og neðri brún a.m.k. 100 mm yfir jörð. Á milliveggi í skriðrými skal setja loftgöt, a.m.k. jafnstór. Ef hæðaskil eru úr steinsteypu, má fækka loftristum um helming. Þó skulu ætíð vera ristar nálægt hornum hússins.

7.6.3.6. Í skriðrýmum skal jafnan komið í veg fyrir jarðraka t.d. með því að steypa þrifalag eða leggja 0.20 mm polyethylene-plastþynnu beint á jörðina og skal festa plastdúkinn vel niður.

7.6.4. *Gólf á jarðfyllingu.*

7.6.4.1. Sé moldarjarðvegur eða annar ónothæfur jarðvegur í grunni, skal skipt um jarðveg. Gólf skulu hönnuð og gerð á vel þjappaðri malar-, hraun- eða sandfyllingu, þannig að ekki sé hætta á sigi. Skal þannig gengið frá landi umhverfis húsið, að vatn geti ekki flætt inn undir fyllinguna. Ef grunnur hvílir ekki á frostþolnu fyllingarefni, skulu undirstöður ná það langt niður fyrir endanlegt jarðvegsyfirborð að frost nái ekki að lyfta þeim.

7.6.4.2. Undir gólf á fyllingu skal setja lag, sem rýfur vatnssog af völdum hárpípukrafts. Ef byggingarlandið er ekki sjálfþerrandi, skal setja þerrilögn umhverfis húsið. Sleppa má þerrilögn umhverfis hús ef gólfið er í meira en 300 mm hæð yfir jörð og landi hallar frá húsinu.

7.6.4.3. Í gólfum á fyllingu skulu öll efni, önnur en gólfyfirborð, vera ólífræn eða varanlega varin gegn fúa og sveppum (t.d. gagnvarið timbur). Gólflektur skulu skildar frá undirlagi með rakastöðvandi millilagi (tvöföldum tjörupappa). Gólflektur skulu vera úr þrýstivörðum viði eða viði vörðum með fúavarnarefnum. Efni í gólfum, sem eru viðkvæm fyrir raka, skulu varin að neðan með rakastöðvandi lagi, t.d. með polyethylene-plastþynnu.

7.6.4.4. Við hönnun gólfa þar sem búast má við mikilli bleytu, s.s. í frystihúsum, þvottahúsum og sundstöðum, skal þess gætt að nota ekki gólfefni er valda slysahættu vegna hálku.

7.6.5. *Útveggir.*

7.6.5.1. Útveggir skulu þannig hannaðir og byggðir að ekki komist raki eða vatn utan frá í gegnum veggina.

7.6.5.2. Milli útveggja úr hárpípusogandi efnum og undirstöðu skal setja trausta rakasperru í a.m.k. 150 mm hæð yfir jörð. Útveggir og undirstöður skulu þannig gerð í

allt að 150 mm hæð yfir jörð og 100 mm yfir garðsvölum, svo að ekki komi til tjóns af völdum raka frá jörðinni eða svölunum.

7.6.6. *Þök.*

7.6.6.1. Þök skulu þannig hönnuð og byggð að þau séu þétt fyrir regnvatni, slagregni, krapavatni og snjó. Jafnan er skylt að gera sérteikningar af frágangi þaka og þakrenna, sbr. gr. 3.3.1. og 3.3.2.

7.6.6.2. Á þökum skulu jafnan vera þakrennur úr vönduðu efni s.s. áli, plasti, galvaniseruðu járni eða kopar. Þær skulu þannig hannaðar og gerðar að ekki sé hætta á að þær fyllist af krapi og klaka og valdi flóði undir þakklæðningu í leysingu.

7.6.6.3. Niðurföll, sem ganga út í gegnum útvegg eða niður úr þaki, skulu þannig hönnuð og gerð, að ekki sé hætta á að þau stíflist af krapi eða klakamyndun.

Niðurföll inni á húsi skulu þannig hönnuð og gerð að ekki komi til rakaþéttingar við þau. Þakvatn skal leitt í holræsi.

7.6.6.4. Þar sem sérstaklega stendur á og þar sem hætta er á miklum snjóalögum, getur byggingarnefnd heimilað að þakrennur séu úr steinsteypu. Sérteikningar skulu gerðar af slíkum þakrennum.

7.6.6.5 Byggingarnefnd getur krafist að settar verði upp snjógrindur á bröttum þökum tveggja hæða húsa eða hærri sem liggja að gangstétt eða yfir inngöngum þeirra.

7.6.6.6 Varðandi rakaþéttingu í þakvirkjum og útloftun þaka vísast til gr. 7.5.7. og 7.5.12.

7.6.6.7. Þakefni skal valið í samræmi við þakhalla í hverju tilviki. Minnsti þakhalli fyrir ýmis þakefni er gefinn í töflu 7.6.6.7.

Tafla 7.6.6.7.

Þakefni.	minnsti þakhalli	
	gráður	h:l
BÁRUJÁRN:		
Báraðar málmplötur á undirþaki úr borðum eða vatnsþolnum plötum með undirlagspappa	14°	1:4
MÁLMPLÖTUR á undirþaki með:		
a) einföldum fals	11°	1:5
b) tvöföldum fals	4°	1:15
ÞAKPAPPI:		
þrefaldur		1:50

Ef þakefni er lagt í óslitnum lengjum og vandlega gengið frá mæni og þversamskeytum, eða ef um geymsluhús eða verksmiðjuhús er að ræða, getur byggingarnefnd heimilað frávik frá ákvæðum í töflunni um lágmarksþakhalla.

7.6.6.8 Að jafnaði skal nota kambsaum í þakneglingar og skulu þéttleiki og stærðir nagla tekin fram á sérteikningu, sbr. Rb-reynslublað nr. 2 1990 og Rb-blað (47) 103.

7.6.7. *Baðherbergi, salerni o.fl.*

7.6.7.1. Gólf í baðherbergjum og þvottaherbergjum skulu vera vatnsheld og með gólfniðurföllum. Niðurföll skulu tengjast lögnum hússins þannig að kranavatn renni í gegnum vatnslás niðurfallsins.

7.7. **Loftgæði og loftræsting.**

7.7.1. Loftgæði í hverju rými skal vera í samræmi við notkun og ávallt þannig að gætt sé heilbrigðis- og hollustuskilyrða.

7.7.2. Komið skal í veg fyrir að gufur og efni, sem gefa frá sér óþægilega lykt eða eru heilsuspillandi, geti dreifst innan viðkomandi rýmis eða úr einu rými í annað.

7.7.3. Loftstreymi milli rýma skal ætíð vera frá því rými þar sem minni loftmengun er til þess rýmis þar sem meiri loftmengun er.

7.7.4. Ekki er heimilt að hleypa daunillum eða heilsuspillandi gufum út í andrúmsloftið í þeim mæli að vistfræðileg vandamál skapist. Skal í þessu efni gætt ákvæða heilbrigðisreglugerðar um loftmengun.

7.7.5. Loftræsting skal þannig úr garði gerð að orkueyðslu vegna hennar verði stillt í hóf. Sjálfsogandi loftræsing skal að jafnaði gerð með loftrás upp úr þaki.

7.7.6. Stærð og gerð loftrása.

7.7.6.1. Fyrir íbúðarhúsnæði eru gerðar eftirfarandi kröfur, bæði fyrir sjálfsogandi og vélknúnar loftrásir.

Tafla 7.7.6.1.

HERBERGI	SJÁLFSOG. LOFTRÁS cm^2	VÉLKNÚINN ÚTBLÁSTUR m^3 klst	LOFTINNTAK (LOFTINNBLÁSTUR)
Íbúðarherbergi			Opnanlegur gluggi
Íbúðarherb. í íbúð með eina gluggahlið	200	80	Opnanlegur gluggi
Eldhús 7 m^2 eða meira	200	80	Opnanlegur gluggi
Eldhús minna en 7 m^2	150	60	Opnanlegur gluggi eða í gegnum annað herbergi
Baðherbergi	150	50	Opnanlegur gluggi minnst 0.2 m^2 eða stillanlegur loki með 100 cm^2 opnun í hurð eða vegg til aðlægs herbergis
Salerni Stigahús með glugga á vegg	100	40	Sama og baðherbergi Opnanlegur gluggi minnst 0.2 m^2
Stigahús án glugga á vegg	225	60	Neðst í stigahúsi, 225 cm^2
Þurrkherb. eða þvottahús fyrir 3 íbúðir eða fleiri	200	80	Opnanlegur gluggi 150 cm^2 eða undir hurð að öðru herb. með sömu opnun út, sem ekki er hægt að loka að fullu
Þurrkherb. eða þvottahús fyrir færri en 3 íbúðir	150		Opnanlegur gluggi
Kyndiklefi			Ólokanleg útiloft-rist eftir stærð kynditækja
Sorpgeymsla án sorprennu	150	60	Rottuheld rist út, 75 - 100 cm^2
Sorprenna	700 yfir efsta inntaki	150+10 fyrir hverja hæð	Rottuheld rist út, opnun 25% af loftrás
Lyfta	1% af flatarm.	30 fyrir hvern m^2 lyftunnar	
Kjallararými	0.5% af flatarm.		

7.7.6.2. Stærðir töflunnar miðast við rétthyrndar loftrásir og má hlutfall milli lengdar og breiddar ekki vera meira en 2:1 og minnstu mál á hvorn veg 100 mm.

7.7.6.3. Flatarmál loftrása má vera um 25% minni, ef stokkar eru sívalir.

7.7.6.4. Salernum, baðherbergjum, geymslum og öðrum herbergjum, sem ekki liggja að útvegg, skal jafnan séð fyrir nægilega góðri loftræstingu.

7.7.6.5. Í loftrásum skal vera óbrennanlegt efni, t.d. 0.7 mm galv. plötujárn og skal einangrun þeirra vera óbrennanleg.

7.7.6.6. Loftrásir skulu hafa þétt samskeyti og má krefjast þess að þau séu þrýstiprófuð.

7.7.6.7. Loftrásir, sem ganga gegnum óeinangruð rými, skal einangra með óbrennanlegri einangrun. Um stærð og gerð loftrása, sjá gr. 7.4. í brunamálareglugerð.

7.7.6.8. Ristar, sem kunna að vera settar á loftrásir, mega ekki minnka loftstreymið meira en 20%.

7.7.6.9. Allar loftrásir skulu ná minnst 30 cm upp fyrir þak. Ofan á þeim skulu vera hettur. Ef loftrásir eru vélknúnar, má sameina þær yfir efstu plötu gegnum þak.

7.7.6.10. Loftrásir frá eldhúsum skal vera hægt að hreinsa á auðveldan hátt.

7.7.6.11. Í stað loftrása frá eldhúsi er heimilt að hafa vélknúinn útblástur gegnum útvegg.

7.7.6.12. Loftrásir, ætlaðar til að flytja eim frá "grill"-stöðum og öðrum slíkum þar sem matseld fer fram á svipaðan hátt, skulu ganga órofnar upp fyrir þak, eða beint út um útvegg þar sem slíkt þykir henta. Þær skulu vera A30 og þannig gerðar, að auðvelt sé að hreinsa þær. Þær skulu búnar eldvarnarlokum eða slökkvikerfi svo eldur geti ekki borist inn í loftrásina frá pottum o.þ.h.

7.7.7. Um loftræstingu annars húsnæðis en íbúðarhúsnæðis fer eftir kröfum byggingarfulltrúa og heilbrigðisfulltrúa. Þegar um atvinnuhúsnæði er að ræða fer eftir kröfum Vinnueftirlits ríkisins.

7.7.8. Á bifreiðaverkstæðum og öðrum vinnustöðum þar sem hætta er á verulegri loftmengun skal, í samráði við heilbrigðisyfirvöld, gera sérstakar ráðstafanir um viðeigandi útloftun.

7.8. **Heilbrigðisákvæði.**

7.8.1. Um atriði varðandi heilbrigðis- og hollustuhætti fer eftir lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti, heilbrigðisreglugerð og ákvæðum annarra reglugerða um heilbrigðismál og hollustuhætti.

7.8.2. Byggingarefni mega ekki vera skaðleg eða gefa frá sér skaðleg efni eða gufur í þeim mæli að valdið gæti tjóni eða óþægindum að mati Hollustuverndar ríkisins.

7.8.3. Byggingarnefnd/byggingarfulltrúi, heilbrigðisnefnd/heilbrigðisfulltrúi og Vinnueftirlit ríkisins skulu hafa samvinnu um þau mál, sem snerta sameiginleg verksvið þeirra.

7.8.4. Sveitarstjórn getur kveðið nánar á um samstarf þessara aðila og, að fenginni umsögn þeirra, ákveðið að byggingarfulltrúi hafi fyrir hönd heilbrigðisnefndar eftirlit með því, að ákvæðum um umgengni og þrifnað sé framfylgt á og við byggingarvinnustaði.

Vinnueftirlit ríkisins og sveitarstjórn geta gert samkomulag um að byggingarfulltrúi annist eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á byggingarvinnustað f.h. Vinnueftirlitsins sbr. 1. mgr. 80 gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

VIII. KAFLI.
TÆKNIBÚNAÐUR.

8.1. **Leiðslur, lagnir og fylgibúnaður.**

8.1.1. Ákvæði um leiðslur og lagnir ná til frárennslislagna, neysluvatnslagna, slökkvilagna, hitalagna, loftræsilagna, raflagna, brunaviðvörunarkerfa, lagna vegna síma, dyrasíma, útvarps, sjónvarps og reykskynjara, kælilagna, gaslagna, olíulagna, reyklagna (reykháfa), gufulagna og sorplagna, auk fylgibúnaðar ofangreindra lagna.

8.1.2 Um frárennslislagnir gilda ákvæði ÍST 65 og ÍST 68

8.1.3. Um vatnslagnir, þ.e. neysluvatns- og hitakerfislagnir gilda ákvæði ÍST 67.

8.1.4. Um ofna fyrir miðstöðvar og hitaveitukerfi gilda ákvæði ÍST 69.1.

8.1.5. Um raflagnir gilda ákvæði ÍST 117 og reglugerðir viðkomandi rafveitna og Rafmagnseftirlits ríkisins.

8.1.6. Um tákn og teikningar gilda eftirfarandi staðlar:
1. Um tækniteikningar ÍST 60.
2. Um raflagnatákn ÍST 117.
3. Um tákn fyrir hreinlætis-, hita- og loftræsilagnir gildir ÍST ISO 4067/1:1991, ÍST ISO 4067/2:1991 og ÍST ISO 4067/6:1991.

8.1.7. Leiðslur og lagnir í byggingum og í nánd við þær skulu þannig hannaðar og fyrir komið að þær valdi ekki röskun á burðarþoli grunns og byggingar.

8.1.8. Leiðslur og lagnir skulu þannig hannaðar og fyrir komið að þær rýri ekki brunaþol bygginga né skapi eldhættu. Vísast í því sambandi sérstaklega til kafla 7.4., 7.9. og 8 í brunamálareglugerð.

8.1.9. Leiðslur og lagnir skal verja gegn frosti eftir því sem þörf krefur.

8.1.10 Leiðslur og lagnir skulu þannig hannaðar og fyrir komið að þær fullnægi skilyrðum gr. 7.4.8. um hávaðastig af völdum tæknibúnaðar.

8.1.11. Leiðslur og lagnir skulu þannig hannaðar og fyrir komið að ekki komi til ónauðsynlegrar orkueyðslu, en samt sé aðgangur til hreinsunar og viðgerða án þess að brjóta þurfi gólf eða veggi.

8.1.12. Leiðslum og lögnum, sem hengdar eru neðan í loft í kjallara eða tilsvarandi rými, skal þannig fyrir komið að undir þær sé a.m.k. 1.9 m hæð frá gólfi.

8.1.13. Ekki má hylja úttektarskyldar lagnir, s.s. frárennslislagnir og vatnslagnir, nema með samþykki byggingarfulltrúa, sbr. gr. 4.11. og 4.12.

8.1.14. Þar sem holræsi er ekki fyrir hendi, skal gerð rotþró eða tilsvarandi hreinsunarmannvirki sem sýnd skulu á holræsauppdráttum og viðurkennd af Hollustuvernd ríkisins.

8.1.15. Yfirborðshiti ofna má ekki vera hærri en 80°C.

8.1.16. Hitastig heits neysluvatns má ekki vera yfir 80°C.

8.1.17. Á almenningsbaðstöðum má heitt kranavatn eða steypiböð ekki fara upp fyrir 50°C.

8.1.18. Yfirborðshitastig lagna og leiðslna, sem liggja um brennanlegt efni, má ekki vera hærra en 80°C. Verði ekki hjá því komist að lagnir með hærra hitastig liggi um brennanlegt efni, skal gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir brunahættu, bráðnun eða rýrnun einangrunarefnisins.

8.1.19. *Raflagnir.*

8.1.19.1. Um raflagnir gildir ÍST 117.

8.1.19.2. Raflagnir og staðsetning aðaltöflu skulu vera í samræmi við fyrirmæli og reglugerðir Rafmagnseftirlits ríkisins, reglur viðkomandi rafveitu og ákvæði brunamálareglugerðar, sbr. einnig gr. 3.2.10.

8.1.19.3. Leggja skal pípur fyrir síma- og rafmagnsheimtaugar undir neðstu plötu eða í vegg undir jarðhæð skv. reglum viðkomandi stofnana.

8.1.20. *Síma-, útvarps- og sjónvarpsleiðslur.*

8.1.20.1. Um síma-, útvarps- og sjónvarpsleiðslur gildir ÍST 117.

8.1.20.2. Símalagnir og lagnir fyrir dyrasíma, brunaviðvörunarkerfi og loftnet skulu sýndar á rafmagnsteikningum.

8.1.20.3. Aðeins skal vera ein útvarps- og sjónvarpsstöng á húsi, er sé sameiginleg fyrir allar íbúðir þess, og skal séð fyrir pípulögnum frá stönginni til allra íbúða hússins. Sýna skal á teikningum hvar útvarps- og sjónvarpsstöng skuli komið fyrir á húsinu.

8.1.20.4. Í skólum, sjúkrahúsum, hótelum, heimavistum, elliheimilum, leikhúsum, kvikmyndahúsum, samkomuhúsum og öðrum hliðstæðum byggingum, skulu jafnan vera sjálfvirk brunaviðvörunarkerfi viðurkennd af Brunamálastofnun ríkisins.

8.1.20.5 Í öllum íbúðum í fjölbýlishúsum, einbýlishúsum og sumarbústöðum skulu vera reykskynjarar viðurkenndir af Brunamálastofnun ríkisins. Staðsetning þeirra skal sýnd á aðaluppdráttum og viðeigandi séruppdráttum.

8.1.21. *Sorprennur og sorpgeymslur.*

8.1.21.1. Um sorprennur og sorpgeymslur gilda ákvæði gr. 6.8. og 6.9. auk 7.9. í brunamálareglugerð.

8.1.21.2. Sorpgeymslur í öðrum húsum en einbýlishúsum skulu vera eldtraustar A60 a.m.k. Aðeins má vera gengt í þær utan frá. Sama gildir um einbýlishús að öðru leyti en því að þar mega slíkar geymslur vera B60.

8.1.21.3. Sorprennur skulu vera eldtraustar A60 a.m.k. Þvermál ops fyrir sorplúgu má ekki vera meira en 250 mm. Hún skal vera með öruggri lokun og þéttingu og úr óbrennanlegu efni. Sorplúga má ekki opnast inn í íbúð nema í einbýlis- og tvíbýlishúsum.

8.1.22. Ekki má geyma umbúðir, efnisafganga eða annað rusl á lóðum, né eldfima vökva inni í húsum, þannig að eldhætta geti stafað af. Allt rusl sem eldhætta getur stafað af skal flytja burt daglega eða geyma í lokuðum flátum úr járni. Ef eigandi (umráðamaður) fasteignar sinnir ekki fyrirmælum slökkviliðsstjóra um brottflutning ofangreindra efna, getur hann látið fjarlægja það á kostnað eigandans.

Ákvæði þessi gilda um öll hús.

8.1.23. Um kyndiklefa, reykháfa, eldstæði og olíugeyma gilda ákvæði 8. kafla brunamálareglugerðar, sbr. einnig gr. 6.6.

8.1.24. Um brunavarnarkerfi, slökkvibúnað, reykskynjara og önnur viðvörunarkerfi, neyðarlýsingu, björgunarop, sjálflokandi hurðir, reykræsibúnað og neyðarútganga gilda ákvæði brunamálareglugerðar.

8.1.25. Byggingarfulltrúi getur sett nánari reglur um tæknibúnað í samráði við hlutaðeigandi veitustofnanir (vatnsveitu, hitaveitu, skólpveitu, rafveitu), slökkvilið, Brunamálastofnun, Hollustuvernd ríkisins eða aðrar hlutaðeigandi stofnanir.

8.2. **Stigar, lyftur og veggsvalir.**

8.2.1. *Stigahús og stigar.*

8.2.1.1. Úr hverri íbúð skal vera greiður og óhindraður útgangur úr húsinu eða út í eldtraust stigahús.

8.2.1.2. Stigahús skal ganga að útvegg og vera loftræst um opnanlegan glugga. Stærð glugga skal miða við sömu reglur og gilda um birtu í íbúðarherbergjum.

8.2.1.3. Í sérstökum tilvikum getur byggingarnefnd þó heimilað aðra staðsetningu stigahúss, enda sé frágangur skv. eftirfarandi reglum:
a) Í fimm hæða húsi eða hærra sé ofanljós minnst 2 m^2.
b) Í fjögurra hæða húsi sé ofanljós minnst 1.5 m^2.
c) Í tveggja og þriggja hæða húsi sé ofanljós minnst 1 m^2.
d) Í verslunar-, skrifstofu- og iðnaðarhúsum getur byggingarnefnd leyft, að herbergi sé milli útveggjar og stigahúss, enda sé glerveggur milli herbergisins og stigahússins og stigahús og herbergi samanlagt sjálfstætt brunahólf A60. Leita skal samþykkis brunamálastjóra í slíkum tilvikum.

8.2.1.4. Ef hús er þrjár hæðir eða meira, skal í stigahúsi gera sérstakar ráðstafanir til reyklosunar, nema opnanlegir gluggar séu á stigahúsinu. Skulu þær vera í því fólgnar að efst í stigahúsi sé haft op og þannig frá gengið að út um það megi hleypa reyk. Búnaði til að opna skal komið fyrir á hverjum stigapalli. Opið skal ekki vera minna en 10% af heildarflatarmáli stigahúss, þó aldrei minna en 1 ferm.

Ef vafi leikur á því, hvað telja skuli til stigahúss í þessu sambandi, ákveður byggingarfulltrúi í samráði við slökkviliðsstjóra, hversu stórt opið skuli vera.

Í kjallara og öðru húsrými neðanjarðar, sem eingöngu er notað til geymslu, skulu möguleikar vera á reyklosun (gluggi á útvegg eða annars konar). Flatarmál slíks ops skal vera a.m.k. 0.50% af gólffleti. Ef um er að ræða annars konar notkun fer um flatarmál ops eftir ákvörðun slökkviliðsstjóra.

8.2.1.5. Einn stigi nægir í íbúðarhúsi, sem ekki er stærra en 500 m^2, enda sé það ekki hærra en 5 hæðir. Ef hús er stærra eða ætlað fyrir skrifstofur, skóla, samkomur eða iðnrekstur eða einhver önnur afnot, ákveður byggingarnefnd hvernig haga skuli stigum, gerð þeirra og fjölda. Frá engum stað í húsi má þó vera lengri gangleið en 25 m að stiga eða stigahúsi og sé greiðfært þangað.

8.2.1.6. Í sexlyftum húsum og hærri nægir einn stigi, ef frágangi er hagað á einhvern eftirfarandi hátt:
a) Gengið sé í stiga um svalir, en ekki beint af göngum.
b) Komast megi úr hverri hæð í stigahúsi út á svalir beggja megin stigahússins.
c) Komast megi um eina hlið stigahúss, hvar sem er út á svalir, enda sé breidd svala frá stigahúsi a.m.k. 2.5 m.
d) Komast megi að stiga í öðru húsi um svalir á efstu hæð, þó ekki ofar en 12. hæð.

8.2.1.7. Í íbúðarhúsum skal gerð stiga hagað sem hér segir:

	Lágmarksbreidd	Efni
2 hæðir (ein íbúð)	0.90 m	ekki ákv. kröfur
2 hæðir eða meira (tvær íbúðir eða fleiri)	1.10 m	eldtraust efni

Þar sem lyfta, er tekur sjúkrakörfu, er í húsi er heimilt að stigi sé aðeins 0.90 m breiður. Í öðrum húsum en íbúðarhúsum skal breidd stiga háð samþykki byggingarnefndar í hverju tilviki.

8.2.1.8. Ef rishæð er sérstök íbúð, telst hún hæð.

8.2.1.9. Liggi stigi að vegg, skal telja breidd hans frá fulleinangruðum vegg að handriði, en sé handriðið báðum megin, skal telja breidd milli handriða.

8.2.1.10. Ganghæð stiga má hvergi vera minni en 2.20 m. Hvert skref skal vera 610-630 mm. Skrefið er samanlögð hæð tveggja uppstiga og breidd eins þreps. Breidd þreps skal mæla í ganglínu, sem er talin 450 mm frá innri brún handriðs, þeim megin sem þrep er mjórra. Breidd þreps má aldrei vera minna en 240 mm, sé hús tvær hæðir, en 260 mm, sé hús hærra. Á hverju þrepi, sem er mjórra en 300 mm, skal vera minnst 40 mm breitt innskot, sem ekki telst til þrepbreiddar í þessu sambandi. Þrepbreidd í snúnum stiga má þó hvergi vera minni en 1/3 þrepbreiddar í ganglínu.

8.2.1.11. Í stiga sem liggur um fleiri hæðir en eina, skal sama þrepbreidd og þrephæð vera á öllum hæðum. Sé aukastigi settur í hús, þarf hann ekki að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, en uppstig má þó aldrei vera meira en 190 mm og framstig eigi minna en uppstig. Sama gildir um stiga innan íbúðar.

8.2.1.12. Gangur að stiga skal vera a.m.k. 1.20 m á breidd. Lengd og breidd stigapalls má ekki vera minni en 1.30 m, sjá þó gr. 8.2.1.7.

8.2.1.13. Séruppdrætti skal gera að stigum og stigahandriðum.

8.2.1.14. Stigar og útitröppur í einbýlishúsum (þar með talin parhús, raðhús og keðjuhús) mega vera úr brennanlegu efni. Í öðrum húsum skulu aðalstigar vera eldtraustir, A60 a.m.k. Stigar í rýmingarleiðum skulu vera í eldtraustum stigahúsum, sbr. 5. kafla í brunamálareglugerð.

8.2.1.15. Stigahús skulu annað hvort hafa opnanlega glugga á hverri hæð, sem auðvelt er að komast að eða uppfylla skilyrðin í gr. 5.1.3. og 5.1.4. í brunamálareglugerð.

8.2.1.16. Sé stigahús án opnanlegra glugga á vegg, skal á þaki þess vera reykræsihleri, opnunarflatarmál a.m.k. 1 m^2. Hægt skal vera að opna hann á auðveldan hátt frá stigahúsi á fyrstu og efstu hæð. Opnunarbúnaður má ekki vera háður rafmagni. Hann skal merkja greinilega á vegg stigahúss með orðinu "Reykræsing". Búnaður þessi er háður samþykki Brunamálastofnunar ríkisins.

8.2.1.17. Í stigahúsi, þar sem ekki er leiðsla með hengjum fyrir brunaslöngur slökkviliðs, skal ljósop stigapípu vera a.m.k. 200 mm breitt, sbr. gr. 5.1.4. í brunamálareglugerð.

8.2.1.18. Í húsum, þar sem gólf efstu hæðar er í meira en 22ja metra hæð yfir jörð (8 hæðir), og annars staðar, þar sem stigar slökkviliðs ná ekki til eða það er að öðru leyti

vanbúið til björgunar, skal stigahús vera bæði eldtraust og reykþétt. Þetta merkir að ganga skal í og úr stigahúsi um svalir undir beru lofti. Slík stigahús verða hér eftir nefnd öryggisstigahús. Þetta gildir fyrir allar hæðir án tillits til hæðar yfir jörð. Í slíkum stigahúsum skal ávallt vera vatnslögn, 76 mm í þvermál. Á hverri hæð skal vera T-grein með loka og tengingu fyrir slöngur slökkviliðs. Á jarðhæð skal vera búnaður til að setja leiðsluna undir þrýsting frá dælum slökkviliðs. Hann skal greinilega merktur „Slökkvilögn". Tæmikrani skal vera á neðsta punkti leiðslunnar.

8.2.1.19. Öryggisstigahús má aðeins tengja kjallara utan frá. Í því mega engin eldfim efni vera, nema í stigahandriði.

8.2.1.20. Rýmingarleiðir eru gangar, göngusvæði og stigar sem hvert í sínu lagi eða saman gera fólki örugglega fært að forða sér frá eldsvoða með því að komast út úr húsi til öruggs staðar.

8.2.1.21. Lyftur og rúllustigar eru ekki rýmingarleiðir.

8.2.1.22. Fjarlægð á milli stigahúsa í sömu rýmingarleið má ekki vera meiri en 50 metrar.

8.2.1.23. Í hringstiga, sem er hluti af rýmingarleið, skal innstig vera a.m.k. 200 mm breitt, 350 mm frá spindli.

8.2.1.24. Rýmingarleiðir skulu vera einfaldar, auðrataðar og greiðfærar. Ganga eða stigahús má ekki nota sem geymslu og ekki má setja þar upp búnað sem hindrað gæti umferð. Ef rafmagnstafla er í rýmingarleið, skal hún vera í lokuðum stálkassa.

8.2.1.25. Veggir og loft í göngum rýmingarleiða skulu a.m.k. vera jafngóð og klæðning í flokki 1 skv. brunamálareglugerð. Í einstaka tilvikum má þó setja klæðningu í flokki 2 á veggi, en aðeins upp í 1.20 m hæð frá gólfi. Ekki má vera holrúm á milli klæðningar og undirlags.

8.2.1.26. Gólfefni í rýmingarleiðum skal vera ákjósanlegt frá brunatæknilegu sjónarmiði, sbr. brunatæknilegar skilgreiningar í brunamálareglugerð.

8.2.1.27. Gangar, þar með taldir svalagangar, skulu vera a.m.k. 1.30 m breiðir. Í íbúðum skal minnsta breidd ganga vera 1.10 m, ef frá eru taldar forstofur. Þær skulu vera a.m.k. 1.30 m breiðar. Í íbúðum, sem ætlað er að fullnægja kröfum hreyfihamlaðra, skulu gangar ekki vera mjórri en 1.20 m.

Hæðarmun, allt að 0.35 m, skal jafna með skábraut, halli 1:12, eða minni. Hæðarmun yfir 0.35 m skal jafna með skábraut með halla 1:20 eða minni eða lyftubúnaði. Varðandi leiðbeiningar um hönnun á skábrautum sjá m.a. Rb-blöðin nr. Rb(E2).001, Rb(E2).003, Rb(E2).101 og Rb(E2).201.

8.2.1.28. Glugga í rýmingarleið, sem er minna en 800 mm yfir gólfi eða tröppu, skal verja með handriði eða á annan öruggan hátt, þó þannig að rýmingarleiðin sé greiðfær svo fullnægjandi sé.

8.2.1.29. Hönnun stiga skal gerð í samræmi við 5. kafla í brunamálareglugerð.

8.2.1.30. Útitröppur skulu að jafnaði gerðar úr steinsteypu, sjá þó gr. 8.2.1.14. Þær mega ekki vera hærri en 1.50 m, nema pallur sé hafður a.m.k. 1 m á lengd og jafnbreiður tröppunum.

8.2.1.31. Þrepbreidd útitrappa skal eigi vera minni en 280 mm og uppstig eigi meira en 180 mm.

8.2.1.32. Á stigum, sem liggja að vegg, skal vera handrið öðrum megin, annars báðum megin sem og ef stiginn er óvenju breiður. Handrið skal vera minnst 800 mm á hæð, mælt lóðrétt upp af þrepbrún, og minnst 900 mm meðfram stigaopum, sbr. þó gr. 8.2.1.34.

8.2.1.33. Sé gluggi eða annað op neðar en 800 mm fyrir ofan stigapall eða þrep, skal séð fyrir handriði eða annarri vörn.

8.2.1.34. Sé ljósop stigapípu breiðara en 300 mm eða stiginn snúinn, skal handrið vera a.m.k. 1.10 m hátt.

8.2.1.35. Þannig skal gengið frá handriðum að ekki stafi hætta af, og má ekki vera lengra bil milli lóðréttra rimla en 120 mm. Séu handrið gerð með láréttum rimlum, sem gefa möguleika á klifri barna, skal klæða slík handrið klæðningu í a.m.k. 800 mm hæð.

8.2.1.36. Þar sem tröppur eða pallur eru innan íbúðar, getur byggingarfulltrúi mælt svo fyrir að höfð séu handrið.

8.2.1.37. Handrið skal að jafnaði setja báðum megin meðfram útidyratröppum, kjallaratröppum og öðrum tröppum í aðkomuleiðum að húsum. Slík handrið skulu að jafnaði ekki lægri en 900 mm á hæð.

8.2.1.38. Á veggsvölum skal vera handrið, ekki lægra en 1.00 m, og fer um gerð eftir gr. 8.2.1.35., þó má handrið aldrei vera lægra en 1.20 m á 3. hæð húss og ofar. Sé aðalinngangur íbúðar um svalagang, skal handrið eigi lægra en 1.20 m.

8.2.1.39. Byggingarnefnd er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum um handrið, enda sé almennum öryggisákvæðum vegna frágangs handriða fullnægt með tilliti til notkunar byggingarinnar, sjá þó gr. 8.2.3.2.

8.2.2. *Lyftur.*

8.2.2.1 Við hönnun á lyftum og lyftuhúsum skal gætt rýmisþarfa hreyfihamlaðra, sbr. Rb-blöð nr. (E2) 101 og 201 og að flytja megi sjúkling í sjúkrakörfu í lyftunni. Ennfremur skal gætt ákvæða í reglugerð nr. 203/1972 um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði. Um stærðir á lyftum og lyftuhúsum sjá ISO 4190/2-1982 og 4190-1:1990.

Við meiriháttar breytingar á byggingum skal tryggja aðgengi hreyfihamlaðs fólks í hjólastól m.a. með lyftubúnaði.

Í byggingum sem eru 3 hæðir eða meira og hýsa opinberar stofnanir, í skrifstofubyggingum sem eru 3 hæðir eða meira og í verslunar- og þjónustumiðstöðum sem eru 2 hæðir eða meira skal vera lyfta sem sé a.m.k. 1.10 x 1.40 m, burðargeta 630 kg og breidd dyra 0.80 m.

Í tveggja hæða byggingum sem hýsa opinberar stofnanir skal tryggja aðgengi hreyfihamlaðs fólks í hjólastól að báðum hæðum, t.d. með lyftubúnaði.

Í fjölbýlishúsum sem eru 5 hæðir eða meira skal vera lyfta sem sé a.m.k. 1.10 x 2.10 m, burðargeta 1000 kg og breidd dyra 0.80 m.

Í fjölbýlishúsum sem eru 8 hæðir eða meira skal auk fólkslyftu vera vörulyfta.

Að öðru leyti skal byggingarnefnd meta, í hverju tilfelli, þörf á lyftum hvað varðar stærð, fjölda og gerð þeirra.

Mat byggingarnefndar á þörf fyrir lyftur skal byggja á fjölda hæða, fermetrafjölda hverrar hæðar, fjölda íbúða, fjölda notaeininga, íbúafjölda og starfsmannafjölda ásamt fyrirhugaðri starfsemi, biðtíma og eðlilegu þjónustustigi gagnvart íbúum, starfsmönnum og almenningi.

Byggingarnefnd getur krafist þess að aðalhönnuður geri sérstaka grein fyrir mati sínu á þörf á lyftu eða lyftum sbr. 7. og 8. mgr. þessarar greinar.

Byggingarnefnd getur krafist úrbóta ef hún telur þörf á og getur sett strangari kröfur um lyftur en tilgreindar eru í reglugerð þessari.

8.2.2.2. Lyftur skulu staðnæmast á inngangshæð þannig að ekki sé hæðarmunur milli lyftu og inngangs. Við það skal miða að lyfta staðnæmist á hverri hæð húss. Þó getur byggingarnefnd samþykkt að lyfta nái ekki til efstu hæðar eða í kjallara. Lyftur skulu að jafnaði vera sem næst aðkomudyrum.

8.2.2.3. Lyfta skal vera í eldtraustu lyftuhúsi, A60 a.m.k.

8.2.2.4. Greiður aðgangur sé að klefa fyrir lyftuvél, hvort sem hann er í þaki eða kjallara.

8.2.2.5. Vörulyftur, sem aðeins ganga milli tveggja hæða, þurfa ekki að vera í eldtraustum lyftuhúsum nema önnur hæðin sé þakhæð og skal þá vera eldtraust efni milli lyftu og þakflatar.

8.2.2.6. Lyftuhús skal loftræsa skv. gr. 7.7.

8.2.2.7. Opum, sem sett eru á lyftuhús í kjallara eða þaki, skal loka með eldtraustum dyrum. Lyftuvélin og hjólabúnaðurinn skulu vera í eldtraustu rúmi, A60 a.m.k.

8.2.2.8. Gera skal séruppdrætti af lyftum og lyftuhúsum.

8.2.2.9. Allur umbúnaður á lyftum er háður reglum Vinnueftirlits ríkisins, enda samþykki slökkviliðsstjóri frágang þeirra og umbúnað.

8.2.3. *Veggsvalir.*

8.2.3.1. Ef hús er meira en tvær hæðir, skulu veggsvalir, a.m.k. 4 m^2 að stærð og að jafnaði ekki mjórri en 1.60 m, fylgja hverri íbúð sem er fyrir ofan fyrstu hæð. Gólf í veggsvölum skal vera vatnsþétt og vatni frá því veitt um niðurfall í frárennsliskerfi hússins. Byggingarnefnd er heimilt að veita undanþágu frá 1. mgr., ef sérstakar ástæður mæla með því.

8.2.3.2. Handrið á veggsvölum og svalagöngum skulu gerð skv. gr. 8.2.1.32.- 38.

8.2.3.3. Í húsum, þar sem krafist er öryggisstigahúsa, sbr. gr. 5.1.5. í brunamálareglugerð, skulu íbúðir hafa aðgang að svölum við stigahús um forstofu sem skal vera eldtraust, A60 a.m.k. Hún skal ekki vera mjórri en 1.50 m. Mesta fjarlægð frá dyrum íbúðar að svölum við stigahús skal vera 10 metrar. Við framangreinda forstofu mega aðeins vera íbúðir, lyfta og svalir við stigahús. Í svalagangshúsum skal hámarksfjarlægð frá íbúðardyrum að stigahúsdyrum vera 15 metrar. Á slíkum húsum skulu einnig vera svalir við allar íbúðir á þeim hliðum hússins sem ekki hafa svalagang. Aðstaða slökkviliðs til að bjarga fólki skal vera samkvæmt gr. 7.6. í brunamálareglugerð.

8.2.3.4. Gera skal séruppdrætti af svalagöngum og veggsvölum og frágangi þeirra, s.s. af handriðum, milligerðum o.s.frv.

IX. KAFLI.
ÝMIS ÁKVÆÐI.

9.1. **Refsiákvæði.**

9.1.1. Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem renna í sveitarsjóð. Í refsimáli skal gefa sveitarstjórn kost á að koma með endurgjaldskröfu vegna kostnaðar sem sveitarsjóður hefur haft vegna brotsins.

9.1.2. Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur, getur nefndin ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta er kr. 100.000,00 á dag. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

Kostnað skv. gr. 9.1.1. og dagsektir skv. gr. 9.1.2. má innheimta með fjárnámi.

Skjóta má slíkum málum til dómstóla. Byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skuli, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

9.1.3. Ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ef byggt er á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en byggingarnefnd hefur heimilað, varðar það sektum. Ennfremur getur byggingarfulltrúi fyrirskipað stöðvun slíkrar framkvæmdar tafarlaust og fyrirskipað brottnám byggingar eða byggingarhluta. Er lögreglunni skylt að veita byggingarfulltrúa aðstoð við slíkar aðgerðir ef þörf krefur. Byggingarfulltrúi skal, svo fljótt sem við verður komið, gera byggingarnefnd grein fyrir slíku máli. Hlíti byggingaraðili ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa og lögreglu um stöðvun eða brottnám framkvæmda, skal fara með málið að hætti opinberra mála.

Sveitarsjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði sem hann hefur haft af ólöglegri byggingarframkvæmd, og á sveitarsjóður lögveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í öllu efni sem komið er í hina óleyfðu byggingarframkvæmd.

9.1.4. Ef hönnuður leggur fyrir byggingarnefnd uppdrátt, þar sem brotið er í bága við ákvæði laga og reglugerða, eða brýtur slík ákvæði á annan hátt, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Hafi byggingarnefnd veitt hönnuði áminningu, skal hún tilkynna umhverfisráðherra það. Sama gildir ef um ítrekað brot er að ræða og ef nefndin telur hönnuð óhæfan til að gera uppdrætti, sbr. 32. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.

9.1.5. Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann löggildingu um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur slíkar ákvarðanir, skal hann leita umsagnar viðkomandi aðila, sem mælt er fyrir í 12. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.

9.1.6. Ef sá sem ber ábyrgð á byggingarframkvæmdum brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um byggingarmálefni, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu.

Ef brot er ítrekað eða alvarlegt, getur byggingarnefnd svipt hann viðurkenningu skv. 33. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.

9.1.7. Ef hönnuður, iðnmeistari eða byggingarstjóri gerist alvarlega brotlegur í starfi, má dæma hann í sektir.

9.1.8. Með mál vegna brota á ákvæðum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

9.2. **Leyfisgjöld.**

9.2.1. Fyrir leyfi til að reisa hús eða annað mannvirki skal greiða fast gjald í sveitarsjóð kr. 2.052,00, að auki skal fyrir nýbyggingar greiða allt að kr. 20,52 fyrir hvern teningsmetra af rúmmáli byggingarinnar. Botnplata skal ekki reiknuð með rúmmálinu sbr. ÍST 50.

Fyrir leyfi til að breyta húsi eða notkun þess, rífa hús eða önnur mannvirki, gera bifreiðastæði eða önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins sbr. 3.1.1. skal greiða í sveitarsjóð kr. 2.052,00.

Sveitarstjórn er heimilt að taka gjöld fyrir úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té samkvæmt IV. kafla, gr. 4.11. þessarar reglugerðar.

9.2.2. Fyrir byggingar aðrar en Þær sem tengjast hefðbundnum búskap og eru utan skipulagðs þéttbýlis, skal auk fasta gjaldsins sem er kr. 2.052,00 greiða allt að kr. 102,60 fyrir hvern teningsmetra byggingarinnar. Til þessarra bygginga teljast m.a. sumarbústaðir, orlofsbústaðir, veiðihús, fjallaskálar, skíðaskálar, sæluhús o.fl.

9.2.3. Fyrir eftirlit og úttekt byggingarfulltrúa sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi til eins árs skal greiða kr. 3.420,00 í sveitarsjóð.

9.2.4. Ef byggingarfulltrúi er að óþörfu kvaddur til eftirlits skal greiða kr. 3.420,00 í sveitarsjóð.

9.2.5. Leyfisgjöld verða ekki endurgreidd þótt leyfi falli úr gildi vegna þess að það hefur ekki verið notað innan árs, eða hefur verið fellt úr gildi. Verði leyfið endurnýjað óbreytt skal greiða fyrir það kr. 2.052.00.

9.2.6. Gjöld samkvæmt þessum kafla miðast við vísitölu byggingarkosnaðar 1. janúar 1992, sem þá var 187.4 stig, og skulu breytast eftir henni. Ber í því efni að miða við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.

9.2.7. Byggingarfulltrúi innheimtir öll gjöld samkvæmt þessum kafla.

Skulu leyfi eigi veitt fyrr en tilskilin gjöld hafa verið greidd.

Öll gjöld skv. þessum kafla má innheimta með fjárnámi.

9.3. **Úttekt.**

9.3.1. Þegar smíði húss er að fullu lokið, skal byggingarfulltrúi gera lokaúttekt og láta í té vottorð um það þegar húseigandi eða byggingarmeistarar hússins óska þess. Slíkt vottorð má ekki gefa út, nema gengið sé úr skugga um að fullnægt hafi verið öllum tilskildum ákvæðum um gerð og búnað sem krafist er fyrir íbúðarhúsnæði og fyrir starfsemi, sé um atvinnuhúsnæði að ræða.

9.3.2. Þegar byggingarfulltrúi gerir úttekt á húsi, getur hann krafist þess að hlutaðeigandi meistarar séu viðstaddir og hafi samþykkta uppdrætti við höndina. Jafnan á meistari rétt á að vera viðstaddur er skoðun fer fram.

9.3.3. Ekki má flytja inn í ófullgert húsnæði eða hefja starfsemi í því nema ákvæðum varðandi hollustu og öryggi sé fullnægt.

9.4. **Gildistökuákvæði.**

9.4.1. Reglugerð þessi gildir fyrir allt landið. Við gildistöku hennar fellur úr gildi byggingarreglugerð nr. 292/1979 með síðari breytingum og ákvæði annarra reglugerða og samþykkta, er brjóta í bága við reglugerð þessa.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt byggingarlögum nr. 54 16. maí 1978, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1992.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðuneytið hefur ákveðið að reglugerð þessi verði þegar tekin til gagngerðrar endurskoðunar vegna fyrirhugaðra breytinga á skipulags- og byggingarlögum.

Við endurskoðunina verður einnig tekið tillit til ákvæða í öðrum reglugerðum og stöðlum sem lúta að byggingarmálum.

Umhverfisráðuneytið, 6. maí 1992.

Eiður Guðnason.

Páll Líndal.

Viðauki.

Viðauki 1 við byggingarreglugerð.

Eftirtaldir staðlar sem vísað er til í byggingarreglugerðinni gilda sem lágmarksákvæði og hafa ígildi reglugerðar:

ÍST 9:1977	Sement I. og II. hluti
ÍST 10:1971	Steinsteypa I. og II. hluti
ÍST 12:1989	Álagsforsendur við hönnun mannvirkja
ÍST 12/A1:1990	Staðalauki við ÍST 12:1989
ÍST 13:1989	Jarðskálftar, álag og hönnunarreglur
ÍST 14:1989	Steinsteypuvirki
ÍST 15:1990	Grundun
ÍST 62:1991	Mannvirkjateikningar -lagnir- tákn fyrir tæki í hita- og loftræsikerfum
ÍST 65:1975	Frárennslislagnir í jörðu
ÍST 67:1980	Vatnslagnir
ÍST 68:1986	Fráveitulagnir í húsum
ÍST 69.1:1978	Ofnar fyrir miðstöðvar- og hitaveitukerfi. Hluti I – Stálofnar
ÍST 117:1986	Raflagnatákn
ÍST DS 409:1982	Öryggi mannvirkja
ÍST DS 412:1983	Stálvirki
ÍST DS 413:1982	Timburvirki
ÍST DS 419:1984	Álvirki
ÍST INSTA 140:1991	Gagnvarinn viður
ÍST ISO 4067/1:1991	Tækniteikningar –lagnir– 1. hluti: Teiknitákn fyrir fráveitu-, neysluvatns-, hita- og loftræstilagnir
ÍST ISO 4067/2:1991	Tækniteikningar –lagnir– 2. hluti: Einföld myndtákn fyrir hreinlætistæki
ÍST ISO 4067/6:1991	Tækniteikningar –lagnir– 6. hluti: Teiknitákn fyrir vatnsveitu- og holræsalagnir í jörðu

REGLUGERÐ

um breytingu á skipulagsreglugerð nr. 318 1. ágúst 1985.

1. gr.

Liður 1.1.3. 3.mgr. orðist svo:

Um skilgreiningar að öðru leyti vísast í viðauka A og viðauka B með skipulagsreglugerðinni. Þar má finna lista yfir helstu orð og hugtök sem notuð eru í skipulagsáætlunum.

2. gr.

Liður 4.3.7. orðist svo:

Á deiliskipulagsuppdrætti skal sýna legu og mörk sumarbústaðalóða og staðsetningu sumarbústaða.

Eftir því sem aðstæður leyfa skal þess gætt að sumarbústaðir, orlofsbústaðir, veiðihús, sæluhús, fjallaskálar o.þ.h. séu ekki nær sjó eða stöðuvötnum en 50 m. Um frjálsa umferð fótgangandi manna vísast til ákvæða í lögum um náttúruvernd nr 47/1971.

Í byggingar- og skipulagsskilmálum skal m.a. kveða á um stærð húsanna, gerð þeirra og hæð, þakform og þakhæð, lit húsa og þaka, gerð girðinga, bifreiðastæða og bifreiðageymslna þar sem þær eru leyfðar. Einnig má kveða á um gerð skjólbelta og annars gróðurs á lóðunum.

Sumarbústaðalóð skal að jafnaði eigi minni en 2500 m^2. Í sumarbústaðahverfum þar sem séð er fyrir rúmgóðum opnum svæðum til almenningsþarfa, er heimilt með samþykki skipulagsyfirvalda að víkja frá ákvæðum um lóðarstærð í deiliskipulagi. Á byggingarreit orlofshúsaþyrpingar getur nýtingarhlutfall verið allt að 0.05.

Nú er aðal- eða svæðisskipulag ekki fyrir hendi og getur sveitarstjórn leyft einstaka sumarbústaði, veiðihús, sæluhús, fjallaskála o.þ.h. að fenginni umsögn frá Náttúruverndarráði, Hollustuvernd ríkisins og viðkomandi jarðanefnd, enda liggi fyrir samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins.

Um tjaldsvæði, stæði fyrir tjaldvagna og hjólhýsi skal gætt ákvæða í IX. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 og ákvæða í greinum 6.10.7.10. og 6.10.8. í byggingarreglugerð.

3. gr.

Liður 4.3.8. 3. mgr. orðist svo:

Við samkomuhús, svo sem kvikmyndahús, leikhús eða félagsheimili, skal séð fyrir a.m.k. einu bifreiðastæði fyrir hver 6 sæti í húsinu. A.m.k. eitt þessara stæða nálægt inngangi skal vera sérstaklega merkt fyrir hreifihamlaða. Sé um samnotkun bifreiðastæða að ræða má víkja frá kröfum þessum og fara eftir mati byggingarnefndar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild skipulagslaga nr. 19 frá 21. maí 1964 til þess að öðlast gildi 1. júlí 1992.

Umhverfisráðuneytið, 12. maí 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um gæsluvarðhaldsvist.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Gæsluvarðhaldsfangi er sakborningur, sem dómstóll hefur úrskurðað í gæsluvarðhald, samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

2. gr.

Gæsluvarðhaldsfangar skulu sæta þeirri meðferð sem nauðsynleg er til þess að gæslan komi að gagni og góð regla haldist í gæslunni, en varast skal að beita þá hörku eða harðýðgi.

Fangelsisyfirvöld skulu, eftir því sem aðstæður leyfa, veita gæsluvarðhaldsföngum þá aðstoð er þau geta til að takmarka það óhagræði sem af gæsluvarðhaldinu leiðir varðandi vinnu, félagsleg og persónuleg málefni.

II. KAFLI
Móttaka og skráning.

3. gr.

Rannsóknaraðili skal, ef því verður við komið, tilkynna starfsmönnum viðkomandi fangelsis í tæka tíð um væntanlegan gæsluvarðhaldsfanga.

4. gr.

Þegar gæsluvarðhaldsfangi kemur í gæsluvarðhald skal afhenda starfsmanni fangelsis staðfest endurrit af gæsluvarðhaldsúrskurði eða yfirlýsingu dómara um úrskurðinn. Jafnframt skal afhenda vistunarseðil, sem sá sem rannsókn stýrir gefur út, þar sem fram kemur nafn, kennitala og heimilisfang fanga, hvar og hvenær úrskurður var kveðinn upp og tímalengd hans, hver stýrir rannsókn og hver sé verjandi fanga og símanúmer verjandans. Á vistunarseðli skal ennfremur tilgreina fyrirkomulag gæsluvarðhalds.

5. gr.

Þegar starfsmaður fangelsis hefur staðreynt að gæsluvarðhaldsfangi skuli settur í gæsluvarðhald, skal fanginn afhenda persónulega muni og líkamsleit gerð. Líkamsleitin skal gerð með þeim hætti að mannlegri virðingu fanga sé ekki misboðið. Líkamsleit skal gerð af fangaverði sama kyns og fanginn.

Áður en gæsluvarðhaldsfangi er færður til klefa síns er heimilt að ákveða að hann fari í bað eða sturtu.

6. gr.

Persónulegir munir gæsluvarðhaldsfanga skulu skoðaðir og afhentir honum á ný, enda verði ekki talið að þeir valdi hættu eða raski góðri reglu eða öryggi í fangelsinu.

Gæsluvarðhaldsfanga er heimilt að fá send föt og aðra persónulega muni sem honum eru nauðsynlegir í gæslunni. Skoða skal slíkar sendingar áður en þær eru afhentar fanga.

7. gr.

Hafi gæsluvarðhaldsfangi, við komu í fangelsi, meðferðis áfengi, önnur vímuefni eða lyf, skal slíkt tekið í vörslu fangelsis.

Áfengi skal afhent aðstandendum gæsluvarðhaldsfanga nema forstöðumaður fangelsis telji, með hliðsjón af aðstæðum, að leggja beri hald á það og eyða því.

Í lok gæslu skal afhenda gæsluvarðhaldsfanga þau lyf sem tekin voru í vörslu fangelsis og ónotuð eru, enda beri umbúðir þeirra með sér að þau hafi verið ávísuð á viðkomandi fanga eða verið seld án lyfseðils. Í öðrum tilvikum skal eyða þeim lyfjum sem tekin hafa verið af fanga.

Leggja skal hald á önnur vímuefni og afhenda þau lögreglu.

8. gr.

Ef ástæða er til að ætla að muna, sem gæsluvarðhaldsfangi hefur meðferðis við komu í fangelsi, hafi verið aflað með refsiverðum verknaði, skal þeim sem rannsókn stýrir tilkynnt um það.

Samkvæmt ákvörðun dómstóls, eða þess sem rannsókn stýrir, skal afhenda gæsluvarðhaldsfanga slíka muni, sem hann hefur með sér við komu í fangelsi, gegn kvittun.

9. gr.

Munir, sem ekki er skilað til gæsluvarðhaldsfanga eða annarra, skulu varðveittir í fangelsinu. Starfsmenn fangelsis geta þó neitað að varðveita muni vegna stærðar, fjölda eða eðlis þeirra. Fangelsisyfirvöld skulu, ef unnt er, aðstoða fanga við að finna viðunandi geymslustað fyrir munina. Fangelsið greiðir ekki kostnað við slíka vörslu.

Muni, sem fangelsi varðveitir, skal skrá. Ef þeir eru varðveittir í tösku, kassa eða öðru sambærilegu íláti er ekki skylt að skrá innihald, enda sé tryggt að varsla sé með þeim hætti að þessir hlutir ruglist ekki saman við aðra hluti í vörslu fangelsis.

Varðveitta muni skal skrá á sérstakt eyðublað fyrir hvern gæsluvarðhaldsfanga. Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að fangi skuli undirrita skrána. Neiti fangi að undirrita skrána skal hún staðfest af fangaverði ásamt einum votti.

10. gr.

Muni, sem skilað er til gæsluvarðhaldsfanga, skal ekki skrá nema þeir séu verðmætir. Forstöðumaður fangelsis getur þó ákveðið að munir af ákveðinni tegund skuli ávallt skráðir.

Það er forsenda fyrir því að munum sé skilað, að gæsluvarðhaldsfangi undirriti yfirlýsingu um að honum sé ljóst að varsla muna sé á hans ábyrgð, nema að því leyti sem fangelsi er ábyrgt samkvæmt almennum skaðabótareglum.

11. gr.

Ákvæði 9. og 10. gr. gilda einnig um muni sem gæsluvarðhaldsfangi fær senda eða afhenta við heimsókn.

Við komu í fangelsi skal gæsluvarðhaldsfanga skýrt frá því að munir eða annað, sem finnst í vörslu hans meðan á gæslu stendur og hann hefur ekki heimild til að hafa í fangelsi, teljist hafa verið fluttir í heimildarleysi inn í fangelsið og þeir kunni að sæta upptöku.

Við brottför skal gæsluvarðhaldsfangi kvitta fyrir móttöku þeirra muna sem fangelsi hefur varðveitt meðan á gæslu stóð.

12. gr.

Gæsluvarðhaldsfangi má ekki selja, skipta, leigja, veðsetja eða gefa hluti sem eru skráðir, nema hann tilkynni það áður starfsmanni fangelsis.

Forstöðumaður fangelsis getur bannað slíkar ráðstafanir ef hann telur að þær geti raskað góðri reglu eða öryggi í fangelsinu.

Sá sem rannsókn stýrir getur takmarkað hvaða persónulega muni gæsluvarðhaldsfangi fær afhenta, ef hann telur afhendingu þeirra ekki samrýmast tilgangi gæsluvarðhalds. Fangi getur borið slíkar takmarkanir undir dómara.

Þegar munir sem gæsluvarðhaldsfangi hefur fengið afhenta eru misnotaðir getur forstöðumaður fangelsis ákveðið að þeir skuli teknir í vörslu fangelsis.

13. gr.

Þegar komið er með gæsluvarðhaldsfanga í gæsluvarðhald skal það skráð í dagbók fangelsis. Jafnframt skal halda sérstaka gæsluvarðhaldsskrá, sem færð skal samkvæmt reglum settum af dómsmálaráðuneyti.

14. gr.

Við komu í fangelsi eða sem fyrst þar á eftir skal kynna gæsluvarðhaldsfanga þær reglur sem gilda um vistun hans. Honum skal m.a. gefinn kostur á að fá eintak af reglugerð þessari og evrópskum fangelsisreglum.

Gæsluvarðhaldsfanga skal gerð grein fyrir rétti hans til samskipta við verjanda, til símtala, heimsókna, bréfaskipta og læknisþjónustu og honum skulu kynntar umgengnisreglur innan fangelsisins.

Gæsluvarðhaldsfangi á rétt á að láta vandamenn sína vita um gæsluvarðhaldið. Sá sem rannsókn stýrir getur ákveðið, með tilliti til rannsóknarhagsmuna, að lögregla eða fangelsisyfirvöld sjái um slíka tilkynningu.

III. KAFLI
Tilhögun gæsluvarðhalds.

15. gr.

Gæsluvarðhaldsföngum skal, að svo miklu leyti sem unnt er, gefinn kostur á að vera í félagsskap við aðra fanga.

Þegar gæsluvarðhaldsfangi er í einangrun er átt við að hann sé útilokaður frá félagsskap við aðra fanga. Það hefur ekki sjálfkrafa í för með sér aðrar takmarkanir á réttindum hans.

Í reglugerð þessari þýðir einangrun það þegar í lögum er talað um einangrun, einangrun frá öðrum föngum eða vistun í einrúmi.

16. gr.

Sá sem rannsókn stýrir ákveður hvort gæsluvarðhaldsfangi skuli hafður í einangrun vegna rannsóknarnauðsynja.

Gæsluvarðhaldsfangi getur borið undir dómara ákvörðun um slíka einangrun.

Óski gæsluvarðhaldsfangi eftir að vera í einangrun skal orðið við slíkri beiðni.

17. gr.

Forstöðumaður fangelsis getur í öðrum tilfellum en í 16. gr. segir ákveðið að gæsluvarðhaldsfangi skuli hafður í einangrun. Skilyrði slíkrar ákvörðunar eru:

a. að það teljist nauðsynlegt til að koma í veg fyrir strok,
b. að það teljist nauðsynlegt til að koma í veg fyrir ofbeldi fangans,
c. að það teljist nauðsynlegt til að koma í veg fyrir áframhaldandi refsiverða háttsemi, þ.m.t. notkun ávana- og fíkniefna,
d. að fangi sýni af sér grófa eða endurtekna tillitslausa eða ófyrirleitna háttsemi, sem geri áframhaldandi vistun í félagsskap bersýnilega óforsvaranlega,
e. að gæsluvarðhaldsfangi vinni gegn ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar vegna öryggis,
f. að gæsluvarðhaldsfangi vinni gegn ráðstöfunum, sem eru nauðsynlegar vegna almenns heilbrigðiseftirlits eða til að fyrirbyggja hættu á smiti.

Þegar telja má nauðsynlegt á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga eða með tilliti til hegðunar gæsluvarðhaldsfanga að hann verði látinn í einangrun, er heimilt til bráðabirgða og þar til ákvörðun forstöðumanns liggur fyrir, að vista hann í einangrun á meðan um málið er fjallað. Þegar ákvörðun um slíka bráðabirgðavistun er tekin af öðrum en forstöðumanni, skal honum tilkynnt um þá ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Gæsluvarðhaldsfanga skal svo fljótt sem verða má gerð grein fyrir ástæðum vistunar hans í einangrun til bráðabirgða og honum gefinn kostur á að tjá sig um málið.

18. gr.

Forstöðumaður fangelsis aflar þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg áður en hann tekur ákvörðun um einangrun samkvæmt 1. mgr. 17. gr. Hann getur í þessu skyni m.a. yfirheyrt starfsmenn fangelsisins, gæsluvarðhaldsfangann eða aðra fanga.

Þegar gæsluvarðhaldsfangi er settur í einangrun til bráðabirgða skal taka ákvörðun um framhald einangrunar án ástæðulauss dráttar.

Áður en tekin er ákvörðun um einangrun samkvæmt 1. mgr. 17. gr., skal að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er, kynna gæsluvarðhaldsfanga gögn málsins og gefa honum kost á að tjá sig um þau.

Gæsluvarðhaldsfanga skal ávallt gerð grein fyrir ástæðum þess að hann er vistaður í einangrun.

Ef unnt er skal vottur vera viðstaddur allar yfirheyrslur.

19. gr.

Ákvörðun um einangrun samkvæmt 1. mgr. 17. gr. skal vera skrifleg. Í ákvörðuninni skal vera lýsing á málavöxtum og rökstuðningur fyrir því að einangrun teljist nauðsynleg. Þar skal einnig koma fram á grundvelli hvaða heimildar einangrun er ákveðin.

Ákvörðun um einangrun skal birt gæsluvarðhaldsfanga með sannanlegum hætti. Þegar ákvörðun er birt skal honum jafnframt skýrt frá því að kæra megi ákvörðunina til dómsmálaráðuneytis. Í birtingarvottorði skal koma fram að kæruheimild hafi verið kynnt fanganum.

20. gr.

Samkvæmt beiðni gæsluvarðhaldsfanga skal afhenda honum endurrit af ákvörðun um einangrun. Úr endurriti er heimilt að fella brott upplýsingar, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er, vegna öryggis í fangelsinu eða af tillitssemi við einstaklinga sem gefið hafa upplýsingar gegn loforði um trúnað.

21. gr.

Einangrun gæsluvarðhaldsfanga samkvæmt hans eigin ósk lýkur þegar hann óskar eftir því.

Einangrun gæsluvarðhaldsfanga samkvæmt ákvörðun þess sem rannsókn stýrir lýkur þegar hann ákveður það eða þegar dómstóll fellir slíka ákvörðun úr gildi.

22. gr.

Einangrun gæsluvarðhaldsfanga samkvæmt e- og f- lið 1. mgr. 17. gr. lýkur þegar fangi vinnur ekki lengur gegn nauðsynlegum ráðstöfunum.

23. gr.

Einangrun gæsluvarðhaldsfanga lýkur annars þegar forstöðumaður fangelsis telur að slíkar ráðstafanir séu ekki lengur nauðsynlegar.

Einangrun gæsluvarðhaldsfanga, samkvæmt ákvörðun forstöðumanns fangelsis, skal tekin til endurskoðunar eigi sjaldnar en þegar ein vika er liðin frá ákvörðun eða síðustu staðfestingu um að slík vistun skuli framlengd. Slík einangrun verður ekki framlengd umfram 30 daga nema að fengnu samþykki Fangelsismálastofnunar ríkisins.

Þegar ákvörðun er tekin til endurskoðunar samkvæmt 2. mgr. skal það gert skriflega og niðurstöður rökstuddar. Þegar einangrun er aflétt skal það jafnframt gert með skriflegri ákvörðun.

24. gr.

Gæsluvarðhaldsfangi í einangrun skal vistaður í klefa út af fyrir sig.

Gæsluvarðhaldsfanga í einangrun skal, ef aðstæður í fangelsi leyfa, gefinn kostur á vinnu sem hann getur sinnt þar, nema sérstakar aðstæður mæli gegn því.

25. gr.

Þótt gæsluvarðhaldsfangi sé ekki í einangrun má þó loka hann inni í klefa um skamman tíma (nokkrar klukkustundir) þegar það er talið nauðsynlegt til að halda góðri reglu eða öryggi í fangelsinu. Slík innilokun telst ekki einangrun. Ákvörðun um innilokun í klefa samkvæmt þessari grein tekur yfirmaður á vakt.

26. gr.

Endurrit af ákvörðun um einangrun samkvæmt 1. mgr. 17. gr. og framlenging hennar samkvæmt 2. mgr. 23. gr. skal þegar send Fangelsismálastofnun ríkisins.

27. gr.

Leyfa má gæsluvarðhaldsfanga að hafa barn sitt, allt að 18 mánaða gamalt, hjá sér í gæsluvarðhaldi, enda sé það ekki andstætt hagsmunum barnsins.

Forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun samkvæmt 1. mgr. að höfðu samráði við barnaverndaryfirvöld og að fengnu samþykki þess sem rannsókn stýrir.

IV. KAFLI
Fæði o.fl.

28. gr.

Gæsluvarðhaldsfanga skal séð fyrir fæði á venjubundnum matmálstímum.

Gæsluvarðhaldsfanga er heimilt að útvega sér og taka við fæði. Forstöðumaður fangelsis getur takmarkað eða bannað að fangi fái sent fæði ef hætta þykir á að það raski góðri reglu eða öryggi í fangelsinu.

Fangelsi greiðir ekki kostnað við fæði sem gæsluvarðhaldsfangi útvegar sér eða fær sérstaklega sent, nema það sé gert að ráði fangelsislæknis.

Gæsluvarðhaldsfanga er óheimilt að láta senda sér eða neyta áfengra drykkja eða annarra vímuefna.

29. gr.

Forstöðumaður fangelsis ákveður hvar tóbaksreykingar eru leyfðar í fangelsinu og hvort þær eru heimilar í klefum.

Banna má gæsluvarðhaldsfanga að hafa í vörslu sinni eldspýtur eða önnur eldfæri ef hætta er talin á að hann misnoti þær.

V. KAFLI
Læknisþjónusta.

30. gr.

Fangelsislæknar sinna almennri læknisþjónustu fyrir gæsluvarðhaldsfanga.

Fangelsislæknir skal skoða gæsluvarðhaldsfanga sem fyrst eftir komu í fangelsi. Ef ástæða er til að ætla að fangi sé sjúkur við komu eða þurfi að öðru leyti á læknishjálp að halda, skal fangelsislæknir kallaður til án ástæðulauss dráttar.

Í bráðatilvikum skal almenn neyðarvakt lækna kölluð til eða farið með gæsluvarðhaldsfanga á sjúkrahús.

31. gr.

Óski gæsluvarðhaldsfangi eftir að heimilislæknir hans eða annar tiltekinn læknir sinni læknisþjónustu að því er hann varðar í gæsluvarðhaldi, skal þeim sem rannsókn stýrir skýrt frá þeirri beiðni. Verða skal við slíkri beiðni nema sá sem rannsókn stýrir banni það vegna rannsóknarhagsmuna. Ef fanga er bannað að kalla til lækni samkvæmt eigin ósk skal honum skýrt frá þeirri ákvörðun og að hægt sé að bera hana undir dómara.

Þegar gæsluvarðhaldsfangi nýtur þjónustu læknis samkvæmt eigin ósk greiðir fangelsi ekki þann kostnað sem af því leiðir.

32. gr.

Hafi gæsluvarðhaldsfangi lyf meðferðis við komu í fangelsi ákveður fangelsislæknir hvort og með hvaða hætti lyfjagjöf verði haldið áfram. Það sama gildir ef fangi telur sig þurfa á lyfjum að halda í gæslunni.

Fangaverðir annast lyfjagjöf til gæsluvarðhaldsfanga samkvæmt skriflegum fyrirmælum fangelsislæknis.

Rúnar Hannesson.

26. maí 1992 Nr. 203

SKIPULAGSSKRÁ

Styrktarsjóðs heilbrigðisstofnana í Vestur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður heilbrigðisstofnana í Vestur-Barðastrandarsýslu. Heimili hans og varnarþing er í Vestur-Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins kemur úr dánarbúi Einars B. Bjarnasonar frá Hreggsstöðum og nemur kr. 450 000,00. Stofnféð má aldrei skerða og skal ávallt leggja við það ¼ hluta vaxta af því og allar verðbætur af því.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að efla og styrkja heilbrigðisþjónustu í Vestur-Barðastrandarsýslu við Sjúkrahúsið Patreksfirði, Heilsugæslustöðina Patreksfirði, Heilsugæslustöðina Bíldudal og aðrar heilbrigðisstofnanir eða heilbrigðisstarfsemi sem á fót kunna að verða settar í sýslunni, með tækjakaupum eða á annan hátt.

Til ráðstöfunar hefur sjóðurinn allt það fé er honum áskotnast að frátöldu stofnfé og vöxtum og verðbótum af því samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Oddviti héraðsnefndar Vestur-Barðastrandarsýslu og er hann formaður, framkvæmdastjóri Sjúkrahússins Patreksfirði og yfirlæknir Heilsugæslustöðvarinnar Patreksfirði.

Stjórnin heldur fundargerðarbók um ákvarðanir sínar og samþykktir. Áður en ákvörðun er tekin skal leitað faglegrar umsagnar.

Endurskoðendur héraðsnefndar Vestur-Barðastrandarsýslu eru endurskoðendur sjóðsins.

5. gr.

Sjóðsstjórnin skal varðveita eignir sjóðsins. Sjóðinn skal ávaxta í bankastofnunum í sýslunni með þeim hætti sem sjóðsstjórnin er sammála um að telja megi örugga og arðvænlegasta hverju sinni.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, verðbætur, styrkir, gjafir og áheit er honum berast. Ef einhver hluti tekna sjóðsins er af gefanda ætlaður ákveðinni stofnun er stjórninni skylt að halda sérstaka reikninga í efnahagsreikningi sjóðsins yfir séreign hverrar stofnunar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur með samþykki allra stjórnarmanna ákveðið að breyta skipulagsskrá sjóðsins eða leggja sjóðinn niður. Fari svo að sjóðurinn verði lagður niður, skal eignum sjóðsins varið með þeim hætti sem boðið er í 3. gr.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. maí 1992.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi reits 1.834.2 Ásgarður 2 - 40 í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 27. maí 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð deiliskipulags fyrir staðgreinireit 1.834.2, Ásgarður 2 -40, Reykjavík.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfisráðuneytið, 2. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

2. júní 1992 Nr. 205

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi fyrir Sólmundarhöfða, Akranesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 27. maí 1992 staðfest deiliskipulag fyrir Sólmundarhöfða, Akranesi.

Uppdráttur deiliskipulags og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Akraness.

Umhverfisráðuneytið, 2. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

2. júní 1992 Nr. 206

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 27. maí 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Reyðarfjarðar 1990-2010. Jafnframt fellur úr gildi staðfest aðalskipulag frá 4. ágúst 1983.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Reyðarfjarðarhrepps og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfisráðuneytið, 2. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Kópavogs hafa verið settar reglur um takmarkanir á akstri vinnuvéla og dráttarvéla sem hér segir:

I. Takmörkun umferðar vinnu- og dráttarvéla.

1. Akstur og dráttur vinnuvéla og dráttarvéla verður bannaður allan sólarhringinn á eftirfarandi vegum:

Hafnarfjarðarvegi frá Kringlumýrarbraut að mörkum Garðabæjar.

2. Akstur og dráttur vinnuvéla og dráttarvéla verður bannaður á virkum dögum kl. 7.30 - 9.00 og kl. 16.30 - 18.30 á eftirfarandi vegum:

Reykjanesbraut frá Nýbýlavegi að mörkum Garðabæjar.

II. Undanþágur.

1. Vinnuvélar og dráttarvélar, sem notaðar eru við framkvæmdir, viðhald eða snjóruðning á einhverjum af ofangreindum vegum, þurfa ekki að sæta takmörkunum á viðkomandi vegarkafla.

2. Vinnuvélar og dráttarvélar verða ekki háðar ofangreindum takmörkunum, þegar almennur snjóruðningur á vegum er í gangi, enda sé færð á vegum erfið.

III. Skilgreiningar.

Vinnuvél og dráttarvél skilgreinist á sama hátt og í umferðarlögum með þeirri áréttingu, að undanskilin eru þau tæki, sem skilgreind eru sem bifreiðar af Bifreiðaskoðun Íslands.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. júlí 1992.

Lögreglustjórinn í Kópavogi, 1. júní 1992.

Georg Kr. Lárusson, settur.

Nr. 208 2. júní 1992

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu deiliskipulagi fyrir miðbæ Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 27. maí 1992 staðfest breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ Hafnarfjarðar, sbr. staðfestan uppdrátt frá 7. september 1983.

Breyting þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Umhverfisráðuneytið, 2. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Stjórnartíðindi B 32, nr. 198–208. Útgáfudagur 10. júní 1992.

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 1992

15. júní 1992 505 Nr. 209

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 30 21. janúar 1992, um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Aftan við 13. gr. reglugerðar nr. 30 21. janúar 1992 komi ný grein er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. er heimilt á árinu 1992 að stunda grásleppuveiðar á svæðum A, B og C til og með 8. ágúst, á svæði D til 23. júlí og á svæðum E og F til og með 7. júlí. Á svæði B innan línu, sem dregin er úr Krossnesvita í Lambanes er heimilt að stunda veiðar til og með 22. ágúst.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júní 1992.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Hjörtur Guðmundsson.

5. júní 1992 Nr. 210

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278/1977 um Tækniskóla Íslands með áorðnum breytingum.

1. gr.

Aftan við c)-lið þriðju málsgreinar í 8. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Menntamálaráðuneytið getur, að tillögu skólanefndar, heimilað frávik frá framangreindum kröfum um verkkunnáttu sem skilyrði fyrir inngöngu, enda sé þá jafnframt kveðið á um hvernig nauðsynlegrar þjálfunar skuli aflað innan tiltekinna tímamarka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. júní 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

B 34

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands starfar við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk Viðskiptafræðistofnunar er:

1. Að vera vettvangur rannsókna í viðskiptafræðum og skyldum greinum á viðfangsefnum íslensks atvinnulífs.
2. Að annast þjónusturannsóknir, ráðgjöf og veita álitsgerðir.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fjórum mönnum. Viðskipta- og hagfræðideild kýs þrjá þeirra að fengnum tillögum viðskiptaskorar og einn samkvæmt tilnefningu nemenda í viðskiptaskor. Fulltrúar skorar eru kjörnir til tveggja ára og fulltrúi nemenda til eins árs.

Deildin kýs formann stjórnar stofnunarinnar úr hópi fulltrúa viðskiptaskorar.

Stjórnin mótar stefnu stofnunarinnar, ræður vali verkefna, hefur umsjón með fjármálum hennar og gerir tillögur til deildar um fjárveitingar. Hún ræður forstöðumann, sem skal hafa umsjón með framkvæmd á ákvörðunum stjórnar og daglegum rekstri stofnunarinnar. Stjórninni er heimilt að kveðja til ráðgjafanefndir um málefni stofnunarinnar.

Háskólinn sér starfsliði fyrir nauðsynlegri vinnuaðstöðu.

4. gr.

Formaður boðar stjórnarfundi. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi, ræður atkvæði formanns. Forstöðumaður á sæti á stjórnarfundum og hefur þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

5. gr.

Við Viðskiptafræðistofnun geta starfað:

1. Fastir kennar við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.
2. Sérfræðingar sem stjórn stofnunarinnar heimilar.
3. Stúdentar og aðstoðarmenn.

6. gr.

Tekjur Viðskiptafræðistofnunar eru:

1. Greiðslur fyrir verkefni.
2. Styrkir til verkefna.
3. Fjárveitingar á fjárlögum.
4. Aðrar tekjur.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskólans.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, sbr. reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 78/1979, 66. gr., og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 9. júní 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 – 1992

3. júní 1992 507 Nr. 212

AUGLÝSING

um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1992–1993.

Menntamálaráðherra hefur hinn 3. júní 1992 staðfest eftirfarandi úthutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1992–1993, sem samþykktar voru á fundi stjórnar sjóðsins 31. maí 1992, sbr. 16. gr. laga nr. 21/1992:

I. KAFLI – LÁNSHÆFT NÁM

1.1 Almennt.

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms við skóla, sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Lánasjóðnum er heimilt að veita öðrum námsmönnum lán enda stundi þeir sérnám.

Lán er að öllu jöfnu ekki veitt til náms eða starfsþjálfunar þegar um launað starf eða annað endurgjald er að ræða meðan á námi stendur, þ.e.a.s. ef umsamin mánaðarlaun samkvæmt náms- eða starfssamningi eru hærri en grunnframfærsla, sbr. 3.1.1.

1.2 Á Íslandi.

1.2.1. Nám á háskólastigi.

Nám á háskólastigi og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Nám í eftirtöldum skólum á háskólastigi er lánshæft:

Bændaskólanum á Hvanneyri, búvísindadeild.
Háskóla Íslands.
Háskólanum á Akureyri.
Kennaraháskóla Íslands.
Ljósmæðraskóla Íslands.
Samvinnuháskólanum, rekstrarfræðideild.
Tónlistarskólanum í Reykjavík, tónmennta- og tónfræðideild.
Tækniskóla Íslands, tæknifræði- og heilbrigðisdeild.
Tölvuháskóla Verzlunarskóla Íslands.

1.2.2. Sérnám.

Nám í eftirtöldum sérskólum er lánshæft. Nám í fjölbrautarskólum og öðrum skólum, sem er að meginstofni liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs er að jafnaði ekki lánshæft skv. þessari grein.

ATS skóla flugmálastjórnar.
Fiskvinnsluskólanum. Fisktæknínám.
Fósturskóla Íslands.
Iðnskólum, réttindanám 3 ár.
Íþróttakennaraskóla Íslands.
Leiklistarskóla Íslands.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

Myndlista- og handíðaskóla Íslands að undanskildu fornámi.
Myndlistaskólanum á Akureyri að undanskildu fornámi.
Stýrimannaskólum.
Tannsmíðaskóla Íslands.
Tónlistarskólum, kennaradeildir og tónlistarnám á 7. stigi og ofar skv. námsskrá menntamálaráðuneytis.
Tækniskóla Íslands, iðnfræði og útgerðatækni 1.5 ár, iðnrekstrarfræði 2 ár.
Vélskólum.
Þroskaþjálfaskóla Íslands.

1.2.3. Annað sérnám.

Heimilt er að veita lán til annars sérnáms, enda hafi námsmaður náð 20 ára aldri á því almanaksári sem lán er veitt og námið að meginstofni ekki liður í undirbúningi undir stúdentspróf eða sambærilegt próf. Nám í eftirtöldum skólum er lánshæft samkvæmt þessari reglu:

Bændaskólum, bændadeildir.
Fiskvinnsluskólum, fiskiðnnám.
Garðyrkjuskóla ríkisins.
Hótel- og veitingaskóla Íslands.
Kirkjubæjarskóla, fiskeldi.
Lyfjatæknaskóla Íslands.
Meistaraskóla iðnaðarins.
Skrifstofu-og ritaraskólanum 2. ár.

1.2.4. Réttindi erlendra námsmanna.

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlendis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda hljóti þeir ekki námsaðstoð frá heimalandi sínu sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er að láta þetta ákvæði taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

1.3 Í útlöndum.

1.3.1. Háskólanám.

Lánað er til framhaldsnáms við stofnanir erlendis, sem gera sambærilegar kröfur til nemenda og gerðar eru í háskólanámi hérlendis, sjá þó ákvæði gr. 4.6 og 4.8. um lán vegna skólagjalda.

1.3.2. Sérnám.

Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis enda hafi námsmaður náð 20 ára aldri á því almanaksári, sem lánið er veitt. Lánshæfni er ennfremur háð því að um sé að ræða a.m.k. tveggja ára skipulegt nám sem alls ekki verði stundað á Íslandi og jafnframt nægilega veigamikið nám að því er varðar eðli þess, uppbyggingu og starfsréttindi.

1.3.3. Málanám sem undirbúningsnám.

Sjóðurinn lánar að jafnaði í eitt misseri til málanáms ef það er undirbúningur undir nám erlendis sem fer fram á öðrum tungumálum en ensku og norðurlandamálum öðrum en finnsku. Ekki er lánað fyrir skólagjöldum.

II. KAFLI – NÁMSFRAMVINDA.

2.1. Námstími.

2.1.1. Sjóðurinn veitir aðstoð fyrir þann tíma ársins sem eiginlegt skólahald eða skyldunámskeið standa yfir. Að jafnaði er aðstoð ekki veitt lengur en í níu mánuði á almannaksári, sbr. 2.1.2.

2.1.2. Ef námi lýkur á almanaksárinu 1993 veitir sjóðurinn aðstoð, þar sem haldið er uppi skipulögðu og fullu námi yfir sumartímann. Eftirfarandi aðrar reglur gilda um veitingu sumarlána 1993, enda hafi menn ekki fullnýtt svigrúm sitt áður til aðstoðar sjóðsins:

1. Þeir námsmenn, sem ljúka námi á sumrinu í byrjun haustmisseris eiga rétt á að fá afgreitt sumarlán eftir að þeir hafa skilað lokaprófskírteini til sjóðsins
2. Áformi námsmaður að ljúka námi sínu á almanaksárinu 1993 og stunda nám að sumrinu í því skyni er heimilt að veita honum sumarlán, enda greiðast honum þá sumar- og haustlán, þegar vottorð um lokapróf liggur fyrir. Ljúki viðkomandi ekki námi á almanaksárinu fellur niður réttur hans til sumarláns.
3. Námsmaður sem lýkur námi á sumarönn sem nemur 75% árangri á venjulegri önn getur fengið lán vegna sumarannar 1993, sem greiðist eftir að árangur á sumarönn liggur fyrir.
4. Sama gildir um þá sem þurfa að sækja skyldunámskeið að sumrinu enda leggi þeir fram gögn um að þeir hafi tekið þátt í slíku námskeiði áður en lánið er greitt til þeirra.
5. Geri skóli kröfu um að doktorsnemar stundi nám yfir sumartímann er heimilt að veita lán til þess.
6. Stundi námsmenn launað starfsnám á sumrinu er ekki heimilt að veita þeim lán.
7. Aðstoð á sumarönn reiknast sem eitt misseri í heildarsvigrúmi námsmanns.

2.2. Framvinda náms.

Námsframvinda er metin í aðstoðarmisserum eða aðstoðarárum. Skal námsmaður að jafnaði ljúka 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla. Námsmaður verður að fullnægja kröfum um afköst og lágmarkseinkunnir. Tekið er tillit til skipulags náms og nánari reglur settar um framvindu á einstökum námsbrautum. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaprófs. Taki námsmaður lán út á misseri eða hluta þess þarf hann að uppfylla kröfur um námsafköst á því misseri.

2.3. Ófullnægjandi námsframvinda.

2.3.1. Námsefirlit er framkvæmt eftir hvert misseri. Uppfylli námsmaður ekki kröfur um námsframvindu skv. gr. 2.2., skulu námslán til hans skerðast hlutfallslega, sbr. 2.3.2. Lán til námsmanns sem til dæmis lýkur 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla skal þannig skerðast um 25%.

2.3.2. Námsmaður þarf að ljúka í það minnsta 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla til þess að hljóta námslán.

2.4. Aukið svigrúm í námi.

2.4.1. Námsmaður sem lýkur yfir 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla á þar með rétt á auknu svigrúmi í námi síðar á námsferli sínum. Ljúki hann t.d. 110% af fullu námi á einu misseri nægir honum 90% árangur á síðara misseri til þess að eiga rétt á óskertu námsláni.

2.4.2. Heimilt er að víkja frá reglu 2.3.2. um að námsframvinda á hverju misseri skuli að lágmarki vera 75% af fullu námi, ef um nema á fyrsta ári er að ræða, námsmaður verður veikur eða eignast barn. Heildarsvigrúm til að ljúka hverjum námsferli skal þó að jafnaði ekki aukið í þessum tilfellum.

2.5. Námslengd.

2.5.1. Námsmaður telst hafa fengið lán í eitt aðstoðarár hafi hann fengið lán fyrir venjulegt skólaár, sbr. gr. 2.1.1., enda þótt lán hafi skerst vegna reglna um viðmiðun við námsárangur. Venjulegt skólaár er að jafnaði tvö misseri.

2.5.2. Að uppfylltum skilyrðum um námsframvindu getur námsmaður fengið lán í allt að 5 ár samanlagt til að stunda grunnháskólanám, sérnám og stutt starfstengt viðbótarháskólanám,

sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, t.d. uppeldis- og kennslufræði, félagsráðgjöf og námsráðgjöf.
2.5.3. Leggi námsmaður stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi er heimilt að veita honum lán í allt að 5 ár til viðbótar þeim árum sem hann hefur fengið áður frá sjóðnum. Með framhaldsnámi er átt við meistara- doktors- eða licentiatnám eða sambærilegt nám. Auk þess er átt við háskólanám eftir 4 ár, skv. skipulagi skóla, t.d. lögfræði, guðfræði, lyfjafræði og læknisfræði.

2.6 Námslok.

Námslok teljast þegar námsmaður hættir að sækja um lán, nema sýnt sé fram á annað. Umsóknarfrestur síðustu gildu umsóknar ákvarðar þannig námslok sbr. grein 6.1.2. Sjóðsstjórn ákveður námslok í vafatilfellum.

III. KAFLI – FRAMFÆRSLA, LEYFI OG TEKJUR.

3.1. Grunnframfærsla.

3.1.1. Öll aðstoð til framfærslu á námstíma frá 1. júní 1992 - 31. maí 1993 miðast við grunnframfærslu á Íslandi, sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð er 1. júní 1992 kr. 49.039. Fjárhæðinni er breytt mánaðarlega með hliðsjón af breytingum á framfærsluvísitölu Hagstofu Íslands.
3.1.2. Grunnframfærsla í útlöndum, sem getur verið mismunandi eftir löndum og borgum, er ákveðið hlutfall af grunnframfærslu á Íslandi. Hlutfallið er endurskoðað með hliðsjón af þróun verðlags og gengis.

3.2. Framfærsla námsmanns.

Auk búsetu hafa þær aðstæður sem tilgreindar eru undir greinum 4.1. - 4.5. áhrif á framfærslu námsmanns. Framfærsla námsmanns hækkar vegna barna sem eru 18 ára eða yngri og á framfæri hans. Til viðbótar venjulegri framfærslu hækkar framfærsla námsmanna í leyfi um 15% af framfærslu einstaklings og framfærsla einstæðs foreldris um 20%.

3.3. Leyfi.

3.3.1. Að öllu jöfnu telst námsmaður sem fékk aðstoð á síðasta skólaári í leyfi þann tíma á árinu 1992 sem hann fær ekki framfærsluaðstoð.
3.3.2. Námsmaður sem verið hefur í fullri vinnu lengur en 6 mánuði á árinu telst í leyfi þrjá síðustu mánuðina áður en lánshæft nám hefst. Heimilt er að leggja þriggja mánaða jafnaðartekjur, að frádregnum sköttum, til grundvallar við útreikning á lánsupphæð, ef námsmaður staðfestir lengd tekjuöflunartímabils á árinu.

3.4. Tekjur samkvæmt reglum þessum.

3.4.1. Tekjur námsmanns og maka á árinu 1992 eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, geta haft áhrif á veitta aðstoð á námstíma. Gert er ráð fyrir að námsmaður afli tekna til framfærslu í leyfi eða þann tíma sem hann stundar ekki nám á aðstoðarárinu.
3.4.2. Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á haustmisseri skal námsmaður gera grein fyrir áætluðum tekjum á árinu 1992.
3.4.3. Endanlegt tekjutillit á sér stað 1.júní 1993 og er þá lánsfjárhæð leiðrétt með tilliti til mögulegs fráviks á raunverulegum og áætluðum tekjum. Við tekjutillitið er fráviksfjárhæðin fyrst uppfærð um 5% og síðan til samræmis við breytingar á framfærsluvísitölu frá 1. febrúar 1993 til 1. júní 1993.
3.4.4. Sjóðstjórn getur breytt ófullnægjandi tekjuáætlun.

3.5. Hvað telst til tekna samkvæmt úthlutunarreglum?

3.5.1. Laun og endurgjöld fyrir hvers konar störf og þjónustu á árinu 1992 svo og aðrar skattskyldar tekjur.

3.5.2. Eftirtaldar bætur fengnar árið 1992:

- mæðra og feðralaun;
- barnabætur og barnabótaauki;
- atvinnuleysisbætur;
- tekjutrygging;
- sjúkra- og slysadagpeningar;
- fæðingarstyrkur.

3.5.3. Arður, aðrar skattskyldar eignatekjur, náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship" og „utbildningsbidrag".

3.5.4. Til frádráttar koma staðgreiddir skattar á árinu 1992; skólagjöld umfram þá upphæð sem námsmaður fær lánað fyrir að frádregnum kr. 15.000; meðlagsgreiðslur og rannsóknar- og skólakostnaður, sem námsmaður greiðir með andvirði styrkja (sbr. gr. 3.5.3.).

3.6. Hvað telst ekki til tekna?

- húsaleigustyrkur frá hinu opinbera;
- örorkulífeyrir og örorkubætur;
- lyfjaaðstoð;
- dánarbætur;
- barnalífeyrir;
- meðlag.

3.7. Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna.

Með undirritun umsóknar veita námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Tekjuupplýsingar skulu gefnar upp skv. beiðni sjóðsins. Eftir áramót skal senda sjóðnum endanlegar upplýsingar með afriti af skattframtali 1993.

IV. KAFLI – LÁNAFLOKKAR.

4.1. Lán til námsmanna sem búa í leiguhúsnæði.

Framfærsla einhleyps námsmanns er grunnframfærsla. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram framfærslu í leyfi koma til frádráttar.

Einhleypur námsmaður sem býr í leiguhúsnæði, barnlaus hjón eða sambýlisfólk, sanni eðlilegar leigugreiðslur með því að leggja fram afrit greiðsluseðils til skattyfirvalda.

4.2. Lán til einstaklings í foreldrahúsum.

Framfærsla námsmanns sem býr hjá foreldrum er 70% af grunnframfærslu. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram framfærslu í leyfi koma til frádráttar.

4.3. Lán til einstæðs foreldris.

Framfærsla er grunnframfærsla sem hækkar um 40% fyrir fyrsta barn og 35% vegna hvers barns umfram það. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram framfærslu í leyfi koma til frádráttar.

4.4. Lán til námsmanns í hjónabandi (sambúð).

Framfærsla námsmanns í hjónabandi eða sambúð er grunnframfærsla sem hækkar um 20% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram framfærslu

í leyfi koma til frádráttar. Til frádráttar á láni námsmanns koma 50% af tekjum maka umfram framfærslu. Framfærsla maka reiknast á sama hátt og námsmanns. Lán vegna maka er aðeins veitt í vissum undantekningartilvikum. (Sjá gr. 4.5.).

Séu hjón í lánshæfu námi ákvarðast lán til hvors um sig sérstaklega, enda reiknist báðum framfærslulán. Hafi þau barn á framfæri geta þau farið fram á að samanlagðar tekjur þeirra skiptist jafnt á milli þeirra við ákvörðun námsláns.

Óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap.

4.5. Lán vegna maka.

Eftirfarandi aðstæður geta leitt til þess að framfærsla námsmanns (skv. gr. 4.4.) á misseri hækkar um 50% vegna maka:

a) Veikindi eða örorka skv. læknisvottorði.
b) Atvinnuleysi skv. vottorði viðeigandi yfirvalda vegna þess að atvinnuleyfi fæst ekki.
c) Námsmaður og maki hafa 2 börn eða fleiri á framfæri sínu og maki kýs að vinna heimilisstörf að mestu eða öllu leyti.
d) Námsmaður og maki hafa barn á forskólaaldri á framfæri sínu og fyrir liggja gögn um að dagvistun fáist ekki eða barnið hafi sérstaklega þörf fyrir umönnun foreldris.

50% tekna námsmanns og maka umfram framfærslu námsmanns í leyfi koma til frádráttar á láni til námsmanns.

4.6. Lán á markaðskjörum vegna skólagjalda.

Stjórn LÍN er heimilt að veita námslán til allt að 10 ára með venjulegum meðalvöxtum banka. Lánið endurgreiðist með jöfnum afborgunum óháð öðrum námslánum, enda sé endurgreiðsla þeirra lána sérstaklega tryggð. Endurgreiðsla hefjist tveimur árum eftir námslok. Lán þessi er heimilt að veita vegna skólagjalda í grunnháskólanámi og sérnámi erlendis sem ekki verður stundað á Íslandi.

4.7. Lán vegna bóka-, tækja- og efniskaupa.

Heimilt er að veita mönnum lán vegna bókakaupa. Lán þessi skulu að jafnaði nema 30% af grunnframfærslu í einn mánuð á hverju skólaári.

4.8. Almenn lán vegna skólagjalda.

Lán vegna skólagjalda erlendis umfram fenginn styrk eru aðeins veitt til framhaldsháskólanáms. Ef árleg skólagjöld við viðurkennda skóla á Íslandi eru hærri en kr. 15.000 er veitt lán fyrir umframfjárhæðinni. Samanlögð lán til námsmanns vegna skólagjalda skulu aldrei verða hærri en 27.000 USD eða jafngildi í annarri mynt. Þeir sem fyrir útgáfu úthlutunarreglna 1991 fengu hærri skólagjaldalán, munu fá skólagjaldalán afgreidd eftir fyrri reglu til að ljúka núverandi námi.

4.9. Lán vegna röskunar á stöðu og högum námsmanna.

4.9.1. Nú verður ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti, t.d. verður námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að stunda nám sitt þannig að lánaheimild sé fullnýtt. Má þá veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingarlöggjöf.

Heimilt er skv. þessari grein að veita námsmanni sérstakt lán vegna aukaferðar ef hann þarf skyndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts í nánustu fjölskyldu. Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt viðeigandi læknisvottorði eða dánarvottorði.

4.9.2. Hámarkslán á misseri skv. þessari grein er mánaðarframfærsla námsmanns.

4.10. Lán vegna sjúkratrygginga og sjúkrakostnaðar.

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um að þeim kostnaði sé mætt. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingarfélögunum. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðraskoðunar og ungbarnaeftirlits erlendis ef ljóst er að hvorki tryggingaraðili námsmannsins né viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taka þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á námstíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kýs, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi.

4.11 Lán vegna vaxtakostnaðar.

Fyrir útborgun námslána, sem greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, skal reikna hlutfallslegt álag. Það skal miðað við að tekið sé fullt tillit til vaxtakostnaðar vegna munar á fyrrgreindum útborgunartíma og þeim sem gilti á skólaárinu 1991-92. Þetta hlutfallslega álag bætist við útreiknuð námslán viðkomandi námsmanns.

4.12. Lán vegna ferðakostnaðar.

Námsmanni er heimilt að sækja um lán til þess að greiða hluta eigin ferðakostnaðar, maka og barna. Um veitingu þessara lána gilda sömu reglur og önnur námslán og er umsóknarfrestur sá sami. Lánin miðast við ákveðna upphæð á hverri önn, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði. Þau greiðast þegar viðkomandi námsmaður fær greidd framfærslulán, eftir að hann hefur skilað farseðli eða öðrum sönnunargögnum um að ferð hafi verið farin.

V. KAFLI – UMSÓKNIR, ÚTBORGUN LÁNA OG FL.

5.1. Umsóknir um námslán.

5.1.1. Umsóknareyðublöð. Sótt er um námslán á sérstökum eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té. Umsóknareyðublöðin fást einnig alla jafnan í skólum og sendiráðum Íslands erlendis.

5.1.2. Umsóknir og gildistími. Hver umsókn gildir til loka skólaárs. Umsókn verður að hafa borist fyrir:

1. ágúst vegna aðstoðar á haustmisseri;
1. desember vegna aðstoðar á vormisseri;
1. mars ef nám hefst eftir 1. apríl;
15. maí 1993 vegna sumarlána.

Óheimilt er að taka til greina umsókn, sem berst eftir lok umsóknarfrests. Hafi námsmaður ekki átt gilda umsókn hjá sjóðnum á vormisseri 1993 er umsóknarfrestur um sumarlán í því tilviki 1. mars.

5.1.3. Fylgiskjöl og skilafrestur. Tilkynna ber námsmanni tímanlega um gögn, sem honum ber að skila, þannig að honum gefist nægur tími til að senda þau til sjóðsins. Fylgiskjöl vegna umsóknar eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þeirra var óskað. Að öðrum kosti er litið svo á að námsmaður sé fallinn frá umsókn.

5.1.4. Náms- og lánsfjáráætlun. Á grundvelli upplýsinga námsmanns m.a. um tekjur og fjölskylduhagi getur hann fengið útfyllta náms- og lánsfjáráætlun frá sjóðnum. Hún gefur kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sbr. reglu 6.2.1.

5.2. Útborgun námslána.

5.2.1. Lán greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, þegar námsmaður hefur lagt fram gögn um námsárangur sinn, lokatekjuáætlun og aðrar upplýsingar sem máli skipta. Lán greiðast inn á reikning í viðskiptabanka eða sparisjóði sem skal vera á nafni námsmanns. Skal við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 15. janúar og 15. júní. Heimilt er að greiða út lán

á öðrum tímum enda liggi fyrir að námsmaður hafi uppfyllt kröfur sjóðsins um afköst og árangur í námi áður en sjóðurinn innir af hendi greiðslu láns vegna viðkomandi annar, misseris eða skyldunámskeiða.
5.2.2. Námsmenn skulu skila lokatekjuáætlun vegna tekna á árinu 1992 áður en lán er greitt út. Ef verulegur munur reynist vera á þeirri áætlun og tekjum námsmanns og maka er heimilt að gjaldfella lánið.
5.2.3. Stjórn sjóðsins hefur gert samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um að þeir veiti námsmönnum tímabundna fyrirgreiðslu innan misseris eða skólaárs, ef þess er óskað, að uppfylltum venjulegum skilyrðum viðkomandi peningastofnunar og að fenginni náms- og lánsfjáráætlun viðkomandi námsmanns.

5.3. Umboðsmaður, ábyrgðarmaður og skilyrði sem námsmenn þurfa að uppfylla.
5.3.1. Umboðsmaður. Námsmaður erlendis verður að hafa umboðsmann á Íslandi sem m.a. skrifar undir skuldabréf fyrir hans hönd.
5.3.2. Ábyrgðarmaður. Einn ábyrgðarmaður sem er fjárráða íslenskur ríkisborgari með lögheimili á Íslandi þarf að undirrita skuldabréf fyrir námsmann. Ábyrgðarmenn þurfa að fullnægja sömu skilyrðum og lánþegar sjóðsins, sbr. 5.3.3.
5.3.3. Skilyrði, sem lánþegar LÍN þurfa m.a. að uppfylla, eru að þeir séu ekki í vanskilum við sjóðinn, þegar sótt er um nýtt lán og bú þeirra sé ekki til gjaldþrotameðferðar eða að þeir teljist af bersýnilegum ástæðum ótryggir lántakendur.

5.4. Greiðsla félagsgjalda.
Óski námsmaður þess annast LÍN greiðslu félagsgjalda til SÍNE og BÍSN. Sjóðurinn dregur félagsgjöldin af námslánum og greiðir til réttra aðila.

5.5. Breytingar á aðstoð.
5.5.1. Tilkynningaskylda námsmanna. Umsækjanda ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veitingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduaðstæður, breytingar á fjárhag, heimilisfangi og námsáætlun, eða veikindi er valdið geta töfum í námi. M.a. ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um.
5.5.2. Leiðrétting á útreikningi. Ef í ljós kemur að sjóðurinn hefur veitt námsaðstoð eða reiknað út upphæð láns á röngum forsendum er það leiðrétt við fyrsta hentugleika, skv. nánari ákvæðum í þessum kafla. Er þá tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur vísvitandi gefið villandi eða rangar upplýsingar eða hvort um vanrækslu hefur verið að ræða af hans hálfu ellegar um mistök frá hendi sjóðsins. Að jafnaði er mögulegt að semja um fyrirkomulag endurgreiðslna.

5.6. Vísvitandi villandi upplýsingar.
Ef námsmaður hefur vísvitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga verður þegar í stað endurkræf með áfallinni verðtryggingu og kostnaði sem af hlýst.

5.7. Breyttar tekjur frá upphaflegri áætlun.
Ef upphafleg tekjuáætlun að hausti reynist of lág kemur leiðrétting sjálfkrafa fram í því að vorlán verður lægra en áætlað var. Auk þess áskilur sjóðurinn sér rétt til að beita ákvæðum greinar 5.6. ef tekjur að hausti hafa verið stórlega vanáætlaðar. Hafi námsmaður þannig fengið hærra lán vegna haustmisseris en honum ber í heildarlán fyrir skólaárið, skal hann endurgreiða mismuninn með verðtryggingu og kostnaði.

5.8. Eftirlit með tekjum vegna síðasta láns.
5.8.1. Námsmenn á Íslandi. Sjóðurinn fær upplýsingar frá ríkisskattstjóra um tekjur skv. skattframtali þess tekjuárs sem lagt var til grundvallar síðustu lánveitingu.
5.8.2. Námsmenn á Norðurlöndum. Námsmenn annars staðar á Norðurlöndum þurfa að skila vottorði um tekjur s.l. árs. Í Danmörku „årsopgörelse", í Noregi „bruttoinntekt" og í Svíþjóð „terminalbild 44".
5.8.3. Námsmenn í öðrum löndum. Sjóðurinn getur krafist skattavottorðs frá námsmönnum í öðrum löndum.
5.8.4. Endurgreiðsla. Komi í ljós að tekjur skv. vottorði skattstjóra eru hærri en gefið var upp af námsmanni, ber honum að endurgreiða of hátt veitt lán með verðtryggingu.

5.9. Mistök sjóðsins.
Verði mistök við veitingu námsláns, námsmanni í óhag, ber að leiðrétta það strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum úthlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðréttist sem fyrst. Ef veruleg mistök verða námsmanni í hag, er honum tilkynnt það og síðan ákveðið í hverju einstöku tilviki hvernig endurgreiðslu skuli hagað.

VI. KAFLI – SAMNORRÆNAR REGLUR UM LÁN Á NORÐURLÖNDUM.

Umsækjandi við nám á Norðurlöndum utan heimalandsins getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum fengið námslán frá námslandinu. Skilyrði fyrir námsaðstoð er að umsækjandi fái ekki námsaðstoð frá öðru landi. Hér á eftir fara tvö dæmi um þetta:

A. Umsækjandi hefur verið búsettur og unnið samfellt tvö ár í námslandinu. Umsjón með eigin barni undir 16 ára aldri jafngildir vinnu. Tekið er tillit til vinnuhlés ef um herskyldu eða veikindi hefur verið að ræða.
B. Umsækjandi er undir 20 ára aldri og hefur fylgt foreldrum sínum sem eru heimilisföst í námslandinu og hafa þar fasta vinnu.

Nánari upplýsingar fást hjá lánasjóðum í hverju landi.

DANMÖRK
Styrelsen for Statens Uddannelsesstøtte
Danasvej 30
DK-1910 Fredriksberg C
Sími: 90-45-31214666

NOREGUR
Statens lånekasse for utdanning
P. boks 195
Økernveien 145
N-0510 Oslo 5
Sími: 90-47-2-726700

FINNLAND
Statens studiestödcentral
Valtion Opintottukikeskus
P.O. Box 228
SF-40 101 Jyvaskyla 10
Sími: 90-358-41-698611

SVÍÞJÓÐ
Centrala studiestödsnämnden
S-851 82 Sundsvall
Sími: 90-46-60-186000

VII. KAFLI – LÁNSKJÖR.

7.1. Vextir og verðtrygging.
Lánin eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá námslokum. Verðtryggingin miðast við breytingar á lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands.

7.2. Endurgreiðslutími.
Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir námslok sbr. gr. 2.6.

7.3. Árleg endurgreiðsla.

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. sept. og er háð tekjum fyrra árs. Föst ársgreiðsla er 48.000 kr. og miðast við lánskjaravísitölu 3.198. Þessi upphæð breytist á hverju ári til samræmis við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs. Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 5% við afborganir af láninu fyrstu fimm árin. Eftir það skal hundraðshlutinn vera 7% Sú fjárhæð sem þannig fæst skal margfölduð skv. hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Frá viðbótargreiðslunni samkvæmt framansögðu dregst áðurnefnd föst ársgreiðsla.

Lánþega ber að greiða lántökugjald 1.2% í hvert sinn sem lán er tekið og kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga.

7.4. Undanþágur.

Stjórn Lánasjóðs er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu verði skyndilegar breytingar á högum lánþega, t.d. vegna veikinda eða slyss, sem skerða ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn er ennfremur heimilt að veita undanþágu frá fastri ársgreiðslu ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans. Ef sótt er um undanþágu þarf að gera nákvæma grein fyrir aðstæðum.

7.5. Lán sem sjóðurinn hefur veitt.

Lán sem sjóðurinn hefur veitt eru:

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgr. hefst námslok	Endurgr.-tími	Gjalddagar
M	1952-61	3.5%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1952-61	3.5%	3 ár	10 ár	1. feb. og 1. júní
M	1961-67	3.5%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1961-67	3.5%	3 ár	15 ár	1. feb. og 1. júní
L	1967-75	5%	5 ár	15 ár	1. júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apr. og 1. nóv.
X*	1976-82	verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóv.
T**	1982	verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. sept.
R	1992	allt að 3% + verðtr.	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.

* nefnast V-lán eftir sameiningu.
** nefnast S-lán þegar endurgreiðsla hefst.

Sé greitt eftir fleiri kerfum.

Þeir námsmenn, sem taka lán skv. lögum nr. 21 frá 1992 (R- lán) greiða fyrst afborganir og vexti af þeim lánum, en skuldi þeir eldri lán frestast afborganir þeirra þar til fyrrnefnd R-lán eru að fullu greidd. Eldri lán greiðast síðan eftir reglum sem áður giltu. Hlutfallsstuðull fyrir aukaafborgun T- láns hjá þeim sem hafa fengið meira en helming raunvirðis námslána sinna árin 1976-85 er 3.5% í stað 3.75%. Ef lánþegi greiðir bæði af lánum sem tekin voru á árunum 1976-82 og af lánum sem tekin voru 1982-92, þá dragast afborganir eldri lána frá afborgunum hinna nýju. Enginn afsláttur er veittur af afborgunum lána, sem tekin voru 1982-92, þótt einnig sé verið að greiða af L-lánum.

Vanskil.

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, sendir sjóðurinn hana til lögfræðings í innheimtu. Ef lánþegi gerir enn ekki skil, er sjóðnum heimilt að gjaldfella alla skuldina og innheimta hana með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

Menntamálaráðuneytið, 3. júní 1992.

F. h. r.
Árni Gunnarsson.

Þorsteinn Gunnarsson.

10. júní 1992 Nr. 213

REGLUGERÐ

um sérstaka fyrirframgreiðslu opinberra fjárfestingarlánasjóða á árinu 1992.

1. gr.

Á árinu 1992 skulu opinberir fjárfestingarlánasjóðir, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 48/1992, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum, greiða sérstaka fyrirframgreiðslu þinggjalda vegna væntanlegrar álagningar skatta á árinu 1993.

Fyrirframgreiðsla samkvæmt 1. mgr. kemur í stað fyrirframgreiðslu samkvæmt 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Fyrir 1. júlí 1992, skulu skattskyldir aðilar, sbr. 1. gr., skila ótilkvaddir ársreikningi vegna rekstrarársins 1991, til skattstjórans í viðkomandi umdæmi. Með ársreikningnum skal fylgja greinargerð um hagnað ársins 1991, sem skal vera í samræmi við ársreikninginn og ákvarðaður í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Í greinargerðinni skal koma fram eftirfarandi:

1. Nafn skattaðila
2. Kennitala skattaðila
3. Heimilsfang skattaðila
4. Upplýsingar um hagnað ársins 1991, sbr. 1. mgr.
5. Áritun löggilts endurskoðanda um að hagnaðurinn sé ákvarðaður í samræmi við góða reikningsskilavenju.

3. gr.

Fyrirframgreiðslan skal nema 20 % af hagnaði ársins 1991.

Skattstjóri skal ákveða fyrirframgreiðslu og skal gjaldanda tilkynnt um hana og greiðslumáta hennar.

4. gr.

Fyrirframgreiðsla samkvæmt 3. gr. skal innt af hendi á tímabilunum ágúst til desember 1992, með fimm jöfnum greiðslum. Gjalddagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur hvers mánaðar og eindagi er 10 dögum síðar.

Fyrirframgreiðslan skal ganga upp í álagningu á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992.

5. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1993, ef sýnt þykir fram á að fyrirframgreiðsla samkvæmt 3. gr. muni gefa alranga mynd af væntanlegri álagningu tekju- og eignarskatts vegna rekstrarársins 1992.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal tilkynna gjaldanda ákvörðun sína og ef fallist er á umsókn gjaldanda um lækkun skal niðurstaðan einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra, skulu gilda um fyrirframgreiðslu samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, eftir því sem við getur átt.

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 48/1992, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. júní 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Nr. 214 10. júní 1992

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 261/1991 um tollverð notaðra ökutækja.

1. gr.

Við 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar bætist svohljóðandi setning: Þó skal heimilt ef dagsetning fyrstu skráningar ökutækis erlendis kemur ekki fram í skráningarskírteini þess og ekki er unnt að fá opinbera staðfestingu á fyrsta skráningardegi, að telja upphaf fyrningar frá 1. júlí þess árs sem er af framleiðanda yfirlýst árgerðarár.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr. tollalaga nr. 55/1987 sbr. 5. gr. laga nr. 96/1987 um breyting á þeim lögum til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 10. júní 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Rúna S. Geirsdóttir.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Holtamannaafréttar.

1. Félagið heitir Veiðifélag Holtamannaafréttar.
2. Heimili þess og varnarþing er í Rangárvallasýslu.
3. Félagið tekur yfir Kvíslarveitur og önnur vötn á Holtamannaafrétti og læki ásamt öllu vatnakerfi afréttarins nema Þjórsá, auk sameiginlegra vatna Landmannaafréttar og Holtamannaafréttar: Þórisvatn, Krókslón, Hrauneyjarfosslón og Tungnaá frá mörkum afréttanna við Krókslón að kláfferju (skammt fyrir ofan Hald). Aðild að félaginu eiga allar jarðir í eftirtöldum hreppum: Ásahreppi, Djúpárhreppi, Holtahreppi og Landhreppi ásamt Næfurholti og Hólum í Rangárvallahreppi, en þær eru:

Í Ásahreppi:

Ás I
Ás II
Ás III
Ás IV
Áshóll
Ásmúli
Ásmundarstaðir I, vesturbær
Ásmundarstaðir II, austurbær
Ásmundarstaðir III
Berustaðir I
Berustaðir II
Bólstaður
Borgarholt
Efri-Hamrar
Framnes
Hamrahóll
Hárlaugsstaðir
Heiði
Hellnatún I
Hellnatún II
Herríðarhóll
Húsar II, austurbær
Húsar I, austurbær
Kálfholt
Kastalabrekka
Krókur
Lindarbær
Lækjartún
Rifshalakolt I
Sumarliðabær I, efri
Sumarliðabær II, neðri
Sel
Syðri-Hamar I, vesturbær
Syðri-Hamar II, austurbær
Vetleifsholt I
Vetleifsholt II
Þjórsártún

Í Djúpárhreppi:

Bali I
Bali II
Bjarg
Bjóla I
Bjóla II
Bjóluhjáleiga
Borgartún I, suðurbær
Brautartunga
Brekka
Búð
Dísukot I
Dísukot II
Eyrartún
Hábær I
Hábær II
Háfshjáleiga
Háfur
Háirimi I
Háirimi II
Hali
Háiteigur
Hávarðarkot
Hrafntóftir I
Hrafntóftir II
Hraukur
Húnakot
Jaðar
Litla-Rimakot
Melur
Miðkot
Norður-Nýibær
Oddspartur
Rangá
Sandhólaferja
Sigtún
Skarð
Skinnar
Smáratún
Sólbakki
Stóra-Rimakot
Suður-Nýibær
Tjörn
Tobbakot I
Tobbakot II
Unuhóll I, vesturbær
Unuhóll II, austurbær
Vatnskot I
Vatnskot II
Vesturholt
Ægissíða I
Ægissíða II
Ægissíða III
Önnupartur

Í Holtahreppi:

Árbæjarhellir	Árbær
Árbæjarhjáleiga	Heiðarbrún
Lyngás	Litla-Tunga I
Litla-Tunga II	Efri-Rauðalækur
Brekkur I	Brekkur II
Syðri-Rauðalækur	Arnkötlustaðir
Meiri-Tunga I	Meiri-Tunga II
Meiri-Tunga III	Meiri-Tunga IV
Þjóðólfshagi I	Þjóðólfshagi II
Fosshólar	Lýtingsstaðir
Hvammur	Nefsholt I
Laugaland með Nefsholti II	Gata
Marteinstunga	Hallstún
Bjálmholt	Ölversholt
Ölversholtshjáleiga	Pula
Mykjunes	Skammbeinsstaðir I
Skammbeinsstaðir II	Skammbeinsstaðir III
Skammbeinsstaðir IV	Þverlækur
Lækur I	Lækur II
Akbraut	Stúflholt I
Stúflholt II	Saurbær
Kaldárholt	Ketilsstaðir
Hagi	Guttormshagi
Kvíárholt	Hreiður
Raftholt	Gíslholt
Kambur	Kaldakinn

Í Landmannahreppi:

Austvaðsholt I	Austvaðsholt II
Árbakki	Bjalli
Efra-Sel	Fellsmúli
Flagbjarnarholt efra	Flagbjarnarholt neðra
Galtalækur	Hellar
Heysholt	Hjallanes I
Hjallanes II	Holtsmúli I
Holtsmúli II	Hrólfsstaðahellir með Tjörfastöðum
Húsagarður	Hvammur, norðurbær, með Árbæ og Hvammi III
Hvammur, suðurbær	Króktún
Leirubakki I	Leirubakkahóll
Lunansholt	Lækjarbotnar
Múli með Litla-Klofa	Neðra-Sel
Réttarnes	Skarð með Skarðseli
Skarfanes	Snjallsteinshöfði
Stóri-Klofi	Borg
Eskiholt	Mörk
Ósgröf	Skarðstorfa
Stóru-Vellir	Yrjar
Vatnagarður	Vindás
Púfa	Lunansholt II

Í Rangárvallahreppi:

Næfurholt	Hólar

4. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Um málefni annarra vatna á félagssvæðinu en Þórisvatns, Hrauneyjarfosslóns, Krókslóns og Tungnaár sbr. 3. grein fjalla aðeins atkvæðisbærir aðilar úr Ásahreppi og Djúpárhreppi. Þó skal aðeins leyfð stangaveiði í Þórisvatni.

5. Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur og skulu þeir kosnir þannig að einn verði úr hverjum eftirtalinna hreppa: Ásahreppi, Holtahreppi, Djúpárhreppi og Landhreppi ásamt Næfurholti og Hólum. Fimmti stjórnarmaðurinn skal kjörinn úr Ásahreppi eða Djúpárhreppi. Stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur úr eftir eitt ár. Tveir meðstjórnendur eftir tvö ár og hinir eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu nema sérstök forföll heimili eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal fjóra varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að tveir varamenn og annar endurskoðandinn gangi úr annað árið, og hinir hitt árið.
6. Stjórn félagsins hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
7. Aðalfund skal halda ekki síðar en í apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
8. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf og skal hafa sérstakt reikningshald fyrir A- og B-deildir félagsins samkv. 9. grein.
9. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá er verði í tveimur deildum:
   A: Þórisvatn, Krókslón, Hrauneyjarfosslón og Tungnaá sbr. 3. grein.
   B: Önnur vötn á Holtamannaafrétti nema Þjórsá.

   Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
10. Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. júní 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

1. júní 1992 Nr. 216

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Hafralónsár.

1. Félagið heitir Veiðifélag Hafralónsár. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns félagsins á hverjum tíma.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hafralónsá, en þær eru: Syðri-Brekkur I, Syðri-Brekkur II, Hallgilsstaðir I, Hallgilsstaðir II, Tungusel, Þorsteinsstaðir, Syðra-

Lón, Hvammur I, Víðimörk, Hvammur II, Hvammur III, Hvammur IV, Brúarland, Gunnarsstaðir I, Gunnarsstaðir II.

3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.
   Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfund skal halda fyrir júnílok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Einnig skulu fara fram kosningar skv. 4. gr.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. júní 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Nr. 217 21. maí 1992

AUGLÝSING

um umferð í Garðabæ.

Samkvæmt heimild í b-lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnarinnar í Garðabæ, ákveðst að umferð um Garðahraun skuli hafa forgang gagnvart umferð um Álftanesveg (biðskylda á nýja vegarspotta á bæjarmörkum ofan við Hafnarfjörð, sem nefndur hefur verið Álftanesvegur, gagnvart Garðahrauni).

Lögreglustjórinn í Garðabæ, 21. maí 1992.

Már Pétursson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið

1. Að loka Eskihlíð norðan Mjóuhlíðar fyrir allri umferð nema SVR.
2. Bann við vinstri beygju á mótum Suðurlandsbrautar/Hallarmúla og Engjateigs.

Auglýsing þessi tekur gildi 22. júní 1992.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. júní 1992.

Böðvar Bragason.

10. júní 1992 Nr. 219

AUGLÝSING

um umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, tillögu umferðarnefndar Bolungarvíkur og samþykki bæjarstjórnar Bolungarvíkur er eftirfarandi hér með ákveðið varðandi umferð í Bolungarvík:

1. Stöðvunarskylda verði á Traðarlandi gagnvart Stigahlíð.
2. Stöðvunarskylda verði á Ljósalandi gagnvart Þjóðólfsvegi.

Auglýsing þessi öðlast gildi 20. júní 1992.

Lögreglustjórinn í Bolungarvík, 10. júní 1992.

Jónas Guðmundsson.

Nr. 220

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1991.

Rekstrarreikningur

Tekjur:

	1991	1990
		í þús. kr.
Ríkisframlag	1 365 799 600	1 167 150
Landsútsvar	464 010 139	411 200
Aukaframlag ríkissjóðs	0	39 963
Tekjur alls	1 829 809 739	1 618 313

Gjöld:

Bundin framlög		
Samb. ísl. sveitarfél.	33 158 548	27 871
Landshlutasamtök	37 895 480	31 853
Lánasjóður sveitarfél.	115 581 224	97 152
Innheimtust. sveitarfél.	155 797 800	223 332
Umsjónarnefnd eftirlauna	24 660 000	13 382
Húsfriðunarsjóður	57 892 000	3 700
	424 985 052	397 292
Sérstök framlög:		
Sameining sveitarfél.	34 137 801	14 459
Fjárhagserfiðleikar sveitarfél.	8 954 752	46 359
Kjarasamningar	0	39 963
Stofnkostnaðarframlög	200 223 500	149 981
Grunnskólaframlög	321 159 530	301 734
Tónlistarskólaframlög	32 068 000	29 732
	596 543 583	582 229
Jöfnunarframlög:		
Tekjujöfnunarframlög	521 380 650	395 487
Þjónustuframlög	254 927 893	226 682
	776 308 543	622 169
Rekstrargjöld:		
Laun og launat. gjöld	3 057 749	2 493
Önnur gjöld	2 022 974	2 634
	5 080 723	5 127
Afskr. kröfur innhst. sveitarfél.	2 554 702	5 747
Gjöld alls	1 805 472 603	1 612 565
Tekjuafgangur f. fjármagnstekjur og (gjöld)	24 337 136	5 748
Fjármagnstekjur (gjöld):		
Vaxtatekjur	64 964 419	14 309
Vaxtagjöld	–(947)	0
Rekstrarhagnaður ársins	89 300 608	20 057

Efnahagsreikningur 31. desember 1991

Eignir:

	1991	1990 í þús. kr.
Veltufjármunir:		
Bankareikningur í Landsb. Íslands	287 108 850	103 110
Landsútsvar eftirst.	0	7 569
Fyrirfrgr. framl. v/umsjónarn. eftirlauna	0	11 039
Ríkissjóður, v/virðisaukaskatts	115 984	91
Ýmsir viðskiptamenn	60 000	60
Veltufjármunir alls	287 284 834	121 869
Langtíma kröfur:		
Innheimtustofnun sveitarfélaga	1 472 905 406	1 319 662
Langtímakröfur alls	1 472 905 406	1 319 662
Eignir alls	1 760 190 240	1 441 531

Skuldir og eigið fé:

	1991	1990 í þús. kr.
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir	17 329 350	3 175
Lánasj. sveitarfélaga	4 581 224	175
Landshlutasamtök sveitarfélaga	1 498 280	650
Samband ísl. sveitarfélaga	1 358 548	164
Umsjónarnefnd eftirlauna	8 621 040	0
Húsafriðunarn. v/Húsafrsjóðs	47 392 000	0
Óhafin framl. v/samein. svfél.	15 000 000	0
Óhafin framl. v/fjárhagsörðugl. svfél.	14 000 000	25 000
Óhafin stofnframl. til sveitarfél.	38 479 300	43 243
Ógr. tónlistarskólaframlög	0	2 199
Ógreiddir skattar	0	93
Skammtímaskuldir alls	148 259 742	74 699
Langtímaskuldir:		
Framlagsfé til sveitarfél.	*1 268 691 688*	*1 112 894*
Langtímaskuldir alls	*1 268 691 688*	*1 112 894*
Eigið fé:		
Eigið fé 1. janúar 1990	*253 938 202*	*233 881*
Rekstrarhagnaður ársins	*89 300 608*	*20 057*
Eigið fé alls	*343 238 810*	*253 938*
Skuldir og eigið fé alls	*1 760 190 240*	*1 441 531*

Fjármagnsstreymi fyrir árið 1991

Uppruni fjármagns

Frá rekstri:	
Hagnaður til ráðstöfunar	89 300 608
Rekstrarliðir sem ekki hafa bein áhrif á hreint veltufé	
Afskrifaðar kröfur	2 554 702
Hækkun á hreinu veltufé	91 855 310

Greining á breytingu veltufjár:

	31.12.1991	31.12.1990	Breyting
Veltufjármunir			
Sjóðir og bankainnstæður	287 108 850	103 109 839	183 999 011
Viðskiptamenn	115 984	18 698 808	(18 582 824)
Skuldabréf (skammtímalán)	60 000	60 000	0
	287 284 834	121 868 647	165 416 187
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	148 259 742	74 698 865	73 560 877
Hreint veltufé í árslok	139 025 092	47 169 782	91 855 310

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 1991.

Reykjavík, 20. maí 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

Áritun endurskoðanda

Ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1991 höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, fjármagnsstreymi og skýringum nr. 1.–13. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að reikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins og breytingum á fjárhagslegri skipan á árinu 1991 og efnahag í lok þess árs, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 20. maí 1992.

Halldór V. Sigurðsson.

Sveinn Arason.

REGLUGERÐ

um hækkun tekjumarks skv. 11. og 12. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

1. gr.

Ellilífeyri (grunnlífeyri) skal skerða í samræmi við ákvæði 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 853 397 eða kr. 71 114 á mánuði.

2. gr.

Örorkulífeyri (grunnlífeyri) skal skerða í samræmi við ákvæði 12., sbr. 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 871 373 eða kr. 72 614 á mánuði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 79. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum eins og henni var breytt með 24. gr. laga nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. júní 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

9. júní 1992 Nr. 222

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

3. gr. hljóði svo:

Með dvalarkostnaði á stofnun fyrir aldraða er átt við daggjald eins og það er ákveðið af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 46. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 eins og ákvæðinu var síðast breytt með 21. gr. laga nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

2. gr.

5. gr. hljóði svo:

Nú hefur vistmaður eigin tekjur (aðrar en bætur almannatrygginga) sem að frádregnum staðgreiðsluskatti eru hærri en 25 542 krónur á mánuði og skal hann þá með þeim tekjum sem umfram eru standa straum af dvalarkostnaði sínum að hluta eða fullu. Þó skal hann í hverjum mánuði aldrei greiða hærri fjárhæð en sem nemur dvalarkostnaði eins og hann er ákveðinn af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 3. gr.

Nú á vistmaður maka og skulu þá eigin tekjur vistmanns skiptast að jöfnu milli vistmanns og maka þegar staðgreiðsluskattar hafa verið frá þeim dregnir. Séu tekjurnar eftir skiptinguna hærri en 25 542 krónur skal hann með þeim tekjum sem umfram eru standa straum af dvalarkostnaði sínum, sbr. 1. mgr.

3. gr.

10. gr. hljóði svo:

Nú hefur langlegusjúklingur eigin tekjur sem að frádregnum staðgreiðsluskatti eru hærri en 20 520 krónur á mánuði skal hann þá með þeim tekjum sem umfram eru taka þátt í dvalarkostnaði. Þó skal hann í hverjum mánuði aldrei greiða hærri fjárhæð en sem nemur dvalarkostnaði í þjónustuhúsnæði aldraðra eins og hann er ákveðinn af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 3. gr.

Nú á langlegusjúklingur maka og skulu þá eigin tekjur langlegusjúklingsins skiptast að jöfnu milli hans og maka eftir að staðgreiðsluskattar hafa verið frá þeim dregnir. Séu tekjurnar eftir skiptinguna hærri en 20 520 krónur skal hann með þeim tekjum sem umfram eru standa straum af dvalarkostnaði sínum, sbr. 1. mgr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30. sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 með síðari breytingu, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. júní 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 223 9. júní 1992

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga

1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skal greiða tekjutryggingarauka sem hér segir á árunum 1992 og 1993:

a) Í júlí 1992 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í júní 1992 sérstaka 28% uppbót vegna láglaunabóta.
b) Í ágúst 1992 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í júní 1992 sérstaka 20% uppbót vegna orlofsuppbótar.
c) Í desember 1992 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í nóvember 1992 sérstaka 30% uppbót vegna desemberuppbótar.
d) Í janúar 1993 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær verða í nóvember 1992 28% uppbót vegna láglaunabóta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. júní 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 – 1992

23. júní 1992 529 Nr. 224

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o.fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943, er gjald fyrir tilkynningar o.fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu hér með ákveðið þannig:

		Kr.
1.	Fyrir tilkynningu um nýskráningu hlutafélaga og samvinnufélaga	4 000
2.	Fyrir tilkynningu um skráningu, breytingu eða afskráningu firma	1 500
3.	Fyrir tilkynningu varðandi prókúruumboð	1 500
4.	Fyrir tilkynningu um breytingu á hluta- og samvinnufélagi	500
5.	Fyrir auglýsingu um lausar stöður, allt að 5 dálksentimetrum	800
6.	Fyrir auglýsingu um embætti og sýslanir allt að 4 dálksentimetrum	600
7.	Fyrir tilkynningu um skráningu kaupmála	500
8.	Fyrir fjármark (brennimark innifalið)	400
9.	Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	250
10.	Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum	1 150
11.	Fyrir stefnu allt að 20 dálksentimetrum	3 400
12.	Fyrir dómsbirtingu í opinberu máli	3 400
13.	Fyrir áskorun	1 000
14.	Fyrir auglýsingu um nauðungarsölu	1 000
15.	Fyrir auglýsingu um framhald uppboðs	1 000
16.	Fyrir innköllun (auglýsingar um lok skipta og nauðasamningsumleitana innifaldar)	3 000
17.	Fyrir auglýsingu um þinghald vegna staðfestingar nauðasamnings	1 500
18.	Fyrir auglýsingu um skiptafund eða veðhafafund	1 000

Annað efni sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 185 krónum fyrir hvern dálksentimetra.

Myndmót, sem nota þarf við prentun auglýsingar, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. júlí 1992. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing um gjald fyrir tilkynningar o.fl. nr. 415 14. ágúst 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. júní 1992.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

B 36

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um skráningu mála hjá héraðsdómstólum, þingbækur, skjalavörslu o.fl.

I. KAFLI
Málaskrár.

1. gr.

Við hvern héraðsdómstól skal skrá þau einkamál og opinberu mál, sem berast dómstólnum til meðferðar, svo sem nánar greinir í reglugerð þessari.

Skráning dómsmála vegna aðfarargerða, nauðungarsölu og skipta fer eftir fyrirmælum reglugerða þar að lútandi.

2. gr.

Við hvern héraðsdómstól skal haldin málaskrá um einkamál sem þar eru rekin.

Í skrána skal færa eftirtalin atriði:

1. Nöfn aðila og umboðsmanna þeirra.
2. Hvenær mál er þingfest, þingað er í því og það er dómtekið.
3. Hvort mál er flutt munnlega eða skriflega.
4. Nafn dómara sem fer með málið og hvenær því er úthlutað honum.
5. Hvernig og hvaða dag máli lýkur.
6. Flokkun mála.

Í málaskrána skal einnig færa eftirfarandi atriði ef átt getur við:

1. Dagsetningu kæru til Hæstaréttar á úrskurði.
2. Móttökudag kröfu um endurupptöku útivistarmáls, dagsetningu ákvörðunar um endurupptöku og niðurstöðu máls.

Öll einkamál skulu númeruð við þingfestingu í áframhaldandi númeraröð innan hvers árs. Við endurupptöku ber mál sama númer og fyrr. Sakaukasök, meðalgöngusök, gagnsök og framhaldssök skal færa inn í upphaflega skráningu máls.

Flokkun mála skv. 6. tölul. 2. mgr. skal gerð í samræmi við reglur sem dómsmálaráðuneytið setur.

3. gr.

Við hvern héraðsdómstól skal að auki haldin skrá um eftirfarandi málefni:

1. Mál sem fara eftir lögum um horfna menn.
2. Lögræðissviptingar.
3. Sjópróf.
4. Sönnunarfærslu fyrir dómi án tengsla við rekstur máls fyrir sama dómstóli, sbr. XI. og XII. kafla laga um meðferð einkamála.
5. Synjun um útgáfu réttarstefnu í ógildingar- eða eignardómsmáli eða máli, þar sem er leitað eftir flýtimeðferð, sbr. XVIII. og XIX. kafla laga um meðferð einkamála.

Í skrá skv. 1. mgr. skal færa eftirfarandi atriði eftir því sem á við:

1. Móttökudag beiðni eða kröfu.
2. Hver gerir beiðni eða kröfu og nafn umboðsmanns hans.
3. Að hverju beiðni eða krafa beinist og hverjir aðrir eiga eftir atvikum aðild að málefninu ásamt nöfnum umboðsmanna þeirra.
4. Hvenær afgreiðslu er lokið.
5. Hver annast afgreiðslu málefnis við dómstólinn.

Í þessa skrá skal að auki færa kærur til Hæstaréttar vegna viðkomandi málefna og hvenær og hvernig slíkum málum lýkur.

4. gr.

Við hvern héraðsdómstól skal haldin málaskrá um ákærumál sem þar eru rekin.

Í skrána skal færa eftirtalin atriði:

1. Nafn, kennitölu og heimilisfang ákærða (ákærðu).
2. Dagsetningu ákæru og útgefanda hennar.
3. Brotaflokkun.
4. Nafn þess sem flytur mál af hálfu ákæruvalds og nafn verjanda eða talsmanns ákærða.
5. Nafn dómara sem fer með málið og hvenær því er úthlutað honum.
6. Útgáfudag fyrirkalls.
7. Hvenær mál er þingfest, þingað er í því og það er dómtekið.
8. Hvernig og hvaða dag máli lýkur.

Í málaskrána skal einnig færa eftirfarandi atriði ef átt getur við:

1. Dagsetningu og efni úrskurðar sem er kveðinn upp í máli undir rekstri þess.
2. Kæru til Hæstaréttar á ákvörðun eða úrskurði undir rekstri máls og hvenær og hvernig slíku máli lýkur.
3. Móttökudag kröfu um endurupptöku útivistarmáls, dagsetningu ákvörðunar um endurupptöku og niðurstöðu máls.

Ákærumál skal bera sama númer við meðferð hjá héraðsdómstóli og það hefur við komu til hans. Við endurupptöku ber mál sama númer og fyrr. Þegar mál eru sameinuð skal eldra númer notað. Framhaldsákæra skal færð inn í upphaflega skráningu máls.

Flokkun brota skv. 3. tölul. 2. mgr. skal gerð í samræmi við reglur sem dómsmálaráðuneytið setur.

5. gr.

Við hvern héraðsdómstól skal að auki haldin skrá um kröfur um ákvarðanir, úrskurði og sönnunarfærslu vegna rannsóknar opinberra mála.

Í skrá skv. 1. mgr. skal færa eftirfarandi atriði eftir því sem á við:

1. Móttökudag kröfu.
2. Hver gerir kröfu og nafn umboðsmanns hans.
3. Að hverju krafa beinist og eftir atvikum hverjum ásamt nafni umboðsmanns hans.
4. Hvenær afgreiðslu er lokið.
5. Hver annast afgreiðslu málefnis við dómstólinn.

Í þessa skrá skal að auki færa kærur til Hæstaréttar á ákvörðunum og úrskurðum vegna viðkomandi málefna og hvenær og hvernig slíkum málum lýkur.

II. KAFLI

Tölfræðiupplýsingar.

6. gr.

Í lok hvers árs skal hver héraðsdómstóll gera skrá um afgreiðslu dómsmála eftir nánari fyrirmælum dómsmálaráðherra og Hagstofu Íslands.

Dómsmálaráðherra getur hvenær sem er óskað upplýsinga um meðferð og afgreiðslu mála hjá héraðsdómstólum.

III. KAFLI

Þingbækur og dómabækur.

7. gr.

Við hvern héraðsdómstól skal halda þingbækur.

Þingbækur skulu vera innbundnar bækur með tölusettum blaðsíðum, sbr. þó 3. mgr. Forstöðumaður héraðsdómstóls skal rita á titilsíðu bókar að hún sé þingbók til nota við dómstólinn.

Í stað þess að rita skýrslu í þingbók skv. 2. mgr. um það, sem fer fram í þinghaldi, getur dómari ákveðið að láta vélrita skýrsluna eða rita hana á tölvu jafnharðan í þinghaldi. Ef skýrsla er rituð á tölvu og vörnum er haldið uppi í máli eða því lýkur með bókun í þingbók, skal prenta skýrsluna út og staðfesta með undirskrift dómara. Það sama skal gert ef láta þarf af hendi endurrit af skýrslu. Vélritaðar og tölvuprentaðar skýrslur skulu varðveittar með öðrum gögnum máls.

8. gr.

Við hvern héraðsdómstól skal halda dómabók.

Í dómabók skal safna saman vélrituðum eða tölvuprentuðum dómum og úrskurðum, sem fela í sér niðurstöðu máls, undirrituðum af dómara. Slíka dóma og úrskurði skal hefta eða binda saman í dómabók í þeirri röð sem þeir eru kveðnir upp. Þegar dómabók er heft eða bundin skulu blaðsíður tölusettar.

9. gr.

Úr einkamálum, sem dómari lýkur með því að rita á stefnu að dómkröfur samkvæmt henni séu aðfararhæfar, skal varðveita eintak af stefnu á löggiltum skjalapappír með áritun dómara í þar til gerðri öskju, þar sem stefnum er raðað í eftir dagsetningu áritunar.

IV. KAFLI
Hljóðritun í þinghöldum.

10. gr.

Ef það sem kemur fram við munnlega sönnunarfærslu fyrir dómi er hljóðritað skal skrá í þingbók nafn skýrslugjafa, kennitölu og heimilisfang, svo og að skýrsla sé hljóðrituð og hvernig hljóðbandsupptaka sé merkt.

Endurrit skulu gerð af hljóðbandsupptökum eftir því sem er mælt í lögum.

11. gr.

Búnaður til hljóðritunar í þinghöldum skal þannig gerður:

1. Upptökutæki skal vera þriggja hausa snældutæki eða segulbandstæki.
2. Minnst fjórir hljóðnemar skulu tengdir stýribúnaði, einn fyrir dómara, tveir fyrir aðila máls eða umboðsmenn þeirra og einn fyrir þann sem gefur skýrslu.
3. Dómari skal geta stjórnað með stýribúnaði frá borði sínu hvaða hljóðnemar eru opnir hverju sinni, en ljós skal kvikna á þeim á sjálfvirkan hátt meðan hljóðupptaka stendur yfir.

Þegar hljóðupptaka fer fram skal að jafnaði vera viðstaddur upptökustjóri dómara til aðstoðar, en hann fylgist með upptökunni og hlustar á hana jafnóðum af bandi.

12. gr.

Ef það sem fer fram við munnlega sönnunarfærslu fyrir dómi er tekið upp á myndband skal hljóðupptaka gerð með hætti sem svarar til ákvæða 10. og 11. gr. eftir því sem getur átt við.

V. KAFLI
Notkun tölvu.

13. gr.

Hjá héraðsdómstólum, þar sem málaskrár eru færðar í tölvu eða tölva er notuð til að færa skýrslur í þinghöldum, skulu notuð tölvuforrit sem dómsmálaráðherra hefur samþykkt.

Dómsmálaráðherra ákveður hvort skráning fari fram í tölvu sem er tengd tölvumiðstöð eða í tölvu í lokuðu kerfi hjá hverjum dómstóli.

14. gr.

Öll gagnasöfn í tölvutæku formi hjá héraðsdómstólum skal afrita í öryggisskyni. Hvern starfsdag dómstóls skal taka öryggisafrit af gagnasafni tölvukerfis og geyma í þar til gerðum og læstum skjalaskáp sem hefur brunaöryggi í að minnsta kosti sextíu mínútur.

Auk öryggisafritunar skv. 1. mgr. skal að minnsta kosti einu sinni í viku taka öryggisafrit og geyma með tryggum hætti í annarri byggingu, svo sem í bankahólfi.

VI. KAFLI
Endurrit og dómsgerðir.

15. gr.

Eftir beiðni þess sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta og gegn greiðslu gjalds skal héraðsdómstóll láta af hendi endurrit úr þingbók eða dómabók vegna einkamáls.

Samkvæmt beiðni ríkissaksóknara, annars ákæranda, sakbornings eða umboðsmanns hans lætur héraðsdómstóll af hendi án endurgjalds endurrit úr þingbók eða dómabók vegna opinbers máls. Það sama skal gert að beiðni annars þess, sem sýnir dómara fram á að hann hafi lögvarinna hagsmuna að gæta, gegn greiðslu gjalds samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Endurrit skulu staðfest með undirskrift dómara eða annars starfsmanns héraðsdómstóls. Endurrit skal vera tilbúið til afhendingar innan mánaðar frá þeim tíma, sem héraðsdómstólnum barst beiðni um það, sbr. þó 4. mgr.

Við uppkvaðningu dóms skal endurrit af honum þó að öðru jöfnu vera til reiðu. Það sama á við um viðurlagaákvörðun og úrskurð sem leiðir mál til lykta.

16. gr.

Í opinberu máli skal afhenda ákæranda tvö endurrit af dómi, viðurlagaákvörðun eða úrskurði um lok máls til eigin nota og að auki eitt eintak til að afhenda ákærða, nema honum sé afhent það á dómþingi.

Þegar ákærði er staddur á dómþingi við uppkvaðningu dóms eða ákvörðun viðurlaga skal ákæranda jafnframt afhent endurrit úr þingbók um þinghaldið, þar sem kemur fram að ákærði hafi verið viðstaddur og þar með birtur dómurinn eða ákvörðunin.

17. gr.

Eftir beiðni málsaðila skal héraðsdómstóll gera dómsgerðir í máli og hafa þær tilbúnar innan mánaðar frá því beiðni barst.

Í dómsgerðum skulu vera:

1. Endurrit af dómi, úrskurði, dómsátt, viðurlagaákvörðun eða annarri ákvörðun, sem hefur leitt mál til lykta.
2. Endurrit af því sem hefur verið skráð um mál í þingbók, þar á meðal endurrit af hljóðupptökum.
3. Ljósrit af framlögðum skjölum í máli.

Dómsgerðir skulu heftar saman í eitt eða eftir atvikum fleiri hefti. Á titilsíðu skal tekið fram að dómsgerðirnar séu í máli með tilteknu heiti og númeri og á tilteknum fjölda blaðsíðna, en undir dagsetningu skal dómari rita nafn sitt til staðfestingar á dómsgerðunum. Ef dómsgerðir eru í tveimur eða fleiri heftum skal hvert þeirra áritað með þessum hætti og tekið fram hve mörg heftin eru.

VII. KAFLI
Varðveisla skjala o.fl.

18. gr.

Við hvern héraðsdómstól skal vera geymsla undir skjalasafn hans. Geymsla skal gerð þannig að aðrir en starfsmenn dómstóls eigi ekki aðgang að henni og öryggis sé gætt gagnvart hættu af völdum elds og vatns.

Þar til afhending á sér stað til Þjóðskjalasafns skal varðveita eftirfarandi í skjalasafni héraðsdómstóls:

1. Skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn sem hafa verið lögð fram í dómsmálum, ásamt endurritum úr þinghöldum sem hafa verið gerð í tengslum við mál.
2. Þingbækur og dómabækur sem skráningu er lokið í.
3. Eintak af árituðum stefnum samkvæmt 9. gr.

Skjöl og endurrit skv. 1. tölul. 2. mgr. skulu varðveitt út af fyrir sig vegna hvers máls í möppu eða öskju. Málum skal að jafnaði raða í samræmi við það, hvenær þeim lýkur.

19. gr.

Hljóðbönd og myndbönd sem hafa verið notuð til upptöku á dómþingi skal varðveita með tryggum hætti í skjalasafni héraðsdómstóls í minnst þrjú ár frá þeim tíma sem því máli lauk, sem upptaka varðar. Hafi sama snælda eða hljóðband verið notað við upptöku í tveimur eða fleiri málum skal það varðveitt þann tíma frá því síðasta málinu var lokið.

20. gr.

Um afhendingu frumrita eða ljósrita af skjölum, afhendingu eftirrita af hljóðböndum og myndböndum og aðgang að gögnum í skjalasöfnum héraðsdómstóla fer að öðru leyti eftir ákvæðum 13. og 14. gr. laga um meðferð einkamála.

VIII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 18. gr. og 140. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991 og 15. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91 31. desember 1991, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 226 19. júní 1992

REGLUGERÐ

um málaskrár vegna gjaldþrotaskipta o.fl

I. KAFLI
Málaskrár.

1. gr.

Við hvern héraðsdómstól skulu haldnar skrár um beiðnir um heimild til greiðslustöðvunar, beiðnir um heimild til nauðasamningsumleitana, kröfur um gjaldþrotaskipti og ágreiningsmál sem eru rekin skv. 5. þætti laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í hverri málaskrá um sig skal máli gefið númer úr óslitinni númeraröð innan hvers árs.

2. gr.

Í málaskrá um beiðnir um heimild til greiðslustöðvunar skal færa þessi atriði eftir því sem getur átt við hverju sinni:

1. Móttökudag beiðni.
2. Nafn skuldara, sem æskir heimildar til greiðslustöðvunar, kennitölu og heimilisfang.
3. Nafn umboðsmanns skuldara og aðstoðarmanns hans við greiðslustöðvun sé um annan að ræða en umboðsmann hans.
4. Nafn, kennitölu og starfstöð firma á hvers skuldbindingum skuldari ber ótakmarkaða ábyrgð.
5. Nafn dómara sem fer með mál.
6. Hvenær úrskurður er kveðinn upp um beiðni, hver niðurstaða hefur þar orðið og hvenær greiðslustöðvun skuldara verður tekin fyrir á ný á dómþingi.

Ef leitað er framlengingar á heimild til greiðslustöðvunar skulu atriði skv. 1., 5. og 6. tölul. 1. mgr. tiltekin um þá málaleitan.

3. gr.

Í málaskrá um beiðnir um heimild til nauðasamningsumleitana skal færa þessi atriði eftir því sem getur átt við hverju sinni:

1. Móttökudag beiðni.
2. Nafn skuldara, sem æskir heimildar til nauðasamningsumleitana, kennitölu og heimilisfang.
3. Nafn umboðsmanns skuldara.
4. Nafn, kennitölu og starfstöð firma á hvers skuldbindingum skuldari ber ótakmarkaða ábyrgð.
5. Nafn dómara sem fer með mál.
6. Hvenær beiðni er tekin fyrst fyrir á dómþingi.
7. Hvenær úrskurður er kveðinn upp um beiðni og hver niðurstaða hefur þar orðið.
8. Nafn umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum.
9. Móttökudag kröfu um staðfestingu nauðasamnings, hvenær hún er tekin fyrir á dómþingi, hvenær úrskurður er kveðinn upp um hana og hver niðurstaða hefur þar orðið.
10. Hvenær nauðasamningsumleitunum lýkur og hvernig.

4. gr.

Í málaskrá um kröfur um gjaldþrotaskipti skal færa þessi atriði eftir því sem getur átt við hverju sinni:

1. Móttökudag kröfu.
2. Nafn skuldara, sem er krafist gjaldþrotaskipta hjá, kennitölu og heimili.
3. Nafn, kennitölu og starfstöð firma á hvers skuldbindingum skuldari ber ótakmarkaða ábyrgð.
4. Nafn þess sem krefst gjaldþrotaskipta.
5. Nafn dómara sem fer með mál.
6. Hvenær úrskurður er kveðinn upp um kröfu.
7. Nafn skiptastjóra við gjaldþrotaskiptin.
8. Hver málalok verða og hvenær.

5. gr.

Í málaskrá um ágreiningsmál skal færa þessi atriði eftir því sem getur átt við hverju sinni:

1. Móttökudag kröfu um úrlausn ágreinings.
2. Nafn sóknaraðila, varnaraðila og umboðsmanna þeirra.

3. Hvaða greiðslustöðvun, nauðasamningsumleitanir eða gjaldþrotaskipti málið varðar.
4. Hvert ágreiningsefnið er.
5. Nafn dómara sem fer með mál.
6. Hvernig og hvenær máli lýkur.

6. gr.

Málaskrár skv. 2. - 5. gr. skulu eftir atvikum tölvufærðar. Ef það er gert skulu tekin afrit af þeim ekki sjaldnar en vikulega, enda hafi færslur í þær ekki verið færri en tíu frá því síðasta afrit var tekið.

7. gr.

Upplýsingar verða ekki veittar úr málaskrám nema sá sem leitar eftir þeim hafi lögvarinna hagsmuna að gæta.

II. KAFLI
Veiting vottorða.

8. gr.

Maður getur leitað eftir vottorði við þann héraðsdómstól, þar sem hann á heimilisvarnarþing, um það hvort krafa hafi komið fram um gjaldþrotaskipti á búi hans. Slíks vottorðs getur félag, stofnun eða samtök einnig leitað.

Í vottorði héraðsdómstóls verður ekki annars getið en þess hvort krafa á hendur hlutaðeiganda um gjaldþrotaskipti hafi komið þar fram og eftir atvikum hver afdrif hennar hafi orðið.

9. gr.

Með sama hætti og skv. 8. gr. má maður, félag, stofnun eða samtök leita vottorðs héraðsdómstóls um að hlutaðeigandi hafi ekki óskað eftir heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana.

III. KAFLI
Gildistaka o.fl.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21 23. mars 1991, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 227 19. júní 1992

REGLUGERÐ

um málaskrár og gerðabækur fyrir nauðungarsölur.

I. KAFLI
Málaskrár sýslumannsembætta.

1. gr.

Við hvert sýslumannsembætti skal haldin málaskrá um nauðungarsölur, eftir atvikum tölvufærð.

Í málaskrá skal greint milli eigna, sem er krafist nauðungarsölu á, og upplýsingar færðar í hana eftir því um hvaða eign er að ræða hverju sinni. Ef nauðungarsala tekur til tveggja eða

fleiri eigna í sameiningu skulu upplýsingar þó færðar í málaskrá í einu lagi um þær báðar eða allar.

Nauðungarsala á hverri eign skal auðkennd með sjö tölustafa númeri í málaskrá eftir því sem beiðni berst fyrst um hana. Skulu fyrstu tvær tölur í málanúmeri vera ártal og síðan fimm tölustafir úr óslitinni númeraröð innan hvers árs.

2. gr.

Þegar beiðni berst sýslumanni um nauðungarsölu skulu upplýsingar færðar um hana í málaskrá svo fljótt sem verða má.

Ef eldri beiðni um nauðungarsölu á sömu eign er ekki til meðferðar skulu upplýsingar færðar um eftirfarandi í málaskrá:

1. Heiti eignar með auðkennum af þeirri nákvæmni sem er kostur hverju sinni.
2. Málanúmer skv. 3. mgr. 1. gr.
3. Nafn gerðarþola, kennitala og heimilisfang.
4. Nafn gerðarbeiðanda og eftir atvikum umboðsmanns hans ásamt kennitölu og heimilisfangi þess/þeirra, sem tilkynningum verður beint til.
5. Hvaða dag beiðni er móttekin.
6. Á grundvelli hvers konar heimildar nauðungarsölu er krafist.
7. Á hvaða heildarfjárhæð er leitað fullnustu með nauðungarsölu ef því er að skipta.

Ef beiðni varðar eign, sem nauðungarsölu hefur þegar verið krafist á, og farið verður með nýju beiðnina í sameiningu við þá eldri skulu færðar í málaskrá upplýsingar um nýju beiðnina skv. 4. - 7. tölul. 2. mgr. til viðbótar við það sem hefur áður verið fært vegna eldri beiðni.

Eftir því sem nauðungarsölu á eign vindur fram og á við hverju sinni skal eftirfarandi fært í málaskrá:

1. Hvenær nauðungarsalan er tekin fyrst fyrir af sýslumanni.
2. Hvenær uppboð er haldið ef eign er ráðstafað með þeim hætti.
3. Hvenær sala á almennum markaði hefur verið ákveðin ef sú leið er farin til að ráðstafa eign, hvenær nauðungarsalan er tekin fyrir í því skyni og hverjum er falið að leita boða í eignina.
4. Afdrif einstaka beiðna um nauðungarsöluna sem eru afturkallaðar, felldar niður eða vísað á bug.
5. Hvenær nauðungarsölunni lýkur og hvernig.

3. gr.

Ef málaskrá er tölvufærð skal hún eftir atvikum gerð þannig úr garði að unnt sé að færa í hana atriði skv. 3., 4., 6. og 7. tölul. 2. mgr. 2. gr. af tölvudisklingum sem gerðarbeiðendur láta í té ásamt beiðnum sínum.

Afrit af tölvufærðri málaskrá skal tekið minnst vikulega, enda hafi þá sýslumanni borist ekki færri en tuttugu beiðnir um nauðungarsölu frá því síðasta afrit var tekið.

Upplýsingar í tölvufærðri málaskrá skulu varðveittar fram yfir næstu áramót eftir að nauðungarsölu lýkur.

4. gr.

Aðilar að nauðungarsölu eiga rétt á að fá upplýsingar úr málaskrá um mál sem varða þá.

Sá sem sýnir fram á að hann hafi lögvarinna hagsmuna að gæta á einnig rétt á upplýsingum úr málaskrá.

II. KAFLI
Varðveisla gagna við sýslumannsembætti.

5. gr.

Framlögð gögn skulu varðveitt í skjalasafni hlutaðeigandi sýslumannsembættis þar til þau verða afhent Þjóðskjalasafni.

Öðrum en aðila að nauðungarsölu verður ekki afhent gagn sem hann lagði fram nema með samþykki hans.

6. gr.

Sýslumanni er skylt að láta þeim, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta, í té staðfest eftirrit af framlögðu skjali og endurrit úr gerðabók eftir því sem þess er beiðst.

III. KAFLI
Gerðabækur sýslumanna.

7. gr.

Sýslumaður skal halda gerðabók fyrir nauðungarsölur og skal form hennar vera annaðhvort:

1. Handrituð bók með tölusettum blaðsíðum þar sem sýslumaður hefur ritað á titilsíðu að um gerðabók sé að ræða til þessara nota.
2. Vélrit eða útprentun úr tölvu á laus blöð sem eru þá undirrituð af þeim sem framkvæmir aðgerð við nauðungarsölu, en slík blöð skulu varðveitt í lausblaðabókum eða öskjum þar sem þeim er raðað eftir dagsetningu aðgerða.

IV. KAFLI
Málaskrár héraðsdómstóla.

8. gr.

Við hvern héraðsdómstól skal haldin skrá um ágreiningsmál sem eru rekin skv. 4. þætti laga um nauðungarsölu og skal færa þar eftirfarandi atriði:

1. Móttökudag kröfu um úrlausn ágreinings.
2. Nafn sóknaraðila, varnaraðila og umboðsmanna þeirra.
3. Hver eignin er sem mál um nauðungarsölu varðar.
4. Hvert ágreiningsefnið er.
5. Hver annast afgreiðslu máls við dómstólinn.
6. Hvernig og hvaða dag máli lýkur.

V. KAFLI
Gildistaka o.fl.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90 23. desember 1991 öðlast gildi 1. júlí 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um skikkjur dómara og málflytjenda.

1. gr.

Héraðsdómarar skulu bera skikkjur við dómstörf í dómsölum. Dómaraskikkjur skulu vera dökkbláar að lit, með bláum bryddingum og uppslögum úr flaueli.

Fulltrúar dómara skulu með sama hætti og dómarar bera dómaraskikkjur við dómstörf í dómsölum.

2. gr.

Ákærendur skulu bera skikkjur við málsókn í opinberum málum. Skulu þær vera svartar með bláum bryddingum og uppslögum úr flaueli. Skikkjur annarra málflytjenda skulu vera sams konar.

3. gr.

Kostnaður við dómaraskikkjur og skikkjur sem fulltrúar ákæruvaldsins bera greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 24. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 38 14. apríl 1954 og öðlast gildi 1. júlí 1992. Jafnframt falla úr gildi ákvæði í V. kafla reglugerðar um einkennisbúninga héraðsdómara, hreppstjóra, tollgæslumanna og bifreiðaeftirlitsmanna og sérstakra löggæslumanna nr. 145 11. október 1946 er varðar dómarakápur.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

19. júní 1992 Nr. 229

GJALDSKRÁ

fyrir stefnuvotta.

1. gr.

Fyrir birtingu á hvers konar tilkynningu, skal greiða stefnuvotti 700 króna þóknun, vegna hvers manns sem hún er birt fyrir.

2. gr.

Stefnuvottur skal fá greiddan aksturskostnað, 700 krónur, vegna hverrar birtingar. Ef birtar eru samtímis fleiri en ein tilkynning á hendur sama manni eða tveimur einstaklingum á sama heimili, skal þó aðeins greiða aksturskostnað sem um eina birtingu væri að ræða.

Sé um lengri veg að fara en 30 kílómetra skal aksturskostnaður ákveðinn í samræmi við akstursgjald sem ákveðið hefur verið fyrir ríkisstarfsmenn.

3. gr.

Póstkostnaður vegna birtingar skal greiddur af þeim sem æskir birtingarinnar.

4. gr.

Endursendi stefnuvottur tilkynningu án þess að birting hafi tekist, skal hann fá aksturskostnað greiddan að fullu, en að auki skal hann fá greidda ómaksþóknun og skal hún vera að fjárhæð 450 krónur.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er sett samkvæmt 4. mgr. 81. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91 31. desember 1991, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 230 24. júní 1992

REGLUGERÐ

um stjórnsýslumeðferð hjúskaparmála.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til mála sem sýslumenn fjalla um samkvæmt lögum um stofnun og slit hjúskapar og lögum um réttindi og skyldur hjóna.

II. KAFLI
Málaskrár, spjaldskrár og hjónaskilnaðabækur.

2. gr.

Sýslumaður skal halda sifjamálaskrá. Þar skal skrá öll mál sem hann fær til meðferðar, sbr. 1. gr. Hverju máli skal gefið númer í hlaupandi töluröð er miðist við ár hvert og það fært í málaskrána við móttöku.

Í málaskrána skal færa eftirtalin atriði:

1. Númer máls.
2. Móttökudag erindis.
3. Upphaflegt númer máls, ef málið er sent frá öðrum sýslumanni.
4. Nöfn hjóna.
5. Að málið sé hjónaskilnaðarmál.
6. Hvenær mál er sent öðrum sýslumanni, ef því er að skipta.
7. Lyktir máls og dagsetningu.

Ef sifjamálaskrá er á tölvutæku formi, skal í lok hvers vinnudags taka öryggisafrit af skránni.

Sýslumaður skal, fyrir 10. dag hvers mánaðar, senda dómsmálaráðuneytinu afrit sifjamálaskrár undanfarandi mánaðar.

3. gr.

Sýslumaður skal halda spjaldskrá yfir aðila hjónaskilnaðamála. Skal skránni raðað í stafrófsröð eftir eiginnafni hvers málsaðila. Hvort hjóna skal skráð á sérstakt spjald með fullu nafni og kennitölu. Þar skal að auki greina fullt nafn og kennitölu hins hjóna, númer máls, hvort um er að ræða skilnað að borði og sæng eða lögskilnað og dagsetningu leyfisbréfs eða

annarrar úrlausnar. Spjaldskrá þessa skal færa í einu lagi með spjaldskrá samkvæmt reglugerð um stjórnsýslumeðferð mála samkvæmt barnalögum.

4. gr.

Á hverju sýslumannsembætti skal haldin sérstök hjónaskilnaðabók.

5. gr.

Í bókun í hjónaskilnaðabók skal jafnan greina eftirfarandi:

1. Hvar og hvenær mál er tekið fyrir.
2. Á hvaða embætti og af hverjum mál er tekið fyrir.
3. Númer máls og nöfn hjóna.
4. Hverjir eru mættir.
5. Kröfu um skilnað og við hvaða lagaákvæði hún styðst. Auk þess skilnaðarskilmála ef ekki er lagður fram samningur um skilnaðarkjör.
6. Frásögn og afstöðu hjóna í skýru og stuttu máli, ef því er að skipta.
7. Hvaða skjöl lögð eru fram, hvers eðlis þau eru og hvaða númer þau fá.
8. Númer málskjala er liggja frammi, ef því er að skipta, og hvers eðlis þau eru, hafi það ekki komið fram áður.
9. Að leiðbeiningarskyldu hafi verið gætt og sættir reyndar, ef því er að skipta.
10. Í niðurlagi bókunar að hún hafi verið lesin í heyranda hljóði og staðfest rétt af hjónum eða umboðsmönnum þeirra með undirritun þeirra.

III. KAFLI
Umboð.

6. gr.

Umboðsmenn hjóna, ef því er að skipta, skulu hafa skriflegt umboð til erindrekstursins.

IV. KAFLI
Málskjöl.

7. gr.

Öll skjöl sem lögð eru fram í máli eða berast með öðrum hætti skulu árituð um móttökudag og þeim gefið númer í áframhaldandi töluröð. Heimilt er að leggja fram sem eitt málskjal, skjalamöppu með skjölum, eða skjöl sem fest eru saman, ef henta þykir.

Sýslumaður skal leggja afrit bréfa sinna er málið varða með öðrum gögnum máls.

V. KAFLI
Almennar reglur um meðferð ágreiningsmála.

8. gr.

Hafi sýslumaður samtímis til meðferðar tvö eða fleiri ágreiningsmál milli sömu hjóna á grundvelli hjúskaparlaga, svo sem um framfærslueyri meðan hjúskapur varir, um lífeyri með maka eftir skilnað að borði og sæng eða hvort hjóna skuli halda leigumála, skal leysa sjálfstætt úr hverju ágreiningsmáli fyrir sig.

9. gr.

Hjón skulu að jafnaði rökstyðja kröfur sínar skriflega.

10. gr.

Hjón geta allt fram til þess að mál er úrskurðað breytt kröfum sínum eða gert nýjar kröfur og fært fram nýjar málsástæður, en það má eigi verða til að tefja úrlausn málsins verulega.

11. gr.

Sinni það hjóna, er krafa beinist gegn, ekki kvaðningu eða tilmælum sýslumanns, skal því sjálfu, ef unnt er, birt með sannanlegum hætti bréf sýslumanns þar sem gerð er grein fyrir helstu málavöxtum og kröfum, komi þessi atriði ekki fram í afritum (ljósritum) málskjala, eða endurriti úr hjónaskilnaðabók, sem kunna að verða látin fylgja með bréfinu. Því hjóna skal gefinn kostur á að tjá sig um mál skriflega eða að mæta á fund sýslumanns á ákveðnum tíma eða innan tilskilins frests, að höfðu samráði við sýslumann. Skal að jafnaði veittur vikufrestur frá birtingu bréfs til að sinna því. Í bréfinu skal gerð grein fyrir hverju það varði að sinna ekki kvaðningu eða tilmælum sýslumanns.

12. gr.

Sinni það hjóna, er kröfu hefur uppi, ekki kvaðningu eða tilmælum sýslumanns, skal því send kvaðning að nýju, eða tilmælin áréttuð. Ef það hjóna sinnir ekki síðari kvaðningu eða tilmælum sýslumanns er sýslumanni heimilt að synja um úrlausn máls.

Synjun sýslumanns um að veita úrlausn skal vera skrifleg og skal afrit sent því hjóna er krafa beinist gegn, hafi því áður verið kynnt krafan.

VI. KAFLI
Úrskurðir.

13. gr.

Úrskurður sýslumanns skal undirritaður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvort hjóna. Afrit úrskurðar skal varðveitt með tryggilegum hætti á embætti sýslumanns.

Í úrskurði skal greina eftirfarandi atriði:

1. Nöfn hjóna og kennitölu hvors um sig.
2. Nafn barns eða nöfn barna og kennitölu þess eða þeirra, sem málið varðar.
3. Kröfur hjóna í endanlegri mynd.
4. Þau rök hjóna og málsástæður sem skipta máli.
5. Stutta og glögga lýsingu á málsatvikum.
6. Rök og lagaatriði sem sýslumaður byggir úrskurð sinn á.
7. Niðurstöðu, er skal dregin saman í úrskurðarorði.
8. Fullnustuúrræði, ef því er að skipta.
9. Kæruheimild og kærufrest.
10. Embættisheiti sýslumanns er úrskurðar í máli ogdagsetningu úrskurðar.

14. gr.

Sýslumanni er óheimilt, nema lög mæli annan veg, að afhenda úrskurð öðrum en málsaðilum. Tryggingastofnun ríkisins skal þó ávallt látið í té afrit úrskurðarorðs um meðlag er stofnunin greiðir, sé þess óskað, ásamt upplýsingum um kennitölu og heimilisfang hvors aðila og barns eða barna. Ennfremur geta aðrir opinberir aðilar, eftir skriflegri rökstuddri beiðni, fengið afrit úrskurðar, ef nauðsyn þykir bera til, svo og aðrir aðilar er teljast hafa lögvarða hagsmuni af því.

VII. KAFLI
Skilnaðarleyfi.

15. gr.

Skilnaðarleyfi skulu gefin út í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvort hjóna. Afrit leyfisbréfs skal varðveitt með tryggilegum hætti á embætti sýslumanns.

Í skilnaðarleyfi skal greina eftirfarandi atriði:

1. Nöfn hjóna og kennitölu hvors um sig.

2. Hvort hjóna hefur borið fram skilnaðarkröfu og við hvaða lagaákvæði krafan styðst. Sama á við ef hjónin óska bæði skilnaðar.
3. Hvort óskað hafi verið skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar.
4. Að sættir hafi verið reyndar, ef því er að skipta.
5. Nafn barns eða nöfn barna hjóna og kennitölu, ef því er að skipta, svo og hvernig forsjá þess eða þeirra er skipað og hvort sú skipan byggist á samningi, dómi, eða úrskurði dómsmálaráðuneytis. Hafi forsjármáli ekki verið ráðið til lykta skal þess getið hvar mál er til úrlausnar.
6. Hvort hjóna skal inna meðlagsgreiðslur af hendi með barni eða börnum hjóna, ef um það er að ræða, og þá með hvaða barni eða börnum, upphafstíma, lok, fjárhæð og gjalddaga meðlags, svo og hvort meðlagsgreiðslur byggjast á samningi eða úrskurði.
7. Hvort hjóna skal greiða lífeyri til hins, ef því er að skipta, og ef svo er, upphafstíma, fjárhæð og gjalddaga hans, svo og hvort lífeyrisgreiðslur byggjast á samningi eða úrskurði.
8. Dagsetningu samnings um fjárskipti, ef því er að skipta. Þess gerist þó ekki þörf, sé um lögskilnað að ræða á grundvelli undanfarandi skilnaðar að borði og sæng með óbreyttum skilnaðarskilmálum.
9. Að leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar sé veitt með stoð í viðeigandi lagaheimild og með þeim skilmálum er greinir í leyfisbréfinu.
10. Í leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng, að hvorugu hjóna sé heimilt að ganga í hjúskap að nýju og að leyfi til skilnaðar að borði og sæng falli niður taki hjón upp samvistir að nýju.
11. Í leyfisbréfi til lögskilnaðar, að aðilum sé óheimilt að ganga í hjúskap að nýju, fyrr en að liðnum tveimur mánuðum frá dagsetningu leyfisbréfs, nema þeir hafi fallið bréflega frá kæru.
12. Embættisheiti sýslumanns er gefur út leyfisbréf og dagsetningu þess.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 81. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972, og 88. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923, sbr. 16. og 18. gr. laga nr. 39 26. maí 1992 um breytingu á nefndum lögum, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Drífa Pálsdóttir.

REGLUGERÐ

um stjórnsýslumeðferð mála samkvæmt barnalögum.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til mála sem sýslumenn fjalla um samkvæmt barnalögum.

II. KAFLI
Málaskrár, spjaldskrár og gerðabækur.

2. gr.

Sýslumaður skal halda sifjamálaskrá. Þar skal skrá öll sifjamál sem hann fær til meðferðar. Hverju máli skal gefið númer í hlaupandi töluröð er miðist við ár hvert og það fært í málaskrána við móttöku.

Í málaskrána skal færa eftirtalin atriði:

1. Númer máls.
2. Móttökudag erindis.
3. Upphaflegt númer máls, ef málið er sent frá öðrum sýslumanni.
4. Nöfn málsaðila.
5. Tegund máls.
6. Hvenær mál er sent öðrum sýslumanni, ef því er að skipta.
7. Lyktir máls og dagsetningu.

Ef sifjamálaskrá er á tölvutæku formi, skal í lok hvers vinnudags taka öryggisafrit af skránni.

Sýslumaður skal, fyrir 10. dag hvers mánaðar, senda dómsmálaráðuneytinu afrit málaskrár undanfarandi mánaðar.

3. gr.

Sýslumaður skal halda spjaldskrá yfir alla málsaðila. Skal skránni raðað í stafrófsröð eftir eiginnafni hvers málsaðila. Hver málsaðili skal skráður á sérstakt spjald með fullu nafni og kennitölu. Þar skal að auki greina fullt nafn og kennitölu gagnaðila, númer máls, hverrar tegundar mál er og lyktir máls. Spjaldskrá þessa skal færa í einu lagi með spjaldskrá samkvæmt reglugerð um stjórnsýslumeðferð hjúskaparmála.

4. gr.

Á hverju sýslumannsembætti skal haldin sérstök gerðabók um sifjamálefni.

III. KAFLI
Umboð.

5. gr.

Umboðsmenn aðila skulu hafa skriflegt umboð til erindrekstursins, ef því er að skipta.

IV. KAFLI
Málskjöl.

6. gr.

Öll skjöl sem lögð eru fram í máli eða berast með öðrum hætti skulu árituð um móttökudag og þeim gefið númer í áframhaldandi töluröð. Heimilt er að leggja fram sem eitt málskjal, skjalamöppu með skjölum, eða skjöl sem fest eru saman, ef henta þykir.

Aðilar skulu að jafnaði leggja öll skjöl fram í tvíriti. Frumrit fær sýslumannsembætti en afrit (ljósrit) fær gagnaðili.

Sýslumaður skal leggja afrit bréfa sinna er málið varða með öðrum gögnum máls.

V. KAFLI
Almennar reglur um meðferð ágreiningsmála.

7. gr.

Mál skulu aðgreind eftir því hvort um er að ræða umgengnismál eða meðlagsmál, enda þótt sömu aðilar eigi í hlut í fleiri en einu máli. Hvert mál skal rekið og úr því leyst sjálfstætt.

8. gr.

Aðilar skulu að jafnaði bera fram kröfur sínar og rökstuðning fyrir þeim skriflega.

9. gr.

Aðilar geta allt fram til þess að mál er úrskurðað breytt kröfum sínum eða gert nýjar kröfur og fært fram nýjar málsástæður, en það má eigi verða til að tefja úrlausn verulega, nema hagsmunir barns réttlæti það.

10. gr.

Telji sýslumaður nauðsyn bera til, kveður hann aðila, saman eða hvorn í sínu lagi, á sinn fund og getur hann, er málið er tekið fyrir, fært í gerðabók, sbr. 4. gr., það sem aðilar eða umboðsmenn þeirra hafa um málið að segja.

Sýslumaður stjórnar fundi með aðilum. Að ósk aðila getur sýslumaður heimilað öðrum en aðilum að sitja fund.

Heimilt er að synja aðilum um aðgang að fundi þegar barn tjáir sig um mál.

Sýslumaður getur, að undangenginni áminningu, vikið þeim af fundi sem raskar fundarfriði og góðri reglu á fundinum.

11. gr.

Í bókun í gerðabók skal jafnan greina eftirfarandi:

1. Hvar og hvenær mál er tekið fyrir.
2. Á hvaða embætti og af hverjum mál er tekið fyrir.
3. Númer máls, tegund og nöfn málsaðila.
4. Hverjir eru mættir.
5. Hvaða skjöl lögð eru fram, hvers eðlis þau eru og hvaða númer þau fá.
6. Númer málskjala er liggja frammi, ef því er að skipta, og hvers eðlis þau eru, hafi það ekki komið fram áður.
7. Frásögn og afstöðu aðila í skýru og stuttu máli.
8. Að leiðbeiningarskyldu hafi verið gætt og sættir reyndar, ef því er að skipta.
9. Í niðurlagi bókunar að hún hafi verið lesin í heyranda hljóði og staðfest rétt af aðilum eða umboðsmönnum þeirra með undirritun þeirra.

12. gr.

Sinni varnaraðili ekki kvaðningu eða tilmælum sýslumanns, skal honum sjálfum, ef unnt er, birt með sannanlegum hætti bréf sýslumanns þar sem gerð er grein fyrir helstu málavöxtum og kröfum, komi þessi atriði ekki fram í afritum (ljósritum) málskjala, eða endurriti úr gerðabók um sifjamálefni sem kunna að verða látin fylgja með bréfinu. Aðila skal gefinn kostur á að tjá sig um mál skriflega eða að mæta á fund sýslumanns á ákveðnum tíma eða innan tilskilins frests, að höfðu samráði við sýslumann. Skal að jafnaði veittur vikufrestur frá birtingu bréfs til að sinna því. Í bréfinu skal gerð grein fyrir hverju það varði að sinna ekki kvaðningu eða tilmælum sýslumanns.

13. gr.

Sinni úrskurðarbeiðandi ekki kvaðningu eða tilmælum sýslumanns skal honum send kvaðning að nýju, eða tilmælin áréttuð. Ef úrskurðarbeiðandi sinnir ekki síðari kvaðningu eða tilmælum sýslumanns er sýslumanni heimilt að synja um úrlausn máls.

Synjun sýslumanns um að veita úrlausn skal vera skrifleg og skal afrit sent gagnaðila, hafi honum verið kynnt krafa úrskurðarbeiðanda.

14. gr.

Ef sýslumaður takmarkar aðgang aðila að gögnum máls er veita upplýsingar um afstöðu barns er málið varðar, getur aðili óskað skriflegrar ákvörðunar sýslumanns þar að lútandi. Kæra má þá ákvörðun sýslumanns til dómsmálaráðuneytisins innan tveggja vikna frá dagsetningu hennar. Aðili skal bera kæru sína skriflega upp við sýslumann er framsendir hana ráðuneytinu þegar í stað ásamt afritum allra gagna málsins.

VI. KAFLI
Úrskurðir.

15. gr.

Úrskurður sýslumanns skal undirritaður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila. Afrit úrskurðar skal varðveitt með tryggilegum hætti á embætti sýslumanns.

Í úrskurði skal greina eftirfarandi atriði:

1. Nöfn aðila og kennitölu hvors um sig.
2. Nafn barns eða nöfn barna og kennitölu þess eða þeirra, sem málið varðar.
3. Kröfur aðila í endanlegri mynd.
4. Þau rök aðila og málsástæður sem skipta máli.
5. Stutta og glögga lýsingu á málsatvikum.
6. Rök og lagaatriði sem sýslumaður byggir úrskurð sinn á.
7. Niðurstöðu, er skal dregin saman í úrskurðarorði.
8. Fullnustu- og þvingunarúrræði, ef því er að skipta.
9. Kæruheimild og kærufrest.
10. Embættisheiti sýslumanns er úrskurðar í máli og dagsetningu úrskurðar.

16. gr.

Sýslumanni er óheimilt, nema lög mæli annan veg, að afhenda úrskurð öðrum en aðilum máls. Þó má láta barnaverndaryfirvöldum eða sérstaklega tilnefndum tilsjónarmanni í té afrit úrskurðar, hafi þeim verið falið að liðsinna við framkvæmd úrskurðar um umgengni. Tryggingastofnun ríkisins skal ennfremur látið í té afrit úrskurðarorðs um meðlag er stofnunin greiðir, sé þess óskað, ásamt upplýsingum um kennitölu og heimilisfang hvors aðila og barns eða barna. Ennfremur geta opinberir aðilar, eftir skriflegri rökstuddri beiðni, fengið afrit úrskurðar, ef nauðsyn þykir bera til.

VII. KAFLI
Staðfestir samningar.

17. gr.

Samningar um meðlag og forsjá barns, sem öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns, skulu staðfestir með undirritun sýslumanns í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila. Afrit samnings skal varðveitt með tryggilegum hætti á embætti sýslumanns.

Í samningum samkvæmt 1. mgr. skal greina eftirfarandi atriði:

1. Nöfn aðila og kennitölu hvors um sig.
2. Nafn barns eða nöfn barna og kennitölu þess eða þeirra er málið varðar.
3. Efni samnings aðila í stuttu og glöggu máli, þ. á m. upphafstíma samnings, ef annar er en staðfestingardagur hans.

4. Gögn þau er samningur byggist á, t. d. bréf eða skýrslur aðila.
5. Tilvísun í viðeigandi lagaákvæði.
6. Embættisheiti sýslumanns er staðfestir samning og dagsetningu staðfestingar.
7. Heimild til aðfarar, ef því er að skipta.

VIII. KAFLI
Gildistaka.
18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. mgr. 76. gr. barnalaga, nr. 20 22. maí 1992, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Drífa Pálsdóttir.

22. júní 1992 Nr. 232

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu, nr. 13/1992.

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn)

1. gr.

Við grein 2.2.3. VIII. kafla, Almenna gagnaflutningsnetið, bætist eftirfarandi ákvæði:
Fyrir fyrstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið fullt gjald.
Fyrir næstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið 85% gjald.
Fyrir þar næstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið 70% gjald.
Fyrir gagnasneiðar umfram 1500 þúsund á mánuði er tekið 50% gjald.

2. gr.

IX. kafli orðist svo:

IX. KAFLI
Háhraðanet.

Póst- og símamálastofnunin starfrækir almennt háhraðanet innanlands með skiptistöðvum í Reykjavík, á Akureyri og Hvolsvelli. Utan höfuðborgarsvæðisins er hraðinn í netinu 64 Kb/s og 128 Kb/s en innan höfuðborgarsvæðisins einnig 2 Mb/s.

Í umsókn um aðgang að netinu skal tekið fram hvaða hámarkshraða notandi vill.

Notanda er óheimilt að veita öðrum aðila aðgang að netgátt sinni.

1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir aðgang að háhraðanetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við eina ethernettengingu (grunntengingu) hjá notanda:

1.1.1.	Hraði	64 Kb/s	128 Kb/s	2 Mb/s
	Stofngjald kr.	100 000,00	114 000,00	228 000,00

1.1.2. Fyrir tókanettengingu í stað ethernettengingar bætast kr. 15 000,00 við 1.1.1.
1.1.3. Fyrir tókanettengingu auk grunntengingar við sömu gátt bætast kr. 70 000,00 við 1.1.1.

2. Afnotagjald.

2.1. Afnotagjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við eina ethernettengingu (grunntengingu) hjá notanda:

2.1.1. Hraði	64 Kb/s	128 Kb/s	2 Mb/s
Ársfjórðungsgjald kr.	60 000,00	95 000,00	360 000,00

2.1.2. Fyrir tókanettengingu í stað ethernettengingar bætast kr. 5 000,00 við 2.1.1.

2.1.3. Fyrir tókanettengingu auk grunntengingar við sömu gátt bætast kr. 50 000,00 við 2.1.1.

3. gr.

Grein 2.2.3. XI. kafla, Sambönd, orðist svo:

2.2.3. Fyrir línur fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. og 2. flokki er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1. en með margföldunarstuðli, sem ákvarðast af flokknum og hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (bit/s)	Stuðull	
		1. flokkur	2. flokkur
A1	0-4800	1,00	1,10
A2	4801-9600	1,10	1,21
A3	9601-19200	1,30	1,43
A4	48000-64000	1,60	1,76
A5	2 Mbit/s	9,60	10,56

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti, svo og 11. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, sbr. 8. gr. laga nr. 34/1987, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1992 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 22. júní 1992.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Nr. 233 11. júní 1992

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010.

Samkvæmt ósk borgarráðs Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 4. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á staðgreinireit 4.674.204 við Hólaberg breytist úr stofnanasvæði í íbúðasvæði.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Austur-Eyjafjallahrepps að fasteignum innan sveitarfélagsins.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 22/1932, hefur hreppsnefnd Austur-Eyjafjallahrepps samþykkt að áskilja hreppnum vegna gerðar aðal- og deiliskipulags forkaupsrétt að þeim lóðum, jörðum og fasteignum, sem um er getið í samþykkt þessari.

2. gr.

Forkaupsréttur samkvæmt 1. gr. tekur til eftirtalinna fasteigna, ásamt lóðarleiguréttindum.

Eign:	Staðgreinir í fasteignamati:
Steinar 3, íbúðarhús	68001
Steinar 3, verslunarhús	68001
Steinar 1, söluskáli	66001
Verkstæðishús Búnaðarfélags	76001
Hrútafell, verksmiðjuhús	28001
Skarðshlíð 2, verslunarhús	60001
Skarðshlíð 3, íbúðarhús	64000
Skarðshlíð, samkomuhús	99902
Leirur 2, íbúðarhús	40000
Fosstún	31512
Dýralæknisbústaður	31519
Ytri-Skógar, hesthús	31500
Ytri-Skógar, hús Þ.J.	31508
Ytri-Skógar, hús S.S.	31511
Ytri-Skógar, hús Þ.F.	31506
Ytri-Skógar, heimavistarhús/íb.	31504
Ytri-Skógar, heimavistarhús/íb.	31503
Ytri-Skógar, skólahús	31502
Ytri-Skógar, bílskúrar	31502
Ytri-Skógar, hús A.J.	31509
Ytri-Skógar, hús Þ.F.	31505
Ytri-Skógar, safnahús	31501

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í fimm ár frá dagsetningu hennar að telja.

Umhverfisráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkur 1980–2000.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Dalvíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. maí 1992 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Dalvíkur 1988–2000 og staðfest var 3. maí 1982.

Breytingin er fólgin í því að bætt er við einni lóð fyrir einbýlishús norðan Öldugötu, vestan við lóð nr. 10, þar sem áður var grænt svæði. Jafnframt er á hinum breytta uppdrætti mörk svæða/lóða, sem byggst hafa á skipulagstímanum svo og lega gatna, færð til samræmis við útfært deiliskipulag.

Bæjarstjórn Dalvíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 236 11. júní 1992

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Súðavíkur.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Súðavíkurhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. maí 1992 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Súðavíkur sem staðfest var 9. september 1974.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á lóðinni nr. 30 B við Aðalgötu breytist á þann veg að óbyggt svæði verður iðnaðarlóð.

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur með yfirlýsingu dagsettri 12. maí 1992 tekið að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 237 11. júní 1992

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988–2008.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. apríl 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988–2008 frá 2. júlí 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að svæði austur af Bústaðarbraut breytist úr malarnámi í svæði fyrir sorpeyðingarstöð.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

15. maí 1992 Nr. 238

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 174/1991 fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Til þess að fá inngöngu í 1. bekk þarf umsækjandi að leggja fram vottorð um 24 mánaða hásetatíma eftir 15 ára aldur á skipi yfir 12 rúmlestir. Til þess að fá inngöngu í deild þá, er býr menn undir próf skipstjóraefna á varðskipum ríkisins, skal umsækjandi hafa lokið 3. stigs prófi með eigi lægri en fyrstu meðaleinkunn.
   Skólastjóra er þó heimilt að veita efnilegum nemendum undanþágu frá þessu skilyrði, ef sérstaklega stendur á, svo sem langur reynslutími sem stýrimaður á varðskipum ríkisins.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða krefst, eins og tilskilið er í reglugerð um sjón og heyrn skipstjórnarmanna.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
5. Að leggja fram sakarvottorð.
6. Að hafa lokið gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi.

Starfrækja skal undirbúningsdeild fyrir þá sem fullnægja ekki framangreindu skilyrði 6. liðar. Inntökuskilyrði í deildina skulu vera 17 mánaða hásetatími eftir 15 ára aldur á skipi yfir 12 rúmlestir auk framangreindra almennra inntökuskilyrða, 2, 4 og 5.

Starfstími deildarinnar skal vera minnst 5 mánuðir.

Nú sannar umsækjandi með prófi að hann hafi þá kunnáttu sem undirbúningsdeildin veitir og á hann þá rétt á setu í 1. bekk að fullnægðum öðrum inntökuskilyrðum.

Heimilt er að halda inntökupróf upp í 1. bekk að haustinu, áður en kennsla hefst, í stærðfræði, eðlisfræði, íslensku, ensku og dönsku.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík nr. 22, 3. maí 1972 öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 15. maí 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Hörður Lárusson.

REGLUGERÐ

um hækkun frítekjumarks skv. 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

1. gr.

Frítekjumark skv. 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum skal vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1992:

1. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga aðrar tekjur (þó ekki úr lífeyrissjóði) má hafa kr. 210 989 á ári (kr. 17 582 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum verða þessar fjárhæðir kr. 295 384 á ári (kr. 24 615 á mánuði).

2. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga eingöngu tekjur úr lífeyrissjóði má hafa kr. 306 504 á ári (kr. 25 542 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum eru þessar fjárhæðir kr. 429 106 á ári (kr. 35 759 á mánuði).

3. Hafi elli- og örorkulífeyrisþegi til viðbótar lífeyri almannatryggingar bæði lífeyrissjóðstekjur og aðrar tekjur skal frítekjumark vera hið sama og í 1. tl. Áður en til útreiknings tekjutryggingar kemur skal þó draga frá lífeyrissjóðstekjum viðkomandi kr. 95 515 á ári (kr. 7 960 á mánuði, þ.e. kr. 25 542 - 17 582) hjá einstaklingi og kr. 133 722 á ári (kr. 11 144 á mánuði, þ.e. kr. 35 759 - 24 615) hjá hjónum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lokamálsgrein 20. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. júní 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 240 11. júní 1992

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1987–2007.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. apríl 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1987–2007 frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að grænt opið svæði vestan við götuna Stjörnusteina verður íbúðarhúslóð.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1987–2007.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Stokkseyrar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun sunnanvert við Ásgautsstaðavatn breytist úr landbúnaðarsvæði í sumarbústaðasvæði.

Hreppsnefnd Stokkseyrar tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 18. júní 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

11. júní 1992 Nr. 242

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987–2007.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Selfoss hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 1. apríl 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987–2007 frá 29. ágúst 1988, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Landnotkun á vesturbakka Ölfusár breytist á þann veg að óbyggð svæði austan Hrefnutanga í landi Hellis verða sumarbústaðalóðir.

Bæjarstjórn Selfoss tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

11. júní 1992 Nr. 243

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 13. maí 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008 frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að svæði austan Kópavogsvallar í Kópavogsdal verður opið svæði til sérstakra nota (tennishús og tennisvellir), í stað opins svæðis. Jafnframt breytast göngutengsl lítillega.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 244 11. júní 1992

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fellabæjar 1981–2001.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Fellahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 29. apríl 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellabæjar 1981–2001 frá 5. febrúar 1982, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að íbúðarsvæði við enda götunnar Hamrafells færist austar inn á grænt opið svæði.

Hreppsnefnd Fellahrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 245 11. júní 1992

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Skútustaðahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. maí 1992 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi sem staðfest var 30. júní 1986.

Breytingin er fólgin í því að verslunarlóð á miðsvæði stækkar og verndunarsvæði Sauðahellis minnkar að sama skapi.

Hreppsnefnd Skútustaðahrepps hefur með yfirlýsingu þann 9. maí 1992 tekið að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1980–2000.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. maí 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1980–2000 frá 3. maí 1982, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að verslunarlóð íbúðarsvæðis á Jörundarholti breytist í þrjár íbúðarhúsalóðir.

Bæjarstjórn Akraness tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 18. júní 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

11. júní 1992 Nr. 247

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Egilsstaða 1984–2004.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Egilsstaða hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 1. apríl 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Egilsstaða 1984–2004, frá 5. nóvember 1985, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

Hætt verður við fyrirhugaða götu vestan undir Hamrinum og nyrðri hluti fyrirhugaðs íbúðarsvæðis vestan Hamarsins tengdur til norðurs við núverandi íbúðarsvæði.

Bæjarstjórn Egilsstaða tekur með samþykkt þann 28. apríl 1992 á sig hugsanlegar skaðabótakröfur sem hljótast kunna af þessari skipulagsbreytingu.

Umhverfisráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

29. júní 1992 Nr. 248

REGLUGERÐ

um sektargerðir lögreglumanna.

1. gr.

Lögreglumenn hafa heimild til að sekta vegfarendur, sem gerst hafa sekir um brot á umferðarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, enda megi telja, að refsing fyrir brotið muni ekki fara fram úr kr. 7.500. Sama gildir um brot á ákvæðum lögreglusamþykkta.

2. gr.

Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem sektarheimild samkvæmt 1. gr. nær til. Í skránni skal tilgreind sektarfjárhæð fyrir hverja tegund brots. Sökunautur skal eiga þess kost að kynna sér skrána, þegar hann greiðir sekt. Prenta má skrána eða hluta af henni á tilkynningareyðublað, sbr. 3. gr.

3. gr.

Þegar lögreglumaður verður þess áskynja, að vegfarandi hafi framið brot samkvæmt 1. gr. og hann ákveður að nota heimild sína til sektargerðar, skal hann afhenda sakborningi eða festa á ökutæki hans tilkynningu um brot. Á tilkynningareyðublaðinu skal koma fram í stuttu máli lýsing á broti, hvenær það var framið, hvaða refsiákvæði brot varðar við og sakborningi greint frá því að hann eigi þess kost að ljúka málinu með greiðslu tiltekinnar sektar þegar í stað eða á skrifstofu lögreglustjóra innan viku.

Greiði sakborningur ekki sekt innan þess tíma er heimilt að ítreka sektarboð og framlengja frestinn um tvær vikur. Fallist sökunautur á þessi málalok og greiði sektina fellur málsókn niður. Að öðrum kosti fellur ákvörðun lögreglumanns úr gildi og tekur þá lögreglustjóri ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum laga um meðferð opinberra mála.

4. gr.

Fallist sakborningur á sektargerð lögreglumanns, undirritar hann tilkynningareyðublaðið með nafni sínu og afhendir það lögreglumanni eða á skrifstofu lögreglustjóra ásamt sektargreiðslu.

5. gr.

Dómsmálaráðuneyti lætur lögreglustjórum í té tilkynningareyðublöð samkvæmt 3. gr. Skulu þau vera tölusett í framhaldandi númeraröð.

6. gr.

Lögreglustjórar halda skrá yfir eyðublöð sem afhent eru lögreglumönnum.

Sektargerðir lögreglumanna skulu færðar í kæruskrá. Þar skal koma fram nafn, kennitala og heimilisfang kærða eða númer ökutækis ef kærði er ekki þekktur, dagsetning og númer ákvörðunar, síðasti greiðsludagur samkvæmt ákvörðun eða ítrekun og niðurstaða máls.

7. gr.

Nú telur ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sekt eða að málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti og getur hann þá, innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um þau, fellt gerðina úr gildi, enda sé þá ekki liðið ár frá málalokum.

8. gr.

Sektargerðir samkvæmt reglugerð þessari skulu ekki færðar í sakaskrá ríkisins.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. og 5. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um sektargerðir lögreglumanna nr. 816 30. desember 1983.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um sakaskrá ríkisins.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Ríkissaksóknari heldur sakaskrá fyrir allt landið og nefnist hún: Sakaskrá ríkisins.

2. gr.

Sakaskrá ríkisins skal færð í tölvu, sem einungis er notuð í þessum tilgangi. Ekki er heimilt að tengja tölvu þá sem notuð er fyrir sakaskrá við aðrar tölvur eða tölvukerfi.

3. gr.

Tilgangur sakaskrár er:

a. að skrá niðurstöður í opinberum málum til notkunar fyrir lögreglu, ákæruvald og dómstóla vegna rannsóknar og meðferðar opinberra mála,

b. að veita lögreglu og öðrum sem í III. kafla greinir upplýsingar um sakarferil sem þeim eru nauðsynlegar vegna viðkomandi starfsemi,

c. að vera grundvöllur sakfræðilegra rannsókna og til úrvinnslu á tölfræðilegum upplýsingum um opinber mál.

II. KAFLI
Efni sakaskrár.

4. gr.

Í sakaskrá skal skrá niðurstöður þeirra mála sem ákærendur höfða fyrir dómstólum, ásamt málanúmeri. Í sakaskrá skal þó ekki skrá sýknudóma, nema þegar beitt er öryggisráðstöfunum samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga, eða úrskurði þar sem máli er með öllu vísað frá dómi.

5. gr.

Í sakaskrá skal skrá niðurstöður mála sem lokið er samkvæmt heimild í 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála (lögreglustjórasátt) þegar eitthvað af eftirtöldum atriðum er til staðar:

a. sekt er 20 000 krónur eða hærri,

b. sakborningur er sviptur ökuleyfi,

c. brot varðar við 45. gr. umferðarlaga (ölvunarakstur),

d. sakborningur hefur ekið sviptur ökuleyfi,

e. niðurstaða máls hefur samkvæmt heimild í viðkomandi lögum ítrekunaráhrif á síðari brot,

f. brot varðar við lög um ávana- og fíkniefni,

g. brot varðar við lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda,

h. brot varðar við almenn hegningarlög.

Í sakaskrá skal einnig skrá lögregluáminningar samkvæmt 232. gr. almennra hegningarlaga.

6. gr.

Í sakaskrá skal skrá ákærufrestanir samkvæmt 56. gr. almennra hegningarlaga.

7. gr.

Í sakaskrá skal skrá sömu eða sambærilegar niðurstöður og greinir í 4. - 6. gr. í málum þar sem íslenskir ríkisborgarar eða erlendir menn búsettir hér á landi hafa verið dæmdir til viðurlaga erlendis eða undirgengist viðurlög hjá erlendum stjórnvöldum, enda berist sakaskrá upplýsingar um slíkar niðurstöður.

Með sama hætti skal skrá erlendar ákvarðanir um viðurlög þegar fullnusta þeirra fer fram hér á landi.

8. gr.

Í sakaskrá skal einnig skrá:

a. uppgjöf sakar í málum, sem lokið hefur verið fyrir dómstólum,

b. uppreist æru,

c. náðun og breytingar á skilorðstíma,

d. reynslulausn og breytingar á skilorðstíma,

e. ákvörðun stjórnvalds um að afplána skuli refsingu eða eftirstöðvar refsingar sem gefin hefur verið eftir með skilorðsbundinni náðun eða reynslulausn,

f. endurveitingu réttinda, sem sakborningur hefur verið sviptur með dómi,

g. ákvörðun um niðurfellingu öryggisráðstafana samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga.

9. gr.

Hafi áfellisdómi verið áfrýjað til Hæstaréttar og sakborningur er þar sýknaður skal afmá úr sakaskrá niðurstöður héraðsdóms. Það sama gildir þegar Hæstiréttur ónýtir ákvörðun um viðurlög sem sakborningur hefur undirgengist samkvæmt 124. gr. laga um meðferð opinberra mála, vísar máli frá héraðsdómi eða ómerkir málsmeðferð héraðsdóms.

Þegar áfellisdómar Hæstaréttar eru skráðir í sakaskrá, skal jafnframt afmá innfærslu í skrána um niðurstöðu héraðsdóms.

Þegar mál, sem dæmt hefur verið að sakborningi fjarstöddum, er endurupptekið og dæmt að nýju, skal héraðsdómur tilkynna sakaskrá um þann dóm og skal þá afmá úr sakaskrá fyrri innfærslu um niðurstöður þess máls. Í tilkynningu héraðsdóms til sakaskrár skal koma fram að málið hafi áður verið dæmt.

Þegar ríkissaksóknari fellir úr gildi ákvörðun um viðurlög sem sakborningur hefur undirgengist samkvæmt boði lögreglustjóra afmáir hann jafnframt viðkomandi ákvörðun úr sakaskrá hafi hún verið skráð þar.

10. gr.

Héraðsdómstólar skulu tilkynna sakaskrá um niðurstöður þeirra mála sem skrá á í sakaskrá samkvæmt 4. gr. og g lið 8. gr.

Lögreglustjórar skulu tilkynna sakaskrá um niðurstöður þeirra mála sem skrá á í sakaskrá samkvæmt 5. gr.

Ríkissaksóknari sér um að niðurstöður Hæstaréttar og mál samkvæmt 6. og 7. gr. verði færð í sakaskrá.

Viðkomandi stjórnvöld tilkynna sakaskrá um þau atriði sem skrá á í sakaskrá samkvæmt a-f lið 8. gr.

Ríkissaksóknari ákveður í hvaða formi tilkynningar til sakaskrár skulu vera.

III. KAFLI
Sakavottorð og upplýsingar úr sakaskrá.

11. gr.

Auk þess sem ríkissaksóknari gefur út vottorð úr sakaskrá, sér til afnota, skulu sakavottorð gefin út til eftirtalinna að beiðni þeirra:

a. Hæstaréttar,
b. dómsmálaráðuneytis,
c. umboðsmanns Alþingis,
d. héraðsdómstóla,
e. lögreglustjóra,
f. fangelsismálastofnunar,
g. erlendra lögregluyfirvalda, ákæruvaldshafa og dómstóla vegna meðferðar opinberra mála,
h. til viðkomandi erlendra yfirvalda vegna öflunar ríkisfangs eða ökuleyfis,
i. manns sjálfs enda framvísi viðkomandi fullnægjandi persónuskilríkjum sem sanni að hann sé sá sem óskað er sakavottorðs fyrir. Beiðni skal vera skrifleg og með eiginhandarundirritun. Óski annar en maður sjálfur eftir sakavottorði skal tryggt að viðkomandi hafi heimild til þess. Lögreglustjórum er heimilt að hafa milligöngu um að útvega sakavottorð samkvæmt þessum lið.

Þegar lögreglustjóri óskar eftir sakavottorði til þess að ljúka máli samkvæmt 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála (lögreglustjórasátt) eða vegna útgáfu ökuréttinda og engin innfærsla er í sakaskrá eða ekkert er þar skráð sem hindrar viðkomandi afgreiðslu, er heimilt að staðfesta slíkt, án útgáfu sérstaks vottorðs með áritun á beiðni um sakavottorð.

12. gr.

Ríkissaksóknari getur ákveðið að aðrir opinberir aðilar en þeir sem taldir eru upp í 1. mgr. 11. gr. fái útgefið sakavottorð eða upplýsingar án skriflegs vottorðs, enda hafi þeir lögmæta hagsmuni af því að fá upplýsingar um atriði sem skráð eru í sakaskrá, svo sem vegna starfsráðninga, stöðuveitinga eða sifjamálefna.

Með sama hætti getur ríkissaksóknari ákveðið að sakavottorð eða upplýsingar án vottorðs séu gefin út til stofnana eða fyrirtækja sem stunda starfsemi sem opinbert leyfi eða löggildingu þarf til að reka.

Beiðni um sakavottorð eða upplýsingar án vottorðs samkvæmt þessari grein skal vera skrifleg og skulu þar koma fram upplýsingar um hver sé tilgangur með beiðninni.

Sakavottorð sem gefið er út samkvæmt heimild í 2. mgr. skal sent nafngreindum manni í viðkomandi stofnun eða fyrirtæki og skal tekið fram að hann skuli fara með þær upplýsingar sem tilgreindar eru í vottorðinu sem trúnaðarmál.

13. gr.

Samkvæmt beiðni er ríkissaksóknara heimilt, til notkunar í tilgreindu réttarsambandi, að gefa einstaka upplýsingar úr sakaskrá til einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja, enda sé sýnt fram á lögmæta hagsmuni af því að fá umbeðnar upplýsingar og að þeir hagsmunir séu ríkari en þær að upplýsingunum sé haldið leyndum.

14. gr.

Í sakavottorði skal greina þær upplýsingar sem skráðar hafa verið um viðkomandi mann.

Þegar 10 ár eru liðin frá síðustu tímamörkum samkvæmt a-e lið þessarar málsgreinar getur ríkissaksóknari ákveðið að skráðar upplýsingar komi ekki fram á sakavottorði telji hann slíkt ekki nauðsynlegt:

a. lokum afplánunar varðhalds- eða fangelsisrefsingar,
b. lokum reynslutíma reynslulausnar eða náðunar,
c. úrskurði um niðurfellingu öryggisráðstafana samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga,
d. lokum réttindasviptingar eða endurveitingu réttinda,
e. endanlegum dómi eða ákvörðun sem fellur ekki undir liði a-d hér að framan.

IV. KAFLI
Öryggisreglur.

15. gr.

Ríkissaksóknari ákveður hverjir hafi aðgang að sakaskrá og gefur út persónulegt og leynilegt auðkennisorð sem viðkomandi verður að nota til að geta tengst skránni. Auðkennisorð skulu endurnýjuð ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Auðkennisorð skulu ekki vera lesanleg á skjá. Í hvert sinn sem sá, sem aðgang hefur að sakaskrá, víkur frá skjá, skulu gerðar þær ráðstafanir, að áframhaldandi aðgangur krefjist þess að auðkennisorð sé skráð á ný.

16. gr.

Aðgangur að sakaskrá er þrenns konar:
a. til að gera fyrirspurn,
b. til að skrá upplýsingar og til að prenta út sakavottorð,
c. til að leiðrétta og breyta skráðum upplýsingum og til að afmá skráðar upplýsingar.

Þegar auðkennisorð er gefið út skal jafnframt ákveðið hvers konar aðgang viðkomandi hefur að sakaskránni.

17. gr.

Í lok hvers vinnudags skal taka öryggisafrit af sakaskránni og það varðveitt í læstri eldtraustri hirslu.

Ekki sjaldnar en með fjögurra vikna millibili skal taka öryggisafrit af sakaskránni og það varðveitt í eldtraustri læstri hirslu í öðru húsnæði en þar sem sakaskráin er varðveitt.

V. KAFLI
Gildistaka ofl.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 19. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Frá sama tíma falla úr gildi fyrirmæli um sakaskrá ríkisins og sakavottorð nr. 69 26. mars 1971 og auglýsing um breyting á þeim nr. 151 16. mars 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um lögreglustjórasáttir.

1. gr.

Lögreglustjórum er heimilt að afgreiða með sáttargerð kærur, sem þeim berast, um brot sem þeir hafa ákæruvald um samkvæmt 28. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Sáttarheimild samkvæmt 1. mgr. er bundin þeim skilyrðum að lögreglustjóri telji að sekt við brotinu fari ekki fram úr kr. 75 000, svipting ökuleyfis fari ekki fram úr einu ári, eða verðmæti þess, sem gera skal upptækt, fari ekki fram úr kr. 25 000.

2. gr.

Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem sáttarheimild samkvæmt 1. gr. nær til. Í skránni skulu vera leiðbeiningar um sektarfjárhæð fyrir hverja tegund brots.

Í skránni skulu einnig vera leiðbeiningar um í hvaða tilvikum svipta skuli sakborning ökuleyfi og um lengd sviptingartíma.

3. gr.

Meðferð mála, sem lögreglustjóra er heimilt að afgreiða með sátt, er skipt í tvo flokka. Undir hvorn flokkinn brot fellur fer eftir því hvort niðurstaða máls er færð í sakarskrá eða ekki.

4. gr.

Þegar lögreglustjóra hefur borist kæra um brot og hann hefur ákveðið að gefa sakborningi kost á að ljúka máli með sátt og niðurstaða máls færist ekki í sakaskrá, sendir hann sakborningi, innan mánaðar frá því honum barst kæran, gíróseðil þar sem fram kemur í stuttu máli lýsing á broti, hvenær það var framið, hvaða refsiákvæði brot varðar við, númer máls og viðvörun um það hverju greiðslufall varði. Greint skal frá því að sakborningur eigi þess kost að ljúka máli með greiðslu tiltekinnar sektar innan tveggja vikna frá dagsetningu gíróseðilsins, auk greiðslu sakarkostnaðar og upptöku eigna ef því er að skipta. Fjárhæðir skulu sundurliðaðar og þær eignir tilgreindar sem gerðar verða upptækar.

Í stað gíróseðils getur lögreglustjóri sent sakborningi bréflegt sáttarboð sem greini sömu atriði og í 1. mgr.

5. gr.

Þegar lögreglustjóra hefur borist kæra um brot og hann hefur ákveðið að gefa sakborningi kost á að ljúka máli með sátt og niðurstaða máls færist í sakaskrá, sendir hann sakborningi, innan mánaðar frá því honum barst kæran, kvaðningu um að mæta á lögreglustöð eða skrifstofu lögreglustjóra innan tveggja vikna frá dagsetningu kvaðningar. Í kvaðningu skal koma fram lýsing á broti, hvenær brot var framið, hvaða refsiákvæði brot varðar við, númer máls og að sakborningi verði gefinn kostur á að ljúka málinu með sátt og hverju það varði sakborning ef hann sinnir ekki sáttarboði. Í kvaðningu skal einnig greina sektarfjárhæð, auk sakarkostnaðar, tímalengd ökuleyfissviptingar og upptöku eigna ef því er að skipta.

Ef sakborningur játar brot og fellst á að ljúka máli með þeim hætti sem í kvaðningu greinir, undirritar hann sáttargerð þess efnis.

Ákveða skal í sáttargerð frest til greiðslu sektar, þó ekki lengri en fjórar vikur frá dagsetningu sáttar.

6. gr.

Ef sakborningur vill ljúka máli samkvæmt 4. gr. og kemur á skrifstofu lögreglustjóra innan tveggja vikna frá dagsetningu gíróseðils og fer fram á greiðslufrest, er heimilt að veita honum frest í allt að fjórar vikur. Í slíkum tilvikum skal gerð við hann sátt samkvæmt 5. gr.

7. gr.

Ef sakborningur greiðir ekki heimsendan gíróseðil samkvæmt 1. mgr. 4. gr. innan tveggja vikna frá dagsetningu hans, er heimilt að senda honum ítrekun. Þar skal koma fram að sakborningi sé gefinn kostur á að greiða gíróseðilinn innan 10 daga frá dagsetningu ítrekunarbréfsins, ella taki lögreglustjóri ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum laga um meðferð opinberra mála.

Ef sakborningur hefur ekki sinnt kvaðningu lögreglustjóra samkvæmt 1. mgr. 5. gr., er heimilt að senda honum nýja kvaðningu. Í henni skal sakborningi gefinn lokafrestur til að ljúka máli með lögreglustjórasátt, ella taki lögreglustjóri ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum laga um meðferð opinberra mála.

8. gr.

Nú synjar sakborningur sáttarboði lögreglustjóra eða sinnir því ekki, og tekur þá lögreglustjóri ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum laga um meðferð opinberra mála.

Hafi sakborningur fallist skriflega á sáttarboð, en greiðir ekki sekt innan þess frests sem tiltekinn var í sáttargerð, getur lögreglustjóri, í stað þess að ákveða saksókn, krafist fullnustu ákvörðunar með aðför. Um aðförina fer þá eftir fyrirmælum aðfararlaga um aðför eftir sátt sem komist hefur á fyrir yfirvaldi.

9. gr.

Lögreglustjóri skal færa í kæruskrá dagsetningu ákvörðunar um að bjóða sakborningi að ljúka máli með lögreglustjórasátt og dagsetningu ítrekunar ef því er að skipta.

Með sama hætti skal færa niðurstöður máls í kæruskrá. Sé mál tekið til endurskoðunar vegna greiðslufalls sakbornings skal það jafnframt skráð í kæruskrá.

10. gr.

Nú telur ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir lögreglustjórasátt eða að málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti, og getur hann þá innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um þau fellt sáttina úr gildi, enda sé þá ekki liðið ár frá málalokum.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 2. og 5. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um sektargerðir lögreglustjóra nr. 47 5. febrúar 1982.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl.

1. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum, sem búsettir eru hér á landi, er heimilt án greiðslu aðflutningsgjalda að hafa með sér við komu til landsins fatnað og ferðabúnað sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi - auk varnings sem talinn er í 2. gr. - fyrir allt að 32.000 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði hvers hlutar má þó ekki nema hærri fjárhæð en 16.000 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja svo og íslenskir farmenn og flugliðar erlendra farartækja sem leigð eru til nota hérlendis af íslenskum aðilum mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan er greinir í 1. og 2. málsl. 1. mgr. fyrir allt að 12.000 kr. við hverja komu til landsins, hafi þeir verið skemur en 15 daga í ferð, en 24.000 kr. fyrir lengri ferð. Andvirði hvers hlutar má þó ekki nema hærri fjárhæð en 12.000 kr.

Ferðamönnum, sem búsettir eru erlendis, er heimilt án greiðslu aðflutningsgjalda að hafa með sér fatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ.m.t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði ennfremur fluttur úr landi við brottför eiganda að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlendis.

Andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti) sem heimilt er að taka með inn í landið skv. 1.-3. mgr. má ekki vera meira en 4.000 kr. og skulu þau ekki vera meira en 3 kg að þyngd.

2. gr.

Áfengir drykkir og tóbaksvörur.

A. Áfengir drykkir.

Auk varnings samkvæmt 1. gr. er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda áfenga drykki sem hér segir:

		Áfengi 22-50% að styrkleika	Áfengi undir 22% styrkleika	Öl
1. Ferðamenn		1,0 l	1,0 l	Ekkert
	eða	1,0 l	Ekkert	6 l erlent eða 8 l innlent
	eða	Ekkert	1,0 l	6 l erlent eða 8 l innlent
	eða	Ekkert	2,0 l	Ekkert
2. Skipverjar á íslenskum skipum og erlendum skipum í leigu íslenskra aðila og með íslenskum áhöfnum sem eru 15 daga eða lengur í ferð		1,5 l	3,0 l	Ekkert
	eða	1,5 l	Ekkert	24 l erlent eða 32 l innlent
3. Skipverjar á skipum samkvæmt 2. tl. þessarar greinar sem eru skemur en 15 daga í ferð		0,75 l	1,5 l	Ekkert
	eða	0,75 l	Ekkert	12 l erlent eða 16 l innlent

		Áfengi 22-50% að styrkleika	Áfengi undir 22% styrkleika	Öl
4. Flugáhafnir (þ.m.t. aukaáhafnir), sem hafa skemmri útivist en 15 daga		0,375 l	0,75 l	Ekkert
	eða	0,375 l	Ekkert	3 l erlent eða 4 l innlent
	eða	Ekkert	0,75 l	3 l erlent eða 4 l innlent
5. Flugáhafnir, (þ.m.t. aukaáhafnir), á íslenskum flugvélum sem hafa 15 daga samfellda útivist eða lengri		1,0 l	0,75 l	Ekkert
	eða	1,0 l	Ekkert	6 l erlent eða 8 l innlent
	eða	Ekkert	0,75 l	6 l erlent eða 8 l innlent

Skipverjar á íslenskum skipum sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar eða hafa verið erlendis til viðgerðar eða breytinga skulu tollafgreiddir samkvæmt 3. tl.

Skipstjóra, yfirstýrimanni, yfirvélstjóra og bryta, svo og matsveinum á farþega- og vöruflutningaskipum er heimilt að taka aukalega til risnu jafnstóran skammt og þeir hafa samkvæmt 1. málsgrein.

B. Tóbak

Hverjum ferðamanni, farmanni og flugliða, er heimilt að hafa með sér til landsins 200 stk. af vindlingum eða 250 g af öðru tóbaki. Skipverjum á íslenskum skipum og erlendum skipum í leigu íslenskra aðila og með íslenskum áhöfnum, sem eru 15 daga eða lengur í ferð er þó heimilt að hafa með sér 400 stk. af vindlingum eða 500 g af öðru tóbaki. Flugáhöfnum (þ.m.t. aukaáhöfnum) sem hafa skemmri útivist en 15 daga skal heimilt að hafa með sér 100 stk. vindlinga eða 125 g af öðru tóbaki. Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 g, hver smávindill 2,5 g og hver vindlingur 1,25 g. Smávindlar sem eru 1,5 g og léttari reiknast sem vindlingar.

Skipverjar á íslenskum skipum sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar eða hafa verið erlendis til viðgerðar eða breytinga skulu tollafgreiddir samkvæmt 1. málslið.

Ef skip í utanlandssiglingum hefur viðdvöl hér samfleytt í sjö daga er tollstjóra heimilt að beiðni eiganda skips að veita skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða 250 g af öðru tóbaki til hverra sjö daga. Ekki skal veita undan innsigli sama dag og skip leggur úr höfn. Eiganda skips er skylt að greiða kostnað fyrir afgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.

Skipstjóra, yfirstýrimanni, yfirvélstjóra og bryta svo og matsveinum á farþega- og vöruflutningaskipum er heimilt að taka aukalega til risnu jafnstóran skammt og þeir hafa samkvæmt framangreindu.

3. gr.

Tollívilnanir samkvæmt 1. og 2. gr. gilda um varning sem viðkomandi farmaður eða ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum og innfluttur er til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til gjafa. Ennfremur er heimilt að leyfa tollfrjálsan innflutning farangurs sem orðið hefur viðskila við eiganda, enda sýni hann fram á með vottorði tollgæslunnar að hann hafi ekki nýtt sér tollfríðindi samkvæmt 1. gr. þegar hann kom til landsins.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis samkvæmt reglum þessum er 20 ár og 16 ár að því er varðar innflutning á tóbaki. Tollgæslumaður getur krafist þess að lágmarksaldur sé sannaður með framvísun persónuskilríkja.

Flugliðar, farmenn og ferðamenn njóta ekki tollívilnunar samkvæmt 1. og 2. gr. oftar en einu sinni á hverjum 72 klukkustundum.

Sé verðmæti hlutar sem framvísað er meira en um ræðir í 1. gr. getur viðkomandi notið tollfríðinda samkvæmt 1. gr. enda greiði hann aðflutningsgjöld af því verðmæti sem umfram er tollívilnun.

4. gr.

Með aðflutningsgjöldum í reglugerð þessari er átt við toll, virðisaukaskatt og einkasölugjald og þau gjöld önnur sem lögð eru á og innheimt við tollafgreiðslu á innfluttum vörum.

5. gr.

Innflutningsbann og -takmarkanir.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita hvorki undanþágu frá innflutningsbanni né innflutningstakmörkunum á ýmsum vörutegundum samkvæmt lögum, reglugerðum, eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Meðal vara sem innflutningur er bannaður á eru eftirtaldar vörutegundir:

1. Ávana- og fíkniefni, svo sem Asetorfín, Desómorfín, DET, DMHP, DMT, Etorfín, Heróín, Kókaín, Kannabis (Marihuana) og Kannabis harpeis, Ketóbemídón, Lýsergíð (LSD, LSD- 25) Meskalín (peyote), Parahexýl, Psílosine, Psílotsín, Psílocybin, STP, DOM, Tetrahýdrócannabínólar, allir ísómerar.
2. Ósoðið kjötmeti og kjötvörur ýmiss konar, t.d. þurrkað kjötmeti, ósoðin reykt svínslæri, beikon, svínahryggir, reyktar ósoðnar pylsur, ósoðnir fuglar og fuglainnyfli, fersk eða fryst, innmatur, svið og blóð.
3. Ósoðin mjólk, ósoðin egg, eggjaduft og sykraðar eggjarauður.

Meðal vara sem háðar eru innflutningsleyfum eru eftirtaldar vörutegundir:

1. Lyf umfram hæfilegt magn til persónulegra þarfa viðkomandi farmanns eða ferðamanns.
2. Skotvopn, skotfæri og sprengiefni.
3. Símar, talstöðvar, radíósendar og viðtæki sem ekki eru ætluð til almennrar útvarpsviðtöku.
4. Lifandi dýr.

Tollfríðindi geta náð til vara, sem háðar eru innflutningsleyfum, enda sé þess gætt að tilskilin leyfi séu fyrir hendi.

6. gr.

Framvísunarskylda o.fl.

Farþegi sem kemur til landsins frá útlöndum skal við komu ótilkvaddur skýra tollgæslumanni frá og framvísa við hann tollskyldum varningi sem hann hefur meðferðis svo og þeim varningi sem háður er innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni. Af tollskyldum varningi sem heimilaður er innflutningur á skal greiða aðflutningsgjöld með venjulegum hætti.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram er tollstjóra heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur sem háður er innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni. Fyrrnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt grænu átthyrndu skilti með áletruninni: „ENGINN TOLLSKYLDUR VARNINGUR“. Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu ferhyrndu skilti með áletruninni: „TOLLSKYLDUR VARNINGUR“. Við skiltin skal skráð

„TOLLGÆSLA“. Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum sem tollstjóra þykir ástæða til. Um leið og farþegi hefur gengið um hlið sem merkt er samkvæmt framansögðu telst hann hafa svarað því hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi sem hann hefur fengið erlendis eða í ferðinni, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki og eins þótt sá varningur kunni að vera háður innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni. Einnig skal hann gera tollgæslunni skriflega grein fyrir áður fengnum tollskyldum varningi, en ótollafgreiddum, sem notaður er um borð í fari. Framvísa ber við tollgæslumann þeim varningi sem kann að vera háður innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni svo og öðrum þeim varningi sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem um er beðið. Komi fram varningur við þessa skoðun sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan skoðast hann ólöglega innfluttur og er þá heimilt að gera hann upptækan til ríkissjóðs auk þess sem viðkomandi kann að þurfa að sæta refsingu.

7. gr.

Um einkasölugjald o.fl.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á samkvæmt 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem þar greinir gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

	kr/l
A. Áfengi:	
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	700
2. Portvín, sherry, madeira, vermút, líkjörar, aperitívar, o.fl. undir 22% styrkleika	1 000
3. Aperitívar, þ.m.t. bitterar undir 30% styrkleika	1 400
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, bitterar o.fl. yfir 30% styrkleika	2 300
5. Öl (24 stk. af 33 cl dósum)	2 300

B. Tóbak:	
1. Reyktóbak	2 000 kr/tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar	1 200 kr/200 stk.
3. Smávindlar	90 kr/10 stk.
4. Vindlar, meðalstærð	450 kr/25 stk.
5. Vindlar, aðrir	800 kr/25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur tollstjóri þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

Þegar um er að ræða tækifæris- og gjafasendingar frá útlöndum á áfengi og tóbaki má hver sending ekki nema meira magni en tvöföldu því sem tilgreint er í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. Greiða skal einkasölugjald af slíkum sendingum eftir gjaldskránni í 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Sérhverja afgreiðslu samkvæmt 7. gr. skal færa í sérstaka afgreiðslubók. Þar skal fært inn magn og tegund varnings sem greitt er af, svo og gjöld þau sem innheimt eru, en innflytjandi á rétt á að fá greiðslukvittun. Ennfremur skal varningurinn auðkenndur með sérstökum merkimiðum sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur tollgæslunni í té og gerðir skulu í samráði við ríkistollstjóra. Ríkistollstjóri getur ákveðið að framangreindur varningur verði auðkenndur með öðrum hætti.

9. gr.

Einkasölugjald sem innheimt er samkvæmt 7. gr. skal sent viðkomandi einkasölu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að afgreiðsla fór fram.

10. gr.

Nú er varningur sem tollafgreiddur er samkvæmt reglugerð þessari seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og varðar það þá refsingu samkvæmt XIV. kafla tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum.

11. gr.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 5. gr. og 20. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum, og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 55/1991, um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 29. júní 1992.

F. h. r.
Bjarnveig Eiríksdóttir.

Rúna S. Geirsdóttir.

29. júní 1992 Nr. 252

AUGLÝSING

um tollfrjálsan innflutning á tækjum og búnaði sem vísinda- og rannsóknaleiðangrar hafa meðferðis frá útlöndum.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að heimila tollfrjálsan innflutning á tækjum, verkfærum, vistum og öðru þvílíku sem vísindamenn og vísindaleiðangrar frá erlendum rannsóknarstofnunum og háskólum, hópar á vegum skólastofnana o.þ.h., hafa meðferðis frá útlöndum til notkunar við rannsóknir sínar hér á landi.

Með vistum samkvæmt 1. mgr. er átt við matvæli sem heimilt er að flytja til landsins samkvæmt reglugerð nr. 251/1992 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl.

Tollfrjálsar vistir á hvern mann í leiðangrinum skulu mest vera 0,5 kg á hvern dag sem hann dvelur hér á landi við rannsóknir og mest 10 kg alls. Verðmæti vista á mann getur mest verið 700 kr. á dag og 14.000 kr. alls.

2. gr.

Skilyrði framangreindrar heimildar skulu vera eftirfarandi:

1. a) Vegna vísindaleiðangra.
   Lögð sé fram skrifleg heimild frá Vísindaráði um að viðkomandi leiðangur hafi leyfi til rannsóknarstarfsemi hér á landi.
   b) Vegna leiðangra á vegum skólastofnana.
   Lögð sé fram umsókn þess aðila sem fyrir leiðangrinum stendur ásamt yfirlýsingu viðkomandi stofnunar um að leiðangurinn sé á vegum hennar og sé hingað kominn í rannsóknarskyni. Embætti ríkistollstjóra getur áskilið staðfestingu af hálfu skólayfirvalda í viðkomandi landi eða annars þess aðila sem það viðurkennir.
2. Lögð sé fram sundurliðuð skrá yfir hinar innfluttu vörur og skal hún staðfest af leiðangursstjóra.
3. Leiðangursstjóri lýsi því yfir skriflega við tollafgreiðslu að hinar innfluttu vörur séu eingöngu vegna viðkomandi leiðangurs.
4. Hin innfluttu tæki og verkfæri verði flutt úr landi við brottför leiðangursins og eigi síðar en innan árs frá komudegi.
5. Hinar innfluttu vörur séu að mati tollyfirvalda, hæfilegar með tilliti til starfa og verksviðs leiðangursins hér á landi.

3. gr.

Undanþága samkvæmt auglýsingu þessari nær ekki til áfengis- og tóbaksvara sem heimilt er að flytja til landsins samkvæmt reglugerð nr. 251/1992, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl., með síðari breytingum.

Ákvæði þessarar auglýsingar gilda jafnt þó vörur séu fluttar til landsins á annan hátt en sem farþegafarangur.

4. gr.

Undanþága samkvæmt auglýsingu þessari nær einnig til virðisaukaskatts, sbr. 36. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 5. tl. 6. gr., sbr. 2. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 216/1991, um tollfrjálsan innflutning á vistum og búnaði vísindaleiðangra.

Fjármálaráðuneytið, 29. júní 1992.

F. h. r.
Bjarnveig Eiríksdóttir.

Rúna S. Geirsdóttir.

AUGLÝSING

um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á miðað við kr/kg. Þó skal samanlagður tollur, jöfnunargjald og jöfnunartollur aldrei vera hærri en sem nemur 46 % af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1806 og aldrei hærri en sem nemur 37 % af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1905.

Tollskrárnr:	Jöfnunartollur kr/kg:	Tollskrárnr:	Jöfnunartollur kr/kg:
1806.2009	45	1905.2000	30
1806.3101	48	1905.3011	12
1806.3109	48	1905.3019	15
1806.3202	45	1905.3091	20
1806.3203	19	1905.3099	10
1806.3209	19	1905.4000	13
1806.9002	16	1905.9010	5
1806.9003	46	1905.9020	4
1806.9005	51	1905.9040	39
1806.9006	46	1905.9090	48
1806.9007	45		
1806.9009	45		

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningu og innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum í ríkissjóð eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. júlí 1992 og skal hún gilda til 30. september 1992.

Fjármálaráðuneytið 29. júní 1992.

F. h. r.
Bjarnveig Eiríksdóttir.

Rúna S. Geirsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellsbæ og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

2. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

3. gr.

Vatnsmagn það sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. grein er afhent notanda um rennslismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

Hitaveitan mun þó í sérstökum tilfellum afhenda vatnið um stillanlegan hemil, og þá einungis þar sem rennslismæli verður ekki við komið og miðast þá gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur fyrir.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuði, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðar verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

1. Heitt vatn um rennslismæli:

A. Fyrir hvern rúmmetra vatns	kr.	45,20
Auk þess greiðist mælaleiga fyrir hvern mánuð sem hér segir:		
A. Mælir allt að ¾ tommu	kr.	418,00
B. Mælir 1 tomma til 2 tommur	kr.	878,00
C. Mælir 3 tommur eða stærri	kr.	1 757,00

2. Heitt vatn um hemil:

A. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	kr.	390,00
B. Vatnsgjald	kr.	980,00
á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:		
Flutningsgjald	kr.	328,00
Vatnsgjald	kr.	652,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem bæjarstjóri ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellsbæjar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss (utanmál m³)	Heimæðargjald
Allt að 600 m³	kr. 115 000,00
600 – 2 000 m³	kr. 115 000,00 fyrir 600 m³ + 106,46 pr. m³ þar yfir
2 000 – 6 000 m³	kr. 264 000,00 fyrir 2 000 m³ + 92,13 pr. m³ þar yfir
6 000 –10 000 m³	kr. 632 500,00 fyrir 6 000 m³ + 80,61 pr. m³ þar yfir
Meira en 10 000 m³	kr. 954 900,00 fyrir 10 000 m³ + 70,09 pr. m³ þar yfir

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins, samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 14 280,00 aukalega fyrir hvern mæli/hemil.

7. gr.

Hitaveitu Mosfellsbæjar er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar.

Hitaveitan skal skv. 3. gr. laga nr. 64/1943 auglýsa í Lögbirtingablaði gildandi verð skv. gjaldskrá þessari á hverjum tíma.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 1 286,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. janúar 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 546, 27. nóvember 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 22. júní 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Vatnsleysustrandarhreppi.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja sem best skipulag búfjárhalds og góða meðferð búfjár í Vatnsleysustrandarhreppi.

2. gr.

Allt búfjárhald (alifugla, geita, hrossa, kanína, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína) í Vatnsleysustrandarhreppi er háð samþykki sveitarstjórnar. Skal þess gætt að húsakostur fyrir fénað og fóður sé fullnægjandi, snyrtimennska sé í heiðri höfð og girðingum haldið við. Telji sveitarstjórn búfjárhaldi ábótavant er henni heimilt að banna það hafi viðkomandi búfjáreigandi ekki gert nauðsynlegar úrbætur.

3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að takmarka búfjárfjölda, bæði einstakra tegunda og fjölda búfjár einstakra eigenda, ef þörf krefur. Hámarksfjöldi sauðfjár í fjárbeitarhólfi Brunnastaðahverfis skal vera 120 vetrarfóðraðar kindur er skiptast á jarðirnar Austurkot, Efri-Brunnastaði, Halakot, Hlöðunes, Neðri-Brunnastaði, Skjaldarkot, Suðurkot og Traðarkot.

4. gr.

Búfjárbeit er óheimil í ógirtum löndum í hreppnum frá og með 1. desember 1992. Skal allur beitarfénaður vera í vörslu í afgirtum hólfum þegar hann er ekki á húsi. Þó er heimilt að flytja sauðfé til sumarbeitar í afrétt Gullbringusýslu, austan Kleifarvatns og vörslugirðingar höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Þess skal gætt að öll beitarlönd séu hóflega nýtt og óheimilt er að beita fjárhólf Brunnastaðahverfis á tímabilinu frá 15. nóvember til 15. júní. Fjárbændur annast smölun þess og réttarhald.

5. gr.

Búfjáreftirlitsmaður hreppsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir atvikum, þá búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur. Lausagöngufénað skal handsama og skrá. Skylt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna. Ítrekuð vanræksla og brot gegn samþykkt þessari varða banni gegn búfjárhaldi sbr. 2. gr.

6. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta leyfisgjald af búfé utan lögbýla til að standa undir kostnaði við forðagæslu og búfjáreftirlit. Skiptist það í grunngjald og gjald fyrir fjölda búfjár hvers eiganda. Landbúnaðarráðherra skal gefa út gjaldskrá og birta í Stjórnartíðindum.

7. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. júní 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Breiðuvíkurhreppi.

1. gr.

Breiðuvíkurhreppur annast sorphirðu í hreppnum samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirðan fram undir yfirstjórn sveitarfélagsins og eftirliti heilbrigðisfulltrúa. Breiðuvíkurhreppur getur falið verktökum að annast hirðuna og samþykkt starfsemi verktaka sem bjóða fram sjálfstæða þjónustu á þessu sviði.

2. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Breiðuvíkurhreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn ákveður.

Ábúendur lögbýla, íbúðarhafar, sumarhúsaeigendur og fyrirtæki skulu sjálfir sjá um að koma sorpi í gáma sem Breiðuvíkurhreppur tekur á leigu og sér um að losa eftir þörfum.

Komi til aðrar aðferðir við sorphreinsun skulu sorpgeymslur vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna, uppsetningu þeirra og viðhald.

3. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja neysluúrgang, þ. e. allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorpílát mold, möl, grjót, byggingarúrgang, gras o. þ. h. Spilliefni (umhverfismengandi úrgangur) mega ekki blandast því sorpi sem fer beint til förgunar og mega þau ekki fara í sorpílátin. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skemmi sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt. Sorpílát skulu vera af þeim gerðum sem Breiðuvíkurhreppur samþykkir og ekki þyngri en svo, að auðvelt sé að meðhöndla þau. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílát meira en svo að auðvelt sé að loka þeim.

4. gr.

Fyrirtæki og aðrir þeir aðilar, sem hafa með höndum starfsemi er krefst tíðari og viðameiri sorphirðu en tilgreint er í 2. gr., ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Annan flutning á vegum einstaklinga og fyrirtækja á þar til ætlað móttökusvæði skal framkvæma eftir fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa og sveitarstjórnar, og skal ítrasta þrifnaðar gætt.

5. gr.

Almenn sorphirða skv. 3. gr. greiðist af sveitarsjóði. Þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá, sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign, sem nýtur framangreindrar þjónustu.

6. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðisfulltrúa eða sveitarstjórnar.

7. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem hlutast þá til um að úr verði bætt. Sorphirðumönnum skal óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

9. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Breiðuvíkurhrepps er hér með staðfest skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 22. júní 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 257 22. júní 1992

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Breiðuvíkurhrepp árið 1992.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorpuhirðugjald árið 1992, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir.

A) Lögbýli, íbúðir og sumarhús á sérmetnum lóðum.
Sorphirðugjald kr. 7 000

B) Fyrirtæki og stofnanir.
Sorphirðugjald kr. 14 000
eða eftir samkomulagi.

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Breiðuvíkurhrepps er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

Umhverfisráðuneytið, 22. júní 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sorphreinsun í Mýrdalshreppi.

1. gr.

4. gr. samþykktar um sorphirðu í Mýrdalshreppi nr. 113 frá 9. mars 1989 orðist svo:

Í sorpílát má aðeins setja neysluúrgang, þ. e. allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorppoka mold, möl, grjót, byggingarúrgang, gras og svipuð efni, heldur skal flytja þau á ákveðið svæði samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar. Spilliefni (umhverfismengandi úrgangur) mega ekki blandast því sorpi sem fer beint til förgunar og mega því ekki fara í sorpílátin. Þannig má ekki setja eldfima vökva, svo sem olíu og bensín í sorpílát, hvorki laust né í umbúðum. Öllu blautu sorpi svo og glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar, með sorpi í, mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla ekki sorppoka meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Sorphirðumönnum er heimilt að skilja eftir poka sem fylltir eru um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni.

2. gr.

9. gr. samþykktar um sorphirðu í Mýrdalshreppi nr. 113 frá 9. mars 1989 orðist svo:

Allur kostnaður við almenna sorphirðu greiðist af sveitarsjóði. Fyrir hverja íbúð skal greiða eitt sorphirðugjald á ári, en 1/2 gjald fyrir hvern sumarbústað. Fjöldi hreinsunargjalda fyrir opinberar þjónustubyggingar, svo sem verslanir og iðnfyrirtæki skal fara eftir mati á umfangi sorphirðu frá þessum stöðum. Mat þetta annast sveitarstjórn. Upphæð gjalds samkvæmt grein þessari skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem umhverfisráðherra staðfestir.

3. gr.

Ofangreind samþykkt er samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 22. júní 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Mýrdalshreppi árið 1992.

1. gr.

Sorphirðugjald í Mýrdalshreppi fyrir árið 1992 skal vera kr. 6 572 skv. 9. gr. samþykktar um sorphirðu í Mýrdalshreppi nr. 113/1989 með breytingu frá 22. júní 1992.

Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Mýrdalshrepps er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

Umhverfisráðuneytið, 22. júní 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 - 1992

6. júlí 1992 577 Nr. 260

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 425/1988 um greiðslur vegna fastráðins fiskvinnslufólks.

1. gr.

Í stað sex vikur (30 greiðsludaga) í 4. málsgr. 2. gr. komi: níu vikur (45 greiðsludaga).

2. gr.

1. málsgr. 6. gr. orðist svo:

Fyrirtækjum í fiskvinnslu, sem fullnægja skilyrðum 1. gr., skal skylt að gefa þeim starfsmönnum sínum er unnið hafa hjá fyrirtækinu í 2 mánuði kost á fastráðningarsamningi. Telja skal eldri starfstíma, sem reiknast til réttinda vegna fyrri raðningar hjá sama fyrirtæki. Fastráðningarsamningur getur verið tímabundinn eða til ótiltekins tíma og skal hann gerður í því formi sem Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna annars vegar og Verkamannasamband Íslands hins vegar samþykkja. Uppsagnarfrestur á fastráðningarsamningi er 6 vikur af beggja hálfu.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 5. gr. laga nr. 34/1988 um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks sbr. breytingu á þeim lögum nr. 42/1992 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

23. júní 1992 Nr. 261

REGLUGERÐ

um vigtun á humri.

1. gr.

Um vigtun á afla fiskiskipa sem stunda humarveiðar gilda ákvæði reglugerðar nr. 489/1991 um vigtun sjávarafla nema öðruvísi sé kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Skipstjóri fiskiskips sem stundar humarveiðar skal strax við komu skips til hafnar að lokinni veiðiferð og áður en löndun hefst tilkynna hafnaryfirvöldum um áætlað aflamagn og fyrirhugaðan kaupanda humarsins.

Steindórsprent Gutenberg hf.

3. gr.

Óski fiskkaupandi eða fiskmarkaður eftir heimild til að vigta humar skal hann sækja um það skriflega til hlutaðeigandi hafnarstjórnar. Hafnarstjórn skal senda allar umsóknir ásamt umsögn til sjávarútvegsráðuneytis. Í umsókn skulu koma fram þær upplýsingar sem krafist er í 2. til 5. tl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 489/1990 um vigtun sjávarafla. Ráðuneytið skal leita umsagnar samráðsnefndar samkvæmt 15. gr. fyrrnefndrar reglugerðar áður en umsókn er afgreidd.

4. gr.

Vigtun á humri hjá fiskkaupanda eða fiskmarkaði sem hefur leyfi samkvæmt 3. gr. skal framkvæmd af löggiltum vigtarmanni á löggilda vog. Hjá þeim aðilum skal humar sem berst heill á land veginn að lokinni afísun áður en honum er pakkað. Humri, sem kemur slitinn í land, skal hellt í sérbúna ísskilju, ísnum skal fleytt ofan af og vatn látið síga af humarhölum áður en afli er veginn. Um vigtun á humarhölum, sem slitnir eru um borð í veiðiskipi og uppfylla skilyrði til að teljast ekki með afla skips þegar humarafli er reiknaður til aflamarks þess sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 134/1992 um humarveiðar 1992, fer samkvæmt ákvæðum 13. gr. reglugerðar nr. 489/1990 um vigtun sjávarafla.

Nótu undirritaðri af þeim löggilta vigtarmanni sem vigtaði aflann skal skilað til hafnarstjóra í löndunarhöfn, í síðasta lagi næsta virkan vinnudag eftir að afli var veginn.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á vigtarnótu:

1. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
2. Löndunarhöfn og löndunardagur.
3. Kaupandi afla.
4. Vegið aflamagn, sundurliðað í heilan humar, slitinn humar og undirmál.
5. Tegundir íláta (t.d. kör, tunnur).
6. Veiðarfæri.
7. Verðmæti landaðs afla.

Reglur um varðveislu bókhaldsgagna gilda um nótur þessar.

5. gr.

Þegar humar er fluttur úr löndunarhöfn til vinnslu í öðru byggðarlagi má endanleg vigtun fara fram á vinnslustað, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Allur humarafli ásamt ílátum og ís skal veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun. Vigtarmaður á hafnarvog skal telja ílát og draga þyngd þeirra frá vegnum afla.
2. Viðtakandi aflans skal vera vinnslustöð eða fiskmarkaður, sem hefur leyfi ráðuneytisins til að vigta humar sbr. 3. gr. Um vigtun á humri fer þá eftir ákvæðum 4. gr. Upplýsingar um endanlega veginn afla skulu berast til hafnaryfirvalda í löndunarhöfn eigi síðar en einum sólarhring eftir að afli hefur verið veginn, þó eigi síðar en fjórum sólarhringum eftir að aflinn var veginn á hafnarvog samkvæmt 1. tl. Berist upplýsingar ekki fyrir tilskilinn tíma skal upphafleg vigtun hafnarvogar gilda. Telji hafnarstjóri upplýsingar ótrúverðugar skal hann senda málið til úrskurðar ráðuneytisins. Á vigtarnótu hafnarvogar skal koma fram upphafleg vigtun humarsins og fjöldi íláta ásamt niðurstöðu vigtunar vinnslustöðvar samkvæmt þessum tl.

6. gr.

Þegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3.25. Þegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn humar skal margfalda vegið magn óslitins humars með stuðlinum 0.308.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

25. júní 1992 Nr. 262

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Eyrarsveit.

1. gr

Í Eyrarsveit er búfjárhald óheimilt utan lögbýla. Hreppsnefnd gertur þó veitt leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari. Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda.

2. gr.

Lausaganga hrossa og nautgripa er bönnuð í Eyrarsveit. Einnig er öll lausaganga búfjár, hverju nafni sem nefnist, bönnuð innan girðingar umhverfis Grundarfjarðarkauptún.

3. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Tað og annan úrgang frá búfénu skal fjarlægja.

4. gr.

Hreppsnefnd skal veita leyfi til búfjárhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur við meðferð búfjár. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

5. gr.

Búfjáreftirlitsmaður hreppsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir atvikum, þá búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur. Lausagöngufénað skal handsama og skrá. Skylt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

6.gr.

Hreppsnefnd skal sjá um að búfjárheld girðing sé umhverfis þéttbýli í hreppnum og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

8. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjárhald í Grundarfirði nr. 260 22. júní 1977.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. júní 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Nr. 263 24. júní 1992

REGLUR

um styrki Snorra Sturlusonar.

1. Styrkir Snorra Sturlusonar (The Snorri Sturluson Icelandic Fellowships) skulu árlega boðnir erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi í því skyni að kynnast sem best íslenskri tungu, menningu og mannlífi. Styrkþegum skal gefinn kostur á að nema íslenska tungu eða stunda rannsóknir í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands sé þess óskað.

2. Styrkirnir skulu veittir í 3 mánuði hið minnsta og miðast að öllu jöfnu við greiðslu á ferðakostnaði styrkþega til og frá landinu og dvalarkostnaði innanlands. Ráðstöfunarfé til styrkjanna er ákveðið í fjárlögum.

3. Menntamálaráðherra skipar úthlutunarnefnd til þriggja ára í senn. Rithöfundasamband Íslands tilnefnir einn nefndarmanna, Stofnun Sigurðar Nordals annan og Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands hinn þriðja en menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

4. Stofnun Sigurðar Nordals auglýsir styrkina, tekur á móti umsóknum og greiðir götu styrkþega meðan á Íslandsdvöl þeirra stendur.

5. Auglýst skal eftir umsóknum um styrkina einu sinni á ári og skal styrktímabilið miðast við almanaksár. Með umsóknum fylgi rækileg greinargerð um námsferil og störf. Af tveimur jafnhæfum umsækjendum skal að jafnaði sá hljóta styrk sem er frá hinum fjarlægari löndum – frá Austur- og Suður-Evrópu, Asíu, Afríku, Rómönsku Ameríku eða Eyjaálfu.

6. Í lok Íslandsdvalar sinnar skulu styrkþegar skila Stofnun Sigurðar Nordals greinargerð um hvernig styrknum var varið.

Menntamálaráðuneytið, 24. júní 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1992.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1992, sem er innheimt með fasteignargjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir.

A) Íbúðir.
Sorphirðugjald kr. 4 000 á íbúð.

B) Fyrirtæki.
Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	a)	kr.	15 000
Flokkur	b)	kr.	30 000
Flokkur	c)	kr.	60 000
Flokkur	d)	kr.	120 000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1992, 6,00 kr/kg.

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Húsavíkur er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

Umhverfisráðuneytið, 23. júní 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

8. júlí 1992 Nr. 265

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar 1992/1993.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða á tímabilinu frá gildistöku reglugerðar þessarar til 1. maí 1993.

2. gr.

Aðeins skipum sem aflahlutdeild hafa í loðnu á loðnuveiðitímabilinu sbr. 1. gr. er heimilt að stunda loðnuveiðar.

Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Veiðar eru heimilaðar á eftirgreindum svæðum með þessum takmörkunum:

1. Í lögsögu Íslands eru loðnuveiðar bannaðar sunnan 67°45'N til 1. nóvember 1992.
2. Í lögsögu Grænlands eru loðnuveiðar bannaðar sunnan 64°30'N.
3. Í lögsögu Jan Mayen eru loðnuveiðar heimilar uns samanlagður afli íslensku loðnuveiðiskipanna nemur 136.500 lestum og sjávarútvegsráðuneytið hefur tilkynnt stöðvun veiðanna í lögsögu Jan Mayen.

4. gr.

Skipstjórar veiðiskipa skulu þegar veiðiskip siglir inn í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og Grænlands tilkynna það hlutaðeigandi aðilum, samkvæmt sérstökum leiðbeiningum ráðuneytisins þar að lútandi.

Sama gildir um afla, sem veiddur er í lögsögu þessara landa.

5. gr.

Skipstjórar veiðiskipa skulu tilkynna áætlaðan afla til veiðieftirlitsins strax og skip heldur til lands til löndunar afla.

Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reit.

6. gr.

Rangar upplýsingar um aflamagn varða tafarlausri sviptingu veiðileyfis.

7. gr.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnunnar. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

8. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 sm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafla fiskiskipsins.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðenda.

9. gr.

Sé skipstjóri fiskiskipsins í vafa um hlutfall smáloðnu í kasti, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nótinni að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 sm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

10. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 8. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera veiðieftirlitinu aðvart.

11. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot á viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og 1. gr. laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 528 28. desember 1992 um loðnuveiðar ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á loðnuvertíðinni 1992/1993, sbr. 1. gr., er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 390 þúsund lestir af loðnu.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. gilda ákvæði l. nr. 32/1976 um upptöku ólöglegs sjávarafla varðandi ólöglegar loðnuveiðar fram til 1. september 1992 sbr. 14. gr. l. nr. 37/1992.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júlí 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

2. júlí 1992 Nr. 266

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjöld í Grindavík.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkunum eldri húsa hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Grindavík, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari.

Af rúmmetraaukningu vegna endurbyggingar þaka, án aukningar á nýtanlegu húsrými, skal ekki greiða gatnagerðargjald.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3,0%
Bifreiðageymslur	3,0%
Parhús, raðhús og tvíbýlishús	2,0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2,0%
Fjölbýlishús	1,0%
Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	1,0%

3. gr.

Rúmmál húss skal reikna skv. ÍST 50 og samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur, skal þá miða við eftirtaldar lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

Einbýlishús með tilheyrandi bifreiðageymslu	500 m^3
Raðhús	400 m^3
Fjölbýlishús	300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,5 m nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3–0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

4. gr.

Ef lóðarhafi rífur gamalt hús eða flytur það af lóð og byggir stærra hús á sömu lóð skal gjald skv. 2. gr. vera rúmmetragjald nýja hússins að frádregnum rúmmetrum þess húss, sem fjarlægt er. Sama gildir ef hús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð.

Ekki verður rúmmetragjald endurgreitt ef hús er minna en eldra húsið.

5. gr.

Greiða skal 50% áætlaðs gatnagerðargjalds innan eins mánaðar frá lóðarveitingu og eftirstöðvar þegar bygggingarleyfi er veitt.

6. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð, á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, þ.e. sömu krónutölu og hann hafði greitt. Heimilt er bæjarstjóra að fresta endurgreiðslu uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 12 mánuði frá því að lóðinni er skilað. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum. Sé heimild til að fresta endurgreiðslu notuð, skal bæjarsjóður greiða lóðarhafa meðaltals innlánsvexti samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands af innstæðu hans frá því lóðinni var skilað eða hún af honum tekin.

7. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til vátryggingarfjár hennar.

8. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldskrána um allt að 25%.

Bæjarstjórn er heimilt að leita tilboða í tilteknar lóðir, m.a. þar sem ætlast er til að lóðarhafi annist gatnagerðarframkvæmdir að hluta, eða að bæjarstjórn hyggst kaupa hluta áformaðra framkvæmda lóðarhafa.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Grindavíkur, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. júlí 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 1992

9. júlí 1992 585 Nr. 267

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum.

1. gr.

Frá og með 14. júlí 1992 til og með 15. ágúst 1992 eru allar veiðar með vörpu og dragnót bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Á Víkinni á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°32'N – 19°50'V
2. 63°28'N – 19°50'V
3. 63°20'N – 19°08'V
4. 63°20'N – 18°40'V
5. 63°23'80N – 18°40'V

2. Á svæði milli Ingólfshöfða og Hrollaugseyja, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. Inghólfshöfði (63°47'8N – 16°38'5V)
2. 63°40'N – 16°38'V
3. 64°00'N – 15°55'V
4. 64°09'N – 15°55'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. júlí 1992.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

AUGLÝSING

um (1.) breytingu á auglýsingu nr. 128/1981 um virðingar til brunatryggingar á húseignum utan Reykjavíkur.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Fyrir almenna virðingu á hverri áhættu skal vátryggði greiða sem hér segir:

a. Fyrir hús, sem virt er allt að kr. 2 000 000 . . . . . kr. 2 000
b. Fyrir hús, sem er virt á kr. 2 000 000 og allt að kr. 4 000 000 . . . . . kr. 2 800
c. Fyrir hús, sem virt er á kr. 4 000 000 og allt að kr. 7 000 000 . . . . . kr. 3 500
d. Fyrir hús, sem virt er á kr. 7 000 000 og allt að kr. 10 000 000 . . . . . kr. 4 000
e. Fyrir hús, sem virt er á kr. 10 000 000 og allt að kr. 14 000 000 . . . . . kr. 4 200

Umfram 14 milljónir króna skal greiða 0,03% af brunabótamati viðkomandi húseignar.

Ef einhver virðing er sérstaklega erfið, er ráðuneytinu heimilt að ákveða hærra gjald fyrir hana. Umsókn virðingarmanna um slíka hækkun skal fylgja greinargerð ásamt umsögn framkvæmdastjóra viðkomandi vátryggingarfélags.

Nú vill eigandi eða vátryggingarfélag eigi sætta sig við mat hinna dómkvöddu manna og geta þá aðilar skotið málinu til úrskurðar oddamanns, sem þeir koma sér saman um. Ella skal hann tilnefndur af viðkomandi dómara. Þóknun til hans skal vera tvöfalt gjald eins virðingarmanns samkvæmt gjaldskránni. Þóknun oddamanns greiðist að hálfu af eiganda húseignarinnar og að hálfu af vátryggingarfélaginu.

Sá aðili, sem eigi getur sætt sig við úrskurð oddamanns, hefur rétt til að óska yfirmats. Yfirmatið skal framkvæmt af þremur mönnum, er viðkomandi dómari skipar. Fyrir slíkt yfimat greiðist tvöfalt gjald, samkvæmt ofangreindri gjaldskrá ⅓ til hvers. Kostnað við yfirmat greiðir sá aðili, er matið gengur á móti. Skal frummat teljast staðfest, ef mismunur er undir 10 prósent. Bifreiðakostnaður og ferðakostnaður greiðist samkvæmt reikningi.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er með stoð í lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur nr. 59/1954 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

Stjórnartíðindi B 37, nr. 267–268. Útgáfudagur 13. júlí 1992.

Endurprentað blað.

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 1991.

Rekstrarreikningur.

Rekstrartekjur:	Kr.
Innheimtuþóknun v/erlendrar innheimtu	2 255 136,00
Innheimtuþóknun önnur	1 967 554,00
Endurkrafinn innheimtukostnaður	9 351 344,00
Vextir	170 684 182,00
	184 258 216,00
Rekstrargjöld:	
Laun og launatengd gjöld	22 279 093,00
Annar rekstrarkostnaður	43 078 426,00
	65 357 519,00
Tekjur umfram gjöld	118 900 697,00

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1991.

Eignir:	
Sjóður	4 494 003,00
Inneign á tékkareikningi 333	995 253,00
Skuldabréfaeign	1 781 194,00
Ógreidd innheimtuþóknun	1 686 277,00
Óinnheimtar kröfur	3 027 378 192,00
Sveitarfélög	2 644 099,00
Kröfur á fyrirtæki	23 003 011,00
Tryggingastofnun ríkisins	0,00
Fyrirfram greiddur kostnaður	310 672,00
	3 062 292 701,00
Skuldir:	
Ógreiddur kostnaður	1 889 665,00
Skuldabréf vegna fasteignakaupa	12 551 842,00
Tryggingastofnun ríkisins	4 916 047,00
Sveitarfélög	2 644 099,00
Erlendar innheimtur	687 682,00
Félagsmálaráðuneytið	4 755 358,00
	27 444 693,00

Framlag Jöfnunarsjóðs	1 472 905 406,00
Dráttarvextir óinnheimtir	1 027 001 252,00
Óráðstafað eigið fé	534 941 350,00
	3 062 292 701,00

Reykjavík, 7. febrúar 1991.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga

Sigurgeir Sigurðsson, **Sigurjón Pétursson,**
Þórhildur Líndal, **Árni Guðjónsson.**

Nr. 270 30. júní 1992

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Leirubakki.

Samkvæmt ósk Borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er landnotkun á staðgreinireit 4.633.203 úr svæði fyrir verslun og þjónustu í svæði fyrir verslun, þjónustu og íbúðir.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að taka að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 30. júní 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 271 30. júní 1992

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits, Akranesi.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits á Akranesi, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er landnotkun á lóð nr. 18 við Merkigerði úr verslunarlóð í lóð fyrir verslun og íbúðir.

Bæjarstjórn Akraness tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 30. júní 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs, 1988–2008.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 24. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008 frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að í stað iðnaðarsvæðis á lóðinni nr. 12 við Hafnarbraut verður landnotkun blönduð, þ.e. fyrir iðnað og íbúðir.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 6. júlí 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

6. júlí 1992 Nr. 273

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980–2000, Ásbraut/Reykjanesbraut.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980–2000, sem staðfest var 8. desember 1982, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin varðar tengingar Reykjanesbrautar við tengi- og safngötur sunnan og vestan Hvamma.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar tekur að sér að bæta tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 6. júlí 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

6. júlí 1992 Nr. 274

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akureyrar hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 24. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010 frá 30. nóvember 1990 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að gert er ráð fyrir nýjum gatnamótum við Drottningarbraut u.þ.b. 300 m norðan gatnamóta við Aðalstræti.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 6. júlí 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 275 8. júlí 1992

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Laxárdalshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Búðardal samkvæmt samþykkt um takmörkun á hundahaldi í Laxárdalshreppi nr. 115/1989, skal vera kr. 500 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir upphafstímabilið til reglulegs gjalddaga árgjalds, sem er 1. mars ár hvert. Árgjaldið greiðist einnig fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið frá 1. mars til jafnlengdar næsta ár.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Laxárdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

Nr. 276 8. júlí 1992

SAMÞYKKT

um breytingu á gjaldskrá nr. 49/1986 með síðari breytingum fyrir heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði eystra.

1. gr.

3. málsgr. 1. gr. orðist svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tl. 2. málsgr. 2. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1.	flokkur	kr. 10 500
2.	flokkur	kr. 21 000
3.	flokkur	kr. 42 000
4.	flokkur	kr. 63 000

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögunum á heilbrigðiseftirlitssvæði Norðurlands eystra sbr. 8. málsgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum staðfestist hér með samkvæmt 3. málsgr. 5. gr. sömu laga og öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

17. júlí 1992 Nr. 277

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu, nr. 13/1992.

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn)

1. gr.

Við grein 2.2.3. VIII. kafla, Almenna gagnaflutningsnetið, bætist eftirfarandi ákvæði:
Fyrir fyrstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið fullt gjald.
Fyrir næstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið 85% gjald.
Fyrir þar næstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið 70% gjald.
Fyrir gagnasneiðar umfram 1500 þúsund á mánuði er tekið 50% gjald.

2. gr.

IX. kafli orðist svo:

IX. KAFLI
Háhraðanet.

Póst- og símamálastofnunin starfrækir almennt háhraðanet innanlands með skiptistöðvum í Reykjavík, á Akureyri og Hvolsvelli. Utan höfuðborgarsvæðisins er hraðinn í netinu 64 Kb/s og 128 Kb/s en innan höfuðborgarsvæðisins einnig 2 Mb/s.

Í umsókn um aðgang að netinu skal tekið fram hvaða hámarkshraða notandi vill.

Notanda er óheimilt að veita öðrum aðila aðgang að netgátt sinni.

1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir aðgang að háhraðanetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við eina ethernettengingu (grunntengingu) hjá notanda:

1.1.1.	Hraði	64 Kb/s	128 Kb/s	2 Mb/s
	Stofngjald kr.	110 000,00	114 000,00	228 000,00

1.1.2. Fyrir tókanettengingu í stað ethernettengingar bætast kr. 15 000,00 við 1.1.1.

1.1.3. Fyrir tókanettengingu auk grunntengingar við sömu gátt bætast kr. 70 000,00 við 1.1.1.

2. Afnotagjald.

2.1. Afnotagjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við eina ethernettengingu (grunntengingu) hjá notanda:

2.1.1.	Hraði	64 Kb/s	128 Kb/s	2 Mb/s
	Ársfjórðungsgjald kr.	80 000,00	95 000,00	360 000,00

2.1.2. Fyrir tókanettengingu í stað ethernettengingar bætast kr. 5 000,00 við 2.1.1.
2.1.3. Fyrir tókanettengingu auk grunntengingar við sömu gátt bætast kr. 50 000,00 við 2.1.1.

3. gr.

Grein 2.2.3. XI. kafla, Sambönd, orðist svo:

2.2.3. Fyrir línur fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. og 2. flokki er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1. en með margföldunarstuðli, sem ákvarðast af flokknum og hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (bit/s)	Stuðull	
		1. flokkur	2. flokkur
A1	0-4800	1,00	1,10
A2	4801-9600	1,10	1,21
A3	9601-19200	1,30	1,43
A4	48000-64000	1,60	1,76
A5	2 Mbit/s	9,60	10,56

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti, svo og 11. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, sbr. 8. gr. laga nr. 34/1987, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 232/1992 um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu nr. 13/1992.

Samgönguráðuneytið, 17. júlí 1992.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Nr. 278 30. júní 1992

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Árland.

Samkvæmt ósk Borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er landnotkun á staðgreinireit 1.849.601 úr stofnanasvæði í íbúðasvæði.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að taka að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 30. júní 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 - 1992

20. júlí 1992 593 Nr. 279

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 38 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 4. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

Við úthafsrækjuveiðar á svæði fyrir Norðurlandi milli 14°V og 18°V skal nota net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar. Austan Langaness markast syðri mörk svæðisins af línu sem dregin er réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi. Sama gildir við rækjuveiðar fyrir Suðvesturlandi sunnan 65°15'N og vestan 22°V.

Við notkun leggpoka samkvæmt 2. og 3. mgr. er heimilt að nota þrjá síðumöskva fyrir framan kolllínumöskvana.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 333 5. júlí 1991, um breytingu á reglugerð nr. 38 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 39, nr. 279. Útgáfudagur 22. júlí 1992. B 41

Steindórsprent Gutenberg hf.

Endurprentuð örk.

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 1992

Nr. 280 594 14. júlí 1992

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 300/1991.

1. gr.

Við lok 1. gr. bætist eftirfarandi:

Lyfjabúðum og þeim aðilum sem leyfi hafa til lyfjasölu er skylt að afhenda sjúklingum greiðslukvittun með sundurliðuðum kostnaði sjúklings og Tryggingarstofnunar ríkisins.

Ávísað lyfjamagn í hverri lyfjaafgreiðslu (ordination) skal miða við mest 100 daga notkun.

2. gr.

Við lok 3. gr. bætist eftirfarandi:

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að gefa út lyfjaskírteini á ódýrasta samheitalyf hverju sinni.

3. gr.

1. tl. 4. gr. hljóði svo:

„Í alveg sérstökum tilfellum (sjá dæmi) er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að taka þátt í greiðslu lyfja, sem sjúkratryggðum er nauðsynlegt að nota að staðaldri og eru auðkennd „E“ í lyfjaskrám. Við afgreiðslu skal framvísa lyfjaskírteini sbr. 3. gr., en í þeim tilfellum gildir þó ekki að sjúklingur þurfi að hafa notað lyfið í 6 mánuði eða lengur. Greiðslutilhögun þessara lyfja skal vera svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) greiðir sjúkratryggður 12,5% af verði lyfsins, en þó aldrei meira en 1500 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt verð.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða 5% af verði lyfsins, en þó aldrei meira en 350 kr. fyrir hverja afgreiðslu (ordination). Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt verð.“

4. gr.

Í 2. ml. 2. tl. 4. gr. fellur niður setningin:

„þ.e. sjúklingur greiðir fastagjald“.

5. gr.

6. gr. orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2.–5. grein er greiðslutilhögun svo sem hér segir enda skulu lyfin auðkennd með „E“ í lyfjaskrám.

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) greiðir sjúkratryggður 25% af verði lyfsins, en þó aldrei meira en 3000 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt verð.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða 10% af verði lyfsins, en þó aldrei meira en 700 kr. fyrir hverja afgreiðslu (ordination). Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt verð.

Steindórsprent Gutenberg hf.

Lyf í ATC-flokki A 14 A (vefjaaukandi lyf), og V 06 D (önnur næringalyf) skulu merkt „E.O“ í lyfjaskrám og greiðast skv. ákvæðum þessarar greinar, enda framvísi sjúkratryggður lyfjaskírteini útgefnu af Tryggingastofnun ríkisins. Ef skírteini er ekki fyrir hendi tekur Tryggingastofnun ekki þátt í greiðslu lyfsins.

6. gr.

7. gr. orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins er, að fengnum meðmælum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, heimilt að taka þátt í kostnaði við óskráð sérlyf, sbr. 5. og 6. gr., sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu, sbr. 8. gr. lyfjalaga nr. 108/1984.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum, öðlast gildi 1. ágúst 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Einar Magnússon.

14. júlí 1992 Nr. 281

REGLUGERÐ

um (11.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

7. gr. hljóði svo:

„Lyfseðill skal ritaður með bleki eða vélritaður á staðlað eyðublað í því formi, sem greint er í viðauka 1 með reglugerð þessari. Lyfseðill skal vera greinilega ritaður og án tvímæla og engar skammstafanir viðhafðar, er geta valdið misskilningi. Útgefandi lyfseðils skal, auk staðfestingar með undirskrift og dagsetningar, rita kódanúmer sitt samkvæmt gildandi læknaskrá. Á lyfseðil skal prenta eða stimpla nafn, stöðuheiti, aðsetur og símanúmer útgefanda. Útgefandi má aðeins rita annars vegar á lyfseðilseyðublað og eigi fleiri en þrjár lyfjaávísanir á hvern lyfseðil.

Geta skal þess ætíð á lyfseðli, hverjum lyfið er ætlað og miða magn lyfja, sem ávísað er, við þarfir. Jafnframt nafni sjúklings skal geta heimilisfangs og kennitölu hans eða heimilisfangs eiganda dýrs, ef um dýr er að ræða. Sé sjúklingur ellilífeyrisþegi eða 75% öryrki eða meira, skal það greint á lyfseðli. Sé sjúklingur útlendingur, skal auk nafns hans og heimilisfangs rita vegabréfs- eða persónunúmer viðkomandi á lyfseðil.

Útgefanda lyfseðils er heimilt að senda lyfseðil, sem fullnægir ákvæðum 1. og 2. málsgr., með bréfasímatæki eða tölvutengingu í apótek, enda sé tryggt og staðfest, að lyfseðillinn hafi komist í réttar hendur og jafnframt staðfest, hvaðan lyfseðillinn er sendur. Frumrit lyfseðils, sem sendur er með bréfasímtæki, skal greinilega auðkennt og merkt orðinu „Bréfasímalyfseðill“. Óheimilt er að afgreiða lyf gegn frumriti bréfasímalyfseðils.

Óheimilt er að ávísa eftirritunarskyldum lyfjum með bréfasímalyfseðli.“

2. gr.

18. gr. hljóði svo:

„Útgefandi skal rita magn eða einingafjölda eftirritunarskylds lyfs eigin hendi á lyfseðil með bókstöfum og jafnframt staðfesta með upphafsstöfum sínum.“

3. gr.

28. gr. hljóði svo:

„Óheimilt er að nota sýkla- eða sníklalyf handa eldisfiski nema í samráði við viðkomandi héraðsdýralækni. Skal hann sjálfur vera viðlátinn til leiðbeiningar er lyfjagjöf hefst og láta af hendi skriflegar leiðbeiningar um notkun lyfja eða lyfjafóðurs, ef um það er að ræða. Tekið skal þar fram hvenær nýta megi afurðir eftir að lyfjameðferð er lokið. Ef vatnshiti hefur verið 8°C eða hærri, má eigi nýta afurðir fyrr en 40 dögum eftir lyfjameðferð með sýklalyfjum. Ef vatnshiti er undir 8°C, má eigi nýta afurðir eftir sýklalyfjameðferð fyrr en 90 dögum eftir að meðferð lauk, nema heilbrigðisyfirvöld gefi fyrirmæli um annað. Um nýtingu afurða eftir notkun sníklalyfja handa eldisfiski skal hlíta fyrirmælum í sérlyfjaskrá."

4. gr.

Eftirfarandi málsgr. bætist við 35. gr. reglugerðarinnar:

„Lyfjafræðingur skal afhenda ódýrasta sérlyfið, sem inniheldur sama virka efnið (þ.e. samheitalyf), er í sama lyfjaformi og í sama styrkleika og það sérlyf, sem ávísað er enda heimili útgefandi breytingu í annað samheitalyf með því að skrifa S með hring utanum, fyrir aftan lyfið. Vilji útgefandi ekki heimila afgreiðslu ódýrasta samheitalyfs, skal hann skrifa R með hring utanum, fyrir aftan lyfið.

Útgefandi lyfseðils getur heimilað lyfjafræðingi símleiðis að breyta ofannefndri merkingu, ef þörf krefur. Í þeim tilfellum skal stimpla lyfseðilinn með stimplinum: „Lyfseðlinum breytt í samráði við lækni"."

5. gr.

42. gr. hljóði svo:

„Lyfseðlar, aðrir en fjölnotalyfseðlar, gilda fyrir eina afgreiðslu og eru ógildir þremur mánuðum eftir útgáfudag.

Þegar lyf er afhent samkvæmt lyfseðli, sbr. 1. málsgr., skal hann auðkenndur merki eða stimpli apóteks, verð hvers einstaks lyfs ritað á hann og dagsetningar afgreiðslu getið.

Heimilt er að gefa út fjölnotalyfseðil (sbr. viðauka 1 með þessari reglugerð) í tilvikum þar sem sjúklingur er í langtímameðferð. Slíkur lyfseðill gildir í allt að 1 ár og fyrir 4 afgreiðslur hið mesta. Útgefandi skal tilgreina á fjölnotalyfseðli hversu oft og á hve margra daga fresti afgreiða megi hvert einstakt lyf, sem ávísað er. Útgefandi skal jafnframt gæta þess, að fullt samræmi sé á milli tímabila á afgreiðslu þeirra lyfja, sem ávísað er á sama lyfseðil, ef óskað er eftir fleiri en einni afgreiðslu ávísaðra lyfja. Staðfesta skal hverja afgreiðslu með merki eða stimpli apóteks, greinilegri dagsetningu, upphafsstöfum lyfjafræðings og kódanúmeri í þar til gerðan reit á fjölnotalyfseðlinum, eftir því sem við á.

Óheimilt er að ávísa eftirritunarskyldum lyfjum með fjölnotalyfseðli.

Óheimilt er að senda fjölnotalyfseðil með bréfasíma."

6. gr.

46. gr. fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi er nýtt form lyfseðilseyðublaðs, viðauki 1, sem kemur í stað viðauka 1 í reglugerð nr. 421/1988.

Viðauki 1:

LYFSEÐILL Nr:

Nafn sjúklings:

Heimili:

Kennitala: Elli-/örorkulífeyrisþegi ☐

Ef læknir heimilar afgreiðslu ódýrasta samheitalyfs skal hann rita (S) fyrir aftan nafn lyfsins.
Ef læknir heimilar ekki afgreiðslu ódýrasta samheitalyfs skal hann rita (R) fyrir aftan nafn lyfsins.
Lyfseðillinn er ógildur sé þessum áritunum sleppt.

Afgreiðist sinnum á daga fresti

Dags: Nafn útgefanda með eigin hendi

1. afgreiðsla	2. afgreiðsla	Nafn læknis sérgrein aðsetur símanúmer kódanúmer			
3. afgreiðsla	4. afgreiðsla	Verð	Hluti sjúklings	Hluti Trygg.st.	Lyfjakort

(Stærð lyfseðils A5)

8. gr.

Eftirfarandi eru breytingar á viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarksmagn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Pyranthelum embonat	Dýralyf	BANMINTH, VET., pasta 440 mg/g	*DÝRALYF.* Ormalyf fyrir hross. *Varúð:* Eigi má nýta sláturafurðir fyrr en 15 sólarhringum eftir lyfjagjöf. – Enn fremur skal hver pakkning lyfsins merkt sérstaklega með upplýsingum um notkun lyfsins og skammtastærðir, skv. ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins.
Terfenadinum	Lyf í afmældum skömmtum. Mest 20 stk. handa einstaklingi, ef einstakur skammtur er 60 mg.	TELDANEX töflur 60 mg	Gegn ofnæmi. Skammtar: Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: Ein tafla kvölds og morguns eða tvær töflur að morgni. Börn 6–12 ára: Hálf tafla kvölds og morguns. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. *Varúð:* Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni.
	Mest 10 stk. handa einstaklingi, ef einstakur skammtur er 120 mg.	TELDANEX töflur 120 mg	Gegn ofnæmi. Skammtar: Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: Ein tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. *Varúð:* Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. ágúst 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Einar Magnússon.

Nr. 282

GJALDSKRÁ

9. júlí 1992

fyrir hundahald á Suðurnesjum 1992.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. staflið b í 1. málsgr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987 skal á árinu 1992 vera kr. 7 500,00 fyrir hvern hund. Eindagi gjaldsins er 1. september 1992.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórnum Keflavíkur, Njarðvíkur, Miðneshrepps, Gerðarhrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnahrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga um hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

14. júlí 1992 Nr. 283

GJALDSKRÁ

fyrir tannréttingar.

1. gr.

Endurgreiðslur sjúkratrygginga á kostnaði sjúkratryggðra við tannlæknaþjónustu samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum skulu reiknast út frá gjaldskrá þessari, þegar um er að ræða:

1) Tannréttingar í samræmi við bráðbirgðaákvæði IV. laga nr. 1/1992.
2) Tannréttingar vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma sbr. reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

2. gr.

Gjaldliðir og fjárhæðir:
T, tímagjald, er kr. 1 115 og reiknast fyrir hverjar byrjaðar 10 mínútur.
Verkstæðiskostnaður innifalinn í verði.

	Skoðun og greining	Kr.
001	Viðtal	T
002	Bráðahjálp	T
003	Skoðun (greining, skráning)	T
004	Áfangaeftirlit	T
005	Lyfseðill, vottorð, tilvísun	445
006	Læknisvottorð, umsókn (stöðluð eyðublöð)	890
007	Meðferðaráætlun, kostnaðaráætlun, mat, greinargerð og álitsgerð	T
	Röntgen	
010	Upphafsmynd tekin á smáfilmu	835
011	Viðbótarmynd í sömu heimsókn	510
012	Bitewing, hver mynd	835
013	Heildarröntgen, fullorðinn	6 125
014	Heildarröntgen, barn	3 120
015	Occlusalmynd	1 290
016	Kjálkaliðsmynd	2 005
017	Profilmynd	1 560
018	Orthopantomogram	1 740
019	Handarröntgenmynd	1 285
020	Eftirmynd v/010-012	365
021	Eftirmynd v/015-019	790
022	Tvímynd v/010-012	180
023	Tvímynd v/015-019	395
024	Ljósmynd	185

025	Vinnumodel: Tekið mát per góm	1 115
026	Bitgreining (bitanalysa): bit skráð við kliniska skoðun og/eða via model	T

Tannfræðsla

101	Bein fræðsla, leiðbeiningar	T

Tannhreinsun

104	Tannhreinsun, sýkla (lituð) og/eða tannsteinn fjarlægður (scaling)	T

Tannspelka

250	Tannspelka (space maintainer)	2 230

Greining

811	Módel (Bitmódel, slípað í bit)	4 445
812	Módelgreining	3 935
813	Greining vangamyndar/greining andlitsmyndar (profilgreining)	5 015
814	Vaxtargreining	5 725

Meðferð – föst tæki

815	Gleikkun (separation)	1 085
820	Stálband á framjaxl, augntönn eða framtönn	1 775
821	Jaxlaband	2 535
825	Spor	2 135
826	Viðbótarspor	1 680
827	Hnappur, kló, krókur, auga	1 680
828	Rör/lokaspor	2 135
829	Postulínsæting	1 085
830	Bogi (labial)	2 995
831	Eðalbogi	3 555
832	Kantbogi	4 335
833	Eðalkantbogi	5 225
834	Lykkja	485
835	Spunninn bogi	2 995
836	Utanbogi	3 470
837	Innanbogi	4 540
838	Vararbogi	5 135
839	Skammbogi	2 170
840	Hálsbeisli	4 140
841	Hnakkabeisli með spora	4 270
842	Hvirfilbeisli	4 700
843	Framtogsbeisli	8 885
844	Öryggislásar á beisli	1 775
845	Hökukappi	5 250
850	Teygjukeðja	895
851	Vírhnýti, hvor bogi	895
852	Teygjuhnýti, hvor bogi	485
853	Gormur	475
854	Bogakrókur	485
855	Fjöður	1 080
856	Rennibogi	1 545
857	Fleygur	475

Meðferð, laus tæki

861	Gómplata	6 930
862	Plötukrókur	710
863	Klemma	1 135
864	Plötubogi	1 945
865	Undirbitsbogi	2 105

866	Plötufjöður	1 385
867	Þanskrúfa	2 440
868	Blokk	19 215
	Aðlögun – viðgerðir	
871	Bogahitun	495
872	Bogastilling	2 135
873	Aðlögun á beisli/plötu	1 945
874	Viðgerð á plötu með plasti	2 065
875	Lóðning	1 190
876	Rafhreinsun	715
877	Endurlíming	T
878	Hreinsun á límí	T
879	Breyting eða lagfæring á bandi	T
	Eftirmeðferð	
881	Brottnám fastra tækja, hvor gómur	1 190
882	Stoðbogi	4 930
883	Mjúk blokk	25 665
884	Slípun	T
885	Bitslípun	T
886	Stoðbogi (óbein aðferð)	9 845
887	Skæni	4 930

3. gr.

Reikningar frá sérfræðingum í tannréttingum, mega vera með allt að 20% álagi á liði 001–026, lið 250 og liði 811–887.

4. gr.

Við beitingu á gjaldskrárliðum skal farið eftir skýringum í fylgiskjali með gjaldskrá þessari. Við skýringu á þeim liðum sem ekki er fjallað um í fylgiskjalinu, ber að fara eftir skýringum sem fylgdu gjaldskrá fyrir skólatannlækningar nr. 166/1992.

5. gr.

Reikningar tannlækna vegna tannlæknaþjónustu, sem gjaldkskrá þessi tekur til, skulu gerðir á reikningsformi Tryggingastofnunar ríkisins fyrir tannlækningar og sundurliðaðir samkvæmt gjaldskrá þessari og fylgiskjali, sbr. 4. gr. Tryggingayfirtannlæknir hefur eftirlit með reikningsgerðinni.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 39. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. 20. gr. laga nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, svo og ákvæði nr. V til bráðabirgða í lögum nr. 1/1992, og öðlast gildi 1. ágúst 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

Fylgiskjal.

Skýringar við gjaldskrá fyrir tannréttingar.

Tannlæknum ber að fara eftir skýringum þessum við beitingu gjaldskrár. Við skýringu á þeim liðum sem ekki er fjallað um í skýringum þessum, ber að fara eftir skýringum sem fylgdu gjaldskrá fyrir skólatannlækningar nr. 166/1992 og birtust í B-deild Stjórnartíðinda 13. maí 1992.

Almennt:
Innifalinn efnis- og tannsmíðakostnaður.

001–003 Sjá skýringar með gjaldskrá fyrir skólatannlækningar.
005–026 Sjá skýringar með gjaldskrá fyrir skólatannlækningar.
101 Sjá skýringar með gjaldskrá fyrir skólatannlækningar.
104 Sjá skýringar með gjaldskrá fyrir skólatannlækningar.
250 Sjá skýringar með gjaldskrá fyrir skólatannlækningar.

004 *áfangaskoðun (examinatio periodicalis)*
Skráður sjúklingur (sbr. 003) kemur í boðaða skoðun. Við áfangaskoðun er fylgst með framvindu tannheilsu sjúklings og meðferð endurskoðuð, ef þörf er á. Áfangaskoðun er verðlögð samkvæmt tímaeiningunni 004 og felur hún í sér gjaldliði, sem verðlagðir eru á gjaldskrá skv. tímaeiningu (sbr. tannhreinsun). Eru þeir ekki aðskildir á greiðslukvittun heldur er samanlagður mínútutími þeirra, heildartími heimsóknarinnar, skráður á kvittunina undir tímaeiningu 004. Hins vegar halda gjaldliðir verðlagðir samkvæmt afkastaeiningu, eins og t.a.m. röntgenmynd, gildi sínu og eru skráðir sem slíkir á greiðslukvittun.

811–814 *skoðun og greining*
811 Gjaldliðurinn (módel, slípað í bit: Afsteypur slípaðar í bit) og gjaldliður 812 (módelgreining: Afsteypur tilskornar, skeyttar og greindar) eru báðir tveir einskorðaðir við 8. fl. þ.e. tannréttingar.
813 Greining vangamyndar/greining andlitsmyndar (profilgreining): greining á skekkju fólgin í mælingu á afstöðu 17 punkta á vangaröntgenmynd.
814 Vaxtargreining, vaxtarbreyting greind við samanburð á vangaröntgenmyndum sem teknar eru með ákveðnu millibili. Beinþroski sjúklings staðfestur með handarröntgen (019).

815–857 *föst tæki*
815 *gleikkun (separation)*
Tannbil aukið með fleyg svo að stálböndum verði komið fyrir á tannkrónum. Gjaldliðurinn nær jafnt til þess, hvort gleikkað er í öðrum eða báðum gómum.
820–821 *stálbönd*
Álímd stálbönd á framtennur, augntennur og framjaxla fyrir sama verð; bakjaxlabönd sér á parti.
825–828 *spor*
Tilbúnir tækjapartar með áföstum kengjum, hnöppum, krókum, höldum og hólkum til að líma á inn- og úthliðar tanna svo að þar verði hnýtt, hengt, krækt og rennt í stoð- og kraftapörum hins fasta réttingatækis.
825–826 Spor (bracket (stál/plast)) til að renna í mjúkum, hertum eða spenntum Nikkel-Títanbogum. Fyrsta spor/viðbótarspor.
827 Hnappur, kló, krókur, auga, álímd.
828 Rör/lokspor skapleg ísmeygja fyrir boga.
829 *Postulínsæting*
Umfangsmeiri líming á tanntyllum en ella.
835–844 *lagðir inn- og úthliðarbogar*
Stoðbogar, hertir bogar, spennubogar; sívalir, kantaðir, spunnir.
845–850 *höðfuðbúnaður*
Hnakkabeisli, hvirfilbeisli, framdráttarbeisli; hökukappi; öryggisteygja á beisli.
850–857 *bogahnýti og lausir krafta- og stoðpartar fastra tækja*
Vír- og teygjuhnýti stök og samfelld; kraftagormar og krókar, fjöður, púði til að snúast um og togbönd.

861–868 *laus tæki*
Bitplata með kræktum og klemmdum festingum, bogum og þanskrúfu. Blokk (activator complete).

871–879 *aðlögun – viðgerðir*
Meðferð sem á sér stað við áfangaskoðun; stillingar, viðgerðir og endurnýjun.

881–887 *eftirmeðferð*
Föst tæki fjarlægð; samanbit stillt við slípun tanna. Tennur skorðaðar mekð plötu/stoðboga uns tannvegur er að fullu uppbyggður um réttar tennur.

17. júlí 1992 Nr. 284

AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis, er taki gildi frá 1. maí 1992.

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis, nr. 454, 27. september 1991:
Orkugjald samkv. taxta D.2.

Í stað:		m/VSK
Orkugjald	2,78	(3,46) kr/kWh
Kemur:		
Orkugjald okt.–apríl	2,78	(3,46) kr/kWh
Orkugjald maí–sept.	1,39	(1,73) kr/kWh

Annað í taxta D.2 verður óbreytt.

Iðnaðarráðuneytið, 17. júlí 1992.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

6. júlí 1992 Nr. 285

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs, 1988–2008, Vatnsendi.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 24. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008 frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er áfangaröð í uppbyggingu athafnasvæða og íbúðasvæðis í landi Vatnsenda.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 6. júlí 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu uppbótar á atvinnuleysisbætur.

1. gr.

Á árunum 1992 og 1993 skal Atvinnuleysistryggingasjóður greiða uppbót á atvinnuleysisbætur samkvæmt því sem segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Uppbótin reiknast þannig að fundið er meðaltal dagpeninga á mánuði á tímabilunum 1. febrúar til 30. apríl 1992 og 1. september til 30. nóvember 1992. Barnadagpeningar reiknast ekki með. Sú upphæð, sem þannig fæst er dregin frá kr. 80 000 miðað við fullar bætur allan viðmiðunartímann. Viðmiðunarupphæðin lækkar í hlutfalli við bótahlutfall og fjölda bótadaga á tímabilinu. Uppbótin verður helmingur þannig fenginnar niðurstöðu.

Uppbót greiðist aðeins þeim sem við lok viðmiðunartímabils hafa notið bóta í 87 bótadaga eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

3. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður leggur úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta til skrá um uppbót fyrir hvern bótadag samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 1. gr. laga nr. 50/ 1992 um breytingar á lögum nr. 96/1990, um atvinnuleysistryggingar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

Nr. 287 22. júlí 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 125/1992 um greiðslur verðmiðlunargjalda til mjólkurbúa árið 1991.

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar bætist:

Þá skal við ákvörðun á verðmiðlunarþörf einstakra mjólkurbúa taka tillit til samstarfssamninga og samninga sem mjólkurbú hefur gert við þriðja aðila um framkvæmd tiltekinna þátta við flutning, móttöku, vinnslu og markaðssetningu mjólkurvara sem telja verður að annars væri eðlilegur þáttur í rekstri og starfsemi mjólkurbúsins með hliðsjón af starfsemi annarra mjólkurbúa er verðmiðlun tekur til. Skal slíkur rekstur reiknaður sameiginlega við útreikninga skv. 4. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. júlí 1992.

Halldór Blöndal.

Jóhann Guðmundsson.

22. júlí 1992 Nr. 288

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 64/1992 um gjaldskrá fyrir tollskýrslueyðublöð.

1. gr.

Við 1. gr. auglýsingarinnar bætist ný mgr. er hljóðar svo:
Verð það sem greint er í 1. mgr. er með virðisaukaskatti.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 22. júlí 1992.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Rúna S. Geirsdóttir.

17. júlí 1992 Nr. 289

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Beruneshrepps, Búlandshrepps og Geithellnahrepps í Suður-Múlasýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 17. júlí 1992 staðfest sameiningu Beruneshrepps, Búlandshrepps og Geithellnahrepps í Suður-Múlasýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram laugardaginn 5. september 1992, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu

koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 1. október 1992.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 17. júlí 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

Nr. 290 28. júlí 1992

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Við veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni á fiskveiðiárinu 1. september 1992 til 31. ágúst 1993 koma aðeins til greina þau skip sem veiðileyfi fengu samkvæmt 5. gr. l. nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða.

Hverfi skip, sem veiðileyfi hefur fengið samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1990, varanlega úr rekstri má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað.

Heildarafli.

2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993 skal heildarafli og úthlutað aflamark að teknu tilliti til áætlaðs línuafla í nóvember, desember, janúar og febrúar úr botnfisktegundum vera sem hér segir:

		Utan aflamarks		
	Heildarafli (lestir)	Línuafli (lestir)	Hagræðingar-sjóður (lestir)	Úthlutað aflamark (lestir)
1. Þorskur	205 000	15 000	7 400	182 600
2. Ýsa	65 000	2 000	2 300	60 700
3. Ufsi	92 000	–	3 300	88 700
4. Karfi	104 000	–	3 700	100 300
5. Grálúða	30 000	–	1 100	28 900
6. Skarkoli	13 000	–	500	12 500

Afli samkvæmt ofanskráðu miðast við óslægðan fisk með haus.

Aflamark einstakra skipa skal miða við slægðan fisk með haus í öðrum tegundum en karfa.

3. gr.

Á tímabilinu 1. september 1992 til 31. ágúst 1993 skal heildarafli fyrir neðangreindar tegundir vera sem hér segir:

		Heildarafli (lestir)
1. Síld		110 000
2. Úthafsrækja		40 000
3. Humar		2 400
4. Innfjarðarækja samtals		7 300
þ.a. Eldey	800 lestir	
þ.a. Arnarfjörður	600 lestir	
þ.a. Ísafjarðardjúp	2 500 lestir	
þ.a. Húnaflói	2 000 lestir	
þ.a. Skagafjörður	600 lestir	
þ.a. Skjálfandaflói	300 lestir	
þ.a. Öxarfjörður	500 lestir	
5. Hörpudiskur samtals		11 300
þ.a. Breiðafjörður	8 500 lestir	
þ.a. Arnarfjörður	400 lestir	
þ.a. Ísafjarðardjúp	600 lestir	
þ.a. Húnaflói	1 800 lestir	

Veiðitímabil síldar er frá og með 1. september 1992 til og með 1. mars 1993. Veiðitímabil úthafsrækju er fiskveiðiárið. Veiðitímabil innfjarðarækju er frá og með 1. október 1992 til og með 1. maí 1993 á öllum svæðum öðrum en Eldeyjarsvæðinu en þar er veiðitímabil frá og með 1. maí 1993 til og með 31. ágúst 1993. Veiðitímabil humars er frá og með 21. maí 1993 til og með 15. ágúst 1993.

Veiðitímabil annarra tegunda verður ákveðið sérstaklega með reglugerð, ennfremur heildarafli af loðnu.

4. gr.

Til úthafsrækju telst veiði á rækju sem veidd er utan viðmiðunarlínu, sbr. l. nr. 81/1976, að undanskildu svæði við Eldey, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40'V og að norðan af 64°05'N.

Veiðar á úthafsrækju á Dohrnbanka vestan 26°V teljast ekki til heildarafla eða aflamarks af úthafsrækju enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók og aflaskýrslu hversu mikill afli sé fenginn vestan 26°V. Rangar eða villandi upplýsingar leiða til þess að allur rækjuafli skipsins reiknast til aflamarks í úthafsrækju.

5. gr.

Veiðiheimildum á þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa.

Aflamark hvers skips af hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild skipsins af viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutuðu heildaraflamarki tegundarinnar skv. 2. og 3. gr.

Aflahlutdeild hvers skips skal vera sú sama sem úthlutað var fyrir fiskveiðiárið 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 að teknu tilliti til breytinga er leiða af flutningi á aflahlutdeild milli einstakra skipa.

6. gr.

Bátum, sem valið hafa leyfi til línu- og handfæraveiða er óheimilt að stunda veiðar frá 1. desember 1992 til 31. janúar 1993, frá 3. apríl til 12. apríl 1993 og frá 27. júlí til 6. ágúst 1993, að báðum dögum meðtöldum.

Hafi bátur fengið leyfi með aflahlutdeild er óheimilt að úthluta slíkum bát síðar leyfi til línu- og handfæraveiða. Jafnframt er óheimilt að flytja til slíks báts veiðileyfi til línu- og handfæraveiða, frá öðrum báti, jafnvel þótt sá bátur hafi verið tekinn úr rekstri og teljist sambærilegur að öðru leyti. Aðeins er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. ml. þessarar mgr. ef bátur sem fengið hefur leyfi til línu- og handfæraveiða hafi verið dæmdur óbætandi vegna sjótjóns og tekinn af skipaskrá. Aðeins er heimilt að færa veiðileyfi slíks tjónabáts á jafnstóran eða minni bát sem áður hefur fengið leyfi með aflahlutdeild.

Ekki er heimilt að veita nýjum eða nýkeyptum báti er kemur í stað báts sem fengið hefur leyfi til línu- og handfæraveiða veiðileyfi í atvinnuskyni sé nýji báturinn 6 brúttótonn eða stærri.

7. gr.

Reynist heildaraflahlutdeild báta sem veiðileyfi hafa samkvæmt 6. gr. hafa vaxið meira en sem nemur 25% af meðaltali á árunum 1991–1993 miðað við þá hlutdeild sem þeir áttu kost á árið 1991 skal þeim ákvörðuð aflahlutdeild frá og með upphafi þess fiskveiðiárs er hefst 1. september 1994. Aflahlutdeild einstakra báta skal ákvarðast miðað við aflareynslu þeirra á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. desember 1993. Heildaraflahlutdeild þessara báta í upphafi fiskveiðiárs 1. september 1994 skal þá aldrei vera hærri en samanlögð hlutdeild sem þessir bátar áttu kost á 1. janúar 1991 miðað við heilt ár.

8. gr.

Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,8, en grálúðu og skarkola með 0,92.

Þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 1,25, en grálúðu og skarkola með 1,09.

Ráðuneytið skal ákveða reiknistuðla til útreikninga á afla skipa sem vinna eigin afla um borð. Má við þá ákvörðun miða við aflanýtingu hvers einstaks skips og meðal aflanýtingu ákveðins flokks skipa.

Við línuveiðar í nóvember, desember, janúar og febrúar reiknast 50% aflans ekki til aflamarks fiskiskipa.

Þorskur og ufsi styttri en 50 cm að lengd, ýsa styttri en 45 cm og karfi innan við 500 grömm að þyngd telst ekki að tveimur þriðju hlutum með til aflamarks fiskiskips, enda fari fiskur undir þessum lágmarksmörkum ekki yfir 10% af afla þessara fisktegunda í veiðiferð og fyrir liggi staðfesting frá matsmönnum eða vigtarmönnum um magn einstakra tegunda samkvæmt reglum er ráðuneytið setur. Þetta gildir ekki um afla sem frystur er um borð í veiðiskipi nema um heilfrystan fisk sé að ræða. Allur fiskur sem veiddur er á handfæri telst þó til aflamarks.

Allan afla af botnfisktegundum sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, sbr. 2. gr., og fluttur er óunninn á erlendan markað skal reikna með álagi til aflamarks. Skal álagið vera 20% á þorsk og ýsu, 15% á ufsa, karfa og grálúðu en 10% á skarkola.

9. gr.

Þegar meta skal til hvaða fiskveiðitímabils tiltekinn afli telst skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli sem landað er 1. september 1992 eða síðar til fiskveiðiársins 1. september 1992 til 31. ágúst 1993 enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðiárs. Á sama hátt telst afli sem landað er 1. september 1993 eða síðar til fiskveiðiárs er hefst þann dag enda þótt veiðiferð hefjist fyrr.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðiárs, þá er skipið sannarlega hættir veiðum fyrir siglingu.

Framsal og sameining veiðiheimilda.

10. gr.

Flutning á aflaheimildum samkvæmt 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990 skal tilkynna ráðuneytinu skriflega fyrir fram. Þinglýstur eigandi þess skips, sem aflaheimildir eru fluttar frá, skal undirrita beiðni um flutning. Við varanlegan flutning á aflahlutdeild samkvæmt 11. gr. laga nr. 38/1990 skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá, ásamt samþykki þeirra aðila, sem veð áttu í skipinu 1. janúar 1991. Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting ráðuneytisins liggur fyrir.

Óheimilt er að framselja þann hluta aflahlutdeildar skips, sem rekja má til uppbóta samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða í l. nr. 38/1990. Sama á við um meðalaflahlutdeild samkvæmt 5. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í l. nr. 38/1990.

Séu veiðiheimildir skips, sem uppbætur hafa fengið, sameinaðar varanlega aflahlutdeild annars skips falla uppbætur niður nema fyrir liggi yfirlýsing þinglýsts eiganda um að skipið verði tekið af skipaskrá og réttur til endurnýjunar þess falli niður. Sama á við um meðalaflahlutdeild.

Veiði fiskiskip minna en 25% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður.

Við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar, sbr. 4. mgr. 12. gr. l. nr. 38/1990 skulu verðmætastuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993 vera eftirfarandi: Þorskur 1.00, ýsa 1.15, ufsi 0.54, karfi 0.41, grálúða 0.70, skarkoli 0.72, loðna 0.05, síld 0.09, humar (slitinn) 11.70, rækja 0.95 og hörpudiskur 0.39. Ofangreindir verðmætastuðlar gilda einnig varðandi færslu milli tegunda, sbr. 10. gr. laga nr. 38/1990 eftir því sem við á. Jafnframt skulu þeir hafðir til hliðsjónar við mat á því hvort um jöfn skipti sé að ræða, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990.

Endurnýjun fiskiskipa.

11. gr.

Fyrir þilfarsskip úrskurðar Fiskistofa hvort um sambærileg skip sé að ræða samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar. Við mat á því skal leggja til grundvallar rúmtölu skipa sem er margfeldi eftirgreindra hönnunarmála:

1. Lóðlínulengdar, sem er lárétt fjarlægð milli aftari lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum stýrisás og fremri lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum skurðpunkt stefnis og hönnunarvatnslínu.
2. Mótaðrar breiddar, sem er mesta breidd á miðbandi. Þversnið skipsgrindar, sem tekið er mitt á milli lóðlína, nefnist miðband.
3. Mótaðrar dýptar, að neðra þilfari, sem er lóðrétt fjarlægð frá neðra punkti miðbands við kjöl að efri brún þilfarsbita við byrðing.

Fyrir opna vélbáta ákvarðast rúmtala sem 4,3 × brúttótonn, þar sem brúttótonntala er fundin samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 433, 17. ágúst 1990, um mælingar skipa undir 24 metrum að lengd.

12. gr.

Rúmtala nýs skips má ekki vera hærri en rúmtala þess skips sem hverfur úr rekstri.

13. gr.

Við útreikning samkvæmt 11. gr. skal byggt á gögnum tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands.

Heimilt er að meta það sérstaklega, ef lögun skipsins er ekki hefðbundin. Sama gildir þegar það er miklum vandkvæðum bundið að finna hönnunarmál samkvæmt 11. gr.

14. gr.

Eigi reglur 11.–13. gr. ekki við vegna þess að nýtt eða nýkeypt skip er annarrar gerðar en það skip er hverfur úr rekstri, skal meta afkastagetu og aflamöguleika skipsins sérstaklega.

15. gr.

Heimilt er með samþykki Fiskistofu að taka allt að þrjú skip úr rekstri fyrir eitt nýtt. Leyfileg rúmtala nýja skipsins skal þá miðast við samtölu rúmtalna þeirra skipa er hverfa úr rekstri.

Heimild 1. mgr. skal því aðeins beitt að eitt hinna úreltu skipa sé uppistaða úreldingarinnar þannig að rúmtala þess sé a.m.k. 70% af rúmtölu nýja skipsins. Frá þessu má þá víkja ef úr rekstri eru tekin tvö eða þrjú skip enda megi ætla að sóknargeta aukist ekki við skiptin.

16. gr.

Séu heimildir 12.–15. gr. til stækkunar vegna endurnýjunar skips ekki fullnýttar fellur það sem umfram er niður.

17. gr.

Aðeins er heimilt að veita nýju eða nýkeyptu skipi veiðiheimildir samkvæmt 1. gr. í stað skips er hverfur úr rekstri, að skip það sem hverfur úr rekstri hafi verið strikað af skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins. Fiskistofu er þó heimilt að veita allt að þriggja mánaða frest til þess að taka skip af skipaskrá enda verði skipið tekið úr notkun eigi síðar en hið nýja skip hefur veiðar.

18. gr.

Við yfirfærslu veiðiréttinda milli skipa skal nýju skipi í eigu sama aðila úthlutað sömu veiðiréttindum, sem eldra skipið hefði fengið, enda fullnægi skipið þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir úthlutun þeirra veiðiréttinda.

19. gr.

Óheimilt er án sérstaks leyfis Fiskistofu að breyta nýjum eða nýkeyptum skipum, sem veiðileyfi hafa fengið í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1986, þannig að rúmmál þeirra vaxi sbr. 11. gr.

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla, sem markaður er fyrir. Þó skal sleppa lifandi þorski og ufsa styttri en 50 cm að lengd og ýsu styttri en 45 cm sem fæst á handfæri.

21. gr.

Skylt er að hirða alla rækju, sem fæst í rækjuvörpu. Skipstjóra er óheimilt að stunda rækjuveiðar á veiðisvæði þar sem rækja er það smá að fleiri en 300 stykki eru í hverju kg.

22. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíkri aðgreiningu ekki komið við vegna smæðar fiskiskips skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 489/1990 um vigtun sjávarafla.

23. gr.

Útgerðum skipa er skylt að senda Fiskistofu skriflegar upplýsingar fyrir hverja þrjá mánuði um afla á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til. Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Hafrannsóknarstofnun leggur til samkvæmt nánari reglum þar um og skal upplýsingum skilað mánaðarlega til stofnunarinnar. Vanskil á skýrslum samkvæmt þessari málsgrein varða leyfissviptingu án frekari viðvörunar. Sama gildir verði aðili uppvís að undanskoti afla.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um móttekinn afla í því formi sem Fiskistofa ákveður.

24. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla skal beita ákvæðum l. nr. 37, 27. maí 1992.

25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 1992. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 367, 30. júlí 1991 um veiðar í atvinnuskyni, fiskveiðiárið 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. júlí 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiðum á Meðallandsbug.

1. gr.

Frá og með 31. júlí 1992 til og með 31. ágúst 1992 eru allar dragnótaveiðar bannaðar á Meðallandsbug á svæði sem að austan markast af 17°30′0 V og að sunnan af 63°36′0 N.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. júlí 1992.

F. h. r.
Þórður Eyþórsson.

Kristján Skarphéðinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 – 1992

24. júlí 1992 613 Nr. 292

REGLUGERÐ

um Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

1. gr.

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri lýtur yfirstjórn háskólanefndar. Stofnunin skal hafa reglubundið samráð við deildir skólans og samvinnu við rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, sem og aðrar stofnanir er tengjast kennslu- og rannsóknasviði Háskólans hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk Rannsóknastofnunarinnar er:

a) Að efla rannsóknir við Háskólann á Akureyri,
b) að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna við Háskólann á Akureyri,
c) að hafa samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaaðila,
d) að veita upplýsingar og ráðgjöf,
e) að standa fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum,
f) að selja þjónustu.

3. gr.

Háskólanefnd skipar stjórn Rannsóknastofnunar til þriggja ára. Hver deild skólans tilnefnir einn fulltrúa og háskólanefnd skipar tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar.

Stjórnin mótar rannsóknarstefnu stofnunarinnar, ræður vali verkefna, hefur umsjón með fjármálum og gerir tillögur til háskólanefndar um fjárveitingar. Stjórninni er heimilt, að fengnu samþykki háskólanefndar, að ákvarða deildaskiptingu innan stofnunarinnar ef ástæða þykir til.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem skal hafa umsjón með framkvæmd á ákvörðunum stjórnarinnar og daglegum rekstri á vegum stofnunarinnar.

Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Framkvæmdastjóri, með samþykki stjórnar, ræður annað starfslið eftir því sem fé er veitt til.

Rekstrarkostnað stofnunarinnar skal greiða af rannsóknafé, sbr. 5. grein.

4. gr.

Formaður boðar stjórnarfundi og stýrir þeim. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns. Framkvæmdastjóri á sæti á stjórnarfundum og hefur þar tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

5. gr.

Stjórnin tekur ákvarðanir um ráðstöfun rannsóknafjár sem fengið er með:

a) Fjárveitingum sem veittar kunna að vera í fjárlögum,
b) styrkjum til einstakra verkefna,
c) greiðslum fyrir umbeðin verkefni,
d) gjöfum og öðrum tekjum.

Steindórsprent Gutenberg hf.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskólans. Fjárlagatillögur Rannsóknastofnunarinnar skulu vera sérgreindur hluti af fjárlagatillögum Háskólans.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr., sbr. 17. gr., laga nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 24. júlí 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

Nr. 293 30. júlí 1992

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi staðgreinireits 1.241.0 við Mjölnisholt, Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 9. júlí 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð deiliskipulags fyrir staðgreinireit 1.241.0 við Mjölnisholt, Reykjavík.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Borgarstjórnar Reykjavíkur og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfisráðuneytið, 30. júlí 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 294 31. júlí 1992

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur, Gerðahrepps, Sandgerðis og Keflavíkurflugvallar.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur, Gerðahrepps, Sandgerðis og Keflavíkurflugvallar er svo skipuð að í henni eiga sæti 11 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, bæjarstjórn Keflavíkur, bæjarstjórn Njarðvíkur, hreppsnefnd Gerðahrepps, bæjarstjórn Sandgerðis og Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Nefndin kýs sér ritara og vararitara úr sínum hópi.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að endurskoðun á gildandi skipulagi svæðis þess, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög og flugvallarsvæðið, eftir því sem þurfa þykir en skipulag þetta var staðfest 20. september 1983 og 12. október 1983. Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé og sker þá umhverfisráðherra úr að fenginni umsögn

skipulagsstjórnar. Leita skal úrskurðar utanríkisráðherra, ef ágreiningur varðar flugvallarsvæðið. Hlutverk fulltrúa varnarmálaskrifstofu skal jafnframt vera að ræða við fulltrúa varnarliðsins um skipulagstillögur á varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar og afla samþykkis þess fyrir tillögum nefndarinnar.

3. gr.

Formaður boðar til fundar með hæfilegum fyrirvara, þegar hann telur þörf á og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur, ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki gert samþykkt um mál, er varðar sérstaklega hagsmuni einhvers sveitarfélagsins eða varnarmálaskrifstofu ef fulltrúar (fulltrúi) þeirra lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun. Nefndin skal halda gerðabók og skal formaður og ritari undirrita hana í fundarlok eða á næsta fundi. Sá fundarmaður, sem ósamþykkur er ákvörðun meirihluta á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða í bókina.

4. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér starfslið til aðstoðar, en að öðru leyti veitir Skipulag ríkisins nauðsynlega aðstoð.

5. gr.

Þegar samvinnunefndin hefur samþykkt tillögu að endurskoðuðu skipulagi svæðisins eða þess hluta, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu, sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til skipulagsstjórnar. Um meðferð tillögunnar, eftir að hún er komin í hendur skipulagsstjórnar, fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

6. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig, að sveitarfélögin, sem aðild eiga að nefndinni og varnarmálaskrifstofa greiða helming kostnaðar sem skiptist innbyrðis miðað við íbúafjölda en Skipulag ríkisins helming. Ef ekki næst samkomulag allra aðila, sker ráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

7. gr.

Stefnt skal að því að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1993. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en 12 mánuði í senn.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 31. júlí 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, staðgreinireitur 4.386.602.

Samkvæmt ósk Borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Jafnframt hefur þetta í för með sér breytingu á staðfestu deiliskipulagi fyrir Suður-Selás sem er dagsett 14. desember 1984 og breytt var 10. október 1990.

Breytt er landnotkun á staðgreinireit 4.386.602 úr íbúðasvæði í stofnanasvæði.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að taka að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 4. ágúst 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 296 5. ágúst 1992

AUGLÝSING

um umferð í Vallahreppi.

Samkvæmt heimild í 81. og 85. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, tillögu hreppsnefndar Vallahrepps og samþykki Vegagerðar ríkisins, hefur verið ákveðið:

1. Að hámarkshraði við þéttbýlið á Hallormsstað, nánar tiltekið frá Staðará inn fyrir afleggjara í Mörk, verði 50 km/klst.
2. Að biðskylda verði við Fjósakamb gagnvart Upphéraðsvegi nr. 931.
3. Að biðskylda verði á afleggjaranum í Mörkina gagnvart Upphéraðsvegi nr. 931.

Auglýsing þessi tekur gildi 15. ágúst 1992.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, 5. ágúst 1992.

Helgi Jensson, settur.

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 1992

12. ágúst 1992 617 Nr. 297

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Sporðagrunni.

1. gr.

Frá og með 16. ágúst 1992 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°50'N – 19°30'V
2. 66°40'N – 19°30'V
3. 66°36'N – 20°10'V
4. 66°43'N – 20°08'V
5. 66°50'N – 19°50'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. ágúst 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

10. ágúst 1992 Nr. 298

REGLUGERÐ

um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald – veiðieftirlitsgjald – fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á fiskveiðiárinu 1. september 1992 til 31. ágúst 1993, á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða þ.m.t. l. nr. 65/1992 um Hagræðingarsjóð.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 sbr. lög nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 skal greiða fast gjald 11 900 kr.

B 44
Steindórsprent Gutenberg hf.

3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 88 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni eða er fengið af aflaheimildum Hagræðingarsjóðs skal þó aldrei vera lægra en 2000 kr.

4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald 11 900 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.15, ufsi 0.54, karfi 0.41, grálúða 0.70, skarkoli 0.72, rækja 0.95, humar 11.70, hörpudiskur 0.39, síld 0.09, loðna 0.05.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þó veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytis og Fiskistofu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum sbr. lög nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá 1. september 1992 reglugerð nr. 377/1991.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. ágúst 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 299 13. ágúst 1992

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Strandagrunni.

1. gr.

Frá og með 15. ágúst 1992 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°01′N – 22°12′30″V
2. 67°06′60″N – 22°18′V
3. 67°09′N – 20°48′V
4. 67°01′N – 20°48′V
5. 66°55′N – 21°51′V
6. 66°47′N – 21°51′V
7. 66°47′N – 22°25′V
8. 67°00′25″N – 22°25′V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. ágúst 1992.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Arndís Steinþórsdóttir.

10. ágúst 1992 Nr. 300

GJALDSKRÁ

yfir þjónusturannsóknir og aðra útselda vinnu er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	Kr/klst.
1. Sérfræðingur	2 690,00
2. Aðstoðarmaður	1 780,00
3. Sérfræðingur, rannsóknaaðstaða notuð	3 650,00
4. Aðstoðarmaður, rannsóknaaðstaða notuð	2 725,00

2. gr.

Gjöld fyrir reglubundnar efna- og örverurannsóknir er stofnunin annast skulu vera sem hér segir:

Efna og örverurannsóknir:

Fiskimjöl:	Kr/klst.
Vatn	530,00
Salt	850,00
Prótein (Kjeldahl)	2 970,00
Prótein (Kjeltec)	1 850,00
Fita	1 590,00
Aska	950,00
Ammoníak	795,00
Sandur	1 060,00
Fosfór	2 120,00
DMNA gasgreining	4 240,00
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	1 700,00

	Kr/klst.
Nítrít í fóðri og fóðurvörum	2 915,00
Sýrustig pH	500,00
Lýsi og harðfeiti:	
Vítamín A	3 180,00
Óbundnar fitusýrur	580,00
Sýrutala	580,00
Joðtala	2 650,00
Sáputala	1 590,00
Eðlisþyngd (pyknometer)	1 000,00
Slip-point	1 860,00
Ósápanlegt	2 760,00
Peroxyðtala	1 000,00
Anisidin	3 070,00
Litarmæling (Lovibond)	630,00
Ljósbrot við 20°C	580,00
Natríumsápa	840,00
Fitusýrugreining	8 480,00
Vatnsmæling með toluol	950,00
Salt:	
Klóríð (titer)	1 100,00
Kalíum	2 700,00
Kalsíum	2 700,00
Natríum	2 700,00
Magnesíum	2 700,00
Súlfat	3 360,00
Óleysanlegt í vatni	1 700,00
Raki og bundið vatn	1 170,00
Járn	2 640,00
Kopar	4 240,00
Kornastærð	1 590,00
pH	500,00

Ýmsar mælingar:

Sérstakur undirbúningur sýnis (hökkun eða mölun á miklu magni vegna þess hve misleitt sýnið er)	690,00
Trimethylamin (TMA)	1 480,00
TVN	1 480,00
C-vítamín í matvælum	6 890,00
Sýrustig pH	500,00
Histamín	5 830,00
Súlfít	6 360,00
Ediksýra	660,00
Joð (í fóðurmjöli, þara- og þangmjöli >20ppm)	3 040,00
Joð (kínetísk mæling >0.01ppm)	3 710,00
Undirbúningur sýna fyrir þungmálmamælingar, kvikasilfur, arsen og selen undanskilin.	
Grunngjald á hvert sýni	1 060,00
Ákvörðun á málmum með atomgleypnimælingu	1 700,00
Kvikasilfur í matvælum	3 230,00
Arsen	3 230,00
Selen	3 230,00
PCB	35 000,00
Mæling á sykrum í síld	6 085,00
Drip (vatnstap við þiðnun)	2 015,00
Drip (3 sýni eða fleiri)	1 410,00
Íshúð	2 010,00

	Kr/klst.
Íshúð (3 sýni eða fleiri)	1 410,00
Vigtun og talning á rækju o.fl.	1 560,00
Síld:	
Stærðarflokkun og efnagreiningar (salt, fita)	23 000,00
Síld lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin og hökkuð. Einstakir stærðarflokkar efnagreindir. Framangreint gjald gildir fyrir allt að 100 síldarsýni. Ef færri en 10 eru í sýni, greiðast (3/4) gjalds. Salt og fita mæld í einstökum sýnum af síld án stærðarflokkunar, vigtunar og efnagreiningar einstakra hluta hennar	3 130,00
Örverurannsóknir:	
Undirbúningur sýnis (grunngjald á öll sýni)	910,00
Örverutalning	870,00
Kólígerlar, MPN	1 270,00
Staphylococcus aureus	1 010,00
Salmonella	2 330,00
Listeria	2 330,00
Listeria, greining	1 875,00
Clostridium perfringens	1 270,00
Súlfít-afoxandi clostridia/hitað	1 010,00
Bacillus/hitað	1 010,00
Enterococci	870,00
Ger- og myglusveppir	870,00
Roðagerlar	870,00
Loftfirrð ræktun	1 010,00
Ræktun fyrir niðursuðuvörur	1 010,00
Sterilitetsprófanir á lyfjum	3 095,00
RODAC-skálar með æti, stk.	100,00
Útflutningseftirlit á lagmeti:	
Hexametylentetramin í lagmeti	2 730,00
Kavíar-ógerilsneyddur	5 770,00
Kavíar-gerilsneyddur	2 600,00
Niðurlögð vara (önnur en kavíar)	7 650,00
Niðursoðin vara	3 690,00
Útflutningsvottorð/gæðavottorð	1 170,00
Endursýni	3 340,00
Rannsóknir með vökvagreini:	
Mæling á A, D eða E vítamíni eða kolesteroli í lýsi eða hreinni fitu	9 450,00
Mæling á A, D eða E vítamíni eða kolesteroli í öðrum en lýsi eða hreinni fitu	10 920,00
Hver viðbótarþáttur í sama sýni	2 625,00
Squalene í lýsi	3 150,00
Amínósýrur (fríar eða hydrolysöt)	5 300,00
Axtaxanthin og/eða Cantaxanthin (í sama sýni)	5 300,00
Rotvarnarefni	8 480,00
Hydroxyprolin (cis og trans) og/eða prolin (í sama sýni)	5 300,00
Þráavarnarefni í matarolíum	5 300,00
Þráavarnarefni í öðru en matarolíum og hreinni fitu	6 780,00
Frárennsli og vatn:	
Heildarmagn þurrefnis (TS)	1 180,00
Grugg (suspendible solids)	1 760,00
Uppleyst föst efni	1 760,00
Grugg og uppleyst föst efni í sama sýni	2 340,00
Undirbúningur sýnis fyrir ákvörðun á uppleystu magni neðangreindra þátta grunngjald á hvert sýni	580,00
Lífrænt köfnunarefni	2 970,00

	Kr/klst.
Ammoníak	2 330,00
Fosfat (>2ppb)	2 540,00
COD	5 200,00
Olía og fita	1 770,00
Olía	2 350,00
Olía og fita aðgreind í sama sýni	3 240,00
Þungmálmar (aðrir en kvikasilfur og arsen)	2 860,00
Hver þungmálmur umfram 1 í sama sýni	1 800,00
Kvikasilfur	3 340,00
Arsen	3 340,00
Klórið (ljósmæling, >0,5ppm)	2 330,00
Frítt klór í vatni	325,00
Yfirborðsvirk efni (tensíðar)	
anjónískir	2 100,00
ójónískir	3 200,00

3. gr.

Innifalið í gjaldi fyrir rannsóknir sem getið er í 2. grein, er skjalfest yfirlýsing um niðurstöður mælinga. Þetta gildir þó ekki um lagmetisathuganir.

4. gr.

Sé um að ræða sérstaka framsetningu á niðurstöðum, greinargerð eða þ.h., er tekið gjald samkvæmt tímamælingu. Ennfremur kemur sérstakt gjald kr. 1 170,00 fyrir vottorð.

5. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að yfirvinna sé nauðsynleg vegna mælinganna.

6. gr.

Gjald fyrir rannsóknir sem ekki eru taldar upp í 2. grein, skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald sbr. 1. grein.

7. gr.

Stofnunin tekur ekki gjald fyrir samningagerð, almenna upplýsingamiðlun, aðstoð við minniháttar upplýsingaleit o.s.frv.

8. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir föstum verktilboðum eða verksamningum og þá er stuðst við taxta sbr. 1. grein gjaldskrárinnar.

9. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins nr. 369/1991.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. ágúst 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 – 1992

10. ágúst 1992 623 Nr. 301

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Austur-Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI
Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps, Austur-Barðastrandarsýslu, hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan takmarka sýslunnar. Hreppsnefnd sker úr öllum ágreiningi vegna fjallskila á svæðinu. Allar kærur og kröfur á hendur fjallskilanefnd varðandi fjallskilamál heyra undir hreppsnefnd. Ennfremur geta einstakir aðilar lagt slík mál undir úrskurð hreppsnefndar.

2. gr.

Fjallskilanefnd hefur á hendi stjórn og framkvæmdir í fjallskilamálum á svæðinu. Fjallskilanefnd er heimilt að kveða nánar á um fjallskil í einstökum atriðum á hverju fjallskilasvæði, enda brjóti ákvarðanir fjallskilanefndar eigi í bága við samþykkt þessa.

II. KAFLI
Um notkun upprekstrarlands.

3. gr.

Hreppsnefnd skal annast um að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir fénað sinn, fái upprekstur annars staðar í hreppnum, þar sem beitiland er nægilegt, enda komi sanngjörn greiðsla fyrir, að mati óvilhallra manna, ef ekki næst samkomulag við landeiganda. Íhlutunarskylda hreppsnefndar fellur niður, ef ekki er til ónytjað beitiland í hreppnum.

III. KAFLI
Um fjallskil.

4. gr.

Tvennar skulu fjallgöngur á hausti. Hreppnum skal skipt í leitarsvæði. Fyrri leitardag skal fjallskilanefnd ákveða í samræmi við áætlun sláturleyfishafa um slátrun. Þó skal heimilt, að öll leitarsvæði séu ekki smöluð sama dag. Síðari leitardagur skal vera á sama tíma í hreppnum öllum og samráð haft við hreppsnefndir samliggjandi leitarsvæða. Rétta skal sama dag og leitir fara fram, þó er heimilt að fresta réttarhaldi til næsta dags, ef nauðsyn krefur. Hreppsnefnd getur ef þurfa þykir ákveðið þriðju leit og leitardag.

5. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, hver ábúandi, eða húsráðandi, sem fé á. Einnig er hann fjallskilaskyldur fyrir hjú sín og börn, eigi þau fé, einnig fóðrafé. Nú er jörð í eyði og land hennar ekki lagt til afréttar viðkomandi hrepps með samningum, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að annast um hreinsun heimalands jarðarinnar að hausti, sem og

Steindórsprent Gutenberg hf.

önnur fjallskil, eins og byggð væri. Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá viðkomandi hreppsnefnd sjá um, að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptist þannig, að eigendur bera ½, hreppar þeir er fjárvon eiga í löndunum ¼ og ríkissjóður ¼. Búnaðarfélag Íslands úrskurðar kostnaðarreikninga.

6. gr.

Fjallskilasjóður er í vörslu sveitarstjórnar. Fjallskilum í sumarbeitarhögum skal jafna niður á fjallskilaaðila þannig að hver jörð skal vera eitt dagsverk hvort sem á henni er ábúð eða ekki. Til viðbótar jafnist fjallskil eftir þörfum niður á fjallskilaaðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings. Eigendur eyðijarða skulu eiga þess kost að semja um fjallskil við notendur beitar, greiða gjald til fjallskilasjóðs, eða leggja fram dagsverk. Fjallskilanefnd heldur gjörðabók og færir sérstakt bókhald. Skulu reikningar fjallskilasjóðs endurskoðast á sama hátt og sveitarsjóðsreikningar. Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og við verður komið, ella goldin í peningum eftir mati fjallskilanefndar.

7. gr.

Fjallskilanefnd skal árlega í tæka tíð semja fjallskilaseðil, þar sem ákveðið er hvernig fjallskilum og leitum í heimalöndum skuli hagað. Skal fjallskilanefnd tilnefna einn eða fleiri leitarstjóra á hverju beitarsvæði. Leitarstjórar skulu stjórna göngum leitarmanna og annast um að allt fari vel og skipulega fram.

8. gr.

Í fjallleitum skal öllu fé safnað til lögréttar af leitarsvæðinu. Hreppsnefnd getur bannað sundurdrátt á bæjum og ákveðið að allt fé úr heimalöndum sé rekið til réttar, ef nauðsyn krefur. Þegar sundurdráttur fer fram á bæjum, skal heimafé dregið úr. Rísi ágreiningur út af þessu, skulu hlutaðeigandi aðilar hlíta úrskurði hreppsnefndar.

9. gr.

Leitarstjóri skal tafarlaust tilkynna fjallskilanefnd, ef eigi er farið eftir fyrirmælum hans, en fjallskilanefnd getur kært slíkt, svo og alla aðra vanrækslu við framkvæmd fjallskilamála og varða brot sektum.

IV. KAFLI.
Um réttarhöld og meðferð óskilafjár.

10. gr.

Skilaréttir í hreppnum skulu vera á þeim stöðum er hér segir: í Króksfjarðarnesi, Kinnarstöðum, Grund, Hjöllum, Djúpadal og Múla í Kollafirði.

11. gr.

Valdi bygging skilaréttar grasráni eða jarðusla, skal, ef þess verður krafist, koma fullt endurgjald úr fjallskilasjóði hreppsins, eftir mati dómkvaddra manna.

12. gr.

Fjallskilanefnd skal sjá um að fjárréttir séu í góðu standi, og skulu dilkar svo rúmgóðir, að enginn þurfi að hleypa út fé fyrr en sundurdrætti er lokið. Í þeim lögréttum, þar sem utansveitarmenn eiga von á töluverðum fénaði, skal fjallskilanefnd sjá um að til séu nægilega stórir dilkar fyrir þá að draga fé sitt í. Kostnað við byggingu þeirra greiði hlutaðeigandi hreppsfélög, nema öðruvísi sé um samið. Hver ábúandi eða húsráðandi, sem fé á, er skyldur til að vinna við að koma upp eða gera við rétt, samkvæmt fyrirmælum hreppsnefndar. Allur kostnaður, er af þessu leiðir, greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði, en hreppsnefnd hefur

heimild til að leggja fram fé úr sveitarsjóði og jafna niður á hreppsbúa í hlutfalli við sauðfjáreign þeirra.

13. gr.

Fjallskilanefnd skipar réttarstjóra og skal hann ávallt vera viðstaddur réttarhaldið, til þess að hafa umsjón með því að allt fari vel og skipulega fram og eru allir, sem vinna við réttarhaldið, skyldir að hlýða fyrirmælum hans. Réttarstjóri skal skipa menn til þess að líta eftir því, svo vel sem unnt er, að fé misdragist ekki.

14. gr.

Heimilt er fjallskilanefnd að setja um það ákvæði í leitarseðli, ef hún telur þess þörf, hversu marga menn hver fjáreigandi skal leggja til í réttina, og má enginn, sem skyldur er að gegna réttarstörfum, fara fyrr en sundurdrætti er lokið nema réttarstjóri leyfi. Ef einhver fjáreigandi utan sveitar eða innan leggur svo illa til réttarstarfa, að töf verða að, er réttarstjóra heimilt að ráða menn á hans kostnað til þess að draga fé hans.

15. gr.

Enginn má marka kindur í skilaréttum, nema með samþykki réttarstjóra og undir umsjón hans.

16. gr.

Óskilafé er það fé, sem enginn finnst eigandi að, svo og ómerkingar, sem ær helga sér ekki og mýétið fé.

17. gr.

Réttarstjóri skal sjá um að ómerkingar séu dregnir í einn dilk jafnóðum og þeir finnast í rétt. Skal áður en réttarhaldinu er lokið láta lambsmæður helga sér dilka sína undir umsjón réttarstjóra. Þeim ómerkingum, sem lambsmæður helga sér ekki samkvæmt framansögðu, og mýétnu fé, skal þegar slátra og rennur andvirðið í hlutaðeigandi fjallskilasjóð eða sveitarsjóð.

18. gr.

Öðru óskilafé en um ræðir í 16. gr. skal þegar í stað slátra og senda nákvæma lýsingu af því í næstu hreppa, svo fljótt sem unnt er. Skal réttarstjóri sjá um að fé því sem slátrað var sé ráðstafað til innleggs á sérstakan reikning eftir mörkum, í samráði við viðkomandi sláturhússtjóra. Hausa af óskilafé skal varðveita í frystihúsi í allt að 10 mánuði eftir slátrun.

19. gr.

Skylt er hverjum manni að greiða sem best fyrir fé annarra. Hver sem gerir sig sekan um skeytingarleysi eða illa meðferð á heimtu fé, meðal annars að svelta það inni, reka það óþyrmilega eða týna því, skal kærður til hegningar. Skylt er hverjum manni, sem rekur eða lætur reka fé frá rétt, að hafa nægan mannafla við fjárreksturinn. Réttarstjóri hefir vald til að ákveða mannfjölda við slíka fjárrekstra, ef þurfa þykir.

20. gr.

Fjallafé, sem finnst eftir haustleitir, skal tilkynna fjallskilanefndaroddvita eða réttum eigendum, sem gerir sínar ráðstafanir á tilskildum tíma, ella skal fénu slátrað. Kostnað, sem af þessu leiðir, greiðir réttur eigandi.

21. gr.

Lýsingu á óskilafé því, sem slátrað hefir verið og eigendur finnast eigi að, skal hreppstjóri í lok hvers árs senda oddvita hreppsnefndar og skal síðan auglýsa í Lögbirtingablaði allt það óskilafé, sem slátrað hefir verið það ár í hreppnum, með mörkum þess og öðrum einkennum. Hver sá, er sannar eignarrétt sinn að hinu slátraða fé, skal fá andvirði þess að frádregnum öllum kostnaði, ef hann gefur sig fram fyrir lok septembermánaðar næst á eftir.

V. KAFLI.
Um mörk og markaskrár.

22. gr.

Sérhver fjáreigandi er skyldur til að hafa skýrt eyrnamark á fé sínu. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa viðurkennt hreppsmerki á fé sínu. Eigendum hrossa er skylt að hafa greinileg mörk á gripum sínum. Brennimark og plötumerki Reykhólahrepps er: AB.

23. gr.

Hreppsnefnd skal standa að prentun markaskrár Vestfjarða, svo sem landslög mæla fyrir, eigi sjaldnar en áttunda hvert ár, og skal útgáfu og útsendingu hennar lokið fyrir 30. ágúst það ár, sem markaskráin kemur út. Hreppsnefnd ræður markavörð, er sér um mörk, söfnun marka í hreppnum og útgáfu markaskrár. Skal því verki lokið fyrir 1. janúar hvers árs. Hver markeigandi skal greiða gjald það, er hreppsnefnd ákveður fyrir innfærslu marksins í skrána. Skal gjaldinu varið til greiðslu kostnaðar við skráningu, prentun og útsendingu. Ef gjaldið nemur meira en kostnaði rennur afgangurinn í hreppssjóð, en hrökkvi gjaldið eigi til fyrir kostnaðinum, greiðist það sem á vantar úr hreppssjóði.

24. gr.

Nú flyst maður inn í hreppinn og skal hann þá tilkynna mark sitt markaverði. Þeir sem vanrækja að láta prenta mark sitt í markaskrá, mega búast við að með fé þeirra verði farið sem óskilafé.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

25. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum refsiheimildum. Sektir renna í fjallskilasjóð.

Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

26. gr.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Reykhólahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6 21. mars 1986 til þess að öðlast gildi hinn 15. september 1991, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Austur-Barðastrandarsýslu nr. 466/1981.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Hofshreppi.

1. gr.

Tilgangur samþykktar þessarar er að hafa stjórn og yfirsýn yfir búfjárhald í Hofshreppi til að koma í veg fyrir að gróðurlendi sé spillt; koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir á Hofsósi og gæta þess að hús fyrir búpening og önnur aðstaða séu þrifaleg og í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar á hverjum tíma.

2. gr.

Búfjárhald er óheimilt á Hofsósi án leyfis sveitarstjórnar. Samþykkt þessi skerðir þó ekki rétt lögbýla til búfjárhalds.

3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar. Í umsókn skal tilgreina fjölda búfjár og geymslu þess.

4. gr.

Telji sveitarstjórn skilyrði fyrir hendi skal veita leyfi til búfjárhalds og er heimilt að takmarka það við ákveðinn fjölda búfjár. Veitt leyfi til búfjárhalds skuldbindur þó ekki Hofshrepp til að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi eða annarri aðstöðu. Leyfi skal gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 1. júní. Sé leyfi sagt upp skal allt búfé viðkomandi farið úr landi Hofsóss eigi síðar en þremur mánuðum eftir að uppsögn tekur gildi. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár og gætir þessi ekki á fullnægjandi hátt má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

5. gr.

Eigendur búfjár bera ábyrgð á tjóni sem búfé kann að valda. Búfjáreftirlitsmaður hreppsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir atvikum, þá búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur.

6. gr.

Hver sá sem fær leyfi til búfjárhalds skal greiða árlegt leyfisgjald til Hofshrepps. Gjald þetta miðast við tegund og fjölda gripa. Þegar hreppsnefnd ákveður upphæð gjaldsins, skal hún hafa til hliðsjónar kostnað hreppsins vegna búfjarhalds í hreppsfélaginu, svo sem vegna búfjáreftirlits, vörslu lands, smölunar o.fl. Gjaldi þessu má ekki verja til annarra verkefna hreppsfélagsins. Landbúnaðarráðherra staðfestir gjaldskrá fyrir leyfisgjöld og birtir í Stjórnartíðindum.

7. gr.

Öll lausaganga búfjár er bönnuð á Hofsósi. Búfénað sem gengur laus skal lögreglustjóri láta handsama og taka í vörslu. Ennfremur geta þeir sem fyrir ágangi verða, látið handsama ágangsfénað, en þeir skulu skýra lögreglustjóra frá því tafarlaust. Eigendum slíks ágangsfénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun og geymslu fénaðarins áður en hann er afhentur, innan sólarhrings. Eftir þann tíma verður búfénaðurinn seldur á uppboði eða honum lógað. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um búfé í eigu annarra en íbúa á Hofsósi.

8. gr.

Sveitarstjórn kýs þrjá menn og þrjá til vara til að hafa umsjón með málefnum sem varða búfjárhald og lendur Hofshrepps til beitar og grasnytja. Skal nefndin heita búfjárnefnd. Nefndin skal vera sveitarstjórn ráðgefandi um nýtingu lands og allt sem búfjárhald varðar. Nefndin skal fá umsóknir um leyfi til búfjárhalds til umsagnar og skila áliti til sveitarstjórnar.

Beit búfjár utan þeirra reita er búfjáreigendur hafa til ráðstöfunar er aðeins heimil á þeim beitarlöndum sem nefndin hefur ráðstafað til viðkomandi búfjáreigenda. Ennfremur heldur nefndin skrá yfir lönd sem sveitarstjórn leigir til grasnytja og er ráðgefandi varðandi þær breytingar sem gerðar kunnar að vera, bæði varðandi leiguskilmála og leigjendur svo og ráðstöfun beitarlands.

9. gr.

Fái búfjáreigendur land til grasnytja skulu þeir viðhalda ræktun og girðingum þannig að viðunandi sé. Verði misbrestur þar á að dómi búfjárnefndar og/eða sveitarstjórnar, má segja leigunni upp fyrirvaralaust ef skriflegum ábendingum er eigi sinnt innan þess frests er gefinn verður hverju sinni.

10. gr.

Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir ákvæði samþykktarinnar skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku hennar, tilkynna um búfjárhald sitt og sækja um leyfi fyrir því. Búfénaður sem ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir að þeim tíma liðnum, skal tekinn í vörslu af lögreglustjóra, boðinn upp eða lógað að undangenginni aðvörun sem eigi hefur verið sinnt.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

12. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Hofshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjárhald í Hofsóshreppi nr. 406 12. nóvember 1985.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. ágúst 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Neskaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í Neskaupstað. Heimilt er bæjarstjórn að víkja frá banni um hundahald að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklinga og er óheimilt að framselja það. Leyfið er bundið við hund þann sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

b) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi skal skriflegt samþykki sameigenda fylgja umsókn.

c) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til Bæjarsjóðs sem samþykkir gjaldskrá sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Leyfisgjald greiðist árlega fyrirfram. Gjalddagi leyfisgjalds er 1. janúar ár hvert.

d) Við greiðslu gjalds skv. þessari grein (c-lið 1. gr.) ber hundaeigenda að sýna vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og önnur skilríki sem máli skipta skv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki. Hundar skulu færðir til hreinsunar í október- nóvember ár hvert. Mæti hundaeigandi ekki með hund sinn til árlegrar hreinsunar á boðuðum tíma, ber hann sjálfur þann kostnað sem af því kann að leiða.

e) Hundaeigandi skal hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingafélagi. Vátrygging skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Lámarkstryggingarupphæð verði kr. 10.000.000,00 (tíu milljónir). Vottorð um iðgjaldagreiðslur tryggingar skal framvísa þegar sótt er um undanþágu til hundahalds og þegar greitt er samkvæmt c-lið þessarar greinar.

f) Hundurinn skal ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata þar sem í er greypt skráningarnúmer hundsins.

g) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur skal hann vera í taumi í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Hundaeigendum er skylt að sjá svo um að hundar raski eigi ró manna með hávaða eða gelti, eða verði mönnum til óþæginda á annan hátt. Þegar hundar eru í festi á húsalóðum skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga um dyr íbúðarhúsa. Eigi er leyfilegt að fara með hundinn inn í skóla, íþróttahús, sjúkrastofnanir, sundstaði, almennar skrifstofur, samkomuhús og verslanir, svo og starfsstöðvar hvaða nafni sem þær kunna að nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað. Hundaeigendum ber að viðhafa hreinlæti í meðferð hunda sinna, þar á meðal þrífa eftir dýrin.

h) Heimilt er bæjarstjórn að ákveða lægra gjald fyrir nauðsynlega minkahunda, leitarhunda, smalahunda og sporhunda. Af hundum sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar skal ekkert gjald greiða.

2. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal leggja fram til bæjarstjórnar, eða fulltrúa hennar á þar til gerðum eyðublöðum. Með umsókninni skulu fylgja ýtarlegar upplýsingar um hundinn. Umbeðið leyfi skal aðeins gefið út að fengnu samþykki bæjarstjórnar.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá dýraeftirlitsmanni. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa.

Senda skal embætti sýslumanns í Neskaupstað afrit af leyfisbréfi. Leyfishafi skal fá afhenta merkta plötu sbr. f-lið 1. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Neskaupstað.

3. gr.

Dýreftirlitsmaður skal vera starfandi í Neskaupstað og setur bæjarstjóri honum starfsreglur. Skal hann gefa bæjarstjóra, eða fulltrúa hans sem með þessi mál fer skriflega skýrslu um þá hunda sem hann þarf að hafa afskipti af.

4. gr.

Ef leyfishafi brýtur alvarlega eða ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem um hundahald gilda, afturkallast leyfið sjálfkrafa. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess þörf. Við fyrsta brot, ef lítilvægt er skal veita viðkomandi skriflega áminningu.

5. gr.

Þeir hundar sem leyfi er til að halda, en ganga lausir utan húss skulu handsamaðir og færðir í sérstaka hundageymslu á vegum bæjarins. Þar skulu hundar geymdir í allt að 7 daga meðan eigendum gefst kostur á að leysa þá út.

Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum, samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn samþykkir og heilbrigðisráðherra staðfestir, sbr. staflið c í 1. málsgr. 1. gr. Hirði eigendur hunda ekki um að leysa þá út innan 7 daga frá því að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað skulu hundarnir aflífaðir.

6. gr.

Þeir hundar sem ekki er leyfi til að halda skulu teknir og færðir í sérstaka hundageymslu á vegum bæjarins. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að 7 daga, meðan eigendum gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan marka kaupstaðarins.

Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum, samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn samþykkir sbr. 5. gr. og staflið c í 1. málsgr. 1. gr. Hirði eigendur hunda ekki um að leysa þá út innan 7 daga frá því að þeir eru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað skulu hundarnir aflífaðir.

7. gr.

Hættulega hunda sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja þegar í stað. Lögreglustjóri og dýraeftirlitsmaður taka ákvörðun um það hvernig með skuli fara og geta þeir afturkallað leyfi og fyrirskipað aflífun hunds og skal hún fara fram að höfðu samráði við dýralækni.

8. gr.

Um önnur atriði og brot gegn samþykkt þessari eða gegn reglum settum samkvæmt þeim fer skv. lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum.

9. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sbr. og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Neskaupstað nr. 115/1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. ágúst 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

REGLUGERÐ

um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Fullvinnsla.

1. gr.

Óheimilt er að fullvinna botnfiskafla um borð í veiðiskipum án sérstaks leyfis ráðuneytisins. Leyfi skulu veitt fyrir hvert fiskveiðiár. Það telst fullvinnsla í þessu sambandi ef flökun eða flatning botnfisks er þáttur í vinnslunni.

Ákvæði þessi taka ekki til báta minni en 20 brúttótonn er stunda línu- og handfæraveiðar og fletja eða salta aflann um borð.

Kröfur til fullvinnsluskipa.

2. gr.

Skipum, sem leyfi hafa til fullvinnslu afla um borð, er óheimilt að fleygja fiski, fiskhlutum eða fiskúrgangi fyrir borð. Er skylt að koma með að landi allan afla þessara skipa, þar á meðal það sem til fellur við vinnsluna, svo sem hryggi, afskurð, hausa, innyfli eða afurðir unnar úr þeim. Er óheimilt að veita skipum vinnsluleyfi nema aðstaða sé um borð til að fullnægja þessum kröfum og nýta aflann með fullnægjandi hætti.

3. gr.

Áður en ráðuneytið veitir leyfi til fullvinnslu um borð í veiðiskipi sbr. 1. gr. skal liggja fyrir að eftirgreindum skilyrðum varðandi búnað vinnsluskips sé fullnægt:

1. Að móttaka og aðgerðarrými séu einangruð frá vélarrúmi.
2. Að aðstaða sé til að þvo allan fisk eftir slægingu.
3. Að mögulegt sé að kæla fisk sem bíður vinnslu með ís eða með öðrum viðurkenndum aðferðum þannig að unnt sé að halda hitastigi hans undir 4 gráðum.
4. Að fjöldi og fyrirkomulag blóðgunarkara sé með þeim hætti að auðvelt sé að tegundaflokka og halda mismunandi tegundum aðskildum fyrir vinnslu. Einnig að stærð og fyrirkomulag á hverju keri sé með þeim hætti að fiskur sem bíður vinnslu verði ekki fyrir þrýstiskemmdum eða öðru hnjaski.
5. Að fiskvinnsluvélar gefi möguleika til hámarksnytingar hráefnis í aðalafurðir og aukaafurðir miðað við þá tækni sem fyrir hendi er þegar leyfi er veitt.
6. Að hægt sé að stjórna hitastigi í lest veiðiskipa. Skal síritandi hitamælir skrá hitastig þar sem fiskafurðir eru geymdar.

4. gr.

Áður en leyfi til vinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipi er veitt skal útgerð skips leggja fyrir nákvæma greinargerð um hvernig staðið verði að vinnslu, innra eftirliti og nýtingu afla um borð þannig að ákvæðum 2. og 3. gr. sé fullnægt. Skulu m.a. koma fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Vinnsluaðferðir, vinnslunýtingar, nýtingu aukaafurða og fyrirkomulag vinnslu um borð.
2. Fjölda og stærð geymslukara undir afla sem bíður vinnslu.
3. Frystigetu fyrir aðalafurðir og aukaafurðir.
4. Stærð fiskilesta ásamt upplýsingum um búnað og geymslurými vegna nýtingar á fiskúrgangi.
5. Mannaflaþörf og lengd veiðiferða.

Framkvæmd og eftirlit.

5. gr.

Það er skilyrði fyrir veitingu leyfis til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipi að fjöldi í áhöfn sé nægilegur til að vinna afla á fullnægjandi hátt að teknu tilliti til áskilins hvíldartíma. Við mat á þessu atriði skal tekið tillit til veiðigetu skipsins, gerðar þess og fyrirkomulags vinnslunnar um borð.

Það er ennfremur skilyrði fyrir veitingu leyfis til fullvinnslu botnfiskafla að fyrir hendi sé sérstök hvíla fyrir hvern mann í áhöfn skips og eftirlitsmann sbr. 7. gr.

6. gr.

Í áhöfn skipa, sem fá leyfi til fullvinnslu botnfiskafla, skal vera maður með sérþekkingu á vinnslu um borð í veiðiskipum, sem umsjón hefur með allri vinnslu og innra eftirliti. Hann skal sjá og um að öll skráning um vinnslu og mælingar á nýtingu séu samkvæmt gildandi reglum.

Í umsókn um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla skal tilgreina þann sem annast skal gæðastjórn og tilgreina reynslu hans og menntun á því sviði.

7. gr.

Útgerðir skipa, sem hyggjast stunda fullvinnslu, skulu senda sjávarútvegsráðuneytinu umsókn um slíkt leyfi.

Áður en ráðuneytið tekur afstöðu til umsóknar um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipi skal það leita umsagnar Ríkismats sjávarafurða hvort fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett eru í 3. og 4. gr. reglugerðar þessarar og öðrum reglum sem varða búnað og hreinlæti um borð í veiðiskipum.

Jafnframt skal ráðuneytið leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins á því hvort reglum um öryggisbúnað varðandi fiskvinnslu og aðbúnað áhafnar sé fullnægt.

8. gr.

Fullnægi skip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni við gildistöku reglugerðar þessarar, ekki skilyrðum fyrir veitingu leyfis til fullvinnslu að mati ráðuneytisins skal útgerð þess veittur allt að sex mánaða frestur frá 1. september 1992 að telja til þess að fullnægja settum skilyrðum. Skilyrði þess að slíkur frestur sé veittur er að fyrir liggi áætlun útgerðar um hvernig staðið verði að nauðsynlegum úrbótum innan frestsins.

9. gr.

Eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn skulu vera um borð í fiskiskipi sem leyfi hefur til fullvinnslu botnfisks fyrstu sex mánuðina eftir að leyfi er veitt í fyrsta sinn. Eftir þann tíma skal eftirlitsmaður vera um borð eftir því sem ástæða er talin til hverju sinni af veiðieftirliti sjávarútvegsráðuneytisins. Skal útgerð sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð. Þá skal útgerð skips greiða kr. 10 000,00 vegna eftirlits skv. 6. gr. laga nr. 54, 16. maí 1992, fyrir hvern dag eða hluta dags, sem eftirlitsmaður er um borð.

Eldri fullvinnsluskip.

10. gr.

Ákvæði 2.–4. gr. og 1. málsliður 9. gr. reglugerðar þessarar taka ekki til skipa sem hafa hafið fullvinnslu um borð fyrir 22. júní 1992. Sama á við um skip sem ekki hafa hafið fullvinnslu um borð fyrir þann tíma enda hafi verið samið um smíði eða kaup á þeim með bindandi hætti fyrir 10. nóvember 1991 og smíðin verið þá það langt komin að breytingum til samræmis við kröfur um fullnýtingu afla hafi ekki verið við komið án verulegrar röskunar og kostnaðarauka.

11. gr.

Eldri fullvinnsluskipum sbr. 10. gr. er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 54/1992 veittur frestur til 1. september 1996 til að fullnægja öllum ákvæðum 2.–4. gr. reglugerðar þessarar. Ákvæðum 2., 3., 4. og 6. töluliðar 3. gr. skal þó fullnægt fyrir 1. september 1993. Auk aðalafurða er þessum skipum skylt að hirða allan meðafla, hrogn og allan afskurð sem fellur til við snyrtingu þorsks, ýsu og ufsa. Þessi skip skulu hefja nýtingu annarra aukaafurða af þorski og ýsu fyrir fiskveiðiárið sem hefst þann 1. september 1993 og hafa náð a.m.k. 60% meðalnýtingarhlutfalli, miðað við slægðan afla þessara tegunda, á fiskveiðiárinu sem hefst þann 1. september 1994.

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sviptingu vinnsluleyfis um tiltekinn tíma að mati ráðuneytisins.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 54, 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14, ágúst 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

13. ágúst 1992 Nr. 305

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990 með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 82. gr. reglugerðarinnar:

a. Grein 82.1 hljóði svo:

Öll framleiðsla og meðferð matvæla og annarra neysluvara, sem ætlaðar eru til sölu eða dreifingar, þar með talin upphitun á matvælum, skal háð leyfi heilbrigðisnefndar sem getur gert ákveðnar kröfur um hreinlæti og aðra aðstöðu, til þess að tryggja að matvæli verði ekki fyrir mengun eða skemmist á annan hátt.

Kjötskoðunarlæknir fer með eftirlit með kjötvinnslu sem fram fer í húsakynnum sláturhúsa.

Við tilbúning og dreifingu á matvælum, neyslu- og nauðsynjavörum, skal gæta þess hreinlætis og þeirrar varkárni, að varan óhreinkist ekki til skemmda eða spillist á annan hátt.

b. Grein 82.13.1 hljóði svo:

Óheimilt er að selja, dreifa eða bjóða til sölu kjöt og kjötvöru, nema að kjötið hafi verið heilbrigðisskoðað og stimplað með löggiltum hætti. Óstimpluðu kjöti eða kjötvöru sem er á boðstólum eða í dreifingu ber að farga.

c. Grein 82.14 hljóði svo:
Í kaupstöðum og kauptúnum er óheimilt að slátra búfé utan löggiltra sláturhúsa.
d. Grein 82.15 fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. ágúst 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 306 12. ágúst 1992

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurnesjum.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og 1. mgr. 9. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, með síðari breytingum skulu eftirlitsskyld fyrirtæki greiða gjöld, sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 4 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 2. gr. laga nr. 81/1988, með síðari breytingum skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér segir:

1. flokkur kr. 10.000,00	3. flokkur kr. 30.000,00
2. flokkur kr. 20.000,00	4. flokkur kr. 40.000,00

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd svæðisnefndar lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal með gjaldskránni. Listi þessi skal afhentur hlutaðeigandi sveitarfélögum. Sveitarstjórnir sem kjósa að leggja á eftirlitsgjöld innheimta þau á eigin ábyrgð og kostnað. Sveitarstjórnum er heimilt að fela Gjaldheimtu Suðurnesja innheimtu gjaldanna. Skulu gjöld þessi ganga til greiðslu á kostnaði vegna heilbrigðiseftirlits.

4. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. september og eindagi 1. október. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

5. gr.

Gjöld skv. 3. gr. má innheimta með fjárnámi.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögunum á heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurnesja, sbr. 11. mgr. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum staðfestist hér með skv. 3. mgr. 5. gr. áðurnefndra laga til þess að taka gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 255/1990 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. ágúst 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Dögg Pálsdóttir.

Fylgiskjal.

Flokkun fyrirtækja eftir umfangi skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 81/1988, með síðari breytingum.

I. flokkur
Leiktækjasalir
Gufubaðsstofur
Leikvellir
Læknastofur
Rakarastofur
Hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur
Sælgætis- og tóbakssölur
Tannlæknastofur
Torgsala og annar sambærilegur rekstur

II. flokkur
Fangageymslur
Félagsheimili sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur
Gistiheimili án veitinga
Heilsuræktarstöðvar
Íþróttahús án sundstaðar
Íþróttavellir/sundstaðir
Brauðgerð/brauðsala
Kvikmyndahús
Læknastöðvar
Leikskólar
Matsöluvagnar
Mötuneyti (minni)
Neysluvörugeymslur
Nýlenduvöruverslanir
Tækifærisveitingar
Annar sambærilegur rekstur

III. flokkur
Brauðgerðarhús
Brauðstofur
Pizzugerðir
Dagheimili
Félagsheimili með veitingarekstur
Fiskbúðir
Minni hótel
Sjúkrahús 1 (hjúkrunarheimili o.s.frv.)
Dvalarheimili o.þ.h.
Ísbúðir/ísgerðir
Íþróttahús með sundlaug
Sundlaugar/sundhallir
Kjörbúðir/nýlenduvöruverslanir
Leiktækjasalir með veitingum
Skyndibitastaðir
Stærri samkomuhús og veitingastaðir
Sælgætisgerðir (stærri)
Veislumiðstöðvar
Veitingastaðir
Vinnslustöðvar minni (kjöt, fiskur og önnur matvæli)
Annar sambærilegur rekstur

IV. flokkur
Stórmarkaðir
Stærri kjörbúðir
Stór hótel
Stórar matvælavinnslustöðvar
Stór brauðgerðarhús
Mjólkurstöðvar
Vinnuheimili
Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefnur o.þ.h.
Sjúkrahús 2 (svæðissjúkrahús, deildarskipt sjúkrahús, almenn sjúkrahús)
Annar sambærilegur rekstur

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi Heiðavallasvæðis – Digraneskirkju og umhverfis, Kópavogi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964, hefur ráðherra þann 7. ágúst 1992 staðfest deiliskipulag fyrir Heiðavallasvæði – Digraneskirkju og umhverfi.

Uppdráttur deiliskipulags og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964, mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfisráðuneytið, 7. ágúst 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 44 - 1992

21. ágúst 1992 637 Nr. 308

REGLUGERÐ

um útgáfu á 3. flokki húsbréfa 1992 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið á grundvelli laga nr. 76/1989, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild, gefi út 3. flokk húsbréfa 1992. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í 3. flokki 1992, skal vera að hámarki 4 000 milljónir. Húsbréfin skulu gefin út í fjórum undirflokkum A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbréf vera að fjárhæð kr. 5 000 000,00, í undirflokki B kr. 1 000 000,00, í undirflokki C kr. 100 000,00 og í undirflokki D kr. 10 000,00. Vextir í 3. flokki 1992 eru 6% á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbréf eru greiðsla húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbréfum.

3. gr.

Húsbréf skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbréfs. Við eigendaskipti að húsbréfi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbréfs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbréf eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtingablaði nr. 19 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala ágústmánaðar 1992.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbréfa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. ágúst 1992, til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. ágúst 1992.

Steindórsprent Gutenberg hf.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbréf þetta að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. febrúar, 15. maí, 15. ágúst og 15. nóvember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. nóvember 1993. Húsbréfaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. ágúst 1993. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Númer útdreginna húsbréfa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Þau húsbréf þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. ágúst 2017. Húsbréf verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbréfadeildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrnast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbréf eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/1989 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988 með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. ágúst 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 - 1992

19. ágúst 1992 639 Nr. 309

REGLUGERÐ

um tollafgreiðslu og greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þegar tollskjöl eru send milli tölva.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau þá merkingu sem hér segir:

Tollstjórar: Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn í sýslum utan Reykjavíkur.

Aðflutningsgjöld: Gjöld og skattar hvers konar sem greiða ber við tollafgreiðslu innfluttra vara, t.d. tollur, virðisaukaskattur og vörugjald.

Leyfishafi: Aðili sem fær leyfi til samskipta við tollstjóra með skjalasendingum milli tölva og getur með þeim hætti ráðstafað vöru til tollmeðferðar.

Skjalasending milli tölva (SMT): Sendingar á gögnum milli gagnavinnslukerfa sem fylgja ákveðnum stöðlum.

Rammaskeyti: Safn samstæðra gagna sem raðað er saman samkvæmt ákveðnum stöðlum fyrir skeyti til flutnings með rafeindaboðum milli tölva og forsniðið er þannig að það sé unnt í tölvu að lesa það og vinna sjálfvirkt á vélrænan og ótvíræðan hátt. Rammaskeytin eru gerð samkvæmt staðli Sameinuðu þjóðanna (UN/EDIFACT) fyrir SÞ-rammaskeyti vegna tollafgreiðslu vara og í þeim eiga að koma fram sömu upplýsingar og í þeim tollskjölum sem þau eiga að koma í staðinn fyrir og send eru á milli innflytjenda, farmflytjenda, tollyfirvalda og annarra, auk annarra upplýsinga sem nefndar eru í reglugerðinni.

Gagnaflutningur: Sending rammaskeyta milli innflytjenda, farmflytjenda, tollyfirvalda og annarra vegna tollafgreiðslu innfluttra vara.

Gagnaflutningsnet: Almenna gagnaflutningsnet Póst- og símamálastofnunarinnar eða annað sambærilegt gagnaflutningsnet sem notar alþjóðastaðalinn X.400 og fullnægir skilyrðum ríkistollstjóra að öðru leyti.

Gagnahólf leyfishafa: Gagnahólf í gagnaflutningsneti, skráð á nafn leyfishafa, þar sem unnt er að geyma rammaskeyti frá leyfishafa og tollyfirvöldum.

Lykilorð að gagnahólfi leyfishafa: Sérstakt stafrænt auðkenni sem gerir leyfishafa mögulegt að fá aðgang að gagnahólfi sínu í gagnaflutningsneti til að senda rammaskeyti eða veita þeim viðtöku.

Tölvukerfi ríkistollstjóra: Tölvukerfi og hugbúnaður sem notaður er af tollyfirvöldum við tollafgreiðslu innfluttra vara, álagningu aðflutningsgjalda og innheimtu þeirra.

Tollalínan: Sérstakur aðgangur leyfishafa að tölvukerfi ríkistollsjóra sem gerir honum mögulegt að fá upplýsingar um tollafgreiðslu eigin vörusendinga.

Steindórsprent Gutenberg hf.

II. KAFLI
Gildissvið.

2. gr.

Með reglugerð þessari er heimilað að aðilar sem um ræðir í III. kafla og til þess fá tilskilin leyfi láti tollyfirvöldum í té með skjalasendingum milli tölva þær upplýsingar sem afhenda ber við tollafgreiðslur vara, sbr. 14.-19. gr. tollalaga nr. 55/1987, fyrirmæli sett samkvæmt þeim og sérstök fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari. Upplýsingaskipti á milli tollyfirvalda og leyfishafa eða annarra fari þá fram með skjalasendingum milli tölva.

Þegar tollafgreiðsla fer fram samkvæmt 1. málsgrein skal viðkomandi leyfishafa, sem ráðstafar vöru eða sendingu til tollmeðferðar, veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum og skal hann skuldfærður fyrir lánuðum aðflutningsgjöldum.

III. KAFLI
Leyfishafar.

3. gr.

Leyfi til tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari má veita þeim aðilum sem stunda innflutningsverslun, framleiðslu eða viðgerðarþjónustu í atvinnuskyni, enda uppfylli þeir eftirtalin skilyrði:

a. Þeir hafi tilskilin leyfi til viðkomandi atvinnustarfsemi, svo sem verslunarleyfi, sbr. lög um verslunaratvinnu nr. 41/1968, iðnaðarleyfi, sbr. iðnaðarlög nr. 42/1978, eða önnur leyfi sem krafist er.
b. Þeir hafi tilkynnt Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og hafi verið færðir á fyrirtækjaskrá, sbr. lög um fyrirtækjaskrá nr. 62/1969.
c. Þeir hafi tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína samkvæmt 5. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988.
d. Þeir séu ekki í vanskilum við ríkissjóð með greiðslu opinberra gjalda eða skatta.
e. Ríkistollstjóri hafi samþykkt þann hugbúnað sem umsækjandi hyggst nota til samskipta við tollyfirvöld.
f. Þeir hafi á að skipa starfsliði sem hefur til að bera fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum sem gilda um tollmeðferð vara.

4. gr.

Flutningsmiðlurum og þeim sem hafa leyfi til að reka frísvæði eða almennar tollvörugeymslur má veita leyfi til að koma fram gagnvart tollyfirvöldum við tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari fyrir hönd innflytjenda eða viðtakenda vara eða sendinga.

Þegar tollmeðferð fer fram samkvæmt þessari grein ábyrgjast umboðsaðilar og innflytjendur eða viðtakendur vara eða sendinga in solidum greiðslu aðflutningsgjalda.

IV. KAFLI
Umsókn um leyfi og leyfisveiting.

5. gr.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, veita leyfi til tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari.

Þeir sem óska eftir leyfi skulu sækja um það skriflega á þar til gerðu eyðublaði, sbr. 6. gr., til tollstjóra í því tollumdæmi þar sem þeir eiga lögheimili. Telji tollstjóri skilyrði uppfyllt gefur hann út staðfestingu til handa umsækjanda sem veitir honum leyfi til að fá tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari í öllum tollumdæmum landsins. Hefja má tollmeðferð vara og sendinga með þessum hætti þegar ríkistollstjóri hefur veitt heimild til að tengja tölvukerfi leyfishafa við tölvukerfi ríkistollstjóra og leyfishafi hefur fengið lykilorð að gagnahólfi sem skráð er á hans nafn.

6. gr.

Í umsókn um leyfi til tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari skal greina:

a. Nafn umsækjanda, kennitölu, aðsetur og virðisaukaskattsnúmer.
b. Hverjir hafi umboð til að skuldbinda hann samkvæmt reglugerð þessari.
c. Aðrar þær upplýsingar sem eyðublaðið gefur tilefni til.

Ríkistollstjóri ákveður gerð eyðublaðs sem notað skal samkvæmt 1. málsgrein.

Verði breytingar síðar á þeim upplýsingum sem fram koma í umsókn, skal það þegar tilkynnt þeim tollstjóra sem veitti leyfið, sbr. 5. gr.

V. KAFLI
Ábyrgðir vegna lánaðra aðflutningsgjalda.

7. gr.

Umsækjandi skal skila með umsókn sinni yfirlýsingu banka, sparisjóðs eða viðurkennds tryggingar- eða ábyrgðarfélags um að tekin sé skilyrðislaus sjálfskuldarábyrgð á tiltekinni fjárhæð lánaðra aðflutningsgjalda hans vegna, auk dráttarvaxta og annars kostnaðar sem leiða kann af vanefndum, sbr. 20. gr.

Fjárhæð ábyrgðar samkvæmt 1. málsgrein er jafnframt hámark lánaðra aðflutningsgjalda.

Ábyrgð skal vera ótímabundin en hún má vera uppsegjanleg af hálfu ábyrgðaraðila með ábyrgðarbréfi til viðkomandi tollstjóra með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Ef ábyrgð er sagt upp breytir það ekki ábyrgð á aðflutningsgjöldum sem eru lánuð fyrir gildistöku uppsagnar. Eftir uppsögn ábyrgðar er tollstjóra óheimilt að tollafgreiða vörur samkvæmt reglugerð þessari nema önnur ábyrgð sé sett í stað þeirrar sem sagt var upp.

8. gr.

Tollstjóri má síðar að ósk leyfishafa falla frá kröfu um ábyrgð samkvæmt 7. gr. ef fullnægt er eftirtöldum skilyrðum:

a. Hann hefur haft leyfi til tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari í minnst 6 mánuði og ekki hafi þann tíma komið til vanskila af hans hálfu.
b. Hann sé ekki í vanskilum með opinber gjöld eða skatta til ríkissjóðs.

Komi í ljós síðar að leyfishafi uppfyllir ekki lengur ofangreind skilyrði, skal tollstjóri þegar í stað krefjast ábyrgðar samkvæmt 7. gr.

9. gr.

Víkja má frá kröfu um sjálfskuldarábyrgð samkvæmt 7. gr. að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. Viðkomandi hafi leyfi til einfaldari tollmeðferðar samkvæmt reglum nr. 510/1990, um einfaldari tollmeðferð á vörum,
b. sé ekki í vanskilum með opinber gjöld eða skatta til ríkissjóðs þegar beiðni um leyfi til tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari er borin fram og
c. hafi á sama tíma haft tilskilin leyfi til viðkomandi atvinnustarfsemi í a.m.k. þrjá mánuði.

Komi í ljós að leyfishafi uppfyllir ekki lengur ofangreind skilyrði skal tollstjóri þegar í stað krefjast ábyrgðar samkvæmt 7. gr.

10. gr.

Ákvæði 8.-9. gr. taka ekki til flutningsmiðlara.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til rekstraraðila frísvæða og almennra tollvörugeymslna, enda hafi þeir sett tryggingu samkvæmt 3. málsgrein 73. gr. tollalaga nr. 55/1987 og hún taki til ábyrgðar á aðflutningsgjöldum þeirra vara sem þeir ráðstafa til tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari.

VI. KAFLI
Tollmeðferð.

11. gr.

Þegar tollmeðferð fer fram samkvæmt reglugerð þessari sendir leyfishafi aðflutningsskýrslu um viðkomandi vöru eða sendingu með rammaskeyti um gagnaflutningsnet til tollstjóra þar sem tollmeðferð á að fara fram. Hann skal nota gagnahólf sem skráð er á nafn hans.

Auk leyfishafa mega þeir sem heimild hafa til að skuldbinda hann, sbr. b-lið 1. málsgreinar 6. gr., annast skjalasendingu milli tölva og notkun gagnahólfs fyrir hönd hans vegna tollmeðferðar á vörum samkvæmt reglugerð þessari.

Í rammaskeyti samkvæmt þessari grein skulu koma fram þær upplýsingar sem veita ber í aðflutningsskýrslu samkvæmt ákvæðum 14.-19. gr. tollalaga nr. 55/1987 og fyrirmælum settum samkvæmt þeim, auk þess sem þar skal tilgreina tilvísunarnúmer leyfishafa og númer vörureikninga vegna vara í þeirri sendingu sem rammaskeytið tekur til. Tilvísunarnúmer samkvæmt þessari málsgrein skal gefið öllum tollskjölum sem eiga við um þá vöru eða sendingu sem aðflutningsskýrsla sem send er tollstjóra með rammaskeyti tekur til. Tilvísunarnúmer skulu vera einkvæm, en að öðru leyti ákveður viðkomandi leyfishafi sjálfur útfærslu númerakerfis í bókhaldi sínu.

Rammaskeyti samkvæmt þessari grein skal vera í samræmi við fyrirmynd að rammaskeyti fyrir aðflutningsskýrslu eins og ákveðið er af ríkistollstjóra skv. 26. gr.

12. gr.

Aðflutningsskýrsla sem send er með rammaskeyti samkvæmt 11. gr. telst vera móttekin hjá tollstjóra við skráningu í tölvukerfi ríkistollstjóra. Vara eða sending telst þá vera tekin til tollmeðferðar, enda fullnægi upplýsingarnar sem veittar eru með þessum hætti að öllu leyti þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að heimila afhendingu vöru eða sendingar þegar í stað. Um ábyrgð leyfishafa á réttmæti þeirra upplýsinga sem koma fram í rammaskeyti fer eftir ákvæðum 16. gr. tollalaga. Auk þess að bera ábyrgð á að upplýsingarnar séu réttar, ber hann ábyrgð á að um sé að ræða allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollmeðferðarinnar og að þær séu byggðar á þeim tollskjölum sem hefði átt að leggja fram með aðflutningsskýrslu ef hann hefði ráðstafað vöru eða sendingu til tollmeðferðar samkvæmt almennum reglum.

Leyfishafi telst með skeyti samkvæmt 11. gr. samþykkja að tollstjóri skuldfæri öll aðflutningsgjöld af þeirri vöru eða sendingu sem skeytið tekur til, án frekari beiðni þess efnis og jafnframt felst í því skuldbinding af hans hálfu um greiðslu aðflutningsgjaldanna samkvæmt VII. kafla.

13. gr.

Tollstjóri sendir viðkomandi leyfishafa með rammaskeyti í gagnahólf hans heimild til að veita vörunni eða sendingunni viðtöku frá vörsluhafa og tilkynningu um skuldfærslu aðflutningsgjalda. Enn fremur sendir tollstjóri farmflytjanda eða öðrum vörsluhafa vöru eða sendingar rammaskeyti þar sem afhending vöru eða sendingar er heimiluð (afhendingarheimild).

Rammaskeyti samkvæmt þessari grein skulu vera í samræmi við fyrirmynd slíkra skeyta eins og ákveðið er af ríkistollstjóra skv. 26. gr.

14. gr.

Vara eða sending sem fær tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari telst tollafgreidd þegar tollstjóri hefur heimilað afhendingu samkvæmt 13. gr.

15. gr.

Leyfishafar skulu einungis ráðstafa þeim vörum eða sendingum til tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari sem þeir hafa vissu fyrir að séu rétt tollflokkaðar samkvæmt tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, og að aðrar tilskildar upplýsingar um þá vöru eða sendingu séu réttar, svo sem um verðmæti við ákvörðun tollverðs, sbr. 8.-10. gr. tollalaga og reglugerð nr. 395/1987, um tollverð og tollverðsákvörðun. Enn fremur þurfa leyfishafar að hafa vissu fyrir því að öllum innflutningsskilyrðum sé fullnægt hverju sinni, t.d. að fyrir liggi tilskilin innflutningsleyfi og að vottorð séu til staðar sé þeirra krafist við tollmeðferð viðkomandi vöru eða sendingar.

Ef leyfishafar eru í vafa um að öllum skilyrðum samkvæmt 1. málsgein sé fullnægt, skulu þeir hafa samráð við viðkomandi tollstjóra áður en vöru eða sendingu er ráðstafað til tollmeðferðar samkvæmt 11. gr.

16. gr.

Þeim sem leyfi fá til tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að senda aðflutningsskýrslur með rammaskeytum hvenær sem er, enda hafi ríkistollstjóri ekki stöðvað móttöku skeyta, sbr. 3. málsgrein 26. gr.

Leyfishafar skulu hafa aðgang að tollalínu tölvukerfis ríkistollstjóra.

VII. KAFLI
Uppgjörstímabil, gjalddagar og skil aðflutningsgjalda.

17. gr.

Uppgjörstímabil vegna greiðslufrests á aðflutningsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari skulu vera þau sömu og um ræðir í 1. málsgrein 4. gr. reglugerðar nr. 640/1989, um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 352/1990, um breytingu á henni.

18. gr.

Þeir sem fengið hafa greiðslufrest á aðflutningsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða tollstjóra þar sem þeir eiga lögheimili aðflutningsgjöld sem þeim hafa verið lánuð.

Greiða má samkvæmt gíróseðli sem sendur er leyfishafa í lok uppgjörstímabils.

Aðflutningsgjöld skal greiða eigi síðar en á gjalddaga sem er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna tollafgreiðslna á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

19. gr.

Greiðsla aðflutningsgjalda samkvæmt 18. gr. telst fullnægjandi ef:

a. greitt er í banka, sparisjóði eða pósthúsi í síðasta lagi á gjalddaga,
b. greitt er hjá tollstjóra í síðasta lagi á gjalddaga eða
c. póstlögð greiðsla hefur borist tollstjóra í síðasta lagi á gjalddaga.

20. gr.

Verði um vanskil á greiðslu aðflutningsgjalda að ræða samkvæmt 18.-19. gr. skal tollstjóri synja leyfishafa um tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari á meðan vanskil vara. Jafnframt skulu dráttarvextir reiknaðir á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með gjalddaga og innheimtir í ríkissjóð. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta skulu gilda ákvæði 1. mgr. 9. gr. og 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, með áorðnum breytingum.

Hafi vangreidd aðflutningsgjöld ásamt dráttarvöxtum ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga eins og hann er ákveðinn samkvæmt 18. gr. skal tollstjóri ganga að ábyrgð

samkvæmt 7. gr., hafi innflytjendur samkvæmt 3. gr. eða flutningsmiðlarar samkvæmt 4. gr. ráðstafað vöru eða sendingu til tollmeðferðar. Tollstjóri skal þá ganga að tryggingu rekstraraðila frísvæðis eða almennrar tollvörugeymslu, sbr. 4. gr., hafi þeir aðilar ráðstafað vörunni eða sendingunni til tollmeðferðar.

Einföld krafa tollstjóra til ábyrgðaraðila samkvæmt 2. málsgrein nægir og skal greiðsla hafa borist tollstjóra innan 7 daga frá dagsetningu kröfubréfs. Hafi greiðsla eigi borist tollstjóra innan þess tíma skal hvers konar tollafgreiðsla til þess aðila sem ráðstafaði vöru eða sendingu til tollmeðferðar þegar stöðvuð og ekki hefjast að nýju fyrr en fullnaðarskil hafa verið gerð.

Komi til vanskila af hálfu aðila sem 3. gr. tekur til og ekki er um að ræða ábyrgð samkvæmt 7. gr., skulu um stöðvun tollafgreiðslu gilda ákvæði 11. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á vörum, eftir því sem við getur átt.

Nú á innflytjandi rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt 26. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, eða endurgreiðslu vegna ofgreiddra aðflutningsgjalda og skal tollstjóri þá skuldajafna endurgreiðslunni á móti kröfum um vangreidd opinber gjöld eða skatta til ríkissjóðs.

VIII. KAFLI
Bókhald og varðveisla gagna.

21. gr.

Þeir sem koma fram gagnvart tollyfirvöldum vegna tollmeðferðar vara eða sendinga samkvæmt reglugerð þessari skulu varðveita í bókhaldi sínu á aðgengilegan og tryggilegan hátt öll gögn sem snerta tollmeðferð vara og sendinga, hvort sem þau eru skrifleg eða ekki.

Aðilar samkvæmt 1. málsgrein skulu halda fullkomna skrá eða gagnadagbók í réttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammaskeyti sem þeir senda tollstjórum eða móttaka frá þeim. Þegar gagnadagbók er haldin á tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammaskeyti og endurmynda þau á læsilegan hátt og prenta þau, ef þess er óskað.

Leyfishafi skal prenta á pappír og varðveita tilkynningu tollstjóra um skuldfærslu aðflutningsgjalda, sbr. 13. gr., og varðveitist hún með tilheyrandi tollskjölum, sbr. og m.a. VIII. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Varðveita ber bókhaldsgögn í samræmi við lög um bókhald nr. 51/1968, með áorðnum breytingum, og fyrirmæli settum samkvæmt þeim.

22. gr.

Reglur 21. gr. um varðveislu gagna skulu enn fremur eiga við, eftir því sem við getur átt, um varðveislu gagna af hálfu annarra aðila en þeirra sem ráðstafa vöru eða sendingu til tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari, t.d. flutningsmiðlara, farmflytjenda, tollvörugeymslna og rekstraraðila frísvæða, varðandi gögn og upplýsingar sem þessir aðilar hafa sent tollyfirvöldum eða móttekið frá þeim vegna tollmeðferðar vara samkvæmt reglugerð þessari.

IX. KAFLI
Endurskoðun aðflutningsgjalda og ákvörðun gjalda að nýju.

23. gr.

Endurskoðun vegna tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari skal fara fram eftir á, nema gild rök réttlæti annað. Ríkistollstjóri getur sett nánari framkvæmdareglur um endurskoðun tollstjóra.

Komi í ljós við tollmeðferð vöru samkvæmt reglugerð þessari að annmarki þyki að mati tollstjóra á upplýsingagjöf innflytjanda eða frekari skýringa sé þörf á einhverju atriði, skal fara

að fyrirmælum 98. gr. tollalaga nr. 55/1987. Tollstjóri skal þá ekki heimila afhendingu vöru fyrr en bætt hefur verið úr annmörkum eða fullnægjandi skýringar hafa verið látnar í té.

Um heimild tollstjóra til að endurákvarða aðflutningsgjöld eftir afhendingu vöru fer eftir ákvæðum 99. gr. tollalaga og skulu gilda sömu reglur og um rétt tollstjóra til að endurákvarða aðflutningsgjöld þegar vörur eru tollafgreiddar samkvæmt reglum um einfaldari tollmeðferð vöru, sbr. reglugerð nr. 510/1990.

Um heimild ríkistollstjóra til endurákvörðunar aðflutningsgjalda fer eftir 3. mgr. 32. gr. tollalaga.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Leyfishafar samkvæmt reglugerð þessari skulu að kröfu tollyfirvalda leggja fram og veita aðgang að bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum og öðrum gögnum sem varða innflutning vara sem tollmeðferð fá samkvæmt reglugerðinni og veita allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru að mati tollyfirvalda til að ganga úr skugga um að upplýsingar sem veittar eru með þeim hætti, sem hér hefur verið fjallað um, séu réttar.

25. gr.

Ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og fyrirmæli sett samkvæmt þeim, skulu gilda um tollmeðferð og tolleftirlit vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar eftir því sem við getur átt.

26. gr.

Ríkistollstjóri hefur umsjón með tölvukerfi því sem notað er af hálfu tollyfirvalda við tollafgreiðslur samkvæmt reglugerð þessari. Getur hann sett nánari fyrirmæli um framkvæmd slíkra afgreiðslna og m.a. ákveðið gerð þeirra rammaskeyta sem nota ber af hálfu tollstjóra, innflytjenda og annarra.

Ríkistollstjóri getur ákveðið til hvers konar tollafgreiðslna reglugerð þessi tekur.

Ríkistollsjóri getur ákveðið að stöðva móttöku skeyta sem send eru í tölvukerfi ríkistollstjóra vegna breytinga á aðflutningsgjöldum, tollskrá, tollgengi eða af öðrum ástæðum sem gera það nauðsynlegt að hans mati.

27. gr.

Leyfishafi greiðir kostnað af gagnaflutningi samkvæmt reglugerð þessari og annan kostnað samkvæmt gjaldskrá sem ríkistollstjóri ákveður.

28. gr.

Tollstjóri getur svipt leyfishafa heimild til tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari vegna ítrekaðra vanskila á greiðslu aðflutningsgjalda sem veittur hefur verið greiðslufrestur á, ef hann fullnægir ekki lengur skilyrðum reglugerðar þessarar eða ef hann hefur af öðrum ástæðum að mati tollstjóra fyrirgert rétti sínum til tollmeðferðar samkvæmt reglugerðinni.

Ákvörðun tollstjóra um sviptingu leyfis samkvæmt þessari grein skal vera rökstudd og ber að tilkynna hana í ábyrgðarbréfi. Leyfissvipting tekur gildi 7 dögum frá póstlagningardegi tilkynningar og hefur hún gildi í öllum tollumdæmum landsins.

Heimild til tollmeðferðar samkvæmt reglugerð þessari fellur jafnframt niður þegar ákvæði 3. málsgreinar 104. gr. tollalaga eiga við.

29. gr.

Misnotkun leyfis sem veitt hefur verið samkvæmt reglugerð þessari getur m.a. varðað við XIV. kafla tollalaga nr. 55/1987.

Um meðferð mála vegna brota á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

30. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. gr., 109. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, sbr. og heimild í 3. mgr. 34. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi 15. september 1992.

Fjármálaráðuneytið, 19. ágúst 1992.

Friðrik Sophusson.

Indriði H. Þorláksson.

Nr. 310 19. ágúst 1992

REGLUGERÐ

um tollmeðferð póstsendinga.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Neðangreind hugtök hafa eftirfarandi merkingu samkvæmt reglugerð þessari:

1. *Póstsending:* Hvers konar sending sem send er til eða frá landinu í samræmi við alþjóðlega samninga um póstmál sem Ísland er aðili að.
   Smásending: Póstsending sem flutt er til eða frá landinu í einu komu- eða sendingarnúmeri og er að tollverðmæti kr. 10.000 eða minna. Slíkar smásendingar má flokka saman í tollskrárnúmerin 9801.0001 til 9801.0009 þegar um innflutning er að ræða en í tollskrárnúmerin 9901.0001 til 9901.0009 þegar um útflutning er að ræða. Skiptir ekki máli í því sambandi þótt hver einstakur hlutur í sendingu kunni að flokkast undir fleiri en eitt tollskrárnúmer samkvæmt 1. til 97. kafla tollskrárinnar. Sem smásendingar í skilningi reglugerðar þessarar má þó ekki tollafgreiða póstsendingar sem í eru vörur sem háðar eru innflutnings- eða útflutningstakmörkunum eða -leyfi en þær skulu tollafgreiddar með venjulegum hætti.
   Vörur sem teljast smásendingar í skilningi reglugerðar þessarar og tollflokkaðar eru saman skal greiða af aðflutningsgjöld samkvæmt fylgiskjali I, enda svari þær í heild sinni til vörulýsingar einhvers eins af þeim tollskrárnúmerum sem þar eru tilgreind.
   Fjármálaráðuneytið getur með auglýsingu breytt viðmiðunarfjárhæð samkvæmt þessum tölulið.
2. *Viðtakandi:* Innflytjandi, eigandi eða annar sem veitir innfluttri póstsendingu viðtöku.

2. gr.

Póststjórnin annast tollheimtu vegna póstsendinga.

Tollstjórar, hver í sínu tollumdæmi, annast tolleftirlit með póstsendingum.

II. KAFLI.
Tollheimta.

Tollmeðferð og flokkun aðflutningspóstsendinga.

3. gr.

Allar póstsendingar sem fluttar eru til landsins skulu þegar fluttar á Póstmiðstöðina í Reykjavík. Þar skulu þær flokkaðar vegna framsendingar til ákvörðunarpósthúss og þær póstsendingar sem taka ber til tollmeðferðar jafnframt aðgreindar frá öðrum póstsendingum.

4. gr.

Póststarfsmenn skulu annast flokkun aðfluttra póstsendinga vegna tollmeðferðar.

Til tollmeðferðar skal taka þessar póstsendingar:

1. Bréfapóstsendingar og verðpóstsendingar með grænum tollmiða (C1).
2. Bréfapóstsendingar og verðpóstsendingar, sem ætla má að í séu tollskyldar vörur, vörur sem bannaður er innflutningur á, eða vörur, sem ekki má flytja hingað til lands, nema fullnægt sé ákveðnum skilyrðum, svo sem með innflutningsleyfi. Þegar svo ber undir skulu póststarfsmenn tilkynna viðtakanda komu sendingarinnar og skora á hann að opna sendinguna í viðurvist póststarfsmanns. Öll önnur bréf skulu afhendast viðtakanda án tollmeðferðar.
3. Alla póstböggla, nema böggla sem samkvæmt utanáskrift eiga að fara til aðila sem undanþegnir eru tollskyldu samkvæmt 1. til 3. tl. 3. gr. tollalaga (m.a. forseti Íslands og sendiráð, sendiræðismannsskrifstofur, sendierindrekar, sendiræðismenn og kjörræðismenn erlendra ríkja, enda liggi fyrir við afhendingu bögglanna skrifleg yfirlýsing viðkomandi um að vörurnar séu undanþegnar tollskyldu samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum.

Greiðslustaður aðflutningsgjalda.

5. gr.

Aðflutningsgjöld af póstsendingum, sem teknar hafa verið til tollmeðferðar, skal greiða á pósthúsi fyrir afhendingu.

Fullnægja skal öllum skilyrðum um innflutning svo og greiða aðflutningsgjöld að fullu áður en póstsending er afhent viðtakanda, nema heimilt sé að veita honum greiðslufrest vegna álagðra aðflutningsgjalda samkvæmt reglum settum af fjármálaráðherra.

Aðflutningsskýrslur og aðflutningsskjöl.

6. gr.

Viðtakandi póstsendingar, sem tekin er til tollmeðferðar, skal afhenda póststarfsmanni á hlutaðeigandi pósthúsi skriflega aðflutningsskýrslu ásamt vörureikningi og öðrum tollskjölum. Í aðflutningsskýrslunni skal hann veita upplýsingar um hvaða vörur séu í sendingunni, verð þeirra, tollskrárnúmer, aðflutningsgjöld og önnur atriði sem tollskýrslueyðublað gerir ráð fyrir að tilgreind séu. Aðflutningsskýrslan skal vera vélrituð og undirrituð af viðtakanda eða öðrum samkvæmt umboði viðtakanda.

Póststjórnin getur ákveðið að póststarfsmenn aðstoði viðtakendur póstsendinga við gerð aðflutningsskýrslu óski þeir eftir því, enda greiði þeir þóknun fyrir samkvæmt auglýstri gjaldskrá hennar. Aðflutningsskýrsla skal eftir sem áður undirrituð af viðtakanda sem ber ábyrgð á upplýsingum þeim sem veittar eru í aðflutningsskýrslu, sbr. m.a. 16. gr. tollalaga. Auk tollskýrslueyðublaðs E1 er póststjórninni heimilt að nota sérstakt tollskýrslueyðublað E3, sem fyllt skal út af póststarfsmönnum og sent viðtakanda til undirritunar. Póststjórnin skal að höfðu samráði við ríkistollstjóra ákveða hvenær nota má tollskýrslueyðublað E3.

Endurskoðun.

7. gr.

Póststarfsmenn annast endurskoðun aðflutningsskýrslu viðtakanda og ganga úr skugga um að upplýsingar þær sem þar eru veittar og meðfylgjandi tollskjöl séu í samræmi við innihald sendingar m.a. að því er varðar verðmæti og tollflokkun vöru.

Hafi viðtakandi ekki lagt fram með aðflutningsskýrslu tilskilin tollskjöl, eins og vörureikning eða flutningsskírteini, skal skora á hann að bæta úr þeim annmarka innan hæfilegs frests. Geti viðtakandi ekki lagt fram vörureikning af ástæðum sem fullnægjandi eru að mati póststarfsmanna skal vörusendingin metin til tolls samkvæmt ákvæðum tollalaga og reglugerðar settri samkvæmt þeim um ákvörðun tollverðs.

Komi í ljós við endurskoðun póststarfsmanna að upplýsingum, sem veittar eru í aðflutningsskýrslu, ber ekki saman við innihald sendingar eða ekki hefur verið gætt lagaákvæða um innflutningsbann eða -takmarkanir skal yfirmaður á viðkomandi pósthúsi þegar tilkynna það tollstjóra í því tollumdæmi sem pósthús er og afhenda honum málið til ákvörðunar um málsmeðferð. Sama gildir rísi ágreiningur um tollflokkun, tollverð eða annað sem um ræðir í 100. gr. tollalaga eða telji yfirmaður pósthússins að ákvæði tollalaga eða annarra laga um innflutning hafi verið brotin eða grunur þykir leika á um slíkt brot. Póststarfsmaður getur þó leiðrétt augljósar reikningsskekkjur, hvort sem þær snerta einstaka liði í aðflutningsskýrslu eða heildarniðurstöðu, svo og einstaka aðra liði í aðflutningsskýrslu, enda séu óyggjandi upplýsingar fyrir hendi.

8. gr.

Komi í ljós við endurskoðun póststjórnarinnar eða endurskoðunardeildar ríkistollsjóraembættisins að aðflutningsgjöld hafa ekki verið að fullu greidd skal póststjórnin gera ráðstafanir til innheimtu þeirra og má stöðva tollafgreiðslu á öðrum vörusendingum til skuldara þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd.

9. gr.

Af póstsendingum, sem ekki fara úr vörslum póstsins og endursendar eru til útlanda eða frá útlöndum, skal ekki greiða aðflutningsgjöld.

III. KAFLI
Tolleftirlit.

10. gr.

Tolleftirlit með póstsendingum skal miða að því að fyrirbyggja að ákvæði laga um bann við innflutningi á vörum séu brotin, tryggja að lagaákvæði varðandi innflutningstakmarkanir séu virt og tollskyldar vörur séu færðar til tollafgreiðslu.

Tolleftirlit samkvæmt 1. mgr. skal fara fram með úrtaksathugun og vali með tilliti til áhættuþátta.

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður fjölda tollstarfsmanna sem starfi á Póstmiðstöðinni. Póststarfsmenn skulu aðstoða tollyfirvöld við tolleftirlit eftir því sem þurfa þykir og veita þeim aðgang að póstskjölum sem varða viðkomandi póstsendingar. Póststjórnin skal leggja tollstjóra til endurgjaldslaust hæfilega aðstöðu fyrir tollstarfsmenn svo og tæki og búnað sem nauðsynleg geta talist vegna tolleftirlits.

Tollstjórar og tollstarfsmenn þeirra skulu hver í sínu tollumdæmi veita póststarfsmönnum og viðtakendum póstsendinga upplýsingar m.a. um tollflokkun póstendinga sé þess óskað.

Óski póststjórnin eftir aðstoð tollstarfsmanna utan almenns afgreiðslutíma hjá tollstjóra skal póststjórnin greiða allan kostnað sem af því leiðir.

IV. KAFLI
Tollmeðferð útflutningspóstsendinga.

11. gr.

Þeir sem selja vörur úr landi og senda í póstsendingu skulu afhenda póststarfsmanni á hlutaðeigandi pósthúsi skriflega útflutningsskýrslu ásamt vörureikningi og öðrum tollskjölum sem leggja ber fram vegna tollafgreiðslu á vörum til útflutnings.

Ákvæði reglugerðar þessarar varðandi aðflutningspóstsendingar skulu gilda eftir því sem við getur átt um útflutningspóstsendingar, m.a. um notkun tollskýrslueyðublaðs E3.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

Póststjórnin skal standa ríkissjóði skil á aðflutningsgjöldum, þ.m.t. virðisaukaskattur, eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil aðflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

Póststjórnin skal annast vörslu aðflutnings- og útflutningstollskjala yfir tollafgreiddar póstsendingar og varðveita með öðrum póstskjölum á þann hátt að þau séu ætíð aðgengileg vegna tollendurskoðunar.

Ríkistollstjóri skal hafa eftirlit með tollheimtu og tollafgreiðslu sem póstjórninni er falið að sjá um samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og getur sett nánari framkvæmda- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum ef þurfa þykir. Póststjórnin skal veita starfsmönnum ríkistollstjóra aðgang að aðflutnings- og útflutningstollskjölum sem hún annast vörslu á svo og veita þeim alla nauðsynlega aðstoð vegna eftirlitsstarfa þeirra.

13. gr.

Póststjórnin skal senda Hagstofu Íslands og ríkistollstjóra upplýsingar úr þeim aðflutnings- og útflutningsskýrslum, sem ekki eru skráðar í tölvukerfi ríkistollstóra, í tölvutæku formi samkvæmt fyrirmælum sem ríkistollstjóri setur að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar getur m.a. varðað við XIV. kafla tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Um meðferð mála vegna brota á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

15. gr.

Fjármálaráðherra ákveður póststjórninni hæfilegt endurgjald fyrir tollheimtustörf samkvæmt reglugerð þessari.

16. gr.

Tollmeðferð póstsendinga samkvæmt reglugerð þessari telst einfaldari tollmeðferð í skilningi 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Póststjórninni er heimilt án sérstaks leyfis að annast tollafgreiðslu á hraðsendingum og gilda ákvæði reglugerðar nr. 327/1990, með síðari breytingum, um slíka tollafgreiðsluhætti eftir því sem við getur átt, sbr. 12. gr. þeirrar reglugerðar.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um tollmeðferð vara sem fluttar eru til landsins eða úr landinu sem póstsendingar í skilningi reglugerðar þessarar skulu gilda ákvæði tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast gildi 1. október 1992, er sett samkvæmt heimild í 107. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Frá sama tíma er úr gildi felld reglugerð nr. 124/1938 um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga.

Fjármálaráðuneytið, 19. ágúst 1992.

Friðrik Sophusson.

Indriði H. Þorláksson.

Fylgiskjal I.

Tollflokkun og sundurliðun aðflutningsgjalda af smásendingum, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar.

Tollskrárnúmer inn/út	Vörulýsing	Tollur A / B eða E%	Vörugjald %
98/9901.0001	Sælgæti og drykkjarvörur, þó ekki drykkjarvörur með meiri vínanda en 2,25% að rúmmáli	20/0	31,25
98/9901.0002	Ilmvötn og snyrtivörur	10/0	31,25
98/9901.0003	Bækur, bæklingar; hljóðfæranótur	0	
98/9901.0004	Fatnaður, þ.m.t. skór	15/0	
98/9901.0005	Sængurlín, borðlín, baðlín o.þ.h.; leikföng, íþróttabúnaður o.þ.h.; skrautvörur, skartgripir; búsáhöld, ekki rafknúin; húsgögn; ljósmyndir; hljómplötur, segulbönd, tölvuleikir o.þ.h.	10/0	
98/9901.0006	Lokar; rofar, lampafalir, klær o.þ.h. rafmagnsbúnaður	0	11,25
98/9901.0007	Kúlupennar, pennar o.þ.h., vindlingakveikjarar o.þ.h og reykjarpípur	30	
98/9901.0009	Tollfrjálsar vörur, þ.e. vörur undanþegnar öllum öðrum aðflutningsgjöldum en virðisaukaskatti	0	

Ríkistollstjóra er heimilt að bæta vörum eða vöruflokkum við upptalningu í einstökum tollskrárnúmerum hér að ofan, enda beri vörurnar sömu tolla og gjöld og þar um ræðir eða bæta við nýjum tollskrárnúmerum enda beri vörur sem undir þau flokkast sömu aðflutningsgjöld lögum samkvæmt.

Auk aðflutningsgjalda sem tilgreind eru í fylgiskjali þessu skal greiða 24,5% virðisaukaskatt samkvæmt lögum nr. 55/1989, virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með tolli og vörugjaldi samkvæmt fylgiskjali þessu er átt við skatta sem greiða ber samkvæmt tollalögum nr. 55/1987 og lögum nr. 97/1987 um vörugjald með síðari breytingum.

Friðrik Sophusson.

Indriði H. Þorláksson.

18. ágúst 1992 Nr. 311

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, sbr. breytingar með rg. nr. 434/1988 og 364/1990.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef selja á afurðir skal slátrun búfjár (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita og alifugla) fara fram í sláturhúsi, sem hlotið hefur löggildingu landbúnaðarráðuneytisins. Einungis ábúendum á lögbýlum utan kaupstaða og kauptúna er heimilt að slátra hæfilegum fjölda af eigin búfé heima á lögbýlinu, enda séu afurðirnar eingöngu ætlaðar til eigin neyslu. Óheimilt er að selja sláturafurðirnar eða dreifa þeim á annan hátt frá lögbýlinu, s.s. til gjafa, vinnslu söltunar eða frystingar.

2. gr.

Við b-lið 1. mgr. 17. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Leyfilegt frávik á ofangreindum fitumörkum er ± 1 mm eftir vöðvabyggingu og fitudreifingu skrokksins, samkvæmt nánari fyrirmælum kjötmatsformanns.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

18. ágúst 1992 Nr. 312

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 205/1967 um útbúnað sláturhúsa, kjötfrystihúsa, kjötverkunarstöðva og meðferð og flutning sláturafurða.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Kjötvinnsla sem fer fram í húsakynnum sláturhúsa skal vera undir eftirliti kjötskoðunarlæknis. Heilbrigðiseftirlit með öðrum kjötvinnslustöðvum (kjötverkunarstöðvum), er í höndum heilbrigðisnefnda, sbr. Heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1992.

Halldór Blöndal

Jón Höskuldsson.

Nr. 313 21. ágúst 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 265 8. júlí 1992, um loðnuveiðar 1992/1993.

1. gr.

1. töluliður 3. gr. orðist svo:

Í lögsögu Íslands eru loðnuveiðar bannaðar til 1. nóvember 1992 á eftirgreindum svæðum:

A. Vestan 18°V eru loðnuveiðar bannaðar sunnan 67°45'N.
B. Austan 18°V eru loðnuveiðar bannaðar sunnan 67°15'N.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. ágúst 1992.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 314 24. ágúst 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 304 14. ágúst 1992, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Eldri fullvinnsluskip sbr. 10. gr. skulu sækja um leyfi fyrir 1. október 1992.

2. gr.

Í stað "1. september 1992", í 8. gr. reglugerðarinnar komi: 1. nóvember 1992.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 54. 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. ágúst 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 315

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1991.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1991.

Tekjur:	Kr.
Vextir af bankainnstæðum	4 180,25
	4 180,25
Gjöld:	
Tekjur umfram gjöld	4 180,25
	4 180,25

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1991.

Eignir:		
Bankainnstæður		44 128,57
		44 128,57
Skuldir:		
Höfuðstólsreikningur:		
Hrein eign pr. 1. janúar 1991	kr. 39 948,32	
Hreinar tekjur árið 1991	kr. 4 180,25	44 128,57
		44 128,57

Samgönguráðuneytið, 24. ágúst 1992.

Halldór S. Kristjánsson.

GJALDSKRÁ

fyrir mengunareftirlit á Suðurnesjum.

1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr., sbr. 11. mgr. 6. gr. laga nr. 81, 3. ágúst 1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og grein 3.6., sbr. viðauka 7 og 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 389, 28. september 1990, er sveitarstjórnum á Suðurnesjum heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 10 000,00
2. flokkur kr. 20 000,00
3. flokkur kr. 30 000,00
4. flokkur kr. 40 000,00

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. september og eindagi 1. október.

2. gr.

Fyrirtæki sem talin eru upp í viðauka 7 og 9 í mengunarvarnareglugerð flokkast eftir umfangi og mengun í flokka samkvæmt 1. gr. gjaldskrárinnar.

3. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd svæðisnefndar, lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við viðauka 7 og 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 389, 28. september 1990. Listi þessi skal afhendur hlutaðeigandi sveitarfélögum.

Sveitarstjórnir sem kjósa að leggja á eftirlitsgjöld, innheimta þau á eigin ábyrgð og kostnað. Skulu gjöld þessi ganga til greiðslu á kostnaði vegna mengunareftirlits.

Sveitarstjórnum er heimilt að fela Gjaldheimtu Suðurnesja innheimtu gjaldanna.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 1. gr. má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarfélögunum á heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurnesja sbr. 11. mgr. 6. gr. og 22. gr. laga nr. 81, 3. ágúst 1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og sett samkvæmt 22. gr. sömu laga.

Gjaldskrá gildir frá og með 1. september 1992.

Umhverfisráðuneytið, 27, ágúst 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði = F × 12,10 kr/m^2 ef F er minna en eða jafnt 130 m^2

Fastagjald á mán = 1573 kr. + (F−130) × 7,25 kr/m^2, ef F er stærra en 130m^2

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

a) Þeir, sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 91,30 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

b) Þeir, sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 121,70 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 19. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæla með nafnrennsli allt að 6 m^3/klst.: 250 kr/mán.

Fyrir mæla með nafnrennsli yfir 6 m^3/klst.: 450 kr/mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. 22. gr. reglugerðar HAB, skal greiða gjald kr. 2 920.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 750.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss	**Stofngjald**
allt að 250 m^3	kr. 65 780
251-500 m^3	kr. 65 780+157,00 kr/m^3 yfir 250 m^3
501-1500 m^3	kr. 105 030+91,90 kr/m^3 yfir 500 m^3
1501-6000 m^3	kr. 196 930+59,00 kr/m^3 yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	kr. 462 430+46,40 kr/m^3 yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 49 570. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 15 000 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, 3 000 kr/m umfram 25 m.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 188,5 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 187, 25. maí 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Rán Tryggvadóttir.

Nr. 318 28. ágúst 1992

REGLUGERÐ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

I. KAFLI.

Rekstrarform.

1. gr.

Akraneskaupstaður, Borgarnesbær, Andakílshreppur og Bændaskólinn á Hvanneyri eiga og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, skammstafað HAB, hér eftir nefnt hitaveitan.

Hitaveitan er stofnuð með samningi 23. mars 1979. Samningurinn var endurskoðaður 1. febrúar 1991. Þar er kveðið á um stjórn hennar og skipulag.

Hitaveitan er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili hitaveitunnar og varnarþing er á Akranesi.

Stjórn hitaveitunnar ræður framkvæmdastjóra, sem annast daglegan rekstur hitaveitunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt starfssvæði hitaveitunnar, nema annað sé tekið fram.

3. gr.

Hitaveitan hefur einkaleyfi til reksturs hitaveitu í sveitarfélögum eignaraðila og öðrum sveitarfélögum eftir því sem um semst.

Hitaveitan getur gert samkomulag við aðra um rekstur hitaveitu. Verða þeir þá að hlíta ákvæðum reglugerðar þessarar sbr. 2.gr.

4. gr.

Verkefni hitaveitunnar er að sjá um gerð og rekstur hitaveitu á starfssvæðinu. Í þessu skyni skal hitaveitan leita eftir samningum um borunar- og virkjunarrétt, bora eftir heitu vatni og virkja þegar hagkvæmt þykir, leggja veitukerfi og annast sölu á heitu vatni eða varma til notenda.

Hitaveitan skal einnig reisa og reka önnur mannvirki sem nauðsynleg eru.

II. KAFLI.
Almenn ákvæði.

5. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu, sem tengist veitukerfi hitaveitunnar nefnist húseigandi. Kaupandi heits vatns eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu þess nefnist notandi.

6. gr.

Heitt vatn er afhent um veitukerfi hitaveitunnar samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá.

Hitaveitunni er skylt að haga starfsemi sinni þannig að sem best verði tryggður eðlilegur og truflanalaus rekstur eftir því sem aðstæður leyfa.

Hitaveitan skal gefa notendum upplýsingar um þrýsting og hitastig í stofnlögnum sé þess óskað.

7. gr.

Hitaveitunni er heimilt að semja sérstaklega um stofngjöld og sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála.

Endursala á heitu vatni er óheimil án samþykkis hitaveitunnar.

8. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss. Notendum er heimilt að nýta varma afrennslisvatnsins til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o.s.frv., en skulu skila afrennslisvatninu aftur, ef hitaveitan þarf á því að halda. Óski hitaveitan ekki eftir að nýta afrennslisvatnið skal húsráðandi annast og bera kostnað við að leiða það í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þangað heitara en 40 C. Setja skal hitamæli á afrennslislögn. Hitaveitan getur krafist þess að settur sé hitastýrður loki á afrennslið, ef grunur leikur á að afrennslisvatnið sé of heitt. Ef notendur nýta hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o.s.frv. og hitakerfin eru beint tengd hitaveitunni, þá getur hitveitan krafist þess, að þessi kerfi séu þrýstiprófuð við þann hita sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

III. KAFLI.
Veitukerfið.

9. gr.

Hitaveitan leggur, kostar og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, heimæðar og lagnir innanhúss að og með mælagrindum ásamt tilheyrandi búnaði. Hún annast rekstur og viðhald eigin veitukerfis.

Áður en hafist er handa um lagningu heimæðar skal lóð vera komin í sem næst rétta hæð og gluggar og hurðir húss lokanlegar.

Hitaveitunni er ekki skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin. Óski húseigandi eftir því skal hann greiða þann aukakostnað sem af því hlýst.

10. gr.

Húseiganda innan veitusvæðis hitaveitunnar, þar sem veitukerfi hitaveitunnar liggur, er skylt að láta tengja hús sitt við hitaveituna. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss, eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, þá getur hitaveitan ákveðið að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

11. gr.

Við lagningu og viðhald veitukerfisins skal hitaveitan halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal hitaveitan færa allt rask til fyrra horfs eins og við verður komið.

Húseigandi á ekki kröfu á sérstakri greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar og viðhalds dreifikerfisins.

12. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tenginga við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta.

Húseigandi kostar breytingu á hitaveitulögnum, sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi fyrir öllum framkvæmdum sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi hitaveitunnar.

13. gr.

Hitaveitan hefur rétt til aðgangs að húsnæði því sem veitukerfi hennar liggur um.

Inntak hitaveitu og mælagrind skulu alltaf vera í sama herbergi og skal lögn að mælagrind vera óhulin og aðgengileg til þjónustu.

Hitaveitan ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað hitaveitu við útvegg 1. hæðar (kjallara) ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrind og annan búnað. Þar sem inntak kemur upp úr gólfplötu á húseigandi að sjá til þess að nægilega víð göt séu fyrir hitaveitulögnina. Niðurfall skal vera í gólfi þar sem mælagrind er staðsett. Húseigandi skal sjá fyir lýsingu við mælagrind.

IV. KAFLI.

Húsveitur og tenging þeirra.

14. gr.

Um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytingu á eldri kerfum gilda ákvæði byggingarreglugerðar. Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitunarkerfa skal sækja um orkukaupin til hitaveitunnar á þar til gerðum eyðublöðum sem hitaveitan lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingareftirliti viðkomandi sveitarfélags.

Sækja skal um uppsetningu á tengibúnaði hitaveitunnar (mælagrind) með minnst fjögurra daga fyrirvara. Pípulagningameistari skal skila til hitaveitunnar tæknilegum upplýsingum um lagnakerfið á sérstökum eyðublöðum, vottorði um úttekt byggingarfulltrúa og sækja um áhleypingu með minnst dags fyrirvara.

Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar (starfsmenn) mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu. Ekki verður hleypt á hús, nema lagnir séu í samræmi við samþykktar teikningar og gildandi reglugerðir. Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

Nú brýtur pípulagningameistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, þá getur hitaveitan samþykkt að hann missi tímabundið rétt til að annast tengingu og ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekuð brot má svipta hann þessum rétti varanlega.

15. gr.

Hitaveitan skal hafa aðgang að pípulögnum bæði innanhúss og utan. Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kranavatn sé þess óskað.

Óheimilt er að hylja mælagrind á þann hátt að það valdi erfiðleikum við viðhald og viðgerðir og eigi má setja hillur eða annað ofan við mæli þannig að það hindri eðlilegan aflestur.

Ekki má tengja dælur eða annan búnað við húskerfin, sem truflað geta aðra notendur eða rekstur hitaveitunnar.

16. gr.

Sé húsveita tengd veitukerfi hitaveitunnar í heimildarleysi getur hitaveitan aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

17. gr.

Húseigandi/notandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss, sem eru í eigu hitaveitunnar.

Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, ef vart verður bilunar í búnaði eða tækjum hennar.

Nú verða tæki eða búnaður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum og er þá heimilt að skylda húseiganda/notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

V. KAFLI.

Skilmálar fyrir orkusölu.

18. gr.

Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynninga hjá hitaveitunni þess efnis.

Húseigandi ber ábyrgð á tilkynningu um notendaskipti. Vanræki húseigandi tilkynningarskyldu sína er heimilt að gera hann ábyrgan fyrir orkunotkun sem til fellur eftir að fyrri notandi yfirgaf húseignina.

19. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn samkvæmt magnmælingu um rennslismæla.

Hitaveitan leiðréttir gjald fyrir vatnsnotkun með tilliti til hitastigs, þannig að fyrir hverja gráðu á Celcius, sem reiknað hitastig við húsvegg víkur frá 80°C breytist gjaldið um 2% til lækkunar sé hiti lægri en 80°C en annars til hækkunar.

Útreikningarnir miðast við að ná meðalleiðréttingu hjá notendum. Þannig verði sama magn ofleiðrétt og vanleiðrétt.

Við útreikningana er gengið út frá eðlilegu jafnvægisástandi í aðveitu og dreifikerfi. Ekki er leiðrétt vegna tímabundinna hitasveiflna í aðveitu, en búast má við hærri vatnshita í þurrviðri og lægri hita í bleytutíð.

Hjá þeim notendum sem einungis kaupa neysluvatn og þar sem notkun er lítil eða mjög óregluleg skal leiðrétting vera meðalleiðrétting viðkomandi sveitarfélags.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Fastagjaldið miðast við flatarmál samkvæmt fasteignamati. Fastagjald er ekki greitt af bifreiðageymslum nema þær séu nýttar í annað. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, en þeir sem ekki greiða fastagjald þetta skulu greiða 33,33% hærra verð fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir hvern mæli skal greiða fast gjald á mánuði, mælaleigu, háð stærð mælis.

Af húsi sem tengist hitaveitunni skal greiða stofngjald. Viðbótarstofngjald skal greiða af viðbyggingum húsa.

Fyrir heimæðar sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka skal greiða sérstakt gjald.

Ef óskað er fleiri en einnar mælagrindar í húsi, þar sem greitt hefur verið sameiginlegt stofngjald skal greiða sérstakt mælagrindargjald á hverja mælagrind sem bætist við.

20. gr.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð rennslismæla. Starfsmenn hitaveitunnar innsigla mælana.

Ef rofið er innsigli á búnaði hitaveitunnar varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Ef notandi óskar að mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera notanda að greiða mælaprófunargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðrétta reikning notanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða hitaveitan, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

Notendur eiga ekki rétt á leiðréttingu fastagjalda þó rennslismælir hafi ekki talið rétt.

21. gr.

Notandi skal greiða hitaveitunni gjald fyrir heitavatnsnotkunina samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við breytingar á gjaldskrá skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má byggja orkureikninga á áætlun um heitavatnsnotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða ef vatnsmælir bilar reiknar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Reikningar sem byggjast á staðreyndri vatnsnotkun nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri notkun nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega vatnsnotkun skal staðreyna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar vatnsnotkun hefur verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Notandi getur þó jafnan gegn greiðslu mælaálestragjalds krafist aukaálestra og uppgjörs. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um vatnsnotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda notanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur.

Gjalddagi reikninga er útgáfudagur. Sé reikningur eigi greiddur innan tilgreinds frests er fram kemur á reikningi, reiknast dráttarvextir frá gjalddaga.

22. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að stöðva afhendingu á heitu vatni til húsveitu (mælis) notanda sem greiðir ekki áætlunar- eða álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari. Beri notandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa að undangenginni skriflegri aðvörun sem sendist notanda með sjö daga fyrirvara. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar. Notanda ber að greiða fastagjöld samkvæmt gjaldskrá þó lokað hafi verið fyrir heita vatnið.

Hitaveitan hefur rétt til þess að krefja notanda um greiðslu lokunargjalds samkvæmt gjaldskrá hafi komið til stöðvunar vatnsafhendingar af ástæðum sem um getur í 1. mgr. Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en orkuafhending er hafin á ný. Þó ekki komi til stöðvunar vatnsafhendingar er hitaveitunni heimilt að krefja notanda um lokunargjald vegna undirbúnings að stöðvun.

Enginn má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem hitaveitan hefur veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega vatnsnotkun.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun skal hitaveitan áætla það vatn sem notað var óleyfilega.

23. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Þurfi að takmarka notkun heita vatnsins um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvar og hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalda.

Stöðvun eða óviðráðanlegar breytingar á rekstri veitunnar eða hluta hennar skal tilkynna svo fljótt sem unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur strax og því verður við komið.

24. gr.

Nú vanrækir húseigandi/notandi að vinna verk sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er hitaveitunni þá heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað hans.

25. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má innheimta með lögtaki.

26. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

27. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 580/1980 um Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Iðnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Rán Tryggvadóttir.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 1991.

Sameinaður rekstrarreikningur.

Fjármunatekjur:		
Vaxtatekjur og verðbætur	kr.	8 419 423
Fjármunatekjur alls:	kr.	8 419 423
Fjármagnsgjöld:		
Vaxtagjöld	kr.	1 407 636
Áætlaðar óinnheimtanlegar kröfur	–	831 049
Reikn.gjöld v/verðlagsbreytinga	–	4 808 148
Fjármagnsgjöld alls:	kr.	7 046 833
Hreinar fjármunatekjur (gjöld):	kr.	1 372 590
Aðrar tekjur:		
Framlag Ríkissjóðs v/loðdýrabúa	kr.–	21 000 000
Framlag Ríkissjóðs	–	50 000 000
Framlög sveitarfélaga	–	18 942 852
Gjald af söluv. landbúnaðarins	kr.	79 735 696
Aðrar tekjur alls:	–	169 678 548
Tekjur alls:	–	171 051 138
Styrkveitingar:		
Styrkir til loðdýrabænda	–	21 430 000
Styrkir	–	94 515 052
Styrkveitingar alls:	–	115 945 052
Hreinar tekjur (gjöld) fyrir rekstrargjöld	–	55 106 086
Rekstrargjöld:		
Hlutdeild í sameiginl. kostnaði	kr.	10 727 963
Sérkostnaður sjóðsins	–	1 081 150
Innheimtulaun búvörugjalds	–	1 594 714
Afskriftir	–	528 636
Rekstrargjöld alls:	kr.	13 932 463
Hagnaður (tap) ársins:		41 173 623

Sameinaður efnahagsreikningur þann 31. desember 1991.

Eignir:

Veltufjármunir:		
Bankainnstæður	–	99 879 269
Framleiðsluráð landbúnaðarins	–	10 847 045
Aðrir skuldunautar	–	54 893
Gjaldf. afborganir	–	3 361 152
Næsta árs afborganir	–	1 282 165
Veltufjármunir alls:	kr.	115 424 524
Fastafjármunir:		
Langtímakröfur:		
Skuldabréfaeign	kr.	18 076 815
– Afborganir næsta árs	–	(4 643 317)
– Niðurfærsla langtímakrafna	–	(6 243 150)
Langtímakröfur alls:	kr.	7 190 348
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld	kr.	2 534 209
Fasteignir	–	16 755 355
	kr.	19 289 564
Afskrifað alls	–	(5 507 130)
Varanl. rekstrarfjárm. alls:	kr.	13 782 434
Fastafjármunir alls:	kr.	20 972 782
Eignir samtals:	kr.	136 397 306

Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:		
Ógreidd ýmis rekstrargjöld	kr.	321 132
Séreignadeild	–	11 358 166
Aðrir lánardrottnar	–	920 269
Skammtímaskuldir alls:	kr.	12 599 567

Eigið fé:

Endurmatsreikningar	kr.	137 369 025
Ójafnað tap	–	(13 571 286)
Eigið fé alls:	kr.	123 797 739
Skuldir og eigið fé samtals:	kr.	136 397 306

Reykjavík, 11. febrúar 1992.

Þórður Skúlason.

Birgir L. Blöndal.

Nr. 320

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1991.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1991.

Tekjur:	Kr.
Vextir af bankainnstæðum	10 008,68
	10 008,68
Gjöld:	
Tekjur umfram gjöld	10 008,68
	10 008,68

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1991.

Eignir:		
Bankainnstæður		91 379,13
		91 379,13
Skuldir:		
Hrein eign pr. 1. janúar 1991	kr. 81 370,45	
Hreinar tekjur árið 1991	kr. 10 008,68	91 379,13

Samgönguráðuneytið, 24. ágúst 1992.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

1. Hámarkshraði á Hafnarstræti frá Kaupvangsstræti og suður fyrir hús nr. 86a við nefnda götu skal vera 30 km á klst. og óheimilt er að stöðva eða leggja ökutækjum við vinstri brún götunnar á þeim sama kafla.
2. Settir verða upp stöðumælar fyrir framan hús nr. 85 - 89 við Hafnarstræti.
3. Tvístefnuakstur verður á Hafnarstræti frá Austurbrú og að tengingu við bifreiðastæði, sem verður norðan við hús nr. 82 við götuna. Jafnframt eru bifreiðastöður bannaðar við austurbrún Hafnarstrætis á þeim kafla.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

Sýslumaðurinn á Akureyri. 24. ágúst 1992.

Elías I. Elíasson.

Nr. 322

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1991.

Rekstrarreikningur

Fjármunatekjur:		
Vaxtatekjur af innstæðum	kr.	11 357 356
Vaxtatekjur af útlánum	–	105 557 277
Dráttarvextir	–	6 648 149
Verðbætur	–	296 030 351
Lántökugjöld	–	5 328 721
Gengismunur	–	2 232 629
Fjármunatekjur alls:	kr.	427 154 483
Fjármagnsgjöld:		
Vaxtagjöld af langtímalánum	kr.	16 812 685
Verðbætur af langtímalánum	–	38 290 010
Önnur vaxtagjöld	–	5 817
Lántökugjöld	–	0
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga	–	203 290 045
Gengismunur	–	3 701 881
Fjármagnsgjöld alls:	kr.	262 100 438
Hreinar fjármunatekjur:	kr.	165 054 045

Aðrar Tekjur:

Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	kr.	111 174 794
Aðrar tekjur alls:	kr.	111 174 794

Rekstrargjöld:

Hlutdeild í sameiginl. kostnaði	kr.	10 727 962
Sérkostnaður sjóðsins	–	2 366 289
Afskriftir	–	3 353 931
Rekstrargjöld alls:	kr.	16 448 182
Tekjuafgangur:	kr.	259 780 657

Efnahagsreikningur

Eignir:

Veltufjármunir:

Sjóður	kr.	1 192 974
Bankainnstæður	–	90 787 949
Útistandandi skuldir	–	848 508
Bjargráðasjóður	–	920 270
Samband ísl. sveitarfélaga	–	2 372 960
Gjaldf. útist. vextir og verðb.	–	1 076 080
Gjaldfallnar afborganir	–	2 501 733
Áfallnir útistandandi vextir	–	88 667 504
Afborg. sem gjaldf. á næsta ári	–	504 359 997
Veltufjármunir alls:	kr.	692 727 975

Fastafjármunir:

Langtímakröfur:

Skuldabréf	kr.	3 412 385 973
Afborganir til greiðslu	–	506 861 730
Langtímakröfur alls:	kr.	2 905 524 243

Áhættufé:

Hlutabréf	kr.	200 000
Áhættufé alls:	kr.	200 000

Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld og búnaður	kr.	7 926 862
Fasteign	–	39 096 793
	kr.	47 023 655
Afskrifað alls	–	13 691 053
Varanl. rekstrarfjárm. alls:	kr.	33 332 602
Fastafjármunir alls:	kr.	2 939 056 845
Eignir samtals:	kr.	3 631 784 820

Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:		
Skuldheimtumenn	kr.	2 104 977
Samband ísl. sveitarfélaga	–	0
Áfallnir ógr. vextir	–	6 606 388
Afb. næsta árs af langtímask.	–	102 710 643
Skammtímaskuldir alls:	kr.	111 422 008
Langtímaskuldir:		
Framkvæmdasjóður Íslands	kr.	458 604 870
Seðlabanki Íslands	–	7 068 901
	kr.	465 673 771
Afborganir næsta árs	–	102 710 643
Langtímaskuldir alls:	kr.	362 963 128
Skuldir alls:	kr.	474 385 136
Eigið fé:		
Endurmatsreikningur	kr.	1 785 137 220
Óráðstafað eigið fé	–	1 372 262 464
Eigið fé alls:	kr.	3 157 399 684
Skuldir og eigið fé samtals:	kr.	3 631 784 820

Reykjavík, 23. mars 1992.

Þórður Skúlason.

Birgir L. Blöndal.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1991 - 2011.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 26. ágúst 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Njarðvíkur 1991 - 2011.

Jafnframt fellur úr gildi sá hluti af staðfestu aðalskipulagi frá 1983 fyrir Keflavík, Njarðvík og Keflavíkurflugvöll, sem hinn nýi uppdráttur nær yfir. Staðfesting þessi tekur þó ekki til þess hluta Njarðvíkur sem er innan núverandi varnarsvæðis.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Bæjarstjórnar Njarðvíkur og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfisráðuneytið, 26. ágúst 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 - 1992

31. ágúst 1992 669 Nr. 324

REGLUGERÐ

um aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði og um greiðslumark til framleiðslu mjólkur á lögbýlum verðlagsárið 1992-1993.

I. KAFLI.
Aðlögun fullvirðisréttar.

1. gr.

Fullvirðisréttarskrá.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal gera sérstaka skrá um fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkur á lögbýlum, sem skal liggja fyrir eigi síðar en 10. september 1992.

Við gerð þeirrar skrár skal gæta þess að fullvirðisréttur, sem lagður hefur verið inn til leigu hjá búnaðarsambandi eða leigður á milli einstaklinga, sé skráður hjá leigusala.

Um úthlutanir búnaðarsambanda fer eftir fullvirðisréttarskrá verðlagsársins 1991-1992. Þau búnaðarsambönd sem nýttu sér heimild 1. og 2. tl. 2. mgr. 2. gr. rg. nr. 262/1991 til endurúthlutunar skulu tilkynna Framleiðsluráði landbúnaðarins um endanlega úthlutun á sínu svæði eigi síðar en 1. september 1992. Miðað skal við að þessi fullvirðisréttur verði skráður á sama lögbýli og hann var skráður verðlagsárið 1991-1992 nema sérstök rök mæli með öðru að mati búnaðarsambands.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal tilkynna Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. september 1992 um fullvirðisrétt sem tekinn verður í notkun á ný verðlagsárið 1992-1993 að liðnum leigutíma og þá leigusamninga sem breytast munu í kaupsamninga og falla þannig út af sérstakri fullvirðisréttarskrá.

Þau 20% fullvirðisréttar sem haldið var eftir við sölu á milli framleiðenda og skráð voru hjá seljanda, sbr. 1. og 2. tl., 2. mgr. 2. gr. rg. nr. 262/1991, falla niður 31. ágúst 1992.

2. gr.

Niðurfærsla.

Þann 1. september 1992 verður heildarfullvirðisréttur að frátöldum þeim fullvirðisrétti sem bundinn er í leigusamningum við Framleiðnisjóð landbúnaðarins færður niður að heildargreiðslumarki mjólkur verðlagsárið 1992-1993, þ.e. í 100 milljónir lítra. Fullvirðisréttur/greiðslumark sem áfram verður bundinn í leigusamningum við Framleiðnisjóð skal taka sömu breytingum og annar fullvirðisréttur/greiðslumark.

Fullvirðisréttur hvers lögbýlis að teknu tilliti til staðfestra aðilaskipta 31. ágúst 1992 verður færður niður um sama hlutfall og heildarfullvirðisréttur.

II. KAFLI.
Um greiðslumark.

3. gr.

Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1992-1993 er100 milljónir lítra mjólkur og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur.

Steindórsprent Gutenberg hf.

Samanlagt greiðslumark lögbýla verður 100 milljónir lítra. Greiðslumark hvers lögbýlis verðlagsárið 1992-1993 skal vera jafnt fullvirðisrétti þess 1. september 1992 að lokinni aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði.

4. gr.

Fullvirðisréttur í leigusamningum við Framleiðnisjóð.

Handhafa leigusamnings við Framleiðnisjóð landbúnaðarins er heimilt að hefja framleiðslu við lok leigutíma og nýta rétt lögbýlis til greiðslumarks að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) Tilkynna skal Framleiðnisjóði landbúnaðarins með tilskildum fyrirvara hvort hefja á framleiðslu.
b) Starfsleyfi og fullgild framleiðsluaðstaða skal vera fyrir hendi á lögbýlinu.

5. gr.

Aðilaskipti að greiðslumarki.

Frá 1. september 1992 eru heimil aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla, með eftirfarandi takmörkunum:

a) Aðilaskipti geta aðeins tekið gildi um verðlagsáramót. Þó geta slík skipti vegna verðlagsársins 1992-1993 átt sér stað fram til 1. janúar 1993.
b) Greiðslumark byggt á fullvirðisrétti sem leigður var Framleiðnisjóði landbúnaðarins eða öðrum framleiðendum fyrir gildistöku reglugerðar nr. 527/1988, þ.e. 22. desember 1988, má því aðeins selja að það hafi verið í framleiðslu hjá leigusala sbr. 4. gr., næstliðin tvö ár fyrir sölu. Framleiðendum sem gerðu leigusamning sín á milli er þó heimilt að breyta þeim í kaupsamninga. Heimilt er að selja allt greiðslumarkið þegar framleiðsla á lögbýlinu hefur náð 70% greiðslumarksins að meðaltali í tvö ár, að öðrum kosti í hlutfalli við nýtingu þess.
c) Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir því að afsala greiðslumarki frá lögbýli.
d) Eigi að selja greiðslumark út af búnaðarsambandssvæði skal tilkynna það viðkomandi búnaðarsambandi. Skal söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Eiga aðrir bændur á búnaðarsambandssvæðinu þá forkaupsrétt að greiðslumarkinu í fjórar vikur eftir að tilkynning um sölu berst til búnaðarsambands. Sé forkaupsréttar neytt og andvirði greiðslumarks ekki staðgreitt skal fullnægjandi trygging sett að mati seljanda fyrir eftirstöðvum.

Nú á framleiðandi fleiri en eitt lögbýli eða flytur af einu lögbýli á annað og er þá heimilt að sameina greiðslumark beggja lögbýlanna án takmarkana samkvæmt ákvæðum a- og d-liðar þessarar greinar. Á sama hátt er landbúnaðarráðherra heimilt að flytja greiðslumark milli lögbýla í eigu ríkisins.

Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýli. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

6. gr.

Nýting greiðslumarks lögbýla.

Heimilt er framleiðanda að nýta 104% af greiðslumarki lögbýlisins með innleggi í afurðastöð á verðlagsárinu 1992-1993.

Áður en afurðastöð kaupir eða selur mjólk umfram 4% greiðslumarks framleiðanda skal gert sérstakt samkomulag milli afurðastöðvar og framleiðanda um þau viðskipti. Samsvarandi magn afurða skal markaðsfært erlendis á ábyrgð viðkomandi aðila. Þó getur Framleiðsluráð

landbúnaðarins heimilað sölu þeirra innanlands ef framleiðsla innan 104% markanna verður minni en sala og birgðastaða gefur tilefni til.

7. gr.

Brottfall og geymsla greiðslumarks.

Greiðslumark sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár fellur niður.

Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu til 31. ágúst 1998 og sætir það þá sömu breytingum og annað greiðslumark.

III. KAFLI.
Ýmis ákvæði.

8. gr.

Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út greiðslumark til framleiðslu mjólkur og heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna, og lætur afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði viðkomandi afurðastöðvar og búnaðarsambands.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur.

Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

9. gr.

Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýlisins. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 15 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár.

Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til landbúnaðarráðuneytis.

10. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er vísað til samnings dags. 16. ágúst 1992 og 7. gr. samnings dags. 11. mars 1991 sem landbúnaðarráðherra, f.h. ríkisstjórnar Íslands og Stéttarsamband bænda hafa gert um stjórnun og aðlögun mjólkurframleiðslunnar.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. ágúst 1992.

Halldór Blöndal.

Jóhann Guðmundsson.

AUGLÝSING

um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Tyrklands.

I. KAFLI.
Skilyrði fyrir sérstakri tollmeðferð.

Almenn skilyrði.

1.gr.

Ákvæði fríverslunarsamnings ríkja fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Tyrkland tekur til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Tyrklands hins vegar. Hann tekur ekki til viðskipta EFTA-ríkjanna innbyrðis nema að slíkt sé sérstaklega tekið fram. Ákvæði auglýsingar þessarar taka þ.a.l. einungis til viðskipta á milli Íslands og Tyrklands.

2. gr.

Eftirfarandi vörur sem fluttar eru inn frá Tyrklandi skulu njóta tollfrelsis að uppfylltum skilyrðum auglýsingar þessarar:

1. Vörur sem falla undir tollskrárnúmer í köflum 25-97 í Tollskrá í viðauka I við tollalög að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í I. viðauka fríverslunarsamningsins. Ennfremur eru undanskildar þær vörur sem heimilt er að leggja á fjáröflunartolla, skv. VI. viðauka og bókun A í samningnum, að því marki sem slíkir tollar eru lagðir á upprunavörur frá EFTA og EB.

2. Vörur sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, sbr. 4. tl. bókunar A við fríverslunarsamninginn. Þó skulu undanskildar þær vörur sem heimilt er að leggja á tolla og fjáröflunartolla, skv. lista 1 og 2 í töflu VII við bókun A í fríverslunarsamningnum, að því marki sem slíkir tollar eru lagðir á upprunavörur frá EFTA og EB. Tollfrjálsar vörur skv. þessum tölulið eru tilgreindar í lista I við þessa reglugerð.
   Heimilt er að leggja á vörur í lista I verðjöfnunargjald er tekur mið af mismunandi kostnaði milli landbúnaðarhráefnis, sem notað er í vörur þessar. Heimilt er að jafna á þennan hátt mismunandi hráefnaverð á innlendum markaði og heimsmarkaði.
3. Fiskur og aðrar sjávarafurðir í lista II við þessa reglugerð.
4. Landbúnaðarvörur skv. tvíhliða samningi Íslands og Tyrklands um landbúnaðarmál, sbr. lista III við þessa reglugerð.

Upprunareglur og sönnun uppruna.

3. gr.

Það er skilyrði fyrir fríðindameðferð samkvæmt samningi þessum að vörurnar uppfylli þær kröfur sem gerðar eru um uppruna í bókun B við fríverslunarsamning EFTA- ríkjanna og Tyrklands eða eftir því sem við á kröfur um uppruna sem gerðar eru í Viðauka II við tvíhliða samning Íslands og Tyrklands um landbúnaðarmál.

4. gr.

Upprunavörur í skilningi bókunar B og Viðauka II, sbr. 3. gr., geta við innflutning notið fríðinda gegn framvísun þeirra flutningsskilríkja og yfirlýsinga er greinir í 9.-17. gr. Auglýsingar nr. 404/1987 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samningi Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EB). Skilyrði framangreindra ákvæða auglýsingar nr. 404/1987, svo og 22. gr. hennar, skulu eftir því sem við getur átt gilda um tollmeðferð samkvæmt auglýsingu þessari. Ennfremur skulu gilda um tollmeðferðina reglur nr. 270/1988 um verðmætismörk vegna yfirlýsingar útflytjanda á vörureikningi

um uppruna vöru svo og um sérstaka tollmeðferð smáböggla til einkaaðila og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA og EB.

Útflutningur

5. gr.

Viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráð veita upplýsingar um sérstaka tollmeðferð á vörum upprunnum á Íslandi sem ákvæði samnings EFTA-ríkjanna og Tyrklands taka til. Tollyfirvöld veita útflytjendum upplýsingar og leiðbeiningar varðandi umsóknir um útgáfu flutningsskilríkja og yfirlýsinga vegna útflutnings til Tyrklands. Upplýsingar veittar af tollyfirvöldum eru því aðeins bindandi að þeirra sé óskað skriflega og þær veittar á sama hátt.

Um bókhaldslega aðgreiningu efnivara sem notaðar eru til framleiðslu upprunavara, í skilningi fríverslunarsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Tyrklands og í skilningi tvíhliða samnings um landbúnaðarmál, skulu gilda efnisákvæði auglýsingar nr. 560/1983 um bókhaldslega aðgreiningu efnivara sem notaðar eru til framleiðslu vara af EFTA- og EBE- uppruna.

Gildistaka

6. gr.

Auglýsing þessi er sett er samkvæmt heimild í 1. tl. 6.gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987 og öðlast gildi frá og með 1. september 1992.

Fjármálaráðuneytið, 31. ágúst 1992.

Friðrik Sophusson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

Listi I.

Vörur úr landbúnaðarhráefnum sem samkvæmt 2. tl. 2. gr. njóta fríðindameðferðar.

Vörur sem flokkast í eftirfarandi tollskrárnúmer og vöruliði, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög, njóta tollfrelsis skv. ákvæðum fríverslunarsamningsins, sbr. þó heimild til álagningar verðjöfnunargjalda:

0403.1001	1806.3109	1901.2009
0403.1003	1806.3201	1901.9000
0403.9001	1806.3202	
0403.9003	1806.3203	1902.1100
	1806.3209	1902.1900
1702.5000	1806.9002	1902.2009
1702.9004	1806.9003	1902.3000
	1806.9004	1902.4000
1704.1000	1806.9005	
1704.9001	1806.9006	**1903**
1704.9003	1806.9009	**1904**
1806.2009	1901.1000	1905.1000
1806.3101	1901.2001	1905.2000

1905.3011
1905.3019
1905.3091
1905.3099
1905.4000

úr 2001.9009*

úr 2005.4000*
úr 2005.5900*
2005.8000
úr 2005.9000*

2008.9202

2101.1001
2101.2001
2101.3000

2102.1000
2102.2001
2102.3001
2102.3009

2103.9001

2104.1001
2104.1004
2104.1009

2106.1000 - 2106.9042

2202

2203

2204.2101
2204.2901

2205

2208

---

*
úr 2001.9001 sykurmais
úr 2005.4000 úr ertum eingöngu
úr 2005.5900 úr belgbaunamjöli eingöngu
úr 2005.9000 úr matjurtamjöli eða með franskar kartöflur að megininnihaldi.

Listi II.

Fiskur og aðrar sjávarafurðir sem samkvæmt 3. tl. 2. gr. njóta fríðindameðferðar.

Vörur sem flokkast í eftirfarandi tollskránúmer og vöruliði, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög, njóta tollfrelsis skv. ákvæðum fríverslunarsamningsins:

0208.9001
0208.9002
0301
0302
0303
0304
0305
0306
0307

1504

1516.1001

1603.0001
1603.0002
1603.0003

1604
1605

2301.1001
2301.2011
2301.2012
2301.2013
2301.2014
2301.2015
2301.2016
2301.2017
2301.2019
2301.2021
2301.2022
2301.2023
2301.2029

2309.9001

Listi III.

Landbúnaðarvörur sem samkvæmt 4. tl. 2. gr. njóta fríðindameðferðar.

Eftirfarandi vörur, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög, njóta tollfrelsis við innflutning til Íslands í samræmi við tvíhliða samning Íslands og Tyrklands um landbúnaðarmál:

0703.1000	0809.1000	2008.6009
0703.2000	0809.2000	2008.7001
	0809.3000	2008.7009
0708.1000	0809.4000	2008.8001
0708.2000		2008.8009
0708.9000	0810.1000	2008.9201
	úr 0810.9000*	2008.9209
0709.7000		2008.9901
0709.9002	0811.1001	2008.9909
0709.9003	0811.1009	
0710.2100	úr 0811.9001*	2009.1101
0710.2200	úr 0811.9009*	2009.1109
0710.8001		2009.1901
0710.8002	0813.1000	2009.1909
0711.1000	0813.2000	2009.2001
0711.2000	0813.3000	2009.2009
	0813.4000	2009.3001
0713.2000	0813.5000	2009.3009
0713.3100		2009.5001
0713.4000	1509.1000	2009.5009
0713.5000	1509.9000	2009.6001
		2009.6009
0802.1200	úr 2004.9000*	2009.7001
0802.2200		2009.7009
0802.3200	2005.4000	2009.8001
0802.5000	2005.5100	2009.8009
	2005.7000	2009.9001
0804.2000	úr 2005.9000*	2009.9009
0805.1000		
0805.2000		
0805.3001	úr 2007.9900*	
0805.3009		
0805.4000	2008.1100	
	2008.1900	
0806.1000	2008.3001	
0806.2001	2008.3009	
0806.2009	2008.5001	
	2008.5009	
0807.1000	2008.6001	
0808.1000		
0808.2000		

*

úr 0810.9000	Granatepli
úr 0811.9001	Kirsuber, plómur, apríkósur, ferskjur og vínber.
úr 0811.9009	Kirsuber, plómur, apríkósur, ferskjur og vínber
úr 2004.9000	Grænar og svartar ólívur, belgaldin og grænar ertur
úr 2005.9000	Þistilhjörtu
úr 2007.9900	Heslihnetudeig og valhnetudeig

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 – 1992

Nr. 326 676 3. september 1992

REGLUGERÐ

um dragnótaveiðar.

1. gr.

Allar veiðar í dragnót eru óheimilar án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Heimilt er að binda leyfi og útgáfu þess þeim skilyrðum er þurfa þykir m.a. um að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð og gerð eða skip er dragnótaveiðar hafa stundað áður. Jafnframt er heimilt að binda heimildir til dragnótaveiða við ákveðin svæði og taka þá mið af stærð skipa.

2. gr.

Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 135 mm. Þó er heimilt að ákveða í leyfisbréfi að veiðar í dragnót á tilteknum svæðum skuli háðar sérstökum skilyrðum um lágmarksstærð möskva. Um mælingar á möskvum dragnótar gilda ákvæði reglugerðar frá 21. desember 1990 um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

3. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva sbr. 2. gr., en þó skal eigi teljast ólögmætt að festa net og annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

4. gr.

Við veiðar með dragnót er óheimilt að nota hlera og hvað eina sem komið gæti í þeirra stað til útþenslu vængjanna.

5. gr.

Með mál sem rísa kunna út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 19. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Jafnframt er heimilt að svipta skip heimild til veiða sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 509 21. desember 1990 um dragnótaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. september 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hjálparstofnun kirkjunnar.

1. gr.

Hjálparstofnun kirkjunnar er sjálfseignarstofnun, sem stofnuð er að Þjóðkirkju Íslands og starfar á hennar vegum. Heimili og varnarþing er í Reykjavík. Biskup Íslands er verndari stofnunarinnar. Merki hennar er fiskur og kross í skál, blátt að lit. Stofnunin er aðili að hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins og Alkirkjuráði. Á erlendum málum er heiti stofnunarinnar: Icelandic Church Aid, skammstafað Icechurchaid, og Kirkens Nödhjelp i Island.

2. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er 300 000 - þrjú hundruð þúsund krónur.

3. gr.

Hlutverk Hjálparstofnunarinnar er að hafa forgöngu um og samhæfa mannúðar- og hjálparstarf íslensku kirkjunnar innanlands sem utan. Helstu verkefni hennar eru:

A. Innanlands

a) Að veita skyndihjálp í neyðartilfellum.
b) Að veita aðstoð innlendum líknarfélögum.
c) Að samræma og skipuleggja líknarstarf innan kirkjunnar og vera prestum og söfnuðum til aðstoðar í þeim efnum eftir þörfum.
d) Að leitast við að afla nákvæmra upplýsinga um einstaklinga og/eða málefni, sem ástæða er til að styrkja hverju sinni.
Skal hafa sem nánast samráð við og leita tilstyrks sóknarpresta, fulltrúaráðs, félagsmálastofnana og annarra kunnugra aðila. Á valdi stjórnar er, hvort aðstoð skuli veitt og þá með óafturkræfu framlagi, ávísun á veðmæti eða láni.

B. Erlendis

a) Að veita nauðstöddum kirkjum aðstoð og styðja starsemi þeirra.
b) Að veita bágstöddum neyðar- og þróunaraðstoð.
c) Að veita aðstoð flóttafólki sem býr við bág kjör.
d) Að stuðla að því að mannréttindi séu virt.

C. Fræðsla

Til þess að ná þessum markmiðum skal Hjálparstofnunin standa fyrir fræðslustarfi. Þar skal stefnt að því að fræða landsmenn um neyðar-, þróunar-, mannúðar- og mannréttindamál.

Jafnframt skal veita landsmönnum upplýsingar um hjálparstarf stofnunarinnar á hverjum tíma. Ennfremur skal leitast við að fræða um sérstöðu Hjálparstofnunarinnar sem kirkjulegrar stofnunar og kenna grundvallaratriði í afstöðu kristinna manna til þurfandi meðbræðra.

4. gr.

Hjálparstofnun kirkjunnar starfar með Lútherska heimssambandinu og Alkirkjuráði. Jafnframt getur stofnunin starfað með innlendum og erlendum kirkjum, innlendum og erlendum félagasamtökum, mannúðar- og hjálparstofnunum.

5. gr.

Hjálparstofnun kirkjunnar veitir aðstoð sína án tillits til hverjir viðtakendur eru og hver sé orsök neyðarinnar.

6. gr.

Enginn getur krafist aðstoðar frá Hjálparstofnun kirkjunnar.

7. gr.

Tekjur Hjálparstofnunarinnar eru m.a.:

A. Framlög styrktarmanna, fyrirtækja og opinberra aðila.
B. Tekjur af almennum söfnunum.
C. Framlög frá einstaklingum og stofnunum.
D. Vaxtatekjur og fleira.

8. gr.

Fé, sem safnað er til sérstakra verkefna, skal renna til þeirra óskipt að frádregnum söfnunarkostnaði og framlagi í rekstrar- og fræðslusjóð. Fé stofnunarinnar skal ávaxta á sem hagkvæmastan hátt. Reikningsyfirlit hverrar einstakrar söfunar, þ.e.a.s. yfirlit yfir innkomið söfnunarfé, kostnað, laun og ráðstöfun fjárins, skal fært sérstaklega í bókhaldi stofnunarinnar sem sjálfstæð eining. Stjórn stofnunarinnar skal sjá um að birta reikningsyfirlit einstakra safnana í samræmi við fyrirmæli laga um opinberar fjársafnanir nr. 5/1977.

9. gr.

Rekstrar- og stjórnunarkostnaður Hjálparstofnunarinnar skal greiddur úr rekstrarsjóði.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Að jafnaði 8% af öllu söfnunarfé. Hlutfall verði ákvarðað hverju sinni af stjórn.
2. Framlög opinberra aðila.
3. Framlög fyrirtækja, stofnana, sókna og sóknarpresta.
4. Fjármagn, sem fæst eftir sérstökum fjáröflunarleiðum.
5. Vextir.

Allt annað söfnunarfé skal renna í almennan söfnunarsjóð. Í bókhaldi skal tilgreint í hvaða verkefni söfnunarfé skuli varið.

Um fulltrúaráð og stjórn.

10. gr.

Yfirstjórn Hjálparstofnunar kirkjunnar er í höndum fulltrúaráðs, sem þannig er skipað:

a) Fimm menn skipaðir af Kirkjuráði til tveggja ára, þannig að tvö sæti séu laus þegar ártal stendur á oddatölu og þrjú sæti, þegar ártal stendur á jafnri tölu. Tveir varamenn eru skipaðir með sama hætti og ganga þeir úr varastjórn sitt árið hvor, en í fyrsta skipti er annar þeirra skipaður til eins árs. Ekki má endurskipa menn í fulltrúaráð oftar en svo að samfelld seta þeirra í fulltrúaráði verði lengri en sex ár.
c) Hvert prófastsdæmi landsins kýs einn mann í fulltrúaráð og annan til vara. Skulu þeir kjörnir á héraðsfundum til tveggja ára í senn. Ekki má kjósa menn í fulltrúaráð oftar en svo að samfelld seta þeirra í fulltrúaráði verði lengri en sex ár.

11. gr.

Stjórn fulltrúaráðsins skal kosin á aðalfundi stofnunarinnar.

Kjósa skal formann og 2 aðra til eins árs í senn. Formaður skal vera úr hópi þeirra sem skipaðir eru af Kirkjuráði. Í varastjórn skal kjósa 2 menn til eins árs í senn.

Endurkjósa má mann í stjórn, þó aldrei oftar en svo, að samfelld seta hans sé lengri en sex ár. Fulltrúaráð kýs 2 endurskoðendur til eins árs í senn. Fulltrúaráðið setur stjórninni og endurskoðendum starfsreglur.

12. gr.

Stjórnin ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar. Hún heldur eigi færri en átta fundi árlega. Afl atkvæða ræður úrslitum á öllum fundum.

13. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fjögurra ára í senn, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar, gætir fjár hennar og annast greiðslur hennar samkvæmt ákvörðun stjórnar, svo sem nánar er tilgreint í erindisbréfi hans.

Framkvæmdastjóri gerir ár hvert í samráði við stjórn, starfs- og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Aðalfundur afgreiðir áætlunina hverju sinni, sbr. 14. gr.

14. gr.

Reikningsárið er frá 1. október til 30. september og skulu reikningar endurskoðaðir af löggiltum og kjörnum endurskoðendum, lagðir fram á aðalfundi til umræðu og úrskurðar.

Um aðalfund og aðra fundi.

15. gr.

Fulltrúaráð skal koma saman til fundar a.m.k. tvisvar sinnum á ári, á fyrra og síðara árshelmingi skal síðari fundurinn vera aðalfundur stofnunarinnar. Til aðalfundar skal boðað með bréfi til hvers fulltrúa með 14 daga fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef rétt er til hans boðað og a.m.k. helmingur fulltrúa mætir.

Rétt til setu á aðalfundi eiga:

a) Fulltrúaráð.
b) Verndari stofnunarinnar.
c) Fráfarandi stjórnarmenn, þeir sem ekki eru lengur í fulltrúaráði, með málfrelsi og tillögurétt, meðan fjallað er um skýrslu stjórnar og reikninga.
d) Framkvæmdastjóri með málfrelsi og tillögurétt.

Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Lesin upp nöfn þeirra sem rétt eiga til fundarsetu.
3. Starfsskýrslur undanfarins árs.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar og úrskurðaðir.
5. Breytingar á skipulagsskrá ef fyrir liggja, enda hafi þess verið getið í fundarboði.
6. Starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs.
7. Stjórnarkjör samkvæmt 11. gr.
8. Kosning félagskjörinna endurskoðenda.
9. Önnur mál.

Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi. Aukafund skal halda, þegar þurfa þykir, eða ef helmingur fulltrúaráðs óskar þess.

16. gr.

Fulltrúaráðsmenn skulu leggja fram skýrslu á héraðsfundum um starfsemi Hjálparstofnunarinnar, og það sem varðar viðkomandi prófastsdæmi sérstaklega. Kjörnir fulltrúar skulu, ásamt sóknarprestum, vera tengiliðir safnaða og Hjálparstofnunarinnar, þeir skulu skipuleggja og stjórna aðgerðum á sínu svæði, eftir því sem þörf krefur.

17. gr.

2/3 hlutar fulltrúaráðs geta ákveðið að leggja Hjálparstofnunina niður, skulu þá allar eigur hennar renna til líknarmála á vegum kirkjunnar, eftir nánari ákvörðun stjórnar og fulltrúaráðs.

18. gr.

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari ná fram að ganga, ef þær hljóta fylgi 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi og staðfestingu dómsmálaráðuneytisins.

Skipulagsskrá þessi var samþykkt á aðalfundi stofnunarinnar 30. júní 1989.

19. gr.

Skipulagsskrá þessari var breytt á aðalfundi Hjálparstofnunar kirkjunnar 25. apríl 1992. Kemur skipulagsskráin í stað skipulagsskrár Hjálparstofnunar kirkjunnar nr. 595 frá 19. desember 1989.

Ákvæði til bráðabirgða: Reikningsárið 1992 verður frá 1. janúar til 30. september.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1992.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 328 2. september 1992

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 265 8. júlí 1992, um loðnuveiðar 1992/1993.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felldur úr gildi 1. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 265 8. júlí 1992, um loðnuveiðar 1992/1993, sbr. reglugerð nr. 313 21. ágúst 1992.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. september 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Kópavogsbæ.

1. gr.

Markmið bæjarstjórnar Kópavogs með samþykkt þessari er að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi í Kópavogi, með ákvæðum um vörsluskyldu og ábyrgð allra búfjáreigenda. Umhverfisráð og garðyrkjudeild fara með framkvæmd samþykktarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar Kópavogs.

2. gr.

Búfjárhald (alifugla, geita, hrossa, kanína, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína) er óheimilt í Kópavogi nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.

3. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingi leyfi til að halda sauðfé með eftirfarandi skilyrðum:

a) Umsókn um leyfi til sauðfjárhalds skal senda umhverfisráði Kópavogs sem gefur út leyfi að fenginni samþykkt bæjarráðs. Leyfi skal gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfi er gefið út til eins árs í senn með gildistíma frá 1. september. Endurnýjun leyfis fer fram við álagningu leyfisgjalds, byggðri á nýjustu skýrslu búfjáreftirlitsmanns, og innheimtu þess, sbr. 8. gr. Í vörslu umhverfisráðs skal vera skrá yfir alla þá sem hafa leyfi til sauðfjárhalds.
b) Leyfi er háð því að húsakostur hafi hlotið tilskilið leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda.
c) Hámarksfjöldi sauðfjár takmarkast við tíu vetrarfóðraðar kindur utan lögbýla.
d) Vörsluskylda er allt árið og er sauðfjárhaldið að öllu leyti á ábyrgð eiganda fjárins.
e) Leyfi er háð því að aðstaða til sauðfjárhalds og aðbúnaðar sé fullnægjandi, þ.e. húsakostur, geymsla fóðurs og taðs, vörsluhólf, fóðrun og önnur umhirða.

4. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingi leyfi til aðhalda hross á lögbýlum eða í skipulögðum hesthúsahverfum með eftirfarandi skilyrðum:

a) Umsókn um leyfi til hrossahalds skal send umhverfisráði Kópavogs sem gefur út leyfi að fenginni samþykkt bæjarráðs. Leyfi skal gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfi er gefið út til eins árs í senn með gildistíma frá 1. september. Endurnýjun leyfis fer fram við álagningu leyfisgjalds, byggðri á nýjustu skýrslu búfjáreftirlitsmanns, og innheimtu þess, sbr. 8. gr. Í vörslu umhverfisráðs skal vera skrá yfir alla þá sem hafa leyfi til hrossahalds.
b) Hrossafjöldi fer eftir stærð einstakra hesthúsa og skipulagi hesthúsahverfa. Skipulag hesthúsahverfa skal hafa hlotið samþykki bæjarstjórnar og teikningar af einstökum hesthúsum innan hverfisins í byggingarnefnd.
c) Vörsluskylda er allt árið og er hrossahaldið að öllu leyti á ábyrgð eiganda hrossanna.
d) Leyfi er háð því að aðstaða til hrossahalds og aðbúnaður sé fullnægjandi, þ.e. húsakostur, geymsla fóðurs og taðs, vörsluhólf, fóðrun og önnur umhirða.

5. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingi leyfi til að halda annan búfénað en sauðfé og hross með eftirfarandi skilyrðum:

a) Umsókn er greini tegund búfénaðar, skal senda umhverfisráði Kópavogs, sem gefur út leyfi að fenginni samþykkt bæjarráðs. Leyfi skal gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er gefið út til eins árs í senn með gildistíma frá 1. september. Endurnýjun leyfis fer fram við álagningu leyfisgjalds, byggðri á nýjustu skýrslu búfjáreftirlitsmanns, og innheimtu þess, sbr. 8. gr. Í vörslu umhverfisráðs skal vera skrá yfir alla þá sem hafa leyfi til búfjárhalds.
b) Leyfi er háð því að húsakostur hafi hlotið tilskilið leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda.
c) Heimilt er að takamarka leyfi við ákveðinn fjölda búfjár.
d) Vörsluskylda er allt árið og er búfjárhaldið að öllu leyti á ábyrgð eigenda.
e) Leyfi er háð því að aðstaða til búfjárhalds og aðbúnaður sé fullnægjandi, þ.e. húsakostur, geymsla fóðurs og úrgangs, vörslu, fóðrun og önnur umhirða.

6. gr.

Lausaganga er óheimil á öllum tímum í lögsagnarumdæmi Kópavogs neðan hinnar samfelldu vörslugirðingar höfuðborgarsvæðisins sem liggur frá sjó norðan Straumsvíkur, um Kaldársel, ofan Heiðmerkur, um Selfjall, Elliðakotsheiði, Miðdalsheiði og Seljadal í Mosfellsdal ofanverðan, að Leirvogsá og út Esjuhlíðar allt til hreppamarka við Kiðafellsá. Telst land ofan girðingarinnar til afréttar og um fjallskil þar fer eftir fjallskilasamþykkt nr. 304/1988.

Upprekstur hrossa í afréttinn er bannaður. Sauðfé má flytja til sumarbeitar upp fyrir vörslugirðingu höfuðborgarsvæðisins þegar gróður og aðstæður leyfa á vorin, að mati sérfróðra manna sem umhverfisráð kveður til. Neðan vörslugirðingar skal allt búfé í Kópavogi vera í vörslu. Skal uppsetning og viðhald girðingarhólfa þar vera á kostnað og ábyrgð viðkomandi búfjáreigenda.

7. gr.

Fylgi leyfishafi ekki settum reglum um aðbúnað og meðferð búfjárins má afturkalla leyfi til búfjárhalds að undangegninni aðvörun.

Hvern þann búfénað sem sleppur úr vörslu skal taka hvar sem til hans næst og færa í örugga vörslu, sem búfjáreftirlitsmaður sér um. Eiganda skal tilkynnt um gripi sína og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, svo sem tjón og kostnað við handsömun. Hafi eigandi ekki hirt um að sækja gripi sína eða greiða áfallinn kostnað innan tíu daga, er heimilt að svipta viðkomandi leyfi til búfjárhalds í Kópavogi. Við ítrekað brot á þessum reglum missir leyfishafi rétt til búfjárhalds og verður gripum jafnframt ráðstafað í samræmi við 11. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.

8. gr.

Til að framfylgja samþykkt þessari skal Kópavogsbær ráða búfjáreftirlitsmann sem annast eftirlit með húsakosti, ásetningi búfjár, aðbúnaði, fóðrun, hirðingu og vörslu bæjarlandsins neðan vörslugirðingar höfuðborgarsvæðisins. Auk forðagæslu og vörslu lands skal búfjáreftirlitsmaður halda skrá um búfjáreigendur og fjölda búfjár af einstökum tegundum.

Heimilt er að innheimta leyfisgjald af búfé utan lögbýla til að standa undir kostnaði við forðagæslu og búfjáreftirlit. Skiptist það í grunngjald og gjald fyrir fjölda búfjár hvers leyfishafa. Landbúnaðarráðherra gefur út gjaldskrá fyrir leyfisgjöld.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða fangelsi ef miklar sakir eru. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 65 23. mars 1965 um búfjárhald í Kópavogi.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. ágúst 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

27. ágúst 1992 Nr. 330

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga nr. 372 25. október 1976 með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Vinningar í happdrættinu skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal heildarverðmæti vinninga nema að minnsta kosti 50% af söluverði í öllum 12 flokkum.

2. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Stjórn happdrættisins er heimilt að kveða svo á í vinningaskrá að falli fyrsti vinningur í flokki á óseldan miða leggist hann við fyrsta vinning í næsta flokki og þannig áfram uns fyrsti vinningur í flokki fellur á seldan miða. Gildir slíkur flutningur fyrsta vinnings einnig í 12. flokki þannig að hann flyst til 1. flokks á næsta happdrættisári.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 52/1976, lög nr. 115/1984 og lög nr. 24/1989, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. ágúst 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins nr. 497, 19. desember 1990, sbr. reglugerð nr. 195, 1. júní 1992.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

1. gr.

Á tímabilinu 1. október til 31. desember 1992 skal skráningargjald vera kr. 500 (taxti 0.5).

Íhlutir í skráð raftæki sem ætlaðar eru sem varahlutir eru undanþegnir sjálfstæðri skráningu nema um öryggisbúnað sé að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. október 1992. Við gildistöku hennar fellur úr gildi reglugerð nr. 195, 1. júní 1992 um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins nr. 497, 19. desember 1990.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 7. september 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Rán Tryggvadóttir.

Nr. 332 4. september 1992

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Selfoss og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 550/1987.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 49. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð og aðalfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður, eru kjörgengir sem varamenn í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Selfoss hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1992.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Þórhildur Líndal.

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 - 1992

14. september 1992 685 Nr. 333

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 89, 2. mars 1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nemi samanlagðar aflaheimildir sem útgerð skips á forkaupsrétt á skv. 1. mgr. þessarar greinar minna en 100 kg í þorskígildum talið fellur forkaupsréttur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. september 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

8. september 1992 Nr. 334

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi nr. 544/1986 fyrir Fiskmjölsverksmiðju Vestmannaeyja (FIVE) og breyting á því starfsleyfi nr. 59/1992.

1. gr.

4. gr. 2. tl. orðist svo:

4.2. Frágangi lykteyðingarbúnaðarins fyrir útblástur frá þurrkurum, sbr. gr. 2.10., skal lokið fyrir 31. desember 1993. Fyrirtækið skal fyrir 1. júní 1993 upplýsa Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Vestmannaeyja skriflega um stöðu mála varðandi undirbúning og uppsetningu lykteyðingarbúnaðarins.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990, með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 8. september 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Steindórsprent Gutenberg hf.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Neskaupstaðar að fasteignum í Neskaupstað.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19, 21. maí 1964 hefur bæjarstjórn Neskaupstaðar þann 18. ágúst 1992 samþykkt forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum í Neskaupstað:

Fasteignir:	Eigandi:
Egilsbraut 3	Goði hf.
Egilsbraut 5	Sjálfsbjörg, Sigurðar Bjarnason Guðríður Guðbjartsdóttir
Egilsbraut 7	Sigurður Bjarnason Guðrún Ólafsdóttir
Egilsbraut 9	Guðrún Kristín Einarsdóttir Pétur Óskarsson
Egilsbraut 14 og 16	Guðrún Eiríksdóttir
Egilsbraut 22	Sófur Gjörveraa
Egilsbraut 24	Sævar Jónsson
Hafnarbraut 2a	Kaupfélagið Fram
Hafnarbraut 13	Viggó hf.
Hafnarbraut 25	Drift hf.
Hafnarbraut 51	Hafalda hf.
Miðstræti 7	Ólöf Stefánsdóttir
Strandgata 11	Ármann Herbertsson
Strandgata 13	Edgar Sólheim Einarsson
Strandgata 15	Lára Halldórsdóttir
Strandgata 17	Guðmundur Þorleifsson
Strandgata 19 sjóhús, fiskverk	Ölver hf.
Mýrargata 8	Axel Magnússon
Skólavegur 1	Kristrún Guðjónsdóttir
Þórhólsgata 2	Gerður Guðmundsdóttir
Þórhólsgata 6	Birna Magnúsdóttir
Nesgata 20	Serena Stefánsdóttir
Nesgata 20a	Gylfi Gunnarsson
Blómsturvellir við 41, geymsluhús	Haki sf.
Miðgarður 10, fjárhús	Sólveig Jóhannsdóttir

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til upplýsinga og eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 385, 25. september 1985.

Umhverfisráðuneytið, 31. ágúst 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Stjórnartíðindi B 48, nr. 333–335. Útgáfudagur 15. september 1992.

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 - 1992

14. september 1992 687 Nr. 336

REGLUGERÐ

um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1993-1994.

I. KAFLI
Um greiðslumark.

1. gr.

Heildargreiðslumark.

Heildargreiðslumark sauðfjárafurða verðlagsárið 1993-1994 er 8.150 tonn kindakjöts og skiptist í greiðslumark lögbýla.

2. gr.

Greiðslumark lögbýla.

Greiðslumark lögbýla reiknast í kg kindakjöts. Samanlagt greiðslumark lögbýla verður 8.150 tonn. Greiðslumark hvers lögbýlis verðlagsárið 1993-1994 skal vera jafnt fullvirðisrétti þess að lokinni aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði að teknu tilliti til staðfestra aðilaskipta fyrir 31. ágúst 1992.

Greiðslumark vegna heimtöku skal reiknað með þeim hætti að greiðslumark vegna áunninnar heimtöku verði hið sama hjá hverjum framleiðanda og reiknað var verðlagsárið 1992-1993, en 140 tonnum skal skipt hlutfallslega milli framleiðenda miðað við fullvirðisrétt að lokinni aðlögun hans að innanlandsmarkaði.

3. gr.

Fullvirðisréttur í leigusamningum við Framleiðnisjóð.

Handhafa leigusamnings við Framleiðnisjóð landbúnaðarins er heimilt að hefja framleiðslu við lok leigutíma og nýta rétt lögbýlis til greiðslumarks að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) Tilkynna skal Framleiðnisjóði landbúnaðarins með tilskildum fyrirvara hvort hefja á framleiðslu.
b) Framleiðsla verður aðeins hafin á því lögbýli sem fullvirðisrétturinn var leigður af.

4. gr.

Aðilaskipti að greiðslumarki.

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki milli lögbýla, með eftirfarandi takmörkunum:

a) Greiðslumark byggt á fullvirðisrétti sem leigður var Framleiðnisjóði landbúnaðarins má því aðeins selja að það hafi verið í framleiðslu hjá viðkomandi framleiðanda, sbr. 3. gr.,

Steindórsprent Gutenberg hf.

næstliðin tvö ár fyrir sölu. Heimilt er að selja allt greiðslumarkið þegar framleiðsla á lögbýlinu hefur náð 80% greiðslumarksins að meðaltali í tvö ár, að öðrum kosti í hlutfalli við nýtingu þess. Takmörkun þessi nær til svonefndra opinna leigusamninga sem framleiðendur gerðu við sjóðinn.

b) Greiðslumark vegna heimtöku er óheimilt að selja frá lögbýli.

c) Greiðslumark sem bundið er í fjárskiptasamningi verður seljanlegt að liðnum samningstíma um fjárleysi og þegar samningurinn telst fullefndur að öðru leyti.

d) Landbúnaðarráðherra er heimilt, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að takmarka eða stöðva aðilaskipti að greiðslumarki ef fyrir liggur rökstutt álit Landgræðslu ríkisins um nauðsyn þess af gróðurverndarástæðum. Landbúnaðarráðherra ákveður nánari starfsreglur hér að lútandi. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal veita Landgræðslu ríkisins upplýsingar um fyrirhuguð aðilaskipti að greiðslumarki jafnóðum og tilkynningar berast.

e) Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir því að afsala greiðslumarki frá lögbýli.

Nú á framleiðandi fleiri en eitt lögbýli eða flytur af einu lögbýli á annað og er þá heimilt að sameina greiðslumark beggja lögbýlanna með ofangreindum takmörkunum. Á sama hátt er landbúnaðarráðherra heimilt að flytja greiðslumark milli lögbýla í eigu ríkisins.

Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt fyrir 1. febrúar 1993 á þar til gerðum eyðublöðum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýli. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

5. gr.

Nýting greiðslumarks lögbýla.

Heimilt er framleiðanda að nýta 105% af greiðslumarki lögbýlisins með innleggi í afurðastöð og heimtöku kjöts á verðlagsárinu 1993-1994. Greiðslumark sem skráð er samkvæmt 2. mgr. 2. gr. verður aðeins nýtt með heimtöku úr afurðastöð.

Áður en afurðastöð kaupir eða tekur til sölumeðferðar sauðfjárafurðir umfram efri mörk greiðslumarks framleiðanda skal gert sérstakt samkomulag milli afurðastöðvar og framleiðanda um slátrun, afurðaverð og greiðslu þess, eftir því sem við á. Samsvarandi magn afurða skal markaðsfært erlendis á ábyrgð viðkomandi aðila. Þó getur Framleiðsluráð landbúnaðarins heimilað sölu þeirra innanlands ef framleiðsla verður minni en sala.

Fari framleiðsla á lögbýlinu umfram efri mörk greiðslumarks þess, án sérstaks samkomulags við afurðastöð, skal það sem umfram er og ekki rúmast innan heildargreiðslumarks koma til lækkunar á greiðslumarki þess á næsta verðlagsári. Að auki er heimilt að skerða greiðslumarkið um allt að 0,5 kg fyrir hvert framleitt kílógramm umfram efri mörk.

Við útreikning á nýtingu greiðslumarks skal vega saman kjöt af dilkum og fullorðnu fé þannig: Magn dilkakjöts x 1,03 + magn kjöts af fullorðnu fé x 0,75 = reiknuð nýting.

6. gr.

Brottfall og geymsla greiðslumarks.

Greiðslumark sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár fellur niður.

Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu til 31. ágúst 1998 og sætir það þá sömu breytingum og annað greiðslumark.

II. KAFLI
Um beinar greiðslur.

7. gr.
Beinar greiðslur.

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda sauðfjárafurða og skal svara til 50% af framleiðslukostnaði kindakjöts samkvæmt verðlagsgrundvelli sauðfjárafurða 1. september 1993. Vegna verðlagsársins 1993-1994 má að hámarki greiða beina greiðslu miðað við 105% reiknaða nýtingu á greiðslumarki lögbýlisins, enda rúmist þær greiðslur innan heildargreiðslumarks ársins, sbr. uppgjör skv. 10. gr.

Beinar greiðslur skulu takmarkast við ásetning á lögbýlinu skv. forðagæsluskýrslu haustið 1992, þannig að á móti 18.2 kg kindakjöts í greiðslumarki nemi ásetningur a.m.k. 0.6 ám eða 0.8 gemlingum. Hafi framleiðandi á undanförnum tveimur árum fullnýtt framleiðsluheimild sína með lægra ásetningshlutfalli skulu beinar greiðslur ekki skertar samkvæmt þessari reglu.

8. gr.
Viðtakandi beinna greiðslna.

Beinar greiðslur greiðast ábúanda á lögbýlinu. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skal Framleiðsluráði landbúnaðarins allar breytingar á hver eigi að vera handhafi beinna greiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beinna greiðslna. Jafnframt skulu viðtakendur beinna greiðslna tilgreina sérstakan reikning í banka eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

9. gr.
Greiðslutilhögun.

Beinar greiðslur greiðast til viðtakanda, í fyrsta sinn 1. mars 1993 og skulu 80% af heildargreiðslum greiðast með jöfnum mánaðarlegum greiðslum 1. hvers mánaðar frá mars til október. Eftirstöðvar skulu greiðast 15. desember 1993. Greiðslur frá mars til október skulu áætlaðar út frá verðlagsgrundvelli 1. september 1992, en uppgjör beinna greiðslna miðast við verðlagsgrundvöll 1. september 1993.

10. gr.
Uppgjör beinna greiðslna.

Beinar greiðslur skerðast hlutfallslega nái reiknuð nýting greiðslumarks ekki 80% af greiðslumarki lögbýlisins. Þó skulu þeir sem tóku fé haustið 1990 eftir fjárleysi samkvæmt samningum við Sauðfjárveikivarnir fá fullar beinar greiðslur þó framleiðsla þeirra sé aðeins 60%, hjá þeim sem tóku fé haustið 1991 miðast við 40% og 20% hjá þeim sem fé tóku haustið 1992.

Sjái framleiðandi fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til a.m.k. 80% af beinum greiðslum ársins, ber honum að tilkynna það Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem þá skal haga beinum greiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok sláturtíðar, að ofgreitt hafi verið, ber viðtakanda beinna greiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

Gerist framleiðandi sekur um ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé er heimilt að skerða eða fella niður beinar greiðslur til viðkomandi lögbýlis.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

11. gr.
Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út greiðslumark til framleiðslu sauðfjárafurða og heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna, og lætur afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði viðkomandi afurðastöðvar og búnaðarsambands.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur.

Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

12. gr.
Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýlisins. Þeir eiga þess kost að gera skriflegar athugasemdir við það og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki skriflegar athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár.

Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar.

13. gr.
Úrskurðarnefnd.

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki, rétt til beinna greiðslna og framkvæmd verðskerðingar, er heimilt að skjóta til þriggja manna úrskurðarnefndar, sem landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, einn án tilnefningar og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands. Ráðherra skipar einn úr þeirra hópi formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úrskurði nefndarinnar, sem skal liggja fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

14. gr.
Viðurlög og gildistaka.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. september 1992.

Halldór Blöndal.

Jóhann Guðmundsson.

Stjórnartíðindi B 49, nr. 336. Útgáfudagur 16. september 1992.

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 - 1992

4. september 1992 691 Nr. 337

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Eskifjarðarkaupstað.

1. gr.

Í Eskifjarðarkaupstað er búfjárhald óheimilt utan lögbýla. Bæjarstjórn getur þó, að fenginni umsögn landbúnaðarnefndar, veitt sérstök leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari.

2. gr.

Hver sá sem vill fá leyfi til búfjárhalds skal senda um það skriflega umsókn til bæjarstjórnar þar sem tilgreind er tegund og fjöldi búfjár ásamt yfirlýsingu um að gripahaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda. Þar skal einnig tilgreina hvernig vörslu búfjárins skuli háttað og greina frá húsakosti, beitilandi, fóðuröflun og öðru er máli kann að skipta.

3. gr.

Nú telur bæjarstjórn, að fenginni umsögn landbúnaðarnefndar, að skilyrði búfjárhalds séu fyrir hendi og getur hún þá veitt leyfi til tiltekins tíma eða ótímabundið með tilteknum afturköllunarfresti. Leyfi til sauðfjárhalds til annarra en aðila með greiðslumark skal þó aðeins veitt á lögbýlum með sömu skilyrðum og um búfjárhald almennt. Leyfið skal gefið út á nafn og er óframseljanlegt. Hámarksfjöldi á hvert leyfi skal vera 10 kindur.

Fylgi leyfishafi ekki settum reglum um meðferð og vörslu búfjárins má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

4. gr.

Heimilt er að innheimta leyfisgjald af búfé utan lögbýla til að standa undir kostnaði við forðagæslu og búfjáreftirlit. Skiptist það í grunngjald og gjald fyrir fjölda búfjár hvers leyfishafa. Landbúnaðarráðherra skal gefa út gjaldskrá fyrir leyfisgjald og birta í Stjórnartíðindum.

5. gr.

Lausaganga hrossa er óheimil í sveitarfélaginu án leyfis bæjarstjórnar, að fenginni umsögn landbúnaðarnefndar. Gildir það jafnt um ábúendur lögbýla og þá sem hafa sérstakt leyfi til búfjárhalds. Þá er hvers konar lausaganga búfjár bönnuð innan girðingar umhverfis kaupstaðinn (þéttbýlið).

6. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Tað og annan úrgang frá búfénu skal eigandi fjarlægja og er með öllu óheimilt að safna því utan húss.

Steindórsprent Gutenberg hf.

7. gr.

Búfjáreftirlitsmaður sveitarfélagsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir atvikum, þá búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur. Lausagöngufénað skal handsama og skrá. Skylt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

8. gr.

Bæjarstjórn skal sjá um að búfjárheld girðing sé umhverfis þéttbýlið í sveitarfélaginu og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjárhald í Eskifjarðarkaupstað nr. 405 12. nóvember 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir sem við gildistöku samþykktar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir samþykktina skulu innan fjögurra mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt og sótt um leyfi til búfjárhalds, að öðrum kosti fellur niður heimild þeirra til búfjárhalds.

Samkomulag við félag hestamanna frá 18. maí 1990 um leigu útihúsa, slægjulanda og annars lands jarðanna Eskifjarðar, Byggðarholts og Borga, svo og önnur ákvæði þess samkomulags skulu þó gilda til 1. júlí 2010. Bæjarstjórn er þó heimilt að endurskoða gildistíma samkomulagsins með tilliti til breytinga á svæðinu.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. september 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Nr. 338 28. ágúst 1992

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin einstefna á Grundarstíg til suðurs, á milli Spítalastígs og Bjargarstígs.

Auglýsing þessi tekur gildi 15. september 1992.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 28. ágúst 1992.

Böðvar Bragason.

Hver sem fjallskil á að inna af hendi skal vanda vel tillag sitt, svo sem með því að senda fullgilda og vel útbúna menn í leitir, útréttir og annað því um líkt. Láti einhver farast fyrir að senda mann í leit eða önnur þau fjallskil er hann hefur verið kvaddur til í fjallskilaboði og eigi má fresta, greiðir sá er fjallskilin átti að inna af hendi sem svarar einu og hálfu tillagi því sem vantar.

Ef einhver sendir mann í leit sem leitarforingi og helmingur manna í flokki hans telur óhæfan sökum galla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá er slíkan mann sendir skyldur að borga eins og hann hefði engan sent. Sama gildir um mann í útréttir.

Sannist það eftir á að einhver sem fjallskil á að framkvæma hafi vanrækt verk sitt, getur hreppsnefnd krafist uppbótar frá honum eða þeim er sendi hann, eftir því er hæfa þykir.

29. gr.

Áður en leit byrjar skal leitarforingi gæta þess í hæfilegan tíma, hvort nokkrum manni verði að vísa heim, hvort nokkurn vantar eða annað er til leitarinnar þarf. Kaupir hann þá mann eða annað í stað þess er vantar ef þörf krefur og þess er nokkur kostur.

Leitarforingi hefur á hendi alla stjórn á leitunum. Hann skipar fyrir um hvernig hver leitarmaður hagar göngu sinni, gætir þess að farið sé eftir fyrirskipunum hans, að úr sé bætt ef eitthvað fer óskipulega, að ekki sé illa farið með skepnur, að fatlaðar kindur séu fluttar til byggða, að safnsins sé vel gætt þar til það er komið í rétt og réttarstjóri tekur við stjórn, svo og alls þess er tilheyrir góðu skipulagi í leitum.

30. gr.

Þeir sem sendir eru í útréttir skulu hlýða foringja sínum. Hann skal gera það sem unnt er til þess að ekki verði kindur eða hross eftir í útréttum, og fari þar fram töfludráttur má ekki fara frá réttinni fyrr en honum er lokið. Foringi útréttarmanna gætir þess að skepnum sé ekki hætta búin í rekstri, í vatnsföllum, hraungjótum, af ofþreytu og öðru því um líku.

31. gr.

Nú þykir einhverjum niðurjöfnun fjallskila ekki rétt og vill fá leiðréttingu á því. Ber honum þó engu að síður að inna þau af hendi, en hann getur sent rökstudda kæru til hreppsnefndar fyrir lok októbermánaðar og beðið hana lagfæringar. Fjallskilagjöld eru lögtakskræf.

V. KAFLI
Um réttir og réttahöld.

32. gr.

Þessar skulu vera aðalréttir í sýslunni:

1. *Fljótstungurétt.* Leitarsvæði hennar er: Heimalönd allra jarða í Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmannstungu, að báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá, svo og afréttur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd, að afréttarlöndum Þverárréttar og að löndum Húnvetninga að norðan og jöklum að austan. Fyrsta rétt skal vera sunnudag í 21. viku sumars.
2. *Þverárrétt.* Leitarsvæði hennar er: Öll heimalönd, heiðalönd og afréttarlönd allra jarða í Norðurárdal og Stafholtstungum austan Sanddalsár og Norðurár, svo og allra jarða í Þverárhlíð og Hvítársíðu allt að girðingum þeim er áður eru nefndar, að löndum Húnvetninga

að norðaustan og að löndum Strandasýslu og Dalasýslu að norðvestan. Þó getur stjórn Þverárréttarfélags leyft að Lambatungur séu leitaðar til Fljótstunguréttar.

Fyrsta rétt skal vera mánudag sem fellur á tímabilið 14. til 20. september, önnur rétt mánudag sem fellur á tímabilið 21. til 28. september og þriðja rétt mánudag sem fellur á tímabilið 28. september til 4. október.

3. *Brekkurétt.* Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Norðurárdal og Stafholtstungum fyrir vestan Sanddalsá og Norðurá allt að löndum Dalamanna og Borghreppinga að norðan og norðvestan.

Fyrsta rétt skal vera sunnudag sem fellur á tímabilið 13. til 19. september, önnur rétt sunnudag sem fellur á tímabilið 27. september til 3. október og þriðja rétt sunnudag sem fellur á tímabilið 11. til 17. október.

4. *Skarðsrétt.* Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Borgarhreppi og Borgarnesbæ.

Fyrsta rétt skal vera mánudag sem fellur á tímabilið 14. til 20. september, önnur rétt þriðjudag sem fellur á tímabilið 29. september til 5. október og þriðja rétt þriðjudag sem fellur á tímabilið 13. til 19. október.

5. *Grímsstaðarétt.* Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Álftaneshreppi, svo og fjalllendi Ytri-Hraundals.

Fyrsta rétt skal vera þriðjudag sem fellur á tímabilið 15. til 21. september, önnur rétt miðvikudag sem fellur á tímabilið 30. september til 6. október og þriðja rétt miðvikudag sem fellur á tímabilið 14. til 20. október.

6. *Hítardalsrétt.* Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd í Hraunhreppi, að undanskildu fjalllendi Ytri-Hraundals.

Fyrsta rétt skal vera mánudag sem fellur á tímabilið 14. til 20. september, önnur rétt sunnudag sem fellur á tímabilið 27. september til 3. október og þriðja rétt þriðjudag sem fellur á tímabilið 13. til 19. október. Aðrar og þriðju réttir í Hraunhreppi er heimilt að halda annarsstaðar en í aðalrétt, og heimilt að viðhalda aukaréttum til þess.

33. gr.

Aukaskilarétt má halda í hverju upprekstrarfélagi fyrir sig hvenær sem hreppsnefnd ákveður.

34. gr.

Hreppsnefnd eða hreppsnefndir hverrar fjallskiladeildar skulu sjá um byggingu aðalréttar og tryggja að viðunandi aðstaða sé til sundurdráttar, þar sem slíkar réttir skulu vera. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði eftir samþykkt hreppsnefndar. Þess skal gætt að rétt sé þannig byggð að nægilega stórt rými sé fyrir allt fé er til réttar rekst, og að allir er fjárvon eiga hafi þar nóg dilkrými. Þar séu og dilkar fyrir útréttarfé, ómerkinga og annað óskilafé. Gætt skal þess að rétt sé svo vel byggð og vel við haldið að fé geti ekki sloppið úr henni. Hreppsnefnd eða hreppsnefndir skulu og annast um byggingu leitarmannaskála og húss fyrir leitarhesta, eins vistlega og rúmgóða og þörf er talin fyrir.

35. gr.

Skylt er að leggja til land undir rétt, en engin umráð hefur landeigandi eða landsnotahafi þess vegna yfir réttinni, en þóknun fyrir átroðning á landið við réttahaldið fær hann eftir því sem um semst. Verði ágreiningur ákveður héraðsnefnd gjaldið.

36. gr.

Hreppsnefnd ákveður á hvaða tíma réttahald byrjar. Er þá öllum þeim sem fjárvon eiga við réttina skylt að vera þar til að hirða fénað sinn. Réttarstjóri sér um að allt fari skipulega

framvið réttahaldið og hefur vald til að banna allt sem getur hindrað það eða tafið. Öllum sem í rétt eru er skylt að hlýða skipunum hans og getur hann kært til sekta ef út af er brugðið. Hann getur skipað annan í sinn stað eða sér til aðstoðar ef þörf er á.

Réttarstjóri sér um að ómerkingar séu látnir í sér dilk og gefur hverjum sem þess óskar kost á að láta á helga sér lamb. Hann skal einnig sjá um að hryssur fái að helga sér folöld, þó ekki séu þau látin í ómerkingardilk. Enginn má taka ómerkinga án leyfis réttarstjóra. Enginn má draga sauðfé eða hross, nema látið sé í dilk eða annað aðhald, þar sem auðvelt er að kanna það áður en út er hleypt. Enginn má hleypa út úr dilk fyrr en réttarstjóri leyfir og búið er að kanna féð eða hrossin, ef réttarstjóri fyrirskipar það. Hreppstjóri þess hrepps er rétt liggur í skal ætíð vera við, þá réttað er, og gæta lögreglu.

37. gr.

Skylt er hverjum þeim, er á von kinda eða hrossa í aðalrétt eða aukarétt réttafélags síns, að hafa þar nægan mannafla til þess að hirða þar fénað sinn. Vanræki einhver þetta er réttarstjóra heimilt að láta hirða fénaðinn og flytja heim á kostnað eiganda.

38. gr.

Þá er réttarstjóri álítur tíma til kominn skal töfludráttur fara fram og markaskrár Mýrasýslu og nærliggjandi sýslna vera við hendina. Allar sauðkindur og hross sem að því loknu hefur ekki verið ráðstafað til eiganda skal fara með sem óskilafé.

VI. KAFLI
Um meðferð óskilafénaðar.

39. gr.

Alla ómerkinga sem eigi hafa fundist eigendur að, svo og allar aðrar kindur sem eftir verða í rétt hverri þá drætti er lokið og ekki er vitað með vissu um eigendur að, skal hreppstjóri í þeim hreppi er rétt liggur í láta færa til slátrunar svo fljótt sem við verður komið. Allt óskilafé sem ætla má að eigendur geti fundist að síðar skal hreppstjóri leggja inn á reikning embættis síns, svo síðar megi greiða út verð hverrar kindar ef eigandi finnst.

Hreppsnefnd kýs tvo fjárglögga menn til að lýsa mörkum og öðrum einkennum á óskilafénaði er eftir verður og ráðstafa þarf. Verði þeir ekki á eitt sáttir um lýsingu á marki kveður hreppstjóri til þriðja mann til þess að skera úr ágreiningnum. Vafaatriða skal þó getið í auglýsingu um óskilafénaðinn.

Nú verður hross (eða nautgripur) í óskilum í lögskilarétt. Skal hreppstjóri þá selja slíka gripi við opinbert uppboð þegar í stað með skilorðum 42. gr. eða ráðstafa þeim á annan hátt um stundarsakir ef hentara þykir.

40. gr.

Óskilafénað sem finnst eða fram kemur eftir allar réttir og verður ekki komið til eigenda, skal tilkynna hreppstjóra í þeim hreppi sem fénaður finnst í, og skal hann að því búnu seldur við opinbert uppboð, svo fljótt sem verða má nema um sauðfé sé að ræða, þá skal það fært til slátrunar.

41. gr.

Nú heimtir einhver kind með sínu marki, en kannast ekki við hana sem sína eign, þá skal fara með hana sem annað óskilafé.

42. gr.

Þá er óskilahross er selt skal, auk venjulegra söluskilmála, áskilja að eiganda sé heimilt að innleysa það til sín innan tólf vikna frá söludegi. Hið selda hross skal vera í gæslu kaupanda, en ekki á ábyrgð hans fyrr en að innlausnarfresti liðnum.

Gæslukaup og hagatollur telst frá söludegi þar til hross er hirt af eiganda. Komi hross á hús og hey áður en innleyst er, greiðist kostnaður af því eftir samkomulagi. Hreppsnefnd þess hrepps sem hross er selt í sker úr ágreiningi út af kostnaði.
Eiganda er því aðeins heimilt að innleysa hross að hann greiði um leið allan áfallinn kostnað.

43. gr.

Eftir hvert uppboð á óskilahrossum skal hreppstjóri, svo fljótt sem verða má, senda auglýsingu til birtingar hreppstjórum í aðliggjandi hreppum. Í auglýsingunni skal getið um kynferði, aldur, lit og auðkenni hins selda, svo og verð, nafn kaupanda og bústað.

44. gr.

Fyrir árslok skal hreppstjóri birta í Lögbirtingablaðinu auglýsingu um óskilafénað með mörkum, er fram hefur komið í hreppi hans á því ári, og þá er ekki útgenginn. Skal í auglýsingu greina mark og auðkenni hverrar skepnu, svo og vafaatriða getið, ef einhver eru, sbr. 39. gr. Ennfremur skal í auglýsingu skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna eignarrétt sinn, innan sex mánaða frá auglýsingardegi.

45. gr.

Af andvirði óskilafjár greiðist allur áfallinn og löglegur kostnaður, hverju nafni sem nefnist. Að öðru leyti greiðist andvirði hins selda til hvers þess er þykir hafa sannað eignarrétt sinn innan tiltekins tíma.

46. gr.

Þá er kröfufrestur er útrunninn skv. 44. gr. skal hreppstjóri gera oddvita í hreppi sínum grein fyrir seldum og slátruðum óskilafénaði frá haustinu áður. Andvirði þess fénaðar sem ekki hafa fundist eigendur að, skal hreppstjóri þá inna af höndum til oddvita, að frádregnum kostnaði.

Hafi andvirði ómerkinga, mýétninga eða fjár með óþekkjanlegum mörkum vegna skemmda verið innheimt af hreppstjóra, ber honum að endurgreiða það til oddvita, að frádregnum kostnaði, fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

47. gr.

Andvirði ómerkinga og óskilafénaðar er greiðist til oddvitanna í Hvítársíðuhreppi, Þverárhlíðarhreppi og Stafholtstungnahreppi, rennur í sjóð er heitir Fjallskilasjóður Þverárréttar, og skal honum aðallega varið til viðhalds réttinni með tilheyrandi girðingum. Oddviti Þverárhlíðarhrepps gerir árlega reikninga sjóðsins og skulu þeir endurskoðaðir og úrskurðaðir af oddvitum Hvítársíðu- og Stafholtstungnahreppa.

Andvirði ómerkinga og óskilafénaðar í öðrum hreppum sýslunnar rennur í sveitarsjóð hvers hrepps fyrir sig, eins og það er greitt til oddvita, nema viðkomandi hreppsnefnd ákveði annað. Heimilt er þó hreppsnefnd í hreppi er rétt liggur í, að greiða þóknun til marklýsingarmanna og réttarstjóra af óskilafjárverði, er sveitarsjóði eða fjallskilasjóði tilheyrir, og af óskiptu því er skipta á milli hreppa.

VII. KAFLI
Um mörk og litarmerkingar.

48. gr.

Hver maður skal einkenna sauðfé sitt með glöggu marki á eyrum. Hross skal eyrnamarka eða frostmerkja. Lömb skulu eyrnamörkuð, þau er til næst fyrir lok tólftu viku sumars.

Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu,brennimark á horni eða plötu í eyra.

Litarmerkja skal allt sauðfé. Aðrar varanlegar litarmerkingar eru bannaðar.

Hreppsmerki eru:

M 1 fyrir Hvítársíðuhrepp.
M 2 fyrir Þverárhlíðarhrepp.
M 3 fyrir Norðurárdalshrepp.
M 4 fyrir Stafholtstungnahrepp.
M 5 fyrir Borgarhrepp.
M 6 fyrir Álftaneshrepp.
M 7 fyrir Hraunhrepp.
M 8 fyrir Borgarnesbæ.

49. gr.

Búfé skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda eignarrétt nema sannist að annar eigi. Enginn má draga sér búpening sem eigi ber hans rétta mark. Við sönnun á eign á búpeningi er frostmerking rétthæst, þar næst brennimark, þá löggilt plötumerki og síðast eyrnamark. Eiganda rétthærra marks er skylt að gera grein fyrir eignarrétti sínum, ef eigandi réttlægra marks krefst þess. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

50. gr.

Eyrnamörk sem heimilt er að nota eru þessi:

Alheilt, andfjaðrað, biti, blaðstýft, bragð, fjöður, gagnbitað, gagnfjaðrað, gagnhangfjaðrað, gagnhófbitað, gagnstigað, hamrað, hangfjöður, hálftaf, heilgeirað, heilhamrað, heilrifað, hófbiti, hvatrifað, hvatt, lögg, miðhlutað, miðhlutað í stúf, oddfjaðrað, sneiðrifað, sneitt, stig, stúfrifað, stýft, stýfthálftaf, sýlt, sýlt í hálftaf, tvíbitað, tvífjaðrað, tvíhangfjaðrað, tvírifað í heilt, tvírifað í sneitt, tvírifað í stúf, tvístigað, tvístýft.

Óheimilt er að nota markið „gat“ á sauðfé og „netnál“ og „sprett í nös“ á búfé.

Unnið skal gegn notkun annarra marka en að framan eru talin.

Fleiri en tvö undirben má ekki nota sömu megin á eyra. Jafnan skal auglýsa í markaskrá hvaða mörk er leyfilegt að nota.

VIII. KAFLI

Fjárrekstrar, fjárflutningar og förgun á fé.

51. gr.

Þegar hross eða sauðfé er rekið um héraðið skal þess gætt að hverjum rekstri fylgi ætíð nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði fyrir þá, er þau lönd eiga sem um er rekið eða í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra fyrr en markljóst er orðið og eigi má halda áfram að kvöldi, þegar mjög er orðið skuggsýnt, nema brýna nauðsyn beri til.

Þegar fénaður er fluttur á bifreiðum eða tengivögnum skal þess gætt að hann hafi nægilegt rými og að vel fari um hann. Skaða sem hlýst af því að út af þessu er brugðið ber eiganda eða umsjónarmanni rekstursins eða flutningatækis að greiða eiganda fjárins, nema vátryggingataki bæti. En sannist það að skaðinn stafi af skeytingarleysi rekstrarmanns eða ökumanns, skal hann sæta sektum.

52. gr.

Stranglega er bannað að svelta fénað, umfram það sem ekki verður hjá komist, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum, flutningi, gæslu, fjallgöngum eða við heimasmölun.

53. gr.

Heimilt er sláturleyfishafa að láta fara fram markaskoðun á öllu fé sem hann lætur slátra. Nú kemur fyrir kind í sláturhúsi sem eigi tilheyrir neinum af þeim er þar eru viðstaddir, eða eigi verður ráðstafað þegar í stað af eiganda, eða öðrum úr byggðarlagi hans, og skal þá forstöðumaður slátrunar ráðstafa kindinni til slátrunar á nafni eiganda, ef kunnugt er hver

hann er. Ef ekki er kunnugt um eiganda slíkra kinda, skal fara með þær sem annað óskilafé í þeim hreppi sem ætla má að þær séu komnar frá. Ef sannað verður hver flutt hafi óráðstafaðar kindur, eða aðra gripi til sláturhúss, með þeim afleiðingum sem af því hljótast, má gera hann skaðabótaskyldan, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

54. gr.

Brot gegn fyrirmælum þessarar samþykktar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og renna sektir í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess upprekstrarfélags sem brot er framið í.

55. gr.

Með mál sem rísa kunna út af brotum gegn fyrirmælum þessarar samþykktar skal farið að hætti opinberra mála.

56. gr.

Fjallskilasamþykkt þessi sem héraðsnefnd Mýrasýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu nr. 377 29. ágúst 1975.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. september 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Nr. 361 1. október 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl., nr. 787 13. desember 1983, með síðari breytingum.

1. gr.

4. gr. breytist þannig:

a. 2. málsl. 2. mgr. a-liðar orðist svo: Þetta gildir þó ekki um próf til aukinna ökuréttinda.
b. Í stað „aksturs leigubifreiða til mannflutninga eða fólksflutninga fyrir fleiri en 16 farþega“ í 4. mgr. b-liðar komi: að stjórna hópbifeið eða bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

2. gr.

Í stað „Bifreiðaeftirlits ríkisins“ í 4. mgr. 5. gr. komi: ökunámsdeildar Umferðarráðs.

3. gr.

Í stað „bifreiðaeftirlitsmanni“ í 10. gr. komi: prófdómanda við ökupróf.

4. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Eigi má nota bifreið eða bifhjól til ökukennslu fyrr en Bifreiðaskoðun Íslands hefur viðurkennt ökutækið. Framan og aftan á kennslubifreið skulu vera spjöld sem á er letrað „Kennslubifreið". Umferðarráð ræður gerð spjaldanna. Óheimilt er að nota spjöldin þegar bifreiðin er notuð til annars en ökukennslu.

5. gr.

12. gr. breytist þannig:

a. Í stað „Bifreiðaeftirlit ríkisins" í 2. málsl. 1. gr. komi: stjórn Umferðarráðs.
b. Í stað „dómsmálaráðuneytisins" í 3. mgr. komi: Umferðarráðs.
c. 4. mgr. falli niður.

6. gr.

Fyrirsögn á undan 13. gr. orðist svo: **D. Kennsla til aukinna ökuréttinda.**

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Kennsla í meðferð og stjórn vöðrubifreiða fyrir 5 smálesta farm eða meira, hópbifreiða og bifreiða til farþegaflutninga í atvinnuskyni skal fara fram á sérstökum námskeiðum á vegum ökuskóla.

Stjórn Umferðarráðs veitir leyfi fyrir ökuskóla til námskeiðahalds skv. 1. mgr.

8. gr.

14. gr. orðist svo:

Leyfi fyrir ökuskóla til námskeiðahalds skv. 13. gr., til eins ökuréttindaflokks eða fleiri, skal veita þeim sem uppfylla eftirgreind skilyrði:

a) Forstöðumaður ökuskóla skal vera löggiltur ökukennari.
b) Aksturskennsla skal vera í höndum löggilts ökukennara, sem rétt hefur til að stjórna ökutæki í hlutaðeigandi réttindaflokki.
c) Ökuskóli hafi aðgang að kennslufræðilegri ráðgjöf.
d) Ökuskóli leggi fram námsáætlanir, áætlanir um kennsluefni og önnur gögn eftir því sem við á og stjórn Umferðarráðs ákveður.
e) Ökuskóli hafi aðgang að ökutæki af þeirri gerð sem við á og annarri aðstöðu til verklegrar og bóklegrar kennslu.
f) Ökuskóli setji fram tryggingu vegna námskeiðsgjalda sem nemendur greiða.

Leyfi skal veitt til a.m.k. 6 mánaða í senn, þó ekki lengur en til 5 ára. Leyfið má afturkalla ef stjórn Umferðarráðs telur að skilyrði fyrir leyfisveitingu séu ekki lengur fyrir hendi.

9. gr.

15. gr. orðist svo:

Skilyrði fyrir þátttöku í námskeiði skv. 13. gr. er að umsækjandi:

a) hafi náð 19 ára aldri, og
b) hafi haft réttindi til aksturs bifreiðar síðustu 6 mánuði.

Umsókn skal fylgja læknisvottorð skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. Umsækjandi skal sanna að hann hafi uppfyllt skilyrði b-liðar 1. mgr. með því að framvísa gildu ökuskírteini.

10. gr.

16. gr. orðist svo:

Kennsla á námskeiði skal vera verkleg og fræðileg.

Um kennsluna, þ.á m. fjölda kennslustunda á námskeiði og próf, fer að öðru leyti eftir námskrá sem stjórn Umferðarráðs setur og dómsmálaráðherra staðfestir.

Ökuskóli lætur nemanda í té vottorð um að hann hafi lokið námi, skv. nánari fyrirmælum Umferðarráðs.

11. gr.

17. gr. falli niður.

12. gr.

20. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra löggildir prófdómendur við ökupróf að fengnum tillögum stjórnar Umferðarráðs. Prófdómendur mega ekki stunda ökukennslu.

Stjórn Umferðarráðs getur ráðið sérfróða prófdómendur til prófdómendastarfa í einstökum greinum, þó ekki í prófakstri bifreiða og bifhjóla, annarra en léttra bifhjóla.

13. gr.

21. og 22. gr. falli brott.

14. gr.

Fyrirsögn á undan 35. gr. orðist svo: **C. Próf til aukinna ökuréttinda.**

15. gr.

35. gr. orðist svo:

Ökunámsdeild Umferðarráðs ákveður hvar og hvenær próf til aukinna ökuréttinda fer fram.

Skilyrði til próftöku er að umsækjandi:

a) hafi lokið námi í ökuskóla, sbr. 2. mgr. 16. gr.,
b) hafi ekki á undanförnum 12 mánuðum verið án ökuskírteinis vegna ökuleyfissviptingar, gerst brotlegur við ákvæði um neyslu eða meðferð áfengra drykkja eða verið refsað fyrir vítaverða aksturshætti, og
c) hafi óflekkað mannorð, ef um er að ræða farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Leita skal álits hlutaðeigandi lögreglustjóra, sbr. 1. gr., á því hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum til próftöku, sbr. 5. og 6. gr.

Próf er fræðilegt og verklegt. Fræðilega prófið er skriflegt, en aksturprófið verklegt að öðru leyti en því að próftaki gerir stutta grein fyrir námsefninu og stjórn- og öryggistækjum bifreiðar í byrjun prófsins. Geti próftaki eigi með góðu móti tjáð sig á skriflegu prófi má heimila honum að taka hliðstætt próf munnlega.

16. gr.

36., 37. og 38. gr. falli niður, svo og fyrirsögn á undan 37. gr.

17. gr.

Í 2. mgr. 45. gr. falli niður „eða 38“.

18. gr.

Talan „22.“ í 5. gr. reglugerðar nr. 116 29. febrúar 1988 falli niður, svo og 6. gr. sömu reglugerðar.

19. gr.

Við 1. gr. reglugerðar um prófgjöld ökumanna, gjöld fyrir ökuskírteini o.fl., nr. 634 30. desember 1991, bætist þrír nýir töluliðir á eftir 5. tl., sem orðist svo:

6. Próf til að stjórna vörubifreið . . . . . kr. 12 000
7. Próf til að stjórna hópbifreið . . . . . kr. 12 000
8. Próf til að stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni . . . . . kr. 12 000

Núverandi 6. tl. verði 9. tl.

20. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

30. september 1992 Nr. 362

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 325/1992 um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Tyrklands.

1. gr.

3. málsliður 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Ennfremur skulu gilda um tollmeðferðina reglur nr. 440/1991 um verðmætismörk vegna yfirlýsingar útflytjanda á vörureikningi um uppruna vöru svo og sérstaka tollmeðferð smáböggla til einkaaðila og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA og EB.

2. gr.

2. mgr. 5. gr. falli brott.

3. gr.

Við upptalningu í lista I á vörum úr landbúnaðarhráefnum sem skv. 2. tl. 2. gr. njóta fríðindameðferðar bætist tnr. 1806.9007.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 1. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 30. september 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Húsavíkurkaupstaður annast sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í þéttbýli samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirðan fram undir yfirstjórn bæjartæknifræðings og eftirliti heilbrigðisfulltrúa kaupstaðarins. Húsavíkurkaupstaður getur falið verktökum að annast hirðuna og samþykkt starfsemi verktaka sem bjóða fram sjálfstæða þjónustu á þessu sviði.

2. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Húsavíkurkaupstað, þar sem sorphirða er framkvæmd, er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn ákveður. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á veturna og halda greiðfærri leið að þeim, svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum skal sett í sérstaka poka, sem bæjarfélagið útvegar.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind sem smíðuð er fyrir pokana. Skal grindin vera frístandandi, hún fest á húsvegg eða henni komið fyrir í sorptunnu. Grindinni skal komið svo fyrir, að sorppokinn hangi 2–5 cm yfir jörð, gólfi eða tunnubotni. Lok skal vera yfir grindinni.

Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka. Fjöldi sorpgrinda skal miðaður við að pokarnir yfirfyllist ekki milli tveggja tæminga. Við hvert hús skal vera a.m.k. ein grind fyrir hvert heimili ásamt aukagrindum eftir því sem nauðsynlegt er. Bæjartæknifræðingur og heilbrigðisfulltrúi úrskurða um hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda grinda (sorppoka).

Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna, uppsetningu þeirra og viðhald.

3. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja neysluúrgang, þ. e. allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorpílát mold, möl, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h. Einnig er bannað að setja glóð eða heita ösku í sorpílátin. Spilliefni (umhverfismengandi úrgangur) mega ekki blandast því sorpi sem fer beint til förgunar og mega þau ekki fara í sorpílátin. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skemmi sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt. Blautt sorp má aðeins setja innpakkað í plast eða pappír í ílátin.

Sorpílát skulu vera af þeim gerðum sem bæjartæknifræðingur samþykkir og ekki þyngri en svo, að auðvelt sé að meðhöndla þau. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílát meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

4. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum og að jafnaði einu sinni í viku. Á stórhátíðum skal hreinsa sorp eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á.

Fyrir stórhátíðir, eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun af einhverjum ástæðum, geta húseigendur fengið aukapoka í sorpgrindur eftir þörfum, hjá þeim aðila sem sér um sorphreinsunina.

5. gr.

Á gámasvæði bæjarins skal koma með allt sorp sem ekki telst húsasorp og fellur ekki undir 3. gr.

Bílhræ og stóra brotajárnshluti skal flytja á afmarkað svæði, samkvæmt nánari fyrirmælum bæjartæknifræðings og heilbrigðisfulltrúa.

6. gr.

Fyrirtækjum og öðrum þeim aðilum, sem hafa með höndum starfsemi er krefst tíðari og viðameiri sorphirðu en tilgreint er í 4. gr., ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Þeim ber að útvega ruslagrind vegna sorppoka fyrir neyslusorp og skal hún vera aðgengileg fyrir sorphreinsunarmenn. Annan flutning á vegum einstaklinga og fyrirtækja á þar til ætlað móttökusvæði (gámasvæði bæjarins, sorpeyðingarstöð, móttökusvæði fyrir brotamálma) skal framkvæma eftir fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa og bæjartæknifræðings og skal ítrasta þrifnaðar gætt.

7. gr.

Almenn sorphirða samkvæmt 3 gr. greiðist af bæjarsjóði. Þó skal bæjarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá, sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign, sem nýtur framangreindrar þjónustu, og miðast við stærð og fjölda íláta. Húsavíkurkaupstað er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign. Njóti íbúar í dreifbýli og eigendur sumarhúsa sorphirðuþjónustu þá greiði þeir samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar í samræmi við veitta þjónustu.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðisfulltrúa eða bæjartæknifræðings.

9. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það bæjarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem gera þá viðunandi ráðstafanir til að bætt verði úr. Sorphirðumönnum skal óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað. Með samþykkt þessari fellur úr gildi samþykkt nr. 639/87 um sorphreinsun og sorpeyðingu í Húsavíkurkaupstað.

Umhverfisráðuneytið, 29. september 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ fyrir póstþjónustu. Gildir frá 1. nóvember 1992.

TEGUND SENDINGAR	Þyngdar-mörk		Innan-lands	Lönd í Evrópu	Lönd utan Evrópu
Mörk stærðar og þyngdar	g		Burðargjald kr.	Burðargjald kr.	Burðargjald kr.
Almennur bréfapóstur:					
A – póstur.					
Hámarksstærð:	20		30	35	55
Lengd + breidd	50		40	70	110
+ þykkt 900 mm.	100		50	90	180
Í ströngum:	250		90	180	385
Lengd + tvöfalt	500		125	340	710
þvermál 1040 mm.	1000		190	585	1250
Mesta lengd 900 mm.	2000		265	960	2300
Hámarksþyngd 2 kg.					
Lágmarksstærð:					
90 × 140 mm.					
Í ströngum:					
Lengd + tvöfalt					
þvermál 170 mm.					
Minnsta lengd					
100 mm.					
B – Póstur.					
Sömu stærðar- og	20			30	35
þyngdarmörk og	50			50	60
eru í A – pósti.	100			60	75
	250			120	175
	500			180	325
	1000			340	640
	2000			570	1100
Innrituð blöð og tímarit.			Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmálablöð og tímarit landssamtaka stéttarfélaga og fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúmál, vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu nr. 161/1990, grein 1.3.13.1.	[1]) Umsókn um gjaldeyrisyfirfærslu (ebl. 509) útfyllist við allar greiðslur til útlanda. Póststöðvar gefa upplýsingar um þau lönd sem póstgíró og/eða póstávísanaviðskipti eru við.	
Innritunargjald 21650 kr.					
Stærð sama og bréfa.					
a) Til umboðsm.					
(minnst 50 eintök	hver				
til hvers í einu).	500	30		[2]) Til útlanda bætist við gjald fyrir símskeyti til viðkomandi lands.	
Hámarksþ. 20 kg.					
b) Til áskrifenda.	20	7,85		[3]) Innifalinn er 24,5% virðisaukaskattur vegna sendingar innanlands.	
Minnsta gjald:	100	8,70			
500 eint.	250	15,20			
Hámarksþyngd	300	23,10			
500 g hvert eintak.	500	38,50			

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að 1560 kr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 17.885 kr. fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

TEGUND SENDINGAR	Innanlands	Norður-lönd	Önnur lönd
	Burðargjald krónur	Burðargjald krónur	Burðargjald krónur
Póstgíróþjónusta[1]) (Hámarksupphæð ótakmörkuð)			[2])
Innborganir (ókeypis á eigin reikning)	55	55	65
Millifærslur á milli póstgíróreikninga	ókeypis	ókeypis	ókeypis
Útborganir (ókeypis í eigin hendur) . .	85	90	120
Póstávísanir[1]). Hámarksupphæð 300 000 kr. innanlands. Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda veita póststöðvarnar upplýsingar			
a) almennar póstávísanir	85	85	95
b) símapóstávísanir	325	85[2])	95[2])
Póstkröfur Hámarksupphæð innanlands sama og póstávísana (300 000 kr.). Með innborgun á póstgíróreikning er hámarksupphæð ótakmörkuð. Burðargjald sendingar eftir tegund.			
Bréfapóstkrafa:			
a) Með póstávísun	145	145	155
b) Með innborgun á póstgíróreikning	95	95	145
Bögglapóstkrafa:			
a) Með póstávísun	180[3])	145	155
b) Með innborgun á póstgíróreikning	120[3])	95	145

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald krónur		
Almennir bögglar (innanlands):	Þyngdarmörk kg	Alm. bögglar krónur[3])	Rúmfr. broth. krónur[3])
Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd	5	345	515
20 kg mest. Lengd +	10	450	675
mesta ummál 3 m.	15	675	1010
Mesta lengd 1.50 m.	20	900	1350
Um burðargj. fyrir	25	1125	1685
böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	30	1350	2025

Verðbréf. Burðargjald sendingar eftir tegund.	krónur
Skrásetningargjald	110
Tryggingargjald.	
Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna	110

Verðbögglar. Burðargjald sendingar eftir tegund.	krónur
Skrásetningargjald[3])	135
Tryggingargjald.	
Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna	110

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald . . . . . 110 krónur

Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu 65 krónur

Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús).
Þar sem daglegur útburður er . . . . . 250 krónur

Móttökukvittun . . . . . 45 krónur

Talning í verðbréfi innanlands: 65 krónur hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð 85 krónur. Skiptiverð í frímerkjum 55 krónur.

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: 65 krónur.

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: 155 krónur.

Tollmeðferð böggla: 155 krónur.

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: 45 krónur.

Geymslugjald böggla: 105 krónur á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús.

Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan 45 krónur.

PÓSTFAX-ÞJÓNUSTA

a) Frá póststöð til póststöðvar	255 krónur fyrsta síða 130 krónur hver viðbótarsíða
b) Frá einkatæki til póststöðvar	160 krónur fyrsta síða 85 krónur hver viðbótarsíða
c) Frá póststöð til tækis í einkaeign	195 krónur fyrsta síða 110 krónur hver viðbótarsíða

Pósthólfaleiga: Ársleiga eftir stærð: 625, 790 og 955 kr. Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

TEGUND SENDINGAR

FORGANGSPÓSTUR – EMS Innanlands:	Þyngdar-mörk kg	Burðar-gjald krónur[3])	Þyngdar-mörk kg	Burðar-gjald krónur[3])
Hámark þyngdar og	0,250	2215	10	4590
stærðar (lágmarksst.	1	2385	11	4835
90 × 140 mm): þyngd	2	2630	12	5080
20 kg mest. Lengd +	3	2875	13	5325
mesta ummál 3 m.	4	3120	14	5570
Mesta lengd 1.50 m.	5	3365	15	5815
Um burðargj. fyrir	6	3610	16	6060
forgangspóst til útlanda	7	3855	17	6350
veita pósthúsin	8	4100	18	6550
upplýsingar	9	4345	19	6795
			20	7040

Faxkröfuþjónusta 350 krónur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 19. gr. póstlaga nr. 33/1986 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 1. nóvember 1992. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu nr. 419 frá 13. september 1991.

Samgönguráðuneytið, 9. október 1992.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Ebl. 1711

STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 1992

9. október 1992 733 Nr. 365

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Langanesgrunni.

1. gr.

Frá og með 10. október 1992 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°35'50N – 13°52'49V
2. 66°40'84N – 13°48'20V
3. 66°37'72N – 13°37'58V
4. 66°31'89N – 13°42'41V
5. 66°29'29N – 13°39'41V
6. 66°38'28N – 13°10'60V
7. 66°48'28N – 13°28'79V
8. 66°48'29N – 13°47'64V
9. 66°55'07N – 14°01'34V
10. 66°40'00N – 14°15'00V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. október 1992.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

Stjórnartíðindi B 56, nr. 365. Útgáfudagur 9. október 1992. B 51

Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 – 1992

Nr. 366 734 12. október 1992

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Digranesflaki.

1. gr.

Frá og með 13. október 1992 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°58'N – 13°31'V
2. 65°58'N – 13°13'V
3. 66°00'N – 13°00'V
4. 66°10'N – 12°50'V
5. 66°19'N – 12°52'V
6. 66°18'N – 13°04'V
7. 66°10'N – 13°40'V
8. 66°00'N – 13°40'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 358, 6. október 1992, um bann við togveiðum á Digranesflaki.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiðum í Meðallandsbugt.

1. gr.

Frá og með 13. október 1992 eru allar dragnótaveiðar bannaðar á svæði í Meðallandsbugt milli 17°V og 17°50'V. Að utan markast svæði af línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 – 1992

Nr. 368 736 13. október 1992

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði suður og vestur af Reykjanesskaga.

1. gr.

Frá og með 16. október 1992 til og með 31. desember 1992 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°39'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður af Staðarbergi.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 16. október 1992 til og með 31. janúar 1993, eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

Á tímabilinu frá og með 1. febrúar 1993 til og með 30. apríl 1993 eru allar togveiðar bannaðar á svæði sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vesta markast svæðið af 23°42'V og að norðan 64°20'N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Árskógshrepps, 1991–2011.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 12. október 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Árskógshrepps, 1991–2011.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Árskógshrepps og Skipulagstjórnar ríkisins.

Umhverfisráðuneytið, 12. október 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

12. október 1992 Nr. 370

AUGLÝSING

um staðfestingu aðalskipulags Þingborgar, Hraungerðishreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 12. október 1992 staðfest uppdrátt að aðalskipulagi að því er tekur til Þingborgar í Hraungerðishreppi, 1989–2009.

Aðalskipulag þetta hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og verið samþykkt af Skipulagstjórn ríkisins og sveitarstjórn Hraungerðishrepps.

Umhverfisráðuneytið, 12. október 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

2. október 1992 Nr. 371

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Eyrarbakkahrepps að fasteignum á Eyrarbakka.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19, 21. maí 1964 hefur hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps þann 13. september 1992 samþykkt forkaupsrétt að eftirtalinni fasteign á Eyrarbakka:

Fasteign:	Eigandi:
V/Túngötu 3, fjárhús og hlaða 8895-9030	Erlingur Gísli Gíslason, kt. 130333-3549

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til upplýsingar og eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Umhverfisráðuneytið, 2. október 1992.

F. h. r.
Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 1992

Nr. 372 738 15. október 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

20. tl. 7. gr. orðist svo:
Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vémundar, sem er Búða-, Fáskrúðsfjarðar-, Breiðdals- og Stöðvarhreppur, allir í Suður-Múlasýslu. Hámarkstala er 12 vörubifreiðar.

2. gr.

21. tl. 7. gr. orðist svo:
Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Ökuþórs, sem er Djúpavogshreppur í Suður-Múlasýslu. Hámarkstala er 6 vörubifreiðar.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. október 1992.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 373 6. október 1992

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að einstefna verði á Bragagötu frá Freyjugötu að Bergstaðastræti.
2. að einstefna verði á Tómasarhaga frá Dunhaga að Fálkagötu og að biðskylda verði á umferð um Tómasarhaga gagnvart umferð um Dunhaga.
3. að stöðvunarskylda verði á Týsgötu og Klapparstíg við Skólavörðustíg.
4. að stöðvunarskylda verði á Skeifunni (nyrðri) við Grensásveg.

Steindórsprent Gutenberg hf.

5. að stöðvunarskylda verði á Súðarvogi við Kleppsmýrarveg.
6. að stöðvunarskylda verði á Stórholti við Rauðarárstíg.
7. að stöðvunarskylda verði á Bergstaðastræti við Skólavörðustíg.
8. að biðskylda verði á umferð á Eldshöfða og Eirhöfða gagnvart umferð á Breiðhöfða.

Auglýsing þessi tekur gildi 27. október 1992.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. október 1992.

Böðvar Bragason.

6. október 1992 Nr. 374

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. stöðubann við vesturkant Tjarnargötu frá og með húsi nr. 30 að Kirkjustræti.
2. stöðubann við austurkant Tjarnargötu milli Vonarstrætis og Kirkjustrætis.

Auglýsing þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. október 1992.

Böðvar Bragason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 60 – 1992

Nr. 375 740 1. október 1992

AUGLÝSING

um kröfur til viðhaldsstöðva sem viðurkenndar eru til viðhalds loftfara og íhluta þeirra.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt 33. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34, 21. maí 1964, að kröfur sem gerðar eru til viðhaldsstöðva sem viðurkenndar eru til viðhalds loftfara og íhluta þeirra skuli vera í samræmi við sameiginlegar kröfur JAA-ríkjanna, JAR-145 Approved Maintenance Organisations, sem gefnar voru út 30. júlí 1991 með áorðnum breytingum.

Kröfur JAA-ríkjanna í íslenskri þýðingu eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Með brot á umræddum kröfum skal farið að hætti opinberra mála og varða þau refsingu samkvæmt XIII kafla laga um loftferðir, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. nóvember 1992 að því undanskildu að ákvæði greinar JAR 145.1 öðlast ekki gildi fyrr en 1. janúar 1994.

Samgönguráðuneytið, 1. október 1992.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Fylgiskjal

Kröfur til viðurkenndra viðhaldsstöðva.

JAR 145.1 Almennt

(a) Loftfar, sem hefur lofthæfiskírteini til farþega- eða vöruflutninga eða notað er til flutningaflugs, má því aðeins fljúga að viðhaldsstöð hafi gefið út vottorð um að viðhald hafi farið fram á loftfarinu eða hverjum þeim hlut sem ætlunin er að setja í það.

(b) Viðhaldsstöð er óheimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfar, sem hefur lofthæfiskírteini til farþega- eða vöruflutninga eða er notað til flutningaflugs, nema hún sé viðurkennd samkvæmt þessum kröfum. Viðhaldsstöð er óheimilt að annast viðhald slíks loftfars nema hún sé annaðhvort viðurkennd samkvæmt þessum kröfum eða starfi undir gæðaeftirliti viðhaldsstöðvar sem er tilhlýðilega viðurkennd samkvæmt þessum kröfum.

Aths: Ekki er krafist viðurkenningar samkvæmt þessum kröfum til fyrirflugsskoðunar.

Steindórsprent Gutenberg hf.

(c) Viðhaldsstöð er óheimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir íhluti sem ætlunin er að setja í loftfar, sem hefur lofthæfiskírteini til farþega- eða vöruflutninga eða er notað til flutningaflugs, nema hún sé viðurkennd samkvæmt þessum kröfum. Viðhaldsstöð er óheimilt að annast viðhald slíkra íhluta nema hún sé annaðhvort viðurkennd samkvæmt þessum kröfum eða starfi undir gæðaeftirliti viðhaldsstöðvar sem er tilhlýðilega viðurkennd samkvæmt þessum kröfum.

(d) Veita má viðhaldsstöð viðurkenningu til að annast viðhald allt frá íhlutum til heilla loftfara.

JAR 145.5 Skilgreiningar

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í kröfum þessum hafa þau merkingu þá sem hér greinir:

Ábyrgur framkvæmdastjóri (Accountable manager) merkir þann framkvæmdastjóra sem hefur vald innan fyrirtækis til að tryggja að unnt sé að fjármagna allt viðhald sem flugrekandi þarfnast og að það geti farið fram í samræmi við þá staðla sem flugmálayfirvöld ætlast til. Ábyrgum framkvæmdastjóra er heimilt að fela starf sitt skriflega öðrum starfsmanni og verður sá einstaklingur þá ábyrgur framkvæmdastjóri að því er varðar þessar kröfur.

Breyting (Modification) merkir að loftfari eða íhlut loftfars sé breytt í samræmi við viðurkenndan staðal.

Flugmálayfirvöld (The Authorities) merkja á Íslandi Flugmálastjórn/loftferðaeftirlit og samsvarandi yfirvöld í öðrum JAA-ríkjum.

Flutningaflug (Commercial Air Transport) merkir flutninga flugleiðis á farþegum/vörum/pósti gegn gjaldi.

Fyrirflugsskoðun (Pre-flight inspection) merkir skoðun sem framkvæmd er fyrir flug til að tryggja að loftfarið sé í hæfu ástandi fyrir fyrirhugað flug. Hún felur ekki í sér lagfæringu galla.

Grannskoðun (Overhaul) merkir endurnýjun loftfars/íhlutar loftfars með skoðun og endurnýjun í samræmi við viðurkenndan staðal til þess að lengja endingartíma þess/hans.

Íhlutur (Component) er stakur hlutur sem myndar nauðsynlegan hluta einhverrar heildar eða samstæðu, s.s. rafkerfis, hreyfils o.s.frv.

Íhlutur loftfars (Aircraft component) merkir sérhvern íhlut sem er hluti loftfars, þar á meðal fullbúna hreyfla og/eða sérhvert rekstrartæki og/eða neyðarbúnað.

JAA (Joint Aviation Authorities) er skammstöfun fyrir samtök flugmálastjórna tilgreindra Evrópuríkja, svokallaðra JAA-ríkja, á íslensku nefnd: Samtök flugmálastjórna í Evrópu.

JAA-ríkin (JAA- countries) eru þessi: Austurríki, Belgía, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Júgóslavía, Luxembourg, Noregur, Portúgal, Spánn, Stóra-Bretland, Sviss, Svíþjóð og Þýskaland.

JAR (Joint Aviation Requirements) er skammstöfun fyrir sameiginlegar kröfur JAA-ríkjanna.

Línustöð (Line station) merkir sérhvern stað á áætlunarleið flugrekanda þar sem viðhald á loftfari er framkvæmt í einhverri mynd.

Loftfar (Aircraft) merkir flugvél, þyrlu eða loftskip.

Lofthæfigögn (Airworthiness data) merkir hverjar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja að unnt sé að viðhalda loftfari eða íhlut loftfars í þannig ástandi að lofthæfi loftfarsins sé tryggð eða rekstrartæki og neyðarbúnaður séu nothæf, eftir því sem við á.

Skoðun (Inspection) merkir athugun á loftfari/íhlut loftfars til að komast að raun um að viðurkenndum staðli hafi verið fullnægt.

Viðgerð (Repair) merkir lagfæringu loftfars/íhlut loftfars til að koma því/honum í nothæft ástand í samræmi við viðurkenndan staðal.

Viðhald (Maintenance) merkir hvert um sig eða einhverja samsetningu af grannskoðun, viðgerð, skoðun, endurnýjun, breytingu eða lagfæringu á galla á loftfari/íhlut loftfars.

Viðurkennd viðhaldsstöð (Approved Maintenance Organisation) merkir viðhaldsstöð sem hefur fengið viðurkenningu flugmálayfirvalda í samræmi við kröfur þessar.

Viðurkenndur staðall (Approved standard) merkir staðal framleiðslu/hönnunar/viðhalds/gæða sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt.

Viðhaldsvottar (Certifying staff) merkir það starfsfólk sem hefur heimild viðurkenndrar viðhaldsstöðvar til að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftför eða íhluti loftfara í samræmi við starfsreglur sem flugmálayfirvöld fallast á.

JAR 145.10 Gildissvið

(a) Þessar kröfur kveða á um skilyrði fyrir útgáfu viðurkenninga til viðhaldsstöðva til að annast viðhald loftfara og íhluta þeirra og kveða á um almennar rekstrarreglur fyrir viðurkenndar viðhaldsstöðvar. Þegar viðurkenning hefur verið veitt nær hún til allrar viðhaldsstöðvarinnar sem ábyrgur framkvæmdastjóri veitir forstöðu.

(b) Viðhaldsstöðvum innan landamæra þeirra ríkja sem aðild eiga að JAA má veita viðurkenningu þegar þær fullnægja ákvæðum krafna þessara.

(c) Viðhaldsstöðvum utan landamæra þeirra ríkja sem tilgreind eru í málsgrein (b) má einungis veita viðurkenningu ef flugmálayfirvöld eru þess fullviss að þörf sé á slíkri viðurkenningu til að viðhalda loftförum/íhlutum loftfara og hlutaðeigandi viðhaldsstöðvar fullnægi ákvæðum krafna þessara.

JAR 145.15 Umsóknir og útgáfa

(a) Umsókn um viðurkenningu á viðhaldsstöð eða um breytingu á áður útgefinni viðurkenningu viðhaldsstöðvar ber að fylla út á þar til gerð eyðublöð og á þann hátt sem flugmálayfirvöld mæla fyrir um. Umsóknina skal afhenda ásamt tilskildum fjölda afrita af starfsemislýsingu viðkomandi viðhaldsstöðvar eða áorðnum breytingum á henni.

(b) Umsækjandi, sem uppfyllir kröfur þessar og hefur greitt þau gjöld sem flugmálayfirvöld mæla fyrir um, á rétt á að öðlast viðurkenningu sem viðhaldsstöð samkvæmt þessum kröfum.

JAR 145.20 Gildismörk viðurkenningar

Flugmálayfirvöld staðfesta viðurkenningu með útgáfu viðurkenningarskírteinis til handa stöðinni. Viðurkenningarskírteinið tilgreinir umfang viðurkenningarinnar. Starfsemislýsing viðurkenndrar viðhaldsstöðvar samkvæmt kröfum þessum skal tilgreina það verksvið sem viðurkenningin gildir um.

JAR 145.25 Kröfur um aðstöðu

(a) Aðstaða við hæfi skal vera fyrir hendi fyrir alla áætlaða vinnu, og skal hún sérstaklega tryggja vörn gegn veðri og vindum. Sérhæfð verkstæði og vinnubásar skulu vera tilhlýðilega aðskilin til þess að tryggja að líkur á mengun umhverfis og vinnustaða verði óverulegar.

(b) Skrifstofuhúsnæði við hæfi skal vera fyrir hendi fyrir stjórnun á vinnu þeirri sem getið er um í málsgrein (a), þar á meðal sérstaklega fyrir gæðastjórnun, áætlanagerð og tæknibókhald.

(c) Vinnuumhverfi skal sniðið að þeim verkefnum sem unnin eru og sér í lagi þeim sérstöku kröfum sem farið er eftir. Vinnuumhverfið skal vera þannig úr garði gert að það hamli ekki afköstum starfsfólks nema vinnuumhverfi viðkomandi verkefnis útheimti það sérstaklega.

(d) Geymsluhúsnæði skal vera fyrir hendi undir hluti, tæki, verkfæri og efni. Geymsluskilyrði skulu vera með þeim hætti að nothæfir hlutir séu í öruggri geymslu, nothæfir og ónothæfir hlutir séu aðskildir og komið sé í veg fyrir rýrnun og skemmdir á hlutum í geymslu.

JAR 145.30 Kröfur til starfsfólks

(a) Tilnefna skal yfirmann eða hóp manna, sem flugmálayfirvöld samþykkja, og skal hann/þeir sjá svo um, auk annarra verkefna, að viðurkennd viðhaldsstöð samkvæmt kröfum þessum uppfylli þær. Er hann/þeir ábyrgur gagnvart ábyrgum framkvæmdastjóra sem skal vera samþykktur af flugmálayfirvöldum.

(b) Viðurkennd viðhaldsstöð verður að hafa í vinnu nægilegan fjölda starfsfólks til að gera áætlanir, framkvæma, hafa umsjón og eftirlit með starfseminni sem skilgreind er í viðurkenningunni.

(c) Staðfesta verður hæfni þess starfsfólks sem vinnur við viðhald í samræmi við starfsreglur og staðla sem flugmálayfirvöld fallast á.

(d) Auk þess sem kveður á um í málsgrein (c) verða viðhaldsvottar að uppfylla þær hæfniskröfur sem tilgreindar eru í E-kafla JAR 65 krafnanna og fá grunn- og framhaldsþjálfun í samræmi við áætlun sem flugmálayfirvöld fallast á. Þar til E-kafli JAR 65 krafnanna verður formlega samþykktur, skulu viðhaldsvottar, að því er varðar efni þessarar málsgreinar, uppfylla gildandi reglugerðir um skírteini í því JAA-ríki sem viðkomandi viðhaldsstöð er í.

JAR 145.35 Skrá yfir viðhaldsvotta

(a) Viðurkennd viðhaldsstöð skal halda skrá um alla starfandi viðhaldsvotta og skal hún hafa að geyma nákvæma lýsingu á umfangi heimilda þeirra.

(b) Viðhaldsvottar skulu fá í hendur vitnisburð um umfang heimilda sinna.

JAR 145.40 Tæki, verkfæri og efni

(a) Viðurkennd viðhaldsstöð skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum tækjum, verkfærum og efnum til að framkvæma þau verk sem viðurkenningin nær til.

(b) Þar sem nauðsyn krefur skal hafa eftirlit með verkfærum, tækjum og sér í lagi prófunartækjum og stilla kvarða þeirra í samræmi við staðla, sem flugmálayfir-

völd samþykkja, svo oft sem þurfa þykir til að tryggja nothæfi þeirra og nákvæmni. Viðurkennd viðhaldsstöð skal halda skrár yfir slíkar kvarðastillingar og þá staðla sem notaðir eru.

JAR 145.45 Lofthæfigögn

(a) Viðurkennd viðhaldsstöð skal hafa yfir að ráða öllum nauðsynlegum lofthæfigögnum sem kröfur JAA kveða á um, og á þar við gögn frá flugmálayfirvöldum, hönnunaraðila loftfars/íhlutar loftfars og sérhverjum öðrum viðurkenndum hönnunaraðila, eftir því sem við á, til að styðjast við í þeim verkum sem unnin eru.

Aths: Flugmálayfirvöld geta gert það að skyldu að farið skuli eftir gögnum frá annarri flugmálastjórn eða stofnun og getur krafist þess að viðurkennd viðhaldsstöð hafi slík gögn undir höndum.

(b) Í þeim tilvikum þar sem viðurkennd viðhaldsstöð útbýr sín eigin lofthæfigögn til viðbótar þeim sem tilgreind eru í málsgrein (a), verður hún að útbúa slík lofthæfigögn í samræmi við starfsreglur sem flugmálayfirvöld fallast á.

(c) Lofthæfigögnum skal stöðugt haldið í gildi og skulu þau vera aðgengileg öllum starfsmönnum sem þurfa á þeim að halda til að vinna störf sín.

JAR 145.50 Útgáfa viðhaldsvottorða

(a) Viðhaldsvottar með viðeigandi heimildir gefa út viðhaldsvottorð þegar þeir hafa fullvissað sig um að allt viðhald loftfars eða íhlutar loftfars, sem krafist er, hafi verið rétt framkvæmt af viðhaldsstöðinni í samræmi við starfsreglur sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu hennar samkvæmt grein JAR 145.70 í kröfum þessum.

Aths: Krafist er viðhaldsvottorðs fyrir íhlut loftfars þegar lokið er viðhaldsvinnu á honum utan loftfars og annars viðhaldsvottorðs sem vottar um rétta ísetningu hans í loftfarið þegar sú ísetning fer fram.

(b) Viðhaldsvottorð verður að tilgreina aðalatriði þess viðhalds sem fram hefur farið, dagsetningu þegar viðhaldi lauk og heiti hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar, tilvísun í viðurkenningarskírteini hennar svo og nöfn viðhaldsvotta sem gefa vottorðið út.

(c) Viðhaldsvottorð fyrir íhluti loftfara, sem gefin eru út fyrir 1. janúar 1994 af fyrirtækjum er ekki hafa hlotið viðurkenningu samkvæmt þessum kröfum, verða í gildi til 1. janúar 1997. Viðhaldsstöð loftfarsins, sem viðurkennd er samkvæmt þessum kröfum, verður þó að fullvissa sig um að leyfilegt sé að setja þennan tiltekna íhlut í loftfarið þegar aðrir staðlar um breytingar og/eða lofhæfifyrirmæli geta átt við.

JAR 145.55 Viðhaldsskrár

(a) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að skrá allar upplýsingar um þau verk, sem framkvæmd hafa verið, á þann hátt sem flugmálayfirvöld samþykkja.

(b) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að láta flugrekandanum í té afrit af sérhverju viðhaldsvottorði ásamt afriti af öllum lofthæfigögnum sem notuð hafa verið í tengslum við þær viðgerðir/breytingar sem fram hafa farið.

(c) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að halda eftir afriti af öllum sundurliðuðum viðhaldsskýrslum og sérhverjum viðeigandi lofthæfigögnum í tvö ár frá þeim degi er hún gaf út vottorð um loftfar eða íhlut loftfars sem unnið var við hjá umræddri viðhaldsstöð.

Aths: Þegar flugrekandi gerir samning um að viðurkennd viðhaldsstöð geymi afrit af viðhaldsvottorðum flugrekandans og öðrum viðeigandi lofthæfigögnum, skal geymslutíminn vera eins og kveður á um í 7. kafla JAR-OPS krafnanna en ekki eins og tilgreint er í JAR 145.55 (c) í kröfum þessum. Þar til JAR-OPS kröfurnar verða formlega samþykktar verður sérhver viðurkennd viðhaldsstöð að fara eftir gildandi reglugerðum þess JAA-ríkis sem viðkomandi stöð er í.

JAR 145.60 Tilkynning um ólofthæft ásigkomulag

(a) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að tilkynna flugmálayfirvöldum og hönnunaraðila loftfars sérhvert það atriði, er hún verður áskynja og varðar ásigkomulag loftfarsins eða íhlutar loftfars, er gæti stofnað loftfarinu í alvarlega hættu.

(b) Tilkynningar skal skrá á þar til gerð eyðublöð og á þann hátt sem flugmálayfirvöld segja til um og skulu þær hafa að geyma allar upplýsingar sem máli skipta um ásigkomulagið er hin viðurkennda viðhaldsstöð hefur öðlast vitneskju um.

(c) Þegar viðurkennd viðhaldsstöð hefur gert samning um að annast viðhald fyrir flugrekanda er starfar í samræmi við JAR-OPS kröfurnar, ber henni einnig að tilkynna flugrekandanum sérhver þau atriði varðandi ásigkomulagið er áhrif hafa á loftfar hans eða íhlut þess.

(d) Tilkynningum ber að skila svo fljótt sem auðið er, en eigi að síðar en þremur dögum eftir að viðurkennd viðhaldsstöð verður vör við það ásigkomulag sem tilkynningin fjallar um.

JAR 145.65 Viðhaldsreglur og gæðaeftirlit

(a) Viðurkenndri viðhaldsstöð ber að koma á viðhaldsreglum, sem flugmálayfirvöld fallast á, til að tryggja góða starfshætti í viðhaldi og að stöðin uppfylli allar viðeigandi kröfur samkvæmt kröfum þessum, þannig að unnt verði að gefa út viðhaldsvottorð um loftför og íhluti loftfara í samræmi við grein JAR 145.50.

(b) Ennfremur skal viðurkennd viðhaldsstöð koma á óháðu gæðaeftirliti til að fylgjast með því að farið sé að viðhaldsreglum og að þær séu fullnægjandi til að tryggja góða starfshætti í viðhaldi og lofthæfi loftfara og íhluta þeirra. Í eftirliti með framkvæmd viðhaldsreglna verður að vera fólgið endurvirkt kerfi er skilar sér til þess einstaklings eða hóps sem tilgreindir eru í grein JAR 145.30 (a) og á lokastigi til ábyrgs framkvæmdastjóra, þannig að tryggt sé að leiðréttingar verði framkvæmdar eftir því sem nauðsyn krefur. Flugmálayfirvöld skulu vera samþykk þess háttar skilakerfi.

JAR 145.70 Starfsemislýsing fyrir viðhaldsstöð

(a) Viðurkenndri viðhaldsstöð ber að leggja fram starfsemislýsingu fyrir viðhaldsstöðina til afnota fyrir stöðina og skal hún hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

(1) Yfirlýsingu undirritaða af ábyrgum framkvæmdastjóra þar sem staðfest er

að starfsemislýsing fyrir viðhaldsstöðina og allar handbækur, er henni tengjast, skilgreini hvernig hin viðurkennda viðhaldsstöð framfylgir kröfum þessum og muni gera framvegis.

(2) Starfsheiti og nafn (nöfn) yfirmanns (yfirmanna) sem flugmálayfirvöld samþykkja í samræmi við grein JAR 145.30 (a).

(3) Skyldur og ábyrgð þess yfirmanns (yfirmanna) sem málsgrein (2) kveður á um, þar með talin málefni sem þeim er óheimilt að fara með beint til flugmálayfirvalda fyrir hönd viðhaldsstöðvarinnar.

(4) Skipurit sem sýnir tengsl ábyrgðarsviða er heyra undir yfirmann (yfirmenn) sem um getur í málsgein (2).

(5) Skrá yfir viðhaldsvotta.

(6) Almenna lýsingu á þeim mannafla sem tiltækur er.

(7) Almenna lýsingu á þeirri aðstöðu sem er fyrir hendi á sérhverjum stað sem tilgreindur er með heimilisfangi í viðurkenningarskírteini viðhaldsstöðvarinnar.

(8) Almenna lýsingu á verksviði hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar sem viðurkenningin nær til.

(9) Reglur um tilkynningar breytinga á viðurkenndri viðhaldsstöð samkvæmt grein JAR 145.85.

(10) Reglur um breytingar á starfsemislýsingu viðhaldsstöðvarinnar.
Ath: Málsgreinar (1) til (10) taka til stjórnunarþáttar starfsemislýsingar viðhaldsstöðvarinnar.

(11) Starfsreglur og gæðaeftirlitskerfi hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar í samræmi við kröfur eftirtalinna greina: JAR 145.25, JAR 145.30, JAR 145.35, JAR 145.40, JAR 145.45, JAR 145.50, JAR 145.55, JAR 145.60, JAR 145.65, JAR 145.70, JAR 145.75 og JAR 145.80.

(12) Skrá yfir þá flugrekendur sem starfa í samræmi við JAR-OPS kröfurnar og viðhaldsstöðin sér um viðhald fyrir, ef við á.

(13) Skrá um viðhaldsstöðvar sem tilgreindar eru í grein JAR 145.75 (b), ef við á.

(14) Skrá um þær línustöðvar sem tilgreindar eru í grein JAR 145.75 (d), ef við á.

(b) Samþykki flugmálayfirvalda þarf fyrir starfsemislýsingu viðurkenndrar viðhaldsstöðvar sem og fyrir öllum síðari breytingum á henni.

JAR 145.75 Réttindi viðurkenndrar viðhaldsstöðvar

Viðurkenndri viðhaldsstöð er einungis heimilt að framkvæma eftirfarandi verk sem heimiluð eru í starfsemislýsingu hennar og eru í samræmi við hana.

(a) Viðhalda sérhverju loftfari eða íhlut loftfars, sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, á þeim stöðum sem tilgreindir eru í viðurkenningarskírteininu.

(b) Láta fara fram viðhald á loftfari eða íhlut loftfars sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, hjá annarri viðhaldsstöð sem er undir gæðaeftirliti viðurkenndu viðhaldsstöðvarinnar. Þessar viðhaldsstöðvar skulu vera skráðar í starfsemislýsingu hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar.

(c) Viðhalda sérhverju loftfari, sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, hvar sem það er statt þegar þörf reynist á því viðhaldi og það stafar eingöngu af því að loftfarið er ónothæft.

(d) Viðhalda sérhverju loftfari, sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, á stað sem skilgreindur er sem línustöð, þar sem unnt er að framkvæma minniháttar viðhald, en þó því aðeins að slík starfsemi sé heimiluð í starfsemislýsingu hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar og stöðin sé þar skráð.

(e) Gefa út viðhaldsvottorð vegna viðhalds sem greinar (a) til (d) ná til þegar viðhaldi er lokið samkvæmt grein JAR 145.50.

JAR 145.80 Takmarkanir á starfsemi viðurkenndrar viðhaldsstöðvar

Viðurkenndri viðhaldsstöð er einungis heimilt að viðhalda loftfari eða íhlut loftfars sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, þegar öll nauðsynleg aðstaða, tæki, verkfæri, efni, viðurkennd tæknigögn og viðhaldsvottar eru fyrir hendi.

JAR 145.85 Breytingar á viðurkenndri viðhaldsstöð

(a) Viðurkenndri viðhaldsstöð ber að tilkynna flugmálayfirvöldum sérhverja eftirtalinna breytinga svo fljótt sem kostur er, þannig að flugmálayfirvöldum sé kleift að ákvarða hvort áfram sé farið eftir kröfum þessum og breyta viðurkenningarskírteininu ef þess gerist þörf. Þetta gildir um:
(1) Nafn stöðvarinnar.
(2) Aðsetur stöðvarinnar.
(3) Viðbótaraðsetur stöðvarinnar.
(4) Ábyrgan framkvæmdastjóra.
(5) Sérhvern yfirmann sem tilgreindur er í grein JAR 145.30 (a).
(6) Aðstöðu, tæki, verkfæri, efni, starfsreglur, verksvið og viðhaldsvotta sem gætu haft áhrif á viðurkenninguna.

(b) Flugmálayfirvöld geta ákveðið með hvaða skilyrðum viðurkenndri viðhaldsstöð er heimilt að starfa meðan slíkar breytingar standa yfir nema þau ákveði að viðurkenningin skuli felld tímabundið úr gildi.

JAR 145.90 Áframhaldandi gildi viðurkenningar

Hafi viðurkenningu ekki verið afsalað, önnur komið í hennar stað, hún verið tímabundið felld niður, numin úr gildi eða er útrunnin vegna þess að komið er fram yfir einhvern gildistíma sem tilgreindur er í viðurkenningarskírteininu, þá heldur viðurkenning áfram gildi sínu sé eftirfarandi atriðum fullnægt:

(a) Hin viðurkennda viðhaldsstöð fullnægi áfram ákvæðum krafna þessara og

(b) flugmálayfirvöldum sé heimill aðgangur að hinni viðurkenndu viðhaldsstöð til að ganga úr skugga um að hún fullnægi enn kröfum þessum og

(c) öll gjöld til flugmálayfirvalda séu í skilum.

JAR 145.95 Sambærilegt öryggi

Flugmálayfirvöld geta veitt viðurkenndri viðhaldsstöð undanþágu frá einstökum ákvæðum krafna þessara, séu þau sannfærð um nauðsyn þess, og geta bundið slíka undanþágu viðbótarskilyrðum sem þau telja nauðsynlega til að tryggja sambærilegt öryggi hverju sinni.

REGLUGERÐ

um síldveiðar.

1. gr.

Smásíld telst síld 27 cm að lengd eða minni mælt frá trjónuodda að sporðsenda.

2. gr.

Fái nótaskip síldarkast, sem bersýnilega er að mestu leyti smásíld, 27 cm að lengd eða minni, þá er skipstjóra skylt, áður en þrengt hefur verið að síldinni í nótinni, að sleppa síldinni.

3. gr.

Hafi verið þrengt að síld í nót er skylt að hirða alla síldina eða miðla til annarra síldarbáta eftir því sem aðstæður framast leyfa.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.- 2. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið, að fengnu áliti Hafrannsóknarstofnunar, veitt leyfi til veiði smásíldar, 27 cm að lengd eða minni, til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneldis eða til beitu. Leyfi þetta má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

5. gr.

Ef reknet og lagnet, eru notuð til síldveiða, skal lágmarksmöskvastærð vera slík að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 63 mm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 409 26. ágúst 1991.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 61 – 1992

8. október 1992 749 Nr. 377

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Krossgötur.

1. gr.

Trúfélagið Krossinn setur hér með á fót sjálfseignarstofnun, sem heitir Krossgötur. Heimili þess og varnarþing er í Kópavogi. Trúfélagið Krossinn ber enga fjárhagslega ábyrgð á sjálfseignarstofnuninni nema með stofnfé hennar.

2. gr.

Trúfélagið Krossinn leggur fram sem stofnfé kr. 1 000 000 til Krossgatna. Annað stofnframlag stofnunarinnar er: 1) Fasteignin að Álfhólsvegi 32, efri hæð, Kópavogi, sem keypt var af Trúfélaginu Krossinum þ. 1. apríl 1990 á kr. 7 500 000 fyrir söfnunarfé og 2) kr. 450 000 í peningum, sem er söfnunarfé, þar af eru kr. 420 000 bundnar inni á bankareikningi í útibúi Íslandsbanka hf. í Hamraborg, Kópavogi.

3. gr.

Langtímamarkmið stofnunarinnar eru eftirfarandi:

a) Að styrkja fólk, sem á við félagslegan vanda að etja, s.s. vegna ofneyslu áfengis eða annarra vímugjafa, til að öðlast sjálfstæði og ná fótfestu í samfélaginu.
b) Að reka verndað áfangaheimili.
c) Að byggja og reka félagslegt húsnæði í þágu skjólstæðinga þess.
d) Að safna, taka við og ráðstafa fé til byggingar og reksturs félagslegra íbúða, nauðsynlegrar aðstoðar við skjólstæðinga sína eða annarrar skyldrar þjónustustarfsemi.

Markmiðum þessum hyggst stofnunin m.a. ná með því að reka verndað áfangaheimili og jafnframt koma upp og reka almennar og/eða félagslegar kaupleiguíbúðir eða félagslegar leiguíbúðir í þágu félagsmanna sinna.

4. gr.

Peningar þeir sem stofnunin eignast skulu jafnóðum ávaxtaðir í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Tekjum stofnunarinnar skal einungis ráðstafað til starfsemi sem samrýmist langtímamarkmiðum hennar skv. 3. gr.

5. gr.

Þeir einir eiga rétt til leiguíbúða á vegum stofnunarinnar, sem búa við erfiðar aðstæður, eiga ekki íbúð eða aðra samsvarandi eign og hafa haft tekjur, sem eru undir þeim tekjumörkum, sem fram koma í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

B 52

Steindórsprent Gutenberg hf.

Þeir einir koma til greina við úthlutun kaupleiguíbúða á vegum stofnunarinnar sem uppfylla skilyrði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um rétt til kaupa á félagslegri íbúð. Þeir sem fá úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð á vegum stofnunarinnar skulu geta valið eftirfarandi:

a) Leigu með kauprétti.
b) Leigu með kaupum á eignarhlut í íbúð.
c) Kaup á íbúð á kostnaðarverði.

6. gr.

Stofnunin rekur sjálf alla sameign íbúðarhúsa sinna ásamt félagsaðstöðu, nema hún fái þriðja aðila í hendur hluta þess verkefnis. Þetta felur m.a. í sér að stofnunin sér um allt viðhald og umhirðu húsa að utan, lóðar, sameignar innanhúss og félagsaðstöðu. Stofnunin sér um að húseign í heild sé vel við haldið. Hver húseining/framkvæmd verður rekin sem sjálfstæð rekstrareining.

7. gr.

Stofnunin setur reglur um réttindi og skyldur íbúa, gerir samning við hvern íbúa þar sem fram koma skyldur og réttindi stofnunarinnar annars vegar og íbúa hins vegar og skulu báðir aðilar undirrita samninginn áður en íbúð er afhent.

8. gr.

Stofnunin hefur þriggja manna stjórn og þrjá varamenn, sem tilnefndir skulu af stjórn Krossins til tveggja ára í senn.

9. gr.

Aðalfund stofnunarinnar skal halda fyrir 30. júní ár hvert. Stjórn stofnunarinnar hefur ein atkvæðisrétt á aðalfundi. Á aðalfundi hafa auk stjórnar stofnunarinnar rétt til setu 3 fulltrúar frá Krossinum, tilnefndir af stjórn Krossins og einn fulltrúi húsfélags, sem rekið er á vegum stofnunarinnar. Formaður stjórnar boðar til aðalfundar með 14 daga fyrirvara hið minnsta. Ákvarðanir aðalfundar eru þó því aðeins lögmætar, að meiri hluti stjórnar sé á fundi eða varamenn þeirra. Hætti stjórnarmaður þátttöku í stjórn skal stjórn Krossins tilnefna nýjan stjórnarmann.

10. gr.

Allir stjórnarmenn geta boðað til stjórnarfundar, enda tilgreini þeir fundarefni. Stjórnarfundi skal boða með minnst 3ja daga fyrirvara og er fundurinn lögmætur ef meirihluti stjórnar mætir. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á fundum og skulu allir stjórnarmenn sem á fundi eru undirrita fundargerðina. Þeim stjórnarmönnum sem ekki eru á fundi skal senda afrit fundargerða.

Allar ákvarðanir stjórnar verða að samþykkjast af meirihluta hennar. Þó þarf samþykki allra stjórnarmanna til allra meiriháttar fjármálalegra ákvarðana.

11. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningar hennar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og síðan lagðir fyrir stjórnina til samþykktar á aðalfundi. Ársreikningar stofnunarinnar skulu gerðir opinberir þegar þeir hafa hlotið samþykki stjórnar. Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal stjórnin senda Ríkisendurskoðun og Húsnæðisstofnun ríkisins reikning stofnunarinnar fyrir næst liðið ár ásamt skýrslu um hvernig fjármunum hennar var ráðstafað á því ári.

12. gr.

Stjórnin ræður gjaldkera stofnunarinnar úr sínum hópi. Gjaldkeri er vörsluaðili sjóða stofnunarinnar og sinnir skrifstofuhaldi sem rekstri fylgir. Gjaldkeri hefur prókúru fyrir stofnunina og þiggur laun fyrir störf sín skv. ákvörðun stjórnar.

13. gr.

Samþykki stjórnin að slíta stofnuninni skulu eignir hennar og rekstur yfirtekinn af öðrum félagasamtökum með sambærileg markmið samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar, enda hljóti viðkomandi samþykki dómsmála- og félagsmálaráðuneytis til yfirtökunnar. Stjórn stofnunarinnar getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé fyrirhugaðra breytinga getið í fundarboði og þær samþykktar af meirihluta stjórnar á tveimur fundum í röð. Breytingarnar ná því aðeins fram að ganga að þær hljóti staðfestingu dóms- og félagsmálaráðuneytis.

14. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins og reglugerð um félagslegar íbúðir og Byggingarsjóð verkamanna nr. 46/1991 um félagslegar íbúðabyggingar á vegum félagsins.

15. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra og félagsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. október 1992.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

21. október 1992 Nr. 378

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ólafsfjarðar

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Ólafsfirði, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 50, 10. febrúar 1989.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveita breytir stillingu vatnshemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil . . . . . kr. 374,00
b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils . . . . kr. 606,00
c. Vatnsgjald pr. rúmm. . . . . kr. 28,00

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns og í Sparisjóði Ólafsfjarðar, Ólafsfirði, eða öðrum greiðslustöðvum gíróseðla. Reikninga skal gefa út á miðju notkunartímabili, gjalddagi reikninga er útgáfudagur.

Eindagi er 20 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd á eindaga.

III. KAFLI.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

A)

1. Hús allt að 300 rúmm. að utanmáli . . . . . kr. 72 520,00
2. a. Hús 300-2.000 rúmm. að utanmáli . . . . . kr. 72 520,00
   b. Fyrir hvern rúmm. umfram 300 . . . . . kr. 64,90
3. a. Hús stærri en 2.000 rúmm. að utanmáli . . . . . kr. 180 760,00
   b. Fyrir hvern rúmm. umfram 2.000 . . . . . kr. 56,30
4. Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er . . . kr. 14 080,00

B) Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmur og því um líkt, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 rúmm. húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

7. gr.

Gjöld skv. 4. gr. og 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, svo sem þurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, ... kr. 1 460,00 í hvert skipti.

Notandi á ekki rétt á lækkun orkureiknings þann tíma sem afhending varmaorku er stöðvuð, vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Ólafsfjarðar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. nóvember 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 81, 26. febrúar 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 21. október 1992.

F. h. r.
Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

12. október 1992 Nr. 379

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfsréttindi og starfssvið lyfjatækna nr. 199/1983 og afnám reglugerðar nr. 196/1983 um Lyfjatæknaskóla Íslands.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Rétt til að öðlast starfsleyfi, sbr. 1. gr., hefur sá einn sem lokið hefur prófi við lyfjatæknabraut framhaldsskóla sem metið er gilt af heilbrigðisyfirvöldum.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 196/1983 um Lyfjatæknaskóla Íslands með áorðnum breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 15. gr. laga nr. 76/1982 um lyfjadreifingu og lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta nr. 34/1985, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. október 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 380 1. október 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum nr. 357/1990 um smíði og öryggisbúnað báta styttri en 6 m að lengd.

1. gr.

Grein 1.2 orðist svo:

Reglur þessar gilda ekki um smábáta, sem blásnir eru upp með loftkenndu efni, vatnasleða eða svifnökkva, sem ekki eru notaðir í atvinnuskyni.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 51/1987 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 1. október 1992.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 381 22. október 1992

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 290, 28. júlí 1992, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.

1. gr.

Í stað: „þ.a. Arnarfjörður ... 600 lestir“ og „þ.a. Húnaflói ... 2 000 lestir“, í 1. mgr. 4. tl. 3. gr. komi: þ.a. Arnarfjörður ... 700 lestir og þ.a. Húnaflói ... 1 500 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

1. gr.

Í stað orðanna: „til 1. janúar 1993“ í 1. málsgrein ákvæðis til bráðabirgða I komi: til 1. janúar 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

29. október 1992 Nr. 383

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 89, 2. mars 1992 um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum.

1. gr.

3. málsliður 2. málsgreinar 12. gr. reglugerðarinnar falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 65, 26. júní 1992 um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 27. október 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum.

Breytingin tekur til eftirfarandi:

Landnotkun spildu úr landi Norðurbrúnar breytist úr skógræktarlandi í íbúðarhúsalóð.

Landnotkun í Lambadal breytist úr iðnaðarsvæði í blandaða starfsemi iðnaðar og garðyrkju.

Landnotkun á Dalsbrún breytist úr garðyrkju í íbúðarhúsalóð.

Breytingin og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Biskupstungnahrepps og Skipulagstjórnar ríkisins.

Umhverfisráðuneytið, 27. október 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 385 23. október 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem eru notaðar til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

3. tl. 8. gr. reglugugerðar nr. 308/1989 orðist svo:
Á félagssvæði Bílstjórafélags Akureyrar, sem er Akureyri.
Hámarkstala er 22 fólksbifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 23. október 1992.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.

Stjórnartíðindi B 61, nr. 377–385. Útgáfudagur 30. október 1992.

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 - 1992

20. október 1992 757 Nr. 386

REGLUGERÐ

um gerð og búnað ökutækja.
Viðauki um hópbifreiðir.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda um hópbifreiðir og koma til viðbótar ákvæðum í reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 655 28. desember 1989, með síðari breytingum.

1. gr.
Flokkun ökutækja og skilgreiningar.

Flokkar hópbifreiða:
Flokkun hópbifreiða í undirflokk I eða II ræðst af leyfðri heildarþyngd.
Nánari aðgreining undirflokka hópbifreiða í A eða B ræðst af úrfærslu yfirbyggingar með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar.

Hópbifreið IA:
Bifreið með leyfða heildarþyngd 5000 kg eða minna ætluð til að flytja fólk í sætum og stæðum.

Hópbifreið IB:
Bifreið með leyfða heildarþyngd 5000 kg eða minna, ætluð til að flytja fólk eingöngu í sætum.

Hópbifreið IIA:
Bifreið með leyfða heildarþyngd yfir 5000 kg ætluð til að flytja fólk í sætum og stæðum.

Hópbifreið IIB:
Bifreið með leyfða heildarþyngd yfir 5000 kg, ætluð til að flytja fólk eingöngu í sætum.

Fullnægjandi er að hópbifreið fyrir 16 farþega eða færri, en með leyfða heildarþyngd yfir 5000 kg, uppfylli við skráningu aðeins þær kröfur sem gerðar eru um búnað hópbifreiðar I.

Liðvagn:
Hópbifreið sem hefur tvö sérstök farþegarými. Þessir hlutar geta sveiflast og snúist um liðinn sem tengir þá saman, en farþegar geta engu að síður gengið óhindrað á milli vagnhluta.

Aðaldyr:
Dyr sem farþegar nota við venjulegar aðstæður til þess að fara inn í bifreið eða úr. Aðaldyr geta verið einbreiðar eða tvíbreiðar.

Neyðarútgangur:
Útgangur sem ætlaður er til að rýma ökutækið ef aðaldyr eru ekki nothæfar eða rýming um þær verður ekki nógu hröð. Neyðarútgangur getur verið:
a. Neyðardyr: Dyr sem auk aðaldyra eru ætlaðar fyrir farþegar til að fara út um í neyð.
b. Neyðargluggi: Gluggi sem gerir farþegum kleift að komast út í neyð.
c. Neyðarlúga: Þaklúga ætluð fyrir farþega til að fara út um í neyð.

Gólf:
Sá hluti yfirbyggingar sem myndar burðarflöt fyrir standandi farþega, sætisfestingar og fætur farþega og ökumanns.

Gangur:
Gangur er það rými sem veitir farþegum aðgang að hvaða sæti eða sætaröð sem vera skal og/eða aðaldyrum. Þrep og svæði framan við sæti, sem nær 300 mm fram fyrir fremstu brún þess og svæði sem eingöngu er notað til að komast í sæti, telst ekki gangur.

Svæði ökumanns:
Svæði sem ökumanni er einum ætlað. Innan þess er stýrishjól og önnur stjórntæki, mælar og annar búnaður sem er nauðsynlegur við akstur ökutækisins.

2. gr.
Meginreglur.

Engin viðbótarákvæði.

3. gr.
Viðurkenning skráningarskyldra ökutækja.

1 SMÍÐI YFIRBYGGINGAR

1.1 Áður en smíði er hafin á yfirbyggingu sérsmíðaðrar hópbifreiðar skal Bifreiðaskoðun samþykkja umsókn þar að lútandi.

1.1.1 Með umsókninni skal fylgja málsett teikning af bifreiðinni í mælikvarðanum 1:20 eða 1:25, í hliðar- og ofanvarpi, sem sýnir skipan farþegasvæðis (sbr. 8. gr. lið 2), stærð og staðsetningu farangursgeymsla og fyrirkomulag og stærð útganga. Teikning af hópbifreið sem smíðuð er hér á landi skal undirrituð af bifreiðasmíðameistara eða öðrum með a.m.k sambærilega menntun í bifreiðasmíði og er hann ábyrgur fyrir því að yfirbyggingin sé smíðuð samkv. teikningunni.

1.1.2 Til biðbótar þeim gögnum sem nefnd eru undir lið 1.1.1. skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:
a. Hver er eigandi bifreiðarinnar.
b. Hver hannaði og teiknaði yfirbygginguna.
c. Gerð og framleiðsluár undirvagns.
d. Gerð og gildleiki efnis í yfirbyggingu.
e. Fyrirkomulag loftræstibúnaðar.
f. Fyrirkomulag móðueyðingar af rúðum.
g. Áætluð eiginþyngd og dreifing hennar á ása bifreiðarinnar.
h. Leyfð heildarþyngd bifreiðarinnar og mesta leyfð þyngd á ása.
i. Áætluð þyngd fullhlaðinnar bifreiðar og dreifing þeirrar þyngdar á ása.

2 SKRÁNINGARVIÐURKENNING

2.1 Þegar hópbifreið er skráð skulu liggja fyrir hjá bifreiðaskoðun gögn samkv. lið 1.1.1, auk þeirra gagna sem talin eru upp í 3. gr. aðalreglugerðar um gerð og búnað ökutækja.

4. gr.
Áletranir og merki.

1 GERÐ SKILTA

1.1 Hæfilega mörg skilti með textanum „reykingar bannaðar" og „ónáðið ekki ökumann" skulu vera þar sem við á.

1.2 Ennfremur skal eftirfarandi gilda um önnur skilti:

Skilti	Litur texta* /tákna	Litur grunnflatar	Staðsetning
Slökkvitæki	Hvítur/stálgrár	Rauður	Á áberandi stað hjá tækinu
Sjúkrakassi	Hvítur/stálgrár	Grænn	Á áberandi stað hjá kassanum
Neyðarútgangur	Rauður	Hvítur/stálgrár	Við neyðardyr, -glugga og -lúgur
Neyðaropnunaraðferð**	Rauður	Hvítur/stálgrár	Hjá neyðaropnunar-búnaði
Gangið ekki yfir akbrautina fyrr en bifreiðin er farin	Svartur	Hvítur/stálgrár	Við útgöngudyr hópbifreiðar IA og IIA
Önnur skilti	Svartur	Hvítur/stálgrár	

* Texti á skiltum skal vera á íslensku en má auk þess vera á erlendu máli.
** Þetta skilti, sem segir til um opnunaraðferð, skal vera hjá neyðaropnunarbúnaði aðaldyra og neyðarútganga.

1.3 Texti á skiltum skal vera greinilegur og hæð bókstafa a.m.k. 5 mm. Tákn skulu vera a.m.k. 70 mm á kant.

2 ÁLETRUN UM FARÞEGAFJÖLDA

2.1 Fyrir ofan fremstu aðaldyr skal vera hvítt eða stálgrátt skilti með svartri áletrun sem gefur greinilega til kynna mesta leyfða farþegafjölda og skiptingu hans í sæti og stæði. Á skiltinu skal einnig koma fram skráningarnúmer bifreiðar.

5. gr.
Stýrisbúnaður.

1 ÁKVÆÐI UM LIÐVAGNA

1.1 Tengiliður, svo og tengislöngur og kaplar á milli vagnhluta, skal vera aðgengilegur til eftirlits.

1.2 Að innan skal liðhlutinn þannig gerður að engin hætta sé á að farþegar eða farangur skaddist, hver sem afstaða verður á milli vagnhluta.

6. gr.
Hemlabúnaður.

1 LÆSIVÖRN

1.1 Hópbifreið IIB sem er yfir 12000 kg af leyfðri heildarþyngd skal búin hemlum með læsivörn (ABS).

1.1.1 **Gildistaka:** Ákvæðið gildir um bifreiðir sem fluttar eru til landsins eftir 1. janúar 1994. Bifreið sem áður hefur verið skráð erlendis og ekki er búin hemlum með læsivörn má þó flytja til landsins til 1. janúar 1998.

2 ÞRÝSTILOFTSHEMLAR

2.1 Hjálparbúnaður (til að opna hurð o.þ.h.) má því aðeins fá afl frá hemlakerfi að notkun hans eða bilun í honum geti ekki valdið því að þrýstingur til hemlunar verði minni en 65% af viðmiðunarþrýstingi.

7. gr.
Ljósker og glitaugu.

1 ÚTILJÓS

1.1 Ef upplýstur skiltakassi er fyrir tölur og bókstafi skal litur ljóss í honum ekki vera grænn, rauður eða blár.

2 INNILJÓS

2.1 Yfir farmiðabúnaði skal vera ljósker sem kveikt er á sjálfkrafa með dyrarofa eða handvirkt með eigin rofa.

2.2 Við dyr á hópbifreið IA og II skal vera ljósker sem lýsir upp dyraþrepin þegar með þarf.

2.3 Í hópbifreið IA og IIA skal vera sérstakt ljósmerki sem farþegar kveikja með þrýstihnappi, snúru, snertilista eða öðrum búnaði óski þeir að fara út. Farþegar skulu geta séð ljósmerkið auðveldlega en það má ekki valda ökumanni óþægindum. Hjá ökumanni skal vera gaumljós sem logar um leið og umrætt ljósmerki. Hljóðgjafi má tengjast ljósmerkinu.

8. gr.
Aðbúnaður ökumanns og farþega.

1 FARÞEGAFJÖLDI

1.1 Heildarfjöldi farþega er reiknaður samkv. eftirfarandi jöfnu:

$$N = A + \frac{S_1}{0{,}125} \leq \frac{PT-75-PV-100V-75VX}{Q}$$

N: Reiknaður farþegafjöldi.
A: Fjöldi farþegasæta (samkv. lið 3).
S_1: Heildarflötur fyrir standandi farþega (m^2).
PT: Leyfð heildarþyngd (kg).
PV: Eiginþyngd (kg).

V: Heildar farangursrými í (m^3).
VX: Heildarflötur fyrir farangur á þaki (m^2).
Q: Þyngd hvers farþega (kg).

Gildi á Q eru sem hér segir:

	Q (kg)
IA	68
IB	71*
IIA	68
IIB	71*

* Að meðtöldum handfarangri.

2 FARÞEGASVÆÐI

2.1 Heildarflötur fyrir farþega fæst með því að draga eftirtalin svæði frá heildargólffleti:

a. Svæði ökumanns.
b. Svæði fyrir þrep við dyr og flatarmál sérhvers þreps sem er grynnra en 300 mm.
c. Svæði þar sem hæð ofan við gólf er minni en 1350 mm.
d. Svæði í liðhluta liðvagns þar sem handrið og/eða þil hindra aðgang.

2.2 Heildarflötur S_1 fyrir standandi farþega í hópbifreið IA og IIA fæst með því að draga eftirtalin svæði frá heildarfleti fyrir farþega.

a. Hallandi gólfflöt sem ekki er hluti af gangi þar sem gólfhallinn er yfir 6% (3,4°) og yfir 8% (4,6°) aftan við hugsaðlóðrétt þverplan sem er 1,5 m framan við afturás.
Með gólfhalla er átt við hallann frá láréttu plani mælt í %.
b. Svæði þar sem hæð ofan við gólf er minni en 1900 mm og svæði ofan og aftan við afturás þar sem hæðin ofan við gólf er minni en 1800 mm.
c. Svæði framan við hugsað lóðrétt plan sem gengur gegnum miðja setu á ökumannssæti í öftustu stöðu þvert yfir að hægri hlið bifreiðar.

3 FARÞEGASÆTI


3.1 Á farþegasæti sem ekki snýr þvert á lengdarás bifreiðar skulu vera armar (þil) báðum megin við hvern farþega í stöku sæti en báðum megin við hverja tvo farþega í sætisröð.

Minnstu mál sæta mælt frá lóðréttu plani samsíða lengdarási gegnum miðju sætis skulu vera sem hér segir:

		Hópbifreið I og IIA (mm)	Hópbifreið IIB (mm)
	Breidd setu (F á mynd 8.1) til hvorrar handar (mm)	200	215
	Dýpt setu mæld í lóðrétta planinu gegnum sætismiðju	350	400
Stök sæti	Breiddarrými (G á mynd 8.1) mælt til beggja handa í láréttu plani meðfram sætisbaki 270-650 mm yfir álagslausri setu.	250*	250
Sætaröð	Breiddarrými (G á mynd 8.1) fyrir hvern farþega mælt til beggja handa í láréttu plani meðfram sætisbaki 270-650 mm yfir álagslausri setu.	225**	225


* Fyrir hópbifreið IB 225 mm.

** Fyrir 4 sæti í öftustu sætaröð skal heildarbreiddarrými nema a.m.k. 1650 mm.



Mynd 8.1

Hæð setu: Lóðrétt hæð frá gólfi framan við sæti að láréttu plani sem snertir efsta punkt á álagslausri setu (I á mynd 8.2) skal vera milli 400 og 500 mm en má fara niður í 350 mm við hjólskálar.



mynd 8.2

Hópbifreið	H(mm)lágm.	I(mm)
I	650	400 500
IIA	650	350 við
IIB	680	hjólskál

3.2 Bil milli sæta: Öll mál miðast við lóðrétt (lengdar-) plan sem gengur gegnum miðju hvers sætis og miðast við álagslausa setu og upprétt sætisbök.


3.2.1 Þegar sæti snúa í sömu átt skal lárétta fjarlægðin frá sætisbaki að bakhlið næsta sætist fyrir framan (H á mynd 8.2), í hvaða hæð sem vera skal frá hæsta punkti setu upp í 620 mm yfir gólfi, ekki vera minni en:

Hópbifreið I	650 mm
Hópbifreið IIA	650 mm
Hópbifreið IIB	680 mm

3.2.2 Þegar sætin snúa hvort á móti öðru skal lárétta fjarlægðin milli sætisbaka í hæsta punkti setu ekki vera minni en 1300 mm (sjá mynd 8.2).

3.2.3 Þar sem sæti snýr að þili skal vera a.m.k. 280 mm bil framan við lóðrétt þverplan sem snertir setuna að framanverðu. Frá gólfi og 100 mm upp skal bilið vera a.m.k. 350 mm (sjá mynd 8.3).

mynd 8.3



3.3 Frjáls hæð yfir hverju sæti frá hæsta punkti álagslausrar setu skal vera a.m.k. 900 mm og yfir gólfinu framan við sæti skal frjálsa hæðin vera a.m.k. 1350 mm. Heimilt er að frjáls hæð skerðist af inndreginni hlið, loft- eða lagnastokkum að ofan- eða neðanverðu, sætisbökum og hjólskálum.

4 SVÆÐI ÖKUMANNS

4.1 Svæði ökumanns skal þannig gert að hvers konar speglun trufli útsýni hans sem minnst.

4.2 Mælum og stórntækjum skal þannig valinn staður, að ökumaður þurfi ekki að færa sig að ráði til við aflestur og/eða notkun þeirra.

4.3 Á ökumannsstól skulu vera aðgengileg handföng til að stilla hæð frá gólfi og fjarlægð frá stýri. Ekki skal gera kröfu um hæðarstillingu á ökumannsstól í hópbifreið I.

4.4 Verja skal ökumann fyrir farangri sem runnið gæti til, t.d. við hemlun.

5 VÖRN FYRIR FARÞEGA

5.1 Framan við sæti eða stæði sem er aftan við dyr, pall eða svæði ökumanns í hópbifreið II skal vera vörn. Vörnin skal ná a.m.k. 100 mm inn fyrir miðlínu setu í því sæti sem er nær ganginum. Í hópbifreið með hreyfli að framanverðu má víkja frá þessu máli svo að auðveldara sé að komast í ökumannssætið, þó skal vörnin ná a.m.k. 50 mm inn fyrir miðlínu ökumannssætis. Vörnin skal vera a.m.k. 800 mm há mælt frá gólffletinum framan við farþegasæti. Efri brún á sætisbökum og brúnir á stöðveggjum skulu vera þannig gerðar að sem minnst hætta sé á meiðslum við umferðaróhapp.

5.2 Staðsetning eða gerð búnaðar í fólksrými skal vera þannig að sem minnst hætta sé á meiðslum við umferðaróhapp.

6 HANDSLÁR OG HANDFÖNG

6.1 Almennar kröfur.

6.1.1 Handslár og handföng skulu vera nægjanlega sterk. Þau skulu þannig gerð og fyrir komið að ekki valdi hættu fyrir farþega.

6.1.2 Handslár og handföng skulu þannig gerð að auðvelt sé að festa hönd á þeim. Þvermál þeirra skal vera milli 20 og 45 mm. Minnsta þvermál þeirra má vera 15 mm ef annað þvermál á sama þversniði er a.m.k. 25 mm.

6.1.3 Bilið frá handslá eða handfangi að fletinum sem þau festast á skal vera a.m.k. 40 mm. Á hurðum má bilið þó fara niður í 35 mm.

6.2 Handslár og handföng fyrir hópbifreið IA og IIA.

6.2.1 Handslár og handföng skulu vera nægjanlega mörg og í seilingarfjarlægð farþega hvar sem hann er á svæði fyrir standandi farþega (sbr. lið 2.2).

6.2.2 Á svæðum fyrir standandi farþega þar sem ekki eru sæti með veggjum skulu vera láréttar handslár samsíða veggnum frá 800 mm til 1500 mm yfir gólfi.
Á öðrum svæðum skulu handslár vera frá 800-1900 mm yfir gólfi og einnig aðrir gripstaðir frá 800-1500 mm yfir gólfi.

6.2.3 Beggja vegna dyraops skulu vera handslár. Á tvíbreiðum dyrum má mæta þessari kröfu með einni stoð eða handslá í miðju.

6.3 Hleri í gólfi.

6.3.1 Hleri í gólfi skal þannig gerður og festur að ekki sé hætta á að hann losni við titring. Enginn hluti læsi- eða lyftibúnaðar má standa upp fyrir gólfflöt.

9. gr.
Útsýn.

1 SPEGLAR

1.1 Útispeglar.

1.1.1 Útispegill hægra megin á hópbifreið II skal vera rafhitaður með a.m.k. 5 W á hverja 100 cm^2 spegilsins.

1.1.2 Stærð spegilflatar skal vera a.m.k. 300 cm^2 á flötum spegli og a.m.k. 200 cm^2 á kúptum spegli.

1.1.3 Útispegill á hægri hlið skal sýna aftari og/eða öftustu aðaldyr í fullri hæð. Ef nauðsyn krefur skal nota stærri spegil eða bæta öðrum við.

1.2 Innispeglar.

1.2.1 Við aðaldyr hópbifreiðar IA og IIA og fremri (fremstu) aðaldyr á hópbifreið IIB sem ökumaður hefur ekki beina sjónlínu til skal vera innispegill. Í speglinum skal sjást neðri hluti dyra og inngangur.

1.2.2 Fyrir ökumann skal vera baksýnisspegill sem sýnir bifreiðina að innanverðu og spegla yfir útgöngudyrum. Sjónlínan á milli baksýnisspegils fram í og útgönguspegla aftur í skal vera órofin, t.d. af standandi farþegum.

2 MÓÐUEYÐING

2.1 Búnaður til þess að eyða móðu skal vera fær um að halda framrúðu og fremstu hliðarrúðum móðulausum í sjónsviðinu.

10. gr.

Loftræsting, upphitun.

1 LOFTRÆSTING

1.1 Í hópbifreið IIB skal vera loftræstikerfi sem sér fólksrými fyrir nægjanlegri loftræstingu þótt bifreið sé kyrrstæð. Dreifing loftsins skal vera sem jöfnust um alla lengd vagnsins.

1.1.1 Loftskipti skulu nást þrátt fyrir lokaðar þaklúgur, glugga og dyr.

1.1.2 Sé loftið tekið inn í bifreiðina að framanverðu skal neðri brún loftinntaks vera a.m.k. 1,0 m yfir akbraut.

2 UPPHITUN

2.1 Upphitunarkerfi skal vera nógu öflugt til að jafn og eðlilegur hiti náist í öllum vagninum í akstri enda þótt kalt sé úti.
Hita umhverfis ökumann skal vera hægt að stilla sérstaklega.

2.2 Miðstöð sem brennir eldsneyti skal klædd eldverjandi efni og svo tryggilega frá henni gengið sem framast er unnt.

11. gr.

Inn- og útgangur, læsingar.

1 FJÖLDI ÚTGANGA

1.1 Lágmarksfjöldi aðaldyra á hópbifreið IA og IIA skal vera sem hér segir:

Fjöldi leyfðra farþega	Fjöldi aðaldyra
$\leqslant$ 20	1
21 $\leqslant$ 60	2
$>$ 60	3

Tvíbreiðar aðaldyr má telja sem tvennar dyr.

1.2 Á hópbifreið IB og IIB skulu vera a.m.k. tvennar dyr, annaðhvort einar aðaldyr og einar neyðardyr eða tvennar aðaldyr. Á hópbifreið IIB sem gerð er fyrir fleiri en 45 farþega skulu þó vera a.m.k. tvennar aðaldyr.

1.3 Lágmarksfjöldi neyðarútganga skal vera slíkur að heildarfjöldi útganga verði sem hér segir:

Fjöldi leyfðra farþega	Fjöldi útganga
9–16	3
17–22	4
23–35	5
> 35	6

1.4 Þegar reiknaður er lágmarksfjöldi útganga fyrir liðvagn skal telja hvorn hluta liðvagns sjálfstætt ökutæki.

2. STAÐSETNING ÚTGANGA

2.1 Aðaldyr skulu vera á hægri hlið hópbifreiðar. Á fremra helmingi hennar skulu vera a.m.k. einar dyr. Dyr mega vera aftan á hópbifreið ef þær eru ekki aðaldyr.

2.2 Útgöngum skal þannig fyrir komið að þeir séu því sem næst jafnmargir á báðum hliðum. Að minnsta kosti einn neyðarútgangur skal vera framan eða aftan á hópbifreið eða neyðarlúga. Hvor hluti liðvagns telst vera sjálfstætt ökutæki en gangurinn á milli telst ekki vera útgangur.

Ef neyðarlúgur skulu vera til viðbótar við aðra neyðarútganga skal lágmarksfjöldi lúga vera sem hér segir:

Fjöldi leyfðra farþega	Fjöldi lúga
≤ 50	1
> 50	2

2.3 Útgangur á sömu hlið skulu vera með hæfilegu millibili.

2.4 Neyðarlúgur skal staðsetja sem hér segir:
Ef aðeins er ein neyðarlúga skal hún vera um miðbik þaksins. Ef lúgurnar eru tvær skulu vera a.m.k. 2 m á milli þeirra, mælt samsíða lengdarási bifreiðarinnar.

3 MÁLSETNING ÚTGANGA

3.1 Útgangar skulu hafa eftirfarandi lágmarksmál:

Gerð útgangs	Vídd	Hópbifreið IB	IA/IIA	IIB
Aðaldyr	Hæð (mm)	1400	1800	1650
	Breidd (mm)	einbreiðar dyr 650 tvíbreiðar dyr 1200		
Neyðardyr	Hæð (mm)	1250		
	Breidd (mm)	550		
Neyðargluggi	Flatarmál (m^2)	0,4		
Neyðarlúga	Flatarmál (m^2)	0,4		

3.1.1 Til viðbótar ákvæðum sem fram koma í töflu við lið 3.1 gildir: Aðaldyr mega vera allt að 100 mm mjórri í hæð handsláa. Í hópbifreið IB mega dyr vera allt að 250 mm mjórri við hjólskálar og fjarstýrðan opnunarbúnað.

Op neyðarglugga og neyðarlúgu skulu vera þannig löguð að í gegnum þau komist rétthyrningur sem er 500 mm hár og 700 mm breiður.

4 GERÐ ÚTGANGA

4.1 Aðaldyr.

4.1.1 Stjórnbúnaður fyrir fjarstýrðar aðaldyr skal vera nálægt ökumanni.

4.1.2 Á innanverðum hurðum má ekki vera búnaður sem ætlaður er til þess að loka af stigaþrep þegar dyrnar eru lokaðar.

4.2 Neyðardyr.

4.2.1 Neyðardyr sem hægt er að hafa læstar utan frá skal alltaf vera auðvelt að opna innan frá.

4.2.2 Dyr með afllokun skal ekki telja neyðarútgang nema hægt sé að opna þær rakleitt með handafli þegar stjórnbúnaður sem fyrirmæli eru um í lið 4.1.1 hefur verið settur í rétta stöðu fyrir neyðaropnun. Ekki skal vera rennihurð fyrir neyðardyrum.

4.2.3 Handföng að utanverðu skulu ekki vera ofar en 1800 mm yfir akbraut miðað við óhlaðna bifreið.

4.2.4 Lamir á neyðardyrum skulu vera að framanverðu.

4.2.5 Neyðardyr skulu opnast út og vera þannig hannaðar að lítil hætta sé á að þær festist jafnvel þótt yfirbygging aflagist við umferðaróhapp.

4.2.6 Ef ekki er greiður aðgangur að ökumannsdyrum skulu þær ekki teljast neyðardyr.

4.2.7 Á neyðardyrum á hópbifreið II sem ekki sjást auðveldlega úr sæti ökumanns skal vera búnaður sem varar ökumann við ef dyrnar eru ekki tryggilega lokaðar. Viðvörunarbúnaðurinn skal stjórnast af læsingunni sjálfri en ekki af hreyfingu hurðarinnar.

4.3 Neyðargluggar.

4.3.1 Í neyðarglugga skal vera auðbrjótanlegt öryggisgler. Ekki skal samt gera kröfu um slíkt gler ef neyðargluggi er með fullnægjandi losunarbúnaði sem gerir kleift að opna gluggann viðstöðulaust innan frá.

4.4 Neyðarlúgur.

4.4.1 Neyðarlúga skal þannig gerð að hún hindri ekki greiðan aðgang innan úr bifreiðinni. Neyðarlúgur sem hægt er að læsa utan frá skal alltaf vera auðvelt að opna innan frá.

5 INNRI GERÐ

5.1 Aðkoma að aðaldyrum.

5.1.1 Frá aðaldyrum að gangi skal vera autt rými sem hefur a.m.k. sömu hæð og aðaldyr, sbr. lið 3.1. Frá dyraþrepi/gólfi og upp í 700 mm hæð skal breiddarrýmið vera a.m.k. 400 mm og a.m.k. 550 mm á bilinu 700 mm og upp í 1550 mm hæð yfir dyraþrepi/gólfi.

5.2 Aðkoma að neyðardyrum og neyðargluggum.

5.2.1 Aðkoma að neyðardyrum og neyðargluggum skal vera greið og hindrunarlaus. Ef sæti eru við neyðardyr eða glugga skal vera hægt að víkja sætinu til svo aðkoma að þeim verði eins og til er ætlast.

5.3 Aðkoma að neyðarlúgum.

5.3.1 Neyðarlúgur skulu vera yfir sætum eða öðru sem veitir aðgang að þeim.

5.4 Gangur.

5.4.1 Gangur skal vera greiður og hindrunarlaus. Lágmarksbreidd á gangi hópbifreiðar skal vera:

Hópbifreið	Frá gólfi að 1400 mm hæð	Frá 1400 mm að 1800 mm hæð
IA og IIA	450	550
IIB	300	450

Hópbifreið	Frá gólfi að 1200 mm hæð	Frá 1200 mm að 1450 mm hæð
IB	250	450

5.4.2 Í hópbifreð IA og IIA má gangurinn vera 400 mm breiður hvar sem er á ganginum aftan við lóðrétt þverplan 1500 mm framan við miðlínu afturáss og við aftari brún öftustu aðaldyra.

5.4.3 Í hópbifreið IB og IIB geta sætin annars vegar eða beggja vegna við ganginn verið færanleg til hliðar og má þá breidd gangsins vera 220 mm. Með aðgengilegum stjórnbúnaði skal þá vera auðvelt að færa sætin og auka breidd gangsins í 300 mm.

5.4.4 Í hópbifreið IB með þrjár sætaraðir eða færri aftan við ökumannsstól er heimilt að hafa einn eða tvo fellistóla sem takmarka breidd gangs með sætið í niðurfelldri stöðu.

5.4.5 Lágmarkshæð á gangi skal vera:

Hópbifreið	
IA/IIA/IIB	IB
1900 mm*	1400 mm

* Tveggja hæða hópbifreið 1800 mm.

5.4.6 Lofthæð í ganginum má vera um 100 mm lægri hvar sem er aftan við lóðrétt þverplan 1500 mm framan við miðlínu afturáss og við aftari brún öftustu aðaldyra.


5.5 Stigaþrep við aðaldyr.

5.5.1 Mesta hæð og minnsta dýpt stigaþrepa að lyftiþrepi undanskildu skal vera eins og tilgreint er í eftirfarandi töflu og með tilvísun í meðfylgjandi mynd:

		Tilvísun í mynd	Hópbifreið		
			IB	IA–IIA	IIB
Fyrsta þrep	Hæð yfir akbraut mm	A hám.	400	360	400
	Dýpt (mm)	B lágm.		200	200
		C hám.		100	100
Næstu þrep	hæð (mm)	D hám.		250*	350
	Dýpt (mm)	E lágm.		200	200

* Ef dyr eru aftan við aftasta ás skal leyfa 300 mm hæð við þær.

Mynd 11.1



5.5.2 Þrep við aðaldyr skulu vera a.m.k. 400 mm breið.

5.6 Lyftiþrep við dyr.

5.6.1 Hreyfing lyftiþrepa skal vera samstillt hreyfingu viðkomandi aðaldyra eða neyðardyra.

5.6.2 Þegar dyr eru lokaðar skal enginn hluti lyftiþreps skaga meira en 10 mm út fyrir aðlæga línu yfirbyggingar.

5.6.3 Þegar dyr eru opnar og lyftiþrep útdregið skal stærð yfirborðsflatar þess vera samkv. kröfum í lið 5.5

5.6.4 Ekki skal vera mögulegt að lyftiþrep dragist út þegar bifreið er í akstri. Bili búnaðurinn sem hreyfir þrepið skal það dragast upp og stöðvast þar. Bilað þrep skal ekki geta hindrað hreyfingu hurðarinnar.

12. gr.

Hraðamælir.

Engin viðbótarákvæði.

13. gr.
Hljóðmerki.

Engin viðbótarákvæði.

14. gr.
Grind, burðarvirki og höggvarar.

Engin viðbótarákvæði.

15. gr.
Fjöðrun, höggdeyfar og ásar.

Engin viðbótarákvæði.

16. gr.
Hjól, hjólbarðar, naglar og keðjur.

Engin viðbótarákvæði.

17. gr.
Hjólhlífar.

Engin viðbótarákvæði.

18. gr.
Þjófnaðarvörn.

Engin viðbótarákvæði.

19. gr.
Hreyfill.

1 HREYFILRÝMI

1.1 Í hreyfilrými skal ekki nota einangrunar- eða klæðningarefni sem hætta er á að mettist af eldsneyti eða smurolíu nema efnið sé varið með vökvaþéttu lagi.

1.2 Hreyfilrými skal þannig hannað að hvergi sé hætta á að eldsneyti eða smurolía geti safnast fyrir.

1.3 Hvar sem hætta getur stafað af hita skal hættusvæðið varið með óeldfimu hitaeinangrandi efni.

20. gr.
Eldsneytiskerfi.

1 ELDSNEYTISGEYMIR

1.1 Eldsneytisgeymar skulu tryggilega festir og þeim valinn staður þannig að þeir séu sem best varðir í hugsanlegum árekstri. Enginn hluti eldsneytisgeymis má ná framar en 600 mm frá framenda bifreiðar.

1.2 Enginn hluti eldsneytisgeymis, þ.m.t. áfyllingarstútur og lok, má skaga út fyrir útlínu yfirbyggingar.

1.3 Eldsneytisgeymar skulu gerðir úr tæringarvörðu efni.

1.4 Á eldsneytisgeymi skal vera búnaður sem sér um að þrýstingur í honum fari ekki yfir vinnuþrýsting. Búnaðurinn skal þannig gerður að af honum stafi ekki eldhætta.

2 FÆÐIKERFI ELDSNEYTIS

2.1 Enginn hluti eldsneytiskerfis má vera í fólksrými.

2.2 Eldsneytisleiðslum og öðrum hlutum fæðikerfisins skal valinn staður þannig að sem minnst hætta sé á að hlutirnir verði fyrir hnjaski.

2.3 Vindu- eða beygjuhreyfingar og titringur burðarvirkja og hreyfils skulu hvorki valda óeðlilegu álagi á eldsneytisleiðslur né tengi sveigjanlegra lagna.

2.4 Hvergi skal vera hætta á að hugsanlegur leki frá eldsneytiskerfi safnist fyrir. Eldsneyti má ekki geta leikið á útblásturskerfi.

3 ÁFYLLINGARSTÚTUR

3.1 Áfyllingarstútur skal vera þannig staðsettur að ekki sé hætta á að eldsneyti leki niður á hreyfil eða útblásturskerfi við áfyllingu.

3.1.1 Áfyllingarstútur á hópbifreið II skal vera a.m.k. 250 mm frá dyraopi.

3.2 Eldsneyti skal hvorki leka meðfram loki á áfyllingarstúti né um öndun, jafnvel þótt geyminum sé hvolft.

3.3 Lok á áfyllingarstúti skal þannig gert að það opnist ekki af vangá.

21. gr.
Útblásturskerfi.

Engin viðbótarákvæði.

22. gr.
Mengun.

1 Innihávaði

1.1 Hljóðstyrkur umhverfis ökumann í höfuðhæð skal ekki vera meiri en 77 dB.

1.1.1 Við mælingu skal vagninum ekið tómum í hæsta gír á þurrum láréttum vegi og hreyfillinn látinn snúast 75% af mesta snúningshraða. Viftur, hjálparbúnaður o.þ.h. skal látið ganga með fullu afköstum.

23. gr.
Rafkerfi.

1 HÖFUÐROFI

1.1 Í hópbifreið skal vera höfuðrofi sem rýfur straum til allra straumrása nema til ökurita, útvarpstækis og hættuljóskera. Ökumaður skal geta stjórnað honum úr sæti sínu.

2 VÖR

2.1 Sérhver grein rafkerfis, nema greinar fyrir ræsi, kveikju, glóðarkerti, stöðvunarbúnað hreyfils, hleðslukerfi og rafgeymi, skal varin með bræðivari eða útsláttarvari. Greinar þar sem samanlögð straumnotkun fer ekki yfir 16A má verja með sameiginlegu vari.

2.1.1 Fyrir inniljós í hópbifreið II skulu vera a.m.k. tvær greinar óháðar hvor annari. Grein fyrir inn- og útgönguljós má líta á sem aðra greinina.

3 RAFGEYMAR

3.1 Rafgeymar skulu vera tryggilega festir og auðvelt að komast að þeim.

3.1.1 Geymarými skal vera aðskilið frá fólksrými og með sjálfstæða öndun.

24. gr.
Fjarskiptatæki, útvarp og sjónvarp.

Engin viðbótarákvæði.

25. gr.
Drifbúnaður.

Engin viðbótarákvæði.

26. gr.
Tengibúnaður.

Engin viðbótarákvæði.

27. gr.
Þyngdardreifing.

1 SÆTASKIPAN

1.1 Sætaskipan skal vera þannig að með fulllestaðri bifreið verði skipting þyngdar eðlileg á ása og heildarþyngd í samræmi við burðargetu bifreiðarinnar.

28. gr.
Yfirbygging-undirakstursvörn.

1 YFIRBYGGING

1.1 Yfirbygging skal vera úr traustu og gallalausu efni og hafa fullnægjandi veltistyrk.

1.2 Yfirbygging hópbifreiðar I skal þannig gerð að hún standist álag á þak bifreiðarinnar sem nemur leyfðri heildarþyngd hennar án þess að aflagast verulega.

2 HURÐIR FYRIR LESTUM

2.1 Hurðir og lúgur fyrir lestum á hliðum skulu vera á lömum að ofan- eða framanverðu.

29. gr.
Breytingar á ökutækjum.

1 Áður en breyting er hafin á hópbifreið eða yfirbyggingu bifreiðar sem ætlað er að breyta í hópbifreið skal Bifreiðaskoðun samþykkja umsókn þar að lútandi. Með umsókninni skulu fylgja gögn samkv. 3. gr. liðum 1.1.1 og 1.1.2.

30. gr.
Viðgerðir.

Engin viðbótarákvæði.

31. gr.
Öryggisbúnaður.

1 ÖRYGGISBELTI

1.1 Í hópbifreið IB sem er yfir 3500 kg að leyfðri heildarþyngd og hópbifreið IIB skal ökumannssæti búið tveggja eða þriggja festu rúlluöryggisbelti. Sama gildir um önnur sæti sem veita ekki nægjanlega góða vörn með afturhluta sætisbaks beint framan við farþega.

2 SJÚKRAKASSI

2.1 Í hópbifreið I og IIA skal vera a.m.k. einn sérhannaður eða annar sambærilegur sjúkrakassi fyrir hópbifreiðir, en í hópbifreið II skulu þeir vera a.m.k. tveir. Innihald kassans skal vera að fyrirmælum landlæknis. Sjúkrakassi skal vera nálægt ökumannssæti og merktur skráningarnúmeri bifreiðarinnar.

2.1.1 **Gildistaka:** Frá 1. janúar 1993 gilda ákvæði liðar 2.1 einnig fyrir bifreiðir sem skráðar eru fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

3 HAMAR

3.1 Á áberandi stað við hvern neyðarglugga með öryggisgleri, sbr. lið 4.3. í 11. gr., skal vera hamar ætlaður til þess að brjóta glerið í neyð. Hamarinn skal festur og innsiglaður. Annar viðurkenndur opnunarbúnaður er einnig heimill.

3.2 Á hentugum stað innan svæðis ökumanns skal komið fyrir hamri eða öxi.

4 SLÖKKVITÆKI

4.1 Í hópbifreið I og IIA skal vera a.m.k. eitt slökkvitæki. Í hópbifreið IIB skulu vera a.m.k. tvö slökkvitæki.

4.1.1 Slökkvimáttur hvers slökkvitækis skal svara til a.m.k. 6 kg dufttækis.

4.1.2 Slökkvitæki skal vera af viðurkenndri gerð fyrir A, B og C brunaflokka.

4.2 Slökkvitæki skal komið fyrir í þeim festingum sem því er ætlað.

4.3 Á slökkvitæki skulu vera leiðbeiningar á íslensku um notkun þess.

4.4 Slökkvitæki skal vera með innan við ársgamla vottun frá viðurkenndri slökkvitækjaþónustu um að slökkvitækið sé í lagi.

32. gr.
Búnaður fyrir farm.

Engin viðbótarákvæði.

33. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda um hópbifreiðir sem skráðar verða, viðurkenndar eða teknar í notkun í fyrsta sinn 1. mars 1993 eða síðar, nema annað sé ákveðið.

Jafnframt falla úr gildi sérreglur um stórar fólksbifreiðir í 19. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja o.fl., nr. 51 15. maí 1964. Ákvæðin gilda þó áfram um hópbifreiðir sem eru skráðar, viðurkenndar eða teknar í notkun fyrir 1. mars 1993, nema annað leiði af ákvæðum þessarar reglugerðar.

Heimilt er nú þegar að búa hópbifreiðir í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur Walter Stefánsson.

Nr. 387 23. október 1992

REGLUGERÐ

um jöfnunarálag á innflutt hús og húshluta.

1. gr.

Við innflutning á forsmíðuðum byggingum og sérstaklega tilsniðnum byggingarhlutum skal greiða í ríkissjóð jöfnunarálag í tveimur gjaldflokkum, af vörum sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer í viðauka I við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum:

A. Af vörum í tnr. 4418.9001, 6810.9100, 7308.9001, 7610.9002 og 9406.0009 greiðist 10% gjald.

B. Af vörum í tnr. 3925.2011, 3925.2021, 4418.1001, 4418.2011, 4418.2021, 7308.3011, 7308.3021, 7610.1011, 7610.1021 og 9406.0001 greiðist 5% gjald.

Jöfnunarálag skal lagt á tollverð álagsskyldra vara eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 8.–10. gr. tollalaga nr. 55/1987.

2. gr.

Jöfnunarálag skal innheimt með aðflutningsgjöldum við tollafgreiðslu álagsskyldra vara og skal gerð grein fyrir því í reit 40 í aðflutningsskýrslu.

3. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um úrskurð um flokkun til álagsskyldu, álagningu, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, veð, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi jöfnunarálag af innfluttum álagsskyldum vörum samkvæmt 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga nr. 55/1987 með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. tollalaga nr. 55/1987 öðlast gildi þegar í stað og tekur til vara sem ekki hafa verið tollafgreiddar fyrir gildistökuna. Frá sama tíma fellur niður reglugerð nr. 289/1988 og reglugerð nr. 532/1988 um breytingu á henni.

Fjármálaráðuneytið, 23. október 1992.

Friðrik Sophusson.

Jón H. Steingrímsson.

30. október 1992 Nr. 388

GJALDSKRÁ

Selfossveitna bs.

Raforka.

I. Gjaldskrárliðir vegna orkusölu.

Selfossveitur bs. selja rafmagn á orkuveitusvæðum Rafveitu Eyrarbakka, Rafveitu Selfoss og Rafveitu Stokkseyrar á þann hátt og við því verði sem hér segir:

		Án VSK	Með VSK
A.1	Almenn notkun	6.30 kr/kWst	7.84 kr/kWst
A.2	Vinnuvélar, vinnuljós, o.þ.h.	9.98 kr/kWst	12.42 kr/kWst
A.3	Utanhússlýsing	29.956.50 kr/kW/ár	37.295.84 kr/kW/ár
A.4	Sumarhús	4.12 kr/kWst	5.13 kr/kWst
B.1	Iðnaður; rafvélar o.þ.h.		
	– orkugjald	2.15 kr/kWst	2.68 kr/kWst
	– aflgjald	9.471.00 kr/kW/ár	11.791.40 kr/kW/ár
C.1	Rofin hitun; roftími 1 x 60 mín.	5.25 kr/kWst	6.54 kr/kWst
C.2	Rofin hitun; roftími 2 x 90 mín.	2.10 kr/kWst	2.61 kr/kWst
C.3	Næturhitun; roftími allt að 12 klst	2.10 kr/kWst	2.61 kr/kWst
D.1	Hitun í iðnaði		
	– næturtaxti 20:00–08:00	2.10 kr/kWst	2.61 kr/kWst
	– dagtaxti 08:00–20:00	6.83 kr/kWst	8.50 kr/kWst
D.2	Húshitun; niðurgreidd	1.40 kr/kWst	1.74 kr/kWst

Auk ofangreindra orku- og/eða aflgjalda greiðir notandi mælagjald samkvæmt töflu hér á eftir.

II. Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

1. Aflgjaldsmæling (B.1)

Gjaldskrártaxti B.1 tekur til allrar notkunar viðkomandi húsveitu og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1 veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald skal ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur skal fara fram í lok hvers mánaðar.

Lámarksaflgjald er miðað við 15 kW. Heimilt er að veita notanda með lægra meðalgildi en 15 kW að kaupa rafmagn skv. B.1 enda greiði hann þá lámarksaflgjaldið.

2. Hitun.

Minnsta árgjald skal vera sem svarar til 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja. Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a. að aflnotkun (álag) sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunar.
b. að raftaugar nærliggjandi dreifikerfis og rafspennir þoli álagið.
c. að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði af honum leigugjald samkvæmt gjaldskrá (sjá töflu um mælagjald).
d. að hitunartæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar m.a. að ofnar og önnur hitunartæki séu fasttengd.

3. Launafl.

Fasviksstuðull hjá notanda skal að jafnaði ekki vera lægri en 0,9. Heimilt er að krefja notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sem nemur meira en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjald þetta skal nema hálfu aflgjaldi sbr. B.1.

4. Takmarkanir.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, er heimilt að takmarka val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gera sérstakan afhendingarsamning. Þar sem flutningsgeta dreifikerfishluta (taugar og/eða spennar) er takmarkað, áskilja Selfossveitur bs. sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð eða húsnæði undir stöðina, veitunni að kostnaðarlausu. Viðkomandi notandi skal í öllu hlíta skilmálum veitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar, staðsetningu stöðvar og frágang innan stöðvar og í nánasta umhverfi hennar.

III. Mælagjöld o.fl.

Selfossveitur bs. ákvarða stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja húsveitu. Notandinn skal greiða mælagjald fyrir hvert mælitæki sem hér segir:

	Án VSK	Með VSK
Orkumælir; einfasa	2.966 kr/ár	3.693 kr/ár
Orkumælir; þrífasa	6.526 kr/ár	8.125 kr/ár
Orkumælir; þrífasa með straumspennum	7.296 kr/ár	9.084 kr/ár
Orkumælir fyrir sumarhús	13.560 kr/ár	16.882 kr/ár
Aflmælir	7.258 kr/ár	9.036 kr/ár
Aflmælir með straumspennum	8.065 kr/ár	10.041 kr/ár
Tvígjaldsmælir	7.294 kr/ár	9.081 kr/ár
Klukka	635 kr/ár	791 kr/ár

IV. Heimtaugargjöld.

Veitustjóri ákvarðar stærð og gerð heimtauga og/eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfið. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.

Málstraumur heimtauga miðast við stærð stofnvara húsveitu og/eða áætlaða hámarks straumáraun viðkomandi húsveitu.

Yfirlengd varanlegrar heimtaugar miðast við jarðstrengstaug lengri en 10 m og loftlínutaug lengri en 15 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa

eða stofntengikassa húsveitu. Taka skal tillit til aðstæðna í hverju tilviki. Yfirlengdargjald skal greitt skv. viðeigandi töflu.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi stofntaug að vinnustað skal greitt yfirlengdargjald skv. töflu þar um.

Leita skal samþykkis veitunnar um staðsetningu inntaks heimtaugar.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annara aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.

Heimtaugargjöldin gilda fyrir skipulögð hverfi. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Varanleg heimtaug

Málstraumur	Stofngjald Án VSK	Með VSK
1x63 A	52.107 kr	64.873 kr
3x63 A	56.450 kr	70.280 kr
3x100 A	89.589 kr	111.538 kr
3x200 A	177.128 kr	220.524 kr
3x315 A	281.132 kr	350.009 kr
3x400 A	358.814 kr	446.723 kr
3x710 A	637.641 kr	793.863 kr
3x1200 A	1.071.877 kr	1.344.487 kr

Bráðabirgðaheimtaug

Málstraumur	Stofngjald	
1x63 A	14.082 kr	17.532 kr
3x63 A	18.991 kr	23.644 kr
3x100 A	24.211 kr	30.143 kr

Yfirlengdargjald

Málstraumur		
1x63 A	247 kr/m	307 kr/m
3x63 A	277 kr/m	345 kr/m
3x100 A	308 kr/m	383 kr/m

V. Önnur gjöld og ákvæði.

Gjald fyrir greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúningi á lokun	450kr	560 kr
Gjald fyrir enduropnun húsveitu	1.365 kr	1.699 kr
Aukaálestur	546 kr	680 kr

Selfossveitur bs. hafa rétt til að stöðva orkuafhendingu úr veitukerfi að húsveitu, hafi notandi viðkomandi húsveitu vanrækt að greiða orkugjöld samkvæmt reikningi þar um. Fyrirætlun um stöðvun orkuafhendingar ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur samkvæmt taxta þar um.

Selfossveitum bs. er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða honum gerð grein fyrir beitingu þeirra á annan hátt.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis fyrir Rafveitu

Selfoss, nr. 510 frá 23. okt. 1991 og gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, nr. 503 frá 29. október 1991, og Rafveitu Stokkseyrar, nr. 555 frá 19. nóvember 1991, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 30. október 1992.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 389 30. október 1992

GJALDSKRÁ

Selfossveitna bs.

Afnot af heitu vatni.

I. Heitt vatn.

Selfossveitur bs. selja afnot af heitu vatni á veitusvæðum Hitaveitu Eyra og Hitaveitu Selfoss á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Á veitusvæði Hitaveitu Eyra:	Án VSK	Með VSK
HE.1 Heitt vatn um rennslismæli	64.47 kr/m³	80.27 kr/m³
Á veitusvæði Hitaveitu Selfoss:		
HS.1 Heitt vatn um rennslismæli	40.85 kr/m³	50.85 kr/m³
HS.2 Heitt vatn um vatnsskammtara	11.203.50 kr/mín.l.	13.948.36 kr/mín.l.

Minnsta magn vatns um vatnsskammtara sé:
Fyrir íbúðar- verslunar- og skrifstofuhúsnæði: 0,8 mín.l./100 m³
Fyrir iðnaðarhúsnæði: 0,5 mín.l./100 m³

H.2 Heitt vatn til almenningssundlauga í eigu sveitarfélaga:

Sumar; 01.05–30.09:	20.45 kr/m³
Vetur; 01.10–30.04:	24.51 kr/m³

Ef vatnsmælir bilar, er Selfossveitum bs. heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II.Mælagjald.

Selfossveitur bs. ákvarða stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina skal innheimta fast gjald, mælagjald, fyrir hvern mæli/vatnsskammtara. Mælagjaldið skal innheimt mánaðarlega ásamt gjaldi fyrir afnot af heita vatninu. Mælagjaldið er eftirfarandi:

Á veitusvæði Hitaveitu Eyra	Án VSK	Með VSK
Fyrir mæla allt að ¾"	7.973.28 kr/ár	9.926.73 kr/ár
Fyrir mæla frá 1" að 2"	15.926.40 kr/ár	19.828.37 kr/ár
Á veitusvæði Hitaveitu Selfoss		
Fyrir mæla allt að ¾"	5.365.50 kr/ár	6.680.05 kr/ár
Fyrir mæla frá 1" að 2"	7.542.15 kr/ár	9.389.98 kr/ár

III. Ýmis ákvæði.

Hitaveitugjöld skv. I. og II. verða krafin mánaðarlega samkvæmt áætlun. Við gerð áætlunar um vatnsnotkun skal stuðst við sannreynda notkun ársins á undan. Í desember ár hvert skal lesið af mælum og á grundvelli þess álestrar gera upp við sérhvern notanda.

Veitustjóri getur heimilað notanda að senda inn eigin álestur á áætlunartímabilinu.

Starfsmönnum Selfossveitna bs. skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við dreifikerfi hitaveitu.

Selfossveitur bs. hafa rétt til að stöðva orkuafhendingu úr veitukerfi að húsveitu, hafi notandi viðkomandi húsveitu vanrækt að greiða orkugjöld samkvæmt reikningi þar um. Fyrirætlun um stöðvun orkuafhendingar ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur samkvæmt taxta þar um.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

IV. Heimæðargjald.

Heimæðargjöld skal reikna af öllu húsrými (heildarrúmmál bygginga) á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Heimæðargjald, miðað við tiltekið rúmmál húsa, er sem hér segir:

	Án VSK	Með VSK
Allt að 400 rúmmetrum (m^3)	64.448.00 kr	80.237.76 kr
hver m^3 yfir 400 að 2000 m^3	55.13 kr/m^3	68.64 kr/m^3
Fyrir 2000 m^3	151.473.00 kr	188.583.89 kr
hver m^3 þar yfir	45.68 kr/m^3	56.87 kr/m^3

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir húsveitu við veitukerfið. Heimæðargjaldið skal vera greitt áður en tenging fer fram.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengt við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta. Aukagjaldið er eftirfarandi:

Gjald fyrir aukamæli	12.516.00 kr/mæli	15.582.42 kr/mæli

V. Önnur gjöld og ákvæði.

Gjald fyrir greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun	450.00 kr	560.00 kr
Gjald fyrir enduropnun húsveitu	1.365.00 kr	1.699.00 kr
Aukaálestur	546.00 kr	680.00 kr
Skiptigjald, úr vatnsskammtara í mæli	2.047.50 kr	2.549.14 kr

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Selfossveitum bs. er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna reikninga fyrir afnot af vatni eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda, eða honum gerð grein fyrir beitingu þeirra á annan hátt.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 59 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. október 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Hitaveitu Eyra, nr. 360 frá 26. júlí 1991, og gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, nr. 572 dagsett 3. desember 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 30. október 1992.

F.h.r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem eru notaðar til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 16. gr. orðist svo:

Óski leyfishafi eftir lengri undanþágu fjallar umsjónarnefnd um mál hans og getur hún veitt allt að tólf mánaða undanþágu til viðbótar. Umsjónarnefnd er þó heimilt að veita allt að þrjátíu mánaða undanþágu þar að auki vegna alvarlegra og langvarandi veikinda leyfishafa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. nóvember 1992.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 391 23. október 1992

AUGLÝSING

um umferð í Garðabæ.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 81. gr. laga nr. 50/1987, og að fenginni tillögu bæjarstjórnarinnar í Garðabæ hefur verið ákveðið að hámarkshraði á Bæjarbraut frá Arnarnesvegi að Karlabraut verði 50 km/klst.

Breytingin tekur gildi 15. nóvember 1992.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði, 23. október 1992.

Guðmundur Sophusson.

Nr. 392 4. nóvember 1992

AUGLÝSING

um (3.) breytingu á gjaldskrá fyrir dýralækna.

Ákveðin hefur verið 1,80% hækkun á gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 204 25. apríl 1990, sbr. breytingu með auglýsingu nr. 223 21. maí 1991 og 371 1. ágúst 1991.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1992.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 63 - 1992

30. október 1992 781 Nr. 393

REGLUGERÐ

um hleðslu, frágang og merkingu á farmi.

Skilgreining.

1. gr.

Farmur í skilningi reglugerðar þessarar er það sem ökutæki er lestað með og ekki er varanlega fest við það. Þegar farmur hefur verið losaður af ökutæki er þyngd þess hin sama og eigin þyngd.

Hleðsla og frágangur á farmi.

2. gr.

Á eða í ökutæki má eigi flytja eldfimt efni, t.d. eldsneyti eða efni sem hætta er á að springi, nema efnið eða umbúðir þess sé merkt sem slíkt, að það sé í umbúðum sem ætlaðar eru til að flytja slíka vöru og að frá því sé gengið þannig að ekki stafi hætta af flutningnum.

3. gr.

Farm má því aðeins flytja á þaki ökutækis að hann sé festur tryggilega á þakgrind eða annars konar þakfestingar.

4. gr.

Farmi skal þannig fyrir komið að hann hvíli hlutfallslega sem réttast á ásum ökutækis og sem jafnast á hjólum sama áss. Á ökutæki með stýrð hjól skal a.m.k. 20% af heildarþyngd ökutækisins hvíla á stýrðu hjólunum og a.m.k. 25% á drifhjólum.

Tímabundin lenging á yfirbyggingu ökutækis vegna fjárflutninga má aldrei vera meiri en 1,3 m aftur fyrir samþykktan vöruflutningapall.

5. gr.

Farmur skal vera tryggilega festur og þakinn ef með þarf. Gámur skal festur með þar til gerðum festingum. Keðjur, tó og annar búnaður til að festa með farm skal vera traustur og má ekki hanga laus utan á ökutækinu eða dragast eftir vegi.

6. gr.

Þegar fluttur er laus farmur, t.d. jarðefni eða grjót, skal farmi þannig fyrir komið og um hann búið að ekki sé hætta á að hann falli af ökutækinu við snögga hraða- eða stefnubreytingu.

Merking á farmi.

7. gr.

Farmur sem nær meira en 100 sm aftur fyrir ökutæki skal aftast á ystu brúnum auðkenndur með a.m.k. einu merki sem er a.m.k. 50 sm á hæð og a.m.k. 25 sm á breidd með u.þ.b. 5 sm breiðum gulum og rauðum röndum með endurskini. Í myrkri og skertu skyggni

B 54
Steindórsprent Gutenberg hf.

skal farmur auk þess á sama hátt auðkenndur með a.m.k. einu rauðu ljósi sem sést aftan frá og frá báðum hliðum.

Farmur sem nær meira en 100 sm fram fyrir ökutæki skal fremst á ystu brúnum auðkenndur með a.m.k. einu merki, sbr. 1. mgr. Í myrkri og skertu skyggni skal farmur auk þess á sama hátt auðkenndur með a.m.k. einu hvítu ljósi sem sést framan frá og frá báðum hliðum.

Farmur sem nær meira en 20 sm til hliðar út fyrir ökutæki og farmur sem er breiðari en 2,55 m skal auðkenndur með a.m.k. einu merki, sbr. 1. mgr. Í myrkri eða skertu skyggni skal farmur auk þess auðkenndur með a.m.k. einu hvítu ljósi sem lýsir fram og a.m.k. einu rauðu ljósi sem lýsir aftur. Merki og ljósker skulu vera yst á farminum og beggja megin ef hann stendur út af báðum hliðum ökutækisins. Merking skal alltaf vera vel sýnileg, bæði framan frá og aftan frá.

Lýsandi flötur hvers ljóskers skal vera a.m.k. 30 sm^2. Ljósið má ekki valda glýju, en það skal sjást í a.m.k. 150 m fjarlægð. Hæð frá akbraut að neðri brún lýsandi flatar ljóskers skal ekki vera meiri en 2 m.

Lenging á palli fjárflutningabifreiðar skal búin samskonar ljóskerum og glitaugum og krafist er aftan á vörubifreið.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 73. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, og öðlast gildi 1. desember 1992. Jafnframt fellur úr gildi 22. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja o.fl., nr. 51 15. maí 1964.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 394 30. október 1992

REGLUR

um tengingu og drátt ökutækja.

Tenging ökutækja.

1. gr.

Eftirvagn eða tengitæki má því aðeins tengja við bifreið sem ekið er í almennri umferð að hún hafi verið skráð til þess að draga eftirvagn.

2. gr.

Eftirvagn eða tengitæki má því aðeins tengja við vélknúið ökutæki að tengibúnaður þess sé af gerð og stærð sem ætluð er fyrir ökutækið sem er dregið.

3. gr.

Eftirvagn eða tengitæki má því aðeins tengja við ökutæki að ökutækið sem dregið er sé búið ljóskerum og glitaugum, svo sem kveðið er á um í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

Skyggi ökutæki (eftirvagn eða tengitæki) sem ekki er skráð á skráningarmerki bifreiðar sem það er tengt við skal vera skráningarmerki á ökutækinu sem er dregið.

Dráttur ökutækja.

4. gr.

Ef dráttarbúnaður er taug eða stöng má fjarlægð milli ökutækis sem dregur og ökutækis sem dregið er ekki vera meiri en 5 metrar. Sé bilið meira en 3 metrar skal merkja dráttarbúnað í miðju með rauðri eða gulri veifu.

5. gr.

Þegar ökutæki er dregið af öðru ökutæki með stöng eða öðrum viðurkenndum björgunarbúnaði má ekki aka hraðar en 50 km á klst., en ef dregið er með taug má ekki aka hraðar en 30 km á klst.

6. gr.

Ökutæki má ekki nota til að draga eftirvagn, tengitæki eða annað ökutæki á meiri hraða en ökutækin, hvert um sig, eru hönnuð fyrir.

Á ökutækinu sem er dregið skulu lögboðin ljós vera tendruð. Heimilt er að nota aðeins stöðuljós á bifreið, dráttarvél eða vinnuvél sem er dregin.

7. gr.

Skráð ökutæki sem ekið er í almennri umferð má ekki nota til að draga þyngra ökutæki en það er skráð til að draga. Ökutæki sem ekki er skráningarskylt má við sömu aðstæður ekki nota til að draga þyngra ökutæki en framleiðandi ábyrgist.

Ennfremur gildir:

a. Bifreið með leyfða heildarþyngd 3500 kg eða minna má ekki nota til að draga eftirvagn, tengitæki eða annað ökutæki sem hefur meiri heildarþyngd en nemur helmingi af eigin þyngd bifreiðarinnar ef ökutækið sem dregið er er ekki búið akstursheml. Þetta á þó ekki við um viðurkennda björgunarbifreið sem hefur leyfi til að flytja þyngra ökutæki.
b. Dráttarvél má ekki nota til að draga eftirvagn/eftirvagna eða tengitæki ef minna en 50% af samanlagðri heildarþyngd ökutækjanna hvílir á hjólum með akstursheml.a.

Gildistaka.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 62. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, og öðlast gildi 1. desember 1992. Jafnframt falla úr gildi ákvæði A, C og D hluta VII. kafla reglugerðar um gerð og búnað ökutækja o.fl., nr. 51 15. maí 1964.

Til 31. desember 1993 er heimilt að tengja eftirvagn eða tengitæki við tengibúnað bifreiðar þótt bifreiðin sé ekki skráð til að draga ökutæki, enda hafi tengibúnaðurinn verið festur við bifreiðina fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

27. október 1992 Nr. 395

REGLUGERÐ

um lyfjatæknanám.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið starfrækir við framhaldsskóla nám í lyfjatækni á lyfjatæknabraut.

2. gr.

Markmið lyfjatæknabrautar er að sérmennta fólk til starfa við afgreiðslu, sölu og dreifingu lyfja.

3. gr.

Skólameistari framhaldsskólans sem býður fram þetta nám ræður kennslustjóra að höfðu samráði við fagráð (sjá 4. gr.) til allt að þriggja ára í senn og skal hann vera lyfjafræðingur.

Kennslustjóri skal m.a.:

— hafa umsjón með skipulagningu og kennslu á brautinni og mati á námi og kennslu.
— gera áætlanir um rekstur og tækjabúnað og hafa umsjón með því að vel sé farið með efni og búnað og að aðstaða sé vel nýtt.
— leiðbeina kennurum er starfa á brautinni, samhæfa störf þeirra og hlutast til um samstarf þeirra á milli.
— sjá um skráningu upplýsinga um nemendur er innritast á brautina, mat á námi frá öðrum skólum, færslu námsferilsskrá og miðlun slíkra upplýsinga til kennara og fagráðs.
— hafa umsjón með fjarvistarskráningu.
— hafa umsjón með gerð stundaskrár, prófstjórn og úrvinnslu einkunna.
— gera tillögur að námsskrá.
— hafa umsjón með þróunarstarfi á brautinni.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar fagráð við brautina. Í fagráði skulu sitja 5 fulltrúar skipaðir sem hér segir: Einn skipaður af ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður, einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, einn tilnefndur af Apótekarafélagi Íslands, einn tilnefndur af Lyfjatæknifélagi Íslands og einn tilnefndur af nemendum brautarinnar.

Fagráð skal skipað til þriggja ára í senn. Fulltrúi nemenda skal þó kosinn til eins árs. Kennslustjóri hefur áheyrnarrétt og tillögurétt á fundum ráðsins.

Verkefni fagráðs er m.a.:

— fylgjast með þróun lyfjatæknigreinarinnar og gera tillögur um menntun í samræmi við hana.
— veita umsögn um búnað og aðstöðu til kennslu í greininni.
— veita umsögn um tillögur að námskrá.
— gera tillögur að reglum um framkvæmd námssamninga.
— gera tillögur um skipulag kennslueftirlits.
— gera tillögu til skólameistara um ráðningu kennslustjóra.
— gera tillögur um endurmenntun lyfjatækna.

5. gr.

Nemendur sem lokið hafa aðfaranámi fyrir lyfjatæknabraut eða sambærilegu námi að mati skólans eiga rétt á að hefja nám á brautinni. Um innritun gilda að öðru leyti almennar reglur framhaldsskólans nema sakavottorð skal fylgja umsókn.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. laga um lyfjadreifingu, 21. maí 1982 með síðari breytingum og 2. gr. laga um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta nr. 24, 28. maí 1985. Reglugerðin tekur þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. október 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Sólrún Jensdóttir.

MENGUNARVARNAREGLUGERÐ

1. KAFLI
Gildissvið.

1.1. Reglugerð þessi nær til allrar mengunar ytra umhverfis, svo og til allrar starfsemi og framkvæmda sem haft geta í för með sér slíka mengun. Undanþegin er þó starfsemi og framkvæmd sem fellur undir lög um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986, reglur um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu nr. 8/1971, reglur um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar nr. 560/1982, reglugerð um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun nr. 356/1986 og lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum nr. 46/1981.

2. KAFLI
Skilgreiningar.

2.1. Með *ytra umhverfi* er átt við allt land, lög og loft utandyra og utan vinnustaða.

2.2. Með *fráveituvatni* er átt við vatn sem veitt er í fráveitur. Fráveituvatn getur verið skólp, ofanvatn, vatn frá upphitunarkerfum húsa og fleira.

2.3. Með *fráveitu* er átt við opnar eða lokaðar leiðslur sem flytja fráveituvatn í ár, vötn, sjó eða jörð. Búnaður til meðhöndlunar fráveituvatns telst hluti fráveitu.

2.4. Með *ofanvatni* er átt við regnvatn og leysingavatn sem rennur í fráveitur af húsþökum, götum, gangstéttum og öðru þéttu yfirborði.

2.5. Með *skólpi* er átt við húsaskólp og iðnaðarskólp eða blöndu af hvoru tveggja. Húsaskólp er fráveituvatn frá híbýlum manna, skrifstofum, veitingahúsum, skólum og öðru þvílíku. Iðnaðarskólp er fráveituvatn frá iðnaðar- og framleiðslustarfsemi.

2.6. Með *grófhreinsun* er átt við hreinsun fastra hluta úr fráveituvatni með rist eða öðrum búnaði til að koma í veg fyrir sjónmengun. Stærð ristaropa skal ekki vera meiri en 20 mm.

2.7. Með *siturleiðslu* er átt við gataða leiðslu sem lögð er í jörðu til að dreifa fráveituvatni út í jarðveg.

2.8. Með *sigvatni* er átt við mengað vatn sem kemur frá hvers konar starfsemi og ekki er leitt í fráveitu. Enn fremur vatn sem rennur frá úrgangi eða gegnum hann.

2.9. Með *einni persónueiningu* er átt við þau lífrænu efni og næringarsölt sem einn einstaklingur skilar að meðaltali frá sér á sólarhring, eða jafngildi þeirra.

2.10. Helstu gerðir úrgangs eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

2.10.1. *Sorp* (neysluúrgangur).
Leifar, rusl og umbúðir sem til falla við heimilishald. Einnig úrgangur sem til fellur við aðra starfsemi og hefur svipaða eiginleika.

2.10.2. *Framleiðsluúrgangur.*
Úrgangur sem til fellur við framleiðslu verslun og þjónustu, svo sem pappír, timbur, gler o. fl.

2.10.3. *Salernisúrgangur.*
Allur úrgangur frá þurr- eða vatnssparandi salernum sem ekki eru tengd við fráveitu.

2.10.4. *Ristarúrgangur.*
Úrgangur sem til fellur við grófhreinsun á fráveituvatni.

2.10.5. *Seyra.*
Fastur úrgangur úr fráveituvatni annar en ristarúrgangur.

2.10.6. *Sérstakur úrgangur.*
Úrgangur sem ekki verður meðhöndlaður á sama hátt og sorp, framleiðsluúrgangur eða salernisúrgangur vegna umfangs, eðlis, eða vegna þess að hann getur valdið alvarlegri mengun og/eða haft í för með sér hættu fyrir lífverur. Spilliefni (hættulegur efnaúrgangur) samkvæmt Viðauka 4 flokkast undir sérstakan úrgang.

2.11. Með *ruslabiðu* er átt við ílát sem komið er fyrir á almannafæri í því skyni að auðvelda fólki að losa sig við rusl og þess háttar.

2.12. Með *sorpíláti* er átt við ílát sem sorpi er safnað í og sem er síðan flutt í eða losað úr til brottflutnings til sorpmóttökustöðvar.

2.13. Með *móttökustöð* er átt við stað og aðstöðu þar sem tekið er við úrgangi til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar, annarrar meðhöndlunar eða förgunar.

2.14. Með *úttektarrannsókn* er átt við viðamikla rannsókn eða langtímamælingu, venjulega bundna við stærra svæði, svo sem landsvæði, borg eða borgarhluta, eða rannsókn á yfirgripsmiklum þáttum mengunar, svo sem frá farartækjum, eða rannsókn á mengun er berst frá öðrum löndum.

2.15. Með *eftirlitsmælingu* er átt við stakar mælingar sem framkvæmdar eru samkvæmt fyrirmælum í starfsleyfum sbr. 8. kafla, eða í þeim tilgangi að kanna hvort settum reglum og viðmiðunarmörkum sé fylgt.

2.16. Með *strandsvæði* er átt við fjöruna ásamt 250 metra breiðu svæði út frá stórstraumsfjörumörkum.

2.17. Með *viðtaka* er átt við það svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.

2.18. Með *þynningarsvæði* er átt við þann hluta í viðtaka, þar sem eftirlitsaðilar með reglugerð þessari samþykkja að mengun megi vera yfir viðmiðunarmörkum.

3. KAFLI
Eftirlit.

3.1. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar undir yfirumsjón mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins annast eftirlit með þeim atvinnurekstri sem upp er talinn í Viðauka 7.

3.2. Eftirlitið nær til lofts, láðs og lagar, svo og búnaðar og allra aðstæðna sem valdið geta mengun. Eftirlitið felst í að framfylgja ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfa.

3.3. Eftirlitsaðili skal með fræðslu, leiðbeiningum og upplýsingum stuðla að aðgerðum sem miða að því að hindra og/eða takmarka mengun.

3.4. Eftirlitsaðila skal veittur aðgangur, þegar óskað er, að starfsleyfisskyldri og/eða eftirlitsskyldri starfsemi að svæðum og mannvirkjum þar sem mengunarhætta er til staðar, svo og að búnaði og tækjum sem geta valdið mengun. Eftirlitsaðila skulu veittar allar upplýsingar sem hann álítur nauðsynlegar vegna eftirlitsins.

3.5. Eftirlit með starfsleyfisskyldum atvinnurekstri.

3.5.1. Eftirlit skal vera reglubundið, sbr. grein 3.5.2. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins sjá um eftirlit með atvinnurekstri og starfsemi sem upp er talin í Viðauka 7. Heilbrigðisnefndir sjá um eftirlit með atvinnurekstri og starfsemi sem upp er talin í Viðauka 8. Reglubundið eftirlit með starfsleyfisskyldum atvinnurekstri og starfsemi skiptist í 5 flokka eins og fram kemur í Viðauka 9.

3.5.2. Lágmarkstíðni reglubundinna mælinga og eftirlits.

Flokkun sbr. Viðauka 9	Tímabil milli skoðana	Mengunarmælingar
1.	6 mánuðir	Þriðja hvert ár
2.	12 mánuðir	Fimmta hvert ár
3.	12 mánuðir	Tíunda hvert ár
4.	24 mánuðir	Aldrei
5.	Samkvæmt ákvörðun eftirlitsaðila	Aldrei

3.5.3. Komi ítrekað fram við eftirlit að ekki sé fylgt ákvæðum laga, reglugerða eða starfsleyfis er eftirlitsaðila heimilt að flytja viðkomandi fyrirtæki upp um einn flokk, sbr. grein 3.5.2. Leiði eftirlitið í ljós að fyrirtækið starfi ávallt samkvæmt gildandi ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfis og að mengunarvarnir séu fullnægjandi er eftirlitsaðila heimilt að flytja fyrirtækið niður um einn flokk, sbr. grein 3.5.2.

3.6. Fyrirtæki, sem upp eru talin í Viðaukum 7 og 8, greiða árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra staðfestir að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins vegna fyrirtækja í Viðauka 7 og hlutaðeigandi svæðisnefndar um heilbrigðiseftirlit vegna fyrirtækja í Viðauka 8. Gjaldið skal standa straum af kostnaði við eftirlitið.

3.7. Komi að mati eftirlitsaðila, í ljós veruleg frávik frá ákvæðum starfsleyfis, laga eða reglugerða við eftirlit, getur eftirlitsaðili krafist úttektar á kostnað hlutaðeigandi fyrirtækis. Ágreiningi um nauðsyn slíkrar úttektar og/eða um kostnað er heimilt að vísa til stjórnar Hollustuverndar ríkisins, eigi heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna í hlut. Eigi Hollustuvernd ríkisins hins vegar hlut að máli er heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar sem starfar sbr. 30. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988.

3.8. Heilbrigðisnefnd skal árlega skila til Hollustuverndar ríkisins yfirliti yfir framkvæmd og niðurstöður eftirlits með þeim atvinnurekstri sem upp er talinn í Viðauka 8. Upplýsingum skal skila á þar til gerðum eyðublöðum, sem Hollustuvernd ríkisins leggur til. Á sama hátt skal Hollustuvernd ríkisins senda hlutaðeigandi heilbrigðiseftirliti niðurstöður og túlkun allra mengunarmælinga hjá atvinnurekstri sem fellur undir Viðauka 7 á viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæði. Geri Hollustuvernd ríkisins skriflega kröfur um úrbætur, ber að senda afrit bréfsins til viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

3.9. Með sérstöku samkomulagi við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir, sem ráðherra staðfestir, geta mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins tekið að sér að sinna hluta eftirlits með starfsemi fyrirtækja sem talin eru upp í Viðauka 8.
Á sama hátt getur heilbrigðisnefnd tekið að sér að sinna hluta eftirlits með starfsemi fyrirtækja sem talin eru upp í Viðauka 7.
Ábyrgð á eftirlitinu hvílir eftir sem áður hjá þeim aðila sem skal annast það samkvæmt flokkun í Viðaukum 7 og 8.

4. KAFLI
Varnir gegn vatnsmengun.

4.1. Eigandi fráveitu skal farga fráveituvatni á þann hátt að heilsu manna stafi ekki hætta af, að röskun á lífríki og umhverfi verði sem minnst og að öðru leyti skal förgunin vera í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

4.2. *Nýjar og endurbættar fráveitur.*

4.2.1. Heilbrigðisnefnd veitir samþykki fyrir nýjum og endurbættum fráveitum.

4.2.2. Sveitarstjórn skal senda áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar.

4.2.3. Í áætlun skulu m. a. koma fram upplýsingar um:
1. Svæðið sem fráveituvatni er veitt frá og að hve miklu leyti fráveitan kemur í stað eldri fráveita.
2. Fyrirhugað magn fráveituvatns, annars vegar frá íbúðabyggð og hins vegar frá iðnaðarsvæðum, svo og um hvers konar iðnað er að ræða.
3. Fyrirhugaða hreinsun fráveituvatns, þ. á m. sérstaka hreinsun á fráveituvatni frá iðnaði.
4. Fyrirhugaðan viðtaka fráveituvatnsins og með hvaða hætti fyrirhugað er að leiða út í viðtakann.
5. Áætluð áhrif á viðtakann af völdum fráveituvatnsins.
6. Fyrirhugaða meðhöndlun ristarúrgangs og seyru frá hreinsivirkjum og fyrirhugaðan móttökustað.
7. Hvenær áætlað er að fráveitan verði tekin í notkun.

4.2.4. Heilbrigðisnefnd skal fá umsögn frá og hafa náið samráð við Hollustuvernd ríkisins áður en samþykki er veitt fyrir fráveitum, sem flytja meiri mengunarefni en nemur 100 persónueiningum til ferskvatns eða 1000 persónueiningum til sjávar.
Ef leitt er frá tveimur eða fleiri fráveitum út í viðtaka innan sama þynningarsvæðis skoðast það sem ein fráveita.

4.3. *Varnir gegn mengun í ám og vötnum.*

4.3.1. Sveitarstjórnir og skipulagsyfirvöld skulu, við gerð svæða- og aðalskipulags í samráði við heilbrigðisnefnd, Náttúruverndarráð og Hollustuvernd ríkisins, flokka vatnasvæði í eftirfarandi flokka vegna varna gegn vatnsmengun.
Flokkur I. Svæði sem hafa sérstaka þýðingu vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar.
Flokkur II. Vötn, ár og lækir sem nýta má til afrennslis.

4.3.2. Bannað er að leiða skólp í ár og vötn sem talin eru í flokki I í lið 4.3.1.

4.3.3. Heilbrigðisnefnd getur, þegar um er að ræða starfsemi sem ekki er starfsleyfisskyld samkvæmt Viðauka 7, veitt tímabundna undanþágu frá banni samkvæmt 4.3.2., ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til og að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins.

4.3.4. Umsókn um undanþágu frá 4.3.2., ásamt niðurstöðum rannsókna og/eða útreikninga, sem sýna væntanleg umhverfisáhrif, skal senda til heilbrigðisnefndar.

4.3.5. Fráveituvatn einstakra íbúðarhúsa, eða sumarbústaða, er undanþegið rannsóknarskyldu enda sé það leitt um rotþró og siturleiðslu samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Aðeins má nota rotþrær sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt.

4.3.6. Allt húsaskólp skal leitt um rotþró, eða annan búnað sem hreinsar a. m. k. jafn vel, áður en það er leitt í ár og vötn.

4.3.7. Virkni hreinsibúnaðar á fráveituvatn og dreifing í umhverfinu skal á hverjum tíma vera þannig að mengun í ám og vötnum utan þynningarsvæða sé innan þeirra viðmiðunarmarka, sem fram koma í Viðauka 1 með reglugerð þessari.

4.3.8. Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, breytt viðmiðunarmörkum fyrir hámarksmengun af völdum þeirra efna sem upp eru talin í Viðauka 1 og fellt út eða bætt við efnum í þá viðaukaskrá.

4.4. *Varnir gegn mengun grunnvatns.*

4.4.1. Bannað er að menga grunnvatn með fráveituvatni og sigvatni.

4.4.2. Heilbrigðisnefnd getur, þegar um er að ræða starfsemi sem ekki er starfsleyfisskyld samkvæmt Viðauka 7 og að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, þegar um stærri fráveitur er að ræða, veitt tímabundna undanþágu frá banni samkvæmt 4.4.1.

4.4.3. Umsókn um undanþágu frá 4.4.1., ásamt niðurstöðum rannsókna og/eða útreikninga sem sýna væntanleg umhverfisáhrif, skal senda til heilbrigðisnefndar.

4.4.4. Fráveituvatn einstakra sumarbústaða eða íbúðarhúsa, sem ekki eru á lindarsvæðum, er undanþegið rannsóknarskyldu enda sé það leitt um rotþró og siturleiðslu samkvæmt reglum Hollustuverndar ríkisins og fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

4.5. *Varnir gegn mengun strandsvæða.*

4.5.1. Allt skólp, sem leitt er til sjávar, skal leiða minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Sé um að ræða uppblandað skólp með hitaveitu- og/eða ofanvatni í hlutföllunum 1:5 a. m. k., sem leitt er um yfirfallsleiðslur, nægir að leiða það út fyrir stórstraumsfjöruborð.

4.5.2. Sveitarstjórnir og skipulagsyfirvöld skulu við gerð svæða- og aðalskipulags, að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd, Náttúruverndarráð og Hollustuvernd ríkisins, flokka strandsvæði í eftirfarandi flokka vegna varna gegn sjávarmengun.

Flokkur I: Strandsvæði, mikilvæg vegna nytja, lífríkis, jarðmyndana, og útivistar.

Flokkur II: Önnur strandsvæði.

4.5.3. Bannað er að leiða skólp út í strandsvæði, sem heyra til flokki I, sbr. 4.5.2.

4.5.4. Heilbrigðisnefnd getur þegar um er að ræða starfsemi, sem ekki er starfsleyfisskyld samkvæmt Viðauka 7, veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum greina 4.5.1. og 4.5.3., þó með þeim takmörkunum sem um getur í 4.2.4.

4.5.5. Umsókn um undanþágu frá 4.5.1. og/eða 4.5.3. ásamt niðurstöðum rannsókna og/eða útreikninga, er sýna væntanleg umhverfisáhrif fráveituvatnsins, skal senda til heilbrigðisnefndar.

4.5.6. Skólp, sem leitt er frá einstökum íbúðarhúsum eða sumarbústöðum, er undanþegið rannsóknarskyldu enda sé það leitt um rotþró og siturleiðslu í samræmi við reglur Hollustuverndar ríkisins og fyrirmæli heilbrigðisnefndar.

4.5.7. Grófhreinsa skal allt skólp sem leitt er í sjó.

4.5.8. Heilbrigðisnefnd getur, þegar um er að ræða starfsemi sem ekki er starfsleyfisskyld samkvæmt Viðauka 7, veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum 4.5.7. ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til, þó með þeim takmörkunum sem um getur í 4.2.4.

4.5.9. Saurgerlamengun strandsjávar utan þynningarsvæða skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum sem fram koma í Viðauka 2 með reglugerð þessari.

4.5.10. Ráðherra setur í Viðauka 2, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, fleiri viðmiðunarmörk fyrir hámarksmengun strandsjávar. Hollustuvernd ríkisins hefur við gerð þeirra tillagna samráð við Siglingamálastofnun ríkisins.

4.6. *Vatnsrannsóknir.*

4.6.1. Hollustuvernd ríkisins annast, skipuleggur og hefur umsjón með úttektarrannsóknum á vatnsmengun.

4.6.2. Heilbrigðisnefnd framkvæmir, eða lætur framkvæma, eftirlitsmælingar á fráveituvatni og viðtaka.
Hollustuvernd ríkisins gefur út reglur um sýnatöku og rannsókn miðað við magn fráveituvatns og mismunandi aðstæður.

4.7. *Núverandi fráveitur.*

4.7.1. Sveitarstjórn sendir upplýsingar til heilbrigðisnefndar um núverandi fráveitukerfi sveitarfélagsins og einkafráveitur. Sömu upplýsingar skulu sendar til Hollustuverndar ríkisins fyrir fráveitur sem flytja meira magn mengunarefna en um getur í 4.2.4.

4.7.2. Í upplýsingum skal koma fram:
1. Hvar og með hvaða hætti fráveituvatn er leitt út í umhverfið.
2. Magn fráveituvatns frá íbúðarbyggð og iðnaðarsvæðum, svo og hvers konar iðnaður það er sem leiðir fráveituvatn út í fráveitukerfið.
3. Hreinsun fráveituvatns, þ. á m. sérstök hreinsun á fráveituvatni frá iðnaði.
4. Meðhöndlun og förgun á ristarúrgangi og seyru frá hreinsibúnaði.
5. Dreifing gerlamengunar í viðtaka.

4.7.3. Ef fráveita flytur meiri mengunarefni en um getur í 4.2.4. leggur Hollustuvernd ríkisins, að fengnum umsögnum sérfróðra aðila, mat á mengun í ljósi ofangreindra upplýsinga og skilar greinargerð um niðurstöður til viðkomandi heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar.

4.7.4. Telji Hollustuvernd ríkisins, eftir að hafa leitað álits umsagnaraðila, að úrbóta sé þörf, skal stofnunin leita tillagna sveitarstjórnar um úrbætur þar sem komi fram rökstuðningur og áætlun um tímaröð framkvæmdaliða.

5. KAFLI
Varnir gegn loftmengun.

5.1. Mengun andrúmslofts af völdum efna sem talin eru upp í Viðauka 3 með reglugerð þessari skal utan þynningarsvæðis vera undir þeim viðmiðunarmörkum sem þar eru upp talin.

5.2. Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, fellt út eða bætt við efnum í Viðauka 3. Ráðherra getur einnig, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, breytt viðmiðunarmörkum sem sett hafa verið um hámarksmengun andrúmslofts, sbr. Viðauka 3.

5.3. Heilbrigðisnefnd getur takmarkað umferð og aðra starfsemi á ákveðnum svæðum um skemmri tíma ef hætta er talin á að mengun fari yfir viðmiðunarmörk, sbr. 5.1. Einnig ef óþæginda gætir af völdum annarra efna en þeirra sem talin eru upp í Viðauka 3.

5.4. Heilbrigðisnefnd getur, þegar um er að ræða starfsemi sem ekki er starfsleyfisskyld samkvæmt Viðauka 7, sett reglur um brennslu sem valdið getur skaða á umhverfi eða gefið frá sér lykt eða reyk sem veldur óþægindum.

5.5. Dreifing útblásturslofts í umhverfinu og virkni hreinsibúnaðar skal á hverjum tíma vera slík að mengun sé innan viðmiðunarmarka, sbr. 5.1.

5.5.1. Húseigendur skulu sjá svo um að reykur frá kynditækjum o. s. frv. valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi.

5.5.2. Eigendur vélknúinna ökutækja, eins og þau eru skilgreind í umferðarlögum, skulu sjá um að vélbúnaður sé þannig stilltur að ekki valdi óþarfa reyk eða sótmyndun.
Mengun frá bifreiðum, sem fluttar eru til landsins frá og með 1. júlí 1992 skal vera innan viðmiðunarmarka samkvæmt Viðauka 6.

5.5.3. Forráðamenn fyrirtækja og stofnana skulu sjá svo um að reykur, ryk og hættulegar eða daunillar lofttegundir valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi.

5.6. *Loftrannsóknir.*

5.6.1. Hollustuvernd ríkisins annast, skipuleggur og hefur umsjón með loftgæðarannsóknum.

5.6.2. Heilbrigðisnefnd framkvæmir, eða lætur framkvæma, reglubundnar eftirlitsmælingar á loftmengun. Hollustuvernd ríkisins gefur út reglur um sýnatöku og rannsóknir.

5.7. Skipulagsyfirvöld skulu við gerð svæða- og aðalskipulags hafa hliðsjón af loftgæðarannsóknum, sem framkvæmdar eru samkvæmt reglugerð þessari, svo og áliti eftirlitsaðila, sbr. einnig skipulagsreglugerð nr. 318/1985, sbr. síðari breytingar.

6. KAFLI
Varnir gegn mengun af völdum úrgangs.

6.1. *Meðferð úrgangs.*

6.1.1. Bannað er að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti, svo sem bílflök, skipsskrokka o. s. frv.

6.1.2. Forráðamenn verslana, bensín- og olíustöðva, söluturna, samkomustaða, orlofsbúða, tjaldstæða o. s. frv. skulu í samráði við heilbrigðisnefnd koma fyrir nægilegum fjölda ruslabiða og sjá um viðhald og tæmingu þeirra. Forráðamenn skulu einnig sjá um nauðsynlega hreinsun nálægs umhverfis.

6.1.3. Sveitarstjórn svo og yfirvöld fólkvanga og þjóðgarða skulu í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp ruslabiður á ferðamannastöðum og öðrum stöðum þar sem reikna má með mannsöfnuði og sjá um viðhald og tæmingu þeirra, svo fremi þetta sé ekki öðrum falið, sbr. 6.1.2.

6.1.4. Sveitarstjórn skal sjá um tæmingu sorpíláta og brottflutning sorpsins. Sveitarstjórn getur, að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd, ákveðið flokkun á sorpi jafnt á heimilum, vinnustöðum o. þ. l. og á losunarstað.

6.1.5. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og brottflutning úrgangsins. Sveitarstjórn getur, að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd, ákveðið flokkun þessa úrgangs.

6.1.6. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst til spilliefna samkvæmt Viðauka 4 með reglugerð þessari, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum spilliefna (hættulegs úrgangs) skal auk þess halda aðgreindum í samráði við eftirlitsaðila.

6.1.7. Rekstraraðilar húsnæðis eða svæða, þar sem salernisúrgangur, ristarúrgangur eða seyra fellur til, sjá um alla meðferð og flutning úrgangsins, svo fremi ekki sé í gildi sérstök heilbrigðissamþykkt sem kveður á um annað.

6.1.8. Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að sá, sem brotið hefur ákvæði greinar 6.1.1., skuli hreinsa upp eða greiða kostnað öðrum sem verkið vinna. Þessu ákvæði má einnig beita gagnvart þeim sem sjá um tæmingu ruslabiða og sorpíláta, hafi ófullnægjandi tæming leitt til þess að úrgangur hafi dreifst.

6.2. *Förgun úrgangs.*

6.2.1. Sveitarstjórn/sveitarstjórnir leggja til og sjá um að rekin sé móttökustöð fyrir úrgang, sjá þó 6.2.6.

6.2.2. Sorp og framleiðsluúrgangur, sem ekki verður endurnýttur eða notaður á annan hátt, skal fluttur til móttökustöðva samkvæmt 6.2.1.

6.2.3. Utan þéttbýlis getur heilbrigðisnefnd heimilað einkaaðilum að urða sorp sem frá þeim kemur enda leyfi aðstæður slíkt að mati nefndarinnar. Heilbrigðisnefnd skal ávallt leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins í slíkum tilvikum.

6.2.4. Ávallt skal leita leiða til að nýta sérstakan úrgang. Þann hluta sem ekki verður nýttur skal, annan en spilliefni (hættulegan efnaúrgang), flytja til móttökustöðva samkvæmt 6.2.1., sem Hollustuvernd ríkisins hefur sérstaklega viðurkennt til móttöku slíks úrgangs.

6.2.5. Heilbrigðisnefnd getur samþykkt að salernisúrgangur, ristarúrgangur og seyra, sem ekki verður nýtt, skuli flutt til móttökustöðvar samkvæmt 6.2.1.

6.2.6. Spilliefni (hættulegan efnaúrgang), samkvæmt Viðauka 4 með reglugerð þessari, og annan úrgang sem inniheldur spilliefni skal flytja til móttökustöðva sem hafa fengið starfsleyfi til móttöku slíks úrgangs, sbr. 8. kafla þessarar reglugerðar.

6.2.7. Starfsleyfishafa, sbr. grein 6.2.6., er heimilt að farga úrgangi sem inniheldur takmarkað magn spilliefna á sama hátt og heimilis- og framleiðsluúrgangi.
Hollustuvernd ríkisins gefur út lista yfir þennan úrgang og skal þar koma skýrt fram hvaða styrk spilliefna miðað er við í hverju tilfelli.

6.2.8. Nú er úrgangur sem inniheldur takmarkað magn spilliefna ekki á lista samkvæmt grein 6.2.7. og geta aðilar þá sótt um að umræddur úrgangur sé settur á lista, sbr. grein 6.2.7. Umsókn skal fylgja staðfesting viðurkenndrar rannsóknarstofu á styrk spilliefna í úrganginum.

7. KAFLI
Varnir gegn hávaðamengun.

7.1. Mengun af völdum hávaða skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum sem fram koma í Viðauka 5 með reglugerð þessari, sbr. þó grein 7.4.

7.2. Hávaðavarnir skulu á hverjum tíma vera slíkar að mengun sé innan viðmiðunarmarka samkvæmt 7.1., sbr. þó 7.4. Stuðlað skal að hávaðavörnum, m. a. á eftirfarandi hátt:

7.2.1. Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða.

7.2.2. Eigendur vélknúinna ökutækja skulu sjá svo um að farartæki þeirra valdi ekki óþarfa hávaða.

7.2.3. Við allar framkvæmdir, svo sem byggingar, gröft, gatnagerð o. fl., skal þess sérstaklega gætt að ekki verði óþægindi af völdum hávaða.

7.3. Nú reynast hávaðavarnir ekki nægilegar og gerir þá heilbrigðisnefnd tillögur til sveitarstjórnar, t. d. um takmörkun umferðar og/eða starfsemi á ákveðnum tímum og svæðum, þ. á m. takmörkun umferðar um tilteknar götur að kvöldlagi, um nætur, eða allan sólarhringinn eftir atvikum, til að halda hávaða innan viðmiðunarmarka samkvæmt 7.1.

7.4. Heilbrigðisnefnd getur, vegna sérstakra, óviðráðanlegra aðstæðna og að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, leyft að á ákveðnum, afmörkuðum svæðum megi hávaði vera yfir viðmiðunarmörkum samkvæmt 7.1.

7.5. Ráðherra setur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, reglur um mæliaðferðir og viðmiðunarmörk um hávaða frá ökutækjum, vinnuvélum o. þ. l.
Reglur þessar birtast sem viðauki með reglugerð þessari.

7.6. *Hávaðamælingar.*

7.6.1. Hollustuvernd ríkisins annast, skipuleggur og hefur umsjón með úttektarrannsókn á hávaða.

7.6.2. Heilbrigðisnefnd framkvæmir eða lætur framkvæma reglubundnar eftirlitsmælingar á hávaða. Hollustuvernd ríkisins gefur út reglur um mælingar.

7.7. Skipulagsyfirvöld skulu við gerð svæða- og aðalskipulags hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðamælinga svo og áliti eftirlitsaðila samkvæmt reglugerð þessari, sbr. einnig skipulagsreglugerð nr. 318/1985, ásamt síðari breytingum.

8. KAFLI

Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

8.1. *Almennt um starfsleyfi.*

8.1.1. Atvinnurekstur sem upp er talinn í Viðaukum 7 og 8 með reglugerð þessari má ekki hefja fyrr en fengið er starfsleyfi samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

8.1.2. Eigi má breyta eða auka við atvinnurekstur samkvæmt Viðaukum 7 og 8 ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.

8.1.3. Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefndir geta lagt til við ráðherra að atvinnurekstri verði bætt við eða hann felldur út í Viðaukum 7 og 8.

8.1.4. Ef um er að ræða atvinnurekstur, sem upp er talinn í Viðaukum 7 eða 8, þar sem fjárfesting er meiri en 800 milljónir miðað við byggingavísitölu 187, febrúar 1992, skal gera forkönnun vegna staðarvals þar sem fram fari mat á umhverfisröskun vegna starfseminnar.

Einnig skal, áður en starfsemi hefst, þegar fjárfesting í atvinnurekstri er meiri en 800 milljónir miðað við byggingavísitölu 187, febrúar 1992, til samanburðar við síðara ástand, framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og mælingar á þeim umhverfisþáttum sem starfsemin hefur helst áhrif á. Rannsóknir og mat á umhverfisröskun er á kostnað umsækjanda.

8.1.5. Hollustuvernd ríkisins er heimilt að gefa út sérstakan lista yfir tiltekinn atvinnurekstur, sbr. Viðauka 8 með þessari reglugerð, enda sé ekki talin þörf á formlegri starfsleyfisgerð. Listanum skulu fylgja leiðbeiningareglur sem viðkomandi atvinnurekstur þarf að uppfylla.

Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd er heimilt að falla frá starfsleyfisgerð að uppfylltum þeim kröfum sem Hollustuvernd ríkisins setur.

8.2. *Atvinnurekstur þar sem vinnsla starfsleyfis er í höndum Hollustuverndar ríkisins.*

8.2.1. Umsóknir um starfsleyfi skulu sendar Hollustuvernd ríkisins. Umsækjendur greiða kostnað við starfsleyfisvinnsluna samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra gefur út.

8.2.2. Umsóknum skal fylgja nákvæm lýsing á starfseminni, upplýsingar um mengunarhættu og fyrirhugaðar mengunarvarnir, lýsing á og uppdrættir af staðsetningu, staðháttum, mannvirkjum og næsta umhverfi, svo og önnur þau gögn sem máli kunna að skipta.

8.2.3. Hollustuvernd ríkisins skal við gerð starfsleyfistillagna ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og eftir því sem við á hverju sinni, Náttúruverndarráðs, Skipulags ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins, Siglingamálastofnunar ríkisins og annarra sérfróðra aðila.

8.2.4. Áður en umsagnar heilbrigðisnefndar er leitað skal liggja fyrir mat Hollustuverndar ríkisins á áhrifum hugsanlegrar mengunar á umhverfið.

8.2.5. Telji Hollustuvernd ríkisins eða umsagnaraðilar að upplýsingar um mengun og áhrif hennar á umhverfið sé ekki fullnægjandi getur stofnunin krafist

þess að fram fari athuganir, mælingar eða rannsóknir á kostnað umsækjanda.

8.3. *Réttur til athugasemda.*

8.3.1. Telji starfsleyfisumsækjandi að krafist sé óeðlilegra athugana og/eða rannsókna, sbr. grein 8.1.4. og/eða grein 8.2.5. getur hann leitað úrskurðar úrskurðarnefndar samkvæmt 30. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988.

8.3.2. Starfsleyfistillögur skulu liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar til kynningar þeim aðilum sem rétt hafa til að gera athugasemdir, sbr. grein 8.3.3. Skal auglýsing birt í Lögbirtingablaði þar sem fram kemur frá hvaða degi starfsleyfistillögur liggi frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar. Frestur til að gera athugasemdir er 6 vikur frá því starfsleyfistillögur eru lagðar fram. Heimilt er að lengja frestinn í allt að 12 vikur ef sérstakar ástæður mæla með því.

8.3.3. Rétt til að gera athugasemdir við starfsleyfistillögur hafa eftirtaldir aðilar:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir, sem málið varðar.

8.3.4. Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skal senda Hollustuvernd ríkisins. Stofnunin kannar málið í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið og lætur í ljós álit sitt. Sætta aðilar málsins sig ekki við það álit og náist ekki málamiðlun, úrskurðar úrskurðarnefnd samkvæmt 30. gr. laga nr. 81/1988 ef í hlut eiga opinberar eftirlitsstofnanir, sveitarstjórnir eða umsækjandi. Eigi aðrir í hlut er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins, og sætta aðilar sig ekki við úrskurð hennar er heimilt að vísa áfram til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum nr. 81/1988.

8.4. *Atvinnurekstur þar sem vinnsla starfsleyfis er í höndum heilbrigðisnefnda.*

8.4.1. Umsóknir um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem upp er talinn í Viðauka 8 skal senda til viðkomandi heilbrigðisnefndar.

8.4.2. Umsóknum skulu fylgja nákvæmar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi, hugsanlega mengunarhættu og fyrirhugaðar mengunarvarnir. Umsóknum skulu einnig fylgja lýsing á staðháttum, uppdrættir af staðsetningu mannvirkja og næsta umhverfi, svo og annað það er máli kann að skipta.

8.4.3. Heilbrigðisnefnd skal við gerð starfsleyfistillagna leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, Skipulags ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins, Siglingamálastofnunar ríkisins og annarra sérfróðra aðila eftir því sem við á hverju sinni.

8.4.4. Áður en umsagna er leitað skal liggja fyrir mat viðkomandi heilbrigðiseftirlits á áhrifum hugsanlegrar mengunar á umhverfið.

8.4.5. Telji heilbrigðisnefnd eða umsagnaraðilar að upplýsingar um mengun og áhrif hennar á umhverfið séu ekki fullnægjandi getur hún krafist þess að fram fari athuganir, mælingar eða rannsóknir á kostnað umsækjanda.

8.4.6. Hollustuvernd ríkisins skal, í þeim tilfellum sem ástæða er talin til að höfðu samráði við heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna, gefa út tæknilegar leiðbeiningar vegna starfsleyfisvinnslu og eftirlits með atvinnurekstri í Viðauka 8. Stofnunin skal í þessu sambandi hafa samráð við heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna um forgangsröðun verkefna.

8.5. *Réttur til athugasemda.*

8.5.1. Telji starfsleyfisumsækjandi að krafist sé óeðlilegra athugana og/eða rannsókna, sbr. grein 8.1.4. og/eða grein 8.4.5. getur hann leitað úrskurðar samkvæmt 30. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988.

8.5.2. Starfsleyfistillögur skulu liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar til kynningar þeim aðilum sem rétt hafa til að gera athugasemdir, sbr. grein 8.3.3. Skal auglýsing þess efnis birtast með tryggilegum hætti þar sem fram kemur frá hvaða degi þær liggi frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar. Frestur til að gera athugasemdir er 4 vikur frá því starfsleyfistillögur eru lagðar fram. Heimilt er að lengja frestinn í allt að 8 vikur ef sérstakar ástæður mæla með því.

8.5.3. Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skal senda til hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd kannar málið í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið og lætur í ljós álit sitt. Sætti aðilar málsins sig ekki við það álit og náist ekki málamiðlun, úrskurðar úrskurðarnefnd samkvæmt 30. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ef í hlut eiga opinberar eftirlitsstofnanir, sveitarstjórnir eða umsækjandi. Eigi aðrir í hlut er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins og, sætti aðilar sig ekki við úrskurð hennar, áfram til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum nr. 81/1988.

8.6. *Veiting starfsleyfa.*

8.6.1. Hollustuvernd ríkisins gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem upp er talinn í Viðauka 7 og ekki fellur undir ákvæði greinar 8.1.4.

8.6.2. Heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem upp er talinn í Viðauka 8 og ekki fellur undir ákvæði greinar 8.1.4.

8.6.3. Umhverfisráðherra gefur út starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem krafist er mats á umhverfisröskun, sbr. grein 8.1.4.

Hollustuvernd ríkisins afgreiðir endanlegar starfsleyfistillögur fyrir slíkan atvinnurekstur, sem upp er talinn í Viðauka 7, til ráðuneytisins í samræmi við kynntar tillögur, úrskurð og/eða samkomulag vegna framkominna athugasemda, sbr. grein 8.3.

Heilbrigðisnefnd afgreiðir endanlegar starfsleyfistillögur fyrir atvinnurekstur, sem upp er talinn í Viðauka 8 og fellur undir ákvæði greinar 8.1.4., til ráðuneytisins í samræmi við kynntar tillögur, úrskurð og/eða samkomulag vegna framkominna athugasemda, sbr. grein 8.5.

8.6.4. Heimilt er að gefa starfsleyfi út til tiltekins tíma.

8.6.5. Starfsleyfi sem ráðherra gefur út samkvæmt reglugerð þessari skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda í formi auglýsingar.

8.6.6. Hollustuvernd ríkisins skal senda afrit af útgefnum starfsleyfum til viðkomandi heilbrigðisnefnda.

9. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

9.1. Um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum.

9.2. Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum eftirlitsaðila innan tiltekins frests, getur eftirlitsaðilinn ákveðið honum dagsektir allt að kr. 100.000.- á dag, þar til úr er bætt.

9.3. Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt fellur úr gildi mengunarvarnareglugerð nr. 389, frá 28. september 1990, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfandi atvinnurekstur, sem upp er talinn í Viðaukum 7 og 8 og ekki hefur við gildistöku reglugerðar þessarar gilt starfsleyfi eða hefur þegar sótt um starfsleyfi samkvæmt reglugerð nr. 164/1972, 390/1985, 385/1990 eða 389/1990, ásamt síðari breytingum, skal sækja um starfsleyfi í samræmi við reglugerð þessa eigi síðar en 1. mars 1993.

2. Fyrirtæki samkvæmt 1. lið ákvæða til bráðabirgða skulu innan 3 mánaða frá útgáfu starfsleyfis hafa lokið öllum almennum úrbótum vegna ákvæða þess.
Heimilt er í starfsleyfi að veita lengri frest fyrir sértækum, flóknum og/eða kostnaðarsömum úrbótum en þó aldrei lengur en til þriggja ára.

Umhverfisráðuneytið, 5. nóvember 1992.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

Viðauki 1
Viðmiðunarmörk fyrir hámarksmengun í ám og vötnum.

A. Við útrásir, þar sem fráveituvatn er leitt í ár og vötn sem nýta má sem viðtaka, má hvergi vera:
— Set eða útfellingar.
— Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
— Olía eða froða.
— Sorp eða aðrir aðskotahlutir.
— Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit, eða gruggi.

B. Í ám og vötnum utan þynningarsvæðis skal eftirfarandi gilda:

Hámarkshitabreyting af völdum frárennslis: 2°C
Súrefnismettun, lágmark: 70% Má aldrei fara undir 6 mg O_2/l 50% af tímanum yfir 9 mg O_2/l
Sýrustig, pH: 6 – 9 Hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis: 0,5
Ammoníak, NH_3: Minna en 0.025 mg/l Súrefnisnotkun BOD_5: Hæst 4 mg O2/l
HOCl: Hæst 0.004 mg/l Olíur og fitur: Olíubrák má ekki sjást
Hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis: 2 mg/l

Viðauki 2
Viðmiðunarmörk fyrir hámarksgerlamengun við strendur og voga vegna holræsaútrása.

1. Fjöldi saurgerla, E-coligerlar eða streptokokkar, skal utan þynningarsvæðis í a. m. k. 90% tilfella vera undir 1000 pr. 100 ml miðað við lágmark 10 sýni.

2. Þar sem útivistarsvæði eru við fjörur ellegar matvælaiðnaður í grennd, skal utan þynningarsvæðis fjöldi saurgerla, E-coligerlar eða streptokokkar, í a. m. k. 90% tilfella vera undir 100 pr. 100 ml miðað við lágmark 10 sýni.

Viðauki 3
Viðmiðunarmörk fyrir hámarksmengun andrúmslofts.

Efni	Viðmiðunartími	Meðaltal
Brennisteinstvíildi (SO_2)	Sólarhringur	50 µg/m³
	Ár	30 µg/m³
Köfnunarefnistvíildi (NO_2)	Sólarhringur	100 µg/m³
	Ár	30 µg/m³
Kolsýrlingur (CO)	Ein klst.	25 mg/m³
	Átta klst.	10 mg/m³
Svifryk Þ < 10 µm	Sólarhringur	100 µg/m³
	Ár	40 µg/m³
Fallryk, ekki uppleysanlegt í vatni	Mánuður	10 g/m²

Hærra gildi leyfilegt í 5% tilfella þegar viðmiðunartími er mánuður eða skemmri.

Viðauki 4
Spilliefni – hættulegur efnaúrgangur.

1. Olíuúrgangur.
Dæmi:
1.1. Smurolía, smurfeiti, vökvaolía, spennaolía, hráolía, svartolía, tjara og þess háttar úrgangur, svo og úrgangur mengaður þess háttar olíum.
1.2. Olíuþeytur, t. d. frá málmiðnaði, svo sem bor- og sögunarolíur.
1.3. Olíuúrgangur (sori) frá hreinsun geyma, olíugildrum olíumóttöku í höfnum o. fl.
1.4. Olía, sem hreinsuð hefur verið upp eftir olíuslys, olíumenguð síuefni, sem notuð hafa verið t. d. við hreinsun stranda og olíu úr sjó, mikið olíumengaður jarðvegur o. fl.
2. Lífrænn leysiefnaúrgangur.
2.1. Leysiefni sem innihalda halógen (F, Cl, Br, I).
Dæmi:
— metýlenklóríð (díklórmetan)
— metýlklóróform (1,1,1,-tríklóretan)
— tríklóretýlen
— perklóretýlen
2.2. Leysiefni sem ekki innihalda halógen.
Dæmi:
— iðnaðarbensín
— lakknafta (white sprit o. fl.) — toluen — xylen — terpentína
— metanól (tréspíritus) — isóprópanól — bútanól — aceton — metýletýlketon (MEK) — metýlísóbútýlketon (MIBK) — etýlacetat
— butýlacetat — glýkól (etýlenglýkol).
Kælivökvi bifreiða með allt að 50% glýkól telst ekki hættulegur úrgangur.

3. Annar lífrænn efnaúrgangur.
Dæmi:
3.1. Fenól, formaldehýð, ísócyanöt.
3.2. Fastur, fljótandi eða hálffastur úrgangur, t. d. eimingarleifar og afgangar frá efnasmíði (syntese), efnahreinsunum, affitunarstöðvum, plastiðnaði, efnaiðnaði o. fl., sem inniheldur eiturefni eða meira en 5% lífrænt bundinn brennistein eða halógen.

4. Málningar- og lakkúrgangur frá málningarverksmiðjum, sprautuklefum og málningarverktökum.
4.1. Fljótandi og duftkenndur úrgangur.
4.2. Fastir og hálffastir tví- eða fjölþátta málningar- og lakkafgangar þar sem ofgnótt er af einum þættinum.
4.3. Fastir og hálffastir málningar- og lakkafgangar, sem innihalda antimon, blý, kadmíum, kóbolt, kopar, króm, mangan, tin eða sambönd af ofangreindum málmum.

5. Límúrgangur frá verksmiðjum, verktökum og verkstæðum.
Dæmi:
5.1. Allir fljótandi límafgangar nema einþáttalím sem ekki inniheldur lífræn leysiefni.
5.2. Fastir og hálffastir tví- og fjölþátta límafgangar þar sem ofgnótt er af einum þættinum.
5.3. Fastir og hálffastir límafgangar sem innihalda fenól eða lífræn halógensambönd.

6. Lútar og sýrur.
Ef pH gildið fellur utan við sviðið 2 – 11,5.
Dæmi um sýrur:
— saltsýra
— saltpéturssýra
— brennisteinssýra
— flussýra
— fosfórsýra
— perklórsýra
Dæmi um lúta:
— natríumhýdroxíð (vítissóti)
— kalíumhýdroxíð (kalílútur)

7. Úrgangur sem inniheldur kadmíum eða kvikasilfur.
Dæmi:
7.1. Rafhlöður sem innihalda meira en 0,025% kvikasilfur eða kadmíum.
7.2. Óhreinsaðar umbúðir sem innihalda kadmíumsambönd, kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd.
7.3. Málmblöndur sem innihalda kadmíum.
7.4. Ryk og seyra sem inniheldur kadmíum frá hreinsivirkjum í iðnaði.
7.5. Tæki og hlutir sem innihalda kvikasilfur, svo sem sjálfvirkir rofar, hitamælar, þrýstimælar o. fl.
7.6. Úrgangur frá tannlæknastofum og þess háttar sem inniheldur kvikasilfur.
7.7. Hjálparefni o. fl. sem innihalda kadmíum.

8. Úrgangur sem inniheldur antimon, arsenik, beryllíum, silfur, selen, kóbolt, króm, kopar, blý, mangan, nikkel, sink, tallíum eða vanadíum.
Dæmi:
8.1. Úrgangur frá yfirborðsmeðhöndlun málma, t. d. sinkhúðun.
8.2. Úrgangur frá prent- og framköllunarstofum.
8.3. Hvatar frá iðnaði, ryk og seyra frá hreinsivirkjum sem inniheldur ofangreinda málma.

8.4. Geymasýrur og annar úrgangur frá blýrafgeymum.
8.5. Úrgangur sem inniheldur króm frá sútunarverksmiðjum.
9. Úrgangur sem inniheldur cýaníð.
10. Úrgangur sem inniheldur PCB.
Dæmi:
10.1. Einangrunar- og kælivökvar, spenna- og þéttaolía (askeral).
11. Ýmis eiturefnaúrgangur.
Dæmi:
11.1. Sveppaeitur, illgresiseitur, skordýraeitur, rotvarnarefni, sótthreinsiefni og fúavarnarefni.
11.2. Óhreinsuð ílát sem innihalda eiturefni.
12. Asbestryk.
Dæmi:
12.1. Ryk frá hreinsibúnaði á útblæstri frá sögun og slípun hemlaborða o. fl.
13. Efnaúrgangur frá rannsóknarstofum, lyfjagerðum, lyfjaverslunum, sjúkrahúsum o. fl.

Viðauki 5
Viðmiðunarmörk fyrir hámarkshávaða, mæld sem A-veginn jafngildishávaði (dB(A)Leq) frá umferð, fyrirtækjum og annarri starfsemi.

	Virka daga kl. 07–18	Kvöld kl. 18–23	Nótt kl. 23–07 og helgidaga
Iðnaðarsvæði	70	70	70
Blönduð byggð (verslun, þjónusta, smáiðnaður, íbúðarbyggð)	55	50	40
Hrein íbúðarbyggð	50	45	40
Sumarhúsabyggð	40	35	35

Mælingar skulu framkvæmdar í u. þ. b. 1,5 m hæð, minnst 3,5 m frá vegg eða öðrum hlutum sem endurkasta hljóði. Vindhraði skal ekki vera meiri en 5 m/sek.

Ef um er að ræða ríkjandi tón eða reglulega hávaðatoppa skal lækka ofangreind mörk um 5 dB(A)Leq.

Viðauki 6
Leyfilegt hámark mengunarefna í útblásturslofti bifreiða.

Um hámark mengandi efna í útblæstri bifreiða sem eru fluttar til landsins frá og með 1. júlí 1992 skulu gilda eftirfarandi mörk. Miðað er við prófanir samkvæmt US-87/88 reglum, sænskum A12/13 reglum eða tilskipun nr. 70/220/EBE með breytingum nr. 91/441/EBE og nr. 83/351/EBE eða tilskipun nr. 88/77/EBE, og að mengunarvarnabúnaður bifreiða sé samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

A. Þegar prófað er samkvæmt sænskum reglum A12/13 eða bandarískum reglum US-87/88:

Kolmónoxíð	CO	2,11	gr/km
Kolvetni	CH	0,25	gr/km
Köfnunarefnisoxíð	NO_x	0,62	gr/km
Ryk		0,124	gr/km

B. Þegar prófað er eftir tilskipun nr. 70/220/EBE með breytingum nr. 91/441/EBE og nr. 83/351/EBE:

Viðmiðunarþyngd kg	Kolmónoxíð(CO) í gr á hverja prófun	Summa kolvetna og köfnunarefnisoxíða í gr á hverja prófun
vþ ≤ 1020	58	19,0
1020 < vþ ≤ 1250	67	20,5
1250 < vþ ≤ 1470	76	22,0
1470 < vþ ≤ 1700	84	23,5
1700 < vþ ≤ 1930	93	25,0
1930 < vþ ≤ 2150	101	26.5
2150 ≤ vþ	110	28,0

eða

Kolmónoxíð	CO	2,72 gr/km
Kolvetni og köfnunarefnisoxíð	$HC+NO_x$	0,97 gr/km
Ryk		0,14 gr/km

C. Þegar prófað er samkvæmt tilskipun nr. 88/77/EBE:

Kolmónoxíð	CO	1,2 gr/km
Kolvetni	HC	2,4 gr/km
Köfnunarefnisoxíð	NO_x	14,4 gr/km

Viðauki 7
Atvinnurekstur sem Hollustuvernd ríkisins vinnur starfsleyfi fyrir.

1. Fiskimjölsverksmiðjur
2. Álframleiðsla
3. Áburðarframleiðsla
4. Sements- og kalkframleiðsla
5. Kísiljárnsframleiðsla
6. Kísilmálmsframleiðsla
7. Kísilframleiðsla
8. Járn- og stálframleiðsla
9. Glerullar- og steinullarframleiðsla
10. Sútunarverksmiðjur
11. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera þar sem ársframleiðsla er meiri en 200 tonn og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðslu er meiri en 20 tonn og fráveita í ferskvatn
12. Móttökustöðvar sveitarfélaga; urðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar
13. Meðhöndlun og förgun spilliefna
14. Lím- og málningarvöruframleiðsla
15. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu
16. Annar sambærilegur atvinnurekstur

Viðauki 8
Atvinnurekstur sem heilbrigðisnefnd vinnur starfsleyfi fyrir.

1. Vinnsla úr járni og öðrum málmum

1.1. Málmsteypur
1.2. Stálsmíði og stálskipagerð
1.3. Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur
1.4. Nagla- og skrúfuframleiðsla
1.5. Vélaframleiðsla
1.6. Blikksmiðjur
1.7. Vinnsla á málmum í raftækniiðnaði, t. d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði
1.8. Zink- og krómhúðun málma

2. Vinnsla og úrvinnsla á kalki, leir, steinum og sambærilegum jarðefnum
- 2.1. Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum
- 2.2. Steinsmíði
- 2.3. Steypustöðvar og steypueiningarverksmiðjur
- 2.4. Leirmunaverkstæði

3. Efnaiðnaður
- 3.1. Fyrirtæki sem geyma klórgas
- 3.2. Lakksprautun
- 3.3. Prentiðnaðarfyrirtæki
- 3.4. Efnalaugar
- 3.5. Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla
- 3.6. Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum
- 3.7. Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda
- 3.8. Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað
- 3.9. Hreinlætisvöruverksmiðjur
- 3.10. Plastframleiðsla

4. Vinnsla og úrvinnsla á efnum úr jurta- og dýraríkinu
- 4.1. Fóðurstöðvar
- 4.2. Fóðurblöndur
- 4.3. Gúmmívinnsla
- 4.4. Trésmíðaverkstæði
- 4.5. Sögunarmyllur
- 4.6. Fúavörn á timbri
- 4.7. Framleiðsla á spónaplötum límtré og þess háttar
- 4.8. Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla
- 4.9. Leðurvinnsla
- 4.10. Vefnaðar- og spunaverksmiðjur
- 4.11. Litun og bleiking
- 4.12. Ullarþvottastöðvar
- 4.13. Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi
- 4.14. Lifrarbræðsla
- 4.15. Fituhersla

5. Matvælavinnsla
- 5.1. Sláturhús
- 5.2. Kjötvinnsla
- 5.3. Niðursuðuverksmiðjur
- 5.4. Reykhús og reykofnar
- 5.5. Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða
- 5.6. Framleiðsla tilbúinna rétta
- 5.7. Heitloftsþurrkun fiskafurða
- 5.8. Mjólkurstöðvar
- 5.9. Framleiðsla mjólkurdufts
- 5.10. Öl-, gos- og svaladrykkjagerðir
- 5.11. Kaffibrennsla
- 5.12. Smjörlíkisgerðir
- 5.13. Kartöfluvinnsla
- 5.14. Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju
- 5.15. Lauksteikingarverksmiðjur
- 5.16. Mörbræðsla og tólgarframleiðsla
- 5.17. Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni
- 5.18. Kæli- og frystigeymslur

6. Búfjár- og dýrahald
- 6.1. Minkabú
- 6.2. Refabú
- 6.3. Hænsna- og kjúklingabú
- 6.4. Svínabú

6.5. Kanínurækt og kanínuhald
6.6. Hestahald
6.7. Dýraspítalar
6.8. Hunda- og kattageymslur
6.9. Gæludýraverslanir
6.10. Fiskeldisstöðvar, aðrar en þær sem falla undir Viðauka 7.
6.11. Seiðaeldisstöðvar, aðrar en þær sem eru í tengslum við fiskeldi sbr. Viðauka 7.

7. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki
7.1. Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir
7.2. Flugvellir og flugbrautir
7.3. Bifreiða - og vélaverkstæði
7.4. Ryðvarnarverkstæði
7.5. Smurstöðvar
7.6. Bensínstöðvar
7.7. Völuflutningamiðstöðvar
7.8. Biðstöðvar leigubifreiða
7.9. Bið- og endastöðvar strætisvagna
7.10. Bílaþvottastöðvar

8. Ýmislegt
8.1. Stórar spennistöðvar
8.2. Stórar vörugeymslur
8.3. Líkbrennslur
8.4. Skotvellir
8.5. Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o. þ. h.
8.6. Æfingasvæði slökkviliðs
8.7. Skólphreinsistöðvar
8.8. Þvottahús
8.9. Gámastaðir
8.10. Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni
8.11. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu
8.12. Endurvinnsla úrgangs
8.13. Saltvinnsla úr sjó
8.14. Gasbirgðastöðvar

9. Annar sambærilegur atvinnurekstur

Viðauki 9
Flokkun starfsleyfisskyldra fyrirtækja með tilliti til mengunarhættu og fyrirkomulags eftirlits.

1. flokkur.

Álframleiðsla
Framleiðsla á tilbúnum áburði
Sements- og kalkframleiðsla
Kísiljárnsframleiðsla (SiFe)
Kísilmálmsframleiðsla (Si)
Kísilframleiðsla (SiO_2)
Járn- og stálframleiðsla
Glerullar- og steinullarframleiðsla
Fiskeldisstöðvar ef framleiðsla er meiri en 1000 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða meiri en 100 tonn á ári og afrennsli er í ferskvatn.
Móttökustöðvar og urðunarstaðir sem þjóna fleiri en 20.000 einstaklingum.
Sorpbrennslustöðvar
Meðhöndlun og förgun spilliefna

2. flokkur.

Fiskimjölsverksmiðjur ef framleiðslugeta er meiri en 500 tonn á sólarhring og staðsetning í þéttbýli.
Fiskeldisstöðvar ef framleiðslugeta er meiri en 200 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða framleiðslugeta er meiri en 20 tonn og afrennsli er í ferskvatn.
Seiðaeldisstöðvar með meira en 350 þús. seiðum og afrennsli í ferskvatn.
Móttökustöðvar og urðunarstaðir sem þjóna fleiri en 1.000 einstaklingum.
Skólphreinsistöðvar

3. flokkur.

Fiskimjölsverksmiðjur ef framleiðsla er meiri en 500 tonn á sólarhring og staðsetning í strjálbýli. Einnig minni verksmiðjur sem staðsettar eru í þéttbýli.
Yfirborðsmeðhöndlun á járni, stáli og öðrum málmum.
Sútunarverksmiðjur
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu.
Fiskeldisstöðvar ef framleiðsla er meiri en 100 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða meiri en 10 tonn og afrennsli í ferskvatn.
Seiðaeldisstöðvar með meira en 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn.
Móttökustöðvar, urðunarstaðir sem þjóna fleiri en 100 einstaklingum.
Ullarþvottastöðvar
Fituherslur
Gasbirgðastöðvar með meira en 100 m^3 geymslurými (STP).
Lifrarbræðslur
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi.
Saltvinnsla úr sjó.
Bensínstöðvar

4. flokkur.

Seiða- og fiskeldisstöðvar aðrar en um getur í 1-3.
Lím- og málningarverksmiðjur.
Hreinlætisvöruverksmiðjur
Plastframleiðsla
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu.
Móttökustöðvar, urðunarstaðir aðrir en um getur í 1-3.
Stálsmíði og stálskipagerð
Efnalaugar
Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum
Sláturhús
Reykhús
Mjólkurstöðvar
Flugvellir
Ryðvarnarverkstæði og smurstöðvar
Heitloftsþurrkun fiskafurða
Málmsteypur
Litun og bleiking
Prentiðnaður
Bílaþvottastöðvar

5. flokkur

Atvinnurekstur sem upp er talinn í Viðaukum 7 og 8 annar en sá sem fram kemur í flokkum 1 til 4 hér á undan.

GJALDSKRÁ

fyrir verð á upplýsingum úr fasteignaskrá, skrá um álagningarstofn fasteignaskatts og útselda vinnu Fasteignamats ríkisins.

1. gr.

Verð fyrir upplýsingar úr fasteignaskrá og skrá um álagningarstofn fasteignaskatts er tvíþætt:

a. Grunnverð fyrir upplýsingar og
b. Viðbótarverð ef um tekjuöflun á grundvelli upplýsinga úr skránni er að ræða.

Grunnverð skv. a-lið skal vera kr. 20,00 á matseiningu og viðbótarverð skv. b-lið skal vera 1% af tekjum.

Séu keypt fleiri en eitt eintak af skrá skal verð fyrir hvert aukaeintak vera kr. 10,00 á matseiningu.

Sveitarfélög fá 50% afslátt af grunnverði skv. 2. mgr. Sama gildir um aukaeintaksverð skv. 3. mgr. Viðbótarverð til sveitarfélaga skv. b-lið skal vera 0,0055% af álagningarstofni fasteignaskatts.

Hafi aðili keypt aðaleintak úr annarri skránni skoðast næstu eintök sem aukaeintök, þótt úr hinni skránni séu.

2. gr.

Fyrir sérvinnslur úr fasteignaskrá gildir eftirfarandi verðlagning:

a. Byrjunargjald: kr. 15 000,00.
b. Fyrir hverja klukkustund umfram tvær: kr. 5 000,00. Þetta gjald innifelur álag á vinnu sérfræðings vegna afnota gagna og tölvu.
c. Fyrir límmiðaútprentun greiðist að auki kr. 1,85 fyrir hvern límmiða.

3. gr.

Fyrir beinlínutengingu við tölvuskrá Fasteignamats ríkisins til uppflettingar á tölvuskjá skal greiða svo sem hér segir:

a. Fyrir almennt leyfi: kr. 3 400,00 á mánuði.
b. Fyrir sérstakt leyfi: kr. 6 600,00 á mánuði.

Innifalið í þessu gjaldi eru allar venjulegar uppflettingar og 300 vottorðsígildi á ári. Vari tenging skemur en eitt ár skal reikna fjölda vottorðsígilda hlutfallslega.

Í ofangreindu gjaldi er ekki innifalin greiðsla til dreifingaraðila fasteignaskrárinnar, þ.e. Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar og Reiknistofu bankanna.

4. gr.

Fyrir sérmöt skal greiða sem hér segir:

a. Sérmat á íbúð: kr. 7 500,00
b. Önnur sérmöt: Lágmarksgjald kr. 7 500,00
   Fyrir vinnu sérfræðings umfram 2,5 klst.: kr.3 000,00/klst.
   Fyrir vinnu matsfulltrúa umfram 4,0 klst.: kr. 1 800,00/klst.

5. gr.

Tímavinnugjald fyrir aðra þjónustu Fasteignamats ríkisins skal vera svo sem hér segir:

a. Sérfræðingur:	2 700,00 kr./klst.
b. Matsfulltrúi:	1 600,00 kr./klst.
c. Aðrir starfsmenn:	1 200,00 kr./klst.

6. gr.

Fyrir hvert vottorð úr fasteignaskrá skal greiða kr. 300,00.

7. gr.

Fyrir ljósrit úr fasteignaskrá skal greiða kr. 300,00 fyrir hverja síðu.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 14. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, sbr. 27. gr. laga nr. 1/1992, um breyting á þeim, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 10. nóvember 1992.

F. h. r.
Þórhallur Arason.

Björn Hafsteinsson.

9. nóvember 1992 Nr. 398

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 265 8. júlí 1992, um loðnuveiðar 1992/1993.

1. gr.

Í stað: „136.500 lestum", í 3. tl. 1. gr. komi: 386.100 lestum.
Í stað: „390 þúsund lestir", í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: 639.600 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. nóvember 1992.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellsbæ og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

2. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

3. gr.

Vatnsmagn það sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. grein er afhent notanda um rennslismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

Hitaveitan mun þó í sérstökum tilfellum afhenda vatnið um stillanlegan hemil, og þá einungis þar sem rennslismæli verður ekki við komið og miðast þá gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur fyrir.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuði, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðar verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

1. Heitt vatn um rennslismæli:		
A. Fyrir hvern rúmmetra vatns	kr.	45,70
Auk þess greiðist mælaleiga fyrir hvern mánuð sem hér segir:		
A. Mælir allt að ¾ tommu	kr.	423,00
B. Mælir 1 tomma til 2 tommur	kr.	888,00
C. Mælir 3 tommur eða stærri	kr.	1 776,00
2. Heitt vatn um hemil:		
A. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	kr.	394,00
B. Vatnsgjald	kr.	990,00
á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:		
Flutningsgjald	kr.	332,00
Vatnsgjald	kr.	658,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem bæjarstjóri ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellsbæjar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Rúmmál hús (utanmál m^3)			
Allt að 600 m^3	kr. 115 000,00		
600 – 2 000 m^3	kr. 115 000,00 fyrir	600 m^3 +	106,46 pr. m^3 þar yfir
2 000 – 6 000 m^3	kr. 264 000,00 fyrir	2 000 m^3 +	92,13 pr. m^3 þar yfir
6 000 –10 000 m^3	kr. 632 500,00 fyrir	6 000 m^3 +	80,61 pr. m^3 þar yfir
Meira en 10 000 m^3	kr. 954 900,00 fyrir	10 000 m^3 +	70,09 pr. m^3 þar yfir

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins, samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 14 440,00 aukalega fyrir hvern mæli/hemil.

7. gr.

Hitaveitu Mosfellsbæjar er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar.

Hitaveitan skal skv. 3. gr. laga nr. 64/1943 auglýsa í Lögbirtingablaði gildandi verð skv. gjaldskrá þessari á hverjum tíma.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 1 300,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. desember 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 254, 22. júní 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um greiðslur verðmiðlunargjalda til mjólkurbúa árið 1992.

1. gr.

Tekjum af verðmiðlunargjaldi mjólkur skv. 19. gr. laga nr. 46/1985 skal varið til eftirfarandi viðfangsefna:

a. verðmiðlunar á milli afurðastöðva til að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöð í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna.
b. að koma á hentugri verkaskiptingu milli afurðastöðva.
c. að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma vörum sínum á markað.
d. að greiða nauðsynlegan flutning á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum.

2. gr.

Verðmiðlunargjald til þeirra verkefna sem um getur í 1. gr. skal miðast við það gjald sem innheimt er af framleiðslu mjólkur skv. ákvörðun landbúnaðarráðherra á tímabilinu 1. janúar 1992 til 31. desember 1992.

3. gr.

Verðmiðlunin skal ná til eftirtaldra mjólkurbúa:

M.s. í Reykjavík
M.s. í Borgarnesi
M.s. í Búðardal
M.s. á Patreksfirði
M.s. á Ísafirði
M.s. á Hvammstanga
M.s. á Blönduósi
M.s. á Sauðárkróki
M.s. á Akureyri
M.s. á Húsavík
M.s. á Vopnafirði
M.s. á Egilsstöðum
M.s. í Neskaupstað
M.s. á Höfn í Hornafirði
Mjólkurbú Flóamanna

Við ákvörðun á verðmiðlunarþörf innan 1. sölusvæðis skal rekstur allra mjólkurbúa á því svæði reiknaður sameiginlega. Þá skal við ákvörðun á verðmiðlunarþörf einstakra mjólkurbúa taka tillit til samstarfssamninga og samninga sem mjólkurbú hefur gert við þriðja aðila um framkvæmd tiltekinna þátta við flutning, móttöku, vinnslu og markaðssetningu mjólkurvara sem telja verður að annars væri eðlilegur þáttur í rekstri og starfsemi mjólkurbúsins með hliðsjón af starfsemi annarra mjólkurbúa er verðmiðlun tekur til. Skal slíkur rekstur reiknaður sameiginlega við útreikninga skv. 4. gr.

4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út verðmiðlunargreiðslur til mjólkurbúa skv. ákvæðum þessarar reglugerðar. Við ákvörðun á greiðslum úr verðmiðlunarsjóði skal leggja til grundvallar ársreikning viðkomandi mjólkurbús og skal vera staðfest með áritun af löggiltum endurskoðanda að hann sé gerður samkvæmt lögum og almennri reikningsskilavenju. Ársreikningur skal geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjármagnsstreymi eða sjóðsstreymi og skýringar. Framleiðsluráð landbúnaðarins getur krafist enn frekari sundurliðana og skýringa af hálfu viðkomandi mjólkurbús áður en því er ákveðinn réttur til framlags úr verðmiðlunarsjóði.

Með ársreikningi skal fylgja:

a. Sundurliðanir á samsettum liðum.
b. Fyrninga- og endurmatsskýrsla.
c. Rekstraruppgjör flutninga mjólkur að vinnslustöð.
d. Yfirlit yfir öll langtímalán er sýni stöðu þeirra í upphafi árs, lántökur, afborganir, verðbætur/gengismun, stöðuna í árslok, gjaldfallna vexti, gjaldfallnar afborganir og afborganir á næsta ári.
e. Greinargerð um vaxtaútreikning milli mjólkurbús og rekstraraðila/mjólkurbús og vegna stofnsjóðs og varasjóðs.
f. Skýrsla um fjárfestingar og viðhald. Sé um umtalsverðar fjárfestingar eða viðhald að ræða skal viðkomandi mjólkurbú láta fylgja staðfesta heimild til framkvæmdanna, sbr. samning Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði á grundvelli 48. gr. laga nr. 46/1985.
g. Yfirlit um myndun grundvallarverðs.
h. Yfirlit yfir magn hrámjólkur sem fer um vinnslustöðina þ.e. innvegið magn +/– aðkeypt/seld hrámjólk.
i. Skýrsla um nýtingu innveginnar mjólkur (fita, undanrenna o.fl.).
j. Greinargerð um hlutdeild í sameiginlegum kostnaði sbr. ákvæði 7. gr.

5. gr.

Við ákvörðun á verðmiðlunarþörf hvers mjólkurbús skulu, auk þess sem um getur í 8. gr., neðangreindir liðir teljast til kostnaðar með eftirfarandi hætti:

1. Af reiknuðum vöxtum af varasjóði mjólkursamlaganna og öðru eigin fé 40%.
2. Af tillögum í varasjóð og aðra eiginfjársjóði 40%.
3. Rýrnun vegna slæmrar nýtingar á innveginni mjólk sbr. 6. gr skal ekki telja með sem kostnað.
4. Verðfellingar eða afslætti frá skráðu heildsöluverði vegna gæðaaffalla skal ekki telja með sem kostnað.

6. gr.

Tekjuskerðing sem hefur orðið vegna slæmrar nýtingar á innveginni mjólk skiptist þannig milli vinnslustöðvar og verðmiðlunarsjóðs við ákvörðun verðmiðlunargjalda:

	Vinnslustöð	Verðmiðl.-sjóður
a. Fiturýrnun	100%	
b. Undanrennurýrnun	50%	50%
c. Nýmjólkurrýrnun	100%	

Hvert mjólkurbú skal skila greinargerð um nýtingu og rýrnun með ársuppgjöri. Heimilt er að veita M.s. Patreksfirði undanþágu frá ákvæðum b-liðar.

7. gr.

Þar sem mjólkurbú er rekið í fjárhagslegum tengslum við annan atvinnurekstur, skal sá hluti sameiginlegs kostnaðar sem bókfærður er á rekstur mjólkurbúsins, grundvallast á sannanlegum kostnaði sem hinn aðilinn leggur til mjólkurbúsins og skal fylgja í gögnum um verðmiðlunarþörf sérstök greinargerð þar um.

8. gr.

Við endanlega ákvörðun verðmiðlunar til hvers mjólkurbús fyrir sig, skal draga frá reiknaðri þörf verðmiðlunar 60% meðalhagnaðar af rekstri þess er varð árin 1990 og 1991 og hann framreiknaður m.v. lánskjaravísitölu í lok hvers árs.

9. gr.

Nú verður reiknuð verðmiðlunarþörf meiri en heimilt er að ráðstafa til verðmiðlunar skv. 2. gr., og skal þá skerða rétt allra búa til verðmiðlunar í sama hlutfalli af reiknaðri verðmiðlunarþörf.

10. gr.

Greiðslum úr verðmiðlunarsjóði vegna rekstrarársins 1992, skal lokið eigi síðar en 31. ágúst 1993.

11. gr.

Ársreikning mjólkurbús ásamt fylgigögnum fyrir árið 1992 skal skila til Framleiðsluráðs landbúnaðarins eigi síðar en 30. mars 1993. Ef reikningsskil mjólkurbús berst síðar, er ekki tryggt að viðkomandi aðili komi til álita við frekari úthlutun úr verðmiðlunarsjóði fyrir árið 1992.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Nr. 401 5. nóvember 1992

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjabæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur verið ákveðið:

1. að einstefna verði á Vestmannabraut frá Skólavegi að Kirkjuvegi.
2. að einstefna verði á Boðaslóð frá Kirkjuvegi að Bessastíg.
3. að einstefna verði á Hásteinsvegi frá Heiðarvegi að Skólavegi.
4. að Foldahraun verði lokað að vestanverðu.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 5. nóvember 1992.

Georg Kr. Lárusson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Ólafsfirði.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Ólafsfirði fyrir árið 1992 skal vera kr. 7 500 fyrir hvern hund, sbr. 2. gr. staflið e í samþykkt um hundahald í Ólafsfirði nr. 81/1988.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt e. lið 2. gr. sbr. og 4. gr. samþykktar nr. 81/1988, skal vera kr. 7 500.

3. gr.

Hreinsunargjald fyrir hunda á lögbýlum skal vera kr. 3 500 fyrir fyrsta hund, en kr. 1 800 fyrir hunda umfram það.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Ólafsfjarðar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

9. nóvember 1992 Nr. 403

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 564 446.
Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 40 626.
Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1992 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 9. nóvember 1992.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s.l. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

a. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, þ.m.t. íbúðarhús á bújörðum, en að undanskildum íbúðarhúsum og íbúðarlóðum sem talin eru í staflið b hér á eftir, hækki um 3,5% og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,035.

b. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í eftirtöldum sveitarfélögum hækki sem hér segir: Kjalarnes (þéttbýli), Sauðárkrókur, Akureyri, Egilsstaðir og Selfoss hækki um 12% og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,12.
Höfn, Eyrarbakki, Stokkseyri og Hveragerði hækki um 7% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 1,07.

c. Matsverð atvinnuhúsnæðis, atvinnulóða og bújarða, þ.m.t. útihús í sveitum og hlunnindi hækki um 1% og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,01.

d. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins um einstakar tegundir fasteigna.

e. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri er gildi tók 1. desember 1991 með síðari breytingum gerðum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríksisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignamatsskrár innihalda einnig þær matsbreytingar er Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hafa gert á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember n.k. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrám Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1992.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 539 15. nóvember 1991.

Fjármálaráðuneytið, 13. nóvember 1992.

Friðrik Sophusson.

Björn Hafsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 – 1992

23. nóvember 1992 813 Nr. 405

AUGLÝSING

um tollafgreiðslugengi í nóvember 1992.

Nýtt tollafgreiðslugengi var skráð 23. nóvember 1992.

Bandaríkjadollar	USD	63,600
Sterlingspund	GBP	96,068
Kanadadollar	CAD	49,427
Dönsk króna	DKK	10,1760
Norsk króna	NOK	9,6885
Sænsk króna	SEK	9,3255
Finnskt mark	FIM	12,2073
Franskur franki	FRF	11,6890
Belgískur franki	BEF	1,9216
Svissneskur franki	CHF	43,7459
Hollenskt gyllini	NLG	35,1721
Þýskt mark	DEM	39,5486
Ítölsk líra	ITL	0,04571
Austurr. sch.	ATS	5,6206
Portúg. Escudo	PTE	0,4414
Spánskur peseti	ESP	0,5511
Japanskt yen	JPY	0,51228
Írskt pund	IEP	103,887
Sérstök dráttarréttindi	XDR	87,7368
ECU – Evrópumynt	XEU	77,6874

Tollverð vöru sem tollafgreidd er frá og með 23. nóvember skal miða við ofanskráð gengi og tekur til allra ótollafgreiddra vara. Um tollvarning sem fengið hefur bráðabirgðatollafgreiðslu eða heimilaður hefur verið tímabundinn innflutningur á skulu gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 605/1987.

Auglýsing þessi er birt til að öðlast gildi þegar í stað, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 605/1987, um tollafgreiðslugengi vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum.

Fjármálaráðuneytið, 23. nóvember 1992.

F. h. r.
Jón H. Steingrímsson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

B 56
Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976.

1. gr.

19. gr. orðist svo:

Útdráttur vinninga í happdrættinu fer fram með tvennum hætti:

A. Með notkun tölvu:

a. Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með þeim hætti að stokknum er snúið, en að því búnu er skráð sú 8 stafa tala sem fram kemur. Er þetta síðan endurtekið þar til fyrir liggur 48 stafa tala.

b. Tölvan er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.

c. Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna.

d. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru settar inn frá lyklaborði tengdu tölvunni og prentast út jafnhliða.

e. Tölvan dregur og prentar út skrá sem verður hluti af vinningaskrá.

f. Sé óskað eftir afriti skrárinnar á segulbandi er það nú gert.

g. Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn til varðveislu af happdrættisráði.

B. Með notkun stokks:

Valdar eru tveggja stafa tölur. Valið fer fram með þeim hætti að stokknum er snúið en að því búnu eru skráðir tveir fyrstu stafir sem upp koma og mynda þeir tölu. Þetta er endurtekið þar til tilskilinn fjöldi talna hefur fengist. Tölurnar verða hluti af vinningaskrá en þær vísa til síðustu tveggja tölustafa í hverju miðanúmeri. Þau miðanúmer sem þannig er vísað til eru vinningsnúmer.

Að útdrætti loknum er prentuð út heildarvinningaskrá sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.

Happdrættisráðið færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdráttarins.

2. gr.

24. gr. orðist svo:

Allir vinningar verðar greiddir án nokkurs frádráttar, þó þannig að sá sem vinning hlýtur er skyldur til þess að kaupa hlut, jafnstóran, í öllum þeim flokkum sem eftir eru á árinu, og verður andvirði hlutarins dregið frá vinningnum og gefinn út ársmiði fyrir. Ef vinningur fellur á ársmiða verður ekki um neinn frádrátt að ræða og eigi heldur ef vinningsupphæð er lægri en endurnýjunarverð hlutamiðans í eitt ár.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. nóvember 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 64, nr. 405–406. Útgáfudagur 23. nóvember 1992.

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 1992

13. nóvember 1992 815 Nr. 407

REGLUGERÐ

um útflutningsleyfi o.fl.

1. gr.

Vöruútflutningur skal vera frjáls nema kveðið sé á um annað í lögum eða öðrum reglugerðum. Þó skal útflutningur á vörum sem taldar eru upp hér á eftir vera háður leyfi utanríkisráðuneytisins:

Tollskrárnúmer	Vörutegund
0301	Lifandi fiskur
0302	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304
0305.2001	Grásleppuhrogn, söltuð

2. gr.

Ekki þarf leyfi til að flytja úr landi sýnishorn sem eru ætluð til kynningar á viðkomandi vöru. Sama gildir um gjafir og póstsendingar að sama verðmæti og gildir um tollfrjálsan innflutning ferðamanna.

3. gr.

Ráðuneytið getur bundið útflutningsleyfi skilyrðum sem nauðsunleg þykja, þ. á m. um sölukjör, lánskjör, meðferð skjala o.fl.

Ráðuneytið getur krafist þess að útflytjendur veiti upplýsingar um allt er varðar sölu og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda, svo sem um verð, umboðslaun o.s.frv. Ennfremur að lagðir séu fram endanlegir sölureikningar eða önnur gögn yfir vöru sem flutt var út í umboðssölu.

4. gr.

Starfsmönnum ráðuneytisins sem veita viðtöku upplýsingum frá útflytjendum skv. 3. gr. er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þar kemur fram og leynt á að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi, sbr. 32. gr. laga nr. 38/1954.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. gr. laga nr. 4/1988 um útflutningsleyfi o.fl. og öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 27/1988 um útflutningsleyfi o.fl.

Utanríkisráðuneytið, 13. nóvember 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir móttöku og förgun úrgangs. Sorpmálanefnd sveitarfélaga á Miðhéraði, Egilsstaðabær, Fellahreppur, Vallahreppur. Förgunarstaður í Tjarnarlandi, Hjaltastaðaþinghá. Móttökustöð á Egilsstöðum.

1. Almenn ákvæði.

1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku, flokkun, endurvinnslu, pökkun og urðun úrgangs fyrir athafnasvæði sorpmálanefndar Miðhéraðs.

1.2. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.3. Sorpmálanefndinni er skylt að sjá um að góðrar umgengni sé gætt á athafnasvæðum nefndarinnar. Úrgang og annað rusl, svo sem pappír og plast, sem kann að berast út fyrir athafnasvæðin skal hreinsa upp jafnóðum.

1.4. Öll brennsla úrgangs á athafnasvæðunum er óheimil. Óski rekstraraðili að koma upp brennsluofni þarf að fá sérstakt starfsleyfi fyrir slíkan rekstur.

1.5. Óski rekstraraðili eftir því að gera umtalsverðar breytingar á rekstrinum, skal sækja um nýtt starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins, í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990.

1.6. Komi fram mengun frá starfseminni, sem ekki er í samræmi við gögn sem lögð eru fram með umsókn um starfsleyfi ber rekstraraðila að stöðva áframhaldandi mengun, á sinn kostnað, og hreinsa þá mengun sem þegar hefur orðið.

1.7. Hollustuvernd ríkisins getur, að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis, lagt til við umhverfisráðherra, að starfsleyfi þetta verði endurskoðað, ef í ljós kemur að frá starfseminni sé hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða röskun lífríkis.

1.8. Ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990, gilda um starfsemi fyrirtækisins eftir því sem nánar er fyrirmælt í starfsleyfi þessu.

2. Ákvæði til varnar mengunar ytra umhverfis.

2.1. Móttöku- og flokkunarstöð að Tjarnarási 11, Egilsstöðum.

2.1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku og vinnslu neyslu- og framleiðsluúrgangs svo og sérstaks úrgangs. Móttaka sóttmengaðs úrgangs, geislavirks úrgangs, svo og sprengiefna er óheimil nema samkvæmt sérstöku starfsleyfi. Koma skal upp móttöku fyrir spilliefni í samræmi við ákvæði þar um.

2.1.2. Við athafnasvæðin skulu vera leiðbeiningaskilti með greinilegri áletrun um afgreiðslutíma og hvar móttaka einstakra efna fari fram.

2.1.3. Athafnasvæði skal vera afgirt. Hlið á girðingu skulu vera læst utan afgreiðslutíma.

2.1.4. Á þjónustusvæðinu skal koma fyrir söfnunarstöðvum (gámastöðvum) á heppilegum stöðum, þar sem almenningur og smærri fyrirtæki geta losað sig við flokkaðan úrgang. Koma skal upp leiðbeiningaskiltum með upplýsingum um flokkun úrgangsins eftir því sem ákveðið kann að vera hverju sinni. Í samráði við viðkomandi sveitarfélög, skal koma greinargóðum upplýsingum til almennings um rekstur og tilgang þessara söfnunarstöðva.

2.1.5. Þeir aðilar sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins. Sveitarstjórn sér um alla söfnun og aðflutning neysluúrgangs. Allan úrgang sem hætta er á að fjúki eða valdi öðrum umhverfispjöllum í flutningi skal flytja í lokuðum gámum eða vögnum.

2.1.6. Brotamálmum skal koma til endurvinnslu eftir því sem tök eru á. Áður en vinnsla brotamálma fyrir flutning fer fram skal fjarlægja alla vökva úr bifreiðum, vélum, þrýstikerfum og tækjum, s. s. smurolíur, þrýstiolíur, kælivökva og eldsneyti. Vökva þessa skal endurnýta eftir því sem kostur er á en að öðrum kosti farga reglum samkvæmt.

2.1.7. Fjarlægja skal klórflúorkolefni (CFC) og halon af öllum búnaði sem inniheldur slík efni og berst til móttökustöðvar. Skal það gert með aðferðum og tækjum sem tryggja að efnin berist ekki út í umhverfið. Tegundum skal haldið aðskildum og þær geymdar í ílátum sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt til slíkra nota. Klórflúorkolefni (CFC) og halon skulu fara til endurvinnslu eða til förgunar hjá viðurkenndum aðila.

2.1.8. Fyrir vinnslu rafgeyma skal geyma þá í sýruheldum ílátum. Geymasýru skal safna saman, sía og stilla af sýrustig pH 5 - 9 áður en henni er fargað. Blýagnir úr geymasýru skal skilja frá og þeim komið til endurvinnslu eða fargað sem hættulegum úrgangi.

2.1.9. Gengið skal úr skugga um með efnagreiningu að allir rafspennar, rofar og þéttar, sem fyrirtækið tekur á móti innihaldi ekki PCB, þetta skal framkvæmt áður en olía er fjarlægð af búnaði. Ef olía af slíkum búnaði, inniheldur meira en 50 ppm af PCB skal henni fargað sem umhverfismengandi úrgangi. Ef kælivökvi eða olíur úr búnaði innihalda meira en 2000 ppm af PCB er vinnsla búnaðarins óheimil og ber að farga honum samkvæmt fyrirmælum Hollustuverndar ríkisins. Sýnataka og efnagreining skal framkvæmd af aðila sem er viðurkenndur af Hollustuvernd ríksins.

2.1.10. Á svæðum þar sem vökvar eru tæmdir af bifreiðum, bifreiðahlutum, vélum og öðrum slíkum búnaði, og þar sem unnið er með rafspenna, rofa eða þétta skal vera steypt undirlag. Á fráveitu frá þessum undirlögum skulu vera olíuskiljur. Olíuskiljubúnaður skal vera í samræmi við leiðbeiningar útgefnar af Hollustuvernd ríkisins.

2.1.11. Stærð og gerð olíuskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni sé ekki meiri en 15 mg/l. Aðstaða skal vera til sýnatöku af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskiljum.

2.1.12. Neysluúrgang og þann hluta framleiðslu- og sérstaks úrgangs sem ekki verður nýttur eða endurunninn skal þjappa saman, eftir því sem unnt er, með þar til gerðum búnaði og flytja til urðunar í lokuðum gámum eða vögnum. Úrgangspressu og tilheyrandi búnað, svo sem móttökusíló skal þrífa vandlega í lok hverrar vinnuvaktar, þegar unnið hefur verið með neysluúrgang.

2.1.13. Halda skal dagbók um rekstur úrgangspressunnar. Þar skal skrá rekstrartíma, upplýsingar um þrif, mat á umhverfisáhrifum, hugsanlegar kvartanir vegna starfseminnar og annað sem máli skiptir. Eftirlitsaðila skal veittur aðgangur að dagbók, sé þess óskað.

2.1.14. Koma skal upp móttökuaðstöðu þar sem almenningi gefst kostur á að losna við spilliefni. Móttökuaðstaða skal vera læst utan þess sem opnað er fyrir einstaka viðskiptavini.

2.1.15. Í móttökuaðstöðu skal spilliefnum og hættulegum efnum, samkvæmt viðauka 4 í mengunarvarnareglugerð safnað, pakkað og búin til flutnings til viðurkenndrar móttökustöðvar og eyðingar. Í samvinnu við heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis og Hollustuvernd ríkisins skal rekstraraðili standa fyrir kynningu og reglulegri innsöfnun á slíkum úrgangi. Kynningin skal ná bæði til almennings og fyrirtækja.

2.1.16. Haga skal aðstöðu við móttökusvæði spilliefna á þann veg að í stað fráveitu frá því svæði séu öll fljótandi spilliefni sem hugsanlega fara niður fönguð með ídrægum efnum eða fönguð í lokaða tanka, þaðan sem hægt er að ná þeim til baka. Sérstök ídræg efni skulu ávallt vera til staðar til að hreinsa upp olíu- og leysiefnaúrgang sem kann að fara til spillis.

2.1.17. Þeir aðilar sem annast flutninga á spilliefnum fyrir rekstraraðila skulu hafa til þess búnað viðurkenndan af heilbrigðiseftirliti Austurlands.

2.1.18. Fráveitulagnir frá móttökusvæðum skulu búnar olíuskiljum. Allar fráveitulagnir skulu að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990. Brunnar til sýnatöku á fráveituvatni skulu vera á fráveitu.

2.1.19. Verktakar sem annast úrgangsmeðhöndlun fyrir rekstraraðila skulu hlýta ákvæðum starfsleyfis þessa hvað mengunarvarnir varðar.

2.1.20. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að varna foki á þeim efnum sem endurunnin eru og geymd á útisvæði eftir vinnslu.

2.1.21. Fyrirbyggja skal að vargfugl eða meindýr taki sér bólfestu eða eigi sér viðverustað á athafnasvæðum rekstraraðila.

2.1.22. Takmarka skal umhverfishávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðarmörk skal ekki vera meiri en 70 $dB(_A)$Leq. Ef um greinilega ríkjandi tón eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða skal lækka mörkin um 5 $dB(_A)$Leq.

2.2. Urðunarstaður í Tjarnarlandi.

2.2.1. Förgun úrgangs, eftir meðhöndlun í móttökustöð, fari einungis fram á þar til útbúnum stað, þ. e. á urðunarstað í Tjarnarlandi.

2.2.2. Allt athafnasvæðið skal girt traustri girðingu. Hlið skulu einungis opin á þeim tímum sem urðun stendur yfir. Takmarka skal aðgang annarra að svæðinu en rekstrar- og eftirlitsaðila.

2.2.3. Ekki skal vera nema eitt urðunarsvæði í notkun samtímis. Með urðunarsvæði er átt við afmarkaðar urðunarreinar sem ekki ná yfir stærra svæði en 1 hektara.

2.2.4. Botn urðunarsvæðis skal vera hallandi og fráveiturás þar sem hann er lægstur. Lagnir skulu við það miðaðar að geta flutt frá svæðinu grunnvatn er kann að flæða um botn gryfjunnar svo og sigvatn úr urðunarstæðu. Miðað skal við að stöðugt vatnsborð nái ekki upp í úrgang sem lagður hefur verið í urðunargryfju. Koma skal fyrir mælibrunnum til að fylgjast með vatnshæð og til sýnatöku. Hollustuvernd ríkisins getur, ef niðurstöður mælinga samkvæmt ákvæðum greinar 3.2. gefa tilefni til, gert kröfur um hreinsun fráveituvatns.

2.2.5. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunargryfju skal þakinn samdægurs. Við frágang endanlegs þekjulags skal koma fyrir jarðlögum til þéttingar og mótun þekjulags skal vera með þeim hætti að sigvatn verði sem minnst. Þykkt endanlegs þekjulags skal vera minnst 100 cm. Í efsta lagið skal sá grasfræi.

2.2.6. Koma skal í veg fyrir fok á urðunarstaðnum. Fokvarnir skulu vera til staðar.

2.2.7. Fyrirbyggja skal að vargfugl og meindýr taki sér bólfestu eða eigi sér viðverustað á athafnasvæðinu.

2.2.8. Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðarmörk má ekki vera meiri en 70 $dB(_A)$Leq. Ef um greinilega ríkjandi tón eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða skal lækka mörkin um 5 $dB(_A)$Leq.

3. Mælingar og eftirlit.

3.1. Áður en starfsemi hefst skal fara fram sýnataka úr fráveitu. Að loknu fyrsta starfsári urðunarstaðar skal taka sýni og greina úr sýnatökubrunnum og síðan árlega eftir það. Þetta fyrirkomulag mælingaeftirlits skal endurskoða á grundvelli mæliniðurstaðna að lokinni þriggja ára starfsemi ef Hollustuvernd ríksins eða fyrirtækið óska þess.

3.2. Greina skal eftirfarandi í vatnssýnum frá urðunarstað.

Heildarfosfór	Heildarköfnunarefni
Kadmíum (Cd)	Kvikasilfur (Hg)
Blý (Pb)	Járn (Fe)
Súrefnisþörf (COD)	Sýrustig (pH)
	Hitastig (°C)

3.3. Sorpmálanefnd Miðhéraðs skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinganna og fá til þess hæfa aðila. Beita skal aðferðum sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir. Efnagreiningar fari fram af viðurkenndum aðila.

3.4. Niðurstöður mælinga skal senda Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðiseftirliti Austurlandssvæðis þegar þær liggja fyrir.

3.5. Hollustuvernd ríkisins hefur eftirlit með mælingum og mæliaðferðum. Nákvæmt mat á niðurstöðum og hugsanlegar samanburðarmælingar skulu fara fram í samræmi við ákvæði gildandi mengunarvarnareglugerðar. Hollustuvernd ríkisins skal upplýsa sorpmálanefnd Miðhéraðs og heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis um niðurstöður matsins, eins fljótt og auðið er.

3.6. Reglulegt viðhald í samræmi við áætlun þar um skal vera á öllum mengunarvarnabúnaði. Eftirlitsáætlun er til endurskoðunar á þriggja ára fresti ef Hollustuvernd ríkisins eða fyrirtækið óska þess.

3.7. Á hverri vinnuvakt á athafnasvæðum fyrirtækisins skal starfa vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum fyrirtækisins. Vaktstjóri skal hafa þekkingu á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Fyrirtækið skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðilar eða aðrir geta haft samband við ef þörf krefur utan afgreiðslutíma fyrirtækisins.

3.8. Fulltrúar rekstraraðila skulu a. m. k. á þriggja ára fresti koma á sameiginlegan fund með fulltrúum frá Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráði og heilbrigðisnefnd Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðar eystri. Á þessum fundum skal ræða um niðurstöður eftirlits- og umhverfismælinga og rekstur mengunarvarna við úrgangsmeðhöndlun og förgun.

3.9. Einu ári eftir að pressubúnaður fyrir úrgang tekur til starfa skal fara fram athugun á umhverfisáhrifum af þeirri starfsemi. Sú athugun skal framkvæmd í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Kanna skal að hve miklu leyti fyrirtæki á svæðinu hafa haft óþægindi vegna lyktarmengunar frá starfseminni. Hollustuvernd ríkisins getur, ef niðurstöður athugunar gefa tilefni til, gert kröfur um auknar mengunarvarnir varðandi starfsemi pressubúnaðar.

4. Gjaldskylda.

4.1. Starfsemi sorpmálanefndar á Miðhéraði er flokkað í gjaldskrárflokk, sbr. flokkun starfsleyfisskyldra fyrirtækja með tilliti til mengunarhættu og fyrirkomulags eftirlits samkvæmt mengunarvarnareglugerð eins og hún er hverju sinni. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við eftirlit Hollustuverndar ríkisins, samanber þriðja kafla reglugerðarinnar.

5. Gildistaka.

5.1. Starfsleyfi þetta gildir til 1. janúar 1998 og er veitt í samræmi við ákvæði greinar 8.4. í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um starfsleyfi nr. 153/1992.

Reykjavík, 16. nóvember 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um dómþinghár og þingstaði, nr. 58 5. febrúar 1992.

1. gr.

Í b-lið 6. töluliðs 1. gr. falla niður orðin „Lögreglustöðin Neskaupstað“, en í stað þeirra kemur: Skrifstofa sýslumanns.

2. gr.

Í 3. mgr. 2. gr. falla niður orðin „á tveggja vikna fresti“, en í stað þeirra kemur: tvisvar í mánuði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. nóvember 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

Nr. 410 28. október 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 579/1989 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.

1. gr.


5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Frostmerkingar stórgripa.


5.1. Búnaðarfélag Íslands skal hafa yfirumsjón með frostmerkingum stórgripa og leiðbeinir um framkvæmd þeirra. Frostmerkingar hrossa skulu framkvæmdar af trúnaðarmönnum Búnaðarfélags Íslands og búnaðarsambanda, í samræmi við grunnskráningu Búnaðarfélags Íslands fyrir folöld og eldri hross. Þegar frostmerking hefur farið fram með viðurkenndu kerfi skal hún skráð í gagnabanka félagsins og telst þá fyrst fullgild. Heimilt er að nota tvenns konar frostmerkingakerfi fyrir hross, og skal í báðum tilvikum frostmerkja fæðingarnúmer á hrossin. Fæðingarnúmer er 8-stafa kennitala sem notuð er við skráningu hrossa á vegum Búnaðarfélags Íslands. Fyrstu tveir stafir númersins eru síðari tveir stafir fæðingarárs hrossins, þriðji stafur er fyrir kynferði hrossins (1: hestur, 2: hryssa). Næstu tveir stafir er númer upprunahéraðs hrossins og síðustu þrír tölustafir eru raðnúmer.

Eftirfarandi merkjakerfi sem lýst er í 5.1.1. og 5.1.2. skal nota við frostmerkingu hrossa en heimilt er að nota annað kerfi fyrir nautgripi í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Hross skulu frostmerkt á háls eða bak og nautgripir aftan á læri og malir.

Mynd I



Mynd II



5.1.1. Annað frostmerkið er samsett úr átta táknum sem gerð eru úr réttum hornum og samsíða línum. Táknin merkja tölustafina frá 0 til 9, sbr. mynd I. Merkið er þannig byggt upp að fremst er ⅃ sem táknar að hrossið er fætt á Íslandi. Þá koma tvö tákn, hvort upp af öðru sem merkja síðustu tvo tölustafi í fæðingarári hrossins en þriðja tákn merkir kyn þar sem II táknar hest og ⌐ táknar hryssu. Þá koma tvö tákn fyrir upprunahérað og að síðustu þrjú tákn fyrir raðnúmer, sbr. mynd II.
Að fengnu leyfi Búnaðarfélags Íslands er heimilt að bæta aftan við frostmerkið bæjartákni en sömu reglur gilda um sammerkingar þar og um stórgripamörk.

5.1.2. Hitt frostmerkið er samsett úr tölustöfum og bókstaf. Er fyrsti tölustafur síðasti stafur fæðingarárs hrossins, næst kemur einkennisstafur eða númer upprunahéraðs, sbr. töflu. Að síðustu koma þrjár tölur sem eru raðnúmer.

Upprunahérað		
Númer	Einkennis-stafur	Landsvæði
25	R	Kjalarnesþing.
35	B	Borgarfjarðarsýsla, Akranes.
36	M	Mýrasýsla, Borgarnes.
37	P	Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
38	D	Dalasýsla.
45	F	Vestfirðir, nema Strandasýsla.
49	T	Strandasýsla.
55	V	V-Húnavatnssýsla.
56	H	A-Húnavatnssýsla.
57	K	Skagafjarðarsýsla, vestan Héraðsvatna, Hegranes og Sauðárkrókur.
58	W	Skagafjarðarsýsla, austan Héraðsvatna og Siglufjörður.
65	A	Eyjafjarðarsýsla, Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörður.
66	E	S-Þingeyjarsýsla, Húsavík.
67	N	N-Þingeyjarsýsla.
75	S	N-Múlasýsla, Seyðisfjörður.
76	U	S-Múlasýsla, Neskaupstaður, Eskifjörður.
77	Z	A-Skaftafellssýsla, Höfn.
84	O	Rangárvallasýsla, austan Eystri-Rangár.
85	Y	V-Skaftafellssýsla.
86	L	Rangárvallasýsla, vestan Eystri-Rangár.
87	X	Árnessýsla, nema uppsveitir, Selfoss, Vestmannaeyjar.
88	I	Árnessýsla, uppsveitir.

5.2. Að lokinni frostmerkingu skal trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands gefa út vottorð til eiganda með upplýsingum um gripinn og afprentun af frostmerkinu og öðrum atriðum sem þurfa þykir.

5.3. Við eigendaskipti skal frostmerkingarvottorðið fylgja gripnum og skal hinn nýi eigandi tilkynna eigendaskiptin til Búnaðarfélags Íslands. Óheimilt er að slátra frostmerktu hrossi eða flytja úr landi nema vottorðinu sé framvísað svo og staðfestingu Búnaðarfélags Íslands um hver sé skráður eigandi gripsins.

2. gr.

11. og 13. tl. 3. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

11.3.11. **Suður-Þingeyjarsýsla og Kelduneshreppur**. Bannaðar eru sammerkingar í Þingeyjarsýslum. Skútustaðahreppur og Bárðdælahreppur austan Skjálfandafljóts og þeir bæir í Reykdælahreppi sem rétt hafa til að nota afrétti sunnan byggða mega ekki hafa sammerkt við Norður-Múlasýslu norðan Lagarfljóts og Fljótsdalshrepp. Svæðið á milli Skjálfandafljóts og Jökulsár á Fjöllum norðan Skútustaðahrepps og Bárðdælahrepps má ekki hafa sammerkt við Norður-Múlasýslu norðan Jökulsár á Brú. Bannaðar eru sammerkingar þeirra svæða í Suður-Þingeyjarsýslu sem eiga eða nota afrétti sunnan byggða í sýslunni, við Árnessýslu austan Hvítár, Ása- og Djúpárhreppa í Rangárvallasýslu og Akrahrepp í Skagafjarðarsýslu. Bannaðar eru sammerkingar við Eyjafjarðarsýslu. Austan Skjálfandafljóts má þó vera sammerkt við Eyjafjarðarsýslu norðan Hörgár. Vestan Skjálfandafljóts eru bannaðar sammerkingar við Lýtingsstaðahrepp, Seyluhrepp, Eyhildarholt í Rípurhreppi og Akrahrepp í Skagafjarðarsýslu.

11.3.13. **Múlasýslur.** Bannaðar eru sammerkingar í Múlasýslum. Þó má Suður-Múlasýsla hafa sammerkt við Vopnafjarðarhrepp og Skeggjastaðahrepp í Norður-Múlasýslu. Sunnan Jökulsár á Brú má ekki vera sammerkt við Austur-Skaftafellssýslu austan Hornafjarðarfljóts. Fljótsdalshreppur og svæðið norðan Lagarfljóts má ekki hafa sammerkt við Skútustaðahrepp, Bárðdælahrepp austan Skjálfandafljóts, þá bæi í Reykdælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu sem rétt hafa til að nota afrétti sunnan byggða, og Norður-Þingeyjarsýslu. Norðan Jökulsár á Brú má ekki hafa sammerkt við svæðið á milli Skjálfandafljóts og Jökulsár á Fjöllum, norðan Skútustaðahrepps og Bárðdælahrepps.

3. gr.

Litamerking búfjár eftir varnarsvæðum fer eftir viðaukum I og II með reglugerð þessari, sbr. nánari væði í 4. gr. rg. nr. 579/1989.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í IX. kafla laga nr. 6 21. mars 1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. og 45. gr. laga nr. 23 10. mars 1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. október 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Viðauki I:

Varnarsvæði og litarmerking
Litarmerkingu búfjár með varanlegum litum skal haga eftir búsetu sem hér segir:

Varnarsvæði:	Litur:	Varnarlínur:
1. Landnámshólf	Svartur	*Sogslína:* Ölfusá og Sog. Þingvallavatn. Bláskógalína úr Þingavallavatni í Kvígindisfell. Hvalfjarðarlína frá Kvígindisfelli um Hvalvatn í Hvalfjörð við Múlafjall.
2. Borgarfjarðarhólf syðra	Gulur	*Hvalfjarðarlína* úr Hvalfirði við Múlafjall um Hvalvatn og Kvígindisfell að Matbrunnum við Uxahryggi. Andakílslína frá Matbrunnum um Reyðarvatn og Skorradalsvatn í Andakíl.
3. Borgarfjarðarhólf nyrðra	Hvítur	*Andakílslína.* *Hvalfjarðarlína* frá Matbrunnum að Hrúðurkörlum við Þórisjökul. *Tvídægrulína* frá Langjökli um Arnarvatn að Kvíslavötnum. *Hvítársíðulína* frá Kvíslavötnum að Hvítá við Bjarnastaði. *Hvítá* þaðan til ósa.
4. Mýrahólf	Appelsínugulur	*Hvítá* í Borgarfirði, Hvítársíðulína, Tvídægrulína frá Kvíslavötnum að Svínadal norðan Tröllakirkju. *Dalalína* nálægt suðurmörkum Dalasýslu frá Svínadal að Hítará. *Hítará.*
5. Hnappadalshólf	Bleikur	*Hítará, Dalalína* frá Hítará til Skógarstrandar. *Snæfellsneslína* úr Álftafirði í Skógarnes.
6. Snæfellsnesshólf	Ljósblár	Snæfellsnes vestan *Snæfellsneslínu.*
7. Dalahólf syðra	Sítrónugulur	*Dalalína* nálægt suðurmörkum Dalasýslu frá Skógarströnd að Svínadal inn af Haukadal. *Tvídægrulína* frá Svínadal að Skeggöxl vestan Hrútafjarðar. *Hvammsfjarðarlína* þaðan til Hvammsfjarðar milli Þorbergsstaða og Hrútsstaða.
8. Dalahólf nyrðra	Svartur	*Hvammsfjarðarlína* úr Hvammsfirði um Laxárdalsheiði til Hrútafjarðar. *Gilsfjarðarlína* úr Gilsfirði í Bitrufjörð.
9. Steingrímsfjarðarhólf	Ljósblár	*Gilsfjarðarlína, Berufjarðarlína* í *Þorskafjarðarlínu* á Kollabúðaheiði, þaðan í Steingrímsfjörð sunnan Hrófbergs.
10. Reykjanesshólf	Hvítur	*Berufjarðarlína* úr Berufirði í Þorskafjarðarlínu. *Þorskafjarðarlína* úr Þorskafirði vestan Hjalla.
11. Mið-Vestfjarðahólf	Gulur	*Þorskafjarðarlína* úr Þorskafirði í Steingrímsfjörð. *Kollafjarðarlína* úr Kollafirði um Gjörvidal í Ísafjörð.
12. Vestfjarðahólf	Grænn	*Kollafjarðarlína, Mjólkárlína* sunnan Mjólkár. *Rauðasandslína* úr Stálfjalli um Skarðabrúnir að Kleifaheiði. *Arnarfjarðarlína* þaðan eftir fjallgarðinum í Trostansfjörð.
13. Rauðasandshólf	Fjólublár	*Rauðasandslína* úr Stálfjalli um Skarðabrúnir og Kleifaheiði í Ósafjörð.
14. Arnarfjarðarhólf	Hvítur	*Rauðasandslína* úr Ósafirði að Kleifaheiði, *Suðurfjarðalína* þaðan í Trostansfjörð.
15. Miðfjarðarhólf	Grænn	*Hvammsfjarðarlína* úr Hrútafirði sunnan Fjarðarhorns að Skeggöxl. *Tvídægrulína* frá Skeggöxl um Kvíslavötn í Arnarvatn. *Miðfjarðarlína* úr Arnarvatni um Miðfjarðarvatn í Miðfjörð.
16. Vatnsnesshólf	Fjólublár	*Miðfjarðarlína* í Miðfjarðarvatn. *Vatnsnesslína* úr Miðfjarðarvatni í Síðukrók við Víðidalsá.
17. Húnahólf	Ljósbrúnn	*Vatnsnesslína, Miðfjarðarlína* úr Miðfjarðarvatni í Arnarvatn. *Tvídægrulína* úr Arnarvatni í Langjökul, *Kjalarlína* úr Langjökli að Blöndu, Blanda.


18. Skagahólf	Bleikur	*Blanda, Kjalarlína* frá Blöndu að Hofsjökli, *Héraðsvatnalína* þ.e. Jökulsá eystri og Héraðsvötn.
19. Skagafjarðarhólf	Gulur	*Héraðsvatnalína* og *Tröllaskagalína* á mörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna og milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.
20. Eyjafjarðarhólf vestra	Dökkblár	*Tröllaskagalína.* *Eyjafjarðarlína* úr Eyjafjarðará austan megin, sunnan Bringu.
21. Eyjafjarðarhólf eystra	Appelsínugulur	*Eyjafjarðarlína* og *Skjálfandafljót. Fjórðungakvísl.*
22. Skjálfandahólf	Hvítur	*Skjálfandafljót. Gæsafjallalína* norðan Skútustaðahrepps. *Jökulsá á Fjöllum.*
23. Öxarfjarðarhólf	Grænn	*Jökulsá á Fjöllum, Hólsfjallalína* austan Fjalla- og Öxarfjarðarhreppa. *Sléttulína* sunnan Melrakkasléttu.
24. Sléttuhólf	Gulur	Melrakkaslétta norðan *Sléttulínu.*
25. Norðausturl.hólf	Fjólublár	*Sléttulína, Hólsfjallalína, Jökulsá á Fjöllum, Jökulsá á Brú.*
26. Héraðshólf	Ljósbrúnn	*Jökulsá á Brú, Lagarfljót, „Hallormsstaðalína", Jökulsá í Fljótsdal.*
27. Austfjarðahólf	Bleikur	*Lagarfljót* frá ósum að Grímsá og *Reyðarfjarðarlína* frá Grímsá um Sandfell og Áreyjatind í Reyðarfjörð.
28. Suðurfjarðahólf	Ljósblár	*Reyðarfjarðarlína, „Hallormsstaðalína úr Grímsá", Jökulsá í Fljótsdal, Hamarsá* í Hamarsfirði og *Hornafjarðarfljót* (eystri kvísl).
29. Suðursveitarhólf	Svartur	*Hornafjarðarfljót* og *Jökulsá á Breiðamerkursandi.*
30. Öræfahólf	Hvítur	*Jökulsá á Breiðamerkursandi* og *Skeiðarársandslína* við Sandgýgjukvísl.
31. Síðuhólf	Bleikur	*Skeiðarársandslína,* Skaftá, *Eldhraunslína* úr Skaftá í Kúðafljót.
32. Skaftártunguhólf	Fjólublár	*Eldhraunslína,* Skaftá, Tungnaá, *Kýlingalína* við Kirkjufellsvatn. *Hólmsárlína.*
33. Álftavershólf	Dökkblár	*Kúðafljót og Hólmsá, Mælifellslína* á Mælifellssandi, *Mýrdalssandslína* úr Moldheiði í Blautukvísl.
34. Mýrdalshólf	Gulur	*Mýrdalssandslína* og *Sólheimasandslína* vestan Jökulsár.
35. Rangárvallahólf	Grænn	*Sólheimasandslína, Markarfljót* og Syðri-Emstruá, *Mælifellslína, Kýlingalína,* Tungnaá, *Sprengisandslína, Ytri-Rangá, Þjórsá.*
36. Árnesshólf	Ljósblár	*Þjórsá, Kjalarlína* úr Hofsjökli í Langjökul norðan Hveravalla, Hvítá, *Hlíðabæjalína* úr Hagavatni í Brúará, *Brúará, Hvalfjarðarlína* úr Hrúðurkörlum við Þórisjökul í Kvígindisfell, *Bláskógalína* þaðan í Þingvallavatn vestan Þjóðgarðs, *Sogslína* þ.e. Þingvallavatn, Sog og Ölfusá til ósa.

Varnarsvæði:

1. Landnámshólf
2. Borgarfjarðarhólf syðra
3. Borgarfjarðarhólf nyrðra
4. Mýrahólf
5. Hnappadalshólf
6. Snæfellsnesshólf
7. Dalahólf syðra
8. Dalahólf nyrðra
9. Steingrímsfjarðarhólf
10. Reykjanesshólf
11. Miðvestfjarðahólf
12. Vestfjarðaólf
13. Rauðasandshólf
14. Arnarfjarðarhólf
15. Miðfjarðarhólf
16. Vatnsnesshólf
17. Húnahólf
18. Skagahólf
19. Skagafjarðarhólf
20. Eyjafjarðarhólf vestra
21. Eyjafjarðarhólf eystra
22. Skjálfandahólf
23. Öxarfjarðarhólf
24. Sléttuhólf
25. Norðausturlandshólf
26. Héraðshólf
27. Austfjarðahólf
28. Suðurfjarðahólf
29. Suðursveitarhólf
30. Öræfahólf
31. Síðuhólf
32. Skaftártunguhólf
33. Álftavershólf
34. Mýrdalshólf
35. Rangárvallahólf
36. Árneshólf

Litamerking búfjár á Íslandi

Svæðaskipting



Tilraunastöðin á Keldum og Sauðfjárveikivarnir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi 1. desember 1992:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 189, 22. maí 1992:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . 0,37%.

Iðnaðarráðuneytið, 25. nóvember 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 412 24. nóvember 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar nr. 160/1982 með síðari breytingum.

1. gr.

53. gr. orðast svo:

Heilsugæsla í skólum.

53.1 Heilsugæslustöðvar annast heilsugæslu í skólum samkvæmt lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.

53.2 Starfsfólki heilsugæslustöðvar ber að gefa sérstakan gaum að börnum á skólaskyldualdri með seinkaðan greindarþroska, hegðunarvandkvæði og erfiðar félagslegar aðstæður og leiðbeina þeim og fjölskyldum þeirra. Samráð skal hafa við kennara þessara barna og sálfræðiþjónustu skóla heilsugæslusvæðisins.

53.3 Fylgst skal með að fötluð börn fái sérstaka þjálfun við sitt hæfi í tengslum við skólaleikfimi eða með öðrum hætti.

53.4 Tannlæknir við heilsugæslustöð annast tannvernd skólanemenda á heilsugæslusvæðinu.

53.5 Haft skal eftirlit með vinnuaðstöðu nemenda og vinnutíma í skólum.

53.6 Landlæknisembættið gefur út nánari leiðbeiningar um framkvæmd skólaheilsugæslu og skýrslugerð þar að lútandi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. nóvember 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 350 21. september 1992 um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Við upptalningu í 1. gr. bætist:

Tollskrárnr.	Jöfnunartollur kr/kg
1905.9050	70

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. desember 1992.

Fjármálaráðuneytið, 27. nóvember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Rúna S. Geirsdóttir.

18. nóvember 1992 Nr. 414

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla.

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku eftirtalinna breytinga samkvæmt 1. gr. laganna.

1. Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr. Frestað er niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll. Ennfremur er frestað færslu Stórólfshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólsstaðarprestakall.

2. Í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi sbr. VII. lið 1. gr. Frestað er niðurlagningu Söðulholtsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Staðastaðarprestakall. Ennfremur er frestað stofnun Ingjaldshólsprestakalls.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 1. janúar 1994.
Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. nóvember 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Þór Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um innflutning og innflutningsleyfi.

1. gr.

Innflutningur á vöru og þjónustu til landsins skal vera óheftur nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Séu í gildi innflutningstakmarkanir á einstöku sviði skal þó heimilt að flytja til landsins vörur sem ætlaðar eru fyrir sendiráð erlendra ríkja og aðra sem samkvæmt lögum, milliríkjasamningum eða venju njóta hér tollfrelsis. Ákvæði þetta á þó ekki við um vörur sem hætta telst á að smitefni geti borist með til landsins.

2. gr.

Þegar undanþágur eru veittar frá innflutningshömlum skal innheimt sérstakt 1% gjald, leyfisgjald, af þeirri fjárhæð sem um ræðir hverju sinni. Gjaldið skal innheimt af þeim aðila sem hefur milligöngu um gjaldeyrissölu vegna innflutningsins og skilað í ríkissjóð eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

3. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vöru eða hafa milligöngu um greiðslu til útlanda fyrir vöru eða þjónustu sem háð er innflutningstakmörkunum nema undanþága hafi fengist fyrir innflutningnum.

4. gr.

Á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 88/1992, um innflutning, er innflutningur eftirtalinna vörutegunda óheimill nema til komi undanþága frá viðskiptaráðuneytinu:

Tollskrárnr.	Vörutegund
9603.9000	Burstar og sópar.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 5. gr. laga nr. 88/1992, um innflutning, og öðlast gildi 1. desember 1992. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 313/1990, með síðari breytingum, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

Viðskiptaráðauneytið, 26. nóvember 1992.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 1992

30. nóvember 1992 829 Nr. 416

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 257 24. maí 1989, um bensíngjald.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 591/1991, orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald – bensíngjald – af bensíni. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0012 skal greiða gjald sem nemur 23,04 kr. af hverjum lítra. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0019 skal greiða gjald sem nemur 25,21 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. desember 1992.

Fjármálaráðuneytið, 30. nóvember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

Stjórnartíðindi B 66, nr. 416. Útgáfudagur 1. desember 1992.

B 57
Steindórsprent Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 1992

Nr. 417 830 2. desember 1992

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Kögurgrunni.

1. gr.

Frá og með 4. desember 1992 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°00'N – 23°25'5V
2. 66°57'N – 23°21'V
3. 66°50'N – 23°30'V
4. 66°50'N – 24°30'V
5. 66°52'N – 24°30'V
6. 67°00'N – 23°50'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. desember 1992.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Steindórsprent Gutenberg hf.

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiðum á Seyðisfirði.

1. gr.

Frá og með 4. desember 1992 til og með 31. janúar 1993 eru allar dragnótaveiðar bannaðar á Seyðisfirði innan línu sem dregin er frá Borgarnesi í Skálanes.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegráðuneytið, 2. desember 1992.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 1992

Nr. 419 832 30. nóvember 1992

REGLUGERÐ

um símatorgsþjónustu.

I. KAFLI
Inngangur.

1. gr.

Símatorg er þjónusta sem Póst- og símamálastofnun býður skráðum fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum. Sá sem setur upp upplýsingaþjónustu í Símatorgi nefnist upplýsingaveitandi. Upplýsingar eru lesnar inn á sjálfvirkan svörunarbúnað og er hægt að nálgast þær með því að hringja í sérstök uppkallsnúmer, sem Póst- og símamálastofnun úthlutar upplýsingaveitanda. Sérstakt gjald er tekið þegar hringt er í uppkallsnúmer í Símatorgi. Póst- og símamálastofnun skal ákveða hvaða tegund þjónustu má veita í Símatorgi í samræmi við reglur þessar.

II. KAFLI
Skráning, ábyrgð og þagnarskylda.

2. gr.

Upplýsingaveitandi sem óskar eftir að veita upplýsingaþjónustu í Símatorgi, skal sækja um Símatorgsnúmar til Póst- og símamálastofnunar. Í umsókn komi fram nafn, kennitala og heimilisfang upplýsingaveitanda, ásamt upplýsingum um fyrirhugaða upplýsingaþjónustu. Einnig skal tilgreina hver er ábyrgðarmaður þeirra upplýsinga sem fram eiga að koma í upplýsingaþjónustu.

Enginn upplýsingaveitandi getur fengið eða áskilið sér einkarétt á þjónustu í Símatorgi.

3. gr.

Númer í Símatorgi má aðeins tengja sjálfvirkri svörun.

4. gr.

Póst- og símamálastofnun ber enga ábyrgð á upplýsingum upplýsingaveitanda í Símatorgi. Slík ábyrgð er eingöngu hjá upplýsingaveitanda.

Upplýsingaveitandi og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu gagnvart notendum í samræmi við fjarskiptalög.

5. gr.

Þjónusta í Símatorgi má ekki vera á því sviði sem einkaréttur Póst- og símamálastofnunar nær samkvæmt lögum um fjarskipti.

Steindórsprent Gutenberg hf.

III. KAFLI
Flokkun þjónustu og gjaldtaka.

6. gr.

Uppkallsnúmer eru tengd verðflokki á eftirfarandi hátt:

1. flokkur 99 50 XX (skrefalengd 16 sek.)
2. flokkur 99 51 XX (skrefalengd 12 sek.)
3. flokkur 99 56 XX (skrefalengd 8 sek.)
4. flokkur 99 1X XX (skrefalengd 5 sek.)
5. flokkur 99 2X XX (skrefalengd 3 sek.)

Gjaldflokkar 3, 4 og 5 eru aðeins opnir notendum í stafræna símakerfinu, þ.m.t. farsímakerfinu, sem geta fengið sundurliðaða símreikninga.

Í öllum gjaldflokkum, nema 1. og 2. flokki skal ætíð koma fram í byrjun símtals hvað hver mínúta kostar. Verðkynning skal koma innan 10 sek. eftir að svörun hefst.

7. gr.

Notendur stafræna kerfisins sem þess óska geta látið læsa síma sínum fyrir þjónustu í 3., 4. og 5. flokki eða öllum flokkum í Símatorgi. Hafi síma verið læst fyrir þessa þjónustu og óskað er eftir opnun á ný, skal það gert skriflega.

Fyrsta læsing er endurgjaldslaus, en kostnað af síðari læsingu eða opnun ber notandi.

8. gr.

Efni, sem ætlað er börnum sérstaklega, má ekki taka lengri tíma en 8 mín. og skal vera í 1. gjaldflokki.

IV. KAFLI
Almennar takmarkanir á efni þjónustu í Símatorgi.

9. gr.

Hámarkslengd símtals í Símatorgi skal vera 30 mínútur. Ef notandi gerir enga aðgerð skal sambandið rofið eftir 10 mínútur. Upplýsingaveitandi er ábyrgur fyrir því að búnaður hans rjúfi símtalið þegar þessum hámarkstímum er náð.

10. gr.

Rabblínur, þ.e. þegar fleiri en einn notandi eru tengdir saman, eru ekki leyfilegir í Símatorgi.

Leikir eru einungis leyfðir að fenginni skriflegri heimild Póst- og símamálastofnunar.

11. gr.

Óheimilt er að kynna annað uppkallsnúmer í Símatorgssímtali.

12. gr.

Ekki má bjóða upp á efni sem brýtur gegn almennum siðgæðisreglum.

13. gr.

Ef nauðsynlegt er að breyta uppkallsnúmeri í Símatorgi af tæknilegum ástæðum, er Póst- og símamálastofnun það heimilt enda skal slík breyting tilkynnast upplýsingaveitanda með góðum fyrirvara.

V. KAFLI
Gjaldtaka og innheimta greiðslna.

14. gr.

Upplýsingaveitandi greiðir Póst- og símamálastofnun fyrir númer og línur í samræmi við gjaldskrá sem samgönguráðherra gefur út. Tækjabúnaður upplýsingaveitanda skal vera viðurkenndur af Fjarskiptaeftirlitinu og geta annað þeirri umferð sem býðst.

Greiðslur vegna reikninga, sem innheimtast ekki, verða bakfærðar hjá þeim aðilum, sem veita Símatorgsþjónustu, samkvæmt nánari reglum. Póst- og símamálastofnun áskilur sér rétt til að loka ekki fyrir almenna símaþjónustu notanda þó að hann sé í vanskilum vegna Símatorgsþjónustu.

Í uppgjöri við upplýsingaveitanda er heimilt að draga frá allar skuldir hans við Póst- og símamálastofnun vegna Símatorgsþjónustu.

Póst- og símamálastofnun getur látið koma fram á símareikningi notenda stafræna kerfisins hve stór hluti reikningsins er vegna símtala í Símatorgi.

Fyrir tölfræðilegar upplýsingar greiðist sérstaklega.

VI. KAFLI
Auglýsingar, kynning og eftirlit.

15. gr.

Í öllum auglýsingum og kynningum um Símatorgsþjónustu skal koma fram með greinilegum hætti verð fyrir hverja mínútu. Í prentuðum auglýsingum skal verðið vera í ekki minni stöfum en megintexti.

Í auglýsingum og kynningum skal ekki gefa til kynna að veittar séu aðrar eða víðtækari upplýsingar en fram koma við upphringingu.

16. gr.

Markaðsaðgerðir upplýsingaveitanda skulu gerðar með hliðsjón af afkastagetu. Upplýsingaveitendur mega eingöngu vísa til þjónustu hvers annars í markaðsaðgerðum, ef þeir gera um það samning sín á milli. Póst- og símamálastofnun má fjalla um þjónustu Símatorgsins í sínum markaðsaðgerðum.

17. gr.

Póst- og símamálastofnun er heimilt að hafa eftirlit með þjónustu upplýsingaveitanda t.d. með upphringingum. Upplýsingaveitandi fær ekki tekjur af þessum upphringingum.

18. gr.

Þagnarskylda skal gilda um gagnkvæmar upplýsingar milli Póst- og símamálastofnunar og upplýsingaveitanda í samræmi við góða viðskiptahætti.

VII. KAFLI
Viðurlög og heimild til lokunar.

19. gr.

Brjóti upplýsingaveitandi reglugerð þessa skal póst- og símamálastofnun gefa honum kost á að bæta úr því sem talið er brjóta gegn reglugerð þessari.

Við ítrekuð eða stórfelld brot getur stofnunin lokað uppkallsnúmeri.

20. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 og lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála nr. 36/1977 staðfestist hér með til að taka gildi 15. desember 1992 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 30. nóvember 1992.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

24. nóvember 1992 Nr. 420

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Vestmannaeyja og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 196/1988.

1. gr.

62. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til **eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 49/1990 um breytingu á þeim lögum.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
   Hverfiskjörstjórnir jafnmargar og kjörstaðir eru: Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn.

B. Til **fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum.

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Áfengisvarnarnefnd.* Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
3. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga nr. 40/1991um félagsþjónustu sveitarfélaga. Auk þess situr félagsmálastjóri fundi þess. Eigi færri en tveir ráðsmenn skulu vera bæjarfulltrúar.
   Félagsmálaráð hefur með höndum framkvæmd félagsmálastarfs kaupstaðarins.
   Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 53/1966, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991 og verkefni leikskólanefndar skv. 5. gr. laga nr. 48/1991, sbr. og 33. gr. laga nr. 40/1991.
   Félagsmálaráð skal kveðja 4 menn til starfa í þjónustuhópi aldraðra, sbr. 2. tl. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, sbr. 7. gr. sömu laga. Þjónustuhópur aldraðra skal fara með hlutverk öldrunarnefndar, sbr. 6. gr. ofannefndra laga.
   Einnig fer félagsmálaráð með þau mál sem fjallað er um í lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga að svo miklu leyti sem öðrum nefndum eru ekki falin þau verkefni skv. sérlögum, s.s. áfengisvarnanefnd, húsaleigunefnd og húsnæðisnefnd.

4. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Tveir hinna kjörnu fulltrúa skulu vera bæjarfulltrúar. Byggingafulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar.
   Byggingarnefnd fer jafnframt með skipulagsmál, sbr. 7. gr. fyrrnefndra laga. Þegar fjallað er um ferlimál fatlaðra skal kalla til áheyrnarfulltrúa frá samtökum þeirra.
5. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984. Eigi færri en tveir hinna kjörnu fulltrúa skulu vera bæjarfulltrúar. Hafnarstjórn starfar samkvæmt ákvæðum hafnalaga nr. 69/1984 svo og hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 377/1985.
6. *Heilbrigðis-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin hefur á hendi heilbrigðismál, náttúruvernd og umhverfismál þar með talin útivistarsvæði og fólkvanga ef stofnaðir eru. Heilbrigðisfulltrúi skal sitja fundi nefndarinnar. Starfssvið nefndarinnar markast m.a. af ákvæðum 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971, sbr. 62. gr. laga nr. 108/1988.
7. *Húsaleigunefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.
8. *Kjörstjórnir* við sveitarstjórnarkosningar. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Nefndir og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður sæti hans nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs og stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hreppstjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Áfengisvarnarnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. *Barnaverndarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.
3. *Byggingarnefnd.* Einn fulltrúi og annar til vara í svæðisbyggingarnefnd Eyjafjarðar skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
4. *Hafnarstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
5. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
6. *Skólanefnd grunnskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
7. *Skólanefnd tónlistarskóla.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
8. Tveir *búfjáreftirlitsmenn* og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.
9. Stjórn *húsnæðisnefndar.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990 og reglugerð nr. 46/1991.
10. *Bókasafnsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 138/1978.
11. *Félagsmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálanefnd fer einnig með verkefni leikskólanefndar skv. 5. gr. laga nr. 48/1991 um leikskóla, sbr. og 33. gr. laga nr. 40/1991.
12. *Heilbrigðisnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara í heilbrigðisnefndina á Akureyri ásamt Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandar- og Hálshreppi skv. 6. gr. laga nr. 81/1988.
13. *Úttektarmenn.* Tilnefndur einn aðalmaður og tveir til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
14. *Öldrunarnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara ásamt Hálshrepp og Svalbarðsstrandarhrepp í öldrunarnefnd á starfssvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri samkvæmt lögum nr. 82/1989.
15. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara í almannavarnanefnd Grýtubakka- og Svalbarðsstrandarhrepps samkvæmt lögum nr. 94/1962.
16. *Skipulagsnefnd Eyjafjarðar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara til að annast svæðisskipulag Eyjafjarðar.
17. *Atvinnumálanefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara þar af fimm samkvæmt tilnefningu. Verksvið nefndarinnar er að fylgjast með atvinnulífi í sveitarfélaginu. Gera tillögur til hreppsnefndar um úrbætur í atvinnumálum og ný atvinnutækifæri í sveitarfélaginu.
18. *Riðuveikinefnd.* Þrír aðalmenn og einn til vara. Verksvið nefndarinnar er að fylgjast með útbreiðslu riðuveiki og gera tillögur til hreppsnefndar um úrbætur ef vá er fyrir dyrum.
19. *Héraðsnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara í Héraðsnefnd Eyjafjarðar samkvæmt samþykktum Héraðsnefndar Eyjafjarðar.
20. *Fjallskilastjórar.* Tveir fjallskilastjórar samkvæmt lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.

57. gr.

Hreppnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

58. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

59. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar í samráði við oddvita, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 13. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar, samkvæmt samþykkt hreppsnefndar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

60. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

61. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

62. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Grýtubakkahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. Að biðskylda verði á Hlíðarvegi gagnvart Digranesvegi.
2. Að biðskylda verði á Hlíðarhjalla gagnvart Digranesvegi.
3. Að biðskylda verði á Hólahjalla gagnvart Digranesvegi.
4. Að biðskylda verði á allar aðliggjandi götur Dalvegar milli Nýbýlavegar og Fífuhvammsvegar.
5. Að biðskylda verði á allar aðliggjandi götur Dalsmára milli Dalvegar og Fífuhvammsvegar.
6. Að biðskylda verði á Digranesheiði gagnvart Skálaheiði.
7. Að biðskylda verði á allar aðliggjandi götur Smárahvammsvegar milli Arnarnesvegar og Fífuhvammsvegar.
8. Að biðskylda verði á Smárahvammsvegi gagnvart Fífuhvammsvegi.
9. Að biðskylda verði á Smárahvammsvegi gagnvart Arnarnesvegi.
10. Að biðskylda verði á Hrauntungu og Bræðratungu gagnvart Grænutungu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn í Kópavogi, 23. nóvember 1992.

Þorleifur Pálsson.

2. desember 1992 Nr. 425

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 416/1992, um breytingu á reglugerð nr. 257, 24. maí 1989, um bensíngjald.

1. gr.

Í stað „1. desember“ í 2. gr. reglugerðarinnar komi: 2. desember.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 2. desember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Efri-Þjórsár.

1.gr.

Félagið heitir Veiðifélag Efri-Þjórsár.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er í Rangárvallasýslu.

3. gr.

Félagssvæðið tekur til árinnar frá Búrfellsstíflu (Ísakoti) og upp ána að Hreysiskvísl, ásamt ám og lækjum sem í Þjórsá falla á þessu svæði. Einnig nái félagið yfir Sultartangalón og Tungnaá að Kláfferju hjá Haldi. Aðild að félaginu eiga allar jarðir í eftirtöldum hreppum: Ásahreppi, Djúpárhreppi, Holtahreppi, Landmannahreppi, ásamt Næfurholti og Hólum í Rangárvallahreppi í Rangárvallasýslu og Gnúpverjahreppi í Árnessýslu.

4. gr.

Verkefni félagsins er að rækta upp fisk á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur og skulu þeir kosnir þannig, að Ásahreppur og Djúpárhreppur eigi einn stjórnarmann hvor, Holta- og Landmannahreppur ásamt Hólum og Næfurholti í Rangárvallahreppi, eigi einn stjórnarmann sameiginlega og Gnúpverjahreppur tvo stjórnarmenn.

Stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur úr eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár og hinir eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram, þó þannig að stjórnarmenn úr Gnúpverjahreppi gangi ekki úr samtímis.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll heimili eða hann/hún hafi setið í stjórn í eitt kjörtímabil. Kjósa skal fimm varamenn eftir sömu reglum og aðalmenn og kjósa skal tvo endurskoðendur, sinn úr hvorri sýslu, til tveggja ára í senn og ganga þeir úr til skiptis.

6. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær fólk til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við það um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagins. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma, veiðitæki og á hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en í apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi næsta árs. Þá skal stjórnin leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðarbók sem henni er skylt að halda og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

9. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn eftir arðskrá.

10. gr.

Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. desember 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

30. nóvember 1992 Nr. 427

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Patrekshreppi.

1. gr.

Í Patrekshreppi er búfjárhald óheimilt utan lögbýla. Hreppsnefnd getur þó veitt leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari. Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda. Umsækjandi skal jafnframt hafa tryggt sér land til upprekstrar.

2. gr.

Lausaganga hrossa, nautgripa og annars búfjár, hverju nafni sem nefnist, er óheimil í Patrekshreppi án leyfis hreppsnefndar. Þá er hreppsnefnd hvenær sem er heimilt að banna alla umferð með hross um þéttbýli.

3. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni, að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Tað og annan úrgang frá búfénu skal fjarlægja.

4. gr.

Hreppsnefnd skal veita leyfi til búfjárhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur við meðferð búfjár. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

5. gr.

Búfjáreftirlitsmaður hreppsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir atvikum, þá búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur. Lausagöngufénað skal handsama og skrá. Skylt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

6. gr.

Hver sá sem fær leyfi til búfjárhalds skal greiða árlegt leyfisgjald til Patrekshrepps. Gjald þetta miðast við tegund og fjölda gripa. Þegar hreppsnefnd ákveður upphæð gjaldsins, skal hún hafa til hliðsjónar kostnað hreppsins vegna búfjárhalds í hreppsfélaginu, svo sem vegna búfjáreftirlits, vörslu lands, smölunar o.fl. Gjaldi þessu má ekki verja til annarra verkefna hreppsfélagsins. Landbúnaðarráðherra staðfestir gjaldskrá fyrir leyfisgjöld og birtir í Stjórnartíðindum.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

8. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Patrekshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjárhald í Patrekshreppi nr. 210 14. október 1966.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Nr. 428 3. desember 1992

AUGLÝSING

um álagningarstofn fasteignaskatts.

Í samræmi við I. og II. kafla laga nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, hefur Fasteignamat ríkisins samið skrár um álagningarstofn fasteignaskatts. Í skrám þessum er álagningarstofn fasteignaskattsins ákveðinn svo sem lög þessi mæla fyrir um, og er hann tilgreindur fyrir hverja einstaka fasteign í landinu.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest heildareintak skrár um álagningarstofn fasteignaskatts eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Skrár þessar munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. janúar n.k. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofn fasteignaskatts með tilkynningu um nýtt fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 404/1992 um nýtt fasteignamat.

Með vísan til laga nr. 91/1989 tilkynnir ráðuneytið hér með, að álagningarstofn fasteignaskatts, sem ákveðinn hefur verið með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrám Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. janúar 1993.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 579 6. desember 1991.

Fjármálaráðuneytið, 3. desember 1992.

Friðrik Sophusson.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um fyrirkomulag eftirlits með sjávarafurðum.

I. kafli
Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til fyrirkomulags við eftirlit með framleiðslu sjávarafurða, þ.m.t. eftirlits með meðferð afla um borð í veiðiskipi, við löndun, flutning, geymslu, vinnslu og útflutning. Reglugerðin tekur jafnframt til eftirlits með innflutningi sjávarafurða sem ætlaðar eru til umpökkunar eða vinnslu hér á landi. Reglugerðin tekur einnig til eftirlits með slátrun, vinnslu og pökkun vatna-, hafbeitar- og eldisfisks og annarra eldisdýra.

Reglugerðin tekur ekki til smásöluverslunar innanlands.

2. gr.

Vinnslustöðvar, lagmetisiðjur, skip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. l. nr. 38/1990, skip sem vinna afla um borð, uppboðsmarkaðir fyrir sjávarafla og fiskgeymslur sem ekki eru hlutar af fiskvinnslufyrirtæki, fiskimjölsverksmiðjur og framleiðendur dýrafóðurs úr sjávarafurðum skulu hafa vinnsluleyfi.

Skilyrði fyrir útgáfu vinnsluleyfis er að uppfylltar séu kröfur um hreinlæti, búnað og innra eftirlit og að gerður hafi verið samningur við viðurkennda skoðunarstofu. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágu frá skilyrði um samning við viðurkennda skoðunarstofu enda starfi vinnsluleyfishafi eftir vottuðu gæðakerfi, sem fullnægir kröfum íslenskra og alþjóðlegra staðla IST/ISO 9001 eða 9002.

3. gr.

Óheimilt er að veiða, vinna, pakka eða geyma sjávarafurðir án vinnsluleyfis. Ennfremur er óheimilt að dreifa eða flytja úr landi sjávarafurðir sem hafa verið framleiddar án tilskilins vinnsluleyfis.

II. kafli
Um Fiskistofu.

4. gr.

Fiskistofa annast framkvæmd laga nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, svo og reglugerða og reglna settra með stoð í þeim lögum.

Fiskistofa skal setja sér vinnureglur um fyrirkomulag eftirlits með sjávarafurðum. Þær skulu m.a. innihalda gæðastefnu, vinnuaðferðir, skilgreindar kröfur til hæfni starfsfólks og lýsingu á fyrirkomulagi við úttekt á skoðunarstofu.

5. gr.

Fiskistofa veitir skoðunarstofum viðurkenningu að uppfylltum skilyrðum III. kafla þessarar reglugerðar. Áður en viðurkenning er veitt skal kanna hvort einstakir hlutar gæðakerfis skoðunarstofunnar séu skilvirkir og hvort líklegt sé að sett markmið í störfum hennar náist. Fiskistofa skal kanna hvort skilyrðum 11. gr. um hagsmunatengsl sé fullnægt.

Fiskistofa fylgist með starfsemi skoðunarstofa, gætir samræmis í störfum þeirra og gerir úttektir á þeim, m.a. með skoðunum hjá einstökum vinnsluleyfishöfum og á grundvelli skýrslna skoðunarstofa. Komi í ljós að skoðunarstofa hafi ekki rækt skyldur sínar skal Fiskistofa veita henni áminningu eða svipta hana viðurkenningu ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

6. gr.

Fiskistofa veitir tölusett vinnsluleyfi og heldur skrá yfir alla vinnsluleyfishafa. Gildistími leyfisins skal vera ótímabundinn.

Fiskistofa skal hafa yfirsýn yfir hvort vinnsluleyfishafar fullnægi settum skilyrðum fyrir leyfi og öðrum kröfum sem til þeirra eru gerðar.

Fiskistofa skal afturkalla vinnsluleyfi sé skilyrðum þess ekki lengur fullnægt.

III. kafli

Um skoðunarstofur.

7. gr.

Með skoðunarstofu er átt við lögaðila eða fyrirtæki í eigu einstaklings sem hlotið hefur viðurkenningu Fiskistofu. Hlutverk skoðunarstofa er að annast reglulegar skoðanir á búnaði og innra eftirliti vinnsluleyfishafa. Ennfremur veita þær Fiskistofu upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja.

8. gr.

Skoðunarstofa skal hafa yfir að ráða skjalfestu gæðakerfi. Í gæðakerfinu skal m.a. koma fram lýsing á starfsemi stofunnar, stjórnun, skipulagi hennar og dreifingu ábyrgðar ásamt skilgreindum kröfum til þekkingar og hæfni starfsmanna. Gæðakerfið þarf að innihalda verklagsreglur þar sem m.a. er kveðið á um fyrirkomulag við skoðanir, prófanir og mælingar.

Starfsfólk skoðunarstofu sem sinnir skoðunum skal hafa nægilega þekkingu á kröfum til innra eftirlits, meðferðar og vinnslu sjávarafurða. Starfsfólkið skal hafa hæfni til að meta mikilvægi frávika við skoðanir með tilliti til hollustu og neyslu afurðanna. Halda skal skrá um menntun, þjálfun og reynslu starfsmanna.

9. gr.

Samningur milli skoðunarstofu og viðsemjenda samkvæmt 2. gr. skal taka til þeirrar starfsemi sem viðkomandi vinnsluleyfi nær til. Skoðunarstofa getur falið öðrum aðila skoðun einstakra þátta enda sýni hún fram á að sá aðili sé hæfur til verksins. Skoðunarstofu er skylt að taka í viðskiptialla þá framleiðendur sem uppfylla skilyrði um vinnsluleyfi. Skoðunarstofa getur þó sagt upp samningi við vinnsluleyfishafa verði verulegar vanefndir á samningsskuldbindingum af hans hálfu. Skoðunarstofu er heimilt að krefjast greiðslutryggingar. Skoðunarstofur skulu senda Fiskistofu afrit af samningum sínum við vinnsluleyfishafa.

10. gr.

Skoðunarstofa skal hafa yfir að ráða viðeigandi búnaði og aðstöðu til að annast skoðanir. Búnaði skal haldið við í samræmi við skráðar verklagsreglur.

Skýrslur um niðurstöður skoðana og prófana skulu innihalda nægilegar upplýsingar til að endurmat sé mögulegt.

11. gr.

Skoðunarstofa skal rekin sem fjárhagslega sjálfstæð rekstrareining. Með því er átt við að tekjur af starfseminni standi að jafnaði undir rekstrargjöldum. Sé skoðunarstofa rekin sem hluti af öðrum rekstri skal reksturinn vera bókhaldslega aðgreindur frá annarri starfsemi. Skoðunarstofu er skylt að veita Fiskistofu aðgang að gögnum varðandi reksturinn sé þess krafist.

Skoðunarstofu er óheimilt að annast skoðanir hjá vinnsluleyfishafa sem á hlut í viðkomandi skoðunarstofu. Þó er slíkt heimilt ef um er að ræða skoðunarstofu sem annast

skoðanir hjá a.m.k. 15 lögaðilum enda eigi enginn þeirra stærri hlut en nemur 20% í viðkomandi skoðunarstofu.

Skoðunarstofu er óheimil eignaraðild að fyrirtæki sem það annast skoðun hjá.

Fiskistofu er heimilt að fengnu samþykki ráðuneytisins að veita undanþágu frá ákvæði 3. mgr. sé starfsemi vinnsluleyfishafa einskorðuð við pökkun eða tilraunaframleiðslu.

IV. kafli
Um vinnsluleyfishafa og innra eftirlit.

12. gr.

Forsvarsmenn fyrirtækja sem fengið hafa vinnsluleyfi bera ábyrgð á því að afurðir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra varðandi heilnæmi, um merkingar og að þær séu framleiddar við fullnægjandi aðstæður. Í því skyni skulu þeir koma á fót og starfrækja innra eftirlit með þeim þáttum sem áhrif geta haft á gæði sjávarafurða við veiðar, framleiðslu, flutning eða geymslu.

13. gr.

Með innra eftirliti er átt við þær aðgerðir sem fylgt er í fyrirtækjum og miðast að því að hafa stjórn á þeim atriðum sem áhrif hafa á gæði afurða.

Innra eftirlit skal taka mið af umfangi framleiðslu og aðstæðum á hverjum stað. Við skipulag og framkvæmd innra eftirlits skulu einkum höfð til hliðsjónar þau atriði sem helst geta spillt gæðum sjávarafurða. Í innra eftirliti felst eftir því sem getur átt við: skýrslugerðir um afla, framleiðslu og birgðir, lýsing á skiptingu ábyrgðar, skipurit, verklýsingar, áætlanir um þrif, eftirlit með hreinlæti, heilbrigðisskoðanir starfsfólks og skýrslugerðir um menntun, endurmenntun og þjálfun starfsfólks. Jafnframt skulu vera fyrir hendi skráðar reglur um leiðir til að rekja frábrugðna eða gallaða vöru, meðferð frábrigða og aðgerðir til úrbóta.

14. gr.

Vinnsluleyfishafi skal hafa verklagsreglur sem kveði á um á hvaða stigi framleiðslunnar skoðanir, prófanir og mælingar séu nauðsynlegar til að veita nægar upplýsingar til stjórnunar á ferli og eiginleikum vörunnar. Fyrir hendi skulu vera skráðar reglur um meðhöndlun og vörslu skjala er varða innra eftirlit.

Allar skoðanir og prófanir skal skrá og undirrita. Gögn á að varðveita einu ári lengur en geymsluþol vörunnar segir til um, þó aldrei skemur en í tvö ár.

15. gr.

Fylgjast skal reglulega með og skrá hitastig vöru og umhverfis. Hráefni skal skoða reglulega með tilliti til ferskleika og heilnæmis.

Eftirlit skal hafa með vöru í vinnslu og prófa afurðir.

16. gr.

Vinnsluleyfishafi skal hafa áætlun um þrif. Til að sannprófa að þrif séu fullnægjandi skal taka sýni til greiningar á viðurkenndri rannsóknastofu a.m.k. einu sinni á ári.

17. gr.

Fái vinnslustöð ekki vatn frá vatnsveitu sem er undir viðurkenndu eftirliti skal reglulega taka sýni af neysluvatni til greiningar. Úr vatnstönkum skipa skal í sama skyni taka sýni reglulega.

Mæla skal og skrá reglulega klórstyrk vatns og ástand geislunartækja.

18. gr.

Áður en ný tegund aukefna, bætiefna og efna til þrifa og sótthreinsunar eru tekin í notkun skal kanna hvort þau séu viðurkennd. Á staðnum skulu vera lýsingar á notkun þeirra. Smurefni sem geta komist í snertingu við afurðir skulu vera viðurkennd.

19. gr.

Fylgjast skal reglubundið með aðskotaefnum þ.m.t. sníkjudýrum og þess gætt að þau séu innan þeirra marka sem opinberar reglur kveða á um.

20. gr.

Þegar ný tegund umbúða eða íláta er tekin í notkun skal kanna hvort þau séu viðurkennd fyrir matvæli og uppfylli aðrar opinberar kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Fylgjast skal reglulega með að merkingar og þyngd vöru séu réttarog fullnægjandi.

21. gr.

Mælitæki skulu skoðuð og kvörðuð samkvæmt fyrirfram gerðum áætlunum eða áður en tækjunum er beitt hverju sinni.

22. gr.

Starfsmenn sem falin er umsjón með innra eftirliti skulu búa yfir þekkingu og færni til að rýna innra eftirlit og tryggja að þar séu framleiddar afurðir í samræmi við settar kröfur. Þeir skulu hafa hlotið þjálfun í aflestri mælitækja og geta lagt sjálfstætt mat á niðurstöður.

V. kafli

Önnur ákvæði.

23. gr.

Vinnsluleyfishöfum og útflytjendum er skylt að veita Fiskistofu eða samningsbundinni skoðunarstofu allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við eftirlit. Þeim er ennfremur skylt að veita upplýsingar um að heilnæmi vöru sé áfátt eða að líklegt sé að svo geti verið.

24. gr.

Fiskistofa skal fara með upplýsingar frá skoðunarstofu eða vinnsluleyfishöfum, sem leynt eiga að fara, sem trúnaðarmál.

25. gr.

Skoðunarstofur skulu gæta fyllsta trúnaðar varðandi upplýsingar frá vinnsluleyfishafa og um upplýsingar sem aflað er í tengslum við skoðanir. Til að tryggja trúnað skulu liggja fyrir skráðar reglur um meðferð og aðgang að upplýsingum frá vinnsluleyfishöfum og um meðferð þeirra.

26. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

27. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra til þess að öðlast gildi 1. janúar 1993. Frá sama tíma fellur úr

gildi reglugerð nr. 137/1985, um fyrirkomulag mats og eftirlits með sjávarafurðum til útflutnings.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Þrátt fyrir ákvæði um gildistöku þessarar reglugerðar skulu vinnsluleyfi og hæfnisvottorð sem gefin voru út á árinu 1992 halda gildi sínu til 1. september 1993.

II

Framleiðendur sjávarafurða og önnur þau fyrirtæki sem tilgreind eru í 2. gr. og vinnsluleyfi hafa fengið 1. janúar 1993 skulu hafa gert skriflegan samning við skoðunarstofu fyrir 1. apríl 1993.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. desember 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

30. nóvember 1992 Nr. 430

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 493/1987 um húsnæði vinnustaða.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins hefur samþykkt neðangreindar breytingar á ofangreindum reglum með tilvísun í 38., 43. og 44. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum:

Inn komi nýr VI. kafli milli 42. og 43. gr.

43. gr. verði svohljóðandi:

Undanþágur.

43. gr.

43.1. Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum reglna þessara þegar um er að ræða hús sem friðuð eru samkvæmt þjóðminjalögum, eldra húsnæði sem ekki er unnt að breyta og hluta annars húsnæðis þegar hann er notaður í mjög takmarkaðan tíma og sérstakar ástæður mæla með undanþágu. Vinnueftirlit ríkisins getur enn fremur veitt undanþágur frá ákvæðum V. kafla þegar sérstakar ástæður mæla með því.

43.2. Sækja þarf skriflega um undanþágur samkvæmt þessari grein.

Núverandi VI. kafli verði VII. kafli.

Núverandi VII. kafli verði VIII. kafli.

Framangreind breyting staðfestist hér með.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1992.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Óskar Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu aðalskipulags fyrir Arnarstapa, Breiðuvíkurhreppi 1991 – 2011.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 2. desember 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Arnarstapa í Breiðavíkurhreppi, 1991 – 2011.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Breiðavíkurhrepps og skipulagsstjórnar ríkisins.

Með vísan til fyrirvara skipulagsstjórnar er frestað staðfestingu á legu nýs þjóðvegar og nánari útfærslu hafnarinnar þar til umhverfismat liggur fyrir.

Umhverfisráðuneytið, 2. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 432 2. desember 1992

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjar, Reyðarfjarðarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 2. desember 1992 staðfest deiliskipulag fyrir miðbæ Reyðarfjarðarhrepps. Svæði það sem skipulagið nær til er einföld lóðaröð beggja vegna Búðargötu og við Búðareyri frá Búðará að Kvíagilslæk að norðan og að lóð nr. 15 að sunnan, einnig nær það til göngugötu og annarrar lóðarraðar handan hennar austan Búðargötu og sunnan Búðareyrar.

Uppdráttur deiliskipulags og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki skipulagsstjórnar ríkisins og hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps.

Umhverfisráðuneytið, 2. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 433 2. desember 1992

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar við Oddnýjarhæð, Reyðarfjarðarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 2. desember 1992 staðfest deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð við Oddnýjarhæð, Reyðarfjarðarhreppi. Mörk svæðisins að norðan eru suðurmörk skólalóðar, íbúðahverfis við Hæðargerði og útivistarsvæðis. Að sunnan afmarkast svæðið af suðurkanti Austurvegar. Þá nær það frá mörkum lóðar austan Heiðarvegar og að mörkum lóða vestan Ásgerðis.

Uppdráttur deiliskipulags og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki skipulagsstjórnar ríkisins og hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps.

Umhverfisráðuneytið, 2. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

2. desember 1992 Nr. 434

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Kollaleiru, Reyðarfjarðarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 2. desember 1992 staðfest deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði á Kollaleiru, Reyðarfjarðarhreppi. Mörk svæðisins að norðan er Búðareyri og Nesbraut að sunnan. Lóðir beggja vegna við Tjarnarvog til vesturs og að austurmörkum lóðar nr. 15 við Búðareyri til austurs.

Uppdráttur deiliskipulags og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki skipulagsstjórnar ríkisins og hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps.

Umhverfisráðuneytið, 2. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

2. desember 1992 Nr. 435

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akraness 1980 – 2000.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 2. desember 1992 staðfest breytingar á aðalskipulagi Akraness, sem staðfest var 3. maí 1982.

Breytingin er fólgin í því að:

- landnotkun á miðbæjarsvæði (Akratorgsreitur) sem afmarkast af Merkigerði, Kirkjubraut, Skagabraut, Suðurgötu, Merkurteig og Vesturgötu breytist þannig að verslun og þjónusta verði fyrst og fremst við Kirkjubraut og Skólabraut, og ennfremur er gert ráð fyrir að grænt svæði við Merkurteig verði aðaltorg bæjarins.
- landnotkun á svæði sem afmarkast af Faxabraut, Garðabraut, Höfðabraut (Skarð) og Jaðarsbraut breytist á þann veg að syðri hluti þess sem í gildandi aðalskipulagi er auðkennt fyrir stofnanir verður íbúðarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Akraness.

Umhverfisráðuneytið, 2. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi fyrir Garðabraut 2 / Jaðarsbraut 23–25, Akranesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 2. desember 1992 staðfest deiliskipulag fyrir Garðabraut 2 / Jaðarsbraut 23–25 Akranesi.

Uppdráttur deiliskipulags hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki skipulagsstjornar ríkisins og bæjarstjórnar Akraness.

Umhverfisráðuneytið, 2. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 437 2. desember 1992

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi Akratorgsreits, Akranesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 2. desember 1992 staðfest deiliskipulag fyrir svonefndan Akratorgsreit á Akranesi. Hið deiliskipulagða svæði afmarkast af Merkigerði, Kirkjubraut, Skagabraut, Suðurgötu, Merkurteig og Vesturgötu.

Uppdráttur deiliskipulags og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Akraness.

Umhverfisráðuneytið, 2. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 438 30. nóvember 1992

AUGLÝSING

um tryggingaskyldu fasteigna- og skipasala.

Vátryggingarfjárhæðir samkvæmt 3. gr. reglugerðar um löggildingu fasteinga- og skipasala, nr. 520 24. nóvember 1987, skulu vera sem hér segir tímabilið 1. desember 1992 til 30. nóvember 1993:

1. Ábyrgðartrygging vegna hvers einstaks tjónsatviks verður 4 290 827,00 kr. en þó aldrei hærri en 12 872 481,00 kr. innan hvers vátryggingarárs.
2. Sjálfskuldarábyrgðartrygging verður 5 149 993,00 kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. nóvember 1992.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

STJÓRNARTÍÐINDI B 69 - 1992

10. desember 1992 869 Nr. 439

REGLUGERÐ

um útgáfu á 4. flokki húsbréfa 1992 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga nr. 76/1989, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild, gefi út 4. flokk húsbréfa 1992. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í 4. flokki 1992, skal vera að hámarki 4 000 milljónir. Húsbréfin skulu gefin út í fjórum undirflokkum A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbréf vera að fjárhæð kr. 5 000 000,00, í undirflokki B kr. 1 000 000,00, í undirflokki C kr. 100 000,00 og í undirflokki D kr. 10 000,00. Vextir í 4. flokki 1992 eru 6% á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbréf eru greiðsla húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbréfum.

3. gr.

Húsbréf skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbréfs. Við eigendaskipti að húsbréfi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbréfs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbréf eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtingablaði nr. 11 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala desembermánaðar 1992.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbréfa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. desember 1992, til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. desember 1992.

B 60
Steindórsprent Gutenberg hf.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbréf þetta að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. mars, 15. júní, 15. september og 15. desember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. mars 1994. Húsbréfaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. desember 1993. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Númer útdreginna húsbréfa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Þau húsbréf þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. desember 2017. Húsbréf verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbréfadeildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrnast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbréf eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/1989 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988 með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. desember 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 70 - 1992

2. desember 1992 871 nr. 440

REGLUGERÐ

um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis.

I. kafli
Almenn ákvæði.

1. gr.

Forstöðumaður fangelsis getur veitt fanga, sem afplánar refsingu og er skráður í því fangelsi, leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 2. kafla og 5. kafla.

2. gr.

Fangelsismálastofnun ríkisins getur veitt fanga, sem afplánar refsingu, leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 3. kafla og 4. kafla.

3. gr.

Leyfi til dvalar utan fangelsis skal ekki veitt ef hætta er á að fangi misnoti það.

Hafi fangi verið dæmdur, í síðasta refsidómi eða áður, fyrir manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, meiriháttar fíkniefnabrot, brennu eða annað almennt hættubrot, auðgunarbrot framið með ofbeldi eða hótun um ofbeldi, eða önnur afbrot sem eru sérlega gróf, skal sýna sérstaka gát við mat á því hvort hætta sé á að fangi muni misnota leyfi. Hið sama gildir ef mál, þar sem viðkomandi fangi er grunaður um eða ákærður fyrir slíkt brot, er til meðferðar hjá lögreglu, dómstólum eða ákæruvaldi.

Hafi fangi strokið úr afplánun eða gæsluvarðhaldi, eða framið refsiverðan verknað í fyrra leyfi til dvalar utan fangelsis, eða að öðru leyti misnotað slíkt leyfi, skal sýna sérstaka gát við mat á því hvort hætta sé á að fangi muni misnota leyfi. Hið sama gildir ef fangi er grunaður um að hafa framið afbrot, sem ekki er smávægilegt, í núverandi afplánun.

Strok og misnotkun leyfis til dvalar utan fangelsis í fyrri afplánun, eða gæsluvarðhaldi, skal einnig hafa til hliðsjónar við mat á því hvort hætta sé á að fangi muni misnota leyfi.

Sýna skal sérstaka gát við mat á því hvort fangi muni misnota leyfi ef um er að ræða síbrotamann, og gildir það jafnt þó ekki sé af öðrum ástæðum hætta á að hann muni misnota leyfið.

4. gr.

Áður en forstöðumaður fangelsis veitir fanga leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 2. kafla skal hann leita samþykkis fangelsismálastofnunar í eftirfarandi tilvikum:

a) Ef fangi hefur ekki fengið slíkt leyfi áður í þeirri afplánun,
b) ef ákvæði 3. mgr. 3. gr. eiga við um fangann, og hann hefur ekki fengið slíkt leyfi eftir að fangelsisyfirvöld fengu vitneskju um þau atvik sem greinir í 3. mgr. 3. gr.,
c) ef aðrar ástæður gefa tilefni til.

Steindórsprent Gutenberg hf.

5. gr.

Áður en fangelsismálastofnun veitir fanga leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 3. - 4. kafla, skal hún leita umsagnar forstöðumanns þess fangelsis sem fanginn er skráður í, og jafnframt forstöðumanns þess fangelsis sem fanginn mun verða skráður í meðan leyfið gildir ef það er ekki sama fangelsið.

6. gr.

Vilji forstöðumaður fangelsis veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla, án fylgdar, skal hann áður leita samþykkis fangelsismálastofnunar.

7. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis til að fara til útlanda.

8. gr.

Leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 2. - 4. kafla skal almennt veitt án fylgdar.

Leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla skal almennt ekki veitt án fylgdar, nema sérstakar aðstæður mæli með.

9. gr.

Leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 2. kafla skal vera 15 klukkustundir að lengd.

Leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 3. - 4. kafla skal ekki vera lengra en nauðsynlegt er til að leyfið þjóni tilgangi sínum, og aldrei lengra en 12 klukkustundir.

Leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla skal ekki vera lengra en nauðsynlegt er til að leyfið þjóni tilgangi sínum, og aldrei lengra en 6 klukkustundir nema mjög sérstakar aðstæður mæli með, og er slíkt háð fyrirfram veittu samþykki fangelsismálastofnunar. Leyfi til dvalar utan fangelsis skal aldrei vera yfir nótt. Þó má leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla einnig ná til næturinnar ef mjög sérstakar aðstæður mæla með, en þá skal fanginn gista í næsta fangelsi eða á næstu lögreglustöð og skal fyrirfram gengið frá slíkri gistingu, og er slíkt leyfi háð fyrirfram veittu samþykki fangelsismálastofnunar.

10. gr.

Fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis skal setja eftirfarandi skilyrði:

a) Fanganum skal hvorki heimilt að neyta áfengis eða deyfilyfja meðan hann er í leyfinu,
b) fanganum skal hvorki heimilt að hafa undir höndum eða neyta ólöglegra ávana- eða fíkniefna meðan hann er í leyfinu,
c) fanginn skal ekki fremja refsiverðan verknað meðan hann er í leyfinu,
d) fanginn skal ekki fara til útlanda í leyfinu,
e) fanginn skal þegar tilkynna það til fangelsisins ef slys, sjúkdómur eða önnur atvik gera honum ókleift að koma úr leyfinu á tilsettum tíma,
f) fanganum er óheimilt að koma með í fangelsið hluti sem óheimilt er að hafa í fangelsinu samkvæmt reglum þess,
g) hvenær fanganum er heimilt að yfirgefa fangelsið, og hvenær hann skal vera kominn aftur í fangelsið,
h) um leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 3. - 5. kafla skal setja það skilyrði að fanganum sé óheimilt að gera eða fara nokkuð í leyfinu annað en það sem samræmist tilgangi leyfisins.

11. gr.

Fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis er heimilt að setja eftirfarandi skilyrði:

a) Að fanginn skuli láta í té öndundarsýni við endurkomu í fangelsið,
b) að fanginn skuli gangast undir töku þvag- og/eða blóðsýnis fyrir og/eða eftir leyfið,

c) að fanginn skuli gangast undir líkamsleit við endurkomu í fangelsið,
d) að fanginn skuli ekki, ef tillit til brotaþola eða nánustu aðstandanda brotaþola eða eðli eða grófleiki brotsins mæla með, koma á ákveðna staði eða hafa samband við ákveðna menn í leyfinu.

12. gr.

Sá aðili sem ákveður að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis ákveður hvaða skilyrði eru sett fyrir leyfinu samkvæmt 11. gr.

13. gr.

Starfsfólk fangelsis skal fylgjast með því að fangi misnoti ekki leyfi til dvalar utan fangelsis sem honum hefur verið veitt.

14. gr.

Þó að ekki séu sett skilyrði um öndunarsýni, töku þvag- og/eða blóðsýnis eða líkamsleit við endurkomu í fangelsið, er heimilt að framkvæma slíkt ef aðstæður mæla með. Líkamsleit innvortis skal ekki ákveðin nema að fengnu áliti læknis.

Taka blóðsýnis og innvortis leit skal gerð af lækni eða hjúkrunarfræðingi.

Leit á fanga innan klæða skal gerð af starfmanni sama kyns og fanginn.

Ákvarðanir samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. skal bóka og tilgreina ástæður.

15. gr.

Fangi ber sjálfur kostnað vegna leyfis til dvalar utan fangelsis.

Í sérstökum tilfellum er þó forstöðumanni fangelsis heimilt að veita fanganum fjárhagslega aðstoð vegna leyfis, ef kostnaður vegna leyfis er óvenjulega mikill eða sérstakur, eða ef hann var ófyrirsjáanlegur.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal þó fangi almennt ekki sjálfur bera kostnað vegna fylgdar þegar honum er veitt leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla.

16. gr.

Greiða skal fanga dagvinnulaun eða dagpeninga, eins og venjulega, fyrir þann tíma sem hann er utan fangelsis vegna leyfis.

Þó skal hvorki greiða fanga laun né dagpeninga ef hann fær greitt fyrir vinnu sem unnin er utan fangelsis eftir reglum 3. kafla.

Hvorki skal greiða fanga laun né dagpeninga vegna þess tíma sem hann er utan fangelsis vegna leyfis, ef hann hefur rofið skilyrði leyfisins eða að öðru leyti þær reglur sem um það giltu, eða misnotað það að öðru leyti.

17. gr.

Rjúfi fangi skilyrði leyfis til dvalar utan fangelsis eða að öðru leyti þær reglur sem um leyfið gilda, eða misnoti það að öðru leyti, getur það varðað afturköllun leyfisins, og agaviðurlögum samkvæmt 26. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48 19. maí 1988, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 31 19. mars 1991, og skal það koma skýrt fram í skírteini því er greinir í 1. mgr. 21. gr.

18. gr.

Einnig er heimilt að afturkalla leyfi til dvalar utan fangelsis sem ákveðið hefur verið að veita, en er ekki komið til framkvæmda, ef uppvíst verður um atvik sem valda því að hætta er á að fanginn muni misnota leyfið, eða önnur atvik sem hefðu orðið til þess að synjað hefði verið um leyfið.

19. gr.

Ákvörðun um að afturkalla leyfi fanga til dvalar utan fangelsis skal tekin af þeim aðila sem ákvað að veita leyfið.

Slík ákvörðun skal tekin á grundvelli fyrirliggjandi skýrslna og annarra gagna, og skal gefa fanganum kost á að tjá sig um málið fyrir forstöðumanni fangelsisins áður en ákvörðun er tekin. Þá skal einnig kynna fanganum fyrirliggjandi gögn og skýrslur í málinu áður en ákvörðun er tekin. Þó er heimilt að undanskilja upplýsingar ef slíkt telst nauðsynlegt vegna tillits til öryggis fangelsisins eða ríkisins, annarra manna, rannsóknar sakamáls, eða aðrar sérstakar ástæður mæla með.

20. gr.

Sé synjað um leyfi til dvalar utan fangelsis vegna þess að hætta sé á að fangi muni misnota það, eða það afturkallað, er heimilt að ákveða, í synjun eða afturköllun, að síðari leyfisbeiðni skuli ekki tekin til meðferðar fyrr en eftir ákveðinn tíma, allt að 6 mánuðum.

Þó að ákvörðun samkvæmt 1. mgr. hafi verið tekin er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla, ef brýnar ástæður mæla með.

21. gr.

Þegar fanga er veitt leyfi til dvalar utan fangelsis skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir leyfisveitingunni, og hvaða reglur gildi um leyfið að öðru leyti, og hverju varði að rjúfa skilyrði leyfisins og þær reglur sem gilda um það að öðru leyti.

Óheimilt er að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsisins nema fengin sé skrifleg yfirlýsing hans um að hann vilji hlíta þeim reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

II. kafli
Reglubundin dagsleyfi.

22. gr.

Heimilt er, eftir beiðni fanga, að veita honum leyfi til dvalar utan fangelsis til að fara heim til sín eða heimsækja fjölskyldu sína eða vini, ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa hann undir að afplánun ljúki.

23. gr.

Orkugjald kr/kWst	2,76
Fast gjald kr/ár	4 333,00

Skýringar:
Rofin daghitun til iðnaðar og annarra nota en hitunar húsa.
Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

C-5 Órofin iðnaðarhitun:

Orkugjald kr/kWst	5,20
Fast gjald kr/ár	4 333,00

Skýringar:
Órofin iðnaðarhitun.

Aðalheimtaugar:
Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

220 V kerfi

Málstr. A		
25	1 fasa	12 882,00
63	3 fasa	47 631,00
125	3 fasa	74 685,00
200	3 fasa	112 027,00
260	3 fasa	141 900,00
315	3 fasa	191 039,00
400	3 fasa	242 731,00

380 V kerfi

Málstr. A		
25	1 fasa	12 882,00
63	3 fasa	47 631,00
125	3 fasa	78 420,00
200	3 fasa	155 906,00
260	3 fasa	199 782,00
315	3 fasa	261 396,00
400	3 fasa	336 082,00

Bráðabirgðaheimtaugar:

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Stofngjald – Málstraumur		
63 A	1 fasa	8 663,00
63 A	3 fasa	12 130,00
100 A	3 fasa	12 779,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðamarka í jarðstrengsheimtaug:

Málstraumur	63 A	1 279,00
Málstraumur	100 A	1 689,00

Heimtaugagjöld:

Skýringar:

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínu í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Ýmis ákvæði:

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar . . . . . kr. 967,00
   Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum ef úttekið launafl nemur 50% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 30 mín. meðalgildi afls.
3. Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.
4. Rafveitan leiðbeinir notendum er þess óska um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Önnur notkun:

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 496, 16. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

22. desember 1992 Nr. 464

REGLUGERÐ

um vitagjald.

1. gr.

Vitagjald kr. 90,00 af hverri brúttórúmlest skal greiða vegna skipa sem eru 10 brúttórúmlestir eða stærri og taka höfn hér á landi og skal hálf lest og þaðan af stærra brot reiknast sem heil lest en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 14,00.

2. gr.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum né heldur flytja farm í land eða í önnur skip enda hafi sannast í sjóprófi eða með annarri lögfullri sönnun að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum eða af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Heimil er niðurfelling gjaldsins vegna skipa, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

3. gr.

Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. apríl ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða ⅕ hluta vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó aldrei oftar en fimm sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn sem það tekur hér við land.

4. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarbók skipsins og skipsskjöl og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælibréfi og þjóðernisskírteini, nema gjaldið hafi verið greitt.

Ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til úrskurðar ráðuneytisins.

5. gr.

Vitagjaldinu er varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 56 29. maí 1981 um vitagjald, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 589 16. desember 1991.

Samgönguráðuneytið, 22. desember 1992.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 465 23. desember 1992

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA.

Gjaldskrárliðir.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	6,65	8,28	kr/kWh
Fastagjald F1	3 530,00	4 394,85	kr/ári

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	6,65	8,28	kr/kWh
Fastagjald 3xF1	10 590,00	13 184,55	kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	6,92	8,62	kr/kWh
Fastagjald F1	3 530,00	4 394,85	kr/ári

A.4 Blönduð notkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	4,28	4,28	kr/kWh
Fastagjald 4xF1	14 120,00	17 579,40	kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til búreksturs samkv. öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafl 4 kW, hámarksafl 50 kW.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald af allri notkun	2,54	3,16	kr/kWh
Aflgjald (lágmark 4 kW)	6 090,00	7 582,05	kr/kW/ári
Fastagjald 3xF1	10 590,00	13 184,55	kr/ári
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	6,65	8,28	kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Orkugjald vegna húshitunar ber 0% virðisaukaskatti.

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun. Lágmarksafl 15 kW.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald sumar (1. maí til 30. sept.)	1,89	2,35	kr/kWh
Orkugjald vetur (1. okt. til 30. apríl)	2,97	3,70	kr/kWh
Aflgjald sumar (1. apríl til 31. október)	570,00	709,65	kr/kWh/mán
Aflgjald vetur (1. nóv. til 31. mars)	1 140,00	1 419,30	kr/kW/mán
Fast gjald	32 000,00	39 840,00	kr/ári

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	1,71	2,13	kr/kWh
Aflgjald	2 870,00	3 573,15	kr/kW/ári

C.1/D.1 Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2x1,5 klukkustund á dag.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	3,44	4,28	kr/kWh
Fastagjald F3	13 310,00	16 570,95	kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Hitun húsnæðis ber 0% virðisaukaskatti.

C.2/D.2 Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 7.00 til 23.00.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	2,33	2,90	kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Hitun húsnæðis ber 0% virðisaukaskatti.

D.3 Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o.fl. Hámark uppsetts afls er 200 kW.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald 1. maí til og með 30. sept.	3,44	4,28	kr/kWh
Orkugjald 1. okt. til og með 30. apríl	4,80	5,98	kr/kWh
Fastagjald F3	13 310,00	16 570,95	kr/ári

Hitun húsnæðis ber 0% virðisaukaskatti.

H1/H2 Hitaveita R/O.

		Án Vsk
Orkugjald	kr/kWh	2,44
Sérstakur afsláttur til íbúðarhúsa	kr/kWh	0,12
Vatnsgjald	kr/tonn	32,10
Fast gjald	kr/ári	11 600,00

Sjá kafla um niðurgreiðslur.

H.3/H.31/H.4 Hitaveita Siglufirði.

H.3 Hitun um rennslismæli

		Án Vsk
Vatnsgjald	kr/rúmmetra	117,00
Fast gjald	kr/ári	1 872,00
H.31 Hitun um hemil		
Fast gjald skv. stillingu hemils	kr/mínl/ári	30 700,00
H.4 Hitun húsnæðis um rennslismæli		
Vatnsgjald	kr/rúmmetra	103,00
Sérstakur afsláttur	kr/rúmmetra	25,00
Fast gjald	kr/ári	11 600,00

Sala um hemil (H.31) var lögð niður í febrúar 1992 og við tók taxti H.4. Viðskipti um H.31 eru aðeins í undantekningartilfellum þar til breytingu á sölukerfi er að fullu lokið. Sérstakur afsláttur gildir fyrst um sinn, eða þar til reynsla fæst af nýju sölukerfi og endanleg gjaldskrá verður ákveðin.

S.1 Sumartaxti.

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lágmarksafl 75 kW á mánuði.

	Án Vsk	Með Vsk	
Orkugjald	1,89	2,35	kr/kWh
Aflgjald	355,68	442,82	kr/kW/mán

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

	Án Vsk	Með Vsk	
Einfasa mæla	674,00	839,13	kr/ári
Þrífasa mæla	2 652,00	3 301,74	kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindum verðum, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun RARIK hverju sinni.

Innheimta og lokun.

	Án Vsk	Með Vsk
Innheimtugjald: Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu .	870,00	1 083,15 kr
Opnunargjald: Gjald fyrir aðgerðir vegna lokunar og/eða opnunar veitu vegna vanskila er	3 480,00	4 332,60 kr

Gjald vegna varatengingar.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

1.1 Í hverju tilviki fyrir sig, skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst, greiðir notandinn að fullu.

1.2 Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað, greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ.e. af línulögn, spenni, strengjum o.s.frv.

1.3 Notandi greiðir fyrir varatenginguna, óháð orkunotkun, fast gjald á ári, sem samsvarar aflgjaldi á marktaxta fyrir 4 kW að viðbættu föstu gjaldi marktaxtans. Fyrir hverja kWh sem notuð er, skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

Niðurgreiðslur og afsláttur.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Rafmagnsveitur ríkisins veita ennfremur fyrst um sinn, sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30.000 kWh á ári samkvæmt lið C.1 og H.1 og 42.000 kWh á ári samkvæmt lið A.5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið.

Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C.1 Rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 83 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,06 kr/kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,26 kr/kWh.

Liður A.5 Markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 115 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,76 kr/kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,185 kr/kWh.

Liður H.1 Hitaveita

Niðurgreidd er orka sem er allt að 83 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,99 kr/kWh. Sérstakur afsláttur rafmagnsveitnanna er 0,12 kr/kWh.

Liður C.2 Næturhitun

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C.2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,64 kr/kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,26 kr/kWh.

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Utanhússlýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað. Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla með rafhitun samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir sérmældir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksmánaðar er hæsta gildi afls viðkomandi reikningstímabils milli reglulegra álestra. Álestur er mánaðarlega, að jafnaði sem næst mánaðamótum. Vetrargjald afls er á tímabilinu 1. nóvember til 31. mars. Á öðrum tíma gildir sumarverð afls. Vetrarverð orku gildir á tímabilinu 1. október til 30. apríl. Á öðrum tíma gildir sumarverð orku.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október, og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárliðum utan þess tímabils. Aflgjald er samkvæmt mælingu við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fer fram að jafnaði sem næst mánaðamótum. (Taxti þessi fellur niður á árinu 1993).

5. Véla- og tækjanotkun.

Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (fasviksstuðull undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall nemur hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

Heimilt er að takmarka veitingu gjaldskrárliða við aflmælingu, ef orkunotkun fer yfir 200.000 kWh/ári á töxtum A.1 til A.4.

7. Annað.

Virðisaukaskattur 24,5% leggst á alla gjaldskrárliði nema orkugjöld til húshitunar í liðum A.4, A.5, C.1, C.2, D.1, D.2, D.3 og fastagjaldi F.3. Notkunargjöld vegna húshitunar með rafmagni og hitaveitu bera 0% virðisaukaskatt. Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar sem kunna að verða gerðar á virðisaukaskatti.

II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA.

1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til eftirtalinna aðila:

Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Hveragerðis, Selfossveitna, Hitaveitu Eyra og Bæjarveitna Vestmannaeyja.

2. Rafmagnsgjald.

		Án Vsk
Aflgjald	kr/kW/ári	9 412,70
Vetrargjald orku	kr/kWh	2,074
Sumargjald orku	kr/kWh	1,037
Tengigjald	kr/ári	317 840,00

3. Söluskilmálar.

3.1 Aflsala.

Við útreikning á sölutoppi til uppgjörs á ári hverju skal fyrst fundinn hæsti álagstoppur hvers almanaksmánaðar, mældur sem 60 mínútna sammælt meðalálag á afhendingarstað (stöðum). Fjórir hæstu fyrrgreindra tólf álagstoppa koma til uppgjörs. Sölutoppur ársins telst útreiknað meðaltal þessara fjögurra toppa. Þessi grein gjaldskrár gildir ekki ef heimild til sérsamnings, sbr. 4. grein, er nýtt.

3.2 Tímabil orkugjalda.

Vetrargjald gildir tímabilin:	1. janúar	– 30. apríl
	1. október	– 31. desember
Sumargjald gildir tímabilið:	1. maí	– 30. september

4. Sérsamningur um aflsölu.

Rafmagnsveitunum og hverri einstakri veitu fyrir sig er heimilt að gera með sér sérstakan samrekstrarsamning. Í samningi þessum komi fram á hvern hátt sölutoppur skuli ákveðinn ásamt öðrum þeim atriðum sem aðilar koma sér saman um og varða samrekstur. Ákvæði samnings þessa mega þó í engu breyta þeim ákvæðum sem fram koma í gjaldskrá þessari að undanskildri grein 3.1.

5. Mánaðargreiðslur.

5.1 Aflsala og tengigjald.

Í upphafi árs áætla Rafmagnsveiturnar, í samráði við kaupanda, sölutopp komandi árs. Áætluð ársgreiðsla fyrir afl- og tengigjald skal síðan reiknuð út frá gildandi gjaldskrá.

Mánaðargreiðsla telst 1/12 hluti ársgreiðslunnar nema desembergreiðslan sem er útreiknuð lokagreiðsla ársins. Mánaðargreiðslurnar teljast innborganir.

Við gjaldskrárbreytingar skulu þær mánaðargreiðslur sem ekki eru fallnar í gjalddaga taka sömu hlutfallslegu breytingum og gjaldskráin. Við lokauppgjör í árslok skal reikna með einingarverðum í réttu hlutfalli við dagafjölda verðtímabila. Frá þannig reiknaðri ársgreiðslu dragast gjaldfallnar innborganir og mismunurinn telst mánaðargreiðsla desember.

5.2 Orkusala.

Mánaðargreiðsla fyrir orku miðast við mælda orkunotkun í mánuðinum og gildandi einingarverð. Séu fleiri en eitt einingarverð í gildi innan mánaðarins skal reikna í réttu hlutfalli við dagafjölda.

6. Greiðsluskilmálar.

Mánaðargreiðslur fyrir janúar falla í gjalddaga síðasta dag febrúar og þannig koll af kolli fyrir aðra mánuði. Ef ekki er greitt á gjalddaga, reiknast fullir vanskilavextir frá honum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni.

GJALDSKRÁ FYRIR ÓTRYGGÐA ORKU.

1. Almennt.

Um viðskipti þessi gilda almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu ótryggðrar orku frá 1. janúar 1991.

2. Rafmagnsgjald.

		Án Vsk
Fast gjald	kr/ári	120 390,00
1. verðþrep	kr/kWh	1,024
2. verðþrep	kr/kWh	1,325
3. verðþrep	kr/kWh	1,904

3. Samningur.

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Rafmagnsveitna ríkisins og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða.

ALMENNIR SKILMÁLAR RAFMAGNSVEITNA RÍKISINS UM SÖLU VÍKJANDI ORKU.

1. Almenn skilyrði.

Víkjandi orka er rjúfanleg forgangsorka. Hana má selja í stað annarra orkugjafa eða þegar um er að ræða framleiðslu eða starfsemi sem lagst getur niður tímabundið meðan rofið er. Víkjandi orka er ætluð:

a) Þeim sem kost eiga á ótryggðri orku en treysta sér ekki til að undirgangast þau skilyrði um langtímarof sem henni fylgja.

b) Þeim sem kost eiga á kaupum samkvæmt smásölugjaldskrá, sbr. þær takmarkanir sem þar koma fram, til nota hvar rof á hæstu álagstímum getur talist eðlilegur viðskiptamáti; hér er einkum átt við ýmis konar hitun og lýsingu í gróðurhúsum.

Sala á víkjandi orku er háð samþykki Rafmagnsveitna ríkisins í hverju tilviki.

Uppsett afl þess búnaðar, sem nýtir víkjandi orku, skal að lágmarki vera 100 kW eða áætluð ársnotkun að lágmarki 500 MWh.

2. Afhending víkjandi orku.

Stýritími er sá tími þegar stýring aflkaupatopps frá Landsvirkjun er virk. Framkvæmd er í höndum stjórnstöðvar Rafmagnsveitna ríkisins sem kemur boðum um stýritímann til viðskiptavina.

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að skerða afhendingu:

a) Á stýritíma Rafmagnsveitna ríkisins.

b) Vegna afltakmarkana, truflana eða bilana í veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins til að koma í veg fyrir yfirálag.

Enginn fyrirvari er á rofi vegna tilviks a) en eigi skemmri en ein klukkustund vegna b) ef mögulegt er.

Heimilt er Rafmagnsveitum ríkisins að leyfa afhendingu orku á stýritíma gegn gjaldi sem nemi 110% af refsigjaldi (umframaflgjaldi) Landsvirkjunar eða 110% af áætluðum framleiðslukostnaði með dísilvélum vegna álagsstýringar á hverjum tíma.

3. Mæling og rofabúnaður.

3.1 Mælabúnaður

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp mælabúnað sem við á og þær samþykkja til mælingar á orku.

Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal mæld á einum stað og á einum mæli.

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að ákveða að búnaður, hjá öllum notendum, skuli þannig gerður, að hægt sé á sjálfvirkan hátt um símakerfið eða á annan sambærilegan hátt að lesa mælingar á 60 mínútna meðalálagi.

3.2 Rofabúnaður

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, rofabúnað sem þær samþykkja til rofs á afhendingu orkunnar

Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal vera rjúfanleg á einum rofa.

3.3. Fjarstýring rofabúnaðar

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, búnað sem tengist fjarstýrikerfi þeirra og getur:

a) Rofið afhendingu.
b) Gefið til kynna hvort rof heppnast eða ekki.
c) Gefið til kynna stöðu rofa á hverjum tíma.

Fjarstýring Rafmagnsveitna ríkisins skal virka á einn rofa, sbr. grein 3.2, en kaupandi skal setja upp búnað til innsetningar í áföngum ef þurfa þykir.

Sé heimildin til afhendingar orku á stýritíma nýtt, sbr. 2. grein, skuldbindur kaupandi sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, þann viðbótarbúnað sem til þarf.

4. Gildistími.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. janúar 1993 og gilda þar til annað verður ákveðið.

GJALDSKRÁ FYRIR VÍKJANDI ORKU.

1. Almennt.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu víkjandi orku frá 1. janúar 1993.

2. Rafmagnsgjald.

	Án vsk.	
Fast gjald	120 390	kr/ári
Vetrargjald orku	2,683	kr/kWh
Sumargjald orku	1,737	kr/kWh

Um gjald fyrir orku sem afhent er á stýritíma vísast í framangreinda skilmála.

3. Tímabil orkugjalda.

Vetrargjald gildir tímabilin: *1. janúar – 30. apríl*
1. október – 31. desember
Sumargjald gildir tímabilið: *1. maí – 30. september*

III. TENGIGJÖLD.

1. Þéttbýli.

Tengigjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengdum veitusvæðum rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1.1 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.2 Aðalheimtaugar. Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur/gerð		Án vsk	Með vsk
63 A einfasa:	kr	71 800,00	89 391,00
63 A þrífasa:	kr	79 000,00	98 355,00
100 A þrífasa:	kr	124 800,00	155 376,00
200 A þrífasa:	kr	249 600,00	310 752,00
315 A þrífasa:	kr	393 100,00	489 410,00
400 A þrífasa:	kr	499 200,00	621 504,00
630 A þrífasa:	kr	786 200,00	978 819,00
710 A þrífasa:	kr	886 100,00	1 103 195,00
1200 A þrífasa:	kr	1 498 000,00	1 865 010,00

1.3 *Staðsetning.* Leitað skal samþykkis rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

1.4 *Aukakostnaður.* Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

1.5 *Spennistöð.* Þurfi að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum

sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið – uppsteypt – er lagt til Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1.6 *Breyting á heimtaug.* Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð eða færð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram. Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati Rafmagnsveitnanna.

1.7 *Bráðabirgðaheimtaugar.* Grunngjald er eftirfarandi:

Málstraumur/gerð		Án Vsk	Með Vsk
63 A einfasa:	kr	11 200,00	13 944,00
63 A þrífasa:	kr	15 700,00	19 547,00
100 A þrífasa:	kr	17 200,00	21 414,50

Auk grunngjalds skal greiða kostnað við framkvæmd verks og leigu efnis samkvæmt kostnaðaráætlun, sem miðast við aðstæður hverju sinni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu. Fyrir orkunotkun skal greiða samkvæmt taxta A2 eða A4, eftir því hvort um rafhitun er að ræða eða ekki.

1.8 *Frávik.* Kafli þessi gildir um skipulögð hverfi í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða tengigjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugarbreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðarreikningi eða eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

2. Dreifbýli.

2.1 Íbúðarhús, kirkjur, skólar, atvinnuhúsnæði og þ.h.
Tengigjaldið skal vera:

		Án Vsk	Með Vsk
Fyrir hverja heimtaug:	kr	130 000,00	161 850,00

Tengigjaldið er miðað við, að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.

2.2 Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 2.1, skulu tengigjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

3. Sumarhúsahverfi.

3.1 *Tengigjald í skipulögðu sumarhúsahverfi* skal vera sem hér segir:

		Án Vsk	Með Vsk
Fyrir hverja heimtaug:	kr	162 000,00	201.690,00

Tengigjaldið miðast við 5 kVA afl í spennistöð fyrir hvert hús. Sé um meira afl að ræða bætist við gjald samkvæmt kostnaði. Þetta tengigjald gildir innan hverfisins, sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

3.2 Um sé að ræða *skipulögð hverfi.* Með skipulögðu hverfi er átt við afmarkað svæði, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:2000, staðfestur af skipulagi ríkisins. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

3.3 *Eftirlit.* Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeigenda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis, uppsetningar nauðsynlegs búnaðar og allan eðlilegan umgengnisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.

3.4 *Fjöldi.* Í upphafi þurfa a.m.k. 5 bústaðir að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp. Meðallengd heimtauga frá stofndreifikerfi fari ekki yfir 120 m. Umframlengd greiðist samkvæmt kostnaði.

3.5 *Lega heimtaugar* frá lágspennudreifikerfi að bústað skal ákveðin í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðamarka og annast frágang í samræmi við teikningu frá Rafmagnsveitum ríkisins nr. 4.3207.46.

3.6 *Lengd háspennulínu* sem leggja þarf að sumarhúsahverfi, má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð.

3.7 *Uppbygging.* Sé fyrirsjáanlegt, að mati Rafmagnsveitna ríkisins, að hverfi sem skipulagt hefur verið, komi til með að byggjast seint upp, þá geta Rafmagnsveiturnar krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda hverfisins verði greitt tengigjald, áður en ráðist er í framkvæmdir.

4. Hitaveitur.

Eftirfarandi gildir um R/O hitaveitur Rafmagnsveitna ríkisins og hitaveitu á Siglufirði:

4.1 *Tengigjöld* fyrir hverja heimæð skulu vera háð rúmmáli þess húsnæðis sem hita skal (utanmáli) og eru sem hér segir:

		Án Vsk
Fyrir hús allt að 400 rúmmetrum:	kr	71 800,00
Fyrir hverja 10 rúmmetra umfram 400:	kr	1 040,00
Hver mælagrind umfram eina:	kr	15 600,00

4.2 *Rúmmál.* Við ákvörðun á rúmmálsstærð skal miða við fasteignaskrá. Fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati skal miðað við byggingarteikningar húsa.

4.3 *Takmörkun.* Rafmagnsveitunum er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til. Tengigjöld hitaveitu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.

4.4 *Mælagrind.* Hverri heimtaug fylgir ein mælagrind. Greiða skal aukagjald fyrir hverja mælagrind umfram þá fyrstu.

4.5 Að öðru leyti en að ofan er greint, gilda sömu skilmálar um orkuviðskipti og í gildi eru fyrir raforkusmásölu Rafmagnsveitna ríkisins.

5. Annað.

5.1 Tengigjöld fyrir annað, en að framan greinir, svo sem fyrir heimtaugar í einstök sumarhús, veiðihús, o.fl., eru ávallt samkvæmt kostnaði, þó að lágmarki kr. 162.000,00 (201.690,00 m/vsk). Um bráðabirgðaheimtaugar í strjálbýli gilda sömu reglur og í þéttbýli (kafli 1.7).

5.2 *Endurtenging.* Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimtaugar. Falli notkun um heimtaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald, hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald F.1, auk kostnaðar við endurtengingu.

5.3 *Aukaheimtaug.* Að jafnaði er aðeins gert ráð fyrir einni heimtaug fyrir hvern notanda. Sé hins vegar þörf á aukaheimtaug, skal greiða fyrir hana samkvæmt kostnaði hverju sinni, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

5.4 Aðrar breytingar á heimtaugum en þær sem tilgreindar eru í kafla um tengigjöld skulu vera samkvæmt kostnaði hverju sinni.

Öll gjöld sem tilgreind eru í kafla III miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1993, sem er 189,6 stig og breytast í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar gjöldum almanaksársins. Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts nema annars sé getið. Virðisaukaskattur 24,5% leggst á öll tengigjöld nema tengigjöld hitaveitu sem bera 0% virðisaukaskatt.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 31, 24. janúar 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 23. desember 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

22. desember 1992 Nr. 466

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

B-hluti.
RAFORKUGJÖLD OG ÖNNUR GJÖLD

1. gr.
Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns á lágspennu. Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja rafmagn á háspennu samkvæmt sérstökum samningi.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-hluti gjaldskrár fjallar um almenna skilmála um orkuafhendingu á orkuveitusvæði Rafmagnsveitunnar. Í þessum hluta er skilgreining á raforkutöxtum, heimtaugagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi, álestrargjaldi, innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluti gjaldskrár sýnir gildandi raforkuverð og önnur gjöld á hverjum tíma.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

Skammstafanir

Tákn	*Eining*	*Skýring*
A	amper	straumur
kW	kílówatt	afl
kWh	kílówattstund	orka

Skilgreiningar

Notandi: viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn mæli (eina veitu).
Orkukaupandi: viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn eða fleiri mæla (veitur).

Veita: rafkerfi notanda með einn mæli.
Ársnotkun: fjöldi kWh sem notaðar eru á einu ári (365 dögum).
Afltoppur: mesta mælda afl (kW) yfir árið.

2. gr.

Raforkugjöld.

2.1 Almenn orkunotkun.

Almenn orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

A.1.	Almenn notkun:			
	Fastgjald	2 350,00	(2 925,75)	kr/ár
	Orkugjald	5,42	(6,75)	kr/kWh
A.2	Bráðabirgðanotkun:			
	Fastgjald	4 700,00	(5 851,50)	kr/ár
	Orkugjald	7,05	(8,78)	kr/kWh
A.4	Sumarhúsanotkun:			
	Fastgjald	9 030,00	(11 242,35)	kr/ár
	Orkugjald	2,94		kr/kWh

2.2 Afl- og orkunotkun.

Almenn orkunotkun, sem er 200.000 kWh á ári og yfir. Útilýsing.
Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

B.1	Afl- og orkumæling:			
	Fastgjald	40 500,00	(50 422,50)	kr/ár
	Aflgjald	6 850,00	(8 528,25)	kr/kW/ár
	Vetrarorkugjald	3,37	(4,20)	kr/kWh
	Sumarorkugjald	1,55	(1,93)	kr/kWh
B.2	Útilýsing			
	Aflgjald	18 800,00	(23 406,00)	kr/kW/ár
	Viðhaldsgjald	20 500,00	(25 522,50)	kr/kW/ár

2.3 Rofin orkunotkun.

Rofin orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

R.1	Rofin orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:			
	Fastgjald	6 730,00	(8 378,85)	kr/ár
	Orkugjald með rofi í nóv.-febr.	2,60	(3,24)	kr/kWh
	Orkugjald með rofi í des.-jan.	2,81	(3,50)	kr/kWh
R.2	Rofin orkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:			
	Fastgjald	6 730,00	(8 378,85)	kr/ár
	Vetrarorkugjald með rofi í nóv.-febr.	3,26	(4,06)	kr/kWh
	Vetrarorkugjald með rofi í des.-jan.	3,67	(4,57)	kr/kWh
	Sumarorkugjald	1,60	(1,99)	kr/kWh
R.3	Næturorkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:			
	Fastgjald	6 730,00	(8 378,85)	kr/ár
	Orkugjald	2,12	(2,64)	kr/kWh
R.4	Næturorkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:			
	Fastgjald	6 730,00	(8 378,85)	kr/ár
	Vetrarorkugjald	2,54	(3,16)	kr/kWh
	Sumarorkugjald	1,31	(1,63)	kr/kWh

3. gr.

Önnur gjöld.

3.1 Heimtaugagjöld.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

H.1 Aðalheimtaugar

Málstraumur		Heimtaugagjöld	
63 A	1-fasa	50 800	(63 246,00) kr
63 A	3-fasa	56 200	(69 969,00) kr
100 A	3-fasa	89 800	(111 801,00) kr
200 A	3-fasa	177 000	(220 365,00) kr
315 A	3-fasa	279 000	(347 355,00) kr
400 A	3-fasa	362 000	(450 690,00) kr
630 A	3-fasa	562 000	(699 690,00) kr
710 A	3-fasa	634 000	(789 330,00) kr
1200 A	3-fasa	1 070 000	(1 332 150,00) kr
2400 A	3-fasa	2 140 000	(2 664 300,00) kr

H.2 Bráðabirgðaheimtaugar

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpi
63 A1-fasa	10 100 (12 574,50)	1 500 (1 867,50)	19 100 (23 779,50)
63 A3-fasa	14 100 (17 554,50)	1 500 (1 867,50)	22 000 (27 390,00)
100 A3-fasa	15 000 (18 675,00)	1 970 (2 452,65)	25 500 (31 747,50)
200 A3-fasa	56 600 (70 467,50)	1 970 (2 452,65)	25 500 (31 747,50)

H.3 Sumarhúsaheimtaugar

Málstraumur		Heimtaugagjöld
35 A	1-fasa	174 000 (216 630,00) kr.

3.2 Mælaleiga.

Mælaleiga er innifalin í raforkuverði skv. töxtum. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár. Fyrir mælitæki til annarra nota er ársleiga sem hér segir:

M.1 Orkumælir, einfasa	710	(883,95) kr.
M.2 Orkumælir, þrífasa	2 800	(3 486,00) kr.
M.3 Orkumælir, þrífasa með straumspennum	4 740	(5 901,30) kr.
M.4 Aflmælir	4 740	(5 901,30) kr.
M.5 Aflmælir með straumspennum	7 100	(8 839,50) kr.
M.6 Tvígjaldsorkumælir	4 570	(5 689,65) kr.
M.7 Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	6 970	(8 677,65) kr.
M.8 Móttökuliði, einpóla	3 150	(3 921,75) kr.
M.9 Móttökuliði, þrípóla	4 740	(5 901,30) kr.

3.3 Tengigjald.

Tengigjald vegna skammtímanotkunar	4 990	(6 212,55) kr.

Álag vegna tenginga utan dagvinnutíma 55%.

3.4 Álestrargjald.

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda	993	(1 236,30) kr.

3.5 Innheimtugjald.

Innheimtugjald vegna vanskila notanda	757	(942,47) kr.
Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar	1 140	(1 419,30) kr.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.

Gjaldskrá þessi (B-HLUTI: Raforkugjöld og önnur gjöld) staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451/1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 609, dagsett 16. desember 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 467 23. desember 1992

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 77/1986 um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða.

1. gr.

8. töluliður 1. mgr. 3. gr. reglna um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða nr. 77/1986 falli niður.

2. gr.

Í stað núverandi 8. og 9. gr. reglna um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða nr. 77/1986 komi ný grein sem verður 8. gr. sbr. eftirfarandi. Númeraröð núverandi 10.-18. gr. reglnanna breytist í 9.-17. gr.:

Mat á afskriftaþörf vegna útlána og annarra skuldbindinga og framsetning í ársreikningi skal vera með þeim hætti sem greinir í eftirfarandi töluliðum 1 til 8, sbr. ennfremur skýringar með ársreikningi.

1) Með skuldbindingum lánþega er átt við eftirfarandi liði í reglum þessum:
   (a) útlán og endurlán, þar með taldir áfallnir vextir og þóknanir;
   (b) ábyrgðir bankans/sparisjóðsins utan efnahags;
   (c) ábyrgðarskuldbindingar lánþega vegna annarra lánþega bankans/sparisjóðsins;
   (d) aðrar hugsanlegar skuldbindingar gagnvart bankanum/sparisjóðnum.
2) Með framlögum í afskriftareikninga útlána o.fl. er átt við sérstök og almenn framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. en ekki tillög í afskriftareikning innan eigin fjár.
3) Með „sérstökum framlögum í afskriftareikninga útlána o.fl.“ er átt við framlög til að mæta líklegum töpum á skuldbindingum þeirra lánþega sem sérstaklega hafa verið metnir í tapshættu.
4) Með „almennum framlögum í afskriftareikninga útlána o.fl.“ er átt við framlög til að mæta töpum sem talin eru líkleg miðað við aðstæður á uppgjörsdegi vegna skuldbindinga

annarra lánþega en þeirra sem sérstaklega hafa verið metnir í tapshættu sbr. skilgreiningu á „sérstökum framlögum í afskriftareikninga útlána o.fl." hér á undan.

5) Með „tillögum í afskriftareikning innan eigin fjár" er átt við tillög sem ætlað er að mæta tapshættu á skuldbindingum lánþega í framtíðinni vegna aðstæðna sem kunna að eiga sér stað eftir uppgjörsdag.

6) Með hliðsjón af gildandi reglum og góðri reikningsskilavenju skal bankinn/sparisjóðurinn framkvæma mat á afskriftaþörf vegna útlána og annarra skuldbindinga og bókfæra nauðsynleg framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. til að mæta líklegum töpum. Framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. skulu samanstanda af sérstökum og almennum framlögum í afskriftareikninga útlána o.fl. Við útreikning á nauðsynlegum framlögum skal virði tryggingarandlaga reiknast í samræmi við ákvæði 11. töluliðar hér á eftir. Sérhver banki/sparisjóður skal setja sér innri starfsreglur til að fara eftir við framkvæmd ákvæða þessara reglna um mat á afskriftaþörf.

7) Sérstök framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. Þegar banki/sparisjóður hefur metið skuldbindingar lánþega í tapshættu t.d. vegna vanskila, greiðslustöðvunar, gjaldþrots eða annarra aðstæðna lánþega svo sem vegna þess að gjaldþol, greiðslugeta, tekjuhæfi eða virði trygginga lánþega hafa rýrnað, skal bankinn/sparisjóðurinn meta afskriftaþörf vegna viðkomandi skuldbindinga og bókfæra nauðsynleg sérstök framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. Þegar banki/sparisjóður telur nauðsynlegt að bókfæra sérstök framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. skal meta nauðsyn þess að hætta að tekjufæra vexti og þóknanir vegna sömu skuldbindinga og hvort ástæða er til að bakfæra tekjufærða en óinnheimta vexti og þóknanir innan reikningsársins.

8) Vanskil skuldbindinga. Þegar um er að ræða að lánþegi hefur ekki staðið í skilum með gjaldfallnar afborganir og vexti af lánum eða aðrar umsamdar skuldbindingar í yfir 12 mánuði skal bankinn/sparisjóðurinn leggja mat á afskriftaþörf vegna tapshættu á slíkum skuldbindingum. Komi í ljós að fjárhagsstaða lánþega og/eða fyrirliggjandi tryggingar séu þannig, að skuldbindingar hans teljast ekki fullnægjandi tryggðar skal:
   — hætta að tekjufæra vexti og þóknanir,
   — bakfæra tekjufærða en óinnheimta vexti og þóknanir innan reikningsársins,
   — bókfæra sérstök framlög í afskriftareikninga útlána o.fl.

9) Almenn framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. Banki/sparisjóður skal í samræmi við góða reikningsskilavenju meta afskriftaþörf vegna tapa sem talin eru líkleg miðað við aðstæður á uppgjörsdegi vegna skuldbindinga annarra lánþega en þeirra sem sérstaklega hafa verið metnir í tapshættu sbr. 7. og 8. töluliði hér á undan. Almenn framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. reiknast á grundvelli tapreynslu í útlánastofninum, efnahagsástands, atvinnugreinaathugana og annarra aðstæðna sem hafa þýðingu við mat á tapshættu á skuldbindingum lánþega.

10) Við breytingar á lánskjörum, sem hafa í för með sér að virði viðkomandi láns er verulega lægra en virði láns með venjulegum vaxtakjörum, skal færa mismuninn annars vegar til lækkunar á áður bókfærðum tekjum innan reikningsársins og hins vegar sem töpuð útlán.

11) Mat á yfirteknum eignum og tryggingarandlögum. Yfirteknar eignir og tryggingarandlög skulu metin til verðs með hliðsjón af því verðmæti sem ætla má að fengist fyrir viðkomandi eignir við sölu.

12) Afskriftareikningar útlána o.fl. sem myndaðir eru með sérstökum og almennum framlögum í afskriftareikninga útlána o.fl. skulu bókfærðir til frádráttar viðkomandi eignaliðum á eignahlið efnahagsreiknings. Afskriftareikningur sem myndaður hefur verið vegna tapshættu á liðum utan efnahagsreiknings skal þó færður meðal skuldaliða. Sérstök og almenn framlög í afskriftareikninga útlána o.fl. skulu gjaldfærð í rekstrarreikningi sem „framlög í afskriftareikninga útlána o.fl.".

13) Færsla á tillögum í afskriftareikning innan eigin fjár sbr. 5. tölulið hér á undan. Tillög í afskriftareikning innan eigin fjár skulu bókfærð til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé og hækkunar á afskriftareikningi innan eigin fjár.

3. gr.

Í 1. mgr. 16. gr. reglna um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða nr. 77/1986 bætast við eftirfarandi töluliðir 10)-13):

„10) reikningsskilaaðferð sem notuð er við mat á afskriftaþörf vegna útlána og annarra skuldbindinga;

11) hreyfingar á afskriftareikningum útlána o.fl. á reikningsárinu. Sérstaklega skal tilgreina þá fjárhæð, sem gjaldfærð er í rekstrarreikning sem framlag í afskriftareikninga útlána o.fl., þá fjárhæð, sem færð er á tímabilinu sem endanlega afskrifuð útlán og þá fjárhæð, sem færð er til tekna vegna innheimtra en áður afskrifaðra útlána;

12) heildarfjárhæð afskriftareikninga útlána o.fl. á uppgjörsdegi;

13) heildarfjárhæð vaxtafrystra útlána í efnahagsreikningi, sem ekki hefur verið lagt til hliðar fyrir í afskriftareikningum útlána o.fl., svo og á hverju mat á bókfærðu virði sömu útlána er byggt."

4. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 37. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka og 41. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði og öðlast gildi fyrir reikningsárið 1992.

Viðskiptaráðuneytið, 23. desember 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Finnur Sveinbjörnsson.

Nr. 468 23. desember 1992

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku er taki gildi 1. janúar 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku nr. 458, 27. september 1991:
Liðirnir C.2 Daghitun, húshitun rofin og C.3 Næturhitun, húshitun, hækki um 4%. Aðrir liðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 23. desember 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á starfssvæðum landshlutasamtaka sveitarfélaga nr. 26/1987.

1. gr.

2. mgr. auglýsingarinnar fellur brott.

2. gr.

Við bætist tvær nýjar málsgreinar sem hljóða svo:

Starfssvæði Sambands sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra nær yfir allt Norðurlandskjördæmi vestra, þ.e. Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Hunavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.

Starfssvæði Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum nær frá Ólafsfirði að vestan að Sauðaneshreppi að austan, að báðum sveitarfélögunum meðtöldum.

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

22. desember 1992 Nr. 470

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Seltjarnarnes árið 1993.

1. gr.

Bæjarstjórn Seltjarnarness er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald fyrir árið 1993.

2. gr.

Gjald fyrir 1993 er kr. 4 000 og er gjaldið miðað við einn poka á viku á hvern stað sem hreinsað er frá og er innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarness er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 1993.

Umhverfisráðuneytið, 22 desember 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um gjaldeyrismál.

I. KAFLI

Orðskýringar.

1. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Innlendur aðili merkir:

1. sérhvern mann sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili, án tillits til ríkisfangs; sama á við um íslenskan ríkisborgara og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að;
2. sérhvern lögaðila sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmæltan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi; hérlend útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila.

Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda. Til erlendra aðila teljast m.a. starfsmenn erlendra sendiráða hér á landi sem eru erlendir ríkisborgarar og varnarlið á vegum Atlantshafsbandalagsins hér á landi. Sama gildir um skyldulið þessara aðila sem dvelst hér á landi og hefur ekki íslenskt ríkisfang.

Innlendur gjaldeyrir merkir íslenska peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli, sem hljóða upp á greiðslu í íslenskum krónum, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum hér á landi.

Erlendur gjaldeyrir merkir erlenda peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli, sem hljóða upp á greiðslu í erlendri mynt, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum erlendis.

Gjaldeyrisviðskipti merkja það að skipta innlendum gjaldeyri fyrir erlendan, erlendum gjaldeyri fyrir innlendan eða einum erlendum gjaldeyri fyrir annan eða reikningsviðskipti sem eru ígildi þess að erlendur gjaldeyrir sé látinn af hendi eða móttekinn.

Fjármagnshreyfingar merkja yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli landa sem tengjast:

1. beinum fjárfestingum,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutabréf, skuldabréf, víxla, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og önnur langtíma- eða skammtímaverðbréf,
3. lánveitingum, lántökum og greiðslu eða móttöku afborgana af lánum,
4. veitingu ábyrgða og hvers konar greiðslutrygginga,
5. opnun bankareikninga og notkun þeirra,
6. framvirkum viðskiptum (á ensku: forward contract, futures), viðskiptum með valrétt (valkvæðum viðskiptum, á ensku: option) og gjaldmiðla- og vaxtaskiptum (á ensku: swap),
7. yfirfærslu á fjármunum einstaklinga og fjölskyldna.

Skammtímahreyfingar fjármagns merkja fjármagnshreyfingar milli landa sem tengjast:

1. útgáfu á og viðskiptum með skuldabréf og víxla með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og önnur slík skammtímaverðbréf,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum,
3. lánveitingum og lántökum til skemmri tíma en eins árs,

4. innleggi á og úttekt af reikningum í innlánsstofnunum og hliðstæðum gjaldeyrisviðskiptum.

Jafnframt teljast til skammtímahreyfinga fjármagns inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og önnur hliðstæð viðskipti.

Langtímahreyfingar fjármagns merkja allar aðrar fjármagnshreyfingar en skammtímahreyfingar fjármagns.

Bein fjárfesting merkir fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut til að öðlast virk áhrif á stjórn þess. Langtímalán frá eigendum fyrirtækis til fyrirtækisins, þar á meðal lántaka með sérstökum skilyrðum, sbr. 39. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, teljast einnig bein fjárfesting.

Óbein fjárfesting merkir alla aðra fjárfestingu en beina fjárfestingu, einkum fjárfestingu í verðbréfum, sem er fyrst og fremst til þess ætluð að ávaxta fé en ekki til að öðlast virk áhrif á stjórn fyrirtækis.

Innlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem innlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

Erlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi, sem erlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

II. KAFLI
Meginreglur um gjaldeyrisviðskipti.

2. gr.
Óheft gjaldeyrisviðskipti.

Gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skulu vera óheft, svo og fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra, nema annað sé ákveðið í lögum.

3. gr.
Bein fjárfesting erlendra aðila hér á landi.

Erlendum aðilum er heimilt innan þeirra marka, sem kveðið er á um í lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, að stofna til beinna fjárfestinga í atvinnurekstri hér á landi. Um skilgreiningu á erlendum aðila í þessu sambandi fer eftir lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og teljast því hérlend útibú erlendra lögaðila til erlendra aðila.

Takmarkanir á beinum fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi eru:

1. Íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis, og lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eign íslenskra ríkisborgara, sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt lögum nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.
2. Íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis, og lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eign íslenskra ríkisborgara, sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi. Með vinnslu sjávarafurða er átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.

3. Íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis, og lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskraríkisborgara, sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu.
4. Samanlagður eignarhlutur erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem stundar flugrekstur hér á landi, má á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%.
5. Erlendir aðilar mega eiga 25% hlutafjár í íslenskum viðskiptabanka sem rekinn er af hlutafélagi.
6. Fjárfesting erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis í atvinnurekstri hér á landi er óheimil nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
7. Fari heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi fram úr 250 milljónum króna á einu almanaksári skal fjárfesting umfram fyrrgreind viðmiðunarmörk háð sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Viðmiðunarmörkin miðast við lánskjaravísitölu í júní 1990, 2.887 stig, og breytist í samræmi við breytingar sem verða á henni til hækkunar eða lækkunar. Fjárfesting erlends aðila telst eiga sér stað í skilningi þessa töluliðar þegar tilkynningarskylda stofnast, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.
8. Heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig má ekki fara yfir 25% nema til komi leyfi viðskiptaráðherra. Með heildarfjárfestingu í atvinnugrein er átt við áætlaða fjárfestingu í iðnaði, öðrum en orkufrekum iðnaði, verslun og þjónustu, samgöngurekstri og fiskeldi samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar.

Tilkynna ber Seðlabanka Íslands alla erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og teljast nauðsynleg að mati Seðlabankans. Sé um að ræða erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan á viðkomandi atvinnufyrirtæki en sé um að ræða fyrirhugaða atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni erlends aðila hvílir tilkynningarskyldan á honum.

Erlendum aðila er jafnframt heimilt við sölu á eignarhlut sínum eða slit atvinnufyrirtækisins að ráðstafa söluandvirðinu hér á landi í samræmi við ákvæði gildandi laga eða flytja það úr landi.

4. gr.

Hlutabréfaviðskipti erlendra aðila.

Kaup erlendra aðila á hlutabréfum í innlendum félögum eru háð sömu takmörkunum og beinar fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. 4. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og 3. gr. þessarar reglugerðar:

1. Erlendum aðilum er óheimilt að kaupa hlutabréf í félagi er stundar fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
2. Erlendum aðilum er óheimilt að kaupa hlutabréf í félagi er leggur stund á vinnslu sjávararfurða hér á landi. Með vinnslu sjávarafurða er átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Hins vegar telst umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu ekki til vinnslu í þessu sambandi.
3. Erlendum aðilum er óheimilt að kaupa hlutabréf í félagi er á eða eignast virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um félag sem stundar orkuvinnslu eða orkudreifingu.

4. Erlendum aðilum er óheimilt að kaupa hlutabréf í félagi er stundar flugrekstur hér á landi ef samanlagður eignarhlutur erlendra aðila hefur þegar náð 49%.
5. Erlendum aðilum er óheimilt að kaupa hlutabréf í íslenskum viðskiptabanka ef samanlagður eignarhlutur erlendra aðila hefur þegar náð 25%.
6. Kaup erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis á hlutabréfum í innlendu félagi eru óheimil nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
7. Fari heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi fram úr 250 milljónum króna á einu almanaksári skulu kaup á hlutabréfum umfram fyrrgreind viðmiðunarmörk háð sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Viðmiðunarmörkin miðast við lánskjaravísitölu í júní 1990, 2.887 stig, og breytast í samræmi við breytingar sem verða á henni til hækkunar eða lækkunar. Fjárfesting erlends aðila telst eiga sér stað í skilningi þessa töluliðar þegar tilkynningarskylda stofnast, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.
8. Heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig má ekki fara yfir 25% nema til komi leyfi viðskiptaráðherra. Með heildarfjárfestingu í atvinnugrein er átt við áætlaða fjárfestingu í iðnaði, öðrum en orkufrekum iðnaði, verslun og þjónustu, samgöngurekstri og fiskeldi samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar.

Tilkynna ber Seðlabankanum öll kaup erlendra aðila á hlutabréfum í innlendum félögum jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til kaupa erlends aðila á hlutabréfum í félagi sem hann hefur ekki átt í áður og kaupa á viðbótarhlutafé í slíku félagi. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og teljast nauðsynleg að mati bankans. Tilkynningarskyldan hvílir á viðkomandi félagi.

5. gr.

Fasteignaviðskipti erlendra aðila hér á landi.

Um heimildir erlendra aðila til að kaupa eða öðlast afnotarétt yfir fasteignum hér á landi fer eftir ákvæðum 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sbr. 8. gr. laga nr. 23/1991, um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl.

Óheimilt er innlendum aðila að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti erlendra aðila vegna kaupa eða leigu á fasteign nema framvísað sé samningi, afsali eða öðrum heimildarskjölum með áritun dómsmálaráðuneytisins.

Erlendum aðila er heimilt við sölu á eignarhlut sínum í fasteign hér á landi að ráðstafa söluandvirðinu hér á landi í samræmi við ákvæði gildandi laga eða flytja það úr landi.

6. gr.

Viðskipti innlendra aðila með erlend langtímaverðbréf.

Innlendum aðilum er heimilt að kaupa erlend hlutabréf, skuldabréf og önnur verðbréf með lokagjalddaga a.m.k. að einu ári frá útgáfudegi, þar með talin hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sem fjárfesta í langtímaverðbréfum, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Verðbréfin skulu keypt fyrir milligöngu þeirra sem hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða hafa fengið leyfi til verðbréfamiðlunar frá viðskiptaráðherra. Þó er Seðlabankanum heimilt að veita lögaðilum leyfi til að kaupa verðbréf af erlendum aðilum án milligöngu annars aðila samkvæmt umsókn þar að lútandi.
2. Verðbréf, sem gefin eru út erlendis, skulu varðveitt hjá þeim aðila sem hafði milligöngu um kaupin eða á hans vegum þar sem hliðstæð verðbréf eru varðveitt.

Innlendir aðilar, sem lúta reglum Seðlabankans um gjaldeyrisjöfnuð og áhættu í gjaldeyrisviðskiptum, eru undanþegnir ákvæðum þessarar greinar.

7. gr.

Viðskipti innlendra aðila með erlend skammtímaverðbréf.

Til og með 31. desember 1993 er innlendum aðilum óheimilt að kaupa erlend skuldabréf og víxla og önnur verðbréf með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi, þar með talin hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum. Frá og með 1. janúar 1994 eru slík viðskipti heimil með eftirfarandi skilyrðum:

1. Verðbréfin skulu keypt fyrir milligöngu þeirra sem hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að, eða hafa fengið leyfi til verðbréfamiðlunar frá viðskiptaráðherra. Þó er Seðlabankanum heimilt að veita lögaðilum leyfi til að kaupa verðbréf af erlendum aðilum án milligöngu annars aðila samkvæmt umsókn þar að lútandi.
2. Verðbréf, sem gefin eru út erlendis, skulu varðveitt hjá þeim aðila sem hafði milligöngu um kaupin eða á hans vegum þar sem hliðstæð verðbréf eru varðveitt.
3. Heildareign innlends aðila á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema hærri fjárhæð en 1.000.000 krónum eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Þessi takmörkun nær þó ekki til lögaðila sem háðir eru reglum Seðlabankans um gengisbundnar eignir og skuldir. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.
4. Heildareign innlends verðbréfasjóðs á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema hærri fjárhæð en 175.000.000 krónum eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um kaup innlendra aðila á gulli, silfri og öðrum dýrum málmum og eðalsteinum til fjárfestingar.

Innlendir aðilar, sem lúta reglum Seðlabankans um gjaldeyrisjöfnuð og áhættu í gjaldeyrisviðskiptum, eru undanþegnir ákvæðum þessarar greinar.

Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði 3. og 4. tölul. 1. mgr. úr gildi.

8. gr.

Viðskipti innlendra aðila með innlend skammtímaverðbréf í erlendri mynt.

Til og með 31. desember 1993 er innlendum aðilum óheimilt að kaupa innlend skuldabréf í erlendri mynt og víxla og önnur verðbréf í erlendri mynt með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi, þar með talin hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum. Frá og með 1. janúar 1994 eru slík viðskipti heimil með eftirfarandi skilyrðum:

1. Verðbréf, sem gefin eru út hér á landi, eru undanþegin ákvæðum þessarar greinar.
2. Verðbréfin skulu keypt fyrir milligöngu þeirra sem hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða hafa fengið leyfi til verðbréfamiðlunar frá viðskiptaráðherra. Þó er Seðlabankanum heimilt að veita lögaðilum leyfi til að kaupa verðbréf af erlendum aðilum án milligöngu annars aðila samkvæmt umsókn þar að lútandi.
3. Verðbréfin skulu varðveitt hjá þeim aðila sem hafði milligöngu um kaupin eða á hans vegum þar sem hliðstæð verðbréf eru varðveitt.
4. Heildareign innlends aðila á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema hærri fjárhæð en 1.000.000 krónum eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Þessi takmörkun nær þó ekki til lögaðila sem háðir eru reglum Seðlabankans um gengisbundnar eignir og skuldir. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.

5. Heildareign innlends verðbréfasjóðs á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema hærri fjárhæð en 175.000.000 krónum eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Innlendir aðilar, sem lúta reglum Seðlabankans um gjaldeyrisjöfnuð og áhættu í gjaldeyrisviðskiptum, eru undanþegnir ákvæðum þessarar greinar.

Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði 4. og 5. tölul. 1. mgr. úr gildi.

9. gr.

Viðskipti erlendra aðila með innlend skammtímaverðbréf.

Til og með 31. desember 1993 er erlendum aðilum óheimilt að kaupa innlend skuldabréf og önnur verðbréf með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi, þar með talin hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum. Frá og með 1. janúar 1994 eru slík viðskipti heimil með eftirfarandi skilyrðum:

1. Verðbréf, sem innlendir aðilar gefa út erlendis, eru undanþegin ákvæðum þessarar greinar.
2. Verðbréfin skulu keypt fyrir milligöngu þeirra sem hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða hafa fengið leyfi til verðbréfamiðlunar frá viðskiptaráðherra.
3. Verðbréf, sem gefin eru út hér á landi skulu varðveitt hjá þeim aðila sem hafði milligöngu um kaupin eða á hans vegum hjá innlendum aðila þar sem hlíðstæð verðbréf eru varðveitt.
4. Heildareign erlends aðila á skammtímaverðbréfum í íslenskum krónum, sem gefin eru út hér á landi, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75.000.000 krónum eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði 4. tölul. 1. mgr. úr gildi.

10. gr.

Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.

Til og með 31. desember 1993 er innlendum aðilum óheimilt að taka lán, sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu, hjá erlendum aðilum eða veita þeim lán til skemmri tíma en eins árs. Frá og með 1. janúar 1994 eru slík lánsviðskipti heimil með eftirfarandi skilyrðum:

1. Lánið sé ekki hærra en sem nemur 5.000.000 krónum eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt á almanaksárinu.
2. Ekki sé um að ræða endurlán erlends láns sem annar innlendur aðili hefur tekið.
3. Fullkomið eintak lánasamninga, þar með talin allir viðaukar og fylgiskjöl, séu varðveitt í innlendum banka, sparisjóði, annarri lánastofnun eða Seðlabankanum.

Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. tölul. 1. mgr. samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Innlendir lögaðilar, sem háðar eru reglum Seðlabankans um gengisbundnar eignir og skuldir, eru undanþegnir ákvæðum þessarar greinar.

Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði 1. og 2. tölul. 1. mgr. úr gildi.

11. gr.

Framvirk viðskipti, viðskipti með valrétt, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti.

Innlendum aðilum er heimilt að eiga framvirk viðskipti, viðskipti með valrétt, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti með eftirfarandi takmörkunum:

1. Innlendum aðilum er heimilt að eiga framvirk gjaldeyrisviðskipti með íslenskar krónur við þá aðila sem heimild hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 8. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, ef fyrir liggur greiðslusamningur í erlendri mynt. Útflytjendum vöru og þjónustu er þó heimilt að gera framvirka samninga um sölu á erlendum gjaldeyri vegna væntanlegra greiðslna frá erlendum aðilum þótt greiðslusamningur liggi ekki fyrir. Afhending eða sala erlends gjaldeyris í framvirkum viðskiptum innlendra aðila skal fara fram á sama tíma og greiðsla samkvæmt þeim greiðslusamningi sem viðskiptin byggjast á eða á þeim tíma sem ætla má að greiðsla berist frá erlendum aðila. Framvirkir samningar um gjaldeyrisviðskipti með íslenskar krónur skulu ekki vera til lengri tíma en tólf mánaða vegna þjónustuviðskipta og fjármagnshreyfinga. Ákvæði þessa töluliðar eiga einnig við um valkvæð framvirk gjaldeyrisviðskipti með íslenskar krónur.
2. Innlendum aðilum, sem heimild hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 8. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, er heimilt að eiga hvers kyns framvirk gjaldeyrisviðskipti við innlenda sem erlenda aðila með þeim takmörkunum sem gilda um gjaldeyrisviðskipti þessara aðila og samkvæmt reglum sem Seðlabankinn setur um gjaldeyrisjöfnuð og áhættu í gjaldeyrisviðskiptum þessara aðila. Ákvæði þessa töluliðar eiga einnig við um valkvæð framvirk gjaldeyrisviðskipti með íslenskar krónur.
3. Innlendum aðilum er heimilt að gera samninga um valrétt í gjaldeyrisviðskiptum við innlenda sem erlenda aðila ef fyrir liggur greiðslusamningur í erlendri mynt. Samningar um valrétt í gjaldeyrisviðskiptum með íslenskar krónur skulu ekki vera til lengri tíma en tólf mánaða vegna þjónustuviðskipta og fjármagnshreyfinga.
4. Innlendum aðilum, sem tekið hafa erlend lán, er heimilt að stofna til gjaldmiðla- og vaxtaskipta á grundvelli þeirra.

Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði þessarar greinar úr gildi.

12. gr.

Reikningar í erlendum innlánsstofnunum.

Innlendum aðilum er heimilt að opna bankareikninga í erlendri mynt í útlöndum að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Reikningseigandi eignast hinn erlenda gjaldeyri í samræmi við gildandi gjaldeyrisreglur.
2. Heildarinnstæður hvers innlends aðila séu að hámarki jafnvirði 3.750.000 króna í erlendri mynt. Þessi fjárhæðarmörk falla úr gildi frá og með 1. janúar 1994.

Eftirtaldir aðilar eru undanþegnir þeim fjárhæðarmörkum sem fram koma í 2. tölul. 2. mgr., enda sé hlutaðeigandi bankareikningur skráður hjá Seðlabankanum:

1. Eigendur íslenskra flutningstækja sem starfrækt eru að hluta til eða að öllu leyti erlendis.
2. Innlendir aðilar sem starfrækja fyrirtæki erlendis, að því marki sem nauðsynlegt er vegna reksturs þeirra.
3. Innlend vátryggingafélög sem endurtryggja erlendis eða taka að sér tryggingar erlendis.
4. Innlendir aðilar sem fá umboðslaunatekjur erlendis.
5. Innlendar lánastofnanir.

Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði þessarar greinar úr gildi.

13. gr.

Reikningar í innlendum innlánsstofnunum.

Innlendum aðilum er heimilt að opna reikninga í erlendri mynt í innlendum innlánsstofnunum, enda hafi þeir eignast hinn erlenda gjaldeyri í samræmi við gildandi gjaldeyrisreglur.

Erlendum aðilum er heimilt að opna reikninga í innlendum innlánsstofnunum að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Reikningarnir skulu ávallt vera skráðir með nafni reikningseiganda og íslenskri kennitölu hans.
2. Þegar um er að ræða reikninga í íslenskum krónum skal hinn erlendi aðili hafa með höndum starfsemi hér á landi og opnun reikningsins tengjast starfseminni. Seðlabankinn getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði gegn umsókn þar að lútandi.

Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði 2. tölul. 1. mgr. úr gildi.

14. gr.

Ýmis gjaldeyrisviðskipti hliðstæð skammtímahreyfingum fjármagns.

Um ýmis gjaldeyrisviðskipti hliðstæð skammtímahreyfingum fjármagns gilda eftirfarandi reglur:

1. Óheimilt er að skipta innlendum gjaldeyri fyrir erlendan þegar gjaldeyrisviðskiptin tengjast ekki innflutningi á vöru og þjónustu eða fjármagnshreyfingum sem heimilaðar eru samkvæmt þessari reglugerð.
2. Undanþegnar ákvæði 1. tölul. eru gjafir og aðrar minni háttar fjármagnshreyfingar enda sé þar um að ræða lægri fjárhæð en 200.000 kr. eða jafnvirði þeirra fjárhæðar í annarri mynt til hvers aðila.

Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði þessarar greinar úr gildi.

15. gr.

Inn- og útflutningur verðbréfa, peninga og dýrra málma.

Um inn- og útflutning peningaseðla, myntar, gulls og annarra dýrra málma, dýrra steina og verðbréfa gilda eftirfarandi reglur:

1. Innlendum aðilum og erlendum ferðamönnum er heimilt að hafa meðferðis við komu til landsins innlendan gjaldeyri að jafnvirði allt að þeirri fjárhæð sem þeir fóru með út úr landinu eða sem þeir eignuðust með lögmætum hætti á meðan þeir dvöldu í útlöndum.
2. Innlendum aðilum og erlendum ferðamönnum er heimilt án takmarkana að hafa meðferðis til landsins erlendan gjaldeyri sem þeir hafa eignast með lögmætum hætti. Erlendum ferðamönnum er heimilt án takmarkana að yfirfæra fjárhæð í einni erlendri mynt í aðra erlenda mynt eða íslenskar krónur á meðan þeir dvelja hér á landi svo framarlega sem féð var flutt til landsins með lögmætum hætti. Einnig er erlendum ferðamönnum heimilt án takmarkana að yfirfæra í erlenda mynt jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum sem þeir yfirfærðu úr erlendri mynt í íslenskar krónur á meðan þeir dvöldu hér á landi.
3. Innlendum aðilum og erlendum ferðamönnum er heimilt að flytja með sér úr landi innlendan gjaldeyri sem þeir hafa eignast með löglegum hætti.
4. Innlendum aðilum og erlendum ferðamönnum er heimilt að flytja með sér úr landi erlendan gjaldeyri að jafnvirði allt að þeirri fjárhæð sem þeir höfðu meðferðis við komu til landsins eða eignuðust með lögmætum hætti á meðan þeir dvöldu hér á landi.
5. Innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að mæta venjulegri eftirspurn frá erlendum bönkum eftir innlendum gjaldeyri og á sama hátt kaupa af þeim innlendan

gjaldeyri og flytja hann til og frá landinu. Þeim er sömuleiðis heimilt án takmarkana að flytja erlendan gjaldeyri til og frá landinu.

6. Öðrum aðilum en viðskiptabönkum og sparisjóðum og þeim sem hafa heimild til verðbréfamiðlunar hér á landi er óheimilt að flytja innlend og erlend verðbréf til og frá landinu nema með heimild frá Seðlabankanum.

16. gr.

Sölu- og skilaskylda erlends gjaldeyris.

Um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris, sem innlendir aðilar eiga eða eignast fyrir seldar vörur, þjónustu eða á annan hátt, gilda eftirfarandi reglur:

1. Henni telst fullnægt með sölu til innlends aðila, sem heimild hefur til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 8. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, innan eðlilegs frests frá því að hann komst í umráð eiganda eða umboðsmanns hans.
2. Henni telst fullnægt með innleggi á reikning í erlendri mynt í innlendri innlánsstofnun, sbr. 13. gr.
3. Henni telst fullnægt með innleggi á reikning í erlendri innlánsstofnun, sbr. 12. gr.
4. Henni telst fullnægt er hinum erlenda gjaldeyri er varið til að greiða kostnað erlendis.

Ráðstöfun erlends gjaldeyris skv. 1. mgr. er upplýsingaskyld til Seðlabankans samkvæmt nánari reglum sem hann setur, sbr. 21. gr.

Innlendir aðilar, sem heimild hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 8. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, eru undanþegnir sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris.

Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris samkvæmt nánari reglum sem hann setur.

Frá og með 1. janúar 1995 falla ákvæði þessarar greinar úr gildi.

17. gr.

Lántökur erlends stjórnvalds.

Erlendu ríki, sveitarfélagi eða öðru erlendu stjórnvaldi er óheimilt að gefa út skuldabréf á markaði hérlendis nema með leyfi Seðlabankans.

III. KAFLI
Öryggisákvæði.

18. gr.

Tímabundin stöðvun tiltekinna fjármagnsflutninga.

Seðlabankanum er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið að takmarka eða stöðva í allt að sex mánuði á einhverjum eða öllum af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga ef skammtímahreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að hans mati óstöðugleika í gengis- og peningamálum:

1. Viðskipti með skammtímaverðbréf.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum.
3. Viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum.
4. Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.
5. Inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
6. Aðrar skammtímahreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.- 5. tölul.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.
Leyfisgjald.

Innheimt skal sérstakt 1% leyfisgjald af þeirri fjárhæð sem um ræðir hverju sinni þegar undanþága er veitt frá þeim fjárhæðartakmörkunum sem gilda um fjármagnshreyfingar í II. kafla. Fjármagnshreyfingar á vegum ríkissjóðs og fjármagnshreyfingar vegna gjaldeyrisviðskipta þeirra aðila, sem leyfi hafa til gjaldeyrisviðskipta, eru ávallt undanþegnar gjaldinu. Gjaldið skal greitt til þess innlends aðila sem milligöngu hefur um gjaldeyrisviðskiptin eða Seðlabankans. Tekjur af gjaldinu renna í ríkissjóð.

20. gr.
Samráðsnefnd um gjaldeyrismál.

Viðskiptaráðherra skipar samráðsnefnd um gjaldeyrismál. Í henni sitja fulltrúar viðskiptaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands og þeirra aðila sem heimild hafa til að versla með erlendan gjaldeyri. Fulltrúi viðskiptaráðuneytisins er formaður nefndarinnar. Kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd gjaldeyrismála, samræma verklagsreglur og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um gjaldeyrismál og framkvæmd þeirra.

21. gr.
Upplýsingaskylda.

Skylt er að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti sem hann kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti og hagskýrslugerð, sbr. 24. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Bankanum er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða.

22. gr.
Skyldur þeirra aðila sem hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti.

Þeir aðilar, sem heimild hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar skv. 8. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, skulu:

1. Vera ábyrgir fyrir því að framfylgja ákvæðum laga og reglugerða um gjaldeyrismál svo og efni reglna og auglýsinga sem Seðlabankinn setur um gjaldeyrisviðskipti á grundvelli þeirra.
2. Sjá til þess að starfsmenn þeirra hafi fullt samstarf við Seðlabankann um alla áskilda skýrslugerð og upplýsingaöflun samkvæmt reglum þar að lútandi og jafnframt tilkynna bankanum um meint brot af hálfu viðskiptamanna á settum reglum þar um.
3. Sjá til þess að allar viðskiptabeiðnir vegna gjaldeyrisviðskipta skilgreini tilefni þeirra. Teljist forsendur viðskiptanna ekki standast skal slíkum beiðnum vísað til umsagnar og úrskurðar Seðlabankans áður en afgreiðsla getur farið fram.

23. gr.
Þagnarskylda.

Þeir sem annast framkvæmd þessara laga eru bundnir þagnarskyldu um hagi einstakra viðskiptamanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

24. gr.
Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar fer eftir ákvæðum 13. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

25. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 312/1990,um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, auglýsing nr. 314/1990, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar og auglýsing nr. 173/1980, um gjaldeyrisviðskipti við erlenda ferðamenn.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. gilda eftirfarandi reglur um viðskipti innlendra aðila með erlend langtímaverðbréf í erlendri mynt til þess tíma er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar:

1. Verðbréfin skulu keypt fyrir milligöngu þingaðila að Verðbréfaþingi Íslands.
2. Verðbréf, sem gefin eru út erlendis, skulu varðveitt hjá þeim aðila sem hafði milligöngu um kaupin eða á hans vegum þar sem hlíðstæð verðbréf eru varðveitt.
3. Heildareign innlends aðila á erlendum langtímaverðbréfum í erlendri mynt skal ekki nema hærri fjárhæð en 750.000 krónum eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt.
4. Þingaðilum að Verðbréfaþingi Íslands er heimilt að reka verðbréfasjóði með erlend langtímaverðbréf, hvort heldur sérstaklega eða með verðbréfum í íslenskum krónum. Heildarfjárhæð erlendra langtímaverðbréfa í erlendri mynt sem hverjum þingaðila er heimilt að kaupa í þessu skyni takmarkast við 150.000.000 krónur eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt.
5. Þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í 3. og 4. tölul. breytast mánaðarlega í samræmi við gengisvísitölu (kaupgengi) hinnar evrópsku mynteiningar (ECU), sem Seðlabankinn skráir og auglýsir með gildistöku fyrsta dag hvers mánaðar. Grunnvísitala er kaupgengið sem var í gildi 1. ágúst 1990.

Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Innlendir aðilar, sem lúta reglum Seðlabankans um gjaldeyrisjöfnuð og áhættu í gjaldeyrisviðskiptum, eru undanþegnir ákvæðum 1. og 3. tölul. 1. mgr.

Viðskiptaráðuneytið, 23. desember 1992.

Jón Sigurðsson.

Finnur Sveinbjörnsson.

Nr. 472 23. desember 1992

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis er taki gildi 1. janúar 1993:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis nr. 454, 27. september 1991:
Liðirnir B.1. Aflgjald, B.2. Götulýsing, C.1. Órofin daghitun, C.2. Daghitun rofin, C.3. Næturrafmagn, D.1. Sumarrafmagn og D.2. Garðyrkjulýsing, hækki um 4%.

Iðnaðarráðuneytið, 23. desember 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

23. desember 1992 Nr. 473

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, er taki gildi 1. janúar 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 171, 25. mars 1991:
Notkunargjöld hitaveitunnar lækka um sem næst 5% frá og með 1. janúar 1993 og breytist 5. gr. gjaldskrárinnar því og verður sem hér segir:

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

Garðyrkjustöðvar	kr. 124,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	
Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar	kr. 686,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	
Iðnaðarhús	kr. 320,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	

Hjá þeim notendum, sem greitt hafa rúmmetragjald af íbúðar- og iðnaðarhúsum sínum, skal reikna minnst 1 mínútulítra fyrir hverja 100 rúmmetra og byrjaða 100 rúmmetra.
Ekki má tvíreikna gjald á sama vatnið.
Gjöld fyrir hett varn til annarra nota en að framan greinir ákveður stjórn hitaveitunnar hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Iðnaðarráðuneytið, 23. desember 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um gjald til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins árið 1993.

1. gr.

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu greiða gjald til Hagræðingarsjóðs. Skal gjaldið á árinu 1993 nema 945 kr. af hverri brúttórúmlest en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 280 000 kr. fyrir hvert skip. Gjalddagi hagræðingarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttórúmlestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á vátryggingarreikning skips, skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Hagræðingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Hagræðingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir hagræðingarsjóðsgjaldi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 65, 26. júní 1992, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. desember 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 475 28. desember 1992

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1992.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir.

A) **Íbúðir.**

Sorphirðugjald kr. 4 000 á íbúð.

B) **Fyrirtæki.**

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur a)	kr.	15 000
Flokkur b)	kr.	30 000
Flokkur c)	kr.	60 000
Flokkur d)	kr.	120 000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1993, 6 kr/kg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 1993.

Umhverfisráðuneytið, 28. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

29. desember 1992 Nr. 476

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 523 15. desember 1988.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Skráningarmerki skulu vera úr 1,0 - 1,5 mm þykku áli. Grunnur skal vera úr endurskini. Stafir, rönd á brúnum og flötur fyrir skoðunarmiða skulu vera upplyftir. Skráningarmerki af gerð A, B og D skulu hafa upplyftan flöt fyrir skjaldarmerki kaupstaðar/bæjar eða sýslu, þó ekki skráningarmerki skv. 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. sem þess í stað skulu hafa upplyftan tígullaga flöt. Efst á skráningarmerkið skal greypt verksmiðjunúmer þess ökutækis sem ber skráningarmerkið.

Gerð skráningarmerkja skal vera sem hér segir:

A. Stærð 520 x 110 mm, hæð stafa 70 mm og breidd stafleggja 11 mm. Áletrun í einni röð.
B. Stærð 280 x 200 mm, hæð stafa 70 mm og breidd stafleggja 11 mm.
C. Stærð 240 x 130 mm, hæð stafa 49 mm og breidd stafleggja 7 mm.
D. Stærð 305 x 105 mm, hæð stafa 61 mm og breidd stafleggja 9 mm.

Á skráningarmerkjum með áletrun í tveim röðum skulu bókstafir vera í þeirri efri og tölustafir í þeirri neðri.

Skráningarmerki skal nota á ökutæki samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Bifreiðaskoðun ákveður nánar hvaða gerð skráningarmerkis skal nota á hvert einstakt ökutæki.

2. gr.

8. gr. orðist svo:

Á bifreið skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan. Grunnur skráningarmerkis skal vera með hvítu endurskini með stöfunum ÍS í vatnsmerki, en rönd á brúnum blá og stafir bláir. Á bifreið, sem lýtur reglum um innskatt vegna virðisaukaskatts, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð um innskatt, skal litur á brúnum og stöfum, svo og á tígullaga fletinum, þó vera rauður.

Nota skal skráningarmerki af gerð A skv. 7. gr. Þó skal nota skráningarmerki af gerð B að aftan ef merki af gerð A hentar þar ekki. Ef bifreið er hönnuð þannig að merkjum af gerð A og B verði ekki með góðu móti komið fyrir samkvæmt því sem að framan greinir skal nota merki af gerð D að framan og að aftan.

3. gr.

18. gr. orðist svo:

Skráningarmerkjum skal komið fyrir á þar til gerðum stað þar sem þau sjást vel og þau tryggilega fest. Eigi má hylja þau eða hluta þeirra. Heimilt er þó að hafa skráningarmerki í ramma sem Bifreiðaskoðun lætur í té. Ramminn skal hafa sama lit og stafir skráningarmerkisins.

4. gr.

3. mgr. 22. gr. orðist svo:

Skráningarmerki sem tekið er af ökutæki skal afhent Bifreiðaskoðun sem varðveita skal merkið í a.m.k. eitt ár. Sama er ef eigandi ökutækis leggur skráningarmerki inn til geymslu.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30 mars 1987, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bifreið, sem skráð hefur verið fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og lýtur reglum um innskatt vegna virðisaukaskatts, sbr. 2. gr. (3. málsl. 1. mgr. 8. gr.), má bera skráningarmerki með bláum brúnum og bláum stöfum, eftir atvikum skráningarmerki af eldri gerð, til 30. júní 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 477 28. desember 1992

AUGLÝSING

um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á miðað við kr/kg. Þó skal samanlagður tollur og jöfnunartollur aldrei vera hærri en sem nemur 46 % af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1806 og aldrei hærri en sem nemur 37 % af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1905.

Tollskrárnr:	Jöfnunartollur kr/kg:	Tollskrárnr:	Jöfnunartollur kr/kg:
1806.2009	45	1905.3011	11
1806.3101	45	1905.3019	14
1806.3109	45	1905.3021	20
1806.3202	45	1905.3029	20
1806.3203	17	1905.4000	12
1806.3209	17	1905.9011	26
1806.9002	15	1905.9019	5
1806.9003	43	1905.9020	4
1806.9005	50	1905.9040	38
1806.9006	43	1905.9050	92
1806.9009	45	1905.9090	46
1905.2000	29		

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningu og innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum í ríkissjóð eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 118.gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. janúar 1993 og skal hún gilda til 31. mars 1993.

Fjármálaráðuneytið 28. desember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

23. desember 1992 Nr. 478

GJALDSKRÁ

fyrir vopnaleit á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, vopnaleitargjald, fyrir hvern mann sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa um Keflavíkurflugvöll.

Vopnaleitargjald skal innheimt með flugvallargjaldi skv. 7. gr. l. nr. 31/1987.

Undanþegnir gjaldskyldu eru skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra landa og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

2. gr.

Vopnaleitargjald er kr. 60.00 fyrir hvern farþega.

3. gr.

Eigandi loftfars eða sá sem ábyrgð ber á rekstri þess er ábyrgur fyrir greiðslu vopnaleitargjalds.

Við brottför loftfars frá Keflavíkurflugvelli skal afhenda sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli eða eftir atvikum fulltrúa flugmálastjórnar í flugstöð skrá yfir farþega með því, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 1. gr. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra eða umboðsmanni flugfélags á flugvelli.

4. gr.

Vopnaleitargjald vegna farþega er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá samkvæmt 2. mgr. 3. gr.

5. gr.

Vopnaleitargjald vegna farþega sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum, skal greiða til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför. Sé vopnaleitargjaldi ekki skilað á réttum gjalddaga ber það dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá gjalddaga til greiðsludags. Nú er skrifstofa sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 78. gr. loftferðalaga nr. 34, 21. maí 1964 og tekur gildi 1. janúar 1993.

Utanríkisráðuneytið, 23. desember 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Róbert T. Árnason.

Nr. 479 29. desember 1992

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella, er taki gildi 1. janúar 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella, nr. 431, 13. september 1991:
Gjaldskráin hækki um 4%.
Hver rúmmetri vatns hækki úr kr. 74,00 í kr. 77,00.
Mælaleiga á mánuði hækki:

fyrir 1/2 tommu mæli úr kr.	385,00	í kr.	400,00
fyrir 3/4 tommu mæli úr kr.	775,00	í kr.	810,00
fyrir 1/1 tommu mæli úr kr.	1 150,00	í kr.	1 200,00

Heimæðagjöld skv. 7. gr. gjaldskrár hækki samsvarandi og verði fyrir hús allt að 400 m^3 kr. 117 600,00.

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

1. gr.

Landinu er skipt í bústaðasvæði sem hefur hvert um sig ákveðna gildistölu. Bústaðasvæðin og gildistölur þeirra eru sem hér segir:

Gildistala	Bústaðasvæði
1,0	Reykjavík, Reykjaneskjördæmi allt, Akranes, Akureyri, Selfoss, Hveragerði, Þorlákshöfn, Eyrarbakki, Stokkseyri og Vestmannaeyjar.
0,4	Borgarnes, Stykkishólmur, Grundarfjörður, Ólafsvík, Hellissandur, Patreksfjörður, Ísafjörður, Hnífsdalur, Bolungarvík, Blönduós, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvík, Húsavík, Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Höfn í Hornafirði, Vík í Mýrdal, Hella og Hvolsvöllur. Sveitir í Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Eyjafjarðarsýslu, Rangárvallasýslu, og Árnessýslu.
0,3	Aðrir bæir, þorp og sveitir.

2. gr.

Fjármálaráðherra ákveður, í samráði við hlutaðeigandi ráðherra, hvaða starfsmönnum ríkisins, sem búsettir eru á svæðum með gildistölur 0,4 og 0,3, skuli leggja til húsnæði. Ríkið leggur starfsmönnum sínum eigi til húsnæði, sem búa á bústaðasvæði með gildistöluna 1,0, öðrum en þeim er vegna sérstakra gæslustarfa þurfa að búa á vinnustað. Það fer eftir mati hlutaðeigandi ráðherra, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, hverjir slík gæslustörf stunda.

3. gr.

Hlutaðeigandi ráðuneyti annast framkvæmd þessarar reglugerðar vegna íbúðarhúsnæðis á þess vegum. Ráðuneyti geta falið ríkisfyrirtækjum og stofnunum umsjón tiltekinna eigna, enda sé í öllu farið eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.

4. gr.

Aðilum þeim, er afnot hafa af íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins eða sem ríkið lætur þeim í té, ber að greiða ríkissjóði leigugjald fyrir húsnæðið. Sé húsnæðið sameign ríkis og sveitarfélaga greiðist húsaleiga þeim aðila er hefur umsjón með og annast rekstur og viðhald viðkomandi húsnæðis.

5. gr.

Húsaleigugjald er 5% - (hundraðstala leigu) - af brunabótamati hins leigða húsnæðis. Húsaleiga ákvarðast og af gildistölu bústaðasvæðis og reiknast leiga því skv. svofelldri líkingu:

$$\text{Mánaðarleiga} = \frac{\text{Brunabótamat x gildistala x 5}}{\text{100 x 12}}$$

Þegar starfi fylgir kvöð um búsetu í húsnæði ríkisins skal af því húsnæði greiða leigugjald svo sem væri húsnæðið staðsett á bústaðasvæði með gildistölu 0,4 sé það eigi staðsett á bústaðasvæðum með gildistölu 0,3.

Fjármálaráðherra getur heimilað lækkun eða niðurfellingu húsaleigu hjá ríkisstarfsmönnum er sinna sérstökum gæslustörfum svo sem á afskekktum og einangruðum stöðum.

Þá er fjármálaráðherra heimilt að fella tímabundið niður húsaleigu þeirra starfsmanna er nýta ekki húsnæðið um stundarsakir t.d. vegna veikinda og/eða leyfa, annarra en sumarleyfa.

6. gr.

Þegar húsnæði er selt á leigu skal gera skriflegan húsaleigusamning á þar til gerðu eyðublaði útgefnu af fjármálaráðuneyti. Í húsaleigusamningi skal tilgreina umsjónaraðila húseignarinnar. Húsaleiga greiðist mánaðarlega fyrirfram og tekur breytingum 4 sinnum á ári í samræmi við breytingar á byggingavísitölu skv. auglýsingu Hagstofu Íslands.

Um úttekt á hinu leigða húsnæði fer eftir ákvæðum gildandi húsaleigulaga.

Til íbúðarhúsnæðis leigutaka telst eigi húsnæði allt að 15 m^2 sem leigusali hefur samþykkt að nota skuli sem skrifstofu- eða starfshúsnæði í þágu ríkisins.

7. gr.

Leigutaki greiðir allan kostnað við upphitun, lýsingu og ræstingu hins leigða húsnæðis. Kvöð þessi nær til íbúðarhúsnæðis ásamt skrifstofu- eða starfshúsnæði skv. ákvæði 6. gr. og telja verður óaðskiljanlegan hluta hins leigða.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir skatta, skyldur og viðhaldskostnað íbúðarhúsnæðis, sbr. 3. gr. Húsaleigutekjum skal varið til greiðslu þess kostnaðar samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi umsjónaraðila hverju sinni. Kostnaði og tekjum við húsnæði sem fellur undir þessa reglugerð skal haldið aðgreindu í bókhaldi.

Ákvarðanir leigutaka um viðhald íbúðarhúsnæðis, án fyrirfram samþykkis hlutaðeigandi umsjónaraðila skuldbinda ekki ríkissjóð.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 25. apríl 1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, og öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 334 frá 10. júní 1982.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þeir starfsmenn ríkisins, er við gildistöku þessarar reglugerðar hafa afnot af íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins sem nú fellur undir bústaðasvæði með gildistölu 1,0 skv. 1. gr. reglugerðarinnar, skulu gjalda húsaleigu, er miðuð sé við þá gildistölu sem bústaðasvæðið hafði áður en reglugerð þessi tekur gildi.

Leigumálum öðrum, er ekki samrýmast reglugerð þessari, skal sagt upp með lögbundnum fyrirvara, þannig að uppsögn komi til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1994.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.
Magnús Pétursson.

Einar Sigurjónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 81 18. febrúar 1991, um innskatt.

1.gr.

9. gr. orðist svo:

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna öflunar eða leigu eftirtalinna ökutækja nema þau séu eingöngu notuð vegna sölu skattaðila á vörum eða skattskyldri þjónustu:

1. Sendi- og vörubifreiða með leyfðri heildarþyngd 5 000 kg eða minna sem uppfylla öll eftirtalin skilyrði:
   a. Skráð flutningsgeta í fólksrými skal vera minni en helmingur af skráðri burðargetu bifreiðar. Miða skal við að hver maður vegi 75 kg.
   b. Farmrými, opið eða lokað, aftan við öftustu brún sætis eða milliþils skal vera a.m.k. 1700 mm að hleðsludyrum eða hlera. Sé það styttra skal það þó vera lengra en fólksrýmið, mælt frá miðri framrúðu.
   c. Í farmrými mega hvorki vera sæti, sætisfestingar né annar búnaður til farþegaflutninga. Sé bifreið breytt úr fólksbifreið í sendi- eða vörubifreið skulu sæti í farmrými fjarlægð með varanlegum hætti, t.d. þannig að sætisfestingar séu einnig fjarlægðar.
2. Hópbifreiða, þ.e. bifreiða sem ætlaðar eru til flutnings fleiri en átta farþega, einnig þótt þær séu jafnframt ætlaðar til annarra nota.
3. Bifhjóla.
4. Torfærutækja, þ.e. vélsleða, tví-, þrí- og fjórhjóla.
5. Loftpúðatækja.

Skilyrði þess að telja megi til innskatts virðisaukaskatt af öflun bifreiðar skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. er að hún sé auðkennd skráningarmerkjum af því tagi sem greinir í reglugerð nr. 523/1988, um skráningu ökutækja, með síðari breytingum. Þessi regla gildir þó ekki um bifreiðar eignaleigufyrirtækja þegar leigutaki hefur ekki rétt til innskatts af leigugjaldi svo og bifreiðar bílaleigufyrirtækja.

Ökutæki skal ekki talið notað eingöngu vegna sölu á vörum eða skattskyldri þjónustu ef það er notað af eiganda þess eða starfsmanni hans til einkanota, þ.m.t. til aksturs milli heimilis og vinnustaðar.

Ákvæði 2.-6. gr. gilda um útreikning innskatts vegna reksturs þeirra ökutækja sem um ræðir í 1. mgr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sett samkvæmt 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bifreiðar sem skulu auðkenndar skráningarmerkjum skv. 2. mgr. 1. gr. og skráðar hafa verið fyrir gildistöku reglugerðar þessarar hafa frest til að skipta um skráningarmerki til 30. júní 1993, sbr. 63. gr., ákvæði til bráðabirgða III, laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 510/1990, um einfaldari tollmeðferð á vörum.

1. gr.

Í 2. mgr. 7. gr. reglnanna falli 4. málsl. niður jafnframt því sem 3. máls. orðist svo:

Dráttarvextir af vangreiddum aðflutningsgjöldum skulu reiknaðir frá tollafgreiðsludegi samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 61/1989.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 og öðlast gildi 1. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Nr. 483 28. desember 1992

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabóta á árinu 1993.

1. gr.

Á árinu 1993 skal ríkissjóður greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára aldurs sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Barnabætur samkvæmt 1. gr. skulu á árinu nema 8 920 kr. með fyrsta barni en 27 669 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 29 027 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 66 977 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 71 211 kr., en þó 29 027 kr. hærri sé það yngra en 7 ára. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

3. gr.

Fjárhæðir barnabóta samkvæmt 2. gr. skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama ári vegna barnsins.

4. gr.

Framfærandi barns telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir

skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Sé svo ástatt hjá hjónunum að annar hvor makanna er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 en hinn makinn ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna ákvæða samninga Íslands við önnur ríki eða af öðrum ástæðum, þá skal sá maki sem skattskyldur er hér á landi fá hálfar barnabætur hjóna skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar, sbr. og 1. málslið 2. mgr. þeirrar greinar, vegna þeirra barna hjónanna er dveljast hér á landi.

5. gr.

Skattstjóri ákvarðar barnabætur samkvæmt þessari reglugerð og semur skrá um barnabætur hvers framfæranda. Skráin skal send fjármálaráðuneytinu.

Telji einhver barnabætur sínar eigi rétt ákvarðaðar getur hann leitað til skattstjóra með skriflega beiðni um leiðréttingu. Skal beiðnin lögð fram eigi síðar en 30 dögum eftir útborgun bótanna og studd nauðsynlegum gögnum. Ákvörðun skattstjóra skal liggja fyrir við upphaf næsta útborgunartímabils barnabóta og niðurstaða skal tilkynnt viðkomandi manni um leið og næsta greiðsla barnabóta fer fram.

6. gr.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn ofgreiddur barnabótaauki, vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs í þessari forgangsröð:

1. Ofgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Aðstöðugjald sem á er lagt vegna tekjuársins.
7. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
8. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

7. gr.

Barnabætur samkvæmt þessari reglugerð skulu greiddar út með fjórum ársfjórðungslegum greiðslum. Barnabætur vegna tímabilsins janúar til mars greiðist út eigi síðar en 1. febrúar, barnabætur vegna apríl til júní greiðist út eigi síðar en 1. maí, barnabætur vegna tímabilsins júlí til september greiðist út eigi síðar en 1. ágúst og barnabætur vegna tímabilsins október til desember greiðist út eigi síðar en 1. nóvember.

Barnabætur greiðast frá og með fyrsta ársfjórðungi eftir að barn fæðist eða öðlast heimilisfesti hér á landi til og með þeim ársfjórðungi að 16 ára aldri er náð eða heimilisfesti er slitið.

Ríkisbókhald annast útborgun barnabóta samkvæmt þessari reglugerð.

8. gr.

Sá hluti barnabóta sem er ógreiddur 1. júlí 1993 skal hækka sem samsvarar hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun sem er á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember 1992 og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júní 1993.

9. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta eða að barnabætur hafa verið ákvarðaðar of hátt skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í A-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1992.

F.h.r.
Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

Nr. 484 29. desember 1992

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns.

I. KAFLI
Upphafsákvæði.

1. gr.

Endurgreiða skal hluta virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa eða laugarvatns þannig að álagður virðisaukaskattur að frádreginni endurgreiðslu nemi eigi hærri fjárhæð en 11% af vegnu meðalverði rafveitna og hitaveitna enda sé sala á orkunni til framangreindra nota.

II. KAFLI
Um endurgreiðslur.

2. gr.

Endurgreiðsla skal ákvörðuð þannig að af álögðum virðisaukaskatti vegna sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa eða laugarvatns skal endurgreiða þann hundraðshluta sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

Eftirtaldir aðilar eiga rétt til endurgreiðslu vegna sölu á heitu vatni til hitunar húsa og laugarvatns og skal þeim endurgreiddur tilgreindur hundraðshluti af álögðum virðisaukaskatti:

Hitaveita Bessastaðahrepps	18%
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	61%
Hitaveita Suðureyrar	55%
Hitaveita Hvammstanga	6%
Hitaveita Blönduóss	35%
Hitaveita Hríseyjar	32%
Hitaveita Akureyrar	60%
Hitaveita Reykjahlíðar	6%
Hitaveita Egilsstaða og Fella	43%
Hitaveita Rangæinga	58%
Selfossveitur vegna Hitaveitu Eyra	58%
Hitaveita Þorlákshafnar	20%
Hitaveita Suðurnesja	27%
Bæjarveitur Vestmannaeyja	55%
Orkubú Vestfjarða	62%
Rafmagnsveitur ríkisins	58%

Endurgreiðsluhlutfall vegna sölu rafmagns til hitunar húsa og laugarvatns skal vera 62% af álögðum virðisaukaskatti. Eftirtalin veitufyrirtæki eiga rétt til endurgreiðslu: Rafmagnsveita Reykjavíkur, Rafveita Hafnarfjarðar, Rafveita Akraness, Rafveita Borgarness, Orkubú Vestfjarða, Rafveita Sauðárkróks, Rafveita Akureyrar, Rafveita Húsavíkur, Rafveita Reyðarfjarðar, Bæjarveitur Vestmannaeyja, Hitaveita Suðurnesja, Selfossveitur BS, Rafveita Hveragerðis og Rafmagnsveitur ríkisins.

3. gr.

Hvert endurgreiðslutímabil samkvæmt reglugerð þessari er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember.

Aðilar sem um ræðir í 2. gr. skulu eigi síðar en 15. dag næsta mánaðar eftir lok endurgreiðslutímabils senda viðkomandi skattstjóra greinargerð um sölu sína á viðkomandi endurgreiðslutímabili á hita eða rafmagni til hitunar húsa eða laugarvatns.

Greinargerð skv. 2. mgr. skal vera á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

4. gr.

Skattstjóri skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og leiðrétta hana ef hún er í ósamræmi við reglugerð þessa eða önnur fyrirmæli skattyfirvalda. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu. Innheimtumaður annast endurgreiðslu.

Hafi beiðni um endurgreiðslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram eigi síðar en 5. dag næsta mánaðar eftir skiladag.

Frestur þessi framlengist þó ef skattstjóri getur vegna aðstæðna aðila ekki gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim sem beiðnin byggist á.

Endurgreiðslubeiðnir sem berast eftir lok skilafrests skulu afgreiddar með greinargerð næsta endurgreiðslutímabils.

III. KAFLI
Færslur í bókhald, ársreikninga o.fl.

5. gr.

Sá sem fær endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skal færa hana á sérstakan tekjureikning í bókhaldi sínu. Þá skal endurgreiðslan tilgreind annað hvort sérstaklega í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum.

Að öðru leyti gildir, eftir því sem við getur átt, reglugerð nr. 501/1989, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

6. gr.

Auk skilyrða um form og efni sölureikninga skv. 4. gr. reglugerðar nr. 501/1989 skal tilgreina sérstaklega á sölureikningi endurgreiðslufjárhæð og mismun álagðs virðisaukaskatts og endurgreiðslufjárhæðar.

Frádráttarbær innskattur hjá virðisaukaskattsskyldum aðilum af innkaupum samkvæmt þessari reglugerð er sá mismunur álags virðisaukaskatts og endurgreiðslufjárhæðar sem kemur fram á sölureikningi skv. 1. mgr.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

7. gr.

Vegið meðalverð skv. 1. gr. reglugerðarinnar miðast við upplýsingar um árlega orkusölu og orkuverð sem iðnaðarráðuneytið aflar og aðrar forsendur sem það ákveður nánar.

Endurskoða skal meðalorkuverð skv. 1. mgr. og endurgreiðsluhlutfall skv. 2. gr. reglugerðarinnar a.m.k. árlega með hliðsjón af síðustu upplýsingum sem fyrir liggja skv. 1. mgr. og skulu breytingar sem leiða af þeirri endurskoðun birtar með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf, látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

Nr. 485 28. desember 1992

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 407 24. ágúst 1989, um vörugjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Við viðauka II við reglugerðina eru gerðar svohljóðandi breytingar:

a. Tollskrárnúmerin 1905.3091 og 1905.3099 falli brott.
b. Tollskrárnúmerin 1905.3021, 1905.3029 og 1905.3030 bætist við upptalningu tollskrárnúmera.

2. gr.

Við viðauka I við reglugerðina eru gerðar svohljóðandi breytingar:

a. Tollskrárnúmerin 8451.1000, 8518.2100, 8518.2200, 8518.4000, 8518.5000, 8528.1002 og 8529.9002 falli brott.
b. Tollskrárnúmerin 3925.9002, 3926.3001, 4016.9925, 7007.1101, 7007.2101, 8451.1009, 8518.2109, 8518.2209, 8518.4009, 8518.5009, 8528.1003 og 8528.2003 bætist við upptalningu tollskrárnúmera.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1993 og tekur til allra ótollafgreiddra vara.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Endurprentað blað

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1993.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1992 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1993. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1993 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 10,5% af þeim þinggjöldum er honum bar að greiða á árinu 1992. Að því er menn varðar er þó einungis átt við önnur þinggjöld gjaldársins 1992 en tekjuskatt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ekki innheimta fyrirframgreiðslu ef hún nær ekki 1000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1993 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli áranna 1991 og 1992 að tekjuskattsstofn á tekjuárinu 1992 sé meira en 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1991 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 10,5%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnnt innheimtuaðila.

6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 90/1990 og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1993 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr., 113. gr. og 119 gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F.h.r.
Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

Nr. 487 29. desember 1992

REGLUGERÐ

um frjálsa skráningu vegna útleigu hótel- og gistiherbergja.

1. gr.

Aðili sem í atvinnuskyni leigir út hótel- og gistiherbergi getur sótt um frjálsa skráningu til skattstjóra.

2. gr.

Aðili sem fær heimild til frjálsrar skráningar skal innheimta 14% útskatt af sölu gistingar skv. 1. gr.

3. gr.

Aðili sem skráður er frjálsri skráningu skv. 1. gr. getur samkvæmt almennum ákvæðum laga nr. 50/1988 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem eftir skráninguna fellur á kaup hans á vörum og þjónustu er varða umrædda starfsemi.

4. gr.

Umsóknir um frjálsa skráningu skal senda skattstjóra í því skattumdæmi þar sem aðili er heimilisfastur.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40 gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 63. gr., ákvæði til bráðabirgða I, laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, og 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, öðlast gildi 1. janúar 1993 og gildir til 31. desember 1993.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabótaauka á árinu 1993.

1. gr.

Á árinu 1993 skal ríkissjóður greiða barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu 1992 samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. laga nr. 75/1981. Barnið skal vera heimilisfast hér á landi og á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Framfærandi samkvæmt þessari reglugerð telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins 1992. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru samkvæmt, 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptist barnabótaauki milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

3. gr.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu 1992 skal einungis greiða barnabótaauka í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

4. gr.

Barnabótaauki skal ákveðinn með álagningu gjaldárið 1993, sbr. X. kafla laga nr. 75/1981, og greiðist þá til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn fyrirframgreiddur barnabótaauki, vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs í þessari forgangsröð:

1. Fyrirframgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Aðstöðugjald sem á er lagt vegna tekjuársins.
7. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
8. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

5. gr.

Barnabótaauki samkvæmt þessari reglugerð skal greiddur út með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðslan skal fara fram eigi síðar en 1. ágúst en síðari greiðslan eigi síðar en 1. nóvember.

6. gr.

Þar til álagning liggur fyrir, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar, skal ríkissjóður greiða fyrirfram upp í barnabótaauka ársins. Barnabótaauka skal greiða fyrirfram á árinu 1993 til þeirra framfærenda barna sem nutu barnabótaauka á árinu 1992. Fyrirframútborgun skal miðast við þau börn sem voru innan 16 ára aldurs í árslok 1992 og heimilisföst voru hér á landi. Fyrirframgreiðsla barnabótaauka skal vera 50% af greiddum barnabótaauka á árinu 1992. Fyrirframgreiðsla skal greidd með tveimur jöfnum greiðslum þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar. Fyrri greiðslan skal greiðast út eigi síðar en 1. febrúar en seinni greiðslan eigi síðar en 1. maí.

7. gr.

Ríkisbókhald sér um útborgun barnabótaauka samkvæmt 5. og 6. gr. reglugerðar þessarar.

8. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabótaauka eða að barnabótaauki hafi verið ákvarðaður of hátt skal skattstjóri leiðrétta hann. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í B-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

nr. 489 29. desember 1992

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 449, 15. nóvember 1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr.:

a. Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 1. stafl. komi: 60% virðisaukaskatts.
b. Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 2. stafl. komi: 60% virðisaukaskatts.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr.:

a. Hundraðshluti í fyrsta staflið verði: 4,65.
b. Hundraðshluti í öðrum staflið verði: 5,25.
c. Hundraðshluti í þriðja staflið verði: 3,75.

3. gr.

Reglugerð þessi, sett með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

1. gr.

Við 2. málslið 5. gr. bætast eftirfarandi orð á eftir „í þágu launagreiðanda“: þ.m.t. akstursbók samkvæmt 2. mgr. 3. gr., til sönnunar því hver hafi verið akstur í þágu launagreiðanda,

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

30. desember 1992 Nr. 491

REGLUGERÐ

um umferðaröryggisgjald.

1. gr.

Við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki skal greiða sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarráðs.

Gjaldið nemur 100 kr. fyrir hverja skoðun eða skráningu skv. 1. mgr.

2. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. annast innheimtu umferðaröryggisgjalds um leið og innheimta er gjald fyrir skoðun eða skráningu hverju sinni.

Bifreiðaskoðun skal skila innheimtu umferðaröryggisgjaldi í ríkissjóð mánaðarlega og eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 115. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. 1. gr. laga nr. 115 30. desember 1992, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um gjald af umboðsþóknun í gjaldeyrisviðskiptum.

1. gr.

Lánastofnanir og aðrir aðilar sem versla með erlendan gjaldeyri skulu frá og með 1. janúar 1993 greiða ríkissjóði 45% af þóknun þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá sem hér um ræðir.

2. gr.

Frá og með 1. janúar 1994 skal gjald skv. 1. gr. vera 30% og frá og með 1. janúar 1995 og til og með 31. desember 1995 skal gjaldið vera 15%.

3. gr.

Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með því að gjaldskyldir aðilar skv. 1. gr. inni gjaldið af hendi svo sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari.

4. gr.

Gjaldskyldir aðilar skv. 1. gr. skulu mánaðarlega gera skil á gjaldi skv. 1. gr. til Seðlabanka Íslands, sem gerir skil á innheimtu gjaldi til ríkissjóðs. Greiðslu skal fylgja skilagrein þar sem fram kemur nafn gjaldanda og kenntala, fjárhæð gjaldstofns og fjárhæð gjalds.

Greiðslutímabil gjalds skv. 1. gr. er almanaksmánuður. Gjalddagi gjaldsins er 15. hvers mánaðar vegna viðskipta næstliðins mánaðar.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 73. gr. laga nr. 111/1992, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bragi Gunnarsson.

Nr. 493 29. desember 1992

REGLUGERÐ

um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa.

1. gr.

Aðili sem í atvinnuskyni hefur með höndum fólksflutninga milli landa getur sótt um frjálsa skráningu til skattstjóra. Heimild til skráningar samkvæmt reglugerð þessari nær til flugfélaga og skipafélaga í reglulegum ferðum á milli landa.

2. gr.

Aðili sem fær heimild til frjálsrar skráningar skal ekki innheimta útskatt af fargjöldum vegna fólksflutninga á milli landa.

3. gr.

Aðili sem skráður er frjálsri skráningu skv. 1. gr. getur samkvæmt almennum ákvæðum laga nr. 50/1988 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem eftir skráninguna fellur á kaup hans á vörum og þjónustu er varða umrædda starfsemi.

4. gr.

Umsóknir um frjálsa skráningu skal senda skattstjóra í því skattumdæmi þar sem aðili er heimilisfastur.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40 gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og gildir frá 1. janúar 1992.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

29. desember 1992 Nr. 494

REGLUGERÐ

um innflutningsgjald af bensíni og sérstakt bensíngjald til ríkissjóðs.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald - bensíngjald - af bensíni. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0012 skal greiða gjald sem nemur 22,40 kr. af hverjum lítra. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0019 skal greiða gjald sem nemur 23,80 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt bensíngjald af innflutningi á bensíni. Frá og með 1. janúar 1993 skal gjald þetta nema kr. 4,50 af hverjum lítra.

3. gr.

Gjöld skv. 1. og 2. gr. taka einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 1. janúar 1993 hafi ekki verið greitt af þeim gjald skv. reglugerð nr. 257/1989 um bensíngjald með síðari breytingum.

Endurprentað blað.

Gjöldin skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. janúar 1993 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður þess skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. janúar 1993.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. skal heimilt að gera innflutningsgjald af bensíni og sérstakt bensíngjald upp miðað við sölu birgða. Frestur til greiðslu gjaldanna til innheimtumanns ríkissjóðs skal þó aldrei vera lengri en svo að þau séu greidd áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

5. gr.

Reglugerð þessi, sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt fellur reglugerð nr. 257/1989 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

Nr. 495 28. desember 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 248/1991, orðist svo:

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	91 412	2800 – 2999	150 271
1000 – 1999	116 844	3000 – 3199	156 956
2000 –2199	123 530	3200 – 3399	163 642,
2200 – 2399	130 215	3400 – 3599	170 326
2400 – 2599	136 900	3600 – 3799	177 012
2600 – 2799	143 585	3800 – 3999	183 697

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	118 835	2800 – 2999	195 352
1000 – 1999	151 899	3000 – 3199	204 042
2000 – 2199	160 588	3200 – 3399	212 733
2200 – 2399	169 179	3400 – 3599	221 425
2400 – 2599	177 971	3600 – 3799	230 114
2600 – 2799	186 662	3800 – 3999	238 806

2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 592/1991, orðist svo: Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0 – 4,9	6,26	15,0 – 15,9	13,32
5,0 – 5,9	6,68	16,0 – 16,9	14,39
6,0 – 6,9	7,20	17,0 – 17,9	15,44
7,0 – 7,9	7,55	18,0 – 18,9	16,38
8,0 – 8,9	7,89	19,0 – 19,9	17,62
9,0 – 9,9	8,25	20,0 – 20,9	18,55
10,0 – 10,9	8,76	21,0 – 21,9	19,61
11,0 – 11,9	9,10	22,0 – 22,9	20,85
12,0 – 12,9	10,22	23,0 – 23,9	21,85
13,0 – 13,9	11,20	24,0 – 24,9	22,84
14,0 – 14,9	12,38	25,0 og þyngri	23,96

3. gr.

Reglugerð þessi, sett skv. heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr. tekur þó gildi strax að loknu 1. álestrartímabili sem er frá 20. janúar til 10. febrúar 1993, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1992.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 222/1987 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða nautgripa, sauðfjár og hrossa.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Endurgreiða skal framleiðendum afurða nautgripa og sauðfjár hluta sérstaks fóðurgjalds, sem lagt er á innflutt fóður við tollafgreiðslu, sbr. reglugerð 639/1989, með síðari breytingum. Endurgreiðslan skal vera 50/55 hlutar af álögðu sérstöku fóðurgjaldi. Af sérstöku fóðurgjaldi renna sem næst 5/55 hlutar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, að frádregnum kostnaði framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd endurgreiðslna sem landbúnaðarráðherra samþykkir. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal annast endurgreiðslu gjaldsins í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 46 26. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. desember 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Nr. 497 29. desember 1992

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða alifugla og svína.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Endurgreiða skal framleiðendum afurða alifugla og svína hluta sérstaks fóðurgjalds, sem innheimt er samkvæmt reglugerð nr. 639 28. desember 1989 með síðari breytingum. Endurgreiðslan skal miðast við að 50/55 hlutar af álögðu sérstöku fóðurgjaldi endurgreiðist að hluta eða að öllu leyti. Af því renna sem næst 5/55 hlutar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, að frádregnum kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd endurgreiðslna sem landbúnaðarráðherra samþykkir.

2. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds vegna afurða alifugla og svína skal fara fram mánaðarlega miðað við seldar afurðir, enda hafi skýrslur samkvæmt 10. og 11. gr. borist Framleiðsluráði landbúnaðarins innan tilskilinna tímamarka. Við ákvörðun endurgreiðslu hins sérstaka fóðurgjalds eftir afurðum, skal reikna meðaltal sérstaks fóðurgjalds á kg fóðurs samkvæmt þeim skýrslum sem borist hafa yfir það tímabil sem endurgreiðslan nær til.

3. gr.

13. gr. reglugerðarinnar falli brott.

4. gr.

1. og 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fóðursalar skulu mánaðarlega senda Framleiðsluráði landbúnaðarins skilagrein um fóðursölu. Þar komi fram tegund og magn fóðurs. Jafnframt skal fóðursalinn láta fylgja upplýsingar um innkaup og birgðir, svo og framleiðslu fóðurs, ef um hana er að ræða, nákvæmar upplýsingar um verð fóðurtegunda og hver sé hluti hins sérstaka fóðurgjalds í fóðurverðinu. Framleiðsluráði landbúnaðarins er óheimilt að taka gilda beiðni framleiðanda um endurgreiðslur til fóðursala, nema upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein hafi borist.

5. gr.

1. mgr. 15. gr. orðist svo:

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skal reiknuð eftir seldum afurðum, þannig að endurgreitt verði:

Fyrir hvert kg svínakjöts	5,6 kg fóðurs
Fyrir hvert kg eggja	3,8 " "
Fyrir hvert kg kjúklinga og kalkúnakjöts	4,0 " "
Fyrir hvert kg kjöts af öðrum alifuglum	4,0 " "

6. gr.

2. og 8. mgr. 15. gr. og 1. og 2. mgr. 16. gr. falli brott.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1993.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. desember 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

29. desember 1992 Nr. 498

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 639/1989 um innheimtu fóðurgjalda, sbr. breytingu með rg. nr. 487/1990.

1. gr.

2. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

2. Sérstakt fóðurgjald, sem skal vera 55% af tollverði hverrar fóðurtegundar.

2. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist tollnúmerin 1101-0009, 1103-1100 og 1103-2100.

3. gr.

6. mgr. 2. gr. orðist svo:

Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis, sem flokkast undir ofangreind tollskrárnúmer, enda sé varan í smásöluumbúðum, 5 kg. eða minna, og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis. Þeim, sem flytur inn korn og vörur sem eru undanskilin gjaldtöku samkvæmt fyrrgreindum skilyrðum, er óheimilt að selja eða afhenda það á nokkurn annan hátt til annarra nota. Það gildir jafnframt um aðra, s.s. framleiðendur sem hafa korn og vörur undir höndum sem hafa verið undanþegnar gjaldtöku. Sé um stærri umbúðir að ræða en smásöluumbúðir getur landbúnaðarráðherra veitt undanþágu frá gjaldskyldu að hluta eða öllu leyti, enda sé notkun vörunnar sú er að ofan greinir. Hafi undanþága ekki verið veitt getur ráðherra ákveðið að endurgreiða fóðurgjöldin af vörum til manneldis, fiskeldis eða loðdýraræktar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurgreiða skal mismun á sérstöku fóðurgjaldi skv. 2. tl. 1. gr. af fóðurbirgðum sem eru í vörslu innflutningsaðila við gildistöku reglugerðarinnar vegna breytingar á prósentustigi úr 80% í 55%. Innflutningsaðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu skv. 4. gr. reglugerðarinnar.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. desember 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Nr. 499 28. desember 1992

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 18. nóvember 1992 staðfest breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjarðar frá 27. maí 1992, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í að turnbyggingar hússins Fjarðargata 13-15 hækka úr 6 hæðum með risi í 8 heilar hæðir og úr 4 hæðum með risi í 6 heilar hæðir. Jafnframt stækkar byggingin úr 8 000 m^2 í 9 000 m^2.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 28. desember 1992.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um tímabundið Starfsleyfi fyrir Fiskmjölsverksmiðjuna að Kletti, Reykjavík.

1. ALMENN ÁKVÆÐI.

1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskmjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðast að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða vegna of mikil álags á tækjakost.

1.2. Verksmiðjunni er skylt að sjá um að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.

1.3. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá mannvirkjum og búnaði og haga allri starfsemi svo að hætta á gerlamengun í hráefni og mjöli verði sem minnst.

1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.5. Áformi verksmiðjan að gera umtalsverðar breytingar á rekstri skal greina Hollustuvernd ríkisins skriflega frá því áður.

1.6. Hollustuvernd ríkisins getur, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við umhverfisráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma frá starfseminni skaðleg eða óæskileg áhrif á umhverfið eða heilsu almennings sem ekki voru ljós fyrir.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS.

2.1. Allt löndunarvatn sem til fellur, skal tekið til vinnslu í verksmiðju.

2.2 Verksmiðjan skal hafa aðstöðu til að taka við vatni frá grófskolun lesta til vinnslu enda sé vatnsmagninu haldið í lágmarki, t. d. með notkun á háþrýstidælum. Aldrei skal nota meira vatn en sem nemur 1% af lönduðu hráefni.

2.3. Flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og viðurkennd af Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

2.4. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum þróm eða geymslum.
Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu. Þann hluta hráefnisgeymslu sem tæmdur hefur verið, skal skola strax með vatni. Vatni frá fyrstu skolun skal halda í lágmarki, t. d. með notkun háþrýstibúnaðar og taka til vinnslu í verksmiðju.

2.5. Tæming hráefnisgeymsla skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki skal þrífa þau vel strax að loknu verki.

2.6. Hráefni skal tekið til vinnslu svo fljótt sem kostur er. Órotvarið hráefni til vinnslu skal að jafnaði ekki geyma lengur en þrjá sólarhringa áður en það er tekið til vinnslu. Hafi hitastig verið undir 4° C meðan á geymslu stóð skal geymsla heimiluð í fjóra sólarhringa.

2.7. Við rotvörn bræðuslufisks skal nota viðurkenndan skömmtunar- og blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnaefna fer samkvæmt reglugerð um notkun rotvarnaefna til geymslu á bræðslufiski.

2.8. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloftið flutt til lykteyðingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómenguðu lofti sé dregið með.

2.9. Loft frá þurrkurum skal leiða í gegnum rykskiljur með virka skiljunarhæfni og síðan til lykteyðingar.

2.10. Lykteyðing skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblásturinn niður í a. m. k. 20° C.

2.11. Soðkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.

2.12. Framkvæmd skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Áður en hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) hans vera á bilinu 2 til 11,5.

2.13. Frárennsli sem til fellur úr hráefnisþróm og innan úr verksmiðju skal leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð.

2.14. Framkvæma skal athugun á lífrænum efnum í frárennsli í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

2.15. Gengið skal frá frárennsli frá snyrtingum með viðurkenndum hætti að mati heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

2.16. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki geymisins í þrónni. Séu fleiri en einn geymir í sömu varnarþró skal rúmtak hennar vera a. m. k. 20% af rúmtaki stærsta geymisins. Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætta á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal staðsettur innan þróar.

2.17. Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.

2.18. Verksmiðjan skal sjá um að mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi og hafa reglulegt eftirlit með honum og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í dagbók. Eftirlitsaðila skal heimilaður aðgangur að dagbókum hvenær sem er.

3. EFTIRLITSGJÖLD.

3.1. Fyrirtækið greiðir eftirlitsgjald samkvæmt 2. flokki gjaldskrár nr. 279/1991 sem sett er samkvæmt 3. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990 með síðari breytingum.

4. GILDISTAKA.

4.1. Starfsleyfi þetta sem veitt er í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990, sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi og gildir til 30. apríl 1993.

Umhverfisráðuneytið, 21. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

30. desember 1992 Nr. 501

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 324/1992 um aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði og um greiðslumark til framleiðslu mjólkur á lögbýlum verðlagsárið 1992-1993.

1. gr.

5. mgr. 1. gr. verður svohljóðandi:

Þau 20% fullvirðisréttar sem haldið var eftir við sölu á milli framleiðenda og skráð voru hjá seljanda, sbr. 2. tl. 1. mgr. 6. gr. rg. nr. 262/1991, falla niður 31. ágúst 1992.

2. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, er verði 3. mgr., svohljóðandi:

Bætur vegna niðurfærslu fullvirðisréttar, þ.m.t. réttar sem bundinn er í leigu hjá Framleiðnisjóði, skulu vera kr. 50 á hvern lítra og greiðast 31. mars 1993 af innheimtum verðmiðlunargjöldum af mjólk.

3. gr.

6. gr. verður svohljóðandi:

Afurðastöð skal greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks skv. gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi sbr. þó rg. nr. 604/1989.

Greiðslutilhögun vegna framleiðslu umfram greiðslumark skal vera með eftirfarandi hætti:

a) Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hefur forgang að greiðslum frá afurðastöð sé ónotað greiðslumark þá fyrir hendi á viðkomandi mjólkursamlagssvæði.
b) Verði enn ónotað greiðslumark á samlagssvæði gengur það til annarra svæða til nýtingar allt að 104% greiðslumarks.
c) Verði enn ónotað greiðslumark, greiðist hlutfallslega á það sem er umfram 104% greiðslumarks á landinu öllu, enda liggi fyrir heimild Framleiðsluráðs, sbr. 3. mgr. 6. gr.

Framleiðsla umfram það magn sem unnt er að greiða fyrir skv. stafliðum a-c að ofan skal markaðsfært erlendis, þó getur Framleiðsluráð landbúnaðarins heimilað sölu hennar innan lands ef gengið hefur á birgðir þannig að fyrirsjáanlegur sé skortur á mjólk.

4. gr.

Á eftir II. kafla reglugerðarinnar kemur nýr kafli, sem verður III. kafli, með fyrirsögninni: „Um beinar greiðslur", og breytist kafla- og greinatala í reglugerðinni til samræmis við það. Kaflinn orðist svo:

8. gr.

Beinar greiðslur.

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Beinar greiðslur miðast við þann hluta greiðslumarks sem ónotaður er 1. janúar 1993.

Dreifing beinna greiðslna og fráviksmörk skulu vera með eftirfarandi hætti tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1993.

A: 42,5% skal greiða óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 70% greiðslumarks á tímabilinu. Greiða skal 1. hvers mánaðar, 1/8 hluta, í fyrsta sinn 1. janúar 1993.

B: 49,0% skal greiða eftir framleiðslu. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. mars 1993.

C: 8,5% skal greiða þannig að stuðli að sem jöfnustu mjólkurinnleggi eftir mánuðum skv. nánari reglum sem landbúnaðarráðherra setur.

Að því marki sem beinar greiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks skal greitt út á framleiðslu umfram greiðslumark þó þannig að fyrstu 4% njóti forgangs.

9. gr.

Viðtakandi beinna greiðslna.

Beinar greiðslur greiðast ábúanda á lögbýlinu. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skal Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. janúar 1993 hver eigi að vera handhafi beinna greiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beinna greiðslna. Jafnframt skulu viðtakendur beinna greiðslna fyrir sama tíma tilgreina sérstakan reikning í banka eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

10. gr.

Uppgjör beinna greiðslna.

Sjái framleiðandi fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til a.m.k. 70% af beinum greiðslum verðlagsársins, ber honum að tilkynna það Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem þá skal haga beinum greiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok verðlagsárs, að ofgreitt hafi verið, ber viðtakanda beinna greiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum ásamt síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 1993.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. desember 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 72 - 1992

30. desember 1992 1001 Nr. 502

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

GILDIR FRÁ OG MEÐ 1. JAN. 1993.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði er hér segir:

A. LÝSING

A1. Götu og útilýsing. Af uppsettu afli.

Aflgjald	20.869,00	(25.981,91) kr/kWa.
Viðhaldsgjald	22.714,00	(28.278,93) kr/kWa.
